

# Stjórn fiskveiða 2022/2023

## Lög og reglugerðir

Matvælaráðuneytið  
janúar 2023

Í þessu riti er að finna öll helstu lög og reglugerðir sem lúta að stjórn fiskveiða á fiskveiðiárinu 2022/2023. Útgáfan er ætluð til hagræðis og séu í ritinu að finna frávik frá texta Stjórnartíðinda viku texti þessa rits að sjálfsgöðu.



# **Stjórn fiskveiða 2022/2023**

## **Lög og reglugerðir**

Matvælaráðuneytið  
janúar 2023

Í þessu riti eru tekin saman helstu lög og reglugerðir sem lúta að stjórn fiskveiða á fiskveiðiárinu 2022/2023.

Útgáfan er ætluð til hagræðis fyrir notendur og því hefur umfang ritsins verið aukið og inniheldur öll þau helstu lög og reglugerðir um stjórn fiskveiða sem falla undir málefnasvið matvælaráðherra. Ritid inniheldur einnig yfirlit um önnur lög, reglugerðir og fyrirmæli sem varða málefni um stjórn fiskveiða en ekki var talin ástæða til að hafa með í ritinu.

Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á ritinu til þess að auka notagildið og tilvísanir hafa verið uppfærðar með hliðsjón af gildandi lögum og reglugerðum. Jafnframt er breytingasaga reglugerða tilgreind þar sem slíkt á við. Til hagræðis þá eru nokkrar reglugerðir svo sem um veiðar á hrognkelsum og strandveiðar sem í gildi voru á síðasta ári einnig hafðar með þrátt fyrir að þær hafi ekki verið gefnar út vegna ársins 2023. Jafnframt hefur reglugerðum vegna veiða erlendra skipa verið bætt við ritid.

Þrátt fyrir að reglugerðir og auglýsingar séu til hagræðis flokkaðar eftir helstu efnisatriðum þá ber þess að geta að ákvæði viðkomandi reglugerða geta átt við fleiri efnisatriði þrátt fyrir að valið sé að flokka þær með öðrum reglugerðum er varða hliðstæð efnisatriði. Í einhverjum tilvikum hafa prentvillur verið leiðréttar og uppsetning aðlöguð en áréttað skal að séu frávik frá texta Stjórnartíðinda í þessari útgáfu þá vikur að sjálfsögðu texti þessarar útgáfu.

Matvælaráðuneytið: Stjórn fiskveiða 2022/2023 – Lög og reglugerðir

Útgefandi: Matvælaráðuneytið  
Borgartúni 26, 4. hæð  
105 Reykjavík  
Sími: 545 9700  
Netfang: mar@mar.is  
Veffang: <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/matvaelaraduneytid/>

Umbrot og textavinnsla: Matvælaráðuneytið

Prentun: Litlaprent ehf.

©2023 Matvælaráðuneytið

Stjórn fiskveiða – Lög og reglugerðir (prentuð útgáfa)  
ISSN 2735-8798  
ISBN 978-9935-9669-6-4 Stjórn fiskveiða 2022/2023 – Lög og reglugerðir

Stjórn fiskveiða – Lög og reglugerðir (rafræn útgáfa)  
ISSN 2735-8801  
ISBN 978-9935-9669-5-7 Stjórn fiskveiða 2022/2023 – Lög og reglugerðir

## Efnisyfirlit

Yfirlit um lög, reglugerðir og önnur fyrirmæli sem ekki eru birt í þessu riti.....vi

### Lög

Lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. ....	1
Lög nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. ....	19
Lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. ....	27
Lög nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. ....	37
Lög nr. 54/1992, um vinnslu afla um borð í skipum. ....	43
Lög nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. ....	45
Lög nr. 26/1949, um hvalveiðar. ....	51
Lög nr. 44/1948, um visindalega verndun fiskimiða landgrunnins. ....	53
Lög nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávarafla. ....	55
Lög nr. 145/2018, um veiðigjald. ....	59
Lög nr. 79/2005, um uppboðsmarkaði sjávarafla. ....	63
Lög nr. 24/1986, um skiptaverðmæti. ....	65
Lög nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. ....	67
Lög nr. 68/1981, um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi. ....	73
Lög nr. 48/1979, um framkvæmd samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi. ....	75
Lög nr. 112/2015, um Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna. ....	77
Lög nr. 36/1992, um Fiskistofu. ....	81

### Reglugerðir um stjórn fiskveiða

Reglugerð nr. 971/2022, um leyfilegan heildarafla á fiskveiðiárinu 2022/2023. ....	85
Reglugerð nr. 972/2022, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2022/2023. ....	87
Reglugerð nr. 973/2022, um sérstaka úthlutun til skel- og rækjubáta á fiskveiðiárinu 2022/2023. ....	97
Reglugerð nr. 974/2022, um línuviltun á fiskveiðiárinu 2022/2023. ....	99
Reglugerð nr. 1018/2022, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2022/2023. ....	101
Reglugerð nr. 1370/2022, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2022/2023. ....	105
Reglugerð nr. 643/2016, um ráðstöfun og meðferð aflaheimilda skv. 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. ....	109
Reglugerð nr. 382/2017, um leyfisskyldar frístundaveiðar. ....	111
Reglugerð nr. 753/2019, um sérstaka úthlutun aflaheimilda til frístundaveiðiskipa. ....	113
Reglugerð nr. 799/2022, um þorskígildisstuðla fyrir fiskveiðiárið 2022/2023. ....	115
Reglugerð nr. 306/1999, um úthlutun þorskaflahlutdeildar í Barentshafi. ....	117

### Reglugerðir um veiðar á einstökum tegundum og svæðum

Reglugerð nr. 1460/2022, um veiðar íslenskra skipa á Norðurishafsporski árið 2023 innan efnahagslögsögu Noregs. ....	119
Reglugerð nr. 1444/2022, um togveiðar á kolmunna árið 2023. ....	121
Reglugerð nr. 962/2019, um veiðar á íslenskri sumargotssild. ....	125
Reglugerð nr. 1604/2022, um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska sildarstofninum árið 2023. ....	127
Reglugerð nr. 650/2022, um veiðar á makríl. ....	131
Reglugerð nr. 725/2020, um ráðstöfun 4.000 lesta af viðbótaraflaheimildum í makríl. ....	135
Reglugerð nr. 930/2020, um veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski. ....	137
Reglugerð nr. 807/2011, um meðafla skipa sem stunda veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski. ....	139
Reglugerð nr. 267/2022, um hrognkelsveiðar árið 2022. ....	141

Reglugerð nr. 460/2022, um strandveiðar fiskveiðiárið 2021/2022. ....	147
Reglugerð nr. 364/2019, um veiðar úr úthafskarfastofninum árið 2019. ....	151
Reglugerð nr. 923/2010, um veiðar á skötusel í net. ....	155
Reglugerð nr. 462/2017, um veiðar á gulllaxi. ....	157
Reglugerð nr. 470/2012, um veiðar á lúðu. ....	159
Reglugerð nr. 188/2020, um veiðar á humri. ....	161
Reglugerð nr. 964/2019, um veiðar á rækju. ....	165
Reglugerð nr. 1160/2021, um veiðar á kröbbum. ....	169
Reglugerð nr. 711/218, um veiðar á kúfiskel. ....	173
Reglugerð nr. 890/2020, um veiðisvæði hörpudisks. ....	175
Reglugerð nr. 633/2019, um veiðar á beitukóngi í gildrur. ....	177
Reglugerð nr. 765/2020, um veiðar á ígulkerum. ....	179
Reglugerð nr. 741/2019, um veiðar á sæbjúgum. ....	181
Reglugerð nr. 163/1973, um hvalveiðar. ....	187
Reglugerð nr. 90/2018, um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni. ....	191
Reglugerð nr. 110/2018, um botnfiskveiðar færeyskra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi. ....	193
Reglugerð nr. 1606/2022, um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 2023. ...	197
Reglugerð nr. 1201/2022, um loðnuveiðar grænleuskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands fiskveiðiárið 2022/2023. ....	199
Reglugerð nr. 1605/2022, um línuveiðar norskra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi árið 2023. ....	205
Reglugerð nr. 1203/2022, um loðnuveiðar norskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands fiskveiðiárið 2022/2023. ....	209
<i>Reglugerðir um velferð og eftirlit með sjávarspendýrum</i>	
Reglugerð nr. 917/2022, um eftirlit með velferð dýra við veiðar á hvólum. ....	213
Reglugerð nr. 1020/2021, um velferð sjávarspendýra við fiskveiðar og fiskeldi í sjó. ....	215
<i>Reglugerðir um skráningu, vinnslu, mælingar og útbúnað</i>	
Reglugerð nr. 745/2016, um vigtun og skráningu sjávarafla. ....	217
Reglugerð nr. 659/2014, um vigtun og skráningu meðaflla við veiðar á uppsjávarfiski. ....	233
Reglugerð nr. 468/2013, um nýtingu afla og aukaafurða. ....	235
Reglugerð nr. 298/2020, um skráningu og skil aflaupplýsinga. ....	237
Reglugerð nr. 994/2013, um skýrsluskil vegna viðskipta með sjávarafla. ....	239
Reglugerð nr. 295/2018, um skráningu afla á opinberum sjóstangaveiðimótum. ....	247
Reglugerð nr. 54/2003, um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð. ....	249
Reglugerð nr. 55/2003, um leyfi til vinnslu afla um borð í skipum. ....	253
Auglýsing nr. 213/2010, um reglur um lágmarksúrtak og framkvæmd vigtunar við úrtaksvigtun. ....	255
Auglýsing nr. 947/2016, um grunnstuðla við mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð. ....	259
Reglugerð nr. 474/2020, um merkingu veiðarfæra og töpuð veiðarfæri. ....	263
Reglugerð nr. 188/2014, um gerð og útbúnað meðafflaskilju við veiðar á uppsjávarfiski. ....	265
Reglugerð nr. 940/2016, um mælingar á fiskilestum. ....	267
<i>Reglugerðir um takmarkanir og friðunarsvæði</i>	
Reglugerð nr. 115/2006, um þorskfisknet. ....	269
Reglugerð nr. 963/2019, um veiðar með dragnót við Ísland. ....	271
Reglugerð nr. 620/2012, um takmarkanir á veiðum íslenskra skipa úr deilistofnum í lögsögu annarra ríkja. ....	279
Reglugerð nr. 431/2013, um stjórn veiða á djúpsjávartegundum á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs-fiskveiðinefndarinnar (NEAFC). ....	281
Reglugerð nr. 433/2013, um stjórn veiða á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs-fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) utan lögsögu ríkja. ....	285
Reglugerð nr. 960/2019, um takmarkanir við veiðum með fiskibotnvörpu. ....	287
Reglugerð nr. 961/2019, um takmarkanir við veiðum með línu á djúpslóð. ....	291

Reglugerð nr. 959/2019, um friðunarsvæði við Ísland. ....	295
Reglugerð nr. 958/2019, um friðun þorsks, skarkola, blálöngu og steinbits á hrygningartíma. ....	297
Reglugerð nr. 1459/2022, um tímabundið bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Berufjarðarálfhorni. ....	301
Reglugerð nr. 732/1997, um bann við veiðum milli lands og Vestmannaeyja. ....	303
Reglugerð nr. 733/2018, um ótímabundið bann við veiðum á sæbjúgum í Breiðafirði. ....	305
Reglugerð nr. 186/2020, um tímabundið bann við veiðum með fiskibotnvörpu á veiðisvæðum humars. ....	307
Reglugerð nr. 942/2016, um verndun kóralsvæða út af Suður- og Suðausturlandi. ....	309
Reglugerð nr. 11/2015, um verndun kóralsvæða á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC). ....	311
Reglugerð nr. 175/2015, um notkun botnveiðarfæra á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC). ....	315
Reglugerð nr. 766/2004, um bann við rækjuveiðum norður af Rífsbanka. ....	319
Reglugerð nr. 696/2005, um bann við kolmunnaveiðum við Þórsbanka án meðaflaskilju. ....	321
Reglugerð nr. 456/2017, um bann við veiðum á háfi, hámeri og beinhákarli. ....	323
Reglugerð nr. 1035/2017, um bann við hvalveiðum á tilteknum svæðum. ....	325
Reglugerð nr. 1100/2019, um bann við selveiðum. ....	327
Auglýsing nr. 955/2020, um framkvæmd skyndilokana Fiskistofu. ....	329
Reglugerð nr. 543/2002, um möskvastærðir- og útbúnað varpna til veiða á botnfiski, rækju og humri. ....	331
Reglugerð nr. 24/1998, um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga. ....	335
<i>Reglugerðir um eftirlit</i>	
Reglugerð nr. 770/2008, um fjareftirlit. ....	337
Reglugerð nr. 1170/2013, um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands. ....	339
Reglugerð nr. 1133/2013, um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenski fiskveiðilögsögu. ....	357
Reglugerð nr. 431/2017, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO. ....	359
Reglugerð nr. 432/2017, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC). ....	363
Reglugerð nr. 601/1997, um löndun á bræðslufiski erlendis. ....	367
<i>Reglugerðir um viðskipti</i>	
Reglugerð nr. 646/2007, um uppboðmarkaði sjávarafla. ....	369
Reglugerð nr. 941/2016, um kostnað vegna sölu afla á uppboðsmarkaði. ....	375
Reglugerð nr. 147/1998, um greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. ....	377
<i>Auglýsing um veiðigjald og gjaldskrá Fiskistofu</i>	
Auglýsing nr. 1334/2022, um veiðigjald 2023. ....	381
Gjaldskrá Fiskistofu nr. 1404/2022. ....	383

## **Yfirlit um lög, reglugerðir og önnur fyrirmæli sem ekki eru birt í þessu riti**

### *Lög*

Lög nr. 68/2006, um Mátis ohf.

Lög nr. 30/2018, um Matvælastofnun.

Lög nr. 31/2020, um Matvælasjóð.

Framangreind lög eru á málefnasviði matvælaráðherra.

Lög nr. 41/1979, um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn.

Framangreind lög eru á málefnasviði utanríkisráðherra.

Lög nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Framangreind lög eru á málefnasviði menningar- og viðskiptaráðherra.

Sjómannalög nr. 35/1985.

Lög nr. 41/2003, um vaktstöð siglinga.

Hafnalög nr. 61/2003.

Lög nr. 50/2004, um siglingavernd.

Lög nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

Lög nr. 35/2010, um lögskráningu sjómanna.

Skipalög nr. 66/2021.

Lög nr. 82/2022 um áhafnir skipa.

Framangreind lög eru á málefnasviði innviðaráðherra.

Lög nr. 52/2006, um Landhelgisgæslu Íslands.

Framangreind lög eru á málefnasviði dómsmálaráðherra.

### *Reglugerðir um eftirlit*

Reglugerð nr. 812/1999, um eftirlitsreglur hins opinbera.

Reglugerð um eftirlitsreglur hins opinbera er á málefnasviði forsætisráðherra.

Reglugerð nr. 80/2013, um vaktstöð siglinga og eftirlit með umferð skipa.

Reglugerð um vaktstöð siglinga og eftirlit með umferð skipa er á málefnasviði innviðaráðherra.

### *Auglýsingar um friðlýsingar sem varða svæði í sjó.*

Auglýsing nr. 1070/2021, um friðlýsingu Gerpissvæðisins.

Auglýsing nr. 740/2021, um friðlandið Lundey í Kollafirði.

Auglýsing nr. 470/2021, um friðlandið Akurey í Kollafirði.

Auglýsing nr. 300/2021, um friðland á Látrabjargi.

Auglýsing nr. 878/2009, um búsvæðavernd í Skerjafirði innan bæjarmarka Garðabæjar.

Auglýsing nr. 510/2007, um friðlýsingu hverastrýta á botni Eyjafjarðar, norður af Arnarnesnöfum.

Auglýsing nr. 50/2006, um friðland í Surtsey.

Auglýsing nr. 513/1995, um friðlýsingu Skrúðs og næsta nágrennis.

Auglýsing nr. 548/1994, um friðlýsingu Grunnafjarðar.

Auglýsing nr. 96/1975, um friðland í Vatnsfirði.

Auglýsing nr. 118/1974, um friðlandið í Melrakkæy.

Framangreindar auglýsingar um friðlýsingar og friðlönd eru á málefnasviði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Listinn hér að framan er ekki tæmandi.

### *Önnur fyrirmæli og reglur*

Reglur nr. 770/2011, um stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og úthlutun úr sjóðnum.

Erindisbréf fyrir eftirlitsmenn Fiskistofu, dags. 9. nóvember 2010.

Erindisbréfið er ekki lengur birt í Stjórnartíðindum.



# Lög

## nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

### I. KAFLI.

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

☐ Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

##### 2. gr.

☐ Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlög gilda ekki um.

☐ Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

☐ [...]

☐ ...]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 65/2020, 1. gr.

##### 3. gr.

☐ [Ráðherra]<sup>1)</sup> skal, að fengnum tillögum [Hafrannsóknastofnunar],<sup>2)</sup> ákveða með reglugerð<sup>3)</sup> þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstökum nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Heimildir til veiða samkvæmt lögum þessum skulu miðast við það magn. Afli sem veiddur er í rannsóknarskyni á vegum [Hafrannsóknastofnunar]<sup>2)</sup> reiknast ekki til heildarafla. [Sama á við um afla sem fæst við veiðar sem fara fram í fræðsluskyni, enda séu veiðarnar óverulegar og aflinn ekki fénýttur.]<sup>4)</sup> Þá er ráðherra heimilt að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar]<sup>2)</sup> að ákveða að afli sem fenginn er við vísindalegar rannsóknir annarra aðila skuli ekki að hluta eða öllu leyti reiknast til heildarafla.

☐ Leyfður heildaraflí botnfisktegunda skal miðaður við veiðar á 12 mánaða tímabili, frá 1. september ár hvert til 31. ágúst á næsta ári, og nefnist það tímabil fiskveiðiár. Skal heildaraflí fyrir komandi fiskveiðiár ákveðinn fyrir 1. ágúst ár hvert. Ráðherra er heimilt innan fiskveiðiársins að auka eða minnka leyfðan heildarafla einstakra botnfisktegunda. Heildaraflí annarra tegunda sjávardýra skal ákveðinn með hæfilegum fyrirvara fyrir upphaf viðkomandi vertíðar eða veiðitímabils og er ráðherra heimilt að auka hann eða minnka á meðan vertíð eða veiðitímabil varir.

☐ [...]

☐

☐

☐ ...]<sup>5)</sup>

☐ Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um sjávargróður.]<sup>6)</sup>

<sup>1)</sup>L. 126/2011, 440. gr. <sup>2)</sup>L. 157/2012, 21. gr. <sup>3)</sup>Rg. 971/2022 (um leyfilegan heildarafla á fiskveiðiárinu 2022/2023). <sup>4)</sup>L. 66/2009, 1. gr. <sup>5)</sup>L. 65/2022, 2. gr. <sup>6)</sup>L. 49/2017, 4. gr.

## II. KAFLI.

### **Veiðileyfi og aflamark.**

#### 4. gr.

☐ Enginn má stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Almenn veiðileyfi eru tvenns konar, þ.e. veiðileyfi með aflamarki og veiðileyfi með krókaafلامarki. Á sama fiskveiðiári getur skip aðeins haft eina gerð veiðileyfis. Veiðileyfi í atvinnuskyni fellur niður hafi fiskiskipi ekki verið haldið til fiskveiða í atvinnuskyni í tólf mánuði. Þá fellur veiðileyfi niður ef fiskiskip er tekið af skrá hjá [Samgöngustofu]<sup>1)</sup> og ef eigendur eða útgerðir þeirra fullnægja ekki skilyrðum 2. másl. 5. gr.

☐ [Þeir bátar einir geta öðlast veiðileyfi með krókaafلامarki sem eru styttri en 15 metrar að mestu lengd og minni en 30 brúttótonn. Óheimilt er að stækka bátana þannig að þeir verði stærri en þessu nemur.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 59/2013, 30. gr. <sup>2)</sup>L. 82/2013, 1. gr.

#### 5. gr.

☐ Við veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni koma aðeins til greina þau fiskiskip sem hafa haffærisskírteini og skrásett eru á skipaskrá [Samgöngustofu]<sup>1)</sup> eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum. Skulu eigendur þeirra og útgerðir fullnægja skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

<sup>1)</sup>L. 59/2013, 30. gr.

#### 6. gr.

☐ [Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í frístundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með sjóstöng og handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Afla sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari málsgrein er einungis heimilt að hafa til eigin neyslu og er óheimilt að selja eða fénýta hann á annan hátt.

☐ Ráðherra er heimilt að ákveða árlega að á tilteknum fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta teljist afli ekki til aflamarks eða krókaafلامarks, enda sé aflinn einungis fénýttur til að standa straum af kostnaði við mótshaldið.

☐ Aðilum sem reka ferðapjónustu og hyggjast nýta við þann rekstur báta til frístundaveiða er skylt að sækja um sérstakt leyfi til Fiskistofu fyrir hvern bát sem nota skal í því skyni. Einungis er heimilt að veita leyfi til frístundaveiða aðilum sem fengið hafa leyfi sem Ferðamálastofa gefur út með stöð í 8. gr. laga nr. 73/2005, um skipan ferðamála.<sup>1)</sup> Einungis er heimilt að stunda veiðar með sjóstöng og handfærum án sjálfvirknibúnaðar á þeim bátum sem leyfi fá samkvæmt þessari grein.

☐ Leyfi til frístundaveiða, sbr. 3 mgr., eru tvenns konar:

1. Leyfi til að veiða tiltekinn fjölda fiska af kvótabundnum fisktegundum á hvert handfæri eða sjóstöng dag hvern og reiknast sá afli ekki til aflamarks viðkomandi báts. Ráðherra setur frekari leiðbeiningar um þessi atriði í reglugerð.<sup>2)</sup> Óheimilt er að selja eða fénýta á annan hátt afla sem fæst við veiðar sem heimilar eru samkvæmt þessum tölulíð.

2. Leyfi til veiða sem takmarkast af aflamarki eða krókaafلامarki viðkomandi báts. Allur afli þessara báta skal veginn í samræmi við gildandi reglur um vigtun og skráningu sjávarafila. [Um afla báta sem eingöngu stunda frístundaveiðar gilda ekki ákvæði laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.]<sup>3)</sup> Ekki skal leitað staðfestingar Verðlagsstofu skiptaverðs skv. 4. másl. 3. mgr. 15. gr. vegna flutnings aflamarks til þessara báta. Heimilt er að selja og fénýta á annan hátt þann afla sem fæst við veiðar sem heimilar eru samkvæmt þessum tölulíð.

☐ [[Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra hafa til ráðstöfunar aflaheimildir skv. 5. mgr. 8. gr. í óslægðum botnfiski],<sup>4)</sup> sem gegn greiðslu gjalds er heimilt að ráðstafa til skipa sem hafa leyfi til

frístundaveiða skv. 2. tölul. 4. mgr. vegna afla sem er fenginn við frístundaveiðar. Verð á aflaheimildum skal vera 80% af meðalverði í viðskiptum með aflamark, sem birt er á vef Fiskistofu, í lok dags daginn áður en viðskipti fara fram og skal það greitt Fiskistofu fyrir úthlutun. Þessar heimildir miðast við óslægðan afla og skulu dragast frá þeim heildarafla sem veiða má á hverju tímabili, sbr. 3. gr. Ráðherra kveður nánar á um úthlutun aflaheimilda þessara í reglugerð.<sup>5)</sup> [Tekjur af aflaheimildum þessum skulu renna í rannsóknasjóð til að auka verðmæti sjávarfangs.]<sup>6)</sup><sup>7)</sup>

Ⓔ Innan sama fiskveiðiárs er einungis heimilt að veita báti leyfi annaðhvort skv. 1. tölul. 4. mgr. eða 2. tölul. 4. mgr. Við veitingu leyfa til frístundaveiða koma aðeins til greina skip sem hafa haffærisskírteini og skrásett eru á skipaskrá [Samgöngustofu]<sup>8)</sup> eða á sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum. Skulu eigendur þeirra og útgerðir fullnægja skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Ⓕ Leyfi til frístundaveiða skulu veitt til eins fiskveiðiárs í senn. [Frístundaveiðiskip, sbr. 2. tölul. 4. mgr., sem jafnframt hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni skulu tilkynna Fiskistofu með viku fyrirvara um upphaf og lok tímabils sem skipinu er haldið til veiða í atvinnuskyni.]<sup>3)</sup> ...<sup>3)</sup>

Ⓖ Rekstraraðili skal með sannanlegum hætti kynna fyrir áhöfn báts reglur um takmarkanir sem kunna að vera á veiðum á þeim svæðum þar sem líklegt má telja að báturinn stundi frístundaveiðar og enn fremur reglur um bann við brottkasti afla og reglur um meðferð afla.

Ⓗ Ráðherra setur í reglugerð<sup>2)</sup> frekari skilyrði og reglur um frístundaveiðar, þ.m.t. um skil á skýrslum vegna veiða frístundaveiðibáta og á sjóstangaveiðimótum.

Ⓖ Fiskistofa skal veita áminningar og svipta skip leyfi til frístundaveiða í samræmi við ákvæði VI. kafla fyrir brot á ákvæðum þessarar greinar og reglum settum með stoð í henni.]<sup>9)</sup>

<sup>1)</sup>Felld úr gildi skv. l. 96/2018, um Ferðamálastofu, 21. gr. <sup>2)</sup>Rg. 382/2017 (um leyfisskyldar frístundaveiðar). Rg. 295/2018 (um skráningu afla á opinberum sjóstangaveiðimótum). <sup>3)</sup>L. 22/2010, 1. gr., sbr. brbákv. V í s.l. <sup>4)</sup>L. 48/2014, 1. gr. <sup>5)</sup>Rg. 753/2019 (um sérstaka úthlutun aflaheimilda til frístundaveiðiskipa). <sup>6)</sup>L. 47/2018, 10. gr. <sup>7)</sup>L. 70/2011, 1. gr. <sup>8)</sup>L. 59/2013, 30. gr. <sup>9)</sup>L. 66/2009, 2. gr.

#### [6. gr. a.

Ⓐ [Á hverju fiskveiðiári er ráðherra heimilt að ráðstafa aflamagni í óslægðum botnfiski skv. 5. mgr. 8. gr. sem nýtt skal til veiða með handfærum á tímabilinu frá 1. maí til 31. ágúst samkvæmt sérstökum leyfum Fiskistofu.]<sup>1)</sup> Í lögum þessum eru slíkar veiðar nefndar strandveiðar og leyfin til þeirra veiða strandveiðileyfi. Afli sem fæst við strandveiðar reiknast ekki til aflamarks eða krókaaflamarks þeirra skipa er þær veiðar stunda.

Ⓑ Þeim heimildum sem ráðstafað er til strandveiða samkvæmt þessari grein skal skipt á fjögur landsvæði. Ráðherra skal með reglugerð<sup>2)</sup> kveða nánar á um skiptingu landsvæða ...<sup>3)</sup>. [Þá skal Fiskistofa með auglýsingu í Stjórnartíðindum stöðva strandveiðar þegar sýnt er að leyfilegum heildarafla, að ufsa undanskildum, verði náð samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur um strandveiðar fyrir hvert ár.]<sup>3)</sup>

Ⓒ Strandveiðar eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Fiskistofu er aðeins heimilt að veita fiskiskipi leyfi til strandveiða að fullnægt sé ákvæðum 5. gr. og einungis er heimilt að veita hverri útgerð, [eiganda],<sup>4)</sup> einstaklingi eða lögaðila, leyfi til strandveiða fyrir eitt fiskiskip. [Eigandi fiskiskips skal vera lögskráður á skipið.]<sup>4)</sup> Frá og með árinu 2011 er óheimilt að veita fiskiskipi leyfi til strandveiða hafi aflamark umfram það aflamark sem flutt hefur verið til þess á sama fiskveiðiári verið flutt af því. Eftir útgáfu leyfis til strandveiða er skipum óheimilt að flytja frá sér aflamark þess árs umfram það sem flutt hefur verið til skips.

Ⓓ Frá útgáfudegi strandveiðileyfis er fiskiskipi óheimilt til loka fiskveiðiárs að stunda veiðar í atvinnuskyni samkvæmt öðrum leyfum [nema strandveiðileyfi hafi verið fellt úr gildi skv. 5. mgr.]<sup>3)</sup> Strandveiðileyfi eru bundin við tiltekið landsvæði, sbr. 1. málsl. 2. mgr. Skal leyfið veitt á því svæði þar sem heimilisfesti útgerðar viðkomandi fiskiskips er skráð, samkvæmt þjóðskrá eða fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra, og skal öllum afla fiskiskips landað í löndunarahöfn innan þess

landsvæðis, [sbr. þó 10. mgr.]<sup>3)</sup> Sama fiskiskipi verður aðeins veitt leyfi frá einu landsvæði á hverju veiðitímabili.

5 [Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. er fiskiskipi sem hefur fengið strandveiðileyfi heimilt að óska eftir að leyfið verði fellt úr gildi og stunda fiskveiðar í atvinnuskyni samkvæmt öðrum leyfum. Þó tekur slík niðurfelling strandveiðileyfis ekki gildi fyrr en mánuðinn eftir að ósk um niðurfellingu á sér stað. Hafi strandveiðileyfi fiskiskips verið fellt úr gildi getur það fiskiskip ekki fengið strandveiðileyfi að nýju á umræddu strandveiðitímabili.]<sup>3)</sup>

6 Leyfi til strandveiða samkvæmt þessari grein eru bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Óheimilt er að stunda veiðar föstudaga, laugardaga og sunnudaga. Ráðherra er heimilt með reglugerð<sup>2)</sup> að banna strandveiðar á almennum frídögum.

2. Hver veiðiferð skal eigi standa lengur en 14 klukkustundir. Miðað er við þann tíma er fiskiskip lætur úr höfn til veiða til þess tíma er það kemur til hafnar aftur til löndunar. Aðeins er heimilt að fara í eina veiðiferð á hverjum degi.

3. Tilkynna skal Fiskistofu um sjósókn fiskiskipsins í samræmi við reglur sem ráðherra setur.

4. Aldrei er heimilt að hafa fleiri en fjórar handfærarúllur um borð í fiskiskipi. Engin önnur veiðarfæri en handfærarúllur skulu vera um borð.

5. Á hverju fiskiskipi er aðeins heimilt að draga 650 kg, í þorskígildum talið, af kvótabundnum tegundum í hverri veiðiferð.

6. Skylt er að landa öllum afla í lok hverrar veiðiferðar og skal hann veginn og skráður endanlega hér á landi. Um vigtun, skráningu og meðferð afla fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og ákvæðum gildandi reglugerðar þar um.

7 Þá skal beita ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávaraflla, fari afli fiskiskips umfram hámark sem ákveðið er í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim. Gjald skal lagt á afla í samræmi við hlutfallslega skiptingu afla eftir tegundum. Skal gjaldið nema því meðalverði sem fengist hefur fyrir samsvarandi afla á fiskmörkuðum á þeim stað og því tímabili þegar hann barst að landi.

8 [Heimilt er hverju skipi að stunda strandveiðar í 12 veiðidaga innan hvers mánaðar mánuðina maí, júní, júlí og ágúst.

9 Fiskistofa skal auglýsa árlega eftir umsóknum um leyfi til strandveiða. Heimilt er hverju strandveiðiskipi að landa ufsa í því magni sem ráðherra ákveður með reglugerð ár hvert án þess að sá afli teljist til hámarksaflla skv. 5. tölul. 6. mgr. Um ufsa sem ekki reiknast til heimilaðs afla í hverri veiðiferð strandveiðiskips gilda eftirtalin skilyrði:

a. Að aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega og skráður.

b. Að aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni til sjóðs, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávaraflla, með síðari breytingum, sbr. þó 2. málsl. 10. mgr.

10 Sé heimild skv. 9. mgr. nýtt skulu forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er seldur standa skil á andvirði hins selda afla að frádrögnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Þá skal útgerð skipsins fá 80% af andvirði selds afla sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um.]<sup>3)</sup>

11 Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd strandveiða. [Þar er m.a. heimilt að setja nánari skilyrði um eignarhald. [...] Enginn eigenda lögaðila sem á bát með strandveiðileyfi getur átt aðild nema að einu strandveiðileyfi.]<sup>6)7)</sup>

<sup>1)</sup>L. 48/2014, 2. gr. <sup>2)</sup>Rg. 460/2022 (um strandveiðar vegna fiskveiðiársins 2021/2022), sbr. 816/2022. <sup>3)</sup>L. 22/2019, 1. gr. <sup>4)</sup>L. 70/2011, 2. gr. <sup>5)</sup>L. 88/2020, 3. gr. <sup>6)</sup>L. 82/2013, 2. gr. <sup>7)</sup>L. 32/2010, 1. gr.

7. gr.

☐ Bátum sem veiðileyfi hafa með krókaafلامark er heimilt að stunda veiðar úr þeim tegundum sem þeir hafa krókaafلامark í og enn fremur tegundum sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla. Ráðherra skal þó setja reglur um leyfðan meðafla. Krókaafلامark er óheimilt að nýta á annan hátt en við línu- og handfæraveiðar. Þó er ráðherra heimilt að veita krókaafلامarksbátum [heimild til þess með reglugerð]<sup>1)</sup> að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum, svo og til hrognkelsveiða í net.

<sup>1)</sup>L. 88/2020, 4. gr.

8. gr.

☐ Veiðar á þeim tegundum sjávardýra, sem ekki sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla skv. 3. gr., eru frjálssar öllum þeim skipum, sem leyfi fá til veiða í atvinnuskyni skv. 4. gr., með þeim takmörkunum sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri og veiðitíma.

☐ Veiðiheimildum á þeim tegundum, sem heildarafla er takmarkaður af, skal úthlutað til einstakra skipa. Skal hverju skipi úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar. Nefnist það aflahlutdeild skips og helst hún óbreytt milli ára. [Aflahlutdeild í makríl skiptist í tvo flokka, A- og B-flokk. Í A-flokki er hlutdeild úthlutað á grundvelli veiðireynslu með öðrum veiðarfærum en línu og handfærum. Í B-flokki er hlutdeild úthlutað á grundvelli veiðireynslu með línu og handfærum.]<sup>1)</sup>

☐ [Aflamark veiðiskips á hverju fiskveiðiári, veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla í viðkomandi tegund og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 2. mgr., að frádregnu hlutfalli af magni hveðrar tegundar sem skal vera [...] <sup>2)</sup> 5,3% [og aflamagni skv. 10. gr. b.]<sup>1)</sup> Sama gildir um aflamark samkvæmt lögum nr. 151/1996. [...] <sup>2)</sup>

☐ [...] <sup>3)</sup>

☐ [Því aflamagni sem dregið er frá heildarafla í hverri tegund skv. 3. mgr. skal varið til að mæta áföllum skv. 1. tölul. 1. mgr. 10. gr., til stuðnings byggðarlögum skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr., til línuvildunar skv. 8. mgr. 11. gr., til strandveiða skv. 6. gr. a, til veiða sem eru taldar í 6. gr. og til annarra tímabundinna ráðstafana samkvæmt lögum þessum. Ráðherra skal eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun um meðferð og ráðstöfun þessa aflamagns til næstu sex ára.]<sup>2)</sup>

☐ [Því aflamagni sem dregið er frá heildarafla skv. 3. mgr. er ráðherra heimilt að skipta í aðrar tegundir til að leitast við að tryggja tegundarsamsetningu aflamagns til ráðstafana skv. 5. mgr. Ráðherra skal mæla nánar fyrir um þessa framkvæmd í reglugerð,<sup>4)</sup> m.a. um gerð tilboða, tímafresti, magn í skiptum og að Fiskistofa annist framkvæmdina. Aflamagn samkvæmt þessu ákvæði er heimilt að flytja milli fiskveiðiára.]<sup>2)</sup> [Fyrir úthlutun aflamarks samkvæmt þessari málsgrein skal útgerð skips greiða gjald samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu,<sup>5)</sup> sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.]<sup>6)</sup><sup>2)</sup>

☐ Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd ákvæða greinarinnar í reglugerð.]<sup>7)</sup>

☐ Ákvæði laganna um úthlutun, nýtingu og framsal aflahlutdeildar og aflamarks gilda einnig um krókaaflahlutdeild og krókaafلامark nema öðruvísi sé kveðið á um í þeim.

<sup>1)</sup>L. 46/2019, 2. gr. <sup>2)</sup>L. 48/2014, 3. gr. <sup>3)</sup>L. 72/2016, 1. gr. <sup>4)</sup>Rg. 972/2022 (um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2022/2023). <sup>5)</sup>Gjaldskrá Fiskistofu nr. 1404/2022. <sup>6)</sup>L. 67/2015, 2. gr. <sup>7)</sup>L. 70/2011, 3. gr.

9. gr.

☐ Verði veiðar takmarkaðar skv. 3. gr. á tegundum sjávardýra sem samfelld veiðireynsla er á, en ekki hafa áður verið bundnar ákvæðum um leyfðan heildarafla, skal aflahlutdeild úthlutað á grundvelli aflareynslu síðustu þriggja veiðitímabila. [...] <sup>1)</sup>

☐ [Ráðherra er heimilt að úthluta aflahlutdeild til veiða á staðbundnum nytjastofnum tryggleysingja þannig að sérstök aflahlutdeild komi fyrir hvert veiðisvæði.]<sup>2)</sup>

③ Ef ekki er fyrir hendi samfelld veiðireynsla á viðkomandi tegund skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Getur hann við þá ákvörðun tekið mið af fyrri veiðum, stærð eða gerð skips. Getur ráðherra bundið úthlutun samkvæmt þessari málsgrein því skilyrði að skip afsali sér heimildum til veiða á öðrum tegundum.

④ [Fiskistofu er heimilt, fyrir úthlutun aflahlutdeilda samkvæmt lögum þessum, 5. eða 6. gr. laga nr. 151/1996 eða öðrum lögum, að heimila tilfærslu á viðmiðun aflareynslu og annarra réttinda er tengjast veiðum milli fiskiskipa, að hluta til eða öllu leyti, þegar um er að ræða breytingu á skipastól. Það er skilyrði þessa að fyrir liggi samþykki eigenda beggja skipa fyrir tilfærslunni ef ekki er um að ræða skip í eigu sömu útgerðar.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 56/2015, 2. gr. <sup>2)</sup>L. 64/2022, 1. gr.

#### 10. gr.

① [[Á hverju fiskveiðiári er ráðherra heimilt að ráðstafa aflamagni í óslægðum botnfiski skv. 5. mgr. 8. gr. sem hér segir]:<sup>1)</sup>

1. Til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda.

2. Til stuðnings byggðarlögum, í samráði við Byggðastofnun, þannig:

a. Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum eða vinnslu á botnfiski.

b. Til byggðarlaga sem hafa orðið fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og sem hefur haft veruleg áhrif á atvinnuástand í byggðarlögunum. Heimilt er að ráðstafa aflaheimildum samkvæmt þessum lið til allt að þriggja ára í senn.

② [Aflaheimildir samkvæmt þessari grein skulu dregnar frá leyfðum heildarafla þessara tegunda áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeilda.]<sup>2)</sup> Í reglugerðum sem ráðherra setur skv. 3. og 4. mgr. skal kveðið á um hvaða botnfisktegundir komi til úthlutunar.

③ Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um ráðstöfun aflaheimilda skv. 1. tölul. 1. mgr.

④ Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um ráðstöfun aflaheimilda skv. 2. tölul. 1. mgr. Þar skal kveðið á um skilgreiningu á byggðarlagi, viðmiðunar- og útreikningsreglur og aðrar reglur um úthlutun aflaheimilda til byggðarlaga.

⑤ Ráðherra setur í reglugerð almenn skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda skv. 2. tölul. 1. mgr. til fiskiskipa innan einstakra byggðarlaga. Skulu þau skilyrði m.a. varða skráningarstað, skráningartíma, eignarhald, skiptingu milli fiskiskipa, lágmarksverð, tryggingar fyrir greiðslum og framkvæmd úthlutunar. [Einnig er ráðherra heimilt að setja reglur um að ekki sé heimilt að úthluta aflaheimildum til skipa sem fluttar hafa verið meiri aflaheimildir frá en þær heimildir sem fluttar hafa verið til skipanna á tilteknu fiskveiðiári.]<sup>3)</sup> Ráðherra getur heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga. Eftir að slíkar tillögur sveitarstjórna hafa borist skulu þær birtar með aðgengilegum hætti, svo sem á vefsíðu ráðuneytisins, eigi síðar en sjö dögum áður en tekin verður afstaða til þeirra. Fallist ráðherra á tillögur sveitarstjórna um slík skilyrði staðfestir ráðuneytið tillögurnar og auglýsir þær í B-deild Stjórnartíðinda.

⑥ Framsal aflaheimilda, sem úthlutað er skv. 2. tölul. 1. mgr., er óheimilt en þó skulu heimil jöfn skipti á aflaheimildum í þorskígildum talið. Framsal aflaheimilda samkvæmt tölulíðnum skal þó vera heimilt hafi fiskiskip efnt löndunar- og vinnsluskyldu í samræmi við 7. mgr.

⑦ Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga afla sem nemur í þorskígildum talið tvöföldu magni þeirra aflaheimilda sem þau fá úthlutað skv. 2. tölul. 1. mgr. og

skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur. Ráðherra er heimilt að fengnum rökstuddum tillögum sveitarstjórnar að víkja frá þessu skilyrði enda sé það gert á grundvelli málefnalegra og staðbundinna ástæðna.

Ⓜ Fiskistofa annast úthlutun aflaheimilda, sem koma í hlut einstakra byggðarlaga, til fiskiskipa. Ákvarðanir Fiskistofu um úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessari grein er heimilt að kæra til [ráðuneytisins].<sup>5)</sup> Kærufrestur er tvær vikur frá tilkynningu Fiskistofu um úthlutun eða höfnun umsóknar um úthlutun og skal úthlutun ekki fara fram fyrr en að þeim fresti liðnum. Skal ráðuneytið leggja úrskurð á kærur innan tveggja mánaða. Ráðuneytið getur ákveðið að úthlutun aflaheimilda til skipa í tilteknu byggðarlagi verði frestað að hluta eða öllu leyti þar til það hefur lokið afgreiðslu á kærum sem borist hafa vegna úthlutunar þar.]<sup>5)</sup>

Ⓝ [Heimilt er að flytja aflamark einstakra fiskveiðiára sem úthlutað er samkvæmt þessari grein yfir á næsta fiskveiðiár og úthluta því með þeim aflaheimildum sem koma til úthlutunar á því fiskveiðiári. Aflamark sem er flutt frá eldra fiskveiðiári skal tilheyra aflamarki þess fiskveiðiárs sem hófst 1. september næst á undan úthlutun aflamarks.]<sup>3)</sup>

Ⓞ [Fyrir úthlutun aflamarks til einstakra skipa samkvæmt þessari grein skal útgerð skips greiða gjald samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu,<sup>6)</sup> sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.]<sup>7)</sup>

<sup>1)</sup>L. 48/2014, 4. gr. <sup>2)</sup>L. 72/2016, 2. gr. <sup>3)</sup>L. 74/2010, 1. gr. <sup>4)</sup>L. 126/2011, 440. gr. <sup>5)</sup>L. 21/2007, 1. gr. <sup>6)</sup>Gjaldskrá Fiskistofu nr. 1404/2022. <sup>7)</sup>L. 67/2015, 3. gr.

#### [10. gr. a.

Ⓟ [Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar aflaheimildir sem ráðherra ákvarðar samkvæmt heimild í 5. mgr. 8. gr. til að styðja byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Byggðastofnun getur gert samninga við fiskvinnslur eða útgerðarfélög til allt að sex ára í senn. Byggðastofnun skal hafa samráð við sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags áður en samningur er undirritaður. Aflaheimildir skulu vera í þorski, ýsu, steinbít, ufsa, löngu, keilu og gullkarfa í hlutfalli við leyfðan heildarafla af þessum tegundum. Aflaheimildir þessar miðast við þorskígildi og skulu þær dregnar frá með sama hætti og greinir í 3. mgr. 8. gr. laganna, sbr. 5. mgr. sömu greinar. Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Byggðastofnunar, að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð,<sup>1)</sup> svo sem efni samnings, skilyrði og tímallengd.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 643/2016 (um ráðstöfun og meðferð aflaheimilda samkvæmt 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða), sbr. 427/2018. <sup>2)</sup>L. 72/2016, 3. gr.

#### [10. gr. b.

Ⓠ Ráðherra er heimilt að ráðstafa allt að 4.000 lestum af aflaheimildum í makríl til skipa í B-flokki. Hvert skip á kost á að fá úthlutað aflaheimildum í makríl gegn gjaldi sem á hverjum tíma skal nema sömu fjárhæð og veiðigjald fyrir makríl. Eftir 15. september ár hvert er ráðherra heimilt að ráðstafa því sem eftir er til fiskiskipa í A-flokki gegn sama gjaldi. Ráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmdúthlutunar samkvæmt þessari grein.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 46/2019, 3. gr.

#### 11. gr.

Ⓡ Heimilt er að veiða umfram aflamark í einstökum botnfisktegundum, enda skerðist aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega í samræmi við verðmætahlutföll einstakra tegunda, sbr. 19. gr. Heimild þessi takmarkast við 5% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks en umframafli í hverri botnfisktegund má þó ekki vera meiri en sem nemur [1,5%]<sup>1)</sup> af heildarverðmæti botnfiskaflamarks. [Tilfærsla úr einstakri botnfisktegund getur þó aldrei orðið meiri en 30% af aflamarki skips í

viðkomandi tegund.]<sup>1)</sup> Heimild þessarar málsgreinar nær þó ekki til veiða umfram aflamark í þorski. Ráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða að takmörkun á heimild skv. 2. másl. skuli í ákveðnum fisktegundum miðast við hærri viðmiðun en [1,5%]<sup>1)</sup> af heildaraflaverðmæti botnfiskaflamarks.

② Hafí aflamark verið flutt milli skipa skv. 15. gr. flyst heimild til breytinga skv. 1. mgr. frá skipi sem flutt er af til þess skips sem flutt er til.

③ Heimilt er að flytja allt að [15%]<sup>2)</sup> af aflamarki hvernar botnfisktegundar og aflamarki úthafs-rækju, humars og síldar, 10% af aflamarki hörpudisks og 5% af aflamarki innfjarðarrækju frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta. [Ráðherra getur að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar]<sup>3)</sup> hækkað fyrrgreint hlutfall aflamarks í einstökum tegundum telji hann slíkt stuðla að betri nýtingu tegundarinnar.]<sup>2)</sup>

④ Þá er heimilt að veiða 5% umfram aflamark hvernar botnfisktegundar, síldar, [úthafs-rækju og humars]<sup>4)</sup> og 3% umfram aflamark innfjarðarrækju og hörpudisks, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðiárs á eftir.

⑤ Beita skal skerðingarákvæðum 1. mgr. áður en heimild 3. mgr. er nýtt. Heimild 4. mgr. rýmkar ekki heimildir til breytinga milli fisktegunda skv. 1. mgr.

⑥ Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta með í aflamarki.

⑦ Þá getur ráðherra ákveðið að afli á ákveðnum fisktegundum, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með álagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki skips er náð hverju sinni. Skal álagið vera allt að 20% á þorsk og ýsu en allt að 15% á aðrar tegundir.

⑧ [Við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem beitt er í landi má landa 20% umfram þann afla í [þorski, ýsu steinbít löngu, keilu og gullkarfa.]<sup>5)</sup> sem reiknast til aflamarks þeirra. Einnig er heimilt við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem stokkuð er upp í landi að landa 15% umfram þann afla í [þorski, ýsu steinbít löngu, keilu og gullkarfa.]<sup>5)</sup> sem reiknast til aflamarks þeirra. Dagróðrabátur telst bátur sem kemur til hafnar til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að hann heldur til veiða.]<sup>2)</sup> Ákvæði þetta tekur aðeins til þeirra báta sem tilkynna staðsetningu um sjálfvirk tilkynningarkerfi íslenskra skipa, sbr. lög nr. 41 20. mars 2003, um vaktstöð siglinga. [Línuviltun í þorski, ýsu steinbít löngu, keilu og gullkarfa.]<sup>5)</sup> skal á hverju fiskveiðiári takmarkast við [magn í óslægðum botnfiski sem ráðherra ákveður með heimild í 5. mgr. 8. gr.]<sup>6)</sup> og skal það magn skiptast innan hvers fiskveiðiárs á fjögur þriggja mánaða tímabil frá 1. september að telja, hlutfallslega með hliðsjón af þorskveiðum línubáta á árinu 2002. Fiskistofa fylgist með línuafli og tilkynnir ráðuneytinu hvenær telja megi líklegt að leyfilegu viðmiðunarmagni hvers tímabils verði náð. Ráðuneytið tilkynnir síðan frá hvaða tíma þorskafla á línu skuli reiknast að fullu til aflamarks. Þá getur ráðherra ákveðið hámark á heildarmagn ýsu og steinbíts til línuviltunar og jafnframt ákveðið að ýsu- og steinbítsafli skuli reiknast að fullu til aflamarks þegar því er náð. Ráðherra setur nánari reglur<sup>7)</sup> um framkvæmd þessa ákvæðis.

⑨ Skipstjóra fiskiskips er heimilt að ákveða að hluti af afla skipsins reiknist ekki til aflamarks þess. [Sá hluti sem þannig reiknast ekki til aflamarks skipsins skal þó aldrei nema meira en 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla sem hlutaðeigandi skip veiðir á hverju tímabili. Ráðherra skal binda heimild þessa við ákveðin tímabil.]<sup>1)</sup> Heimild þessi er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Að aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega og skráður.

2. Að aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni til sjóðs, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávarafla, með síðari breytingum.

⑩ Sé heimild í 9. mgr. nýtt skulu forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er seldur standa skil á andvirði hins selda afla að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Þá



skal útgerð skipsins fá 20% af andvirði selds afla sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um.

☐ [Ráðherra getur í reglugerð ákveðið að skylt sé að vinna einstakar tegundir uppsjávarfisks til manneldis. Hlutfall uppsjávarafra einstakra skipa sem ráðstafað er til vinnslu á því tímabili sem ráðherra ákveður skal ekki vera ákveðið hærra en 70%.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 70/2011, 4. gr. <sup>2)</sup>L. 22/2010, 2. gr., sbr. brbákv. IV í s.l. <sup>3)</sup>L. 157/2012, 21. gr. <sup>4)</sup>L. 143/2008, 1. gr. <sup>5)</sup>L. 72/2016, 4. gr. <sup>6)</sup>L. 48/2014, 5. gr. <sup>7)</sup>Rg. 974/2022 (um línuvinnun á fiskveiðiárinu 2022/2023).

## 12. gr.

☐ Farist skip skal útgerð þess halda aflamarki þess við úthlutun í upphafi næsta fiskveiðiárs eða veiðitímabils þar á eftir, enda hafi aflahlutdeild þess ekki verið flutt til annars fiskiskips.

☐ Við eigendaskipti að fiskiskipi fylgir aflahlutdeild þess, nema aðilar geri sín á milli skriflegt samkomulag um annað, enda sé fullnægt ákvæðum 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

☐ Eigi að selja fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, til útgerðar sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu. Forkaupsréttur skal boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn sem hlut á að máli og söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna frá því henni berst tilboð og fellur forkaupsréttur niður í það sinn sé tilboði ekki svarað innan þess frests.

☐ Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar skv. 3. mgr. þessarar greinar skal hún þegar gefa útgerðar- aðilum, sem heimilisfesti eiga í sveitarfélaginu, kost á að kaupa skipið og skal opinberlega leita tilboða í það.

☐ Sé skipi ráðstafað andstætt ákvæðum þessarar greinar um forkaupsrétt getur forkaupsréttar- hafi krafist þess að salan verði ógild enda sé málsókn hafin innan sex mánaða frá því að hann fékk vitneskju um söluna. Forkaupsréttur gildir ekki sé skip selt á opinberu uppboði. Ákvæði þessarar greinar um forkaupsrétt gilda ekki við sölu opinna báta.

☐ Heimilt er að framselja aflahlutdeild skips að hluta eða öllu leyti, enda leiði flutningur aflahlutdeilda ekki til þess að veiðheimildir þess skips, sem flutt er til, verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. [Óheimilt er að framselja aflahlutdeild skips í makríl úr B-flokki.]<sup>1)</sup> Krókaaflahlutdeild verður aðeins flutt til báts sem er undir [þeim stærðarmörkum sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr.],<sup>2)</sup> enda hafi hann veiðileyfi með krókaaflamarki. Tafari laust skal leita staðfestingar Fiskistofu á að flutningur aflaheimilda sé innan heimilaðra marka. Öðlast slíkur flutningur ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir. Óheimilt er að framselja aflahlutdeild skips nema fyrir liggja samþykki þeirra aðila sem samningsveð áttu í skipinu 1. janúar 1991. [Sá sem leitar staðfestingar Fiskistofu á að flutningur aflaheimilda sé innan heimilaðra marka skal greiða gjald greiða gjald samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu,<sup>3)</sup> sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup>L. 46/2019, 4. gr. <sup>2)</sup>L. 82/2013, 3. gr. <sup>3)</sup>Gjaldskrá Fiskistofu nr. 1404/2022. <sup>4)</sup>L. 67/2015, 4. gr.

13. gr.

☐ Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 8. gr. og 12. gr. má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila, aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild eftirtalinna tegunda en hér segir:

<b>Tegund</b>	<b>Hámarksaflahlutdeild</b>
Þorskur	12%
Ýsa	20%
Ufsi	20%
Karfi	35%
Grálúða	20%
Síld	20%
Loðna	20%
Úthafsækja	20%

Nemi heildarverðmæti aflamarks annarra tegunda en að framan greinir, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum, við upphaf fiskveiðiárs hærra hlutfalli en 2% af heildarverðmæti aflamarks allra tegunda, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla, má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild viðkomandi tegunda en 20%. Skal ráðherra við upphaf fiskveiðiárs tilgreina í reglugerð þær tegundir sem um er að ræða. Við mat á heildarverðmæti aflamarks skal annars vegar miða við verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili, sbr. 19. gr., og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu. Þó skal samanlögð krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila ekki nema hærra hlutfalli en 4% af þorski og 5% af ýsu miðað við heildarkrókaaflahlutdeild í hvorri tegund.

☐ Þá má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila ekki nema meira en 12% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum og 5. gr. laga nr. 151/1996 eða meira en 5% af heildarverðmæti krókaaflahlutdeildar. Við mat á heildarverðmæti aflahlutdeildar skal annars vegar miða við verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili, sbr. 19. gr., og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

☐ Til aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu einstakra aðila skv. 1. og 2. mgr. telst einnig aflahlutdeild fiskiskipa sem aðilar hafa á kaupleigu eða leigu til sex mánaða eða lengur.

☐ Tengdir aðilar teljast:

1. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, á beint eða óbeint meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár í hinum aðilanum eða fer með meiri hluta atkvæðisréttar. Fyrirnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.

2. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, hefur með öðrum hætti en greinir í 1. tölul. raunveruleg yfirráð yfir hinum. Fyrirnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.

3. Lögaðilar, þar sem svo háttar til að sami aðili eða sömu aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögaðilunum enda nemi eignarhlutur hvers þeirra um sig a.m.k. 10% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðafjölda í viðkomandi lögaðilum. Sama á við ef aðili eða aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., sem eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðila og hver um sig á a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í

lögaðilanum, eiga ásamt viðkomandi lögaðila meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum lögaðila. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum samkvæmt þessum tölulið telst jafnframt eignarhluti og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg.

14. gr.

1 Aðila ber, þegar fyrrsjáanlegt er að aflahlutdeild fiskiskipa aðila fari umfram þau mörk sem sett eru í 1. eða 2. mgr. 13. gr., að tilkynna Fiskistofu flutning aflahlutdeilda, samruna lögaðila sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, kaup á eignarhlut í slíkum lögaðilum og kaup, kaupleigu eða leigu á fiskiskipi með aflahlutdeild. Þegar um tengda aðila er að ræða skv. 1. og 2. tölul. 4. mgr. 13. gr. hvílir tilkynningarskyldan á móðurfyrirtæki en annars á þeim aðila er að gerningnum stendur. Þá ber lögaðilum, sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, að láta Fiskistofu reglubundið í té upplýsingar um eignarhluta allra þeirra sem eiga 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Jafnframt skal veita upplýsingar um eignarhluta einstaklinga og maka þeirra og skyldmenna í beinan legg sé samanlagður eignarhluti eða atkvæðisréttur þeirra 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Lögaðilum, sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, ber enn fremur að upplýsa Fiskistofu um lögaðila sem þeir eiga eignarhlut eða atkvæðisrétt í og eiga fiskiskip með aflahlutdeild.

2 Fiskistofa skal meta þær upplýsingar sem aðili hefur látið í té og innan hæfilegs frests tilkynna aðila hver aflahlutdeild fiskiskipa hans er. Ef aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila eða tengdra aðila fer umfram framangreind mörk skal Fiskistofa tilkynna viðkomandi aðila að svo sé og hve há umframafhlutdeild hans er. Aðila skal veittur sex mánaða frestur, frá því að honum sannanlega barst tilkynningin, til að gera ráðstafanir til að koma aflahlutdeildinni niður fyrir mörkin. Hafi aðili ekki veitt Fiskistofu upplýsingar um að fullnægjandi ráðstafanir hafi verið gerðar fyrir lok frestsins fellur umframafhlutdeildin niður. Skerðist þá aflahlutdeild fiskiskipa í eigu viðkomandi hlutfallslega miðað við einstakar tegundir. Við úthlutun aflahlutdeilda í upphafi næsta fiskveiðiárs eftir lok frestsins skal skerðingin koma til hækkunar aflahlutdeilda fiskiskipa í eigu annarra. Hækkunin skal vera í réttu hlutfalli við aflahlutdeild fiskiskipanna af þeim tegundum sem um ræðir.

15. gr.

1 Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki er heimilt að flytja aflamarkið milli skipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðiheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur.

2 Tilkynna skal Fiskistofu um flutning aflamarks og öðlast hann ekki gildi fyrr en stofnunin hefur staðfest flutninginn. Í tilkynningu skulu m.a. koma fram upplýsingar um magn aflamarks sem flytja skal, auk upplýsinga um verð, nema þegar aflamark er flutt á milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.

3 Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks skal stofnunin skrá upplýsingar um flutning aflamarksins samkvæmt tilkynningu þar að lútandi. Ráðherra skal með reglugerð ákveða í hvaða formi tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks skuli vera. [Sá sem tilkynnir um flutning aflamarks skal greiða Fiskistofu gjald með hverri tilkynningu samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu,<sup>1)</sup> sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.]<sup>2)</sup> [Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks til fiskiskips skal stofnunin fá staðfestingu Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum.]<sup>3)</sup> [Heimilt er Fiskistofu að gera þjónustusamninga um rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks milli fiskiskipa og skal greiða gjald til Fiskistofu fyrir slíka samninga fyrir hvert fiskveiðiár samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu,<sup>1)</sup> sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.]<sup>2)</sup> Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um skilyrði fyrir gerð þjónustusamninga og víkja frá ákvæðum 1.–3. mgr. að því leyti sem þau lúta að framkvæmd flutnings aflamarks og greiðslu gjalds vegna hans.

[4] [Óheimilt er að flytja aflamark skips í makríl úr B-flokki, nema í jöfnum skiptum í þorskígildum talið fyrir aflamark í þorski, ýsu, ufsa og steinbít. Ráðherra er heimilt að flytja ónýtt aflamark í makríl úr B-flokki yfir í A-flokk eftir 15. september ár hvert, að teknu tilliti til tegundartilfærslna og flutningsréttar milli veiðitímabíla, sem ráðstafað skal á skip í samræmi við hlutdeild og eftirspurn, gegn gjaldi sem á hverjum tíma skal nema sömu fjárhæð og veiðigjald fyrir makríl. Ef aflabrögð á grunnslóð mæla með því að flýta eða seinka flutningi úr B-flokki í A-flokk er ráðherra heimilt að miða við annað tímamark. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð.]<sup>4)</sup>

[5] Fiskistofa skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um flutning aflamarks, þar á meðal um magn eftir tegundum, auk upplýsinga um verð, þar sem við á.

[6] [Veiði fiskiskip minna en 50% á fiskveiðiári af úthlutuðu aflamarki sínu og aflamarki sem flutt hefur verið frá fyrra fiskveiðiári, í þorskígildum talið, fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur.]<sup>5)</sup> Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips í samræmi við verðmætahlutföll þeirra, sbr. 19. gr. Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á. [Hið sama á við þegar skipi er haldið til veiða utan lögsögu á tegundum sem samið hefur verið um veiðistjórn á og ekki teljast til deilistofna.]<sup>5)</sup>

[7] [[Tefjist skip frá veiðum í a.m.k. fjóra mánuði vegna tjóns, meiri háttar bilana eða endurbóta hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar samkvæmt þessari grein.]<sup>4)</sup><sup>5)</sup>

[8] [Á hverju fiskveiðiári er heimilt að flytja af fiskiskipi 50% þess aflamarks sem skipi var úthlutað í þorskígildum talið á grundvelli verðmætahlutfalla einstakra tegunda, sbr. 19. gr. Auk þess er heimilt að flytja frá skipi það aflamark í einstökum tegundum sem flutt hefur verið til skips. Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings á aflamarki vegna varanlegra breytinga á skipakosti útgerða eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns, samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.]<sup>4)</sup>

[9] Krókaafلامark verður aðeins flutt til báts sem er undir [þeim stærðarmörkum sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr.],<sup>6)</sup> enda hafi hann veiðileyfi með krókaafلامarki. [Ráðherra getur þó heimilað með reglugerð flutning á aflamarki tiltekinna tegunda frá krókaafلامarksbátum til skipa sem hafa veiðileyfi með aflamark, enda séu skiptin jöfn í þorskígildum talið.]<sup>7)</sup>

<sup>1)</sup>Gjaldskrá Fiskistofu nr. 1404/2022. <sup>2)</sup>L. 67/2015, 5. gr. <sup>3)</sup>L. 63/2007, 5. gr. <sup>4)</sup>L. 46/2019, 5. gr., <sup>5)</sup>L. 22/2010, 3. gr., sbr. brbákv. III í s.l. <sup>6)</sup>L. 82/2013, 4. gr. <sup>7)</sup>L. 48/2014, 6. gr.

## [II. KAFLI A. Sjávargróður.]<sup>1)</sup> [15. gr. a.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 49/2017, 5. gr. <sup>2)</sup>L. 65/2022, 3. gr.

### [15. gr. b. Nýting sjávargróðurs.

[1] Enginn má stunda þangslátt í atvinnuskyni nema hafa fengið til þess leyfi sem Fiskistofa gefur út til allt að fimm ára í senn. Leyfið skal bundið við þau sláttutæki, eða sláttupramma, sem hagnýtt eru af leyfishafa. Leyfið er óskiptanlegt og oframseljanlegt.

[2] Um heimild til þangsláttar í fjöru eða netlögum sjávarjarðar fer samkvæmt samkomulagi við ábúanda eða landeiganda. Er nægilegt að meiri hluti eigenda eða fyrirsvarsaður skv. 1. mgr. 9. gr. jarðalaga, nr. 81/2004, veiti samþykki sé það ekki til lengri tíma en tíu ára.

③ Ráðherra er heimilt að binda leyfi samkvæmt þessari grein skilyrðum sem varðað geta m.a. löndun, vigtun, eftirlit og skráningu. Þá er leyfi háð skilyrði um að leyfishafi hafi gert nýtingaráætlun um töku þangs sem gildi a.m.k. í fimm ár í senn. Skal áætlun uppfærð áður en sláttur hefst á hverju ári. Í henni skal greina hvaða tæki verði hagnýtt við slátt, hvaða magn verði slegið, hvar verði slegið og eftir atvikum hvaða svæði verði hvíld eftir slátt til að örva endurvöxt. Skal áætlunin byggjast á mati á lífmassa þangs og líklegu aðgengi að því í fjörum. Leitast skal við að gera grein fyrir áhrifum nýtingar á umhverfið með hliðsjón af þeim sláttutækjum og sláttuáðferðum sem verða hagnýtt. Drög að nýtingaráætlun skal leyfishafi kynna Hafrannsóknastofnun skriflega. Hafrannsóknastofnun skal, að höfðu samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands, veita umsögn um nýtingaráætlunina. Leyfishafa er skylt í nýtingaráætlun að greina athugasemdir stofnunarinnar og hvernig brugðist hafi verið við þeim.

④ Ráðherra er heimilt, sé talin þörf á að koma í veg fyrir staðbundna ofnýtingu á tilteknum stofni, að ákveða að öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni utan fjörusvæða sé auk almenns veiðileyfis háð sérstöku leyfi Fiskistofnu, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997. Auk þeirra skilyrða sem þar greinir má binda leyfi sömu skilyrðum og greinir í 1. og 3. mgr. Geta leyfi þessi verið til allt að 10 ára í senn. Ráðherra getur kveðið nánar á um gerð og innihald nýtingaráætlana í reglugerð, um skilyrði fyrir tæki og búnað við öflun sjávargróðurs og um form og efni ákvörðunar um leyfi vegna öflunar á sjávargróðri.]<sup>1)2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 65/2022, 4. gr. <sup>2)</sup>Samkvæmt 8. gr. l. 65/2022 þá öðlast lögin gildi 1. janúar 2023. Leyfi til öflunar sjávargróðurs í atvinnuskyni sem eru í gildi á því tímamarki skulu uppfylla skilyrði laganna og geta þá gilt til allt að fimm ára.

[15. gr. c.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 65/2022, 5. gr.

### III. KAFLI.

#### Framkvæmd og eftirlit.

##### 16. gr.

① Ráðherra getur sett nánari reglur<sup>1)</sup> varðandi framkvæmd laga þessara.

<sup>1)</sup>Rg. 54/2003 (um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð). Rg. 288/2021 (um hrognkelsaveiðar 2021), sbr. 357/2021 og 434/2021. Rg. 462/2017 (um veiðar á gulllaxi). Rg. 54/2003 (um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð). Rg. 659/2014 (um vigtun og skráningu meðafla við veiðar á uppsjárarfiski), sbr. 862/2020. Rg. 188/2020 (um veiðar á humri), sbr. 174/2021. Rg. 807/2011 (um meðafla skipa sem stunda veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski). Rg. 964/2019 (um veiðar á rækju). Rg. 431/2013 (um stjórn veiða á djúpsjávartegundum á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC)), sbr. 339/2014. Rg. 433/2013 (um stjórn veiða á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) utan lögsögu ríkja), sbr. 341/2014 og 611/2014. Rg. 741/2019 (um veiðar á sæbjúgum). Rg. 994/2013 (um skýrsluskil vegna viðskipta með sjávaraflla). Rg. 432/2017 (um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC)), sbr. 501/2021. Rg. 11/2015 (um verndun kóralsvæða á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC)). Rg. 173/2015 (um notkun botnveiðarfæra á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC)). Rg. 745/2016 (um vigtun og skráningu sjávaraflla), sbr. 1011/2017, 91/2018, 617/2018, 436/2019, 325/2020, 861/2020, 990/2020, 358/2021, 399/2021 og 709/2021. Rg. 753/2019 (um sérstaka úthlutun aflaheimilda til fristundaveiðiskipa). Rg. 431/2017 (um veiðieftirlit á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO), sbr. 339/2014. Rg. 432/2017 (um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC)), sbr. 501/2021. Rg. 90/2018 (um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni). Rg. 711/2018 (um veiðar á kúfiskel). Rg. 741/2019 (um veiðar á sæbjúgum). Rg. 765/2020 (um veiðar á ígulkerum). Rg. 962/2019 (um veiðar á íslenskri sumargotssild). Rg. 460/2022 (um strandveiðar fiskveiðiárið 2021/2022), sbr. 522/2021 og 858/2021. Rg. 640/2021 (um veiðar á makríl). Rg. 974/2022 (um línuvinnun). Rg. 973/2022 (um sérstaka úthlutun til skel- og rækjubáta á fiskveiðiárinu 2022/2023). Rg. 1370/2022 (um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2022/2023). Rg. 1018/2022 (um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2022/2023).

17. gr.

[1] ...<sup>1)</sup>

[2] Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla, svo og umbodsmönnum, útflytjendum, flutningsaðilum, bönkum, lánastofnunum og opinberum stofnunum, er skylt að láta ráðuneytinu eða Fiskistofu ókeypis í té og í því formi, sem ráðherra ákveður, allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara.

[3] Eigendaskipti á fiskiskipi, eða aðra breytingu á útgerðaraðild fiskiskips, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, skal innan 15 daga frá undirritun samnings tilkynna til Fiskistofu. Bæði seljandi og kaupandi, eða leigusali og leigutaki þegar um leigu er að ræða, skulu sameiginlega undirrita tilkynningu um breytta útgerðaraðild á sérstöku eyðublaði sem Fiskistofa leggur til í þessu skyni. Afrit af kaupsamningi eða leigusamningi skal fylgja tilkynningu. Ábyrgð á tilkynningu til Fiskistofu hvílir á kaupanda skips eða leigutaka þess eftir atvikum. Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd tilkynningarskyldu. Vanefndir á tilkynningarskyldu varða viðurlögum skv. 25. gr.

[4] [Nú vanrækir aðili skv. 2. mgr. að verða við beiðni ráðuneytis eða Fiskistofu um að veita tilgreindar upplýsingar og skal þá Fiskistofa skora á hann að bæta úr. Um leið skal hlutaðeiganda gefinn kostur á að upplýsa um ástæður tafa við upplýsingaskil. Leiðbeina skal um að dagsektir verði lagðar á að 20 dögum liðnum hafi umræddar upplýsingar ekki borist, nema hlutaðeigandi upplýsi sannanlega um ástæður sem honum verður ekki um kennt og gerðu honum ókleift að veita upplýsingarnar. Jafnskjótt og slíkum tálmunum lýkur skal veita upplýsingarnar.

[5] Dagsektir geta numið frá 10 þús. kr. til 1 millj. kr. fyrir hvern byrjaðan dag og heimilt er að ákveða þær sem hlutfall af tilteknum stærðum í rekstri eftirlitsskylds aðila. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu og fjárhagslegs styrkleika viðkomandi aðila. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynna skriflega þeim sem hún beinist að. Ákvörðun um dagsektir felur í sér að sá aðili sem ákvörðunin beinist að skal greiða sekt fyrir hvern dag frá og með upphafi fyrsta virka dags eftir að honum var tilkynnt um ákvörðunina og er það tímamark jafnframt gjalddagi kröfunnar. Síðasti sektardagur skal vera sá dagur þegar upplýsingum hefur verið skilað. Dagsektir eru aðfararhæfar og renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtu. Heimilt er að fella óinnheimtar dagsektir niður veiti aðilar síðar upplýsingar.

[6] Ákvörðun um dagsektir má kæra til ráðuneytisins innan fjórtán daga frá því að hún er tilkynnt þeim sem hún beinist að. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Sé mál höfðað til ógildingar ákvörðunar Fiskistofu um dagsektir er ekki heimilt að innheimta þær fyrr en dómur hefur fallið, enda hafi ekki verið hagnað við gildi ákvörðunarinnar í honum. Þrátt fyrir kæru eða málshöfðun til ógildingar ákvörðunar um dagsektir leggjast dagsektir áfram á viðkomandi aðila.

[7] Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um ákvörðun og innheimtu dagsekta í reglugerð.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 85/2022, 4. gr. a-liður. <sup>2)</sup>L. 85/2022, 4. gr. b-liður.

18. gr.

[1] Fiskistofa annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og hefur í því skyni sérstaka eftirlitsmenn í sinni þjónustu.

[2] Jafnframt því sem þessir eftirlitsmenn sinna verkefnum skv. 10. gr. laga nr. 79 26. maí 1997 og eftirliti með reglum settum samkvæmt heimild í þeim lögum skulu þeir fylgjast með löndun, vigtun og vinnslu afla, enn fremur útflutningi afla eða afurða eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim og í erindisbréfi.<sup>1)</sup>

[3] Eftirlitsmönnum er heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og að fara um borð í skip til athugunar á farni og veiðarfærum og er skipstjórum skylt að veita þeim aðstoð, sbr. 1. mgr. 10. gr.

laga nr. 79 26. maí 1997. Enn fremur skal þeim heimill aðgangur að öllum vinnslusölum fiskverkana og birgðageymslum.

☐ Ráðherra getur með reglugerð<sup>2)</sup> ákveðið að settur skuli, á kostnað útgerða, sjálfvirkur eftirlitsbúnaður til fjareftirlits um borð í fiskiskip.

<sup>1)</sup>Erbr. 9/2010. <sup>2)</sup>Rg. 770/2008 (um fjareftirlit).

#### IV. KAFLI.

##### **Þorskígildi.**

19. gr.

☐ [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> skal reikna þorskígildi fyrir 15. júlí ár hvert fyrir hverja tegund sem sætir ákvörðun um stjórn veiða, sbr. 20. gr., og taka mið af tólf mánaða tímabili sem hefst 1. maí næstliðið ár og lýkur 30. apríl. Sé tekin ákvörðun um stjórn veiða á tegund sem ekki hefur áður sætt slíkri ákvörðun skal þegar reikna þorskígildi fyrir tegundina miðað við sama tímabil og greinir í 1. máls. Þorskígildi skulu reiknuð sem hlutfall verðmætis einstakra tegunda sem sæta ákvörðun um stjórn veiða af verðmæti slægðs þorsks. Til grundvallar verðmætaútreikningi skal leggja heildarafllamagn og heildarverðmæti þessara tegunda samkvæmt upplýsingum Fiskistofu þar um. Þegar fiskur er seldur ferskur erlendis skal miða við 88% af söluverðmæti hans. Varðandi botnfisk, að undanskildum karfa, skal miða við slægðan fisk. Miða skal við slitinn humar.

<sup>1)</sup>L. 126/2011, 440. gr.

#### V. KAFLI.

##### **Veidigjald.**

20. gr.

☐ [Allir þeir sem fá úthlutað aflaheimildum samkvæmt lögum þessum, eða landa afla fari stjórn veiða fram með öðrum hætti en með úthlutun aflamarks, skulu greiða veiðigjöld svo sem í lögum um veiðigjöld greinir.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 75/2012, 1. gr.

21. gr. – 23. gr. a. ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 75/2012, 2. gr.

#### VI. KAFLI.

##### **Viðurlög o.fl.**

24. gr.

☐ [[Fiskistofa skal veita áminningar og svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni, eða eftir atvikum leyfi til strandveiða [eða leyfi til öflunar sjávargróðurs]<sup>1)</sup>, fyrir brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar.]<sup>1)</sup> [Ef veiðitímabili er lokið áður en ákvörðun Fiskistofu um sviptingu veiðileyfis tekur gildi, eða gildistíma sviptingar lýkur, skal leyfissvipting samkvæmt ákvörðuninni gilda við útgáfu næsta veiðileyfis.]<sup>2)</sup> Ákvörðunum Fiskistofu um áminningar og veiðileyfissviptingar verður skotið til [ráðuneytisins],<sup>3)</sup> enda sé það gert innan eins mánaðar frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup>L. 49/2017, 6. gr. <sup>2)</sup>L. 32/2010, 5. gr. <sup>3)</sup>L. 82/2013, 5. gr. <sup>4)</sup>L. 126/2011, 440. gr. <sup>5)</sup>L. 163/2006, 7. gr.

25. gr.

☐ Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim og ákvæðum leyfisbréfa varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að sex árum.

② Við fyrsta brot skal sekt eigi nema hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.

③ Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla vegna brota gegn lögum þessum eftir því sem við á.

26. gr.

① Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 25. gr. má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

② Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

27. gr. ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 88/2008, 233. gr.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

[I. ...]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 47/2017, 1. gr.

[II. ...]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 48/2014, 8. gr.

III. ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 48/2014, 8. gr.

[IV. ...]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 48/2014, 8. gr.

[V. ...]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 72/2016, 5. gr.

[VI. ...]<sup>1)2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 48/2014, 8. gr. <sup>2)</sup>L. 21/2007, 2. gr.

[VII. ...]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 88/2020, 6. gr.

[VIII. ...]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 88/2020, 6. gr.

[IX. ...]<sup>1)2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 48/2014, 8. gr. <sup>2)</sup>L. 70/2011, 8. gr.

[X. ...]<sup>1)2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 48/2014, 8. gr. <sup>2)</sup>L. 70/2011, 8. gr.

[XI. ...]<sup>1)2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 48/2014, 8. gr. <sup>2)</sup>L. 164/2011, 37. gr.



[XII...]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 88/2020, 6. gr.

[XIII. ...]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 72/2016, 5. gr.

[XIV. ...]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 72/2016, 5. gr.

[XV. ...]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 72/2016, 5. gr.

[XVI. ...]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 88/2020, 6. gr.

[XVII. ...]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 65/2022, 6. gr.

[XVIII. ...]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 65/2022, 6. gr.

[XIX. ...]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 65/2022, 6. gr.

[XX. ...]<sup>1)2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 19/2018, 2. gr. <sup>2)</sup>L. 19/2018, 1. gr.

[XXI. ...]<sup>1)2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 19/2018, 2. gr. <sup>2)</sup>L. 19/2018, 1. gr.

[XXII.

☐ Endurreikna skal aflahlutdeild í sandkola við upphaf fiskveiðiársins 2022/2023 með þeim hætti sem hér segir:

- a. Að 85/100 hlutum samkvæmt skráðum aflahlutdeildum hvers fiskiskips í sandkola við upphaf fiskveiðiársins 2022/2023.
- b. Að 15/100 hlutum samkvæmt veiðireynslu hvers fiskiskips í sandkola á fiskveiðiarunum 2017/2018, 2018/2019 og 2019/2020 á svæðinu norðan skilgreinds aflamarkssvæðis fyrir sandkola sem afmarkast af Snæfellsnesi suður um að Stokksnesi.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 64/2022, 2. gr.

[XXIII.

☐ Við upphaf fiskveiðiársins 2022/2023 skal setja skipum sjálfstæða aflahlutdeild skv. 2. mgr. 9. gr. í sæbjúgum á hverju veiðisvæði samkvæmt reglugerð nr. 741/2019 um veiðar á sæbjúgum á eftirfarandi hátt:

- a. Svæði A–E: Samkvæmt aflareynslu skips á fiskveiðiarunum 2018/2019, 2019/2020 og 2020/2021 vestan 20°V.
- b. Svæði F–H: Samkvæmt aflareynslu skips á fiskveiðiarunum 2018/2019, 2019/2020 og 2020/2021 austan 20°V.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 64/2022, 2. gr.

[XXIV.

☐ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 4. gr. og 1. másl. 5. gr. er aðilum sem uppfylla skilyrði 2. másl. 5. gr. heimilt að taka á leigu erlent skip, til allt að sex mánaða hvert almanaksár, til veiða og vinnslu samkvæmt veiðiheimildum Íslands á austur-atlantshafsbláuggatúnfiski innan og utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Heimild þessi gildir til og með 31. desember 2028.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 66/2022, 1. gr.

# Lög

## nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

### I. KAFLI.

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

☐ Markmið laga þessara er að bæta umgengni um nytjastofna sjávar og stuðla að því að þeir verði nýttir með sjálfbærum hætti er tryggi til langs tíma hámarksafrakstur fyrir íslensku þjóðina.

### II. KAFLI.

#### Veiðar.

##### 2. gr.

☐ [Veiðum skal hagað þannig að afli skemmist ekki í veiðarfærum. Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um notkun einstakra veiðarfæra.

☐ Skylt er að hirða og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að sleppa skuli lifandi afla sem er undir tiltekinni lengd eða þyngd eða fæst í ákveðin veiðarfæri. Þá getur ráðherra með reglugerð<sup>1)</sup> ákveðið að heimilt sé að varpa fyrir borð verðlausum fiski og innyflum, hausum og öðru því sem til fellur við verkun eða vinnslu um borð í veiðiskipum.

☐ Komi afli í veiðarfæri fiskiskips sem er selbitinn eða skemmdur á annan hátt og ekki er unnt að komast hjá við tilteknar veiðar er ráðherra heimilt að ákveða að hann reiknist ekki til aflamarks skipsins. Þeim afla skal haldið aðgreindum frá öðrum afla skipsins, hann veginn og skráður sérstaklega. Ráðherra setur frekari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar, þar á meðal um leyfilega nýtingu þessa afla.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 468/2013 (um nýtingu afla og aukaafurða), sbr. 237/2019, 1256/2020 og 331/2021. <sup>2)</sup>L. 13/2002, 1. gr.

##### 3. gr.

☐ Fiskistofa skal fylgjast með aflasamsetningu fiskiskipaflotans þannig að jafnan liggi fyrir sem gleggstar upplýsingar um aflasamsetningu skipa eftir stærð og gerð skips, gerð og búnaði veiðarfæra, veiðislóð og veiðitíma. Skal Fiskistofa taka saman og birta árlega yfirlit yfir aflasamsetningu fiskiskipaflotans á liðnu fiskveiðiári.

☐ Óheimilt er að hefja veiðiferð skips sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni nema skipið hafi aflaheimildir sem telja má líklegt að dugi fyrir afla í ferðinni með hliðsjón af þeim veiðarfærum sem notuð eru.

##### 4. gr.

☐ Net og önnur veiðarfæri, sem skilin eru eftir í sjó, skulu dregin með eðlilegum og reglubundnum hætti eftir því sem aðstæður leyfa.

☐ Fiskistofu er heimilt að taka eða láta taka upp veiðarfæri sem ekki hefur verið vitjað með eðlilegum hætti. Sama á við um veiðarfæri sem liggja í sjó eftir að veiðitímabili lýkur, svo og veiðarfæri sem eru ólögleg eða eru á svæðum þar sem notkun þeirra er óheimil.

☐ Fiskistofa skal krefja eigendur veiðarfæra, sem dregin eru úr sjó samkvæmt heimild í 2. mgr., um kostnað sem af því hlýst. Verði ekki upplýst hver er eigandi veiðarfæra er Fiskistofu heimilt að selja veiðarfærin og rennur andvirði þeirra að frádregnum kostnaði til [Hafrannsóknastofnunar].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 157/2012, 7. gr.

### III. KAFLI. Vigtun sjávarafla.

#### 5. gr.

1 [Öllum afla, sem íslensk skip veiða úr stofnum sem að hluta eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands, skal landað innan lands og hann veginn í innlendri höfn.

2 Ráðherra getur með reglugerð heimilað að ísfiski sé landað í erlendum höfnum eða hann fluttur úr landi án þess að hafa verið endanlega veginn, enda sé fiskurinn seldur á opinberum fiskmarkaði sem hlotið hefur leyfi Fiskistofu. Sé fyrirhugað að flytja út óunninn afla til sölu á fiskmarkaði erlendis sem ekki hefur verið endanlega vigtaður og skráður í aflaskráningarkerfi Fiskistofu skal útgerð og skipstjóri fiskiskips tryggja að Fiskistofu séu sendar upplýsingar um aflann eigi síðar en 24 klukkustundum áður en aflinn fer um borð í flutningsfar eða skip fer af miðum, sigli fiskiskip með eigin afla. Útgerð skal einnig upplýsa hvaða lágmarksverðs er krafist fyrir afla. Upplýsingar þessar skulu birtar á opnum uppboðsvef uppboðsmarkaðar fyrir sjávarafla þar sem aflinn skal boðinn upp. Ráðherra skal kveða á um uppboðsskilmála og framkvæmd uppboðs í reglugerð.<sup>1)</sup>

3 Þá getur ráðherra heimilað með reglugerð að afla sem veiddur er úr íslenskum deilistofnum sé landað erlendis, enda sé eftirlit með löndun afla og vigtun hans talið fullnægjandi.

4 Þegar sérstaklega stendur á, t.d. vegna alvarlegrar vélarbilunar, getur Fiskistofa heimilað að skip sem vinna afla um borð landi erlendis.

5 Fiskistofa skal innheimta af fiskmarkaði erlendis kostnað sem til fellur við upphaflega úttekt á fiskmarkaði í kjölfar umsóknar, vegna launa eftirlitsmanna erlendis og við sérstakar eftirlitsúttektir af hálfu Fiskistofu. Enn fremur er Fiskistofu heimilt að innheimta af útgerð skips sem landar afla sínum erlendis, sbr. 3. og 4. mgr., kostnað vegna ferðar eftirlitsmanns til að fylgjast með löndun úr skipinu erlendis.<sup>2)</sup> [Um fjárhæð gjalda vegna kostnaðar samkvæmt þessari grein vísast til gjaldskrár Fiskistofu,<sup>3)</sup> sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 646/2007 (um uppboðsmarkaði sjávarafla), sbr. 774/2007 og 398/2021. <sup>2)</sup>L. 144/2008, 1. gr. <sup>3)</sup>Gjaldskrá Fiskistofu nr. 1404/2022. <sup>4)</sup>L. 67/2015, 7. gr.

#### 6. gr.

1 Allur afli skal veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun aflans. Skal við vigtunina nota löggilta vog. Vigtun skal framkvæmd af starfsmanni hafnar sem hlotið hefur til þess löggildingingu. Sé hafnarvog ekki í verstöð eða ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur Fiskistofa tímabundið leyft vigtun með öðrum hætti.

2 Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur Fiskistofa veitt einstökum aðilum leyfi til vigtunar án þess að afli sé veginn á hafnarvog að fenginni umsögn hafnaryfirvalda á löndunarstað. Slíkt leyfi skal því aðeins veitt að veruleg vandkvæði séu á því að vega aflann á hafnarvog, eftirlit hafnar sé nægilegt og innra eftirlit þess aðila sem í hlut á sé traust, auk þess sem vigtunarbúnaður sé löggiltur og vigtun framkvæmd af löggiltum vigtarmanni. [Þá er Fiskistofu heimilt, að fenginni umsögn hafnaryfirvalda á löndunarstað, að veita einstökum aðilum leyfi til að vigta afla, enda hafi hann áður verið veginn á hafnarvog.]<sup>1)</sup> [Umsækjandi um leyfi til vigtunar samkvæmt þessari málsgrein skal greiða gjald fyrir útgáfu leyfis og úttekt á vigtunaraðstöðu samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu,<sup>2)</sup> sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.]<sup>3)</sup>

3 Hafnir skulu uppfylla kröfur um aðstöðu til vigtunar sjávarafla og eftirlit sem kveðið er á um í reglugerð.<sup>4)</sup> [Ráðuneytið]<sup>5)</sup> getur bannað löndun sjávarafla í einstökum höfnum sem ekki fullnægja kröfum samkvæmt þessari málsgrein.

4 Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. getur [ráðuneytið]<sup>5)</sup> við sérstakar aðstæður, svo sem vegna róðra frá afskekktum stöðum, veitt undanþágu frá löndun í viðurkenndri höfn. Skilyrði fyrir þessari undanþágu er að vigtun afla og skýrsluskil séu fullnægjandi.

<sup>1)</sup>L. 163/2006, 1. gr. <sup>2)</sup>Gjaldskrá Fiskistofu nr. 1404/2022. <sup>3)</sup>L. 67/2015, 8. gr. <sup>4)</sup>Rg. 745/2016 (um vigtun og skráningu sjávaraflla), sbr. 1011/2017, 91/2018, 617/2018, 436/2019, 325/2020, 861/2020, 990/2020, 358/2021, 399/2021 og 709/2021. <sup>5)</sup>L. 126/2011, 222. gr.

7. gr.

☐ Löggiltir vigtarmenn, er vigta sjávaraflla, skulu gæta þess að fara í hvívetna eftir reglum um framkvæmd vigtunar, skráningu upplýsinga og skil á þeim.

8. gr.

☐ Eftirlitsmönnum Fiskistofu og starfsmönnum hafnaryfirvalda er heimill aðgangur að fiskiskipum, flutningstækjum, fiskverkunum og birgðageymslum sem nauðsynlegur er til að vigta sjávaraflla eða hafa eftirlit með vigtun hans. Hafnaryfirvöld skulu senda Fiskistofu jafnharðan upplýsingar um landaðan afla í því formi sem ráðherra ákveður með reglugerð. [Eftirlitsmönnum Fiskistofu er heimill aðgangur að rafrænum vöktunarkerfum í löndunarhöfnum í þeim tilgangi að hafa eftirlit með löndun afla.]<sup>1)</sup>

☐ Ráðuneytið skal að höfðu samráði við [það ráðuneyti er fer með samgöngumál]<sup>2)</sup> og Hafnasamband sveitarfélaga kveða nánar á um það í reglugerð hvernig afli skuli veginn og upplýsingum um landað aflamagn safnað.

<sup>1)</sup>L. 85/2022, 1. gr. <sup>2)</sup>L. 126/2011, 222. gr.

9. gr.

☐ Skipstjóra fiskiskips er skylt að halda afla um borð í skipi sínu aðgreindum eftir tegundum. Verði því ekki komið við vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Skipstjóra fiskiskips er skylt að láta vigta hverja tegund sérstaklega. [Ákveði ráðherra á grundvelli laga um stjórn fiskveiða að fiskur undir tiltekinni stærð eða þyngd teljist aðeins að hluta með í aflamarki skal hann setja reglur um hvernig að frágangi hans um borð í veiðiskipi og vigtun skuli staðið.]<sup>1)</sup> Skipstjóra ber að tryggja að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann berist til vigtarmanns.

☐ [Við veiðar á uppsjávarfiski er ekki skylt að skilja meðaflla frá uppsjávaraflla. Meðafli reiknast þó til aflamarks viðkomandi fiskiskips, en ráðherra setur reglur<sup>2)</sup> um hvernig ...<sup>3)</sup> skuli standa að sýnatöku og útreikningi meðaflla við löndun á uppsjávarfiski. Komi til gjaldtöku á grundvelli laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögsmæts sjávaraflla, með síðari breytingum, vegna fisktegunda sem veiðast sem meðafli við veiðar á uppsjávarfiski skal gjaldið þó aldrei vera lægra en nemur 70% af meðalfiskverði sömu tegundar í næsta mánuði fyrir gjaldtöku.]<sup>4)</sup>

☐ [Við öflun sjávargróðurs er ekki skylt að skilja meðaflla frá, en ráðherra er heimilt að setja fyrirmæli í reglugerð um hvernig skuli staðið að eftirliti með skráningu hans og skoðun afla.]<sup>5)</sup>

☐ [Skipstjórarmenn veiðiskipa, sem hafa veiðileyfi í atvinnuskyni samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, eða sérveiðileyfi, skulu senda aflaupplýsingar stafrænt til Fiskistofu áður en veiðiferð lýkur. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um þær upplýsingar sem skal skrá, og form þeirra og skil til Fiskistofu. Þá er skipstjórnum skipa sem vinna afla um borð skylt að skrá upplýsingar um vinnslu aflans á því formi sem Fiskistofa samþykkir.]<sup>6)</sup>

<sup>1)</sup>L. 65/2004, 2. gr. <sup>2)</sup>Rg. 659/2014 (um vigtun og skráningu meðaflla við veiðar á uppsjávarfiski), sbr. 862/2020. <sup>3)</sup>L. 88/2020, 7. gr. <sup>4)</sup>L. 61/2005, 1. gr. <sup>5)</sup>L. 49/2017, 1. gr. <sup>6)</sup>L. 85/2022, 2. gr.

10. gr.

☐ Ökumaður, sem flytur óveginn afla, skal aka rakleiðis frá skipshlið að hafnarvog, að undanteknum þeim tilvikum þegar Fiskistofa hefur veitt undanþágu frá vigtun á hafnarvog, sbr. 2. mgr. 6. gr. Ökumaðurinn skal kynna sér samsetningu farmsins eins og kostur er og gefa vigtarmanni upplýsingar um hann.

② [Skipstjóri skips sem flytur sjávargróður frá skipum sem afla hans til löndunarhafnar skal halda aflanum sérgreindum þannig að færa megi aflann á rétt skip í aflaskráningarkerfi Fiskistofu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 49/2017, 2. gr.

#### 11. gr.

① Starfsmenn hafnarvoga skulu sannreyna að uppgefin tegund vigtaðs afla sé rétt, m.a. með beinni skoðun úrtaks úr lönduðum afla eftir því sem við getur átt. Sama á við varðandi afla sem gefinn er upp sem undirmálsafla. Skulu þeir með reglubundnum hætti gefa Fiskistofu yfirlit yfir framkvæmdar úrtaksskoðanir og niðurstöður þeirra.

#### 12. gr.

① [Aðili sem stundar viðskipti með afla]<sup>1)</sup> skal ganga úr skugga um að afli sem hann tekur við hafi verið veginn samkvæmt gildandi reglum um vigtun sjávarafila.

② [Aðilar sem stunda viðskipti með afla og forsvarsmenn útgerða vegna viðskipta með afla eða afurðir vinnsluskipa skulu fylla út og skila [Fiskistofu]<sup>2)</sup> skýrslum ráðstöfun afla í því formi og með þeim hætti er [stofnunin]<sup>2)</sup> ákveður.]<sup>1)</sup>

③ [Fiskistofa skal skora á hvern þann sem vanrækir að veita upplýsingar skv. 2. mgr. að bæta úr. Um leið skal hlutaðeiganda gefinn kostur á að upplýsa um ástæður tafa við upplýsingaskil. Leiðbeina skal um að dagsektir verði lagðar á að sjö dögum liðnum hafi umræddar upplýsingar ekki borist, nema hlutaðeigandi upplýsi sannanlega um ástæður sem honum verður ekki um kennt og gerðu honum ókleift að veita upplýsingarnar. Jafnskjótt og slíkum tálmunum lýkur skal veita Fiskistofu upplýsingarnar.

④ Dagsektir geta numið frá 10 þús. kr. til 1 millj. kr. fyrir hvern byrjaðan dag og heimilt er að ákveða þær sem hlutfall af tilteknum stærðum í rekstri eftirlitsskylds aðila. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu og fjárhagslegs styrkleika viðkomandi aðila. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynna skriflega þeim sem hún beinist að. Ákvörðun um dagsektir felur í sér að sá aðili sem ákvörðunin beinist að skal greiða sekt fyrir hvern dag frá og með upphafi fyrsta virka dags eftir að honum var tilkynnt um ákvörðunina og er það tímamark jafnframt gjalddagi kröfunnar. Síðasti sektardagur skal vera sá dagur þegar upplýsingum hefur verið skilað. Dagsektir eru aðfararhæfar og greiðast í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtu. Heimilt er að fella óinnheimtar dagsektir niður veiti aðilar síðar upplýsingar.

⑤ Ákvörðun um dagsektir má kæra til ráðuneytisins innan fjórtán daga frá því að hún er tilkynnt þeim sem hún beinist að. Kæra til ráðuneytisins frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Sé mál höfðað til ógildingar ákvörðunar Fiskistofu um dagsektir er ekki heimilt að innheimta þær fyrr en dómur hefur fallið, enda hafi ekki verið haggað við gildi ákvörðunarinnar í honum. Þrátt fyrir kæru eða málshöfðun til ógildingar ákvörðunar um dagsektir leggjast dagsektir áfram á viðkomandi aðila.

⑥ Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um ákvörðun og innheimtu dagsekta í reglugerð.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 9/2011, 1. gr. <sup>2)</sup>L. 85/2022, 3. gr.

### IV. KAFLI.

#### Framkvæmd og viðurlög.

#### 13. gr.

① Fiskistofa og eftirlitsmenn í hennar þjónustu annast eftirlit með framkvæmd laga þessara. Getur Fiskistofa enn fremur leitað aðstoðar lögreglu og Landhelgisgæslunnar í því skyni.

② [Telji Fiskistofa að afli tiltekens skips sé að stærðarsamsetningu, aflasamsetningu eða gæðum frábrugðinn afla annarra skipa sem stunda sambærilegar veiðar [eða að ekki sé farið að lögum og reglum um veiðarfæri]<sup>1)</sup> skal Fiskistofa setja veiðieftirlitsmann um borð í skipið til að fylgjast sérstaklega með veiðum þess. Hafi veiðieftirlitsmaður í þessu skyni verið um borð í veiðiskipi [einn dag eða eina veiðiferð]<sup>1)</sup> á sama fiskveiðiári skal Fiskistofa ákveða hvort ástæða sé til að fylgjast

sérstaklega með veiðum skipsins áfram. Skal útgerð skipsins tilkynnt ákvörðun Fiskistofu. [Um fjárhæð kostnaðar útgerðar vegna eftirlits samkvæmt þessari grein vísast til gjaldskrár Fiskistofu,<sup>2)</sup> sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.]<sup>1)</sup> Hafi veiðieftirlitsmaður á sama fiskveiðiári verið fleiri en [einn dag eða eina veiðiferð]<sup>1)</sup> um borð í veiðiskipi samkvæmt þessari grein skal útgerð skipsins greiða allan kostnað, þar með talinn launakostnað, af veru hans um borð frá og með [öðrum degi eða annarri]<sup>1)</sup> [veiðiferð].<sup>3)</sup><sup>4)</sup>

③ [Komi í ljós við eftirlit Fiskistofu hjá vigtunarleyfishafa verulegt frávik á íshlutfalli í afla skips í tiltekinni fisktegund miðað við meðaltal íshlutfalls skipsins í fyrri löndunum skal Fiskistofa fylgjast með allri vigtun hlutaðeigandi vigtunarleyfishafa í allt að sex vikur. Skal vigtunarleyfishafa tilkynnt um ákvörðun Fiskistofu. Vigtunarleyfishafi greiðir allan kostnað vegna eftirlits samkvæmt þessari málsgrein. Um fjárhæð og kostnað eftirlitsmannsins fer eftir gjaldskrá Fiskistofu,<sup>2)</sup> sbr. 5. gr. laga um Fiskistofu, nr. 36/1992.]<sup>5)</sup>

④ Heimildir Fiskistofu og eftirlitsmanna samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða gilda um eftirlit samkvæmt lögum þessum.

<sup>1)</sup>L. 67/2015, 9. gr. <sup>2)</sup>Gjaldskrá Fiskistofu nr. 1404/2022. <sup>3)</sup>L. 162/2000, 1. gr. <sup>4)</sup>L. 161/2000, 1. gr. <sup>5)</sup>L. 48/2017, 17. gr.

#### 14. gr.

① [[Útgerð og skipstjóra fiskiskips er skylt að fylgjast með stöðu aflaheimilda skipa sinna með hliðsjón af úthlutuðum aflaheimildum, flutningi aflaheimilda og lönduðum afla. Fiskistofa skal fylgjast með nýtingu fiskiskipa á aflaheimildum. Bendi upplýsingar Fiskistofu til að skip hafi veitt umfram aflaheimildir sínar í einhverri tegund skal Fiskistofa tilkynna það útgerð og skipstjóra viðkomandi skips með tölvubréfi<sup>1)</sup> og jafnframt að skipið sé svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni frá og með fjórða virka degi hafi fullnægjandi aflaheimildir ekki verið fluttar til skipsins innan þess tíma. Telji móttakandi tilkynningar að upplýsingar Fiskistofu um afla skips séu rangar og að skipið hafi ekki veitt umfram aflaheimildir skal hann innan þriggja virkra daga koma athugasemdum á framfæri við Fiskistofu. Fiskistofa getur veitt lengri frest til athugasemda ef ástæða er til að ætla að skráning afla eða aflaheimilda sé röng. Óheimilt er að stunda veiðar í atvinnuskyni eftir tölvubréf hefur verið sent móttakanda þar til aflaheimildir fiskiskips hafa verið auknar þannig að það sé ekki í umframaflastöðu.<sup>1)</sup> Séu aflaheimildir skips að liðnum fresti auknar þannig að afli skipsins á fiskveiðiárinu rúmist innan þeirra skal því veitt leyfi að nýju. [Útgerð viðkomandi skips skal bera kostnað af tölvubréfum<sup>1)</sup> og öðrum tilkynningum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu,<sup>2)</sup> sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.]<sup>3)</sup> Útgerð viðkomandi skips skal skrá netfang móttakanda hjá Fiskistofu til að eiga rétt á tilkynningum samkvæmt þessari málsgrein.<sup>1)</sup> Heimilt er Fiskistofu að fallast á að tilkynningar samkvæmt þessari grein fari fram með öðrum sannanlegum hætti en tölvubréf,<sup>1)</sup> enda hafi útgerðir lagt fram tillögur um slíka framkvæmd sem Fiskistofa metur fullnægjandi. Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.]<sup>4)</sup>

② Komi til leyfissviptingar í annað sinn á sama fiskveiðiári vegna veiða umfram aflaheimildir skal Fiskistofa svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni í tvær vikur til viðbótar þeim tíma sem leiðir af leyfissviptingu skv. 1. mgr., í sex vikur gerist það í þriðja sinn og í tólf vikur gerist það oftár. Úthlutun aflaheimilda í upphafi nýs fiskveiðiárs hefur ekki áhrif á lengd leyfissviptingar samkvæmt þessari málsgrein. Um framkvæmdina fer að öðru leyti skv. 1. mgr.]<sup>5)</sup>

<sup>1)</sup>L. 88/2020, 8. gr. <sup>2)</sup>Gjaldskrá Fiskistofu nr. 1404/2022. <sup>3)</sup>L. 67/2015, 10. gr. <sup>4)</sup>L. 61/2005, 2. gr. <sup>5)</sup>L. 24/2001, 1. gr.

15. gr.

① [Fiskistofa skal svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim.

② Við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár.

③ Við fyrsta minni háttar brot skal Fiskistofa, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 163/2006, 2. gr.

16. gr.

① Hafri skip ítrekað verið svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni skv. 14. og 15. gr. laga þessara getur Fiskistofa ákveðið að veiðieftirlitsmaður skuli vera um borð á kostnað útgerðar í tiltekinn tíma, allt að tveimur mánuðum. Skal útgerð skips þá greiða allan kostnað sem hlýst af veru eftirlitsmanns um borð, þar með talinn launakostnað. [Um fjárhæð kostnaðar útgerðar vegna eftirlits samkvæmt þessari grein fer samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu,<sup>1)</sup> sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>Gjaldskrá Fiskistofu nr. 1404/2022. <sup>2)</sup>L. 67/2015, 11. gr.

17. gr.

① [Fiskistofa skal afturkalla leyfi aðila til vigtunar sjávarafla skv. 2. mgr. 6. gr. ef hann, fyrirvarsmenn hans, starfsmenn eða aðrir þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn ákvæðum III. kafla laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim.

② Hafri vigtunarleyfi aðila verið afturkallað skv. 1. mgr. skal ekki veita honum slíkt leyfi að nýju fyrr en átta vikur eru liðnar frá afturköllun leyfis. Hafri ítrekað komið til afturköllunar á vigtunarleyfi aðila skal honum ekki veitt slíkt leyfi að nýju fyrr en sextán vikur eru liðnar frá því að leyfi var síðast afturkallað.

③ Við fyrsta minni háttar brot skal Fiskistofa, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., veita hlutaðeigandi aðila skriflega áminningu.

④ Brjótí aðili sem hefur vigtunarleyfi eða þeir sem í þágu hans starfa gegn ákvæðum III. kafla laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim þannig að bersýnilega leiði til þess að afli verði ranglega skráður skal Fiskistofa afturkalla vigtunarleyfi hlutaðeigandi aðila. Hafri vigtunarleyfi aðila verið afturkallað samkvæmt þessari málsgrein skal honum ekki veitt slíkt leyfi að nýju fyrr en 26 vikur eru liðnar frá afturköllun, enda geri aðili þá í umsókn um leyfi fullnægjandi grein fyrir hvernig hann hyggst tryggja að framkvæmd vigtunar verði í samræmi við lög og reglur. Heimavigtunarleyfi, sbr. 1. másl. 2. mgr. 6. gr., skal þó ekki veitt aðila fyrr en eitt ár er liðið frá afturköllun fyrri leyfis.

⑤ Hafri ítrekað komið til afturköllunar á vigtunarleyfi aðila skv. 4. mgr. skal ekki veita honum slíkt leyfi að nýju fyrr en tvö ár eru liðin frá því að leyfi var síðast afturkallað.]<sup>1)</sup>

⑥ [Fiskistofa skal afturkalla leyfi erlends fiskmarkaðar til að móttaka afla íslenskra fiskiskipa sem ekki hefur verið endanlega veginn ef fyrirvarsmenn fiskmarkaðar, starfsmenn eða aðrir þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn ákvæðum III. kafla eða reglum settum samkvæmt þeim. Hið sama á við standi erlendur fiskmarkaður ekki í skilum með greiðslu kostnaðar skv. 5. mgr. 5. gr.]<sup>2)</sup>

⑦ [Ef ítrekað eru veruleg frávik á íshlutfalli í afla hjá skipum sem landa hjá vigtunarleyfishafa, sbr. 3. mgr. 13. gr., skal Fiskistofa afturkalla vigtunarleyfi hjá viðkomandi vigtunarleyfishafa í allt að eitt ár.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup>L. 163/2006, 3. gr. <sup>2)</sup>L. 144/2008, 2. gr. <sup>3)</sup>L. 48/2017, 2. gr.



18. gr.

☐ Ákvörðunum Fiskistofu samkvæmt þessum kafla verður skotið til [ráðuneytisins], enda sé það gert innan eins mánaðar frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun. Kæra samkvæmt þessari grein frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

<sup>1)</sup>L. 126/2011, 222. gr.

19. gr.

☐ [Áminningar, sviptingar veiðileyfa og afturkallanir vigtunarleyfa, sem ákveðnar eru skv. 15. og 17. gr. laga þessara eða 24. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, skulu hafa ítrekunaráhrif í tvö ár.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 163/2006, 4. gr.

20. gr.

☐ Ákvarðanir stjórnvalda samkvæmt þessum kafla má bera undir dómstóla. Slíkt málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

21. gr.

☐ Fiskistofa skal reglulega birta opinberlega upplýsingar um sviptingu veiðiheimilda samkvæmt þessum kafla. Skal þar tilgreina heiti skips, skipaskrárnúmer, útgerð skips, tilefni leyfissviptingar og til hvaða tímabils svipting nái. Þá skulu birtar opinberlega ákvarðanir um afturköllun heimilda [skv. 17. gr. laga þessara].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 163/2006, 5. gr.

22. gr.

☐ Upplýsingar um aflahlutdeild einstakra skipa, úthlutun aflamarks til þeirra, afla einstakra skipa og ráðstöfun aflaheimilda eru opinberar upplýsingar sem öllum er heimill aðgangur að. Fiskistofa skal reglulega birta upplýsingar um þau skip sem veitt hafa umfram aflaheimildir. Þá skal Fiskistofa árlega birta upplýsingar um álagningu gjalds vegna ólögmæts sjávarafla á liðnu fiskveiðiári.

23. gr.

☐ Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða [...] fangelsi allt að sex árum.

☐ [Við fyrsta brot skal sekt eigi nema hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.]<sup>2)</sup>

☐ Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla vegna brota gegn lögum þessum eftir því sem við á.

<sup>1)</sup>L. 82/1998, 225. gr. <sup>2)</sup>L. 22/2005, 1. gr.

24. gr.

☐ Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 23. gr. má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

☐ Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

25. gr.

☐ [...]¹)

¹)L. 88/2008, 233. gr.

V. KAFLI.

...

VI. KAFLI.

**Ýmis ákvæði.**

30. gr.

☐ Ráðherra getur með reglugerð¹) kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

¹)Rg. 267/2022 (um hrognkelsaveiðar árið 2022). Rg. 601/1997 (um löndun á bræðslufiski erlendis). Rg. 298/2020 (um skráningu og rafræn skil aflaupplýsinga), sbr. 609/2021. Rg. 54/2003 (um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð). Rg. 659/2014 (um vigtun og skráningu meðafla við veiðar á uppsjávarfiski), sbr. 862/2020. Rg. 188/2020 (um veiðar á humri), sbr. 174/2021. Rg. 964/2019 (um veiðar á rækju). Rg. 431/2013 (um stjórn veiða á djúpsjávartegundum á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC)), sbr. 339/2014. Rg. 433/2013 (um stjórn veiða á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) utan lögsögu ríkja), sbr. 341/2014 og 611/2014. Rg. 994/2013 (um skýrsluskil vegna viðskipta með sjávarafla). Rg. 765/2020 (um veiðar á ígulkerum). Rg. 711/2018 (um veiðar á kúfiskel). Rg. 633/2019 (um veiðar á beitukóngi í gildrur). Rg. 671/2018 (um veiðar á kröbbum). Rg. 745/2016 (um vigtun og skráningu sjávarafla), sbr. 1011/2017, 91/2018, 617/2018, 436/2019 og 325/2020. Rg. 90/2018 (um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni). Rg. 295/2018 (um skráningu afla á opinberum sjóstangaveiðimótum). Rg. 1160/2021 (um veiðar á kröbbum).

31. gr.

☐ Lög þessi öðlast þegar gildi. ...

## Lög

### nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 1. gr.

☐ Tilgangur laga þessara er að stuðla að viðgangi og hagkvæmri nýtingu nytjastofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

#### 2. gr.

☐ Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlög gilda ekki um.

☐ Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

#### 3. gr.

☐ Erlendum skipum eru bannaðar allar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með ákvæði þessu eru ekki skert þau réttindi sem veitt hafa verið eða kunna að verða veitt öðrum ríkjum samkvæmt milliríkjasamningum.

#### 4. gr.

☐ Aðeins þeim íslensku skipum, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða,<sup>1)</sup> með síðari breytingum, er heimilt að stunda veiðar í fiskveiðilandhelginni.

<sup>1)</sup>L. 38/1990 endurútgefin, sbr. 4. gr. l. 42/2006, sem l. 116/2006.

#### 5. gr.

☐ Íslenskum skipum eru bannaðar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi Íslands nema á þeim veiðisvæðum og veiðítímum sem tilgreind eru í þessari grein, enda undanþiggi ráðherra ekki tiltekin svæði slíkum veiðum. Þegar rætt er um viðmiðunarlínu er átt við línu sem dregin er umhverfis landið á milli eftirtalinna staða:

1. 66°27'18,73"N – 22°24'10,19"V Horn (grp. 1)
2. 66°07'27,12"N – 21°30'58,14"V Selsker (viti)
3. 66°08'04,64"N – 20°10'48,81"V Ásbúðarrif (grp. 2)
4. 66°12'04,58"N – 18°51'30,00"V Siglunes (grp. 3)
5. 66°10'20,57"N – 17°51'14,76"V Flatey (Skjálfaða) (grp. 4)
6. 66°17'59,33"N – 17°07'02,92"V Mánareyjar (Lágey) (grp. 5)
7. 66°30'37,67"N – 16°32'38,58"V Rauðinúpur (grp. 6)
8. 66°32'26,03"N – 16°11'47,30"V Rifstangi (grp. 7)
9. 66°32'16,91"N – 16°01'52,45"V Hraunhafnartangi (grp. 8)
10. 66°22'42,72"N – 14°31'47,69"V Langanes (grp. 11)
11. 65°59'54,92"N – 14°37'23,07"V Skálatóarsker
12. 65°33'09,98"N – 13°40'21,09"V Almenningsfles
13. 65°30'39,80"N – 13°36'16,23"V Glettinganes (grp. 12)
14. 65°09'58,45"N – 13°30'37,83"V Norðfjarðarhorn (grp. 13)
15. 65°04'37,50"N – 13°29'34,21"V Gerpir (grp. 14)
16. 64°58'54,90"N – 13°30'46,40"V Hólmur (Seley) (grp. 15)
17. 64°54'04,80"N – 13°36'51,98"V Skrúður (Þursi) (grp. 17)

18. 64°35'28,14"N – 14°10'28,86"E Papey (viti)
19. 64°23'45,67"N – 14°27'32,81"E Hvítningar (grp. 20)
20. 64°14'23,41"N – 14°57'37,98"E Stokksnes (grp. 21)
21. 64°01'39,04"N – 15°58'37,16"E Hrollaugseyjar (grp. 23)
22. 63°47'50,65"N – 16°38'22,59"E Ingólfshöfði (grp. 25)
23. 63°43'31,09"N – 17°37'32,76"E Hvalsíki (grp. 26)
24. 63°32'23,47"N – 17°55'14,65"E Meðallandssandur I (grp. 27)
25. 63°30'24,19"N – 18°00'01,69"E Meðallandssandur II (grp. 28)
26. 63°27'43,73"N – 18°09'09,22"E Mýrnatangi (grp. 29)
27. 63°23'36,05"N – 18°44'10,16"E Kötlutangi (grp. 30)
28. 63°23'32,72"N – 19°07'26,23"E Lundadrangur (grp. 31)
29. 63°32'09,00"N – 20°09'18,18"E Bakkafjara (skúr við sæstreng)
30. 63°49'23,88"N – 20°58'32,46"E Knarrarós (viti)
31. 63°50'33,27"N – 21°24'26,14"E Hafnarnes
32. 63°49'16,20"N – 21°39'05,88"E Selvogur (viti)
33. 63°49'47,94"N – 22°04'09,12"E Krýsuvíkurborg (viti)
34. 63°48'01,68"N – 22°41'51,78"E Reykjanes (aukaviti)
35. 63°49'01,21"N – 22°44'17,71"E Önglabrjótnef
36. 63°58'15,18"N – 22°45'08,40"E Stafnes (viti)
37. 64°04'54,91"N – 22°43'44,93"E 1. sjm. r/v V af Garðskagavita
38. 64°43'41,40"N – 23°48'10,32"E Malarrif (viti)
39. 64°44'59,65"N – 23°55'07,33"E Dritvíkurtangi
40. 64°51'16,81"N – 24°02'19,59"E Skálasnagi (grp. 35)
41. 64°53'06,78"N – 24°02'39,48"E Öndverðarnes (viti)
42. 65°24'53,94"N – 23°57'08,64"E Skor (viti)
43. 65°30'07,00"N – 24°32'12,73"E Bjargtangar (grp. 36)
44. 65°48'23,52"N – 24°06'07,72"E Kópanes (grp. 38)
45. 66°03'39,84"N – 23°47'33,50"E Barði I (grp. 39)
46. 66°25'48,44"N – 23°08'21,56"E Straumnes I (grp. 41)
47. 66°28'11,57"N – 22°56'12,07"E Kögur II (grp. 46)
48. 66°27'55,63"N – 22°28'21,71"E Horn (grp. 47)]<sup>1)</sup>

☐ Heimildir fiskiskipa til veiða með botnvörpu, flotvörpu og dragnót innan fiskveiðilandhelgi Íslands miðast við stærðir skipa og aflvísa þeirra. Er skipum skipt niður í þrjá flokka miðað við stærðir þeirra og aflvísa þannig:

1. flokkur: Fiskiskip 42 metrar og lengri. Enn fremur öll fiskiskip með aflvísa 2.500 eða hærri.

2. flokkur: Fiskiskip lengri en 29 metrar en styttri en 42 metrar með aflvísa lægri en 2.500. Enn fremur fiskiskip styttri en 29 metrar en með aflvísa 1.600 og hærri. Í þennan flokk falla einnig fiskiskip 39 metrar og styttri sem togveiðiheimildir höfðu eftir þeirri viðmiðun skv. 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, enda verði ekki um aukningu á aflvísnum þeirra að ræða eftir 1. júní 1997.

3. flokkur: Fiskiskip styttri en 29 metrar, enda séu þau með lægri aflvísa en 1.600. Enn fremur fiskiskip 26 metrar og styttri sem togveiðiheimildir höfðu eftir þeirri viðmiðun skv. 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands,<sup>3)</sup> enda verði ekki um aukningu á aflvísnum þeirra að ræða eftir 1. júní 1997. [Enn fremur öll fiskiskip með aflvísa 1.200 eða lægri.]<sup>4)</sup>

☐ Þar sem í lögum þessum er rætt um aflvísi skips er miðað við reiknaðan aflvísi þess. Sé skip búið skráfuhring er aflvísir þess reiknaður þannig:  $HÖ \times \text{ÞS}$ . Sé skip ekki búið skráfuhring er aflvísir þess reiknaður þannig:  $0,60 \times HÖ \times \text{ÞS}$ .  $HÖ$  merkir hér skráð afl aðalvélar skipsins í hestöflum,  $\text{ÞS}$  merkir þvermál skráfu í metrum.

④ [Samgöngustofa]<sup>5)</sup> skal halda skrá yfir aflvísa þeirra skipa sem stunda veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót og skal sú skrá lögð til grundvallar við ákvörðun veiðiheimilda samkvæmt þessari grein.

⑤ Þar sem í lögum þessum er rætt um lengd skipa er miðað við mestu lengd þeirra samkvæmt mælingum [Samgöngustofa].<sup>5)</sup>

⑥ Botnvarpa og flotvarpa samkvæmt þessari grein merkir fiskivörpur sem notaðar eru til veiða á helstu botnfisktegundum hér við land og tekur ekki til varpa sem notaðar eru til veiða á humri, rækju eða uppsjávarfiskum. Setja skal nánari ákvæði í reglugerð um gerð og útbúnað fiskivarpna og dragnótar.

⑦ Stundi tvö eða fleiri skip veiðar með sömu botnvörpu, flotvörpu eða dragnót skulu heimildir þeirra samkvæmt þessari grein miðast við samanlagða lengd þeirra og samanlagða aflvísa þeirra.

⑧ Hér á eftir eru tilgreind þau svæði og tímar þar sem einstökum flokkum fiskiskipa, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, er heimilt að stunda veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót:

### A. Norðurland.

*Allir flokkar:*

- A.1. Allt árið frá línu réttvísandi norður frá Horni (vms. 1) að línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms. 10), utan línu sem dregin er 12 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu.
- A.2. Allt árið utan línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Grímseyjar.
- A.3. Allt árið utan línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Kolbeinseyjar (67°08'80 N – 18°40'60 V).

### B. Austurland.

*Allir flokkar:*

- B.1. Allt árið frá línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms. 10) að línu réttvísandi austur frá Hvítungum (vms. 19), utan línu sem dregin er 12 sjómíllur utan viðmiðunarlínu.
- B.2. Allt árið utan línu sem dregin er í 5 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Hvalbaks (64°35'80 N – 13°16'60 V).

*Flokkar 2 og 3:*

- B.3. Allt árið utan línu sem dregin er 6 sjómíllur utan viðmiðunarlínu milli lína réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms. 10) og réttvísandi austur frá Glettinganesi (vms. 13).

### C. Suðausturland.

*Allir flokkar:*

- C.1. Allt árið frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum (vms. 19) að línu réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28), utan línu sem dregin er 12 sjómíllur utan viðmiðunarlínu.
- C.2. Tímabilið 1. maí – 31. desember frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum (vms. 19) að línu réttvísandi suður frá Hvalnesi (64°24'10 N – 14°32'50 V), utan línu sem dregin er 4 sjómíllur utan viðmiðunarlínu.
- C.3. Tímabilið 1. maí – 31. janúar á svæði milli lína réttvísandi austur frá Hvítungum (vms. 19) og réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms. 22), utan línu sem dregin er 9 sjómíllur utan viðmiðunarlínu.
- C.4. Tímabilið 15. september – 31. janúar á svæði milli lína réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms. 22) og réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28), utan línu sem dregin er 4 sjómíllur utan viðmiðunarlínu.

*Flokkar 2 og 3:*

- C.5. Allt árið utan línu sem dregin er í 4 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu austur frá Hvítungum (vms. 19) að 18°00'00 V.  
Á svæði milli línu sem dregin er réttvísandi suður frá Stokksnesi (vms. 20) og að 15°45'00 V er þó ekki heimilt að stunda veiðar innan 6 sjómílna frá landi tímabilið 1. maí – 30. september.
- C.6. Allt árið utan línu sem dregin er 4 sjómílnur utan viðmiðunarlínu frá 18°00'00 V að línu réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28).

*Flokkur 3:*

- C.7. Allt árið utan línu sem dregin er í 3 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum (vms. 19) að 18°00'00 V.
- C.8. Allt árið utan línu sem dregin er í 3 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá 18°00'00 V að línu réttvísandi suður af Lundadrangi (vms. 28).

**D. Suðurland.**

*Allir flokkar:*

- D.1. Allt árið utan línu sem dregin er úr punkti í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28) í punkt 63°08'00 N – 19°57'00 V og þaðan í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17'60 N – 20°36'30 V).
- D.2. Allt árið utan línu sem dregin er úr punkti í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey í punkt í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrangi [(63°40'7 N–23°17'1 V)].<sup>2)</sup>
- D.3. Tímabilið 1. ágúst – 31. desember utan línu sem dregin er úr punkti í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28) í punkt í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey.

*Flokkar 2 og 3:*

- D.4. Allt árið utan línu sem dregin er úr punkti í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28) í punkt í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey.
- D.5. Tímabilið 16. maí – 31. desember utan línu sem dregin er 4 sjómílnur utan viðmiðunarlínu frá línu réttvísandi suður úr Lundadrangi (vms. 28) að línu [réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms. 34)].<sup>2)</sup>

*Flokkur 3:*

- D.6. Allt árið utan línu sem dregin er í 3 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28) að línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita.  
[...]<sup>2)</sup>

**E. Reykjanes- og Faxaflóasvæði.**

*Allir flokkar:*

- E.1. [Allt árið úr punkti í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrangi og utan línu í 5 sjómílna fjarlægð frá Geirfugladrangi í punkt 64°43'70 N–24°12'00 V].<sup>2)</sup>
- E.2. Tímabilið 1. nóvember – 31. desember utan línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu á svæði sem að sunnan markast af línu dreginni réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (vms. 34) og að vestan af línu sem dregin er réttvísandi vestur frá Reykjanesaukavita.

*Flokkar 2 og 3:*

- E.3. Allt árið utan línu sem dregin er 4 sjómílnur utan viðmiðunarlínu frá línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms. 34) að línu réttvísandi vestur frá Malarrífi (vms. 38).

## F. Breiðafjörður.

### Allir flokkar:

F.1. Allt árið utan línu sem dregin er frá punkti 64°43'70 N – 24°12'00 V í punkt 64°43'70 N – 24°26'00 V og þaðan í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms. 43).

### Flokkar 2 og 3:

F.2. Tímabilið 1. júní – 31. desember utan línu sem dregin er 4 sjómílnur utan viðmiðunarlínu frá línu réttvísandi vestur frá Malarrífi (vms. 38) að línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms. 40) og þaðan í punkt í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms. 43).

### Flokkur 3:

F.3. Tímabilið 1. janúar – 31. maí utan línu sem dregin er 4 sjómílnur utan viðmiðunarlínu frá línu [réttvísandi vestur frá Malarrífi]<sup>2)</sup> (vms. 38) að línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms. 40) og þaðan í punkt í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms. 43).

F.4. Tímabilið 1. september – 31. desember utan línu sem dregin er 4 sjómílnur utan við viðmiðunarlínu á Snæfellsnesi, norðan við línu réttvísandi vestur frá Malarrífi (vms. 38) og utan við viðmiðunarlínu milli Öndverðarnesvita (vms. 41) og Skorarvita (vms. 42). Að norðan markast svæði þetta af 65°16'00 N.

## Vestfirðir.

### Allir flokkar:

[G.1.]<sup>2)</sup> Allt árið frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms. 43) að línu réttvísandi norður frá Horni (vms. 48), utan línu sem dregin er 12 sjómílnur utan viðmiðunarlínu.

<sup>1)</sup>L. 88/2020, 1. gr. <sup>2)</sup>L. 127/1997 <sup>3)</sup>Felld úr gildi skv. l. 79/1997, 21. gr. <sup>4)</sup>L. 48/2014, 15. gr. <sup>5)</sup>L. 59/2013, 11. gr.

### 6. gr.

¶ Þrátt fyrir 5. gr. er heimilt að leyfa veiðar með dragnót nær landi en um ræðir í 5. gr. samkvæmt sérstökum leyfum Fiskistofu. Aðeins er heimilt að veita leyfi skipum styttri en 42 metrar, enda séu þau með aflvísi lægri en 2.500, en ráðherra skal með reglugerð<sup>1)</sup> kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu leyfa samkvæmt þessari málsgrein. Getur ráðherra sett almennar og svæðisbundnar reglur í því skyni að stuðla að hagkvæmri nýtingu fiskistofna, að teknu tilliti til veiða með öðrum veiðarfærum sem stundaðar eru á viðkomandi svæðum. Getur ráðherra m.a. ákveðið að leyfin séu bundin við ákveðið svæði og að aðeins hljóti leyfi til veiða á tilteknu svæði tiltekinn fjöldi skipa, skip sem skráð eru á því svæði, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip sem áður hafa stundað dragnótaveiðar. Þá getur ráðherra, að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar]<sup>2)</sup>, ákveðið að dragnótaveiðar á ákveðnu svæði miðist við nýtingu ákveðinnar fisktegundar.

¶ Sé talin þörf á að takmarka notkun tiltekins veiðarfæris til að tryggja skynsamlega nýtingu þess stofns sem veiðarnar beinast að eða vegna þeirrar skaðsemi sem notkun þess kann að hafa í för með sér fyrir nýtingu annarra stofna getur ráðherra með reglugerð<sup>3)</sup> ákveðið að veiðar með því veiðarfæri séu háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Um skilyrði fyrir veitingu slíkra leyfa skal kveðið á í reglugerð og gilda ákvæði 1. mgr. um þau eftir því sem við á.

<sup>1)</sup>Rg. 963/2019 (um veiðar með dragnót við Ísland), sbr. 1307/2019, 176/2020 og 909/2020. <sup>2)</sup>L. 157/2012, 9. gr. <sup>3)</sup>Rg. 1464/2020 (um togveiðar á kolmunna árið 2021), sbr. 505/2021. Rg. 462/2017 (um veiðar á gulllaxi). Rg. 890/2020 (um veiðisvæði hörpudisks), sbr. 989/2020. Rg. 962/2019 (um veiðar á íslenskri sumargotssild). Rg. 964/2019 (um veiðar á rækju). Rg. 470/2012 (um veiðar á lúðu), sbr. 522/2013 og 1028/2013. Rg. 963/2019 (um veiðar með dragnót við Ísland), sbr. 176/2020, 1307/2019 og 909/2020. Rg. 1160/2021 (um veiðar á kröbbum).

7. gr.

1 Grásleppuveiðar skulu háðar sérstöku leyfi Fiskistofu og eiga þeir bátar einir kost á slíku leyfi sem rétt áttu til leyfis á grásleppuvertíðinni 1997 samkvæmt reglum þar um. Ráðherra skal í reglugerð<sup>1)</sup> kveða nánar á um skipulag grásleppuveiða og veiðitíma samkvæmt þessari málsgrein. Getur ráðherra m.a. ákveðið að leyfin séu bundin við ákveðið svæði og að aðeins hljóti leyfi til veiða á tilteknu svæði skip sem skráð eru á því svæði. Þá getur ráðherra sett reglur um heimildir til flutnings leyfa til grásleppuveiða milli báta.

2 Sé talin þörf á að koma í veg fyrir staðbundna ofnýtingu á tilteknum stofni, óeðlilegan meðafli af öðrum tegundum en veiði beinist að eða önnur óæskileg áhrif veiða getur ráðherra ákveðið að veiðar úr tilteknum nytjastofni eða á tilteknu svæði séu háðar leyfi Fiskistofu. Sama á við ef þörf er á að skipuleggja veiðar úr stofnum sem ekki er stjórnað með skiptingu heildarafla milli einstakra skipa, sbr. 7. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, með síðari breytingum, t.d. vegna óvissu um veiðiþol viðkomandi stofns. Ráðherra skal í reglugerð<sup>2)</sup> kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu leyfa samkvæmt þessari málsgrein. Getur ráðherra sett almennar og svæðisbundnar reglur og m.a. ákveðið að leyfin séu bundin við ákveðið svæði og að aðeins hljóti leyfi til veiða á tilteknu svæði tiltekinn fjöldi skipa, skip sem skráð eru á því svæði, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip sem áður hafa stundað tilteknar veiðar.

<sup>1)</sup>Rg. 267/2022 (um hrognkelsaveiðar árið 2022). <sup>2)</sup>Rg. 964/2019 (um veiðar á rækju). Rg. 470/2012 (um veiðar á lúðu), sbr. 522/2013 og 1028/2013. Rg. 461/2017 (um veiðisvæði hörpudisks). Rg. 671/2018 (um veiðar á kröbbum).

8. gr.

1 Ráðherra er heimilt með reglugerð að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra með því að banna notkun ákveðinna veiðarfæra á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma. Áður en ákvarðanir um slíka skiptingu veiðisvæða eru teknar skal leita álits samtaka þeirra útgerðar- og sjómanna sem ætla má að slík skipting veiðisvæða varði mestu hverju sinni.

2 Þá er ráðherra heimilt að banna notkun allra eða tiltekinna gerða veiðarfæra á svæðum þar sem veiðarfæri geta valdið skemmdum á neðansjávarstrengjum og vatnslögnum.

9. gr.

1 Ráðherra skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að sporna við því að stundaðar séu veiðar sem skaðlegar geta talist með tilliti til hagkvæmrar nýtingar nytjastofna og [varðveislu viðkvæmra hafsvæða].<sup>1)</sup> Getur ráðherra með reglugerð<sup>2)</sup> m.a. ákveðið sérstök friðunarsvæði þar sem veiðar með öllum eða tilteknum veiðarfærum eru bannaðar. Ráðherra ákveður hvort reglugerðir um friðunarsvæði gildi um ákveðinn tíma eða séu ótímabundnar. Áður en ákvarðanir eru teknar samkvæmt þessari grein skal að jafnaði leita umsagnar [Hafrannsóknastofnunar].<sup>3)</sup>

2 Heimilt er að banna tímabundið allar veiðar eða notkun tiltekinna veiðarfæra á ákveðnu svæði sé þess talin þörf vegna tilrauna eða vísindalegra rannsókna [Hafrannsóknastofnunar].<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup>L. 149/2007, 1. gr. <sup>2)</sup>Rg. 965/2019 (um tímabundnar lokanir á veiðisvæðum á grunnslóð við Ísland). Rg. 963/2019 (um veiðar með dragnót við Ísland), sbr. 1307/2019, 176/2020 og 909/2020. Rg. 960/2019 (um takmarkanir við veiðum með fiskibotnvörpu). Rg. 942/2016 (um verndun kóralsvæða út af Suður- og Suðausturlandi). <sup>3)</sup>L. 157/2012, 9. gr.

10. gr.

1 Veiðieftirlitsmönnum Fiskistofu er heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og er skipstjórum þeirra skylt að veita þeim alla aðstoð og aðstöðu um borð í skipum sínum til þess að þeir geti sinnt eftirliti með veiðum. Í erindisbréfum til eftirlitsmanna, sem útgefin eru af ráðuneytinu, skal nánar kveðið á um starfsskyldur veiðieftirlitsmanna um borð í veiðiskipum.

2 Verði veiðieftirlitsmenn Fiskistofu, leiðangursstjórar skipa, sem eru á vegum [Hafrannsóknastofnunar],<sup>1)</sup> eða starfsmenn Landhelgisgæslunnar varir við að stundaðar séu skaðlegar veiðar skv.



3. mgr. skulu þeir þegar tilkynna það til [Hafrannsóknastofnunar]<sup>1)</sup> eða þeirra aðila sem stofnunin tilnefni í því skyni.

③ Skaðlegar veiðar skv. 2. mgr. teljast veiðar þegar smáfiskur í afla fer yfir þau viðmiðunarmörk sem ráðherra hefur ákveðið að fengnum tillögum [Hafrannsóknastofnunar].<sup>1)</sup> Sama gildir um veiðar á smáhumri, smárækju eða öðrum tegundum nytjastofna, enda hafi verið sett viðmiðunarmörk varðandi nýtingu hlutaðeigandi stofns. Þá teljast það enn fremur skaðlegar veiðar í þessu sambandi ef telja verður að veiðarnar séu ekki í samræmi við aðrar ákvarðanir sem teknar hafa verið um hagkvæma nýtingu viðkomandi nytjastofna.

④ Að fengnum upplýsingum skv. 2. mgr. getur [Fiskistofa]<sup>2)</sup> bannað tilteknar veiðar á ákveðnum svæðum í allt að 14 sólarhringa með tilkynningu til strandstöðva og í útvarpi. Jafnframt skal [Hafrannsóknastofnun]<sup>2)</sup> og stjórnstöð Landhelgisgæslunnar tilkynnt um skyndilokanir. Ráðherra skal setja nánari reglur<sup>3)</sup> um framkvæmd slíkra skyndilokana.

⑤ [Ráðuneytið]<sup>4)</sup> skal, í samráði við [Hafrannsóknastofnun]<sup>1)</sup>, áður en skyndilokun fellur úr gildi, ákveða til hvaða ráðstafana skuli grípa ef ástæða er talin til frekari friðunar á viðkomandi svæði. [Hafrannsóknastofnun]<sup>1)</sup> er þó heimilt að grípa til skyndilokunar svæðis aftur í allt að sjö daga sé þess talin þörf þar sem ekki liggja fyrir nægar upplýsingar um ástand svæðisins eða ef talið er að skyndilokun svæðisins aftur tryggi að ekki verði um að ræða frekari skaðlegar veiðar á því svæði. Ákvörðun um til hvaða ráðstafana verði gripið í framhaldi af lokun skv. 4. mgr. skal tilkynnt a.m.k. einum sólarhring áður en fyrri skyndilokun fellur úr gildi.

⑥ Heimilt er ráðuneytinu að leyfa einstökum fiskiskipum að stunda tilraunaveiðar á svæðum sem lokað hefur verið tímabundið skv. 4. mgr. Slíkt skal þó jafnan gert undir eftirliti Fiskistofu, [Hafrannsóknastofnunar]<sup>1)</sup> eða Landhelgisgæslunnar og skal skipstjórnarmönnum skylt að fara að fyrirætlum eftirlitsaðila varðandi tilraunaveiðarnar.

<sup>1)</sup>L. 157/2012, 9. gr. <sup>2)</sup>L. 88/2020, 2. gr. <sup>3)</sup>Augl. 955/2020 (um framkvæmd skyndilokana Fiskistofu). <sup>4)</sup>L. 126/2011, 247. gr.

#### 11. gr.

① Heimilt er að grípa til skyndilokana veiðisvæða skv. 10. gr. vegna upplýsinga sem komnar eru frá skipstjórum um að skaðlegar veiðar fari fram á ákveðnu svæði. Skilyrði þess eru eftirfarandi:

1. Að upplýsingar berist frá a.m.k. þremur skipstjórum sem telji að skaðlegar veiðar séu stundaðar á tilteknu svæði.

2. Upplýsingarnar séu studdar nýjum mælingum á aflasamsetningu hjá viðkomandi skipum, sbr. 1. tölul., enda séu mælingarnar framkvæmdar á fullnægjandi hátt að mati [Hafrannsóknastofnunar]<sup>1)</sup> og fyrir liggja ákveðnar tillögur frá skipstjórunum um mörk þess svæðis sem lagt er til að lokað verði.

② Ekki verði viðkomið að staðreyna upplýsingarnar án tafar með mælingum frá eftirlitsaðilum skv. 10. gr.

③ Skyndilokanir samkvæmt þessari grein gilda í allt að viku. Að öðru leyti gilda ákvæði 10. gr. um skyndilokanir þessar eftir því sem við á.

<sup>1)</sup>L. 157/2012, 9. gr.

#### 12. gr.

① Sé veiðieftirlitsmaður Fiskistofu um borð í veiðiskipi getur hann óskað eftir því að skipstjóri láti kasta eða leggi veiðarfæri á tilteknu svæði í tilraunaskyni, enda hafi hann rökstudda ástæðu til að ætla að önnur skip stundi skaðlegar veiðar á því svæði. Slíka tilraun skal gera með þeim hætti að hún tefji veiðar skipsins óverulega og valdi útgerðinni ekki teljandi óhagræði. Skal framkvæmd tilraunarinnar ákveðin í samráði við skipstjóra skipsins.

13. gr.

☐ Ráðherra getur, að fengnu álitni [Hafrannsóknastofnunar],<sup>1)</sup> veitt tímabundnar heimildir til veiðitilrauna og annarra vísindalegra rannsókna í fiskveiðilandhelgi Íslands og þurfa þær heimildir ekki að vera bundnar við íslenska aðila. Slíkar tilraunir eða rannsóknir skulu að jafnaði fara fram undir eftirliti [Hafrannsóknastofnunar],<sup>1)</sup> Landhelgisgæslunnar eða Fiskistofu. Verði því ekki viðkomið að hafa sérstakan eftirlitsmann um borð í skipi því er heimild fær samkvæmt þessari grein skal heimildin veitt með því skilyrði að [Hafrannsóknastofnun]<sup>1)</sup> fái nákvæmar upplýsingar um niðurstöður þessara tilrauna eða rannsókna. Heimilt er að ákveða að leyfishafi skuli greiða allan kostnað sem leiðir af veru eftirlitsmanns um borð í skipi samkvæmt þessari grein.

<sup>1)</sup>L. 157/2012, 9. gr.

14. gr.

☐ Ráðherra setur reglur<sup>1)</sup> um framkvæmd laga þessara. Getur hann m.a. sett allar reglur um útbúnað, gerð og frágang veiðarfæra og takmarkað notkun þeirra. Þá getur ráðherra sett reglur um lágmarksstærðir sjávardýra sem heimilt er að veiða og leyfilegan veiðitíma.

<sup>1)</sup>Rg. 963/2019 (um veiðar með dragnót við Ísland), sbr. 1307/2019, 176/2020 og 909/2020. Rg. 24/1998 (um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga), sbr. 992/2014. Rg. 964/2019 (um veiðar á rækju). Rg. 543/2002 (um möskvastærðir og útbúnað varpna til veiða á botnfiski, rækju og humri), sbr. 39/2003, 84/2003, 412/2008 og 432/2018. Rg. 958/2019 (um um friðun þorsks, skarkola, blálöngu og steinbits á hrygningartíma). Rg. 115/2006 (um þorskfisknet), sbr. 809/2012 og 225/2016. Rg. 1160/2021 (um veiðar á kröbbum). Rg. 188/2020 (um veiðar á humri), sbr. 174/2021. Rg. 923/2010 (um veiðar á skötusel í net). Rg. 470/2012 (um veiðar á lúðu), sbr. 522/2013 og 1028/2013. Rg. 267/2022 (um hrognkelsaveiðar árið 2022). Rg. 741/2019 (um veiðar á sæbjúgum). Rg. 765/2020 (um veiðar á ígulkerum). Rg. 711/2018 (um veiðar á kífiskel). Rg. 633/2019 (um veiðar á beitukóngi í gildirur). Rg. 188/2014 (um gerð og útbúnað meðaflaskilju við veiðar á uppsjávarfiski). Rg. 964/2019 (um veiðar á rækju). Rg. 940/2016 (um mælingar á fiskilestum).

15. gr.

☐ Brot gegn<sup>1)</sup> ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða viðurlögum skv. 16.–17. gr. laga þessara, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau þar að auki varða<sup>1)</sup> fangelsi allt að sex árum.

☐ Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávaraflla vegna brota á lögum þessum eftir því sem við á.

<sup>1)</sup>L. 82/1998, 239. gr.

16. gr.

☐ [Við stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot gegn 3.–5. gr. laga þessara skal gera upptæk þau veiðarfæri skips sem notuð hafa verið við hinar ólögmætu veiðar, þar með talda dragstrengi, svo og ólögmætan afla þess. Sama gildir sé skip staðið að veiðum á svæðum þar sem veiðar hafa verið bannaðar með stoð í 1. mgr. 8. gr. og 9.–11. gr.

☐ Í stað þess að gera afla og veiðarfæri upptæk skv. 1. mgr. er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis afla og veiðarfæra samkvæmt mati dómkvaddra kunnáttumanna.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 163/2006, 8. gr.

17. gr.

☐ [Brot gegn...<sup>1)</sup> ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum sem eigi skulu nema hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 163/2006, 9. gr. <sup>2)</sup>L. 22/2005, 3. gr.

18. gr.

☐ Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 15. gr. má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrisvarsmenn, starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga er í þágu hans starfa enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrisvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

☐ Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

19. gr.

☐ Heimilt er að leggja löghald á skip sem fært er til hafnar vegna brota á lögum þessum. Sé slíkt gert er dómara heimilt að láta það laust ef sett er bankatrygging eða önnur jafngild trygging, að hans mati, fyrir greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku [skv. 2. mgr. 16. gr.]<sup>1)</sup>

☐ Til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skal vera lögveð í skipinu.

☐ ...<sup>2)</sup>

☐ Sektarfé samkvæmt lögum þessum, svo og andvirði upptæks afla og veiðarfæra skal renna í Landhelgissjóð Íslands.

<sup>1)</sup>L. 163/2006, 10. gr. <sup>2)</sup>L. 88/2008, 233. gr.

20. gr.

☐ [Heimilt er að gera ólögleg veiðarfæri upptæk. Ólögleg eru þau veiðarfæri eða hluti veiðarfæra sem ekki eru í samræmi við þær reglur sem settar eru um veiðarfæri með stoð í lögum þessum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 163/2006, 11. gr.

21. gr.

☐ [Fiskistofa skal svipta skip leyfi,...<sup>1)</sup> skv. 6. eða 7. gr. laga þessara, ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laganna eða reglum settum samkvæmt þeim.

☐ [Ef veiðitímabili er lokið áður en ákvörðun Fiskistofu um sviptingu veiðileyfis tekur gildi, eða gildistíma sviptingar lýkur, skal leyfissvipting samkvæmt ákvörðuninni gilda við útgáfu næsta veiðileyfis. Þar til réttaráhrifum leyfissviptingar lýkur er hvorki heimilt að flytja réttindi grásleppuveiðileyfis af bát né réttindi grásleppuveiðileyfis til viðkomandi báts.]<sup>2)</sup>

☐ Við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár.

☐ Við fyrsta minni háttar brot skal Fiskistofa, þrátt fyrir ákvæði [1. - 3. mgr.],<sup>1)</sup> veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu.

☐ Áminningar og sviptingar veiðileyfa, sem ákveðnar eru samkvæmt þessari grein, skulu hafa ítrekunaráhrif í tvö ár.

☐ Ákvörðunum Fiskistofu um áminningar og veiðileyfissviptingar samkvæmt þessari grein verður skotið til [ráðuneytisins],<sup>2)</sup> enda sé það gert innan eins mánaðar frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup>L. 82/2013, 8. gr. <sup>2)</sup>L. 126/2011, 247. gr. <sup>3)</sup>L. 163/2006, 12. gr.

[22. gr.]<sup>1)</sup>

☐ Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1998.

<sup>1)</sup>L. 163/2006, 12. gr.

### **Ákvæði til bráðabirgða.**

□ [Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. gr. er aðilum sem uppfylla skilyrði 2. másl. 5. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, heimilt að taka á leigu erlent skip, til allt að sex mánaða hvert almanaksár, til veiða og vinnslu samkvæmt veiðiheimildum Íslands á austur-atlantshafsbílauggatúnfiski innan og utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Heimild þessi gildir til og með 31. desember 2028.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 66/2022, 3. gr.

# Lög

## nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

### I. KAFLI.

#### Fiskveiðar íslenskra skipa.

##### 1. gr.

☐ Ákvæði þessa kafla taka til veiða íslenskra skipa úr nytjastofnum utan lögsögu Íslands, sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Til veiða samkvæmt lögum þessum telst hvers konar nýting nytjastofna. Til nytjastofna í þessu sambandi teljast sjávardýr og sjávargróður sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð.

##### 2. gr.

☐ Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

##### 3. gr.

☐ Ráðherra getur sett reglur um veiðar íslenskra skipa utan lögsögu sem nauðsynlegar eru til að fullnægja almennum skyldum Íslands til verndunar lifandi auðlindum hafsins eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

##### 4. gr.

☐ Öllum íslenskum skipum eru heimilar veiðar utan lögsögu Íslands með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum og reglum settum með stoð í þeim.

☐ Ráðherra skal með reglugerð binda veiðar íslenskra skipa á úthafinu sérstökum leyfum sé það nauðsynlegt vegna alþjóðlegra samningsskuldbindinga Íslands, til þess að fullnægja almennum ákvörðunum sem teknar eru með stoð í 3. gr., eða til að vernda hagsmuni Íslands að því er varðar fiskstofna sem um ræðir í 5. gr., og eru veiðar í þessum tilvikum óheimilar án slíkra leyfa. Skulu leyfin bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru. Því aðeins er heimilt að veita skipum leyfi samkvæmt þessari grein að eigendur þeirra og útgerðir fullnægi þeim skilyrðum til að stunda veiðar í efnahagslögsögu Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.

☐ Ákvæði 2. mgr. gilda einnig um veiðar íslenskra skipa í lögsögu annarra ríkja úr þeim stofnum sem um ræðir í 5. gr.

☐ Fiskveiðar íslenskra skipa innan lögsögu annarra ríkja eru ekki heimilar nema með leyfi þar til bærra yfirvalda.

☐ Ráðherra getur sett sérstakar reglur um stjórn veiða íslenskra skipa í þeim tilvikum sem Ísland hefur nýtt rétt sinn til að mótmæla samþykktum um fiskveiðistjórn sem gerðar hafa verið á grundvelli samnings sem Ísland er aðili að, enda þótt ákvæði 1. málsl. 2. mgr. eigi ekki við. Getur hann í því skyni bundið veiðarnar sérstökum leyfum og eru þær þá óheimilar án slíkra leyfa. Binda má leyfin nauðsynlegum skilyrðum. Ákvæði 5. og 6. gr. gilda í þessum tilvikum eftir því sem við getur átt.

##### 5. gr.

☐ Um veiðar utan lögsögu Íslands úr stofnum, sem veiðast bæði innan og utan hennar, íslenskum deilistofnum, skulu gilda ákvæði laga um stjórn fiskveiða eftir því sem við getur átt, sbr. þó ákvæði þessarar greinar.

② Sé tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr slíkum stofni sem samfelld veiðireynsla er á skal aflahlutdeild einstakra skipa ákveðin á grundvelli veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum. Veiðireynsla telst samfelld samkvæmt lögum þessum hafi ársafli íslenskra skipa úr viðkomandi stofni a.m.k. þrisvar sinnum á undangengnum sex árum svarað til a.m.k. þriðjungs þess heildarafla sem er til ráðstöfunar af hálfu íslenskra stjórnvalda.

③ Hafri skip, sem reglulega hefur stundað veiðar úr stofni sem varanleg veiðireynsla er á, tafist frá veiðum í a.m.k. sex mánuði samfelld vegna meiri háttar tjóns eða bilana skal við ákvörðun aflahlutdeildar á grundvelli veiðireynslu skv. 2. mgr. reikna skipinu afla á því tímabili sem frátafarnar verða. Skal aflinn fyrir hvert heilt veiðitímabil talinn nema sama hlutfalli af heildarafla og nam meðaltalshlutfalli skipsins í heildarafla af viðkomandi tegund á þeim tveimur veiðitímabilum sem næst liggja því tímabili eða þeim tímabilum sem frátafarnar verða. Verði frátafarnar aðeins hluta veiðitímabils skal reikna aflareynsluna hlutfallslega að teknu tilliti til almennra aflabragða þann hluta veiðitímabils sem frátafarnar verða.

④ Ráðherra getur bundið úthlutun skv. 2. og 6. mgr. því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands er nemi, reiknað í þorskígildum, allt að 15% af þeim aflaheimildum sem ákveðnar eru á grundvelli þeirra málsgreina. Þær útgerðir, sem ekki geta uppfyllt skilyrði þessarar málsgreinar, skulu sæta skerðingu á úthlutuðum aflaheimildum samkvæmt þessari grein sem þessu nemur.

⑤ Þeim aflaheimildum, sem ekki er úthlutað samkvæmt framansögðu, skal ráðstafað með þeim hætti sem um ræðir í 6. mgr.

⑥ Sé ekki fyrir hendi samfelld veiðireynsla úr viðkomandi stofni skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Skal hann við þá ákvörðun m.a. taka mið af fyrri veiðum skips. Einnig getur hann tekið mið af stærð skips, gerð þess eða búnaði og öðrum atriðum er máli skipta. Þá getur hann ráðstafað veiðiheimildum til skipa þeirra útgerða sem að undangenginni auglýsingu hafa lýst sig með skuldbindandi hætti reiðubúnar til þess að afsala af viðkomandi skipi mestum aflaheimildum, reiknað í þorskígildum, á tegundum sem heildarafla er takmarkaður af.

⑦ Þeim aflaheimildum, sem afsalað hefur verið á grundvelli 1. málsl. 4. mgr. eða á grundvelli 6. mgr., skal úthlutað til annarra skipa í hlutfalli við samanlagða aflahlutdeild sem þau hafa, í þorskígildum talið, á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga um stjórn fiskveiða eða á grundvelli þessara laga.

⑧ [...]<sup>1)</sup>

⑨ Ráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, ákveðið að allt að 5% heildaraflans verði sérstaklega úthlutað til þeirra skipa sem hófu veiðar úr viðkomandi stofni.

<sup>1)</sup>L. 88/2020, 18. gr.

## 6. gr.

① Sé ákveðinn heildarafla úr öðrum stofnum en þeim sem um ræðir í 5. gr., á grundvelli samnings sem Ísland er aðili að, skal ráðherra setja reglur um veiðar íslenskra skipa á þeim hluta heildaraflans sem kemur í hlut Íslands. Skulu þær reglur tryggja að aflinn verði innan umsaminnna marka og getur ráðherra í því skyni skipt veiðiheimildum úr stofninum á hverju veiðitímabili milli einstakra íslenskra skipa.

② Við skiptingu veiðiheimilda úr stofni sem samfelld veiðireynsla er á skulu veiðiheimildir einstakra skipa ákveðnar á grundvelli veiðireynslu skipanna miðað við bestu þrjú veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum.

③ Hafri skip, sem reglulega hefur stundað veiðar úr stofni sem varanleg veiðireynsla er á, tafist frá veiðum í a.m.k. sex mánuði samfelld vegna meiri háttar tjóns eða bilana skal við ákvörðun aflahlutdeildar á grundvelli veiðireynslu skv. 2. mgr. reikna skipinu afla á því tímabili sem frátafarnar verða. Skal aflinn fyrir hvert heilt veiðitímabil talinn nema sama hlutfalli af heildarafla

og nam meðaltalshlutfalli skipsins í heildarafla af viðkomandi tegund á þeim tveimur veiðitímabilum sem næst liggja því tímabili eða þeim tímabilum sem frátafarnar verða. Verði frátafarnar aðeins hluta veiðitímabils skal reikna aflareynsluna hlutfallslega að teknu tilliti til almennra aflabragða þann hluta veiðitímabils sem frátafarnar verða.

④ Ráðherra getur bundið úthlutun skv. 2. og 7. mgr. því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands er nemi, reiknað í þorskígildum, allt að 7% af þeim aflaheimildum sem ákveðnar eru á grundvelli þeirra málsgreina. Þær útgerðir, sem ekki geta uppfyllt skilyrði þessarar málsgreinar, skulu sæta skerðingu á úthlutuðum aflaheimildum samkvæmt þessari grein sem þessu nemur.

⑤ Þeim aflaheimildum, sem ekki er úthlutað samkvæmt framansögðu, skal ráðstafað með þeim hætti sem um ræðir í 7. mgr.

⑥ Ráðherra getur ákveðið einstökum skipum fasta hlutdeild í afla til lengri tíma en eins veiðitímabils þegar veiðiheimildum er úthlutað skv. 2. mgr. og getur hann þá ákveðið að ákvæði laga um stjórn fiskveiða varðandi framsal veiðiheimilda gildi eftir því sem við getur átt.

⑦ Sé ekki fyrir hendi samfelld veiðireynsla úr viðkomandi stofni skal ráðherra ákveða veiðiheimildir einstakra skipa. Skal hann við þá ákvörðun m.a. taka mið af fyrri veiðum skips. Einnig getur hann tekið mið af stærð skips, gerð þess eða búnaði og öðrum atriðum er máli skipta. Þá getur hann ráðstafað veiðiheimildum til skipa þeirra útgerða sem að undangenginni auglýsingu hafa lýst sig með skuldbindandi hætti reiðubúnar til þess að afsala af viðkomandi skipi mestum aflaheimildum, reiknað til þorskígilda, í tegundum sem heildarafla er takmarkaður af.

⑧ Þeim aflaheimildum, sem afsalað hefur verið á grundvelli 1. másl. 4. mgr. eða á grundvelli 7. mgr., skal úthlutað til annarra skipa í hlutfalli við samanlagða aflahlutdeild sem þau hafa, í þorskígildum talið, á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga um stjórn fiskveiða eða á grundvelli þessara laga.

⑨ Sé ekki ákveðinn heildarafla skv. 1. mgr., en gert ráð fyrir takmörkun veiða á úthafinu á annan hátt, skal ráðherra setja reglur sem nauðsynlegar eru til að tryggja að veiðar íslenskra skipa verði innan þeirra marka. Getur hann í því skyni m.a. sett reglur um fjölda skipa, fjölda veiðiferða og úthaldstíma einstakra skipa.

⑩ Ráðherra er einnig heimilt að setja reglur sem nauðsynlegar eru til að takmarka veiðar í öðrum tilvikum, sbr. 3. gr., og skal hann í þeim efnum leita álits [Hafrannsóknastofnunar.]<sup>1)</sup>

⑪ Ráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, ákveðið að allt að 5% heildaraflans verði sérstaklega úthlutað til þeirra skipa sem hófu veiðar úr viðkomandi stofni.

<sup>1)</sup>L. 157/2012, 8. gr.

#### 7. gr.

① Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um gerð og frágang veiðarfæra íslenskra skipa við veiðar utan lögsögu Íslands, þar á meðal um lágmarksmöskvastærð. Þá getur hann sett reglur um lokun veiðisvæða og aðrar þær aðgerðir sem nauðsynlegar kunna að vera til að tryggja verndun smáfisks og ábyrgar veiðar. Ráðherra skal í þessum efnum byggja á samningum sem Ísland er aðili að. Jafnframt getur ráðherra tekið mið af þeim reglum sem gilda við veiðar í lögsögu Íslands, reglum sem gilda í lögsögu annarra ríkja sem liggur að viðkomandi hafsvæði eða reglum sem settar hafa verið af viðkomandi svæðisstofnun.

#### 8. gr.

① Eftirlitsmönnum Fiskistofu er heimilt að fara í eftirlitsferðir með íslenskum skipum við veiðar utan íslensku lögsögunnar. Um eftirlit með framkvæmd laga þessara gilda ákvæði laga um stjórn fiskveiða og laga um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum eftir því sem við á. Auk þess skal ráðherra með reglugerð gera íslenskum skipum að sæta því eftirliti sem kveðið er á um í samningum sem Ísland er aðili að. Þá getur ráðherra sett reglur um eftirlit á grundvelli 5. mgr. 4. gr.

② [...]¹)

③ Þá skulu íslensk skip er stunda veiðar utan lögsögu Íslands fullnægja öllum sömu ákvæðum um skil á aflaskýrslum og gilda um veiðar innan lögsögunnar. Að auki skal ráðherra með reglugerð gera íslenskum skipum að fullnægja ákvæðum samninga sem Ísland er aðili að um tilkynningarskyldu og upplýsingagjöf til erlendra stjórnvalda eða alþjóðastofnana.

<sup>1)</sup>L. 34/2000, 9. gr.

9. gr.

① Íslensk lög og reglur settar samkvæmt þeim varðandi hreinlæti, búnað og innra eftirlit, sem og um meðferð og nýtingu afla, sem gilda um veiðar íslenskra skipa innan lögsögu Íslands, skulu jafnframt gilda um veiðar þeirra utan hennar. Ráðherra er þó heimilt að veita undanþágur varðandi aflanýtingu við veiðar utan lögsögunnar ef fjarlægð frá landi, lengd veiðiferða eða aðrar aðstæður gera slíkt nauðsynlegt.

## II. KAFLI.

### Fiskveiðar erlendra skipa.

10. gr.

① [...]¹)

<sup>1)</sup>L. 22/1998, 16. gr.

11. gr.

① Íslenskum stjórnvöldum er heimilt að gera aðrar þær ráðstafanir gagnvart erlendum skipum vegna veiða þeirra á úthafinu sem nauðsynlegar eru til að framfylgja samningum sem Ísland er aðili að.

## III. KAFLI.

### Viðurlög.

12. gr.

① Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða viðurlögum skv. 13.–14. gr., hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

② Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau þar að auki varða [...]¹) fangelsi allt að sex árum.

③ Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávaraflla við brot á lögum þessum eftir því sem við á.

<sup>1)</sup>L. 82/1998, 231. gr.

13. gr.

① [Við stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot gegn reglum, sem settar hafa verið skv. 2. másl. 7. gr. laga þessara, skal gera upptæk þau veiðarfæri skips sem notuð hafa verið við hinar ólögmætu veiðar, þar með talda dragstrengi, svo og ólögmætan afla þess.

② Í stað þess að gera afla og veiðarfæri upptæk skv. 1. mgr. er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis afla og veiðarfæra samkvæmt mati dómkvaddra kunnáttumanna.]¹)

<sup>1)</sup>L. 163/2006, 13. gr.

14. gr.

① [Brot gegn ...¹) ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum sem eigi skulu nema hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.]²)



② Fiskistofa skal svipta lögaðila leyfi til veiða fyrir brot á þessum lögum eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar.

<sup>1)</sup>L. 163/2006, 14. gr. <sup>2)</sup>L. 22/2005, 4. gr.

15. gr.

① Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn, starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga er í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans, eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa, hafa gerst sekir um brot.

② Tilraun og hlutdeild í brotum gegn lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

16. gr.

① Heimilt er að leggja löghald á skip sem fært er til hafnar vegna brota gegn lögum þessum. Sé það gert er dómara heimilt að láta það laust ef sett er bankatrygging eða önnur jafngild trygging, að hans mati, fyrir greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skv. [2. mgr. 13. gr.]<sup>1)</sup>

② Til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skal vera lögveð í skipinu.

③ [...] <sup>2)</sup>

④ Sektarfé samkvæmt lögum þessum, svo og andvirði upptæks afla og veiðarfæra, skal renna í Landhelgissjóð Íslands.

<sup>1)</sup>L. 163/2006, 15. gr. <sup>2)</sup>L. 88/2008, 233. gr.

17. gr.

① [Heimilt er að gera ólögleg veiðarfæri upptæk. Ólögleg eru þau veiðarfæri eða hluti veiðarfæra sem ekki eru í samræmi við þær reglur sem settar eru um veiðarfæri með stoð í lögum þessum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 163/2006, 16. gr.

#### IV. KAFLI. Ýmis ákvæði.

18. gr.

① Hafí íslensk stjórnvöld á grundvelli milliríkjasamnings veitt heimild til þess að eftirlitsaðilar erlends ríkis fari til eftirlitsstarfa um borð í íslensk fiskiskip utan lögsögu Íslands skal ráðherra með reglugerð kveða nánar á um eftirlit þetta.

② Í reglugerðinni skal m.a. kveða á um heimildir eftirlitsaðilanna til þess að rannsaka meint brot gegn veiðistjórnunarreglum á viðkomandi hafsvæði og um réttarvernd þeirra í samræmi við viðkomandi samning. Einnig skal kveðið á um skyldur skipverja á íslenskum skipum m.a. til þess að ljá atbeina sinn við eftirlitið þegar uppganga fer fram.

19. gr.

① Ráðherra kveður nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 364/2019 (um veiðar úr úthafskarfastofnum árið 2019). Rg. 24/1998 (um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga), sbr. 992/2014. Rg. 306/1999 (um úthlutun þorskaflahlutdeilda í Barentshafi), sbr. 397/1999. Rg. 462/2017 (um veiðar á gulllaxi). Rg. 543/2002 (um möskvasterðir og útbúnað varpa til veiða á botnfiski, rækju og humri), sbr. 39/2003, 84/2003, 412/2008 og 432/2018. Rg. 770/2008 (um fjareftirlit). Rg. 807/2011 (um meðaflla skipa sem stunda veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski). Rg. 620/2012 (um takmarkanir á veiðum íslenskra skipa úr deilistofnum í lögsögu annarra ríkja), sbr. 487/2013. Rg. 431/2013 (um stjórn veiða á djúpsjávartegundum á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC)), sbr. 339/2014. Rg. 433/2013 (um stjórn veiða á samningssvæði Norðaustur-

*Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) utan lögsögu ríkja, sbr. 341/2014 og 611/2014. Rg. 432/2017 (um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC)), sbr. 501/2021. Rg. 11/2015 (um verndun kóralsvæða á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC)). Rg. 175/2015 (um notkun botnveiðarfæra á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC)). Rg. 745/2016 (um vigtun og skráningu sjávaraflla), sbr. 1011/2017, 91/2018, 617/2018, 436/2019, 325/2020, 861/2020, 990/2020, 358/2021, 399/2021 og 709/2021. Rg. 940/2016, (um mælingar á fiskilestum). Rg. 298/2020, (um skráningu og rafræn skil aflaupplýsinga), sbr. 609/2021. Rg. 431/2017 (um veiðieftirlit á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO), sbr. 339/2014. Rg. 101/2021 (um veiðar íslenskra skipa á Norðurishafsporski árið 2021 innan efnahagslögsögu Noregs), sbr. 245/2021 og 503/2021. Rg. 182/2021 (um veiðar íslenskra skipa á Norðurishafsporski árið 2021 innan efnahagslögsögu Rússlands), sbr. 272/2021 og 504/2021. Rg. 25/2021 (um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska sildarstofninum árið 2021), sbr. 502/2021. Rg. 930/2020 (um veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski).*

## 20. gr.

☐ Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **[Ákvæði til bráðabirgða.**

☐ Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 5. gr. skal Fiskistofa úthluta einstökum skipum aflahlutdeild í Norðaustur-Atlantshafsmakrílstofninum á grundvelli tíu bestu aflareynsluára þeirra á árunum 2008–2018, að báðum árum meðtöldum. Hafi skip komið í stað skips sem áunnið hefur sér aflareynslu á þessu tímabili skal það skip sem í staðinn kemur njóta þeirrar aflareynslu.

☐ Aflahlutdeild í makríl skiptist í tvo flokka, A- og B-flokk. Aflahlutdeild í A-flokki skal úthluta á skip sem stunduðu makrílveiðar á viðmiðunartímabilinu með öðrum veiðarfærum en línu og handfærum. Aflahlutdeild í B-flokki skal úthluta á skip sem stunduðu makrílveiðar á viðmiðunartímabilinu með línu og handfærum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 46/2019, 1. gr.

## Lög

### nr. 54/1992, um vinnslu afla um borð í skipum.

#### 1. gr.

☐ [Lög þessi gilda um alla frekari vinnslu afla um borð í skipum en blóðgun, slægingu og flokkun.

☑ Vinnsla samkvæmt ákvæðum laga þessara er háð sérstöku leyfi Fiskistofu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 154/2002, 1. gr.

#### 2. gr.

☐ [Ráðherra skal setja reglugerð<sup>1)</sup> um nýtingarstuðla sem gildir um útreikning á nýtingu aflaheimilda einstakra skipa eða skipaflokka sem vinna afla um borð. Um nýtingu afla þeirra skipa gilda að öðru leyti ákvæði laga nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 54/2003 (um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð). <sup>2)</sup>L. 154/2002, 2. gr.

#### 3. gr.

☐ [Um borð í [skipi sem leyfi hefur til vinnslu afla]<sup>1)</sup> skal vera aðstaða til móttöku, geymslu, vinnslu og frágangs aflans þannig að gæði framleiðslunnar verði tryggð.

☑ Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að um borð í [skipum sem leyfi hafa til vinnslu afla]<sup>1)</sup> skuli vera sjálfvirkur tækjabúnaður sem tryggi nákvæma vigtun og skráningu innvegins afla og afurða. Setja skal með reglugerð<sup>2)</sup> nánari ákvæði um nauðsynlegan búnað í þessu skyni og önnur atriði varðandi framkvæmd laganna.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup>L. 154/2002, 3. gr. <sup>2)</sup>Rg. 55/2003 (um leyfi til vinnslu afla um borð í skipum), sbr. 1035/2015. <sup>3)</sup>L. 58/1996, 2. gr.

#### 4. gr.

☐ Það er skilyrði fyrir leyfisveitingu, sbr. 1. gr., að fjöldi í áhöfn sé nægilegur til að vinna afla á fullnægjandi hátt miðað við veiðar, vinnslu og gerð skips, að teknu tilliti til áskilins hvíldartíma og að fyrir hendi sé tilskilin aðstaða fyrir þá áhöfn og eftirlitsmenn, sbr. 6. gr.

☑ Í áhöfn skal vera maður með sérþekkingu á viðkomandi framleiðslu er hafa skal umsjón með allri vinnslu ásamt nauðsynlegu gæðaeftirliti. Skal með reglugerð kveða á um menntunarkröfur og starfssvið hans.

#### 5. gr.

☐ Áður en [leyfi til vinnslu afla]<sup>1)</sup> er veitt skal liggja fyrir álit [Fiskistofu]<sup>2)</sup> á því hvort búnaður sé fullnægjandi með hliðsjón af ákvæðum laga þessara og reglugerða settra með stoð í þeim. Þá skal liggja fyrir mat [Samgöngustofu]<sup>3)</sup> á því hvort reglum um öryggisbúnað varðandi fiskvinnslu og aðbúnað áhafnar sé fullnægt. [Framangreint álit Fiskistofu byggist á úttekt Fiskistofu og skal greitt fyrir slíka úttekt samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu, sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup>L. 154/2002, 4. gr. <sup>2)</sup>L. 58/1996, 3. gr. <sup>3)</sup>L. 59/2013, 7. gr. <sup>4)</sup>L. 67/2015, 12. gr.

#### 6. gr.

☐ [Eftirlitsmaður eða eftirlitsmenn skulu vera um borð í fiskiskipi, sem leyfi hefur til [vinnslu afla]<sup>1)</sup> um borð, fyrst eftir að leyfi er veitt, svo lengi sem Fiskistofa metur nauðsynlegt með hliðsjón af framkvæmd vinnslunnar. Sama gildir verði það mikil breyting í áhöfn [skips],<sup>1)</sup> útgerðarháttum þess eða búnaði að ástæða sé til að ætla að það hafi veruleg áhrif á vinnslu um borð í skipinu. Í

annan tíma er veiðieftirliti Fiskistofu heimilt að setja eftirlitsmann eða eftirlitsmenn um borð í [skip sem vinnur afla um borð]<sup>1)</sup> eftir því sem ástæða er talin til.

② ...<sup>2)</sup>]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup>L. 154/2002, 5. gr. <sup>2)</sup>L. 34/2000, 11. gr. <sup>3)</sup>L. 58/1996, 4. gr.

[7. gr.

① Brot gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

② ...<sup>1)</sup>

③ [Fiskistofu er enn fremur heimilt vegna brota gegn ákvæðum laga þessara, reglna settra samkvæmt þeim og leyfisbréfa að svipta skip leyfi til vinnslu afla um borð.]<sup>2)</sup><sup>3)</sup>

<sup>1)</sup>L. 88/2008, 233. gr. <sup>2)</sup>L. 154/2002, 6. gr. <sup>3)</sup>L. 58/1996, 5. gr.

[8. gr.]<sup>1)</sup>

① Lög þessi öðlast þegar gildi.

<sup>1)</sup>L. 58/1996, 5. gr.

### Ákvæði til bráðabirgða. ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 58/1996, 6. gr.

## Lög

### nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 1. gr.

☐ Fiskveiðar og vinnslu sjávarafla um borð í skipum í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er skilgreind í lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, mega eftirtaldir aðilar einir stunda:

1. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar.
2. Íslenskir lögaðilar sem að öllu leyti eru í eigu íslenskra aðila eða lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
  - a. Eru undir yfirráðum íslenskra aðila.
  - b. Eru ekki í eigu erlendra aðila að meira leyti en 25% sé miðað við hlutfé eða stofnfé. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila í lögaðila, sem stundar veiðar eða vinnslu í fiskveiðilandhelgi Íslands, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%.
  - c. Eru að öðru leyti í eigu íslenskra ríkisborgara eða íslenskra lögaðila sem eru undir yfirráðum íslenskra aðila.

☐ Með vinnslu sjávarafurða í 1. mgr. er átt við frystingu, söltun, herslu og hverja þá aðra verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Til vinnslu í þessu sambandi telst hins vegar ekki reyking, súrsun, niðursuða, niðurlagning og umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu.

☐ Til fiskveiða og vinnslu sjávarafla um borð í skipum í fiskveiðilandhelgi Íslands má aðeins hafa íslensk skip og gildir það einnig um vinnslu sjávarafla skv. 2. málsl. 2. mgr. Íslensk skip eru þau skip sem skráð eru hér á landi samkvæmt lögum um skráningu íslenskra skipa.

#### 2. gr.

☐ Erlendum veiðiskipum og vinnsluskipum er óheimilt að hafast við í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þó er þeim heimil óslitin sigling um fiskveiðilandhelgina, enda hafi þau tilkynnt um veru sína skv. 4. gr. Með ákvæði þessu eru ekki skert þau réttindi sem veitt hafa verið eða kunna að verða veitt öðrum ríkjum með milliríkjasamningum.

#### 3. gr.

☐ Erlendum skipum er heimilt að landa eigin afla, umskipa afla og selja í íslenskum höfnum og sækja þangað alla þá þjónustu er varðar útgerð skips.

☐ [Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er erlendum skipum óheimilt að koma til íslenskrar hafnar í eftirfarandi tilvikum:

1. Skip stundar veiðar eða vinnslu á afla úr sameiginlegum nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og íslensk stjórnvöld hafa ekki gert milliríkjasamning um nýtingu á.
2. Skip stundar veiðar eða vinnslu á afla í bága við samninga um nýtingu og varðveislu lifandi auðlinda hafsins sem Ísland er aðili að, þ.m.t. skip sem hafa verið skráð hjá svæðisbundnum fiskveiðistjórnarstofnunum, og sigla ekki undir fána aðildarríkja þeirra, fyrir brot gegn reglum settum á grundvelli slíkra samninga.
3. Skip stundar veiðar eða vinnslu á afla og er í eigu eða rekstri aðila sem á eða rekur skip sem fellur undir 2. tölul.

③ Óheimilt er að veita skipum sem um ræðir í 2. mgr., skipum sem flytja afla þeirra og skipum sem þjónusta þau, sem og útgerðum þessara skipa, þjónustu, þ.m.t. í íslenskum höfnum, í fiskveiðilandhelgi Íslands og utan hennar. Komist skip sem um ræðir í 2. mgr. til íslenskrar hafnar er óheimilt að landa eða umskipa afla í höfn og skal án tafar vísa skipunum úr höfn eftir að þau hafa verið skoðuð af eftirlitsaðilum og eftir atvikum veitt neyðaraðstoð. Kaupendum afla, svo og umboðsmönnum, útflytjendum, flutningsaðilum, bönkum, lánastofnunum og opinberum stofnunum er skylt að láta ráðuneytinu eða Fiskistofu í té, ókeypis og í því formi sem þessi stjórnvöld ákveða, allar þær upplýsingar sem unnit er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd þessarar greinar.]<sup>1)</sup>

④ Ráðherra getur ákveðið að ákvæði [2.-3. mgr.]<sup>1)</sup> gildi gagnvart skipum ef fánaríki skipsins er ekki aðili að samningi sem gildir um stjórn þeirra veiða sem viðkomandi skip stundar eða fylgir ekki þeim reglum sem settar eru samkvæmt þeim samningi, enda sé Ísland aðili að honum. Þá getur ráðherra ákveðið að ákvæði [2.-3. mgr.]<sup>1)</sup> taki til erlendra skipa sé slíkt talið nauðsynlegt til verndar lifandi auðlindum hafsins.

⑤ Ákvæði þessarar greinar takmarka ekki rétt erlendra skipa til löndunar, umskipunar eða þjónustu hér á landi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að eða gildandi þjóðarétti. Ráðherra er heimilt að víkja frá ákvæði [2.-4. mgr.]<sup>1)</sup> þegar sérstaklega stendur á. Ákvæði þessarar greinar skerða ekki rétt erlendra skipa til að koma til hafnar þurfi þau á neyðarþjónustu að halda og heimilt er þeim að leita vars við stendur landsins, enda verði Landhelgisgæslu Íslands tilkynnt um það.

⑥ [Landhelgisgæslan skal, ef við á, krefja fánaríki skips um staðfestingu, innan frests sem ákvæðinn er í reglugerð, til samræmis við ákvæði 4. gr., um að afli um borð í skipinu hafi ekki verið veiddur í bága við ákvæði 1.-3. tölul. 2. mgr., skipið hafi ekki verið við starfsemi sem greinir í 1. málsl. 3. mgr. eða stundað veiðar eða vinnslu afla þannig að gangi gegn verndartilgangi skv. 4. mgr. Í þessum tilvikum gilda fyrirmæli 3. mgr. um skipið þar til fullnægjandi staðfesting hefur borist eða ella þykir sýnt, að höfðu samráði við Fiskistofu eða ráðherra ef við á, að skipið falli ekki undir ákvæði þessarar greinar. Þó er heimilt, hafi skipið komið til hafnar, að landa afla úr skipinu til geymslu meðan beðið er staðfestingar fánaríkis. Óheimilt er að ráðstafa aflanum frekar og er Fiskistofu heimilt að setja hann undir innsigli. Falli skipið og afli þess undir ákvæði þessarar greinar skal aflinn gerður upptækur og skipi þegar vísað úr höfn. Hafi staðfesting fánaríkis ekki borist innan tiltekins hæfilegs tíma frá því að hennar var óskað, sbr. reglugerð, skal gera aflann upptækan.]<sup>1)</sup>

⑦ [Fiskistofa skal skora á hvern þann sem vanrækir að veita stofnuninni upplýsingar skv. 3. mgr. að bæta úr. Um leið skal hlutaðeiganda gefinn kostur á að upplýsa um ástæður tafa við upplýsingaskil. Leiðbeina skal um að dagsektir verði lagðar á að sjö dögum liðnum hafi umræddar upplýsingar ekki borist, nema hlutaðeigandi upplýsi sannanlega um ástæður sem honum verður ekki um kennt og gerðu honum ókleift að veita upplýsingarnar. Jafnskjótt og slíkum tálmunum lýkur skal veita Fiskistofu upplýsingarnar.

⑧ Dagsektir geta numið frá 10 þús. kr. til 1 millj. kr. fyrir hvern byrjaðan dag og heimilt er að ákveða þær sem hlutfall af tilteknum stærðum í rekstri eftirlitsskylds aðila. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu og fjárhagslegs styrkleika viðkomandi aðila. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynna skriflega þeim sem hún beinist að. Ákvörðun um dagsektir felur í sér að sá aðili sem ákvörðunin beinist að skal greiða sekt fyrir hvern dag frá og með upphafi fyrsta virka dags eftir að honum var tilkynnt um ákvörðunina og er það tímamark jafnframt gjalddagi kröfunnar. Síðasti sektardagur skal vera sá dagur þegar upplýsingum hefur verið skilað. Dagsektir eru aðfararhæfar og greiðast í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtu. Heimilt er að fella óinnheimtar dagsektir niður veiti aðilar síðar upplýsingar.

⑨ Ákvörðun um dagsektir má kæra til ráðuneytisins innan fjórtán daga frá því að hún er tilkynnt þeim sem hún beinist að. Kæra til ráðuneytisins frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Sé mál

höfðað til ógildingar ákvörðunar Fiskistofu um dagsektir er ekki heimilt að innheimta þær fyrr en dómur hefur fallið, enda hafi ekki verið haggð við gildi ákvörðunarinnar í honum. Þrátt fyrir kæru eða málshöfðun til ógildingar ákvörðunar um dagsektir leggjast dagsektir áfram á viðkomandi aðila.

☐ Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um ákvörðun og innheimtu dagsekta í reglugerð.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 38/2015, 1. gr. <sup>2)</sup>L. 85/2022, 5. gr.

4. gr.

☐ Erlend veiðiskip og vinnsluskip skulu tilkynna Landhelgisgæslu Íslands með sex klukkustunda fyrirvara um komu sína í og siglingu út úr fiskveiðilandhelgi Íslands og gefa upp staðsetningu. Meðan á siglingu þeirra í landhelginni stendur skulu þau á [a.m.k.]<sup>1)</sup> tólf klukkustunda fresti gefa upp staðsetningu, stefnu og hraða. [Erlend veiðiskip og vinnsluskip sem sigla um íslenska fiskveiðilandhelgi skulu hafa uppi fána síns ríkis til auðkenningar.]<sup>1)</sup> Auk þess skulu þau erlendu skip sem hyggjast leita hafnar hér á landi tilkynna Landhelgisgæslunni um magn afla og tegundir um borð í skipinu, hvaða veiðar skipið hefur stundað og á hvaða svæði og hvaða þjónustu skipið sækir til viðkomandi hafnar. [...]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 38/2015, 2. gr.

5. gr.

☐ [Um veiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands skulu, ef ekki er um annað samið í milliríkjasamningum, gilda ákvæði laga og reglugerða sem gilda um veiðar íslenskra skipa í fiskveiðilandhelginni eftir því sem við á. Sama gildir um vigtun og skráningu sjávarafra erlendra skipa sem landað er í íslenskum höfnum, sbr. þó 9. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 85/2022.

6. gr.

☐ Fiskistofa gefur út tímabundin leyfi til erlendra skipa í samræmi við ákvarðanir [ráðuneytisins]<sup>1)</sup> þar að lútandi. Stjórnvöld í því ríki sem veitt hafa verið réttindi með milliríkjasamningi skulu sækja til Fiskistofu um leyfi til að stunda veiðar á grundvelli samningsins. [Óheimilt er að gefa út leyfi til erlendra skipa sem notuð hafa verið til brota gegn lögum þessum, öðrum lögum um fiskveiðar, stjórnvaldsreglum settum með heimild í þeim, reglum svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana og/eða milliríkjasamninga.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 126/2011, 261. gr. <sup>2)</sup>L. 22/2007, 2. gr.

7. gr.

☐ Eftirlit með framkvæmd laga þessara er í höndum Landhelgisgæslunnar, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu. Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í erlend veiðiskip sem stunda veiðar innan fiskveiðilandhelginnar. Skal útgerð skipsins sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru við eftirlitsstörf um borð í veiðiskipinu og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

☐ Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit skv. 1. mgr. geti ekki farið fram á sjó skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrir mælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

8. gr.

☐ Fiskistofa getur svipt erlent skip leyfi til veiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa gegn lögum þessum, öðrum lögum sem um veiðarnar gilda, reglugerðum settum með stoð í lögum eða ákvæðum milliríkjasamninga.

9. gr.

☐ [Ráðherra er heimilt með reglugerð<sup>1)</sup> að setja nánari fyrirmæli um:

1. Framkvæmd laga þessara og um framkvæmd einstakra milliríkjasamninga í samræmi við reglur um sambærilegar veiðar íslenskra skipa innan fiskveiðilandhelgi Íslands ef ekki hefur verið um annað samið í milliríkjasamningum.
2. Framkvæmd laga þessara og einstakra milliríkjasamninga sem varða framkvæmd þeirra, m.a. ákvæða um hafnríkiseftirlit. Heimilt er að birta eingöngu erlendan texta þessara fyrirmæla, enda varði þau veiðar erlendra skipa.
3. Veiðarfæri, veiðisvæði og veiðitíma og reglur sem lúta að eftirliti með veiðum erlendra skipa, svo sem um vigtun afla, færslu afladagbóka, rafræna færslu og miðlun upplýsinga o.fl.
4. Tilkynningar til stjórnvalda, fjareftirlit og skyldu til að sigla inn í og út úr fiskveiðilandhelgi Íslands á tilteknum athugunarstöðvum.
5. Skráningu og birtingu upplýsinga um hafnir sem heimilað er að taka við erlendum fiskiskipum.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 572/2021 (um heimild færeyskra skipa til sildveiða við Ísland á árinu 2021). Rg. 100/2021 (um línuveiðar norskra skipa í íslenski fiskveiðilandhelgi árið 2021). Rg. 110/2018 (um botnfiskveiðar færeyskra skipa í íslenski fiskveiðilandhelgi). Rg. 659/2014 (um vigtun og skráningu meðafla við veiðar á uppsjávarfiski), sbr. 862/2020. Rg. 1133/2013 (um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenski fiskveiðilögsögu). Rg. 1170/2013 (um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands), sbr. 1032/2017. <sup>2)</sup>L. 38/2015, 3. gr.

10. gr.

☐ Ákvæði 11.–15. gr. eiga við sé brotið gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim nema þyngri refsing liggji við brotinu samkvæmt öðrum lögum eða reglugerðum settum með stoð í þeim.

11. gr.

☐ Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfellt eða ítrekað ásetningsbrot að ræða gilda ekki sektarhámark þau sem sett eru í 12. gr. Auk þess skal heimilt í þeim tilvikum að gera allan afla skipsins og öll veiðarfæri um borð í skipinu upptæk. Í stað þess að gera afla og veiðarfæri upptæk samkvæmt þessari grein er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis aflans og veiðarfæra samkvæmt mati dómkvaddra manna.

12. gr.

☐ Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum sem eigi skulu nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 4.000.000 kr., eftir eðli og umfangi brots.

13. gr.

☐ Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Ákvarða má sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmann lögaðila, starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn, starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

☒ Tilraun til eða hlutdeild í brotum á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.



14. gr.

☐ Hafri afli fengist á ólögmaetan hátt skulu brot auk refsingar samkvæmt framansögðu varða upptöku afla. Komi í ljós við athugun á afla um borð í erlendu veiðiskipi að aflamagn um borð í skipinu er ekki í samræmi við skráðan afla í afladagbókum eða tilkynningar til stjórnvalda er heimilt að gera það aflamagn sem umfram er hinn skráða eða uppgefna afla upptækt. Á sama hátt skal gera þann afla upptækan sem umfram er þær heimildir sem erlendum skipum eru veittar af íslenskum stjórnvöldum. Í stað þess að gera afla upptækan samkvæmt þessari grein er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis aflans samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna.

☐ Ólögleg veiðarfæri skulu gerð upptæk. Ólögleg eru þau veiðarfæri eða hluti veiðarfæra sem ekki eru í samræmi við þær reglur sem settar eru um veiðarfæri með stoð í lögum þessum eða í samræmi við ákvæði annarra laga sem vísað er til í lögum þessum.

15. gr.

☐ Heimilt er að kyrrsetja skip sem fært er til hafnar vegna brota á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim. Sé slíkt gert er dómara heimilt að láta það laust ef sett er bankatrygging eða önnur jafngild trygging, að hans mati, fyrir greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku.

☐ Til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skal vera lögveð í skipinu.

☐ [...]¹)

☐ Sektarfé samkvæmt lögum þessum skal renna í Landhelgissjóð Íslands.

<sup>1)</sup>L. 88/2008, 233. gr.

16. gr.

☐ [Lög þessi fela í sér innleiðingu á samningi hafnríkja um aðgerðir til að fyrirbyggja, hindra og uppræta ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar veiðar. Túlka skal ákvæði laganna með hliðsjón af ákvæðum samningsins.]¹)

<sup>1)</sup>L. 38/2015, 4. gr.

[17. gr.]¹)

☐ Lög þessi öðlast þegar gildi. ...

<sup>1)</sup>L. 38/2015, 4. gr.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

☐ [Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. er aðilum sem uppfylla skilyrði 2. másl. 5. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, heimilt að taka á leigu erlent skip, til allt að sex mánaða hvert almanaksár, til veiða og vinnslu samkvæmt veiðiheimildum Íslands á austur-atlantshafsb láuggatúnfiski innan og utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Heimild þessi gildir til og með 31. desember 2028.]¹)

<sup>1)</sup>L. 66/2022, 2. gr.



## Lög nr. 26/1949, um hvalveiðar.

### 1. gr.

☐ [Rétt til að stunda hvalveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð<sup>1)</sup> nr. 299 15. júlí 1975, til að landa hvalafla, þótt utan þeirrar landhelgi sé veitt, og til að verka slíkan afla í landi eða í fiskveiðilandhelgi Íslands, hafa þeir einir, er fengið hafa til þess leyfi [ráðuneytisins].<sup>2)</sup> [Slík leyfi má aðeins veita aðilum er fullnægja skilyrðum til að mega stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.]<sup>3)</sup> Áður en leyfi er veitt, skal ráðherra leita umsagnar [Hafrannsóknastofnunar].<sup>4)</sup><sup>5)</sup>

☐ ...<sup>2)</sup>

☐ Leyfishafi skal á hverjum tíma veita allar þær upplýsingar um starfsemi sína og starfsháttu, sem [ráðuneytið]<sup>1)</sup> telur nauðsynlegar.

<sup>1)</sup>Fellð niður með rg. 971/2019, núverandi rg. nr.163/1973. <sup>2)</sup>L. 126/2011, 24. gr. <sup>3)</sup>L. 23/1991, 5. gr. <sup>4)</sup>L. 157/2012, 1. gr. <sup>5)</sup>L. 40/1979, 1. gr.

### 2. gr.

☐ Erlend skip má ekki nota til hvalveiða nema með leyfi [ráðherra].<sup>1)</sup> Skulu slík leyfi eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn. Eigi skal þetta þó skerða þau leyfi, sem þegar hafa verið veitt.

<sup>1)</sup>L. 126/2011, 24. gr.

### 3. gr.

☐ Óheimilt er að veiða:

- Hvalkálfa og hvali, sem kálfar fylgja.
- Tilteknar tegundir hvala og hvali undir tiltekinni lágmarksstærð, eftir því, sem [ráðuneytið]<sup>1)</sup> ákveður nánari í reglugerð með hliðsjón af alþjóðasamningum um hvalveiðar, sem Ísland er eða kann að gerast aðili að.

<sup>1)</sup>L. 126/2011, 24. gr.

### 4. gr.

☐ Með reglugerð<sup>1)</sup> getur [ráðuneytið]:<sup>2)</sup>

- Bannað hvalveiðar á tilteknum svæðum.
- Takmarkað veiðar við ákveðinn tíma árs.
- Takmarkað heildarveiðimagn, veiðimagn ákveðins fyrirtækis, leiðangurs eða landstöðvar.
- Takmarkað veiðibúnað.
- Bannað íslenskum ríkisborgurum og þeim, sem heimilisfang eiga á Íslandi, að taka þátt í hvalveiðum, sem ekki eru háðar jafnströngum fyrirmælum og þeim, sem á Íslandi gilda.
- Sett hvers konar önnur ákvæði, sem talin eru nauðsynleg vegna þátttöku Íslands í alþjóðasamningum um hvalveiðar.

<sup>1)</sup>Rg. 163/1973, sbr. 304/1983, 239/1984, 862/2006, 822/2007, 456/2008, 58/2009, 263/2009, 359/2009, 1116/2013, 263/2014 og 186/2019. Rg. 489/2009, sbr. 533/2018. Rg. 1035/2017. <sup>2)</sup>L. 126/2011, 24. gr.

### 5. gr.

☐ Verkun hvalafla má einungis fara fram á þeim stöðum, sem [ráðuneytið]<sup>1)</sup> samþykkir. Ráðuneytið setur nánari fyrirmæli um fyrirkomulag verkunarinnar, þannig, að af henni hljóti sem minnst ónæði fyrir aðra. Jafnframt skulu sett fyrirmæli um nýtingu hvals til fullnustu.

<sup>1)</sup>L. 126/2011, 24. gr.

6. gr.

☐ [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> setur reglur um eftirlit með hvalveiðum samkvæmt lögum þessum, og skal þar gert ráð fyrir, að skipaðir verði opinberir eftirlitsmenn, er laun taki úr ríkissjóði.

☐ Jafnframt skal ákveða gjald fyrir leyfi samkvæmt 1. gr. laga þessara til að standast kostnaðinn af eftirlitinu.

<sup>1)</sup>L. 126/2011, 24. gr.

7. gr.

☐ Útgerðarmaður hvalveiðiskips ber ábyrgð á því, að ekki sé brotið í bága við lög þessi með notkun skipsins.

8. gr.

☐ [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> getur gefið sérstakt leyfi til hvalveiða í vísindalegu augnamiði. Leyfið skal háð þeim skilyrðum, sem ráðuneytið ákveður, og þarf þá ekki að fylgja fyrirmælum laga þessara.

<sup>1)</sup>L. 126/2011, 24. gr.

9. gr.

☐ Ráðningarkjör hvalveiðimanna skulu ákveðin þannig, að tekjur byggist að miklu leyti á tegund, stærð og verðmæti veiddra hvala, en ekki einungis á fjölda þeirra.

☐ Engin laun má greiða fyrir ólöglega hvalveiði, jafnvel þótt fullnægjandi ástæður séu færðar fyrir veiði hvalsins.

10. gr.

☐ [Brot gegn lögum þessum og reglugerðum eða ákvæðum leyfisbréfa settum samkvæmt þeim skulu varða sektum 2.000–40.000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

☐ Auk þess má láta brot varða fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.

☐ Brot samkvæmt framansögðu skulu og varða upptöku á veiðitækjum skipsins, byssum, skotlínu, skutlum og skotfærum, svo og öllum aflu skipsins.

☐ [Kýrretja skal]<sup>1)</sup> skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum, þegar það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákærvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt og sekt og kostnaður hefur verið greitt að fullu. Þó er heimilt að láta skip laust fyrr, ef sett er bankatrygging, eða önnur trygging jafngild, ...<sup>1)</sup> fyrir greiðslu sektarinnar og málskostnaðar.

☐ Til tryggingar greiðslu sektar samkvæmt þessari grein og kostnaðar skal vera lögveð í skipinu.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 92/1991, 27. gr. <sup>2)</sup>L. 40/1979, 2. gr.

## Lög

### nr. 44/1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins.

#### 1. gr.

☐ [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> skal með reglugerð ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnins, [eða á hafsvæði allt að 200 sjómílum utan við grunnlínu],<sup>2)</sup> þar sem allar veiðar skuli háðar íslenskum reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur. Ráðuneytið skal einnig ákvarða allar þær reglur,<sup>3)</sup> sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum. Ráðstafanir þessar skulu gerðar að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Atvinnudeildar Háskóla Íslands.

Reglugerðin skal endurskoðuð eftir því, sem vísindalegar rannsóknir gefa tilefni til.

<sup>1)</sup>L. 126/2011, 23. gr. <sup>2)</sup>L. 45/1974, 1. gr. <sup>3)</sup>Rg. 78/1978 (um skelfiskveiðar). Rg. 456/2017 (um bann við veiðum á háfi, hámeri og beinhákarli).

#### 2. gr.

☐ Reglum þeim, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal framfylgt þannig, að þær séu ávallt í samræmi við milliríkjasamninga um þessi mál, sem Ísland er aðili að á hverjum tíma.

#### 3. gr.

☐ [Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967,<sup>1)</sup> um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, með síðari breytingum, laga nr. 40 9. júní 1960,<sup>2)</sup> um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, laga nr. 33 19. júní 1922,<sup>3)</sup> um rétt til fiskveiða í landhelgi, með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum ...<sup>4)</sup>]<sup>5)</sup>

<sup>1)</sup>Nú l. 79/1997. <sup>2)</sup>L. 40/1960 eru úr gildi fallin, sbr. l. 102/1973, 2. mgr. 17. gr. <sup>3)</sup>Nú l. 79/1997. <sup>4)</sup>L. 75/1982, 27. gr. <sup>5)</sup>L. 45/1974, 2. gr.

#### 4. gr.

☐ [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> skal, eftir því sem unnt er, taka þátt í alþjóðlegum vísindarannsóknum, er miða að verndun fiskimiða.

<sup>1)</sup>L. 126/2011, 23. gr.



## Lög nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

### Um gjaldtöku.

#### 1. gr.

① [Ólögmætur er sá sjávarafla:

- a. sem er umfram það aflamark eða krókaaflamark sem veiðiskip hefur eða umfram hámarksafla sem veiðiskipi er settur með öðrum hætti,
- b. sem fenginn er án þess að tilskilin veiðileyfi hafi verið fyrir hendi,
- c. sem fenginn er utan leyfilegra veiðidaga, nema um eðlilegan meðafla sé að ræða,
- d. sem fenginn er með óleyfilegum veiðarfærum,
- e. sem fenginn er á svæði þar sem viðkomandi veiðar eru bannaðar,
- f. sem 2. mgr. 7. gr. tekur til.]<sup>1)</sup>

② Greiða skal sérstakt gjald samkvæmt fyrirmælum laga þessara fyrir veiðar, verkun, vinnslu eða viðskipti með ólögmætan sjávarafla.

③ [Gjald skv. 2. mgr. skal renna í sérstakan sjóð í vörslu [ráðuneytisins]<sup>2)</sup> og skal verja fé úr honum til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs og til eftirlits með fiskveiðum. Sjóður þessi nefnist Verkefnasjóður sjávarútvegsins. Ráðherra skal skipa stjórn Verkefnasjóðsins sem skilar tillögum til ráðherra um ráðstöfun fjárens. Ráðherra setur reglur<sup>3)</sup> um stjórn sjóðsins og úthlutun úr honum.]<sup>4)</sup>

④ Nú hefur verið lagt hald á afla og hann gerður upptækur eftir ákvæðum annarra laga og kemur þá ekki til greiðslu gjalds skv. 2. mgr.

<sup>1)</sup>L. 19/2016. <sup>2)</sup>L. 126/2011, 166. gr. <sup>3)</sup>Rgl. 770/2011 (um stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og úthlutun úr sjóðnum). <sup>4)</sup>L. 146/2003, 1. gr.

### Um greiðsluskyldu.

#### 2. gr.

① Gjald skv. 1. gr. skal að jafnaði lagt á þann sem hefur gert út skip eða bát sem veitt hefur gjaldskyldan afla. Ef uppvíst verður um gjaldskyldan afla án þess að unnt reynist að ákvarða hver hafi veitt hann má þó leggja gjaldið á þann sem hefur tekið við aflanum til verkunar eða vinnslu eða hefur haft milligöngu um sölu hans eða afurða úr honum hvort sem er hér á landi eða erlendis, enda hafi þeir vitað eða mátt vita að um ólögmætan sjávarafla var að ræða.

② Gjald skv. 1. gr. verður aðeins lagt á einn þeirra sem taldir eru upp í 1. mgr. Aðrir þeir, sem þar eru taldir og sem uppvíst er að hafi átt þátt í veiðum, verkun, vinnslu eða viðskiptum með gjaldskyldan afla, ábyrgjast þó greiðslu gjaldsins sem eigin skuld með þeim sem gjald er lagt á ef ætla má að þeir hafi vitað eða mátt vita að um ólögmætan sjávarafla var að ræða.

#### 3. gr.

① Gjald skv. 1. gr. skal nema andvirði gjaldskylds afla.

② Ef ekki verður staðreynt hver sú fjárhæð hefur verið skal gjaldið nema því verði sem fengist hefur fyrir samsvarandi afla á þeim stað og því tímabili sem hann barst að landi. Verði gjaldskyldur afla ekki heimfærður til ákveðins tímabils skal verðleggja hann á grundvelli meðalverðs fyrir samsvarandi afla á viðkomandi fiskveiðiári.

③ Ef ekki verður staðreynt af fyrirliggjandi gögnum hvert hafi verið magn eða andvirði gjaldskylds afla skal það áætlað eftir því sem segir í 5. gr.

*Um eftirlit.*

4. gr.

☐ Að því leyti sem fyrirmæli laga fela það ekki öðrum stjórnvöldum hafa eftirlitsmenn Fiskistofu með höndum eftirlit með því hvort sjávarafli er gjaldskyldur samkvæmt lögum þessum. Er [ráðherra]<sup>1)</sup> heimilt að kveða nánar á um eftirlit þetta í reglugerð.

☐ [Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt að kveða á í reglugerð um skyldu útgerðarmanna, fiskverkenda og fiskseljenda til að láta af hendi sérstakar skilagreinar um þann sjávarafla sem þeir hafa til umráða hverju sinni.

<sup>1)</sup>L. 126/2011, 166. gr.

5. gr.

☐ Fiskistofu er heimilt að krefja útgerðarmenn, skipstjórnarmenn, fiskverkendur, fiskseljendur og þá sem hafa haft milligöngu um viðskipti með sjávarafli eða afurðir um öll nauðsynleg gögn og upplýsingar sem þeir geta látið í té og varða, að mati Fiskistofu, ákvörðun um hvort sjávarafli kunni að vera gjaldskyldur samkvæmt lögum þessum. Er þeim sem krafðir eru upplýsinga skylt að láta þær af hendi endurgjaldslaut og í því formi sem Fiskistofa mælist til. Fiskistofu er enn fremur heimilt í sama skyni að krefjast aðgangs að bókhaldsgögnum þeirra, sem áður er getið, samningum þeirra, verslunarbréfum og öðrum slíkum gögnum, svo og að skrifstofum þeirra, vinnustöðvum, vinnsluhúsum, vörugeymsluhúsum og öðrum slíkum stöðum til birgðakönnunar og annars eftirlits.

☐ Í sama tilgangi er Fiskistofu heimilt að krefjast upplýsinga af félögum og félagasamtökum útgerðarmanna, fiskverkenda, fiskseljenda og af félögum annarra sem hlut geta átt að máli, um viðskipti félagsmanna þeirra og aðra starfsemi sem þau hafa gögn eða upplýsingar um.

☐ Ef Fiskistofa telur fram komin gögn eða upplýsingar ófullnægjandi, óglögg, tortryggileg eða ekki látin í té í umbeðnu formi eða hún telur frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal hún skora skriflega á þann sem kann að verða krafinn um gjald skv. 1. gr. að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýrslur og þau gögn sem þeir telja þörf á. Ef ekki er bætt úr annmörkum, svar berst ekki innan tiltekins tíma, þau gögn eru ekki send sem óskað er eftir eða fram komin gögn eða upplýsingar eru ófullnægjandi eða tortryggileg að mati Fiskistofu skal hún áætla magn og andvirði sjávarafli eftir þeim gögnum og upplýsingum sem fyrir liggja.

*Um úrskurðaraðila.*

6. gr.

☐ [...]¹)

<sup>1)</sup>L. 88/2020, 23. gr.

7. gr.

☐ Ef rökstudd ástæða kemur fram við framkvæmd eftirlits til að ætla að einhver sá, sem fyrirmæli 2. gr. taka til, hafi haft gjaldskyldan sjávarafli til umráða skal Fiskistofa leggja gjald á hlutaðeigandi aðila skv. 1. gr.

☐ Nú sýna starfsmenn Fiskistofu fram á að verkun, vinnsla eða sala tiltekins aðila á sjávarafli eða afurða úr honum sé umfram uppgefin kaup hans eða aðföng og er þá heimilt að leggja á viðkomandi aðila gjald skv. 1. gr. um mismuninn enda þótt sjávarafliinn verði ekki rakinn til ákveðins veiðiskips eða tímabils.

☐ [...]¹)

☐ [...]¹)

<sup>1)</sup>L. 88/2020, 24. gr.



8. gr.

☐ Nú vill aðili eigi sætta sig við ákvörðun Fiskistofu um álagningu gjalds samkvæmt lögum þessum getur hann þá skotið henni til ráðherra til úrskurðar, enda geri hann það innan tveggja vikna frá því að hann fékk vitneskju um ákvörðunina.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 88/2020, 25. gr.

9. gr.

☐ [...] <sup>1)</sup>Hafi þess verið krafist skal jafnframt kveðið á um hvort aðrir ábyrgist greiðslu gjaldsins skv. 2. mgr. 2. gr. Heimild til álagningar gjalds nær til gjalds vegna afla síðustu fjögurra fiskveiðiára sem næst eru á undan því fiskveiðiári sem álagning Fiskistofu fer fram á.

☐ [...] <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 88/2020, 26. gr.

Um innheimtu.

10. gr.

☐ Fiskistofa fer með [álagningu og] <sup>1)</sup>innheimtu gjalds skv. 1. gr. [Ráðherra] <sup>2)</sup>er þó heimilt að fela innheimtumönnum ríkissjóðs eða öðrum aðilum innheimtu þess.

☐ Gjald skv. 1. gr. fellur í gjalddaga við álagningu. Ber það dráttarvexti samkvæmt ákvæðum vaxtalaga frá því 30 dagar eru liðnir frá gjalddaga þess.

☐ Álagning gjalds eða úrskurður um gjalddöku skv. 1. gr. eru aðfararhæfar ákvarðanir, bæði gagnvart þeim sem gjald hefur verið lagt á og þeim sem bera ábyrgð á greiðslu þess samkvæmt úrskurði. Má Fiskistofa krefjast fullnustu með fjárnámi þegar liðnir eru 30 dagar frá dagsetningu álagningar eða uppkvaðningu úrskurðar. [Ef gjald, sem lagt hefur verið á útgerð skips sem veitt hefur hinn gjaldskylda afla, hefur ekki verið greitt þegar sá tími er kominn að krefjast má fullnustu þess með fjárnámi skal Fiskistofa svipta hlutaðeigandi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni þar til skuldin greiðist eða samið hefur verið um greiðslu hennar. Gildir þetta einnig þótt eigendaskipti hafi orðið á skipi, enda hafi eigendaskiptin ekki orðið við nauðungaruppböð eða gjaldprotaskipti. Standi útgerð ekki við samning um greiðslu skuldar er Fiskistofu heimilt að svipta skip fyrirvaralaust leyfi til veiða í atvinnuskyni.] <sup>3)</sup>

☐ Ágreining um skyldu til greiðslu gjalds skv. 1. gr. eða um ábyrgð á greiðslu þess má bera undir dómstóla sé það gert innan 30 daga frá uppkvaðningu úrskurðar [skv. 8. gr.] <sup>1)</sup>Slíkt málskot frestar ekki fullnustu úrskurðar.

<sup>1)</sup>L. 88/2020, 27. gr. <sup>2)</sup>L. 126/2011, 166. gr. <sup>3)</sup>L. 146/2003, 4. gr.

11. gr.

☐ Ef [ráðherra] <sup>1)</sup>telur veiðar á gjaldskyldum afla samkvæmt lögum þessum brjóta gegn refsíákvæðum annarra laga er honum rétt að tilkynna það ríkissaksóknara. Slík tilkynning eða ... <sup>2)</sup>rannsókn eða höfðun [sakamáls] <sup>2)</sup>í tilefni hennar raskar því ekki að gjald verði lagt á eftir fyrir mælum þessara laga.

<sup>1)</sup>L. 126/2011, 166. gr. <sup>2)</sup>L. 88/2008, 234. gr.

Um dagsektir.

12. gr.

☐ Hver sá, sem tregðast við að láta Fiskistofu í té upplýsingar er varða gjaldskyldu annarra eða tregðast við að veita aðgang að aðstöðu eða gögnum, sbr. 5. gr., skal sæta dagsektum. [Ráðherra] <sup>1)</sup>kveður á um skyldu til greiðslu dagsekta og mega þær nema allt að 10.000 kr. á dag. Dagsektir má innheimta með fjárnámi.

<sup>1)</sup>L. 126/2011, 166. gr.

*Um gildistöku o.fl.*

13. gr.

☐ Lög þessi öðlast gildi 1. september 1992.

☐ [...] <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 88/2020, 27. gr.

14. gr.

☐ [...] <sup>1)</sup>

☐ [Ráðherra] <sup>2)</sup> setur reglugerð <sup>3)</sup> um nánari framkvæmd laga þessara.

<sup>1)</sup>L. 88/2020, 29. gr. <sup>2)</sup>L. 126/2011, 166. gr. <sup>3)</sup>Rg. 470/2012 (um veiðar á lúðu), sbr. 522/2013 og 1028/2013. Rg. 456/2017 (um bann við veiðum á háfi, hámeri og beinhákarli).

## Lög nr. 145/2018, um veiðigjald.

### 1. gr.

#### *Markmið.*

¶ Veiðigjald er lagt á í þeim tilgangi að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu og til að tryggja þjóðinni í heild beina og sýnilega hlutdeild í afkomu við veiðar á nytjastofnum sjávar.

### 2. gr.

#### *Gjaldskylda.*

¶ Eigandi íslensks fiskiskips er gjaldskyldur samkvæmt lögum þessum og ber ábyrgð á greiðslu veiðigjalds af öllum afla skipsins úr nytjastofnum sjávar, sbr. 3. gr.

### 3. gr.

#### *Gjaldstofn.*

¶ Stofn til álagningar veiðigjalds er allur afli íslenskra fiskiskipa úr nytjastofnum sjávar samkvæmt aflaskráningarkerfi Fiskistofu að frátöldum afla sem reiknast ekki til aflamarks skips skv. 9. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða, ólögætum sjávarafla, rannsóknarafla og afla úr stofnum sem ekki er stjórnað með aflamarki, öðrum en makríl.

¶ Þorskur og meðafli hans í rússneskri og norskri lögsögu sem og úthafskarfi sem veiddur er á ICES-svæði I og II (í Síldarsmugunni) myndar ekki stofn veiðigjalds.

¶ Nytjastofnar sem hafa minna aflaverðmæti en 100 millj. kr. á ári samkvæmt vegnu meðaltali næstliðinna þriggja ára mynda ekki stofn veiðigjalds.

### 4. gr.

#### *Fjárhæð veiðigjalds.*

¶ Ríkisskattstjóri gerir tillögu um fjárhæð veiðigjalds hvers nytjastofns fyrir komandi veiðigjaldsár til þess ráðherra sem fer með sjávarútvegsmál eigi síðar en 1. desember. Skal tillagan vera um að veiðigjaldið nemi 33% af reiknistofni hvers nytjastofns skv. 5. gr. Ráðherra auglýsir gjaldið sem krónur á kílógramm landaðs óslægðs afla fyrir áramót. Veiðigjaldsár er almanaksár.

### 5. gr.

#### *Reiknistofn.*

¶ Stofn til ákvörðunar veiðigjalds hvers nytjastofns skal reikna í þremur skrefum. Fyrst skal reikna fyrir hvert fiskiskip. Frá aflaverðmæti hvers nytjastofns sem skipið veiðir skal draga hlutdeild stofnsins í breytilegum og föstum kostnaði skipsins við veiðiúthald. Hlutdeild í breytilegum og föstum kostnaði við veiðiúthald skal vera jöfn hlutdeild aflaverðmætis stofnsins af heildaraflaverðmæti skipsins á almanaksári. Þessu næst skal leggja saman þá niður- stöðu fyrir öll fiskiskip sem veiddu nytjastofninn. Að lokum skal deila í samtölu þessa með öllu aflamagni nytjastofnsins hjá öllum fiskiskipunum á sama almanaksári. Reikna skal til króna á kílógramm landaðs óslægðs afla.

¶ Aflaverðmæti skal umreikna úr slægðum eða unnum afla til óslægðs afla og skal við þessa reikninga lækka skráð aflaverðmæti landaðs frysts afla um 1/10 til að taka tillit til vinnslu um borð í skipum. Hækka skal skráð aflaverðmæti síldar, loðnu, kolmunna og makrils um 1/10. Til breytilegs kostnaðar við fiskveiðar telst launakostnaður áhafna, eldsneyti eða annar orkugjafi fiskiskipa,

veiðarfærakostnaður, viðhald fiskiskipa, frystikostnaður og umbúðir, löndunarkostnaður, hafnar-gjöld og eftirlits- og leyfisgjöld í fiskveiðum önnur en veiðigjald, flutningskostnaður, tryggingar, sölukostnaður og stjórnunarkostnaður. [Til fasts kostnaðar við fiskveiðar teljast skattalegar fyrningar skipa og skipsbúnaðar. Séu skattalegar fyrningar samtals hærri en 20% af fyrningargrunni að viðbættum 200 millj. kr. skal ríkisskattstjóri dreifa því sem umfram er á næstu fimm ár. Áætluð vaxtagjöld skulu nema sömu fjárhæð og þær fyrningar sem lagðar eru til grundvallar útreikningi á veiðigjaldi á ári hverju.]<sup>1)</sup>

③ Eigendum, útgerðaraðilum og rekstraraðilum íslenskra fiskiskipa er skylt að skila sérstakri greinargerð um tekjur og kostnað af veiðum fiskiskipa og úthaldi þeirra, sundurgreint á einstök fiskiskip, með skattframtölum á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Ákvæði 90. og 92.–94. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, gilda um öflun og skil þessara upplýsinga, eftir því sem við á. Sé upplýsingum ekki skilað eða ef upplýsingar sem látnar eru í té reynast ófullnægjandi eða ótrúverðugar, eða frekari þörf er talin á upplýsingum um einstök atriði, skal ríkisskattstjóri skora á viðkomandi að bæta úr. Verði áskorun um úrbætur ekki sinnt skal áætla tekjur og kostnað og skal miða fjárhæð kostnaðar við að hún sé ekki hærri en raunverulegur kostnaður. Við þessa áætlun er heimilt að taka mið af gögnum og upplýsingum sem aflað er hjá opinberum stofnunum og einkaaðilum. Jafnframt er heimilt að leiðrétta sýnilegar villur eða mistök í upplýsingum. Fiskistofu er heimilt að miðla upplýsingum til embættis ríkisskattstjóra úr aflaskýrslum og vigtar- og ráðstöfunarskýrslum og skal hún vera embættinu til ráðuneytis um þau gögn sem stofnunin lætur því í té.

④ Komi í ljós við yfirferð greinargerðar sem getur í 3. mgr. að hún er ranglega útfyllt þannig að tekjur eru verulega vantaldar eða kostnaður oftalinn skal ríkisskattstjóri leggja á rekstraraðila sérstakt gjald sem nemur 5% af vantalinni tekju fjárhæð og/eða oftöldum kostnaði. Gjald þetta skal leggja á óháð því hvort vantaldar tekjur og/eða oftalinn kostnaður leiðir sem slíkur til leiðréttingar á reiknistofni veiðigjalds. Þá varðar engu þótt leiðrétting sé gerð síðar en tillaga er gerð til ráðherra skv. 4. gr. Ákvörðun ríkisskattstjóra um álagningu þessa gjalds er kæránleg til yfirkattanefndar, sbr. lög nr. 30/1992.

⑤ Í þeim tilvikum þegar ekki liggja fyrir full skil upplýsinga sem getur í 2. og 3. mgr. skal engu síður reikna stofn veiðigjalds fyrir nytjastofna, eftir atvikum með beitingu þeirra heimilda sem kveðið er á um í 3. mgr.

⑥ Hafí útreikningur reiknistofns reynst verulega rangur af einhverjum ástæðum er heimilt að endurákvarða gjaldið, samkvæmt ákvæðum 4. gr., til allt að síðustu tveggja veiðigjaldsára, þótt í ljós hafi komið að álagning hafi verið of lág.

<sup>1)</sup>L. 111/2022, 1. gr.

6. gr.

#### *Álagning o.fl.*

① Skráður eigandi skips við álagningu veiðigjalds er ábyrgur fyrir greiðslu þess. Ef fleiri en einn eigandi eru að skipi bera allir eigendur þess óskipta ábyrgð á greiðslu veiðigjalds.

② Fiskistofa leggur á veiðigjald. Veiðigjald fellur í gjalddaga 1. hvers mánaðar vegna veiða þarsíðasta mánaðar. Við álagningu skal leiðrétta fyrir slægingu eða annarri aflameðferð fyrir löndun ef við á.

③ Við álagningu veiðigjalds skal frítekjumark nema 40% af fyrstu 6 millj. kr. álagningar hvers árs hjá hverjum gjaldskyldum aðila. Þessi fjárhæð tekur breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs frá septembermánuði 2015 fram að ákvörðunardegi skv. 4. gr.

7. gr.

*Innheimta.*

☐ Innheimtumenn ríkissjóðs innheimta veiðigjald og fer ríkisskattstjóri með samræmingar- og eftirlitshlutverk við innheimtu þess, sbr. 1. mgr. 111. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Sé veiðigjald ekki greitt innan 14 daga frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Sé veiðigjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal Fiskistofa fella almennt veiðileyfi hlutaðeigandi skips niður. Innheimtumönnum ríkissjóðs er heimiluð miðlun upplýsinga af þessu tilefni. Kröfum um greiðslu veiðigjalds fylgir lögveð ríkissjóðs í hlutaðeigandi skipi í fjögur ár frá gjalddaga. Lögveðið nær einnig til dráttarvaxta og innheimtukostnaðar.

☐ Fiskistofa birtir árlega upplýsingar um álagningu veiðigjalds. Upplýsingar um álagningu og innheimtu veiðigjalds á hvern og einn greiðanda eru opinberar upplýsingar sem öllum er heimill aðgangur að.

8. gr.

*Sérákvæði.*

☐ Veiðigjald fyrir hvern hval er sem hér segir: i) langreyður 50.000 kr., ii) hrefna 8.000 kr. Veiðigjald á sjávargróður er sem hér segir: 500 kr. á hvert landað tonn [...] <sup>1)</sup> hrossþara og stórþara (blautvigt). Þessar fjárhæðir taka breytingum samkvæmt vísitölu neysliverðs frá septembermánuði 2015 fram að ákvörðunardegi skv. 4. gr.

☐ Veiðigjald telst rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.

☐ Í milliríkjasamningi um heimildir erlendra fiskiskipa til fiskveiða innan íslenskrar lögsögu eða samkvæmt aflaheimild íslenskra stjórnvalda í deilistofnum er heimilt að semja um fjárgreiðslu til íslenskra stjórnvalda. Ákvæði 6. og 7. gr. þessara laga gilda í slíkum tilvikum, eftir því sem við á.

<sup>1)</sup>L. 65/2022, 7. gr.

9. gr.

*Refsingar og viðurlög.*

☐ Skýri aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi með röngum eða villandi hætti frá upplýsingum sem getur í 3. og 5. gr. varðar það fjársekt. Stórfelld brot gegn ákvæði þessu, eða samlög um slíka háttsemi, varða allt að tveggja ára fangelsi. Um meðferð mála samkvæmt þessari grein fer samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

10. gr.

*Gildistaka.*

☐ Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Ákvæði til bráðabirgða.

☐ Þrátt fyrir ákvæði þessara laga skal veiðigjald á landaðan afla frá og með 1. janúar til 31. desember 2019 nema í krónum á hvert kílógramm óslægðs afla þeim fjárhæðum sem hér segir:

Blálanga	6,90 kr./kg
Djúpkarfi	11,32 kr./kg
Grálúða	35,19 kr./kg
Gullax	4,14 kr./kg
Hlýri	12,56 kr./kg
Humar	18,91 kr./kg
Íslensk sumargotssíld	2,27 kr./kg
Karfi/gullkarfi	8,14 kr./kg
Keila	4,69 kr./kg
Kolmunni	0,57 kr./kg
Langa	8,42 kr./kg
Langlúra	4,83 kr./kg
Litli karfi	4,55 kr./kg
Loðna	2,13 kr./kg
Makríll	3,55 kr./kg
Norsk-íslensk síld	2,27 kr./kg
Rækja	0,00 kr./kg
Sandkoli	2,48 kr./kg
Skarkoli	10,35 kr./kg
Skráplúra	2,62 kr./kg
Skötuselur	10,76 kr./kg
Steinbítur	8,42 kr./kg
Ufsi	7,73 kr./kg
Úthafsækja	0,00 kr./kg
Ýsa	16,15 kr./kg
Þorskur	13,80 kr./kg
Þykkvalúra	23,74 kr./kg

## Lög nr. 79/2005, um uppboðsmarkaði sjávaraflla.

### 1. gr.

☐ Lög þessi taka til starfsemi uppboðsmarkaða fyrir sjávaraflla.

☐ [Ráðherra]<sup>1)</sup> veitir leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar fyrir sjávaraflla. Við veitingu leyfa skal ráðherra m.a. meta hvort skilyrði séu til frjálsrar verðmyndunar á uppboðsmarkaði með hliðsjón af líklegu fiskframboði, fjölda fiskvinnslustöðva á markaðssvæði og starfsemi annarra uppboðsmarkaða.

☐ Svipta má aðila leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar fullnægi hann ekki skilyrðum settum í lögum þessum eða reglugerð um starfsemi uppboðsmarkaða, sbr. 5. gr.

<sup>1)</sup>L. 126/2011, 407. gr.

### 2. gr.

☐ Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Leyfishafi*: Sá sem fengið hefur leyfi ráðherra samkvæmt lögum þessum til að starfrækja uppboðsmarkað fyrir sjávaraflla.

2. *Reiknistofa uppboðsmarkaða*: Aðili sem leyfishafi hefur falið að sjá um framkvæmd uppboða skv. 5. tölul. og þá starfsemi sem tilgreind er í 6. gr. Reiknistofa skal uppfylla þau skilyrði sem ráðherra setur með reglugerð skv. 5. gr.

3. *Uppboðsmarkaður*: Markaður þar sem sjávarafli, eldistegundir bæði úr ferskvatns- og sjávareldi, vatnafiskur og afurðir úr framantöldu eru seldar á frjálsum uppboði. Uppboðsmarkaður getur jafnframt veitt aðra þjónustu sem tengist sölunni.

4. *Uppboðsstaður*: Staður þar sem aðilar geta kynnt sér afla sem seldur verður á uppboði.

5. *Uppboðsstjóri*: Sá aðili sem leyfishafi hefur falið að annast framkvæmd uppboðs og hlotið hefur löggildingu ráðherra til þeirra starfa. Leyfishafi hefur heimild til að fela reiknistofu uppboðsmarkaða að sjá um framkvæmd uppboðs.

### 3. gr.

☐ Leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar má einungis veita aðilum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a. Hafa íslenskan ríkisborgarétt og eiga lögheimili hér á landi. Erlendur ríkisborgari sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfellt í a.m.k. eitt ár skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang. [Skilyrði um íslenskan ríkisborgarétt og lögheimili hér á landi ná ekki til einstaklinga sem hafa ríkisfang og búsettir eru í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða til Færeyinga búsettra í Færeyjum eða á Íslandi.]<sup>1)</sup>

b. Eru fjárráða.

c. Hafa forræði á búi sínu.

☐ Enn fremur má veita hlutafélögum eða öðrum lögaðilum sem eiga heimili hér á landi leyfi til reksturs, enda uppfylli stjórnarmenn og framkvæmdastjórar lögaðila skilyrði b- og c-liðar 1. mgr. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í skal auk þess fullnægt skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

<sup>1)</sup>L. 44/2006, 1. gr.

4. gr.

☐ Um húsnæði og búnað uppboðsmarkaðar og meðferð afla gilda lög nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, og reglur settar á grundvelli þeirra laga eftir því sem við á.

☐ Um vigtun afla gilda ákvæði laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og reglur sem settar eru á grundvelli þeirra laga eftir því sem við á.

5. gr.

☐ Ráðherra skal í reglugerð<sup>1)</sup> kveða á um útgáfu rekstrarleyfa og starfsemi uppboðsmarkaða, þar á meðal um gagnsæi viðskipta, birtingu uppboðsskilmála og um uppboðslýsingar. Ráðherra setur jafnframt reglur um starfsemi reiknistofu uppboðsmarkaða.

<sup>1)</sup>Rg. 646/2007 (um uppboðsmarkaði sjávarafla), sbr. 774/2007 og 398/2021.

6. gr.

☐ Leyfishafar skulu standa skil á uppboðsandvirði hins selda afla til seljenda og sjá um skil á greiðslum samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

☐ Leyfishafi skal krefjast greiðslutrygginga af kaupanda sé ekki um staðgreiðslu að ræða.

☐ Við skiptingu greiðslna samkvæmt þessari grein skal miða við uppboðsandvirði að frádregnum beinum kostnaði af uppboðinu.

☐ Leyfishafa er heimilt að fela reiknistofu uppboðsmarkaða þann hluta starfsemi sinnar sem mælt er fyrir um í þessari grein.

7. gr.

☐ Um sjávarafla, sem seldur er á uppboðsmarkaði, gilda ekki ákvæði um lágmarksverð samkvæmt lögum nr. 43/1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

8. gr.

☐ Leyfishafi skal hafa í þjónustu sinni a.m.k. einn starfsmann sem sér um framkvæmd uppboðs, uppboðsstjóra, og skal hann hafa löggildingu til starfans.

☐ [Ráðherra]<sup>1)</sup> veitir löggildingu.

☐ Uppboðsstjórar mega hvorki gera boð á uppboði sjálfir né láta aðra gera það fyrir sína hönd.

<sup>1)</sup>L. 126/2011, 407. gr.

9. gr.

☐ ...<sup>1)</sup> Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi og fangelsi allt að tveimur árum sé um stórfellt eða ítrekað ásetningsbrot að ræða.

<sup>1)</sup>L. 88/2008, 233. gr.

10. gr.

☐ Lög þessi öðlast þegar gildi. ...



# Lög

## nr. 24/1986, um skiptaverðmæti.

### I. KAFLI

#### Um skiptaverðmæti sjávarafla.

##### 1. gr.

☐ [Þegar afli fiskiskipa er seldur óunninn hér á landi er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta og aflaverðlauna 75% af því heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir hann. [Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla í þessu sambandi kostnað við kaup á veiðiheimildum.]<sup>1)</sup> Þessi hlutfallstala skal hækka eða lækka við breytingar á verði gasolíu til fiskiskipa með hliðsjón af því gasolíuverði í birgðum olíufélaganna sem olíuverðsákvörðun miðast við hverju sinni. Skiptahlutfallið skal hækka um eitt prósentustig fyrir hverja 12 Bandaríkjadala lækkun á birgðaverði gasolíu niður fyrir 109 Bandaríkjadali á tonn fob en lækka um eitt prósentustig fyrir hverja 12 Bandaríkjadala lækkun á birgðaverði gasolíu umfram 133 Bandaríkjadali á tonn fob. Skiptaverðmæti aflans skal þó aldrei vera lægra samkvæmt þessari grein en 70% af heildarverðmæti. Breytingar á gasolíuverði til fiskiskipa skulu miðast við mánaðamót.

☐ Frá og með 1. júní 1987 skal skiptaverðmæti skv. 1. másl. 1. mgr. hækka í 76% af heildarverðmæti. Frá sama tíma breytist viðmiðun til lækkunar skiptaverðmætishlutfalls skv. 3. másl. 1. mgr. á þann hátt að hlutfallstalan lækki um eitt prósentustig fyrir hverja 12 Bandaríkjadala lækkun á birgðaverði gasolíu umfram 145 Bandaríkjadali á tonn fob.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 79/1994, 10. gr. <sup>2)</sup>L. 21/1987, 1. gr.

##### 2. gr.

☐ Þegar fiskiskip siglir með ísfisk til sölu í erlendri höfn er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta, aflaverðlauna og aukaflaverðlauna 64% af því heildarverðmæti (brúttósöluverðmæti) sem útgerðin fær fyrir hann. Þetta hlutfall skal þó vera 70% þegar fiski er landað til bræðslu erlendis.

##### 3. gr.

☐ [Þegar afli fiskiskips er fluttur ísaður í kössum með öðru skipi til sölu á erlendum markaði skal draga frá heildarverðmæti flutningskostnað, erlenda tolla og kostnað við söluna erlendis annan en umboðslaun. Skiptaverðmæti skal vera 76% af þannig ákveðnu söliverði með þeim breytingum til lækkunar eða lækkunar sem kveðið er á um í 1. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 21/1987, 2. gr.

##### 4. gr.

☐ [Þegar seldur er afli fiskiskips sem frystir bolfisk um borð, heilan eða flakaðan, er skiptaverðmætið 74,5% af fob-verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Þetta skiptahlutfall skal þó vera 69% af cif-verðmætinu sé þannig samið um sölu framleiðslunnar.

☐ Þegar seldur er afli fiskiskips sem frystir rækju um borð er skiptaverðmætið 71,5% af fob-verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Þetta hlutfall skal þó vera 66% af cif-verðmætinu sé þannig samið um sölu framleiðslunnar.

☐ Skiptahlutfallið skal hækka eða lækka um hálf prósentustig fyrir hvert eitt prósentustig sem skiptahlutfallið breytist til lækkunar eða lækkunar skv. 1. og 2. mgr. 1. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 21/1987, 3. gr.

## II. KAFLI.

☐ ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 44/2013, 1. gr.

## III. KAFLI.

☐ ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 93/1986, 11. gr.

## IV. KAFLI.

☐ ...

## V. KAFLI.

☐ ...

## VI. KAFLI.

### **Um reglugerð og gildistöku.**

16. gr.

☐ [Ráðherra setur nánari reglur<sup>1)</sup> um framkvæmd laga þessara.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 147/1998. <sup>2)</sup>L. 44/2013, 2. gr.

17. gr.

☐ Lög þessi öðlast þegar gildi og taka ákvæði þeirra til fiskafla og sjávarafurðaframleiðslu frá og með 15. maí 1986. ...

18. gr.

☐ [Brot á 2. máls. 1. mgr. 1. gr. varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. ...<sup>1)</sup>] <sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 88/2008, 233. gr. <sup>2)</sup>L. 79/1994, 11. gr.

### **Ákvæði til bráðabirgða.**

#### **I.**

...

☐ [Eignum Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa og Framkvæmdasjóðs, sem verið hafa í vörslu Fiskveiðasjóðs, skal varið til rannsókna á kjörhæfni veiðarfæra og áhrifum þeirra á lífríki sjávar. Skal ráðherra semja við fjármálastofnanir um varðveislu og innheimtu verðbréfa sjóðanna.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 80/1997, brbákv.

#### **[II.**

...<sup>1)</sup>] <sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>5. mgr. ákvæðisins, sbr. l. 44/2013, 3. gr. <sup>2)</sup>L. 44/2013, 3. gr.

## Lög

### nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

#### I. KAFLI.

#### Verðlagsstofa skiptaverðs.

##### 1. gr.

☐ Hlutverk Verðlagsstofu skiptaverðs er að fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

☐ [Hafi samtök útvegsmanna og sjómanna gert með sér samkomulag um tiltekin markmið um viðmið varðandi verðlagningu á fiski við uppgjör á aflahlut sjómanna á gildistíma kjarasamnings eða ákvarðanir um slíkt hafa verið teknar með öðrum skuldbindandi hætti skulu Verðlagsstofa skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, sbr. II. kafla, stuðla að því með störfum sínum og úrskurðum að þau markmið nái fram að ganga.]<sup>1)</sup>

☐ [Verðlagsstofa skiptaverðs skal hafa aðsetur á Akureyri, nema ráðherra ákveði annað.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 34/2001, 7. gr. <sup>2)</sup>L. 121/1999, 2. gr.

##### 2. gr.

☐ [Ráðherra]<sup>1)</sup> skipar forstöðumann Verðlagsstofu skiptaverðs til fimm ára í senn. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk. [Ráðherra]<sup>1)</sup> getur samið við aðrar ríkisstofnanir um að annast rekstur skrifstofu Verðlagsstofu skiptaverðs eftir því sem hagkvæmt þykir. Þá er ráðherra og heimilt að semja við fagaðila um almenna öflun og úrvinnslu gagna skv. 3. gr.

<sup>1)</sup>L. 126/2011, 259. gr.

##### 3. gr.

☐ Verðlagsstofa skiptaverðs skal afla ítarlegra gagna um fiskverð. Skal hún með skipulegum hætti vinna úr upplýsingunum sundurliðuð yfirlit um fiskverð miðað við einstök landsvæði, tiltekna viðskiptahætti og stærðar- og gæðaflokka. Stofan skal reglulega birta upplýsingar um fiskverð þannig að þær gagnist útvegsmönnum, sjómönnum og fiskkaupendum sem best. Þá skal stofan afla gagna um afurðaverð og horfur um þróun þess.

##### 4. gr.

☐ Til að Verðlagsstofa geti sinnt hlutverki sínu skv. 3. gr. ber Fiskistofu og þeim aðilum sem fyrir hennar hönd safna og vinna úr upplýsingum að veita Verðlagsstofu skiptaverðs aðgang að öllum upplýsingum um ráðstöfun afla og fiskverð. Þá er útgerð skips skylt að senda Verðlagsstofu án tafar alla samninga um fiskverð sem gerðir eru milli útgerðar og áhafnar.

##### 5. gr.

☐ Við athugun einstakra mála getur Verðlagsstofa skiptaverðs krafið sjómenn, útgerðir, kaupendur afla, flutningsaðila, fiskmarkaði, umbodsmenn og aðra þá sem milligöngu hafa um sölu á afla um allar nauðsynlegar upplýsingar. Upplýsinga er hægt að krefjast munnlega eða skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem Verðlagsstofa setur. Þá getur stofan krafði framangreinda aðila um að afhenda gögn til athugunar innan hæfilegs frests.

☐ Verðlagsstofa skiptaverðs getur við athugun einstakra mála krafist upplýsinga frá öðrum stjórnvöldum, þar á meðal skattyfirvöldum og tollyfirvöldum, sem og bönkum og sparisjóðum, óháð þagnarskyldu þeirra.

③ Verðlagsstofa skiptaverðs getur einnig lagt skyldur á þá aðila sem um ræðir í 1. mgr. að upplýsa stofuna reglulega um atriði er máli skipta við framkvæmd laga þessara.

④ [Við upplýsinga- og gagnaöflun samkvæmt þessari grein skal gæta meðalhófsreglu og að kröfur um upplýsingar og gögn séu í samræmi við tilefni. Upplýsingar og gögn má einungis nýta vegna úrskurðar í einstökum málum, í almennum tilgangi skv. 3. gr. eða til að undirbúa ákvarðanir sem Verðlagsstofa skiptaverðs tekur skv. 6. gr. a.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 63/2007, 1. gr.

6. gr.

① [Verðlagsstofa skiptaverðs skal með athugun einstakra mála og úrtakskönnunum fylgjast með því að við uppgjör á aflahlut áhafna sé lagt til grundvallar söluverðmæti afla með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum og samningum á hverjum tíma.]<sup>1)</sup> Telji Verðlagsstofa misræmi milli gagna um söluverðmæti afla og þess verðs sem uppgjör við áhöfn hefur miðast við og framkomnar skýringar ekki fullnægjandi skal hún tilkynna það álit útgerð og áhöfn viðkomandi skips. Skal álit Verðlagsstofu rökstutt og skulu því fylgja nauðsynleg gögn. [Fulltrúar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Sjómannasambands Íslands, Vélstjórufélags Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna skulu hafa aðgang að álitinu.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 63/2007, 2. gr. <sup>2)</sup>L. 34/2001, 8. gr.

[6. gr. a.

① Verðlagsstofa skiptaverðs skal að beiðni Fiskistofu og í tilefni af framsali aflamarks skv. 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, staðfesta að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum sem fullnægir kröfum laga þessara. Leiði athugun skv. 6. gr. í ljós að útgerð skips hafi ekki gert upp við skipverja í samræmi við samning um fiskverð skal stofan ekki veita staðfestingu sína nema úr hafi verið bætt eða hlutaðeigandi útgerð sett fullnægjandi tryggingu fyrir réttu uppgjóri. Þá skal Verðlagsstofa skiptaverðs ekki veita staðfestingu sína hafi útgerð skips ekki veitt upplýsingar eða afhent gögn sem stofan hefur krafist á grundvelli 5. gr.

② Ákvörðun um synjun staðfestingar skv. 1. mgr. lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og sætir kæru til [ráðuneytisins].<sup>1)</sup><sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 126/2011, 259. gr. <sup>2)</sup>L. 63/2007, 3. gr.

7. gr.

① Víki fiskverð við uppgjör á aflahlut áhafnar í verulegum atriðum frá því sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla á viðkomandi landsvæði að teknu tilliti til stærðar og gæða skal Verðlagsstofa skiptaverðs taka málið til sérstakrar athugunar. Skal stofan afla allra gagna um ráðstöfun afla viðkomandi skips og verðlagningu hans, upplýsinga um samninga útgerðar og áhafnar skips um fiskverð, umsagna útgerðar og áhafnar um málið og annarra gagna er máli skipta.

② Telji Verðlagsstofa ekki fram komnar fullnægjandi skýringar skal hún skjóta málinu til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna skv. II. kafla laga þessara með kröfu um að úrskurðarnefnd ákveði fiskverð er nota skal við uppgjör á aflahlut áhafnar þess skips er í hlut á. Skulu fylgja kæru öll gögn sem aflað hefur verið um uppgjör á aflahlut áhafnar skips skv. 1. mgr., svo og nauðsynlegar upplýsingar um verðlagningu sambærilegs afla í hliðstæðum viðskiptum.

## II. KAFLI.

### Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

8. gr.

① Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna hefur það hlutverk að ákveða fiskverð sem nota skal við uppgjör á aflahlut áhafnar einstakra skipa svo sem nánar er kveðið á um í þessum kafla.

② [Í nefndinni eiga sæti níu menn skipaðir af ráðherra. Af þeim skulu Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands og Félag vélstjóra og málmætnimanna tilnefna einn fulltrúa hvert og einn fulltrúa sameiginlega. Þá skal Landssamband íslenskra útvegsmanna tilnefna þrjá fulltrúa og Landssamband smábátæigenda einn fulltrúa. Loks skipar ráðherra formann nefndarinnar án tilnefningar en að höfðu samráði við framangreind samtök sjómanna og útvegsmanna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.]<sup>1)</sup>

③ Nýti samtök ekki tilnefningarrétt sinn skv. 2. mgr. skal [ráðherra]<sup>2)</sup> skipa þá nefndarmenn og varamenn þeirra sem á vantar til að nefndin verði fullskipuð.

④ Verðlagsstofa skiptaverðs skal annast upplýsingaöflun og skrifstofuhald fyrir úrskurðarnefnd.

<sup>1)</sup>L. 63/2007, 4. gr. <sup>2)</sup>L. 126/2011, 259. gr.

#### 9. gr.

① Verðlagsstofa skiptaverðs getur skotið málum til úrskurðarnefndar, sbr. 7. gr.

② Takist ekki samningar milli útgerðar og áhafnar fiskiskips um fiskverð sem nota skal við uppgjör á aflahlut þegar afli skipsins er afhentur eða seldur aðila sem telst skyldur útgerðinni geta þau heildarsamtök sjómanna og útvegsmanna sem standa að tilnefningu úrskurðarnefndar skv. 8. gr. hver um sig skotið málinu til úrlausnar nefndarinnar, í samræmi við ákvæði kjarasamninga aðila þar að lútandi.

③ Á sama hátt geta heildarsamtök sjómanna skotið til nefndarinnar ákvörðun fiskverðs í viðskiptum útgerðar við aðila sem ekki telst skyldur útgerðinni ef samningar um slíkt verð hafa ekki tekist innan fimm daga frá því að áhöfn skips óskaði slíkra samninga.

④ Útgerð og viðskiptaaðili hennar teljast skyld í þessu sambandi ef þau eru í eigu eða rekstri sama aðila eða ef sami aðili á meiri hluta beggja fyrirtækjanna, svo sem meiri hluta stofnfjár eða hlutafjár, eða fer með meiri hluta atkvæðisréttar í þeim báðum eða hefur með öðrum hætti raunveruleg yfirlýðing þeirra beggja. Sama á við ef annað fyrirtækið hefur raunveruleg yfirlýðing yfir hinu með eignaraðild, atkvæðisrétti eða með öðrum hætti.

#### 10. gr.

① Úrskurðarnefnd skal ákvarða fiskverð til uppgjors á aflahlut sjómanna í þeim tilvikum sem til hennar er skotið skv. 9. gr. Gildir ákvörðunin eingöngu um fiskverð gagnvart áhöfn þess skips sem málskotið varðar en ekki gagnvart áhöfnum annarra skipa sömu útgerðar. Ákvörðun nefndarinnar um fiskverð í málum sem skotið er til hennar af Verðlagsstofu skiptaverðs gildir um verð í öllum viðskiptum á gildistíma ákvörðunar, sbr. þó 3. mgr. Ákvörðun nefndarinnar um fiskverð í viðskiptum milli óskyldra aðila, sbr. 3. mgr. 9. gr., gildir um verð í öllum slíkum viðskiptum á gildistíma ákvörðunar.

② Ákvörðun nefndarinnar nær til verðs fyrir afla sem landað er eftir að málinu var skotið til hennar ef ákvörðun varðar viðskipti milli skyldra aðila, sbr. 2. mgr. 9. gr., en til verðs fyrir afla sem landað er eftir að ákvörðun nefndarinnar er tilkynnt aðilum, en þó aldrei síðar en sjö dögum eftir að málinu var skotið til hennar, ef hún varðar kæru frá Verðlagsstofu skiptaverðs, sbr. 1. mgr. 9. gr., eða viðskipti milli óskyldra aðila, sbr. 3. mgr. 9. gr. Nefndin ákveður sjálf hversu lengi ákvörðun hennar skuli gilda. Þó skal hún aldrei gilda lengur en í þrjá mánuði.

③ Ákvörðun nefndarinnar um fiskverð gildir ekki þegar afli er seldur á innlendum eða erlendum uppboðsmörkuðum.

#### 11. gr.

① Úrskurðarnefnd skal við ákvörðun sína taka mið af upplýsingum sem Verðlagsstofa fiskverðs hefur safnað.

② Nefndin skal við ákvörðun sína taka mið af því fiskverði sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla. Skal í því sambandi tekið mið af verði í nærliggjandi byggðarlögum fyrir sambærilegan fisk að stærð og gæðum. Þá skal nefndin taka tillit til líklegrar þróunar afurðaverðs. Varði ákvörðun nefndarinnar fiskverð í skiptum óskyldra aðila skal og taka tillit til heildarráðstöfunar á afla skips.

12. gr.

① Úrskurðarnefnd skal fela Verðlagsstofu skiptaverðs að leita upplýsinga hjá útgerð og áhöfn og þeim aðilum er um ræðir í 4. og 5. gr. um öll þau atriði sem máli kunna að skipta varðandi úrlausn í tilteknu máli.

13. gr.

① Þegar eftir að máli er skotið til úrskurðar skulu þeir nefndarmenn, sem tilnefndir eru af heildarsamtökum sjómanna og útvegsmanna, taka málið til umfjöllunar. Nái þeir ekki samkomulagi um ákvörðun fiskverðs innan 14 daga ef málið varðar fiskverð í viðskiptum skyldra aðila en innan sjö daga varði málið kæru Verðlagsstofu skiptaverðs eða viðskipti óskyldra skal málið tekið fyrir í fullskipaðri nefnd og skal hún kveða upp úrskurð innan sjö daga ef málið varðar fiskverð í viðskiptum skyldra en innan fjögurra daga varði málið kæru Verðlagsstofu skiptaverðs eða viðskipti óskyldra.

② Samkomulagi nefndarinnar um fiskverð skulu fylgja forsendur þess en úrskurður fullskipaðrar nefndar skal vera rökstuddur.

14. gr.

① Þegar úrskurður er kveðinn upp ræður afl atkvæða úrslitum í úrskurðarnefnd. Um hæfi nefndarmanna til meðferðar einstaks máls og málsmeðferð að öðru leyti fer samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, eftir því sem við getur átt.

15. gr.

① Ákvörðun úrskurðarnefndar um fiskverð, hvort sem hún byggist á samkomulagi eða úrskurði, er bindandi gagnvart útgerð og allri áhöfn skips á gildistíma hennar og er óheimilt að semja um annað fiskverð við einstaklinga í áhöfn. Skal ákvörðun nefndarinnar lögð til grundvallar fyrir dómi, nema svo sé ástætt sem um er rætt í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 53/1989, um sammingsbundna gerðardóma. Hafi skip landað afla hjá aðila er telst skyldur útgerð eftir að máli var skotið til nefndarinnar en áður en úrskurður er upp kveðinn getur nefndin úrskurðað um aflahlut áhafnar vegna þess afla. Er sá úrskurður aðfararhæfur, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 53/1989.

16. gr.

① Stöðvi útgerð rekstur skips eða breyti útgerðarháttum þess í verulegum atriðum á gildistíma úrskurðar skal það tilkynnt áhöfn skriflega með a.m.k. 10 daga fyrirvara. Er útgerð skylt að greiða áhöfn bætur fyrir skertan aflahlut fyrir þann tíma sem eftir lifir af gildistíma úrskurðar. Skulu þær nema áætluðum aflahlut einstakra skipverja miðað við óbreytta útgerðarhætti að frádregnum greiðslum sem í stað aflahlutar kunna að hafa komið.

② Við áætlun aflahluta skv. 1. mgr. skal taka mið af fyrri veiðum skips og afla hliðstæðra skipa sem stunda sambærilegar veiðar á þeim tíma er bæturnar varða.

③ Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við ef óviðráðanlegar ástæður valda því að útgerð stöðvar rekstur skips eða breytir útgerðarháttum þess.

### III. KAFLI.

#### Ýmis ákvæði.

17. gr.

☐ [Á starfsmönnum Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefndarmönnum hvílir þagnarskylda skv. X. kafla stjórnáslulaga.]<sup>1)</sup> Þagnarskylda gildir þó ekki gagnvart fiskverði sem úrskurðað er skv. II. kafla eða almennum upplýsingum skv. 3. gr.

<sup>1)</sup>L. 71/2019, 5. gr.

18. gr.

☐ Kostnaður af Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna greiðist úr ríkissjóði. Þó skulu heildarsamtök útvegsmanna og sjómanna hver um sig bera kostnað af þeim fulltrúum sem hlutaðeigandi samtök hafa tilnefnt til setu í úrskurðarnefndinni.

19. gr.

☐ Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1998. ...

#### Ákvæði til bráðabirgða.

☐ Sjávarútvegsráðherra skal fyrir lok fiskveiðiársins 1998/1999 láta kanna hvaða áhrif lögin hafi haft á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar. Skal ráðherra fyrir árslok 1999 leggja fyrir Alþingi skýrslu þar sem niðurstöður könnunar verði birtar.





## Lög

### nr. 68/1981, um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi.

#### 1. gr.

☐ Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning frá 18. nóvember 1980 um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.

#### 2. gr.

☐ [Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt að setja reglur<sup>2)</sup> um framkvæmd samningsins.

<sup>1)</sup>L. 126/2011, 93. gr. <sup>2)</sup>Í lagasafni er tilgreindar eftirfarandi reglugerðir sem þegar eru fallnar úr gildi: Rg. 263/1970 (um alþjóðlegt fiskveiðieftirlit utan landhelgi og fiskveiðilögsögu), augl. 222/1971 (um bann við sildveiði með herpinót á svæði í hafinu suður af Írlandi og vestur af Englandi) og rg. 181/1976 (um takmörkun á sildveiðum íslenskra skipa í Norðursjó, Skagerak og á svæði VI (a) vestan Skotlands).

#### 3. gr.

☐ Brot á reglum sem settar verða samkvæmt 2. gr. laga þessara skulu varða sektum 2000–40.000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Ennfremur er heimilt að gera aflla og veiðarfæri upptæk.

Auk þess má láta brot varða skipstjóra fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.

[Kyrretja skal]<sup>1)</sup> skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum, þegar er það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákærvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt og sekt og kostnaður greiddur að fullu. Þó er heimilt að láta skip laust fyrr ef sett er bankatrygging, eða önnur trygging jafngild að mati dómara, fyrir greiðslu sektarinnar og málskostnaðar.

Til tryggingar greiðslu sektar samkvæmt þessari grein og kostnaðar skal vera lögveð í skipinu. ...<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 19/1991, 195. gr. <sup>2)</sup>L. 88/2008, 233. gr.

#### 4. gr.

☐ Lög þessi öðlast þegar gildi. ...

### Fylgiskjal.

### Samningur um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Samningurinn er ekki birtur hér en er að finna í Lagasafni 1995, bls. 950–953.



## Lög

### nr. 48/1979, um framkvæmd samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi.

#### 1. gr.

☐ [Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt að setja reglur<sup>2)</sup> um framkvæmd samnings frá 24. október 1978 um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.

<sup>1)</sup>L. 126/2011, 82. gr. <sup>2)</sup>Í lagasafni er tilgreind eftirfarandi reglugerð sem þegar er fallin úr gildi: Rg. 161/1975 (um takmörkun á loðnuveiðum íslenskra skipa í Norðvestur-Atlantshafi).

#### 2. gr.

☐ Brot á reglum sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara skulu varða sektum 2000–40.000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Enn fremur er heimilt að gera afla og veiðarfæri upptæk.

Auk þess má láta brot varða skipstjóra fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.

[Kyrretja skal]<sup>1)</sup> skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum, þegar er það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákærvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt og sekt og kostnaður greiddur að fullu. Þó er heimilt að láta skip laust fyrr ef sett er bankatrygging, eða önnur trygging jafngild að mati dómara, fyrir greiðslu sektarinnar og málskostnaðar.

Til tryggingar greiðslu sektar samkvæmt þessari grein og kostnaðar skal vera lögveð í skipinu. ...<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 19/1991, 195. gr. <sup>2)</sup>L. 88/2008, 233. gr.

#### 3. gr.

☐ Lög þessi öðlast þegar gildi. ...

### Fylgiskjal.

#### Samningur um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Samningurinn er ekki birtur hér en er að finna í Stjóri. A 1979, bls. 161–188.



## Lög

### nr. 112/2015, um Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna.

#### 1. gr.

##### *Rannsókn- og ráðgjafarstofnun.*

☐ Starfrækja skal sjálfstæða rannsókn- og ráðgjafarstofnun, Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, sem heyrir undir ráðherra.

#### 2. gr.

##### *Markmið.*

☐ Markmið með lögum þessum er að efla vísindalega þekkingu á umhverfi og lifandi auðlindum í hafi og ferskvatni og stuðla í senn að sjálfbærri og arðbærri nýtingu auðlindanna.

#### 3. gr.

##### *Forstjóri.*

☐ Ráðherra skipar forstjóra Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun á verkefnasviði stofnunarinnar.

☐ Forstjóri ber ábyrgð á stjórn, rekstri og starfsskipulagi stofnunarinnar gagnvart ráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana. Forstjóri ræður annað starfsfólk.

#### 4. gr.

##### *Ráðgjafarnefnd.*

☐ Forstjóri hefur sér til ráðuneytis níu manna ráðgjafarnefnd sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Einn nefndarmaður skal skipaður án tilnefningar og er hann formaður, einn samkvæmt tilnefningu ráðherra sem fer með umhverfismál, einn samkvæmt tilnefningu ráðherra menntamála, og skal sá valinn úr hópi háskólakennara eða annarra fræðimanna við háskólastofnun, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldisstöðva, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands smábátæigenda, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangaveiðifélaga, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga, einn samkvæmt tilnefningu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Forstjóri situr fundi með ráðgjafarnefnd.

☐ Ráðgjafarnefndin skal funda einu sinni á ári og oftari ef þurfa þykir. Formaður ráðgjafarnefndar kveður hana saman til fundar.

☐ Verkefni nefndarinnar er að vera forstjóra til ráðuneytis um langtímastefnumótun starfseminnar og vera tengiliður við hagsmunaaðila um fagleg málefni.

#### 5. gr.

##### *Hlutverk.*

☐ Hlutverk Hafrannsóknastofnunar skal vera sem hér segir:

1. Að afla með rannsóknum alhliða þekkingar á hafinu, ám og vötnum landsins og lífríki þeirra, með áherslu á hvernig nýta megi lifandi auðlindir með sjálfbærum hætti.
2. Að afla þekkingar um eðlis- og efnafræðilega eiginleika ferskvatns og sjávar umhverfis Ísland með tilliti til áhrifa á lífríkið.
3. Að afla þekkingar og viðhalda gagnagrunni um jarðfræði og eðliseiginleika landgrunnins, áa og vatna, einkum með tilliti til sjálfbærra fiskveiða og sjálfbærrar nýtingar annarra lifandi auðlinda.

4. Að rannsaka lífsskilyrði og lífnaðarhætti gróðurs, dýrasvifs og botndýra, einkum vistfræðileg tengsl hinna ýmsu samfélaga og samhengi þeirra við nytjastofna í sjó og í ferskvatni.
5. Að treysta undirstöður vísindalegrar ráðgjafar um nýtingu og ræktun nytjastofna sjávar, áa og vatna.
6. Að gera tilraunir með og þróa veiðarfæri og veiðibúnað í þeim tilgangi að bæta hagkvæmni sóknar og koma í veg fyrir skaðleg áhrif veiða á lífríkið.
7. Að stunda rannsóknir sem miða að aukinni nýsköpun og fjölbreytni í öflun sjávarfangs og nýtingu ferskvatnsvistkerfa.
8. Að stunda rannsóknir á eldi í sjó og ferskvatni og veita ráðgjöf þar um.
9. Að rannsaka hvernig fiskeldi og fiskrækt megi best stunda í sátt við íslenska náttúru og villta stofna.
10. Að annast gegn gjaldi rannsóknir fyrir einstaklinga eða fyrirtæki á umhverfi eða lífríki í ám, vötnum og sjó, m.a. vegna framkvæmda.
11. Að annast aðrar rannsóknir og tengd verkefni sem ráðherra felur stofnuninni með reglugerð.
12. Að veita lögboðnar umsagnir og vera ráðuneyti og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni á verksviði stofnunarinnar.
13. Að veita stjórnvöldum og hagsmunaaðilum ráðgjöf og þjónustu varðandi sjálfbæra nýtingu á lifandi auðlindum í sjó og ferskvatni á grundvelli sjálfbærra viðmiða og nýtingarstefnu stjórnvalda.
14. Að veita ráðgjöf um lífríki áa, vatna og sjávar varðandi framkvæmdir og mannvirkjagerð.
15. Að leggja mat á og veita ráðgjöf um verndargildi vistkerfa og náttúruminja í ferskvatni og í sjó.
16. Að miðla upplýsingum til stjórnvalda, hagsmunaaðila og almennings um sjálfbærar nytjar á íslensku hafsvæði, í ám og vötnum, greina frá niðurstöðum rannsóknarstarfseminnar og veita aðgang að gögnum stofnunarinnar eftir því sem tók eru á.
17. Að annast milliríkjasamstarf og erlend samskipti á fagsviði stofnunarinnar.
18. Að annast önnur verkefni sem ráðherra kann að fela stofnuninni.

6. gr.

*Samstarf við háskóla og rannsóknastofnanir.*

☐ Hafrannsóknastofnun skal stuðla að virkum samskiptum og rækta samstarf við háskóla og rannsóknastofnanir á fagsviði sínu, m.a. með þátttöku nemenda í framhaldsnámi í rannsóknaverkefnum stofnunarinnar.

7. gr.

*Fjármögnun.*

☐ Kostnaður við starfrækslu Hafrannsóknastofnunar greiðist af fjárveitingum úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum. Hafrannsóknastofnun aflar sér enn fremur tekna með sölu á þjónustu á verksviði stofnunarinnar, sbr. 5. gr., og með þjónustugjöldum fyrir úrvinnslu og afgreiðslu gagna. Gjaldtaka fyrir slíka þjónustu skal taka mið af kostnaði og byggjast á kostnaðargreiningu. Stofnunin skal gefa út gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og afgreiðslu gagna samkvæmt þessari málsgrein sem ráðherra staðfestir og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda. Einnig er stofnuninni heimilt að afla tekna með leigu tækja og búnaðar, sölu afla sem fellur til vegna rannsókna og sölu hlutdeildar í félögum, sbr. 8. gr. Þá getur stofnunin sótt um rannsókn- og þróunarstyrki jafnt innan lands sem utan og tekið við framlögum sem samrýmast hlutverki stofnunarinnar.

☐ Þann hluta starfsemi Hafrannsóknastofnunar, sem rekinn er á viðskiptagrundvelli á samkeppnismarkaði, skal skilja fjárhagslega frá öðrum þáttum rekstrarins og skal endurgjald vegna hans taka mið af markaðsverði. Hafrannsóknastofnun setur viðmiðunargjaldskrá fyrir þessi verkefni. Sala á þjónustu samkvæmt þessari málsgrein skal byggjast á samningum.

8. gr.

*Aðild að rannsókn- og þróunarfyrtækjum.*

☐ Hafrannsóknastofnun er heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að eiga aðild að rannsókn- og þróunarfyrtækjum, hvort heldur hlutafélögum eða öðrum félögum með takmarkaðri ábyrgð, er þrói hugmyndir og hagnýti niðurstöður rannsókn- og þróunarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

9. gr.

*Reglugerðarheimild.*

☐ Ráðherra getur með reglugerð mælt nánar fyrir um starfsemi Hafrannsóknastofnunar og um aðra framkvæmd þessara laga.

10. gr.

*Gildistaka.*

☐ Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2016. Frá sama tíma tekur til starfa ný stofnun, Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna. Við gildistöku þessara laga er Hafrannsóknastofnun lögð niður, en hún er starfrækt samkvæmt núgildandi lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, en þau lög falla einnig úr gildi frá sama tíma. Enn fremur falla úr gildi lög um Veidimálastofnun, nr. 59/2006, og er stofnunin lögð niður um leið. Hin nýja stofnun tekur við réttindum og skyldum þeirra stofnana sem lagðar eru niður.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

☐ Öll störf hjá Hafrannsóknastofnun og Veidimálastofnun eru lögð niður við gildistöku laga þessara. Öllum starfsmönnum Hafrannsóknastofnunar og Veidimálastofnunar skal boðið starf hjá hinni nýju stofnun. Embætti forstjóra Hafrannsóknastofnunar og Veidimálastofnunar eru lögð niður við gildistöku laga þessara. Þjóða skal forstjórurum starf hjá hinni nýju stofnun.

☐ Starfsmenn Hafrannsóknastofnunar og Veidimálastofnunar sem ráðnir verða til starfa hjá hinni nýju stofnun halda réttindum sem þeir hafa áunnið sér til námsleyfis og um lengdan uppsagnarfrest samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra náttúrufræðinga og fjármálaráðherra sem miðast við samfellt starf hjá sömu stofnun.

☐ Um réttarstöðu starfsmanna og forstjóra fer eftir ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996 gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

☐ Er lög þessi hafa verið samþykkt er ráðherra heimilt, að undangenginni auglýsingu, að skipa forstjóra Hafrannsóknastofnunar og skal forstjórinn hafa heimild til að undirbúa starfsemi stofnunarinnar fyrir gildistöku laganna í samráði við ráðherra.





# Lög

## nr. 36/1992, um Fiskistofu.

### I. KAFLI

#### 1. gr.

☐ Fiskistofa skal starfa að stjórnábylgjuverkefnum á sviði sjávarútvegsmála, [lax- og silungsveiði, fiskræktar ...<sup>1)</sup> o.fl.],<sup>2)</sup> svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Fiskistofa heyrir undir [ráðherra].<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup>L. 49/2014, 22. gr. <sup>2)</sup>L. 81/2008, 14. gr. <sup>3)</sup>L. 126/2011, 165. gr.

#### 2. gr.

☐ Fiskistofa skal annast framkvæmd laga um stjórn fiskveiða og eftirlit með fiskveiðum, svo sem nánar er kveðið á um í lögum um það efni. [Einnig skal Fiskistofa annast stjórnábylgju og eftirlit samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði, lögum um fiskrækt o.fl.]<sup>1)</sup> Fiskistofa skal annast söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði sjávarútvegsmála, [lax- og silungsveiði, fiskræktar ...<sup>2)</sup> o.fl.]<sup>1)</sup> sem og önnur verkefni sem stofnunni verða falin með lögum eða ákvörðun ráðherra.

☐ [Eftirlitsmönnum Fiskistofu er heimilt að nota fjarstýrð loftför í eftirlitsstörfum sínum sem eru búin myndavélum til upptöku eða annan fjarstýrðan búnað sem getur safnað upplýsingum. Fiskistofu er heimilt að vinna upplýsingar sem þannig er aflað í eftirlitsgangi eða til söfnunar, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði sjávarútvegsmála í samræmi við hlutverk stofnunarinnar. Skal gæta þess að einungis sé rafræn vöktun á þeim stöðum sem nauðsynlegt er talið vegna almannahagsmuna og til þess að eftirlitsmenn Fiskistofu geti uppfyllt eftirlitsskyldu sína. Fiskistofa skal tilkynna með opinberum hætti um fyrirhugað eftirlit með fjarstýrðum loftförum.]

☐ Persónuupplýsingum sem safnast við rafræna vöktun skal eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita þær en í síðasta lagi þegar heimild til að beita viðurlögum við háttsemi fellur niður. Verði eftirlitsmenn Fiskistofu áskynja um ætlað brot gegn lögum á sviði fiskveiðistjórnar í upplýsingum sem verða til við rafræna vöktun er stofnuninni heimilt að varðveita upplýsingarnar þar til máli telst lokið. Hafi máli lokið með beitingu stjórnábylgjuviðurlaga telst því lokið þegar frestur til að höfða dómsmál er runninn út eða endanlegur dómur hefur fallið um það.

☐ Fiskistofu er ekki heimilt að láta í té upplýsingar sem verða til við rafræna vöktun nema til lögreglu vegna rannsóknar á ætluðu broti.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup>L. 81/2008, 15. gr. <sup>2)</sup>L. 49/2014, 22. gr. <sup>3)</sup>L. 85/2022, 8. gr.

#### [2. gr. a.

☐ Fiskistofu er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal upplýsinga sem verða til við rafrænt eftirlit og um eignarhald útgerðarfélaganna og annarra upplýsinga sem stofnuninni berast og eru nauðsynlegar í þágu lögbundins eftirlits stofnunarinnar, í þeim tilgangi að sinna lögbundnu hlutverki sínu samkvæmt lögum á sviði fiskveiðistjórnar, að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 85/2022, 9. gr.

#### 3. gr.

☐ [Ráðherra skipar forstöðumann Fiskistofu, fiskistofustjóra, til fimm ára í senn.]<sup>1)</sup>

☐ [Ráðherra]<sup>2)</sup> skal með reglugerð kveða nánar á um skipulag og starfsemi Fiskistofu.

<sup>1)</sup>L. 83/1997, 144. gr. <sup>2)</sup>L. 126/2011, 165. gr.

4. gr.

☐ [Fiskistofa getur með heimild ráðherra, og að höfðu samráði við Hagstofu Íslands, falið öðrum tiltekna þætti við söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði sjávarútvegs.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 144/1995, 15. gr.

**II. kafli.**

**[Gjaldtökuheimildir.]<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup>L. 67/2015, 1. gr.

[5. gr.

*Gjaldskrá Fiskistofu.*

☐ Ráðherra staðfestir, að fengnum tillögum Fiskistofu, gjaldskrá fyrir þjónustu og eftirlit sem Fiskistofu er falið að sinna samkvæmt lögum þessum, lögum um stjórn fiskveiða, lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, lögum um vinnslu afla um borð í skipum, lögum um lax- og silungsveiði, lögum um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu og upplýsingalögum. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

☐ Heimilt er að innheimta gjöld fyrir eftirfarandi eftirlit og þjónustu:

1. úthlutun aflamarks á grundvelli 6. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða,
2. úthlutun aflamarks á grundvelli 10. gr. laga um stjórn fiskveiða,
3. móttöku tilkynninga vegna flutnings aflamarks og krókaafلامarks og erinda vegna staðfestingar á flutningi aflahlutdeilda og krókaaflahlutdeilda,
4. gerð þjónustusamninga vegna rafrænna tilkynninga um flutning aflamarks,
5. sendingu símskeyta og annarra tilkynninga um umframafla,
6. útgáfu vigtunarleyfa og úttektir á vigtunaraðstöðu,
7. úttektir á fiskmörkuðum erlendis og kostnað vegna eftirlitsmanna á slíkum mörkuðum,
8. kostnað vegna ferða eftirlitsmanns til að fylgjast með löndun úr skipi erlendis,
9. úttektir á vinnsluskipum,
10. veru eftirlitsmanna um borð í skipum,
11. útgáfu veiði- og vinnsluvottorða,
12. ...<sup>1)</sup>
13. útgáfu CITES-vottorða og -leyfa,
14. útgáfu leyfa til framkvæmda við ár og vötn,
15. sérvinnslu upplýsinga og aðgang að gagnasöf,
16. [yfirstöðu við vigtun.]<sup>2)</sup>

Fyrir eftirlit og þjónustu samkvæmt þessari grein skal greitt gjald sem er ekki hærra en raunkostnaður til að standa straum af kostnaðarþáttum við veitingu þjónustu og eftirlits. Þannig skal við ákvörðun gjalda leggja til grundvallar kostnað vegna launa og launatengdra gjalda, ferðakostnað, kostnað vegna þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyprar sérfræðiþjónustu, húsnæðis, starfsaðstöðu, fjarskiptabúnaðar og tækja, stjórnunar og stoðþjónustu.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup>L. 85/2022, 10. gr. <sup>2)</sup>L. 48/2017, 3. gr. <sup>3)</sup>L. 67/2015, 1. gr.

[6. gr.

*Gjald fyrir veiðileyfi.*

☐ Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni og veiðileyfa, sem veitt verða á grundvelli laga um stjórn fiskveiða, laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða, skal greiða 22.000 kr. [í ríkissjóð].<sup>1)</sup>

☐ Við útgáfu leyfis til strandveiða skal, auk greiðslu fyrir leyfi skv. 1. mgr., greiða 50.000 kr. í strandveiðigjald. Fiskistofa innheimtir gjaldið [og rennur það í ríkissjóð].<sup>1)</sup> [Ráðherra skal á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum ákvarða fjárveitingu sem samsvarar tekjum af strandveiðigjaldi]<sup>1)</sup> til þeirra hafna þar sem afla, sem fenginn er við strandveiðar, hefur verið landað. Eftir lok veiðitímabils skal Fiskistofa á grundvelli aflaupplýsingakerfis Fiskistofu greiða hverri höfn í hlutfalli við hlut viðkomandi hafnar í heildarafla sem fenginn er við strandveiðar á því tímabili, reiknað í þorskígildum.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 47/2018, 25. gr. <sup>2)</sup>L. 67/2015, 1. gr.

[7. gr.

*Kostnaður vegna veru veiðieftirlitsmanna um borð í skipum.*

☐ Útgerð skips skal greiða fæði veiðieftirlitsmanna og sjá þeim endurgjaldslaust fyrir aðstöðu meðan þeir stunda eftirlitsstörf um borð í skipum sem stunda veiðar á grundvelli laga um stjórn fiskveiða, laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

☐ Auk kostnaðar skv. 1. mgr. skulu útgerðir skipa, sem hafa leyfi Fiskistofu til að vinna afla um borð, greiða gjald samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu, sbr. 5. gr., vegna eftirlits fyrir hvern dag eða hluta dags sem eftirlitsmaður er um borð. Sama gildir sé veiðieftirlitsmaður Fiskistofu um borð í fiskiskipi á kostnað útgerðar samkvæmt sérstakri heimild í lögum.

☐ Hafri stjórnvöld, á grundvelli milliríkjasamnings eða með öðrum skuldbindandi hætti, samið um að eftirlit með veiðum fiskiskipa úr stofni, sem alfarið veiðist utan lögsögu Íslands, skuli vera með þeim hætti að um borð í hverju fiskiskipi skuli starfa eftirlitsmaður skulu útgerðir skipa, er stunda veiðar úr þeim stofni, auk kostnaðar skv. 1. mgr., greiða gjald samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu, sbr. 5. gr., fyrir hvern dag er skipið stundar þær veiðar. Verði samið um minna eftirlit, þannig að veiðieftirlitsmaður verði við eftirlitsstörf um borð í hluta skipa, sem stunda veiðar úr viðkomandi stofni, skal hvert skip greiða gjald fyrir hvern dag sem skipið stundar þær veiðar, er nemur sama hlutfalli af daggjaldi skv. 1. másl. og umsömdu hlutfalli skipa með eftirlitsmenn um borð. Skal gjaldið greitt af öllum skipum sem veiðarnar stunda án tillits til veru eftirlitsmanna um borð í einstökum skipum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 67/2015, 1. gr.

8. gr.

*Innheimta gjalda.*

☐ Fiskistofa annast innheimtu gjalda samkvæmt þessum kafla. Gjöldin skulu greidd samkvæmt reikningi sem gefinn skal út eftir að viðkomandi þjónusta eða eftirlit fer fram. Gjaldalagi er við útgáfu reiknings og eindagi 15 dögum síðar. Sé gjald greitt eftir eindaga reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjalddaga í samræmi við lög um vexti og verðtryggingu. Innheimta má gjöld samkvæmt þessari grein með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Allar tekjur samkvæmt þessum kafla skulu renna óskiptar til Fiskistofu að frátöldum tekjum af [gjöldum skv. 6. gr.]<sup>1)</sup>

☐ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu gjöld fyrir veiðileyfi skv. 6. gr. greidd áður en leyfi er gefið út.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 47/2018, 26. gr. <sup>2)</sup>L. 67/2015, 1. gr.

[9. gr.

*Gagnsæi í störfum Fiskistofu.*

☐ Fiskistofa skal birta opinberlega ákvarðanir stofnunarinnar um sviptingu veiðileyfa og afturköllun vigtunarleyfa.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 85/2022, 11. gr.

...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 67/2015, 1. gr.

### III. kafli.

13. gr.

☐ Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. september 1992. ...

#### Ákvæði til bráðabirgða.

☐ [Fiskistofu er heimilt að eiga samstarf við útgerðaraðila um tímabundið verkefni um rafræna vöktun í fiskiskipum árin 2022, 2023 og 2024. Tilgangur verkefnisins skal vera prófun á tæknibúnaði við hagnýtingu rafræns eftirlits um borð í fiskiskipum, þ.e. notkun, eiginleikar og gæði myndefnis. Fiskistofa skal láta útgerðaraðila myndavélar í té vegna samstarfsins og skal eftirlitsmönnum Fiskistofu vera heimill aðgangur að þeim upplýsingum sem til verða við rafræna vöktun um borð, til söfnunar og úrvinnslu. Upplýsingar sem til verða við framkvæmd verkefnisins skulu einungis nýttar í samræmi við framangreindan tilgang verkefnisins en ekki í eftirlitsskyni. Fiskistofu er ekki heimilt að afhenda öðrum aðila þær upplýsingar sem safnast við framkvæmd verkefnisins nema það sé nauðsynlegt í þágu verkefnisins.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 85/2022, 12. gr.

## Reglugerð

### nr. 971/2022, um leyfilegan heildarafla á fiskveiðiarinu 2022/2023.

1. gr.

☐ Fyrir fiskveiðiaríð 1. september 2022 til 31. ágúst 2023 er leyfilegur heildarafla í tonnum sem hér segir:

Tegund	Ráðlagður heildarafla	Frádrag vegna heimilda erlendra ríkja	Leyfilegur heildarafla
Blálanga	259		259
Djúpkarfi	6.336		6.336
Grálúða	26.710	11.646	15.064
Gullkarfi	25.545	2.930	22.615
Gulllax	11.520		11.520
Hlýri	334		334
Humar	0		0
Hörpudiskur	93		93
Ígulker	188		188
Íslensk sumargotssíld	66.195		66.195
Keila	4.464	780	3.684
Langa	6.098	1.020	5.078
Langlúra	1.230		1.230
Litli karfi	585		585
Sandkoli	301		301
Skarkoli	7.663		7.663
Skrápflúra	0		0
Skötuselur	258		258
Steinbítur	8.107		8.107
Sæbjúgu	2.617		2.617
Ufsi	71.300	155	71.145
Úthafsækja	5.022	266	4.756
Ýsa	62.219	1.650	60.569
Þorskur	208.846	2.410	206.436
Þykkvalúra/Sólkoli	1.137		1.137

2. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett skv. 3. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Matvælaráðuneytinu, 26. ágúst 2022.*



## Reglugerð nr. 972/2022, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2022/2023.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 972/2022 sbr. rg. 1004/2022 og rg. 1177/2022.

### I. KAFLI Veiðileyfi í atvinnuskyni.

1. gr.

☐ Veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu leyfi Fiskistofu. Um veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni fer eftir 5. gr. laga um stjórn fiskveiða.

### II. KAFLI Heildaraflí, ráðstöfun og veiðitímabil.

2. gr.

☐ Fiskistofa úthlutar aflamarki til fiskiskipa á grundvelli aflahlutdeildar fiskiskips í viðkomandi tegund.

☐ Leyfilegur heildaraflí tilgreindur í tonnum í óslægðum botnfiski, íslenskri sumargotsíld og óslitnum humri, frádráttur sbr. 3. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða og úthlutun Fiskistofu á grundvelli aflahlutdeildar er sem hér segir:

Tegund	Leyfilegur heildaraflí	Dregið frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%)	Fiskistofa úthlutar aflamarki á grundvelli aflahlutdeildar
1. Þorskur	206.436	10.941	195.495
2. Ýsa	60.569	3.210	57.359
3. Ufsi	71.145	3.771	67.374
4. Steinbitur	8.107	430	7.677
5. Gullkarfi	22.615	1.199	21.416
6. Keila	3.684	195	3.489
7. Langa	5.078	269	4.809
8. Djúpkarfi	6.336	336	6.000
9. Litli karfi	585	31	554
10. Grálúða	15.064	798	14.266
11. Sandkoli	301	16	285
12. Skrápflúra	0	0	0
13. Skarkoli	7.663	406	7.257
14. Langlúra	1.230	65	1.165
15. Þykkvalúra/sólkoli	1.137	60	1.077
16. Skötuselur	258	14	244
17. Humar	0	0	0
18. Íslensk sumargotsíld	66.195	3.508	62.687
19. Blálanga	259	14	245
20. Hlýri	334	18	316
21. Gulllax	11.520	611	10.909
22. Úthafsraekja	5.022	266	4.756
23. Rækja við Snæfellsnes	0	0	0

③ Ráðstöfun afla sem dreginn er frá heildarafla skv. 3. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða, tilgreindur í tonnum, er sem hér segir:

Tegund	Skel- og rækjubætur	Byggðakvóti til fiskiskipa	Byggðakvóti Byggðastofnunar	Fristunda-veiðar	Strandveiðar	Línuviltun	Samtals
<b>1. Þorskur</b>	1.400	3.500	3.850	200	10.000	1.200	20.150
<b>2. Ýsa</b>	290	1.100	1.030	0	0	500	2.920
<b>3. Ufsi</b>	453	1.400	1.261	0	1.000	0	4.114
<b>4. Steinbítur</b>	51	155	141	0	0	177	524
<b>5. Gullkarfi</b>	199	300	553	0	100	15	1.167
<b>6. Keila</b>	8	43	23	0	0	15	89
<b>7. Langa</b>	26	96	71	0	0	20	213
<b>Samtals:</b>	<b>2.427</b>	<b>6.594</b>	<b>6.929</b>	<b>200</b>	<b>11.100</b>	<b>1.927</b>	<b>29.177</b>

④ Aflamark í botnfiski miðast við slægðan fisk með haus nema í gullkarfa, litla karfa, gulllaxi, og djúpkarfa sem miðast við óslægðan fisk. Veiðitímabil botnfisks er frá og með 1. september til og með 31. ágúst næsta árs.

⑤ Aflamark í uppsjávarfiski miðast við óslægðan fisk.

⑥ Heimilt er að veiða rækju við Snæfellsnes frá og með 1. maí til og með 15. mars næsta árs.

3. gr.

① Leyfilegur heildarafla tilgreindur í tonnum í eftirfarandi tegundum:

Tegund/Svæði	Leyfilegur heildarafla	Dregið frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%)	Fiskistofa úthlutar aflamarki á grundvelli aflahlutdeildar
<b>1. Hörpudiskur:</b>	<b>93</b>	<b>5</b>	<b>88</b>
Breiðasund	62	3	59
Hvamsfjörður	31	2	29
<b>[2. Rækja á grunnslóð:</b>	<b>765</b>	<b>41</b>	<b>714]</b> <sup>2)</sup>
Arnarfjörður	242	13	229
Ísafjarðardjúp	523	28	495] <sup>1)</sup>
<b>3. Ígulker:</b>	<b>188</b>	<b>10</b>	<b>178</b>
Svæði A	47	2	45
Svæði B	85	5	80
Svæði C	56	3	53
<b>4. Sæbjúgu</b>	<b>2.617</b>	<b>139</b>	<b>2.478</b>
Svæði A – Norður-Aðalvík	175	9	166
Svæði B – Vestfirðir, miðsvæði	105	6	99
Svæði C – Vestfirðir, suðursvæði	40	2	38
Svæði D – Utanverður Breiðafjörður	45	2	43
Svæði E – Faxaflói	371	20	351
Svæði F – Austurland, norðursvæði	364	19	345
Svæði G – Austurland, miðsvæði	1.192	63	1129
Svæði H – Austurland, suðursvæði	325	17	308

② Veiðitímabil rækju á grunnslóð er samkvæmt reglugerð um veiðar á rækju. Heimilt er með tilkynningu til leyfishafa að breyta veiðitíma á ákveðnum veiðisvæðum rækju á grunnslóð, að fenginni umsögn Hafrannsóknarstofnunar, rannsókn- og ráðgjafastofnunar hafs og vatna.

<sup>1)</sup>Rg. 1177/2022, 1. gr. <sup>2)</sup>Samtölur voru ekki birtar í rg. 1177/2022 en hefur verið bætt við í samræmi við töflu í stofnreglugerð.



### III. KAFLI

#### **Skiptimarkaður með aflamark.**

##### 4. gr.

① Fiskistofa skal sjá um framkvæmd skipta, sbr. 6. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða og annast skiptimarkað fyrir aflamark.

② Við framkvæmd skiptimarkaðar skal Fiskistofa auglýsa hverju sinni eftir tilboðum í það magn aflamarks sem ráðherra ákveður. Auglýsa skal eftir tilboðum í tiltekið magn aflamarks í einstakri tegund í skiptum fyrir aflamark í einni af eftirfarandi tegundum: Þorski, ýsu, ufsa, steinbít, löngu, keilu og gullkarfa, svo lengi sem aflamark er til ráðstöfunar. Tilboðsfrestur og -skilmálar skulu birtast með auglýsingu á heimasíðu Fiskistofu. Þegar tilboð berst Fiskistofu er það bindandi fyrir aðila. Þó er aðila heimilt að afturkalla tilboð sitt enda berist afturköllunin Fiskistofu áður en tilboðsfrestur er liðinn. Fiskistofu er einungis heimilt að veita upplýsingar um tilboð eftir að tilboðsfrestur er liðinn og skal þá birta upplýsingarnar á heimasíðu Fiskistofu. Birta skal einungis upplýsingar um samþykkt tilboð.

③ Fiskistofa ákveður form tilboða. Í tilboði skal útgerðaraðili skips tilgreina magn þeirrar tegundar sem boðið er í og magn þeirrar tegundar sem boðið er í skiptum, svo og önnur atriði sem Fiskistofa ákveður.

④ Fiskistofa skal samþykkja það tilboð sem hæst er. Við mat tilboða skal Fiskistofa, þar sem tilboð geta falið í sér mismunandi tegundir sem endurgjald, miða við meðalverð tegunda í viðskiptum með aflamark, sem birt er á vef Fiskistofu, undanfarna 30 daga eða eftir atvikum síðasta mánuð sem viðskipti voru með tegund. Ef hæstu tilboð eru jöfn skal magni skipt hlutfallslega á milli tilboðsgjafa. Ef hæsta tilboð er aðeins í hluta þess magns sem í boði er skal það samþykkt. Síðan skal næst hæsta tilboðið samþykkt, þar til því aflamarki sem var í boði hefur verið ráðstafað.

⑤ Ef aflamark í þorski, ýsu, ufsa, steinbít, löngu, keilu eða gullkarfa sem látið hefur verið í skiptum, er umfram það aflamark sem innheimta skal, er heimilt að bjóða þær tegundir á skiptimarkaði.

⑥ Óheimilt er að framselja aflaheimildir í makríl sem keyptar eru á skiptimarkaði.

⑦ Aflamark sem látið er í skiptum telst ekki flutt af skipi í skilningi 15. gr. laga um stjórn fiskveiða.

### IV. KAFLI

#### **Skipting leyfilegs afla.**

##### 5. gr.

① Veiðiheimildum í þeim tegundum sem heildarafla er takmarkaður af, skv. 2. og 3. gr. skal skipt milli einstakra skipa í samræmi við aflahlutdeild eða krókaafhlutdeild þeirra í viðkomandi tegund. Úthlutað aflamark/krókaafamark hvers skips í hverri einstakri tegund ræðst annars vegar af aflahlutdeild/krókaafhlutdeild skipsins í viðkomandi tegund en hins vegar af úthlutaðu heildaraflamarki í tegundinni skv. 2. og 3. gr.

### V. KAFLI

#### **Krókaafamarksbátar.**

##### 6. gr.

① Þeir bátar einir geti öðlast veiðileyfi með krókaafamarki sem eru styttri en 15 metrar að mestu lengd og minni en 30 brúttótonn, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um stjórn fiskveiða. Óheimilt er að stækka bátana þannig að þeir verði stærri en þessu nemur. Bátum, sem leyfi hafa til veiða með krókaafamarki, skal úthlutað krókaafamarki í þorski, ýsu, ufsa, steinbít, löngu, keilu, blálöngu, litla karfa, hlýra og gullkarfa á grundvelli krókaafhlutdeildar þeirra. Um krókaafhlutdeild og

krókaafلامark gilda sömu reglur um útreikning, nýtingu og framsal og gilda um aflahlutdeild og aflamark nema öðruvísi sé kveðið á um í lögum eða reglugerð þessari.

② Bátum sem leyfi hafa til veiða með krókaafلامarki, er einungis heimilt að stunda veiðar með línu og handfærum nema annað leiði af lögum og reglum sem gilda um tilteknar veiðar. Afli sem fæst við slíkar veiðar reiknast til aflamarks bátsins.

③ Heimilt er að flytja til krókaafلامarksbáts aflamark í öðrum tegundum botnfisks en tilgreindar eru í 1. mgr. þessarar greinar. Einnig er heimilt að flytja aflamark í ufsa og þorski frá krókaafلامarksbát til skipa sem hafa veiðileyfi með aflamarki, í jöfnum skiptum í þorskígildum talið fyrir aflamark í ýsu. Jafnframt er heimilt að flytja aflamark í steinbít frá krókaafلامarksbát til skipa sem hafa veiðileyfi með aflamarki, í jöfnum skiptum í þorskígildum talið fyrir aflamark í þorski, ýsu og löngu. Veiði bátur aðrar tegundir en hann hefur krókaafلامark í, skal skerða aflamark hans í öðrum tegundum, skv. 1. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða og reglum settum samkvæmt þeim ákvæðum. Hverjum báti skal þó heimilt, sbr. 7. gr. laganna, án þess að til skerðingar komi, að veiða allt að 2,0% af heildarafla sínum í kvótabundnum botnfisktegundum, öðrum en þeim sem tilgreindar eru í 1. mgr., þó þannig að afli í einni tegund fari aldrei yfir 1% af heildarafla bátsins.

## VI. KAFLI

### Útreikningur aflamarks.

#### 7. gr.

① Þegar umreikna skal óslægðan fisk í slægðan skal margfalda magn með slægingarstuðli og þegar umreikna skal slægðan fisk í óslægðan skal deila magni með slægingarstuðli fyrir þær tegundir sem tilgreindar eru í töflunni hér að neðan:

Tegund	Slægingarstuðull
Þorskur	0,84
Ýsa	0,84
Ufsi	0,84
Grálúða	0,92
Skarkoli	0,92
Sandkoli	0,92
Skráplúra	0,92
Langlúra	0,92
Þykkvalúra	0,92
Steinbítur	0,90
Keila	0,90
Skötuselur	0,90
Langa	0,80
Blálanga	0,80

② Þegar umreikna skal slitinn humar yfir í óslitinn skal margfalda vegið magn humarhala með 3,25. Þegar umreikna skal óslitinn humar yfir í slitinn humar skal deila í vegið magn óslitins humars með 3,25.

③ Við umreikning landaðra grásleppuhrogna í heila grásleppu til skráningar í aflaskráningar-kerfi Fiskistofu skal að frádreginni þyngd íláta miða við margföldunarstuðulinn 3,4.

④ Þorskur styttri en 50 cm (27 cm hausaður) og ufsi styttri en 50 cm (31 cm hausaður), ýsa styttri en 45 cm (26,5 cm hausuð) og gull- og djúpkarfi styttri en 33 cm teljast að hálfu til aflamarks, enda fari afli undir áðurgreindum stærðarmörkum ekki yfir 10% af viðkomandi tegund í veiðiferð. Undirmálsafla skal haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega af löggiltum vigtarmanni. Þó er heimilt að ákvarða magn undirmáls í gull- og djúpkarfaafli við endurvigtun í vinnsluhúsi. Skal gullkarfa og djúpkarfa sem þannig er flokkaður frá í vinnsluhúsi til ákvörðunar á magni undirmáls, haldið aðgreindum frá öðrum afla. Ákvæði þessarar málsgreinar

gilda þó ekki um afla sem flakaður er um borð í veiðiskipi. Hausaðan fisk skal mæla frá sporðsenda að gotrauf.

5 Komi afli í veiðarfæri skips, sem er selbitinn eða skemmdur á annan hátt, sem ekki er unnt að komast hjá við tilteknar veiðar, skal ekki reikna þann afla til aflamarks enda sé honum haldið aðskild- um frá öðrum afla skipsins og hann veginn og skráður sérstaklega. Þennan afla er eingöngu heimilt að nýta til bræðslu.

6 Heimilt er skipstjóra að ákveða að hluti aflans reiknist ekki til aflamarks skipsins. Þessi heimild takmarkast við 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla, sem viðkomandi skip veiðir á fiskveiðiarinu og er bundin eftirfarandi skilyrðum:

- a. Aflnum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn og skráður sérstaklega.
- b. Aflinn sé seldur á uppboði á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla og andvirði hans renni til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins, sbr. lög um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávarafla.
- c. Heimildin skiptist í fjögur þriggja mánaða tímabil á fiskveiðiarinu. Ekki er heimilt að flytja ónýttar heimildir milli tímabilanna. Þó má miða ýsuafra sem fæst sem meðafli eða meðafra við grásleppuveiðar, við heimild fiskveiðisins í heild, enda sé sá afli gerður upp í lok þess.

7 Um heimild til veiða umfram aflamark í einstökum fisktegundum sem skerðir aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega gilda ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða.

#### 8. gr.

1 Þegar meta skal til hvaða fiskveiðisárs tiltekinn afli telst, skal miða við hvenær afla er landað hér á landi. Þannig telst afli sem landað er 1. september 2022 eða síðar til fiskveiðisársins 2022/2023, enda þótt veiðiferð hefjist fyrir upphaf þess fiskveiðisárs.

2 Sigli skip með eigin afla á erlendan markað, skal afli teljast til þess fiskveiðisárs, þá er skipið sannanlega hættir veiðum fyrir siglingu.

### VII. KAFLI

#### Framsal aflamarks og aflahlutdeildar.

#### 9. gr.

1 Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki, er heimilt að flytja aflamarkið á milli fiskiskipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðiheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Krókaafلامark verður aðeins flutt til báts, sem hefur veiðileyfi með krókaafلامarki og uppfyllir stærðarmörk sem kveðið er á um í 7. gr.

2 Á hverju fiskveiðiarí er heimilt að flytja af fiskiskipi 50% þess aflamarks sem skipi var úthlutað í þorskígildum talið á grundvelli verðmætahlutfalla einstakra tegunda. Auk þess er heimilt að flytja frá skipi það aflamark í einstökum tegundum sem flutt hefur verið til skips. Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings á aflamarki vegna varanlegra breytinga á skipakosti útgerða eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns.

3 Tilkynna skal Fiskistofu um flutning aflamarks á eyðublaði sem Fiskistofa gefur út og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann. Í tilkynningunni skulu koma fram upplýsingar um nöfn og skipaskrárnúmer þeirra skipa sem aflamark er flutt á milli og magn aflamarks, auk upplýsinga um verð aflamarks nema skipin séu í eigu sama aðila. Eigandi og útgerðaradili þess skips sem aflamarkið er flutt frá skulu undirrita og leggja fram tilkynningu um flutning.

4 Tilkynningu um flutning aflamarks skal fylgja staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggir samningur útgerðar og áhafnar þess skips sem aflamarkið er flutt til, um fiskverð til

viðmiðunar hlutaskiptum. Skal sá samningur uppfylla kröfur sem Verðlagsstofa skiptaverðs gerir, sbr. lög um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Telji Verðlagsstofa skiptaverðs að gildissvið laganna nái ekki yfir viðkomandi skip, skal staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs lúta að því.

⑤ Sá sem tilkynnir um flutning aflamarks skal greiða flutningsgjald fyrir hverja tilkynningu og skal útgerð viðkomandi skips bera kostnað samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu af tölvubréfum og öðrum tilkynningum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Gjaldldagi reiknings er við útgáfu hans og eindagi 15 dögum síðar. Gjaldið er óendurkræft. Hafi reikningur ekki verið greiddur á eindaga er Fiskistofu heimilt að stöðva frekari flutning aflamarks frá og til viðkomandi fiskiskips.

⑥ Heimilt er Fiskistofu að gera þjónustusamninga um rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks milli fiskiskipa sem eru í eigu sama einstaklings eða lögaðila og skal greiða samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu fyrir slíka samninga fyrir hvert fiskveiðiár. Sækja skal til Fiskistofu um gerð þjónustusamnings um rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks á eyðublöðum sem Fiskistofa leggur til. Á umsóknareyðublöðunum skulu koma fram þær upplýsingar sem Fiskistofa telur nauðsynlegar og óskar þar eftir. Verði breytingar á atríðum sem útgerð hefur tilgreint í umsókn sinni skal hlutaðeigandi útgerð tilkynna Fiskistofu skriflega um breytingarnar án tafar.

⑦ Útgerð ber alfarið ábyrgð á öllum rafrænum tilkynningum um flutning aflamarks sem framkvæmdar eru samkvæmt þjónustusamningi hennar við Fiskistofu og skal útgerðin tryggja að óviðkomandi aðilar komist ekki yfir aðgang hennar til að tilkynna Fiskistofu rafrænt um flutning aflamarks. Þjónustusamningur um rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks fellur úr gildi verði vanskil á greiðslu gjalds fyrir samninginn og ef hlutaðeigandi útgerð hefur brotið gegn reglum er gilda um flutning aflamarks eða skilyrðum sem sett hafa verið varðandi rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks.

⑧ Fiskistofa skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um flutning aflamarks, þar á meðal um magn eftir tegundum, auk upplýsinga um verð, þar sem við á.

⑨ Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur.

<sup>1)</sup>Gjaldskrá Fiskistofu nr. 1404/2022.

## 10. gr.

① Beiðni um flutning á aflahlutdeild milli fiskiskipa skal tilkynna Fiskistofu fyrirfram og á því formi sem Fiskistofa gerir kröfu um, þ.m.t. með undirritun eiganda skips og vottun. Krókaafhlutdeild verður aðeins flutt til báts sem hefur veiðileyfi með krókaafلامarki og uppfyllir stærðarmörk sem kveðið er á um í 6. gr. Við flutning á aflahlutdeild skal leggja fram veðbókarvottorð þess skips sem flutt er frá auk skriflegs samþykkis eftirgreindra aðila:

- þeirra er þinglýst samningsveð áttu í skipinu 1. janúar 1991,
- þeirra, sem eiga þinglýsta kvöð á skipinu þar sem kveðið er á um að framsal aflahlutdeildar sé óheimilt án samþykkis kvaðarhafa,
- þinglýst samþykki þeirra, sem eiga þinglýst samningsveð í skipinu frá og með 1. janúar 1998.

② Flutningur aflahlutdeildar öðlast ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir. Aldrei er heimilt að flytja aflahlutdeild milli skipa, leiði slíkur flutningur til þess að veiðiheimildir þess skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess.

③ Umsóknir um flutning aflahlutdeildar milli fiskiskipa ásamt fullnægjandi fylgigögnum skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en einum mánuði fyrir lok fiskveiðiárs. Berist umsókn innan mánaðar, hefur flutningur aflahlutdeildar ekki áhrif á úthlutun aflamarks komandi fiskveiðiárs.

④ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila eða í eigu tengdra aðila ekki nema herra hlutfalli af heildaraflahlutdeild

en tilgreint er í 13. gr. laga um stjórn fiskveiða. Fyrir staðfestingu Fiskistofu á flutningi aflahlutdeildar og krókaaflahlutdeildar milli skipa skal eigandi þess skips sem flutt er frá greiða samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Gjaldskrá Fiskistofu nr. 1404/2022.

## VIII. KAFLI

### Veiðiskylda.

#### 11. gr.

1 Veiði fiskiskip minna en 50% á fiskveiðiári af úthlutuðu aflamarki sínu og aflamarki sem flutt hefur verið frá fyrra fiskveiðiári, í þorskígildum talið, fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur. Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips skv. þorskígildisstuðlum. Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á. Hið sama á við þegar skipi er haldið til veiða utan lögsögu á tegundum sem samið hefur verið um veiðistjórn á og ekki teljast til deilistofna.

2 Tefjist skip frá veiðum í a.m.k. fjóra mánuði vegna tjóns, meiri háttar bilana eða endurbóta hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar samkvæmt þessari grein.

## IX. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

#### 12. gr.

1 Skipstjóra er skylt að halda fiski um borð í veiðiskipum aðgreindum eftir tegundum. Verði slíku ekki við komið vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Ennfremur er skylt að láta vigta afla samkvæmt ákvæðum III. kafla laga um umgengni um nytjastofna sjávar og reglugerðar um vigtun og skráningu sjávaraflla.

2 Afla af skráplúru og sandkola sem fenginn er á því veiðisvæði sem tilgreint er í 6. mgr. 2. gr. skal haldið aðskildum frá öðrum afla af þessum tegundum og hann veginn og skráður sérstaklega.

3 Ef haldið er til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands skal, þegar haldið er úr höfn, tilkynna Fiskistofu hvar fyrirhugað sé að stunda veiðar. Þá skal tilkynna hvenær veiðar hefjast og hvenær þeim lýkur, nema annað sé ákveðið í sérstökum reglugerðum um viðkomandi veiðar. Í tilkynningunni komi fram, eftir því sem við á, áætlaður afli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

4 Í einni og sömu veiðiferð er óheimilt að stunda veiðar bæði innan og utan fiskveiðilögsögu Íslands. Þetta gildir þó ekki, haldi skip til veiða utan lögsögunnar á úthafskarfa, síld, loðnu, kolmunna, túnfiski eða makríl, enda sé Fiskistofu tilkynnt um slíkt í samræmi við reglur þar að lútandi.

5 Heimilt er þó með samþykki Fiskistofu að víkja frá banni, skv. 4. mgr., enda hafi afli og aflasamsetning um borð í fiskiskipi verið staðfest með fullnægjandi hætti að mati Fiskistofu, áður en skip flytur sig milli veiðisvæða utan og innan lögsögunnar.

6 Þorsk-, ýsu- og ufsaveiðar með hringnót eru bannaðar.

#### 13. gr.

1 Útgerðum skipa sem fengið hafa leyfi Fiskistofu til að vinna afla um borð er skylt að lokinni veiðiferð að skila sérstakri skýrslu um afla til Fiskistofu á eyðublöðum sem Fiskistofa leggur til.

2 Þá er skipstjórnum fiskiskipa skylt að halda sérstakar afladagbækur, sbr. reglugerð um skráningu og rafræn skil aflaupplýsinga.

☐ Kaupendum afla er skylt að skila til Fiskistofu skýrslum um mótttekinn afla í því formi, sem Fiskistofa ákveður, sbr. reglugerð um skýrsluskil vegna viðskipta með sjávarafla.

<sup>1)</sup>Rg. 298/2020 (um skráningu og rafræn skil aflaupplýsinga), sbr. 609/2021. <sup>2)</sup>Rg. 994/2013 (um skýrsluskil vegna viðskipta með sjávarafla).

#### 14. gr.

☐ Heimilt er að nýta báta, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, til veiða í frístundum, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um stjórn fiskveiða, enda séu engin veiðarfæri um borð önnur en handfæri án sjálfvirknibúnaðar og/eða sjóstangir. Óheimilt er að selja aflann eða fénýta á annan hátt.

☐ Skipstjórar báta, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni og fara til veiða, skv. 1. mgr., skulu tilkynna Fiskistofu um það áður en veiðiferð hefst.

#### 15. gr.

☐ Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti sakamála.

☐ Um áminningar og sviptingu veiðileyfa vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

☐ Um gjald vegna ólögmæts sjávarafla gilda ákvæði laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

#### 16. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 920/2021, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2021/2022.

### Ákvæði til bráðabirgða.

#### I.

☐ Við upphaf fiskveiðiársins 2022/2023 skal setja skipum sjálfstæða aflahlutdeild í ígulkerum (*Echinodermata*) innan íslenskrar fiskveiðilögsögu á hverju veiðisvæði sem tilgreint er í reglugerð um veiðar á ígulkerum á grundvelli ákvæða 9. gr. laga um stjórn fiskveiða.

☐ Við útreikning á aflahlutdeild hvers fiskiskips, skal eingöngu leggja til grundvallar aflaupplýsingar samkvæmt aflaupplýsingakerfi Fiskistofu (GAFL) og hlutfall heildarafla í ígulkerum sem einstök skip hafa veitt á þessu viðmiðunartímabili á viðkomandi svæðum fyrir hvert fiskveiðiár fyrir sig. Þó skal vegna fiskveiðiársins 2019/2020 heildarafla þess árs skipt hlutfallslega í sömu hlutföllum og veiði hvers skips fiskveiðiárin 2020/2021 og 2021/2022.

#### II.

☐ Á grundvelli áætlaðrar aflahlutdeildar skal fiskiskipum úthlutað bráðabirgðaafلامarki í sandkola, ígulkerum og sæbjúgum fyrir fiskveiðiárið 2022/2023, sem samtals nemur 80% af úthlutaðu aflamarki, sbr. töflu í 3. gr. Jafnframt skulu útgerðum skipanna kynntar forsendur úthlutunarinnar og skulu þær hafa frest til 1. október 2022 til að koma athugasemdum á framfæri við Fiskistofu vegna hennar. Fiskistofa skal eigi síðar en 1. nóvember 2022 senda útgerðum skipanna tilkynningar um endanlega aflahlutdeild skipa þeirra í sandkola, ígulkerum og sæbjúgum og endanlegt aflamark þeirra á fiskveiðiárinu 2022/2023. Ekki er heimilt að millifæra hlutdeild eða aflamark í sandkola, ígulkerum og sæbjúgum fyrr en úthlutun hefur endanlega farið fram.

[[III.]<sup>2)</sup>

☐ Heimilt er að flytja óveitt aflamark í hörpudiski (Breiðafjarðarskel) frá fiskveiðiarinu 2021/2022 yfir á fiskveiðiárið 2022/2023 sem hér segir:

Á veiðisvæðið Breiðasund 2.700 kg, sbr. reglugerð nr. 890/2020 um veiðisvæði hörpudisks.

Á veiðisvæðið Hvammsfjörður 31.000 kg, sbr. reglugerð nr. 890/2020 um veiðisvæði hörpudisks.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 1004/2022, 1. gr. <sup>2)</sup>Númer bráðabirgðaákvæðis kemur ekki fram í reglugerð á reglugerðasafni á Ísland.is en til hagræðis þá er það merkt hér sem bráðabirgðaákvæði III.

Matvælaráðuneytinu, 26. ágúst 2022.





## Reglugerð

### nr. 973/2022, um sérstaka úthlutun til skel- og rækjubáta á fiskveiðiarinu 2022/2023.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 973/2022 sbr. rg. 1189/2022.

#### 1. gr.

☐ Þar sem takmarkaðar rækjuveiðar voru stundaðar í Ísafjarðardjúpi og Arnarfirði og engar rækjuveiðar voru stundaðar á Húnaflóa, Skagafirði, Skjálfanda, Öxarfirði og Norðurfjörðum Breiðafjarðar á fiskveiðiarinu 2021/2022, og á Eldeyjarsvæði almanaksárið 2022, skal á fiskveiðiarinu 2022/2023 úthluta aflamarki sem nemur samtals [981]<sup>1)</sup> þorskígildistonnnum til báta, sem hafa hlutdeild í rækju á áðurgreindum svæðum.

☐ Við útreikning uppbóta er miðað við að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðalaflla rækju-vertíðanna 1996/1997 - 2005/2006 að frádregnum rækjuaflla fiskveiðiársins 2021/2022 á viðkomandi svæði að teknu tilliti til heildarráðstöfunar til skel- og rækjubáta sem tilgreind er í reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2022/2023. Verðmætastuðullinn fyrir rækju er 0,52, miðað við þorskígildi og koma 137 þorskígildistonn í hlut báta frá Arnarfirði, 317 þorskígildistonn í hlut báta í Ísafjarðardjúpi, 128 þorskígildistonn í hlut báta við Húnaflóa, 132 þorskígildistonn í hlut báta við Skagafjörð, 61 þorskígildistonn í hlut báta á Skjálfanda, 174 þorskígildistonn í hlut báta við Öxarfjörð, 20 þorskígildistonn í hlut báta á Eldeyjarsvæði og 12 þorskígildistonn í hlut báts í Norðurfjörðum Breiðafjarðar.

<sup>1)</sup>Rg. 1189/2022, 1. gr.

#### 2. gr.

☐ Þar sem takmarkaðar hörpudisksveiðar voru stundaðar í Breiðafirði á fiskveiðiarinu 2021/2022 skal á fiskveiðiarinu 2022/2023 úthluta aflamarki sem samtals nemur [834]<sup>1)</sup> þorskígildistonnnum til báta, sem aflahlutdeild hafa í hörpudiski í Arnarfirði, Húnaflóa, Breiðafirði og Hvalfirði.

☐ Við útreikning uppbóta er miðað við að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðalaflla árána 1998 til 2007 að teknu tilliti til heildarráðstöfunar til skel- og rækjubáta sem tilgreind er í reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2022/2023. Verðmætastuðullinn fyrir hörpudisk er 0,32, miðað við þorskígildi, og koma 6 þorskígildistonn í hlut báta frá Arnarfirði, 29 þorskígildistonn í hlut báta við Húnaflóa, 778 þorskígildistonn í hlut báta við Breiðafjörð og 21 þorskígildistonn í hlut báta við Hvalfjörð.

<sup>1)</sup>Rg. 1189/2022, 2. gr.

#### 3. gr.

☐ Úthluta skal uppbótum til einstakra báta á grundvelli þeirrar aflahlutdeildar sem þeir hafa í rækju og skel á viðkomandi svæði og miðast við aflahlutdeild eins og hún er 1. ágúst 2022. Uppbæturnar skulu skiptast á eftirgreindar tegundir: Þorsk, ýsu, ufsa, steinbít, gullkarfa, keilu og löngu samkvæmt eftirfarandi töflu:

Tegundir	Lestir upp úr sjó	Þorskígildislestir
Þorskur	1.400	1.176
Ýsa	290	245
Ufsi	453	229
Steinbítur	51	27
Gullkarfi	199	123
Keila	8	2
Langa	26	12
<b>Samtals:</b>	2.427	1.815

4. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett, skv. 3. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, til að öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. september 2022. Jafnframt fellur reglugerð nr. 922/2021, um sérstaka úthlutun til skel- og rækjubáta úr gildi frá 1. september 2022.

*Matvælaráðuneytinu, 26. ágúst 2022.*

## Reglugerð

### nr. 974/2022, um línuviltun á fiskveiðiarinu 2022/2023.

#### 1. gr.

☐ Frá og með 1. september 2022, má við línuveiðar dagróðrabáta með línu, sem beitt er í landi, landa 20% umfram þann afla í þorski, ýsu, steinbít, keilu, löngu og gullkarfa sem reiknast til aflamarks þeirra, í einstökum róðrum. Einnig er heimilt við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem stokkuð er upp í landi, að landa 15% umfram þann afla í þorski, ýsu, steinbít, keilu, löngu og gullkarfa sem reiknast til aflamarks þeirra, í einstökum róðrum. Heimild þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að línan sé beitt í landi og ekki séu önnur veiðarfæri eða hlutar þeirra um borð í bátnum.
2. Að línan sé stokkuð upp í landi með þeirri aðferð sem lýst er í 2. gr. og ekki séu önnur veiðarfæri eða hlutar þeirra um borð í bátnum.
3. Að bátur komi til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að haldið var til veiða.
4. Að sjálfvirkt tilkynningakerfi bátsins sé virkt.
5. Að útgerðaraðili tilkynni um fyrirhugaðar línuveiðar til Fiskistofu, skv. 4. gr.
6. Að við skráningu afla í löndunarhöfn, í aflaupplýsingakerfið GafL, komi fram, að veiðarfæri í tilteknum róðri hafi verið landbeitt lína eða lína stokkuð upp í landi samkvæmt upplýsingum útgerðaraðila.

#### 2. gr.

☐ Þegar lína er stokkuð upp í landi skal verkferill vera eftirfarandi:

- a. Lína fer eftir rörum í uppstokkara með burstum um borð í bátnum.
- b. Beita er þar þvegin af.
- c. Þeir krókar sem eru heilir og rata rétta leið raðast á stökk, en línan sjálf fer í kassa ásamt þeim krókum sem ekki eru í lagi.
- d. Sá hluti línunnar, þar sem taumar hafa slitnað af, fer beint í kassann.
- e. Kassar eru síðan hífðir í land í körum og á þann stað sem uppstokkun fer fram.
- f. Uppstokkun fer þannig fram að kassanum er komið fyrir í sérstakt sæti og stökkurinn festur við stærri rekka.
- g. Hver krókur fyrir sig er færður handvirkt inn á þann rekka.
- h. Krókar eru réttir eða bætt á línuna og greitt úr flækjum eða hnútum.
- i. Þegar stökkurinn er tómur er línan flutt aftur á stökkinn sem hún var á og hann lagður í kassa.

#### 3. gr.

☐ Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal línuviltun í þorski takmarkast við 1.200 tonn, 500 tonn af ýsu, 177 tonn af steinbít, 15 tonn af gullkarfa, 15 tonn af keilu og 20 tonn af löngu, miðað við óslægðan fisk, sem skiptast þannig innan fiskveiðisársins:

Tímabil	Þorskur	Ýsa	Steinbítur	Gullkarfi	Keila	Langa
1. September – nóvember	325	225	5	4	8	7
2. Desember – febrúar	500	150	10	4	2	4
3. Mars – maí	320	85	145	5	3	7
4. Júní – ágúst	55	40	17	2	2	2
<b>Samtals:</b>	<b>1.200</b>	<b>500</b>	<b>177</b>	<b>15</b>	<b>15</b>	<b>20</b>

4. gr.

☐ Fiskistofa fylgist með línafla og tilkynnir ráðuneytinu hvenær líklegt megi telja að viðmiðunarafla hvers tímabils verði náð, sbr. 2. gr. Náist ekki að veiða viðmiðunarafla einhvers tímabils bætast ónýttar heimildir við viðmiðunarafla næsta tímabils á eftir. Fiskistofa tilkynnir síðan frá hvaða degi tiltekinn afli reiknast að fullu til aflamarks.

5. gr.

☐ Útgerðaraðili skal tilkynna Fiskistofu fyrir fram um upphaf þess tíma sem línuveiðar skv. 1. gr. eru fyrirhugaðar. Fiskistofa ákveður nánar hvernig tilkynningunni skuli háttað. Tilkynningin gildir þar til útgerðaraðilinn tilkynnir um annað.

6. gr

☐ Reglugerð þessi er sett, skv. 8. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. september 2022. Jafnframt fellur reglugerð nr. 921/2021, um línuvílnun úr gildi 1. september 2022.

*Matvælaráðuneytinu, 16. ágúst 2022.*

## Reglugerð

### nr. 1018/2022, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2022/2023.

#### 1. gr.

##### *Heildaraflaheimildir.*

1. Á fiskveiðiarinu 2022/2023 skal matvælaráðherra úthluta aflamarki sem nemur allt að 4.900 þorskígildistonnnum af botnfiski og ráðstafa til stuðnings byggðarlögum, þannig:

- Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum og/eða vinnslu á botnfiski.
- Til byggðarlaga sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í byggðarlögunum. Heimilt er að ráðstafa aflaheimildum samkvæmt þessum lið til allt að þriggja ára í senn.

2. Byggðarlög, skv. 1. mgr. eru byggðakjarnar sem liggja að sjó og eru háðir veiðum og/eða vinnslu á sjávarafla. Minni byggðarlög teljast byggðarlög með færri íbúum en 2.000, miðað við 1. janúar 2022.

#### 2. gr.

##### *Skipting aflaheimilda eftir botnfisktegundum.*

1. Aflaheimildir, skv. 1. gr. skulu skiptast á eftirgreindar tegundir: Þorsk, ýsu, ufsa, steinbít, gullkarfa, keilu og löngu samkvæmt eftirfarandi töflu:

Tegundir	Tonn	Þorskígildislestir
Þorskur	3.500	2.940
Ýsa	1.100	930
Ufsi	1.400	707
Steinbítur	155	82
Gullkarfi	300	185
Keila	43	10
Langa	96	46
<b>Samtals:</b>	<b>6.594</b>	<b>4.900</b>

#### 3. gr.

##### *Útreikningur á aflaheimildum til byggðarlaga.*

1. Við útreikning á aflaheimildum sem koma í hlut hvers byggðarlags skal leggja til grundvallar eftirfarandi forsendur:

- Ráðuneytið skal reikna út aflaheimildir, skv. 1. mgr. 3. gr. sem koma í hlut hvers byggðarlags þar sem íbúar eru færri en 2.000 þann 1. janúar 2022. Við þann útreikning skal gefa hverju byggðarlagi punkta sem fundnir eru þannig:
  - Fyrir hvert 0,1% sem botnfiskafli fiskiskipa hefur mest dregist saman, frá fiskveiðiarinu 2012/2013 að telja til fiskveiðiársins 2021/2022, sem hlutfall af heildarbotnfiskafla allra byggðarlaga með færri en 2.000 íbúa þann 1. janúar 2022, skal gefa tvo punkta.
  - Fyrir hvert 0,1% sem botnfiskaflaheimildir fiskiskipa frá byggðarlagi hafa mest dregist saman, frá fiskveiðiarinu 2012/2013 að telja til fiskveiðiársins 2022/2023, sem hlutfall af heildarbotnfiskaflaheimildum allra byggðarlaga með færri en 2.000 íbúa þann 1. janúar 2022, skal gefa tvo punkta.

3. Fyrir hvert 0,1% sem vinnsla botnfiskafla í byggðarlagi hefur mest dregist saman, frá fiskveiðiárinu 2012/2013 að telja til fiskveiðiársins 2021/2022, sem hlutfall af heildarbotnfiskafla sem unninn hefur verið í öllum byggðarlögum með færri en 2.000 íbúa þann 1. janúar 2022, skal gefa fjóra punkta.

Ráðuneytið metur hvaða viðmiðunarár er hagstæðast hverju byggðarlagi til útreiknings aflaheimilda samkvæmt þessari reglugerð og leggur þar til grundvallar tölulegar upplýsingar frá Fiskistofu. Sama fiskveiðiárið skal ávallt lagt til grundvallar við mat á öllum þáttum fyrir hvert byggðarlag, sbr. 1.-3. tl. 1. mgr., og hafi aukning orðið í einum þætti milli viðmiðunarára kemur hún til frádráttar. Samanlagðir punktar vegna samdráttar í einstökum byggðarlögum ráða því hversu mikið af aflaheimildum kemur í þeirra hlut samkvæmt þessari grein en skulu þó að lágmarki vera 15 þorskígildistonn og að hámarki 275 þorskígildistonn.

Komi í ljós veruleg breyting á reiknuðum aflaheimildum samkvæmt þessari grein skal ráðuneytið kanna, hvort raunverulegar breytingar hafi orðið á útgerð eða botnfiskvinnslu í viðkomandi byggðarlagi. Hafi svo ekki orðið er heimilt að úthluta aflaheimildum samkvæmt þessari grein til viðkomandi byggðarlaga. Úthlutaðar aflaheimildir til viðkomandi byggðarlaga skulu þó ekki vera hærri en úthlutaðar aflaheimildir á fiskveiðiárinu 2021/2022 að teknu tilliti til breytinga á ráðstöfun skv. 3. mgr. 2. gr. reglugerðar um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2022/2023.

- B. Ráðuneytið skal reikna út hve miklar aflaheimildir koma í hlut hvers byggðarlags, skv. 2. mgr. 3. gr. Við þann útreikning skal leggja eftirfarandi forsendur til grundvallar: Hafi samdráttur í byggðarlagi í vinnslu á rækju, sem veidd er hér við land, verið 400 þorskígildistonn eða minni frá fiskveiðiárinu 2012/2013, 2013/2014, 2014/2015, 2015/2016, 2016/2017, 2017/2018, 2018/2019, 2019/2020 eða 2020/2021 að telja til fiskveiðiársins 2021/2022 koma aflaheimildir, sem nema 65 þorskígildistonnum í þess hlut. Hafi samdrátturinn í vinnslu verið meiri en 400 þorskígildistonn en minni en 1.500 þorskígildistonn í byggðarlagi koma 130 þorskígildistonn í þess hlut. Hafi samdráttur í vinnslu verið 1.500 þorskígildistonn eða meiri í byggðarlagi koma 195 þorskígildistonn í þess hlut.
- C. Hafi samdráttur í byggðarlagi í vinnslu á skel (hörpudisk og/eða kúfiskel), sem veidd er hér við land, verið 400 þorskígildistonn eða minni frá fiskveiðiárinu, 2012/2013, 2013/2014, 2014/2015, 2015/2016, 2016/2017, 2017/2018, 2018/2019, 2019/2020 eða 2020/2021 að telja til fiskveiðiársins 2021/2022 koma aflaheimildir, sem nema 65 þorskígildistonnum í þess hlut. Hafi samdrátturinn í vinnslu verið meiri en 400 þorskígildistonn en minni en 1.500 þorskígildistonn í byggðarlagi koma 130 þorskígildistonn í þess hlut. Hafi samdráttur í vinnslu verið 1.500 þorskígildistonn eða meiri í byggðarlagi koma 195 þorskígildistonn í þess hlut.
- D. Nú sýna útreikningar að aflaheimildir koma einnig í hlut tiltekins byggðarlags samkvæmt A-lið þessarar greinar og skal þá einungis úthluta aflaheimildum til byggðarlags á grundvelli þess ákvæðis sem meira gefur, þ.e. A-liðar eða samtölu B- og C- liðar.
- E. Þegar reiknaður hefur verið út hlutur einstakra byggðarlaga samkvæmt A-lið hér að framan, skal hlutur byggðarlaga með færri íbúa en 400 og sem úthlutað var aflaheimildum á fiskveiðiárinu 2021/2022, og eiga rétt til úthlutunar fiskveiðiárið 2022/2023, leiðréttur þannig að ekkert þeirra lækki um meira en 15 þorskígildistonn, milli fiskveiðiáranna 2021/2022 og 2022/2023.

4. gr.

*Tilkynningar um byggðakvóta til sveitarstjórna.*

☐ Ráðuneytið tilkynnir sveitarstjórnnum hversu miklar aflaheimildir koma í hlut hvers byggðarlags sem undir þær falla.

5. gr.

*Gildistaka.*

☐ Reglugerð þessi sem sett er, skv. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 919/2021, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2021/2022.

*Matvælaráðuneytinu, 8. september 2022.*





## Reglugerð

### nr. 1370/2022, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2022/2023.

#### 1. gr.

##### *Almenn skilyrði fyrir úthlutun aflamarks.*

☐ Úthluta skal aflamarki til fiskiskipa sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, við lok umsóknarfrests.
- b. Eru skráð í viðkomandi byggðarlagi 1. júlí 2022.
- c. Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðarlagi 1. júlí 2022. Miðað skal við lögheimili einstaklinga samkvæmt þjóðskrá og heimilisfang lögaðila samkvæmt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.

☐ Heimilt er úthluta aflamarki byggðarlaga til fiskiskipa, sem uppfylla skilyrði a- og b-liðar og eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í öðru byggðarlagi en umsókn um byggðakvóta beinist að, ef þeir stunda einnig útgerð með skip sem skráð eru í því byggðarlagi sem þeir hafa heimilisfang í.

#### 2. gr.

##### *Sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflamarks innan einstakra byggðarlaga.*

☐ Ráðherra getur heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórna að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflamarks í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga.

#### 3. gr.

##### *Málsmeðferð á tillögum sveitarstjórna, staðfesting o.fl.*

☐ Ráðuneytið skal leita eftir afstöðu sveitarstjórna til þess hvort þær óski eftir að setja sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflamarksins innan einstakra byggðarlaga. Sveitarstjórnir skulu hafa fjögurra vikna frest til að senda ráðuneytinu tillögur sínar, á því formi sem ráðuneytið leggur til.

☐ Eftir að tillögur sveitarstjórna hafa borist skulu þær birtar með aðgengilegum hætti, svo sem á vefsíðu ráðuneytisins, eigi síðar en sjö dögum áður en tekin verður afstaða til þeirra.

☐ Ef fallist verður á tillögur sveitarstjórna um slík skilyrði staðfestir ráðuneytið tillögurnar, auglýsir þær í B-deild Stjórnartíðinda og felur Fiskistofu að úthluta aflamarki byggðarlagsins samkvæmt þeim. Berist tillögur sveitarstjórna ekki innan áður nefnds frests eða ef ráðherra fellst ekki á tillögur sveitarstjórna fer um úthlutun aflamarks einstakra byggðarlaga til fiskiskipa samkvæmt 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og ákvæðum þessarar reglugerðar.

#### 4. gr.

##### *Viðmiðanir um úthlutun aflamarks til einstakra fiskiskipa.*

☐ Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. september 2021 til 31. ágúst 2022. Komi minna en 100 þorskígildiskiló í hlut fiskiskips samkvæmt framangreindum reglum fellur hlutur til þess niður

og skiptist hlutur þess milli annarra fiskiskipa frá sama byggðarlagi sem uppfylla skilyrði fyrir úthlutun.

② Afli sem landað er í byggðarlagi úr fiskiskipum sem ekki eru skráð innan viðkomandi byggðarlags, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.

③ Réttindi til úthlutunar fylgja skipi, nema ef eigandi eða leigutaki fiskiskips, sbr. 1. gr., hefur endurnýjað fiskiskip sitt á því viðmiðunartímabili sem fram kemur í 1. mgr. og flutt aflahlutdeildir af eldra skipinu yfir á endurnýjaða skipið getur hann í umsókn sinni óskað eftir að við úthlutun aflamarks, skv. 1. mgr. sé tekið tillit til landaðs afla eldra skips umsækjanda í sömu hlutföllum og nemur þeim aflahlutdeildum sem hafa verið fluttar milli skipanna. Sömu skilyrði eiga einnig við þegar endurnýjun skips á sér stað á tímabilinu eftir að viðmiðunartímabili sem fram kemur í 1. mgr. lýkur og fram að úthlutun.

④ Ef fiskiskip er endurnýjað eftir að skipting aflamarks hefur farið fram samkvæmt 1. mgr. en áður en uppfyllt hafa verið skilyrði samkvæmt 6. gr. er heimilt að óska eftir að flytja rétt til úthlutunar aflamarks af eldra skipinu yfir á endurnýjaða skipið, enda hafi verið gerður fyrirvari þess efnis í kaupsamningi eða afsali, hafi skip verið selt á því tímamarki.

## 5. gr.

### *Framkvæmd úthlutunar.*

① Fiskistofa annast úthlutun aflamarks, sem kemur í hlut einstakra byggðarlaga, til fiskiskipa og skal auglýsa eftir umsóknum útgerða á vefsíðu Fiskistofu. Umsóknarfrestur skal vera tvær vikur.

② Fiskistofa tilkynnir umsækjanda um ákvörðun um úthlutun á byggðakvóta.

③ Ákvarðanir Fiskistofu varðandi úthlutun samkvæmt þessari grein er heimilt að kæra til matvælaráðuneytisins. Kærufrestur er tvær vikur og skal úthlutun ekki fara fram fyrr en að þeim fresti liðnum. Skal ráðuneytið úrskurða um kærur innan tveggja mánaða. Ráðuneytið getur ákveðið að úthlutun aflaheimilda til skipa í tilteknu byggðarlagi verði frestað að hluta eða öllu leyti þar til það hefur lokið afgreiðslu á kærum sem borist hafa vegna úthlutunar í viðkomandi byggðarlagi.

## 6. gr.

### *Skilyrði um afhendingu byggðakvóta.*

① Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga á tímabilinu frá 1. september 2022 til 31. ágúst 2023. Skilyrði þess að afla teljist landað til vinnslu er að honum sé haldið aðskildum frá öðrum afla ásamt því að vera vigtaður og skráður sérstaklega við vigtun á hafnarvog. Aflinn skal nema, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari. Eigandi fiskiskips skal gera skriflegan samning við fiskkaupanda um magn sem landað verður til vinnslu hjá viðkomandi vinnsluaðila, þar sem fram kemur að vinnsluaðili skuldbindi sig til að vinna aflann og skal bæjar- eða sveitarstjórn árita samninginn til staðfestingar.

② Úthlutun aflamarks fer fram á grundvelli vigtarnóta sem borist hafa Fiskistofu og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt. Miða skal við allar botnfiskaflategundir sem gefinn hefur verið út þorskígildisstuðull fyrir. Einnig er það skilyrði fyrir úthlutun að ekki hafi verið flutt meira aflamark í þorskígildum talið á fiskveiðiárinu 2021/2022 frá viðkomandi fiskiskipum en flutt hefur verið til þeirra þegar afhending aflamarks á sér stað.

③ Afla sem boðinn er upp á fiskmarkaði telst ekki hafa verið landað til vinnslu samkvæmt þessari grein. Þá er einungis heimilt að meta til viðmiðunar samkvæmt þessari grein landaðan afla sem ekki hefur áður verið metinn til úthlutunar byggðakvóta.

④ Með vinnslu, skv. 1. mgr. er átt við flökun, flatningu, frystingu, söltun eða herslu.

⑤ Ef eigandi eða leigutaki fiskiskips, sbr. 1. gr., hefur endurnýjað fiskiskip sitt eftir að lokið er því viðmiðunartímabili sem fram kemur í 1. mgr. 4. gr. en áður en uppfyllt hafa verið skilyrði

samkvæmt þessari grein og eftirstöðvar á rétti til úthlutunar, skv. 4. mgr. 4. gr., verið flutt af eldra skipinu yfir á endurnýjaða skipið, sbr. 3. mgr. 4. gr., skal við mat á hvort uppfyllt eru skilyrði samkvæmt þessari grein einnig heimilt að miða við landaðan afla beggja skipanna í viðkomandi byggðarlagi.

7. gr.

*Afhending og flutningur aflamarks.*

☐ Fiskistofu er heimilt að úthluta aflamarki fiskiskips á grundvelli afla annars skips í eigu sama lögaðila. Jafnframt er heimilt að flytja rétt til úthlutunar aflamarks milli skipa í eigu sama lögaðila. Óheimilt er að leigja skip annarra lögaðila til að uppfylla skilyrði um löndun afla til vinnslu samkvæmt 6. gr. Ráðherra er heimilt, að fengnum rökstuddum tillögum sveitarstjórnar, að víkja frá ákvæðum þessarar greinar enda sé það gert á grundvelli málefnalegra og staðbundinna ástæðna. Um málsmeðferð og staðfestingu tillagna sveitarstjórna samkvæmt þessari grein skulu gilda ákvæði 3. gr.

☐ Fiskistofu er heimilt samkvæmt beiðni útgerðaraðila að úthluta aflamarki fyrir fiskveiðiárið í fimm áföngum, 1/5 hverju sinni enda séu skilyrði um landað magn til vinnslu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar uppfyllt í sama hlutfalli á sama tíma. Hafi skilyrði fyrir úthlutun aflamarks til einstakra fiskiskipa á grundvelli reglugerðar þessarar ekki verið uppfyllt að fullu í lok þess tímabils sem fram kemur í 1. mgr. þessarar greinar, fellur niður réttur til aflamarks í hlutfalli við það sem upp á vantar að skilyrði séu uppfyllt. Takist ekki að úthluta öllu aflamarki viðkomandi skips fyrir lok fiskveiðiársins er Fiskistofu heimilt að úthluta áunnu aflamarki fiskveiðiársins 2022/2023 á fiskveiðiarinu sem hefst 1. september 2023, enda hafi ekki verið flutt meira aflamark frá skipinu en til þess í lok fiskveiðiársins á undan.

☐ Heimilt er að flytja aflamark einstakra fiskveiðiára sem úthlutað er samkvæmt þessari grein yfir á næsta fiskveiðiár og úthluta því með þeim aflaheimildum sem koma til úthlutunar á því fiskveiðiári. Aflamark sem er flutt frá eldra fiskveiðiári skal tilheyra aflamarki þess fiskveiðiárs sem hófst 1. september næst á undan úthlutun aflamarks.

8. gr.

*Lágmarksverð.*

☐ Verð fyrir afla sem landað er til vinnslu til að uppfylla skilyrði 6. gr. skal ekki vera lægra en það verð sem ákveðið er sem viðmiðunarverð af Verðlagsstofu skiptaverðs.

10. gr.

*Gildistaka.*

☐ Reglugerð þessi sem sett er, skv. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda fyrir fiskveiðiárið 2022/2023. Við gildistöku hennar fellur úr gildi reglugerð nr. 995/2021, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2021/2022.

*Matvælaráðuneytinu, 8. desember 2022.*



## Reglugerð

### nr. 643/2016, um ráðstöfun og meðferð aflaheimilda skv. 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 643/2016 sbr. rg. 427/2018.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið - Val á byggðarlögum.*

☐ Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar aflaheimildir, sem ráðherra ákvarðar samkvæmt heimild í 5. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006, til að styðja byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi, sbr. 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

☐ Val á byggðarlögum sem koma til álita skal byggja á eftirfarandi þáttum:

Byggðarlag sé í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Íbúar byggðarlags séu færri en 400.

Íbúum hafi fækkað síðastliðin 10 ár.

Akstursfjarlægð frá byggðarlagi til byggðakjarna sem telur meira en 1.000 íbúa sé a.m.k. 20 km.

Byggðakjarninn tilheyri vinnusóknarsvæði sem telur færri en 10.000 íbúa.

Hlutfall starfa við veiðar og vinnslu í sjávarbyggðinni sé a.m.k. 20% allra starfa.

Að aflamark Byggðastofnunar skipti verulegu máli fyrir framtíð byggðarlagsins að mati stjórnar Byggðastofnunar.

☐ Stjórn Byggðastofnunar tekur ákvörðun um endanlegt val byggðarlaga á grundvelli grein- ingar Byggðastofnunar á stöðu byggðarlaga og innkominna umsókna um samstarf við viðkomandi sveitarfélög.

#### 2. gr.

##### *Skipting aflamarks.*

☐ Skipting þess aflamarks sem kemur í hlut byggðarlags samkvæmt reglum þessum skal fara fram á grundvelli samninga Byggðastofnunar, fiskvinnslu og útgerðaraðila. Við mat umsókna frá einstökum byggðarlögum verður byggt á mati á eftirfarandi atriðum:

Trúverðugum áformum um útgerð, vinnslu sjávarafurða eða aðra starfsemi.

Fjöldi heilsársstarfa fyrir karla og konur sem skapast eða verður viðhaldið.

Sem bestri nýtingu þeirra aflaheimilda sem fyrir eru í byggðarlaginu.

Öflugri starfsemi til lengra tíma sem dregur sem mest úr óvissu um framtíðina.

Jákvæðum áhrifum á atvinnulíf og samfélag.

Traustri rekstrarsögu forsvarsmanna umsækjenda.

☐ Byggðastofnun ákveður tímalengd samninga um nýtingu aflaheimilda skv. reglum þessum, sem skal þó ekki vera lengri en til sex ára.

#### 3. gr.

##### *Skilyrði fyrir úthlutun aflamarks.*

☐ Eingöngu er heimilt að ráðstafa aflamarki til fiskiskipa sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, þegar úthlutun aflamarks á sér stað.

#### 4. gr.

##### *Umsóknarferli.*

☐ Byggðastofnun annast úthlutun aflamarks, sem kemur í hlut einstakra byggðarlaga, og skal auglýsa eftir umsóknum í a.m.k. tveimur dagblöðum og á vefsíðu Byggðastofnunar:

www.byggðastofnun.is. Í umsóknum skulu koma fram upplýsingar sem Byggðastofnun ákveður og skal umsóknum skilað á því formi sem stofnunin ákveður. Umsóknarfrestur skal vera minnst tvær vikur. Byggðastofnun annast mat og úrvinnslu umsókna og skal svara öllum umsóknum svo fljótt sem unnt er.

5. gr.

*Úthlutun aflamarks.*

☐ [Byggðastofnun skal úthluta aflamarki með tilkynningu til Fiskistofu um magn á skip, á grundvelli samninga fyrir fiskveiðiárið enda séu skilyrði samningsins uppfyllt.]<sup>1)</sup> Hafi skilyrði fyrir úthlutun aflamarks til einstakra fiskiskipa á grundvelli reglugerðar þessarar ekki verið uppfyllt að fullu í lok fiskveiðiárs fellur niður réttur til aflamarks í hlutfalli við það sem upp á vantar að skilyrði séu uppfyllt. Takist ekki að úthluta öllu aflamarki viðkomandi skips fyrir lok fiskveiðiársins er heimilt að ráðstafa áunnu aflamarki yfirstandandi fiskveiðiárs til næsta fiskveiðiárs, enda hafi viðkomandi skip verið í samfelldri eigu viðkomandi útgerðar og ekki verið flutt meira aflamark frá skipinu en til þess í lok fiskveiðiársins á undan.

<sup>1)</sup>Rg. 427/2018, 1. gr.

6. gr.

*Samráð við sveitarstjórn.*

☐ [Byggðastofnun skal hafa samráð við sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags áður en tillögur um samningsaðila eru lagðar fyrir stjórn Byggðastofnunar til endanlegrar afgreiðslu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 427/2018, 2. gr.

7. gr.

*Vinnsla afla.*

☐ Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til aflamarks Byggðastofnunar til vinnslu innan hlutaðeigandi vinnusóknarsvæða á viðkomandi fiskveiðiári og í samræmi við samning sem liggur til grundvallar úthlutun. Með vinnslu er átt við flökun, flatningu, frýstingu, söltun eða herslu samkvæmt nánari lýsingu í samningi.

8. gr.

*Framsal aflamarks.*

☐ Framsal aflamarks sem úthlutað er samkvæmt reglum þessum er óheimilt, en þó skulu heimil jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið. Aflamarki Byggðastofnunar er m.a. ætlað að stuðla að sem bestri nýtingu þeirra aflaheimilda sem fyrir eru í byggðarlaginu. Því er heimilt í samningi skv. 2. gr. að kveða á um bann við leigu eða sölu aflaheimilda frá aðilum samningsins á samningstímanum.

9. gr.

*Eftirlit með samningum.*

☐ Eftirlit með framkvæmd þessara reglna skal vera í höndum Byggðastofnunar í samráði við viðkomandi sveitarstjórn og atvinnuþróunarfélag. Sé það mat þessara aðila að um alvarleg frávik sé að ræða frá ákvæðum samningsins, getur Byggðastofnun rift honum einhliða hvenær sem er á samningstímanum.

10. gr.

*Gildistaka.*

☐ Reglugerð þessi er sett skv. 10.gr.a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, og öðlast gildi 1. september 2016. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 606/2015, um ráðstöfun og meðferð aflaheimilda skv. ákvæði til bráðabirgða XIII í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. júlí 2016.*

## Reglugerð nr. 382/2017, um leyfisskyldar frístundaveiðar.

### 1. gr.

☐ Reglugerð þessi gildir um leyfisskyldar frístundaveiðar, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

### 2. gr.

☐ Aðilum sem reka ferðaþjónustu og hyggjast nýta við þann rekstur báta til frístundaveiða er skylt að sækja um leyfi til Fiskistofu fyrir hvern bát sem fyrirhugað er að nota í því skyni. Skilyrði útgáfu leyfis er að rekstraraðili báts hafi leyfi Ferðamálastofu, sem gefið er út með stoð í 8. gr. laga nr. 73/2005, um skipan ferðamála.

☑ Við veitingu leyfa til frístundaveiða koma aðeins til greina bátar sem hafa haffærisskírteini og skrásettir eru á skipaskrá Samgöngustofu eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum. Skulu eigendur þeirra og útgerðir fullnægja þeim skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

### 3. gr.

☐ Frístundaveiðar er einungis heimilt að stunda með sjóstöng og handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Leyfi til veiðanna eru tvenns konar:

1. Leyfi til að veiða tiltekinn fjöldi fiska af kvótabundnum fisktegundum á hvert handfæri eða sjóstöng dag hvern og reiknast sá afli ekki til aflamarks viðkomandi báts. Um borð í báti sem tekur færri en 20 farþega er heimilt að hafa allt að 7 sjóstangir eða handfæri samtímis enda fari heildarafli fiska af kvótabundnum fisktegundum ekki yfir 49 fiska dag hvern. Um borð í báti sem tekur farþega á bilinu 20 - 49 er heimilt að hafa allt að 15 sjóstangir eða handfæri samtímis enda fari heildarfjöldi fiska af kvótabundnum fisktegundum ekki yfir 60 fiska dag hvern. Þá er um borð í báti sem tekur 50 farþega eða fleiri heimilt að hafa allt að 25 sjóstangir eða handfæri samtímis enda fari heildarfjöldi fiska af kvótabundnum fisktegundum ekki yfir 75 fiska dag hvern. Óheimilt er að selja eða fénýta á annan hátt afla sem fæst við veiðar samkvæmt leyfi þessu.
2. Leyfi til veiða sem takmarkast af aflamarki eða krókaafلامarki viðkomandi báts. Allur afli þessara báta skal veginn í samræmi við gildandi reglur um vigtun og skráningu sjávarafila. Um afla þessara báta gilda ekki ákvæði laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Ekki skal leitað staðfestingar Verðlagsstofu skiptaverðs vegna flutnings aflamarks til þessara báta. Heimilt er að selja og fénýta á annan hátt þann afla sem fæst við veiðar sem heimilar eru samkvæmt þessum tölulíð.

☑ Ekki er skylt að halda afladagbækur vegna afla báta er stunda frístundaveiðar.

☑ Leyfi til frístundaveiða skulu veitt til eins fiskveiðiárs í senn og er einungis heimilt að veita báti leyfi annaðhvort samkvæmt 1. tl. eða 2. tl. Frístundaveiðiskip skv. 2. tl. 1. mgr., sem jafnframt hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni skulu tilkynna Fiskistofu með viku fyrirvara um upphaf og lok tímabils sem skipinu er haldið til veiða í atvinnuskyni.

### 4. gr.

☐ Rekstraraðili frístundaveiðibáts, sem ekki hefur aflaheimildir, skal mánaðarlega skila til Fiskistofu skýrslu, í því formi sem Fiskistofa ákveður, yfir veiddan afla. Skila skal sérstakri skýrslu fyrir afla hvers báts. Í aflaskýrslu frístundaveiðibáts skal færa eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafn og kennitölu rekstraraðila.
2. Nafn báts.
3. Skipaskrárnúmer.
4. Löndunarstað.
5. Löndunardag.
6. Fisktegund.
7. Fjöldi fiska og áætlaða þyngd þeirra.
8. Fjöldi sjóstanga og/eða færarúlla.

☐ Upplýsingar um afla skal færa í aflaskýrslu svo skjótt sem verða má. Í lok hverrar veiðiferðar og áður en lagst er að bryggju skal veiðiferðin vera að fullu færð á aflaskýrslu mánaðarins.

☐ Skipstjóra er skylt að veita eftirlitsmönnum Fiskistofu og starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands aðgang að aflaskýrslunni og aðstoð við að sannreyna upplýsingar sem færðar hafa verið í aflaskýrsluna.

☐ Aflaskýrsla skal ávallt vera um borð í fiskiskipi á meðan á frístundaveiðum stendur og þar til löndun er lokið.

☐ Rekstraraðili skal eigi síðar en 15. hvers mánaðar senda Fiskistofu skýrslur vegna afla undanfarandi mánaðar.

#### 5. gr.

☐ Rekstraraðili báts skal með sannanlegum hætti kynna fyrir áhöfn báts reglur um takmarkanir sem kunna að vera á veiðum á þeim svæðum þar sem líklegt má telja að báturinn stundi frístundaveiðar og ennfremur reglur um bann við brottkasti afla og reglur um meðferð afla.

#### 6. gr.

☐ Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 8. mgr. 6. gr. laga nr. 116/2006um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

#### 7. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 549/2009, um leyfisskyldar frístundaveiðar úr gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 4. maí 2017.*



## Reglugerð

### nr. 753/2019, um sérstaka úthlutun aflaheimilda til frístundaveiðiskipa.

#### 1. gr.

☐ Reglugerð þessi gildir um úthlutun aflaheimilda samkvæmt 5. mgr. 6. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

#### 2. gr.

☐ Á hverju fiskveiðiári er heimilt er að úthluta til frístundaveiðiskipa því magni af óslægðum botnfiski sem nánar er tilgreint í reglugerð um veiðar í atvinnuskyni. Aflaheimildir fyrir hvert fiskveiðiár sem ekki hefur verið úthlutað í lok fiskveiðiárs falla niður.

☐ Heimilt er gegn greiðslu að úthluta aflaheimildum á skip, sem leyfi hefur til frístundaveiða, sbr. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

☐ Fiskistofa annast úthlutun aflaheimilda samkvæmt reglugerð þessari og skal hverju skipi úthlutað að hámarki 10 tonnum á fiskveiðiárinu. Fiskistofa skal afgreiða umsóknir þannig að umsóknir sem berast fyrir kl. 16.00 hvern virkan dag skulu afgreiddar næsta virka dag. Berist umsókn eftir kl. 16.00 ber að telja hana til umsókna næsta dags. Ef aflaheimildir sem til ráðstöfunar eru nægja ekki til úthlutunar í samræmi við umsóknir þess dags skal umbeðið magn, sem fram kemur í umsóknum, lækkað hlutfallslega.

☐ Verð á aflaheimildum skal vera 80% af meðalverði í viðskiptum með aflamark, sem birt er á vef Fiskistofu, í lok dags daginn áður en viðskipti fara fram og skal það greitt Fiskistofu fyrir úthlutun. Hafi viðskipti með aflamark ekki átt sér stað síðasta virka dag áður en umsókn barst Fiskistofu skal miða við þann dag sem viðskipti fóru síðast fram fyrir þann tíma. Hafi gjald ekki verið greitt innan sjö daga frá því að umsókn barst Fiskistofu fellur réttur útgerðar til úthlutunar á grundvelli umsóknarinnar niður.

#### 3. gr.

☐ Aflaheimildir sem úthlutað er samkvæmt reglugerð þessari er einungis heimilt að nýta til frístundaveiða. Heimilt er að flytja af frístundaveiðiskipi 50% af aflaheimildum sem úthlutað er samkvæmt reglugerð þessari og eru þær eingöngu framseljanlegar á milli frístundaveiðiskipa.

#### 4. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 804/2018, um sérstaka úthlutun aflaheimilda til frístundaveiðiskipa.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 30. ágúst 2019.*



## Reglugerð nr. 799/2022, um þorskígildisstuðla fyrir fiskveiðiárið 2022/2023.

1. gr.

☐ Þorskígildisstuðlar hafa verið ákvarðaðir, sbr. 19. gr. laga um stjórn fiskveiða.

2. gr.

☐ Þorskígildisstuðlar fyrir fiskveiðiárið 1. september 2022 til 31. ágúst 2023 eru sem hér segir:

Tegund	Stuðlar	Tegund	Stuðlar	Tegund	Stuðlar
Blágóma	0,10	Keila	0,26	Skötuselur	1,68
Blálanga	0,43	Kolkrabbi	0,06	Slétti langhali	0,35
Búrfiskur	1,36	Kræklingur	0,00	Smokkfiskur	0,07
Djúpkarfi	0,66	Kúskel	0,22	Snarphali	0,17
Flundra/ósalúra	0,15	Langa	0,60	Spærlingur	0,06
Geimyt	0,00	Langlúra	0,55	Steinbitur	0,59
Gjölnir	0,26	Litla brosmá	0,00	Stinglax	0,31
Grálúða	1,80	Litli karfi	0,27	Stóra brosmá	0,13
Grásleppa	0,31	Loðna	0,11	Sæbjúga	0,20
Grjótkrabbi/klettakrabbi	0,58	Lúða	1,70	Tindaskata	0,06
Gullkarfi	0,62	Lýr	0,07	Trjónukrabbi	0,07
Gulllax	0,28	Lýsa	0,31	Túnfiskur	0,00
Háfur	0,04	Náskata	0,04	Ufsi	0,60
Hákarl	0,15	Rauðmagi	0,44	Urrari	0,04
Hámeri	0,25	Rækja á grunnslóð	0,80	Úthafsækja	0,83
Hlýri	0,72	Rækja við Snæfellsnes	0,84	Vogmær	0,06
Humar (slitinn)	3,12	Sandhverfa	4,26	Ýsa	1,01
Hvítskata	0,06	Sandkoli	0,41	Þorskur	1,00
Hörpudiskur	0,39	Skarkoli	1,04	Þykkvalúra/sólkoli	1,23
Ígulker	0,40	Skata	0,14	Ófugkjafna	0,40
Íslensk sumargotssíld	0,15	Skrápflúra	0,20		

☐ Þorskígildisstuðlar vegna aflaheimilda sem miðast við almanaksárið 2023 eru sem hér segir:

Tegund	Stuðlar
Kolmunnir	0,08
Makrill	0,16
Norður-Íshafsþorskur	1,00
Norsk-íslensk síld	0,15

3. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett, skv. 19. gr. laga um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast gildi 1. september 2022.

*Matvælaráðuneytinu, 24. júní 2022.*



## Reglugerð nr. 306/1999, um úthlutun þorskaflahlutdeildar í Barentshafi.

### 1. gr.

☐ Fiskistofa skal úthluta aflahlutdeild í þorski í Barentshafi til íslenskra skipa, á grundvelli veiðireynslu þeirra í þorski miðað við þrjú bestu ár þeirra á undangengnum sex árum frá og með árinu 1993 að telja. Hafi skip með veiðireynslu á sex síðustu árum verið tekið af skipaskrá hjá Siglingastofnun Íslands, fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, skal þeirri útgerð sem skráð var eigandi skipsins þegar það var tekið af skipaskrá, gefinn frestur til og með 15. júní 1999 til að óska eftir því við Fiskistofu, að aflahlutdeildinni verði úthlutað til annars sambærilegs skips í eigu sama einstaklings eða lögaðila.

### 2. gr.

☐ Við útreikning á veiðireynslu einstakra skipa í þorski, skv. 1. gr., skal leggja til grundvallar eftirfarandi nýtingarstuðla:

1.	a.	slægður með haus	1.18
	b.	slægður og hauseður	1.50
	c.	slægður og hauseður án klumbubeins	1.80
2.	a.	flök með roði án beina	2.95
	b.	flök með roði og beinum	2.60
	c.	flök án roðs með beinum	2.90
	d.	flök án roðs og beina	3.25
3.	a.	flattur saltfiskur	2.55
	b.	söltuð flök	3.50

### 3. gr.

☐ Fiskistofa skal eigi síðar en 31. maí 1999 senda útgerðum skipa, sem veiðireynslu hafa skv. 1. gr., tilkynningu þar sem fram kemur hver afli skipsins hefur verið á viðmiðunarárunum. Útgerðum skipa gefst kostur til og með 15. júní 1999 til að koma á framfæri við Fiskistofu athugasemdum við skráðan afla. Fiskistofa skal taka afstöðu til athugasemda áður en til endanlegrar úthlutunar aflahlutdeildar kemur.

☐ Til endanlegrar úthlutunar aflahlutdeildar samkvæmt reglugerð þessari kemur ekki fyrr en samningur íslenskra stjórnvalda við stjórnvöld í Noregi og Rússlandi frá 13. apríl 1999 hefur verið staðfestur í öllum ríkjunum.

### 4. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um veiðar utan lögsögu Íslands með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. maí 1999.*



## Reglugerð nr. 1460/2022, um veiðar íslenskra skipa á Norðurishafsporski árið 2023 innan efnahagslögsögu Noregs.

### 1. gr.

☐ Reglugerð þessi tekur til framkvæmdar samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands frá 15. maí 1999 um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókunum við hann frá sama degi milli Íslands og Noregs annars vegar og Íslands og Rússlands hins vegar.

### 2. gr.

☐ Allar veiðar á Norðurishafsporski innan efnahagslögsögu Noregs eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Veiðar á Norðurishafsporski, skv. þessari reglugerð, eru aðeins heimilar innan efnahagslögsögu Noregs og miðast leyfi Fiskistofu við nýtingu þessara veiðiheimilda. Aðeins þau skip, sem hafa aflamark í Norðurishafsporski, á árinu 2023, eiga kost á veiðileyfi, samkvæmt reglugerð þessari.

### 3. gr.

☐ Fiskistofa skal úthluta aflamarki í þorski til einstakra skipa í efnahagslögsögu Noregs. Aflamark einstaks skips á svæðinu ræðst af aflahlutdeild þess.

### 4. gr.

☐ Innan efnahagslögsögu Noregs, norðan við 62°00' N og utan 12 sjómílna frá grunnlínunum, er leyfilegur heildarafli í óslægðum Norðurishafsporski sem hér segir:

A	B	C
Lestir	Lestir	Lestir
5.125	272	4.853

A. Leyfilegur heildarafli.

B. Skerðing skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%).

C. Fiskistofa úthlutar til skipa á grundvelli aflahlutdeildar.

☐ Að auki er heimilt við þorskveiðarnar að hafa allt að 30% meðafla af öðrum tegundum. Þó má karfi ekki vera nema 20% í hverju togi og 20% af lönduðum þorskafli og grálúða má ekki vera meiri en 12% í hverju togi og ekki meiri en 7% af lönduðum þorskafli.

☐ Í hverri veiðiferð innan efnahagslögsögu Noregs, skal afli af öðrum tegundum en þorski, ekki vera meiri samtals en sem nemur 30% af þorskafli, miðað við afla upp úr sjó.

### 5. gr.

☐ Um veiðar í efnahagslögsögu Noregs fer samkvæmt reglum, sem settar eru af stjórnvöldum í Noregi, m.a. varðandi eftirlitsmenn um borð í veiðiskipum, svæðalokanir, möskvastærðir og tilkynningar. Íslenskum skipum er óheimilt að stunda loðnuveiðar í Barentshafi.

☐ Ekki skulu fleiri en 15 íslensk skip stunda veiðar samtímis innan efnahagslögsögu Noregs.

☐ Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar í efnahagslögsögu Noregs sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin á klukkustundar fresti. Óheimilt er að hefja veiðiferð í efnahagslögsögu Noregs, fyrr en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega.

Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga, sbr. 3. mgr., bilar, skal gert við hann við komu í næstu höfn. Þar til búnaðinum verður komið í lag skal senda á annan hátt upplýsingar á 4 klukkustunda fresti til Eftirlitsstöðvarinnar.

6. gr.

① Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark í Norðuríshafsporski milli íslenskra fiskiskipa, sam-kvæmt 12. gr. og 15. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða.

② Óheimilt er að veiða umfram aflamark og óheimilt að flytja óveitt aflamark á næsta ár í Norður-íshafsporski.

7. gr.

① Að fengnu leyfi Fiskistofu er heimilt í sömu veiðiferð að stunda veiðar á Norðuríshafsporski og veiðar innan íslenskrar efnahagslögsögu að því tilskildu að öllum afla þeirrar veiðiferðar sé landað í íslenskri höfn. Fyrir upphaf hverrar veiðiferðar, skv. reglugerð þessari, skal skipstjóri tilkynna sérstaklega til Eftirlitsstöðvarinnar hvenær veiðiferð hefst. Þá skal tilkynna til Eftirlitsstöðvarinnar þegar veiðar hefjast innan efnahagslögsögu Noregs og þegar þeim lýkur hverju sinni. Þar skal koma fram áætlað magn og samsetning afla um borð, miðað við afla upp úr sjó og áætlaður löndunarstaður og -tími. Um tilkynningar varðandi veiðar innan efnahagslögsögu Noregs fer sam-kvæmt reglum norskra stjórnvalda um rafræna afladagbók.

② Skipstjórum er skylt að halda afladagbækur, sbr. reglugerð nr. 298/2020 um skráningu og rafræn skil aflaupplýsinga.

8. gr.

① Heimilt er, að fengnu leyfi Fiskistofu, að landa afla í höfnum í Noregi, enda séu skilyrði Fiskistofu um eftirlit með vigtun og skýrsluskil uppfyllt. Sækja skal um leyfi til löndunar í norskum höfnum til Fiskistofu og skal skipstjóri í umsókn tilgreina hvar hann hyggst landa aflanum ásamt áætluðu magni. Áætli skip komu til hafnar samningsaðila NEAFC með afla af samningssvæði NEAFC, hvort heldur til löndunar, umskipunar eða til að leita þjónustu að öðru leyti, skal tilkynna þar til bæru yfirvaldi í viðkomandi ríki um komu skips til hafnar innan tiltekins frests sem ákveðinn er af hafnríkinu í sam-ræmi við reglur NEAFC um hafnríkiseftirlit og framkvæmd þess. Tilkynningar skal senda með rafrænum hætti á heimasíðu NEAFC, <https://psc.neafc.org>). Frekari upplýsingar má finna á slóðinni <https://psc.neafc.org/designated-contacts>.

② Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri senda Fiskistofu staðfest afrit af vigtarnótu. Reglugerð um vigtun sjávarafila á við að öðru leyti.

③ Þegar afli er unninn um borð í veiðiskipi skal við útreikning á veiddum afla ekki miða við mælda nýtingu um borð í veiðiskipi heldur nýtingarstuðla, sem gefnir eru út af viðkomandi stjórnvöldum í Noregi.

Þegar Norðuríshafsporskur reiknast til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 1.

9. gr.

① Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

10. gr.

① Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. gr. til 8. gr. og 19. gr. laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2023. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 1480/2021, um veiðar íslenskra skipa á Norðuríshafsporski árið 2022 innan efnahagslögsögu Noregs.

*Matvælaráðuneytinu, 20. desember 2022.*



## Reglugerð nr. 1444/2022, um togveiðar á kolmunna árið 2023.

### 1. gr.

☐ Reglugerð þessi tekur til flotvörpuveiða íslenskra skipa á kolmunna í fiskveiðilandhelgi Íslands, fiskveiðilandhelgi Færeyja og á veiðistjórnunarsvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

### 2. gr.

☐ Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda flotvörpuveiðar á kolmunna, sem hafa aflamark í kolmunna.

☐ Skipum sem stunda kolmunnaveiðar er óheimilt að vera með þannig útbúnað að mögulegt sé að dæla úr tönkum skips undir yfirborði sjávar.

☐ Fyrir tímabilið 1. janúar 2023 til 31. desember 2023 er leyfilegur heildaraflí sem hér segir (magn í tonnum):

A	B	C
286.882	15.205	271.677

A. Leyfilegur heildaraflí.

B. Skerðing skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%).

C. Fiskistofa úthlutar til skipa á grundvelli aflahlutdeildar.

Heimilt er hverju skipi að veiða allt að 5% umfram aflamark í kolmunna á árinu 2023 og dregst sá umframafli frá aflamarki þess á árinu 2024. Þá er heimilt að flytja allt að 10% af ónýttu aflamarki fiskiskips frá árinu 2023 til ársins 2024. Flutningsheimildir samkvæmt þessari grein eiga einnig við um aflaheimildir sem skip fá úthlutað af aflamagni sem dregið er frá upphaflegri úthlutun sam-kvæmt B-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar.

### 3. gr.

☐ Óheimilt er að stunda kolmunnaveiðar með flotvörpu vestan 20°30' V og innan línu fyrir Suður- og Austurlandi sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- |                                |                                |
|--------------------------------|--------------------------------|
| 1. 63°05,90' N - 020°30,00' V  | 11. 63°33,60' N - 014°41,70' V |
| 2. 63°11,40' N - 019°07,30' V  | 12. 63°43,40' N - 013°53,00' V |
| 3. 63°07,50' N - 018°38,00' V  | 13. 64°00,00' N - 013°07,00' V |
| 4. 63°09,00' N - 018°27,00' V  | 14. 64°21,70' N - 012°17,30' V |
| 5. 63°07,00' N - 018°02,00' V  | 15. 64°32,30' N - 011°41,00' V |
| 6. 63°12,50' N - 017°00,00' V  | 16. 65°00,00' N - 011°28,00' V |
| 7. 63°20,00' N - 016°03,00' V  | 17. 65°27,00' N - 011°24,00' V |
| 8. 63°22,50' N - 015°51,00' V  | 18. 66°06,00' N - 011°33,00' V |
| 9. 63°26,00' N - 015°29,00' V  | 19. 66°42,00' N - 012°50,00' V |
| 10. 63°30,70' N - 015°00,00' V |                                |

og þaðan í rv. 305° að mörkum fiskveiðilögsögunnar. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru kolmunnaveiðar heimilar innan íslenskrar lögsögu vestan 27°30' V.

### 4. gr.

☐ Kolmunnasýni skulu tekin úr afla, a.m.k. eitt í hverri veiðiferð og skal skrá sýnatökuna í afladagbók skipsins. Í hverju sýni skulu vera a.m.k. 50 stykki af kolmunna sem valin eru af

handahófi. Sýnin skulu fryst um borð, rækilega merkt (staður, dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, í Hafnarfirði eða útibúum stofnunarinnar að lokinni veiðiferð.

5. gr.

① Fiskiskip sem stunda kolmunnaveiðar á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs-fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða viðkomandi skips á klukkustundar fresti, með sjálfvirkum hætti, til sameiginlegrar eftirlits-stöðvar Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, sem miðlar gögnum til hlutaðeigandi stofnana.

② Óheimilt er að halda til veiða fyrr en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest að fjarskiptabúnaður starfi eðlilega. Skulu sendingar samkvæmt framangreindu hefjast þegar viðkomandi skip lætur úr höfn og skal þeim ekki ljúka fyrr en skipið kemur til hafnar að nýju til löndunar afla.

③ Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga bilar skal gert við hann svo fljótt sem mögulegt er, þó eigi síðar en að 30 dögum liðnum. Þar til búnaðurinn verður kominn í lag skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu skipsins á a.m.k. 4 klukkustunda fresti til Eftirlitsstöðvarinnar.

6. gr.

① Um tilkynningar við kolmunnaveiðar á alþjóðlegu hafsvæði gilda ákvæði reglugerðar um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs-fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) og taka þær tilkynningar einnig til veiða innan lögsögunnar sem og veiða í færeyskri lögsögu.

② Um tilkynningar til Færeysja vegna veiða innan færeysku lögsögunnar fer samkvæmt reglum færeyskra stjórnvalda.

③ Eftir að skip hættir veiðum og í síðasta lagi fjórum klukkustundum áður en áætlað er að það komi til hafnar skal skipstjóri senda Fiskistofu tilkynningu á því formi sem Fiskistofa ákveður um áætlaðan afla skipsins, fyrirhugaðan löndunarstað og löndunartíma. Heimilt er að víkja frá lágmarkstíma t.d. ef fjarlægð milli fiskimiða og löndunarhafnar gefur tilefni til þess, enda sé þá tilkynning send um leið og veiðum er hætt.

7. gr.

① Kolmunnaafli skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Heimilt er þó með leyfi Fiskistofu að landa kolmunnaafli og kolmunnaafurðum í höfnum erlendis enda sé tryggt að eftirlit með vigtun aflans sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Jafnframt er heimilt að fengnu leyfi Fiskistofu að landa óvigtuðum kolmunna um borð í vinnsluskip og flutningaskip, enda sé tryggt að skráning og vigtun afla sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Sækja skal um leyfi til löndunar kolmunna utan íslenskra hafna til Fiskistofu og skal skipstjóri tilgreina í umsókn nákvæmlega hvar hann hyggst landa aflanum og áætla magn kolmunna. Áætli skip komu til hafnar samningsaðila NEAFC með afla af samningssvæði NEAFC, hvort heldur til löndunar, umskipunar eða til að leita þjónustu að öðru leyti, skal tilkynna þar til bæru yfirvaldi í viðkomandi ríki um komu skips til hafnar innan tiltekins frests sem ákveðinn er af hafnarríkinu í samræmi við reglur NEAFC um hafnarríkiseftirlit og framkvæmd þess. Tilkynningar skal senda með rafrænum hætti á heimasíðu NEAFC, <https://psc.neafc.org>. Frekari upplýsingar má finna á slóðinni <https://psc.neafc.org/designated-contacts>.

② Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri veiðiskips senda Fiskistofu endanlegar tölur um landaðan afla og aflaverðmæti, staðfestar af móttakanda kolmunnans eða staðfest afrit af vigtarnótu, liggi það fyrir. Um vigtun á kolmunna gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar um vigtun sjávarafli, þó þannig að draga skal frá 2% af afla hvers skips vegna vatnsinnihalds í kolmunna miðað við afla upp úr sjó og reiknast það magn ekki til aflaheimilda þess.

8. gr.

☐ Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

9. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. gr. og 8. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, 8. gr. og 9. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 2. gr. og 9. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Reglu-gerðin öðlast gildi 1. janúar 2023. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 1661/2021, um togveiðar á kolmunna árið 2022.

*Matvælaráðuneytinu, 13. desember 2022.*



## Reglugerð nr. 962/2019, um veiðar á íslenskri sumargotssíld.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 962/2019 sbr. rg. 1153/2021.

### 1. gr.

☐ Reglugerð þessi gildir um veiðar íslenskra skipa á íslenskri sumargotssíld. Einungis skipum sem hafa aflamark í íslenskri sumargotssíld er heimilt að stunda veiðar á íslenskri sumargotssíld í fiskveiðilandhelgi Íslands. Veiðitímabil íslenskrar sumargotssíldar er frá og með 1. september til og með 30. apríl ár hvert.

### 2. gr.

☐ Einungis er heimilt að stunda síldveiðar með vörpu utan 12 sjómílna frá viðmiðunarlínu, sbr. 5. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

### 3. gr.

☐ Ef net eru notuð til síldveiða, skal lágmarksmöskvastærð vera slík að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika 63 mm breið og 2 mm þykk auðveldlega í gegn. Netið skal mælt vott.

### 4. gr.

☐ Síldarafla skal landað og hann veginn í íslenski höfn. Heimilt er að fengnu leyfi Fiskistofu að landa óvígtaðri síld um borð í vinnsluskip og flutningaskip, enda sé aflanum landað í íslenski höfn og tryggt að skráning og vigtun sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri veiðiskips senda Fiskistofu endanlegar tölur um landaðan afla og aflaverðmæti, staðfestar af móttakanda síldarinnar eða staðfest afrit af vigtarnótu, liggi það fyrir.

☐ Heimilt er að miðla afla úr nótum á miðunum milli skipa í því skyni að koma í veg fyrir að síld sé sleppt dauðri úr nótum.

☐ Um vigtun á síld gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar um vigtun og skráningu sjávaraflla.

### 5. gr.

☐ Síldarsýni skulu tekin úr afla, a.m.k. eitt í hverri veiðiferð og skal skrá sýnatökuna í afladagbók skipsins. Í hverju sýni skulu vera 50 til 75 stykki af síld sem valin eru af handahófi. Sýnin skulu fryst um borð, rækilega merkt (staður, dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, í Reykjavík eða útibúum stofnunarinnar að lokinni veiðiferð.

### 6. gr.

☐ Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 56/1997, um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. [...]¹).

<sup>1)</sup>Rg. 1153/2021, 10. gr.

### 7. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 770/2006, um veiðar á íslenskri sumargotssíld.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. október 2019.*



## Reglugerð

### nr. 1604/2022, um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2023.

#### 1. gr.

##### Gildissvið.

☐ Reglugerð þessi tekur til veiða íslenskra skipa á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum í fiskveiðilandhelgi Íslands, fiskveiðilögsögu Færeyja, á veiðistjórnunarsvæði Norðaustur-Atlantshafs-fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) og í lögsögu Svalbarða.

☐ Við veiðar í lögsögu Færeyja skal farið að reglum sem færeysk stjórnvöld setja um veiðarnar. Í lögsögu Svalbarða skal farið að reglum sem norsk stjórnvöld setja um veiðarnar, enda séu þær settar á grundvelli samningsins um Svalbarða frá 9. febrúar 1920 og í samræmi við ákvæði hans.

#### 2. gr.

##### Aflamark.

☐ Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar á norsk-íslenskri síld, sem hafa aflamark í norsk-íslenskri síld.

☐ Fyrir tímabilið 1. janúar 2023 til 31. desember 2023 er leyfilegur heildaraflí sem hér segir (magn í tonnum):

Tegund	Leyfilegur heildaraflí	Dregið frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%)	Fiskistofa úthlutar aflamarki á grundvelli aflahlutdeildar
Norsk-íslensk síld	92.420	4.898	87.522

☐ Heimilt er hverju skipi að veiða allt að 5% umfram aflamark í norsk-íslenskri síld á árinu 2023 og dregst sá umframafli frá aflamarki þess á árinu 2024. Þá er heimilt að flytja allt að 10% af ónýttu aflamarki fiskiskips frá árinu 2023 til ársins 2024. Flutningsheimildir samkvæmt þessari grein eiga einnig við um aflaheimildir sem skip fá úthlutað af aflamagni sem dregið er frá upphaflegri úthlutun samkvæmt B-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar.

☐ Skipum sem stunda veiðar á norsk-íslenskri síld er óheimilt að vera með þannig útbúnað að mögulegt sé að dæla úr tönkum skips undir yfirborði sjávar.

☐ Við veiðar á norsk-íslenskri síld í færeyskri efnahagslögsögu er einungis heimilt að veiða makríl sem meðafla. Meðafla makríls má ekki fara yfir 30% af síldarafla í hverri veiðiferð. Heildar-makrífli íslenskra skipa í færeyskri efnahagslögsögu skal ekki fara yfir 1.300 lestar. Fiskistofa fylgist með afla þessum og tilkynnir ráðuneytinu hvenær líklegt megi telja að aflanum verði náð og tilkynnir ráðuneytið frá hvaða tíma óheimilt er að veiða makríl sem meðafla.

#### 3. gr.

##### Sýnataka.

☐ Sýni af norsk-íslenskri síld skulu tekin úr afla, a.m.k. eitt í hverri veiðiferð og skal skrá sýnatökuna í afladagbók skipsins. Í hverju sýni skulu vera a.m.k. 50 stykki af norsk-íslenskri síld sem valin eru af handahófi. Sýnin skulu fryst um borð, rækilega merkt (staður, dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, í Hafnarfirði eða útibúum stofnunarinnar að lokinni veiðiferð.

4. gr.

*Fjarskiptabúnaður.*

① Fiskiskip sem stunda veiðar á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða viðkomandi skips á klukkustundar fresti, með sjálfvirkum hætti, til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, sem miðlar gögnum til hlutaðeigandi stofnana.

② Óheimilt er að halda til veiða fyrr en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest að fjarskiptabúnaður starfi eðlilega. Skulu sendingar samkvæmt framangreindu hefjast þegar viðkomandi skip lætur úr höfn og skal þeim ekki ljúka fyrr en skipið kemur til hafnar að nýju til löndunar afla.

③ Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga bilar skal gert við hann svo fljótt sem mögulegt er, þó eigi síðar en að 30 dögum liðnum. Þar til búnaðurinn verður kominn í lag skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu skipsins á a.m.k. 4 klukkustunda fresti til Eftirlitsstöðvarinnar.

5. gr.

*Tilkynningar.*

① Um tilkynningar varðandi síldveiðar skv. þessari reglugerð, bæði innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og á alþjóðlegu hafsvæði, gilda ákvæði reglugerðar um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

② Um tilkynningar varðandi veiðar innan fiskveiðilögsögu Færeyja fer samkvæmt reglum sem færeysk stjórnvöld setja.

③ Um tilkynningar varðandi veiðar í lögsögu Svalbarða fer samkvæmt reglum sem norsk stjórnvöld setja enda séu þær settar á grundvelli samningsins um Svalbarða frá 9. febrúar 1920 og í sam-ræmi við ákvæði hans.

④ Eftir að skip hættir veiðum og í síðasta lagi fjórum klukkustundum áður en áætlað er að það komi til hafnar skal skipstjóri senda Fiskistofu tilkynningu á því formi sem Fiskistofa ákveður um áætlaðan afla skipsins, fyrirhugaðan löndunarstað og fyrirhugaðan löndunartíma. Heimilt er að vikja frá lágmarkstíma t.d. ef fjarlægð milli fiskimiða og löndunarhafnar gefur tilefni til þess, enda sé þá tilkynning send um leið og veiðum er hætt.

6. gr.

*Löndun og vigtun.*

① Síldarafla skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Heimilt er þó með leyfi Fiskistofu að landa síldarafla og síldarafurðum í höfnum erlendis enda sé tryggt að eftirlit með vigtun aflans sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Jafnframt er heimilt að fengnu leyfi Fiskistofu að landa óvigtaðri síld um borð í vinnumskip og flutningaskip, enda sé tryggt að skráning og vigtun afla sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Sækja skal um leyfi til löndunar síldar utan íslenskra hafna til Fiskistofu og skal skipstjóri í umsókn tilgreina nákvæmlega hvar hann hyggst landa aflanum og áætlað magn síldar. Áætli skip komu til hafnar samningsaðila NEAFC með afla af samningssvæði NEAFC, hvort heldur til löndunar, umskipunar eða til að leita þjónustu að öðru leyti, skal tilkynna þar til bæru yfirvaldi í viðkomandi ríki um komu skips til hafnar innan tiltekins frests sem ákveðinn er af hafnarrikinu í samræmi við reglur NEAFC um hafnarriki eftirlit og framkvæmd þess. Tilkynningar skal senda með raf-rænum hætti á heimasíðu NEAFC, <https://psc.neafc.org> (Opnast í nýjum vafraglugga). Frekari upplýsingar má finna á slóðinni <https://psc.neafc.org/designated-contacts> (Opnast í nýjum vafra-glugga).

② Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri veiðiskips senda Fiskistofu endanlegar tölur um landaðan afla og aflaverðmæti, staðfestar af móttakanda síldarinnar eða staðfest afrit af vigtarnótu, liggi það fyrir.



Heimilt er að miðla afla úr nót til skips, sem leyfi hefur til síldveiða í því skyni að koma í veg fyrir að síld sé sleppt dauðri úr nótum.

④ Um vigtun á síld gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar um vigtun sjávarafra þó þannig að draga skal frá 2% af afla hvers skips vegna vatnsinnihalds í síld miðað við afla upp úr sjó og reiknast það magn ekki til aflaheimilda þess.

⑤ Landi skip frystum afurðum utan Íslands skal tilkynna um það í samræmi við ákvæði 5. kafla reglna Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) um fiskveiðieftirlit og framkvæmd þess.

7. gr.

*Viðurlög.*

① Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

8. gr.

*Lagaheimild og gildistaka.*

① Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3., 8. og 16. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, 8., 9. og 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 2., 9. og 30. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og 3., 4., 6.-8., 18. og 19. gr. laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 300/2022 um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska sildarstofninum árið 2022.

*Matvælaráðuneytinu, 20. desember 2022.*



## Reglugerð nr. 650/2022, um veiðar á makríl.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 650/2022 sbr. rg. 1391/2022.

1. gr.

*Gildissvið.*

☐ Reglugerð þessi tekur til makrílveiða íslenskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) utan lögsögu ríkja og í lögsögu Svalbarða á árinu 2022.

☐ Í lögsögu Svalbarða skal farið að reglum sem norsk stjórnvöld setja um veiðarnar, enda séu þær settar á grundvelli samningsins um Svalbarða frá 9. febrúar 1920 og í samræmi við ákvæði hans.

2. gr.

*Aflamark.*

☐ Aðeins skipum sem hafa aflamark í makríl er heimilt að stunda makrílveiðar.

☐ Á árinu 2022 er leyfilegur heildaraflí makríls tilgreindur í tonnum og skipting hans sem hér segir:

Tegund	Leyfilegur heildaraflí	Frádráttur skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%)	Til ráðstöfunar, skv. 10. gr. b. laga nr. 116/2006	Til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeildar skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006
<b>Makríl</b>	131.162	6.952	4.000	120.210

☐ [Heimilt er hverju skipi að veiða allt að 5% umfram aflamark í makríl á árinu 2022 og dregst sá umframaflí frá aflamarki þess á árinu 2023. Heimilt er að flytja allt að 15% aflamarks fiskiskips í makríl frá árinu 2022 til ársins 2023. Flutningsheimildir samkvæmt þessari grein eiga einnig við um aflaheimildir sem dregnar eru frá leyfilegum heildarafla samkvæmt 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%) og samkvæmt 10. gr. laga nr. 116/2006 (4.000 lestir).]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 1391/2022.

3. gr.

*A- og B-flokkur.*

☐ Aflaheimildir í makríl skiptast í A- og B-flokk. Skip sem eru með aflamark í makríl skiptast í A- og B-flokk og fer um skiptinguna eftir því í hvaða flokki aflaheimildir skipsins eru. Ekki er hægt að skipta um flokk á veiðitímabilinu. Óheimilt er að flytja aflamark úr B-flokki yfir í A-flokk nema í jöfnum skiptum í þorskígildum talið fyrir aflamark í þorski, ýsu, ufsa og steinbít að því gefnu að slík skipting samræmist reglum um krókaaflamark þ.m.t. að krókaaflamark verður aðeins flutt til skips sem leyfi hefur til veiða með krókaaflamarki. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 9. gr. reglugerðar um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2020/2021 er ekki heimilt að flytja aflamark makríls sem flutt hefur verið af skipi í B-flokki og yfir á skip í A-flokki, til annarra skipa í sama flokki.

4. gr.

*Veiðitilhögun.*

☐ Makrílveiðar í flottroll eru ekki heimilar nær landi en 12 sjómíllur frá viðmiðunarlínu.

☐ Þá eru makrílveiðar í flottroll bannaðar á svæði sem afmarkast af línunum sem dregnar er milli eftirfarandi hnita:

1. 68°30 N - 17°00 V
2. 65°30 N - 17°00 V
3. 65°30 N - 26°00 V
4. 66°00 N - 26°00 V
5. 66°55 N - 24°13 V
6. 67°40 N - 24°13 V
7. 68°30 N - 19°04 V

③ Makrílveiðar í net eru óheimilar.

5. gr.

*Sýnataka.*

① Sé makríll veiddur í flottroll eða nót, skulu tekin sýni úr afla, a.m.k. eitt í hverri veiðiferð og skal skrá sýnatökuna í afladagbók skipsins. Í hverju sýni skulu vera að minnsta kosti 50 stk. af makríl, sem valin eru af handahófi. Sýnin skulu fryst um borð, merkt skilmerkilega (veiðiskip, staður, dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnun, þegar að lokinni veiðiferð.

6. gr.

*Fjarskiptabúnaður.*

① Fiskiskip sem stunda veiðar á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsveiðinefndarinnar (NEAFC) skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða viðkomandi skips á klukkustundar fresti, með sjálfvirkum hætti, til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, sem miðlar gögnum til hlutaðeigandi stofnana.

② Óheimilt er að halda til veiða fyrir en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest að fjarskiptabúnaður starfi eðlilega. Skulu sendingar samkvæmt framangreindu hefjast þegar viðkomandi skip lætur úr höfn og skal þeim ekki ljúka fyrir en skipið kemur til hafnar að nýju til löndunar afla.

③ Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga bilar skal gert við hann svo fljótt sem mögulegt er, þó eigi síðar en að 30 dögum liðnum. Þar til búnaðurinn verður kominn í lag skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu skipsins á a.m.k. 4 klukkustunda fresti til Eftirlitsstöðvarinnar.

7. gr.

*Tilkynningar.*

① Um tilkynningar við makrílveiðar á alþjóðlegu hafsvæði gilda ákvæði reglugerðar um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsveiðinefndarinnar (NEAFC). Um tilkynningar varðandi veiðar í lögsögu Svalbarða fer samkvæmt reglum sem norsk stjórnvöld setja enda séu þær settar á grundvelli samningsins um Svalbarða frá 9. febrúar 1920 og í samræmi við ákvæði hans.

② Eftir að skip hættir veiðum og í síðasta lagi fjórum klukkustundum áður en áætlað er að það komi til hafnar skal skipstjóri senda Fiskistofu tilkynningu á því formi sem Fiskistofa ákveður um áætlaðan afla skipsins, fyrirhugaðan löndunarstað og fyrirhugaðan löndunartíma. Heimilt er að víkja frá lágmarkstíma t.d. ef fjarlægð milli fiskimiða og löndunarhafnar gefur tilefni til þess, enda sé þá tilkynning send um leið og veiðum er hætt.

8. gr.

*Vigtun og löndun.*

① Makríl afla skal landað og hann veginn í íslenski höfn. Þó er heimilt með leyfi Fiskistofu að landa makríl afla og makrílafurðum í höfnum erlendis, enda sé tryggt að eftirlit með vigtun aflans sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Sækja skal um leyfi til löndunar makríls utan íslenskra hafna til

Fiskistofu, skal skipstjóri í umsókn tilgreina nákvæmlega hvar hann hyggst landa aflanum og hvert er áætlað magn makrils.

② Áætli skip komu til hafnar sammingsaðila NEAFC með afla af sammingsvæði NEAFC, hvort heldur til löndunar, umskipunar eða til að leita þjónustu að öðru leyti, skal tilkynna þar til bæru yfirvaldi í viðkomandi ríki um komu skips til hafnar innan tiltekins frests sem ákveðinn er af hafnarrikinu í samræmi við reglur NEAFC um hafnarrikiseftirlit og framkvæmd þess.

③ Tilkynningar skal senda með rafrænum hætti á heimasíðu NEAFC <https://psc.neafc.org>. Frekari upplýsingar má finna á slóðinni <https://psc.neafc.org/designated-contacts>. Samþykki þar til bærra yfirvalda þarf að liggja fyrir áður en löndun hefst.

④ Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri veiðiskips senda Fiskistofu endanlegar tölur um landaðan afla og aflaverðmæti, staðfestar af móttakanda makrilsins eða staðfest afrit af vigtarnótu, liggja það fyrir.

⑤ Um vigtun á makríl gilda ákvæði reglugerðar um vigtun og skráningu sjávaraflla og ákvæði reglugerðar um vigtun og skráningu meðaflla á uppsjávarfiski. Draga skal 2% af afla hvers skips vegna vatnsinnihalds í makríl miðað við afla upp úr sjó og reiknast það magn ekki til aflaheimilda þess. Sé makrill veiddur á línu eða handfæri skal afla haldið aðgreindum um borð í veiðiskipi eftir tegundum. Verði slíku ekki við komið vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun.

9. gr.

*Viðurlög.*

① Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151/1996, um veiðar utan lögsögu Íslands.

10. gr.

*Lagaheimild og gildistaka.*

① Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. gr., 7. mgr. 8. gr., 10. gr. b. og 4. mgr. 15. gr. og 16. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, 2. gr., 9. gr. og 30. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, 8. gr., 9. gr. og 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og 4. gr., 7. gr., 8. gr. og 19. gr. laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 640/2021 um veiðar á makríl.

*Matvælaráðuneytinu, 2. júní 2022.*



## Reglugerð

### nr. 725/2020, um ráðstöfun 4.000 lesta af viðbótar aflaheimildum í makríl.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 725/2020 sbr. rg. 944/2022.

#### 1. gr.

☐ Reglugerð þessi gildir um úthlutun viðbótar aflaheimilda í makríl samkvæmt ákvæði 10. gr. b. í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

#### 2. gr.

☐ [Eftir að aflamarki í makríl hefur verið úthlutað til skipa í A- og B- flokki er Fiskistofu heimilt að úthluta allt að 4.000 lestum af viðbótar aflaheimildum í makríl ár hvert til skipa í B-flokki gegn greiðslu gjalds.]<sup>1)</sup> Úthluta skal allt að 50 lestum í senn. Ekkert skip getur fengið úthlutað viðbótar aflaheimildum fyrr en skip hefur veitt 75% af úthlutuðu aflamarki í makríl. Þessi takmörkun gildir ekki fyrir skip sem fá úthlutað 30 tonnum af aflamarki í makríl eða minna.

☐ [Eftir 15. september er heimilt að úthluta til skipa í A-flokki því sem eftir er af viðbótar aflaheimildum í makríl gegn greiðslu gjalds.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 944/2022, 1. gr. <sup>2)</sup>Rg. 944/2022, 2. gr.

#### 3. gr.

☐ [Úthlutun viðbótar aflaheimilda í makríl samkvæmt þessari reglugerð í annað sinn eða síðar er bundin því skilyrði að skip hafi veitt úthlutað aflamark í makríl og viðbótar aflaheimildir í makríl þannig að eftir standi 30 tonn eða minna samanlagt. Einnig er slík úthlutun bundin því skilyrði að greitt hafi verið fyrir fyrri úthlutanir.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 944/2022, 3. gr.

#### 4. gr.

☐ Óheimilt er framselja aflaheimildir í makríl af skipi í B-flokki sem hefur fengið úthlutað samkvæmt reglugerð þessari á veiðitímabilinu. Heimilt er að flytja allt að 10% af úthlutuðum viðbótar aflaheimildum skips yfir á næsta ár.

#### 5. gr.

☐ Fiskistofa annast úthlutun viðbótar aflaheimilda [í makríl]<sup>1)</sup> gegn greiðslu gjalds á grundvelli umsókna og skal úthluta [viðbótar aflaheimildum]<sup>2)</sup> vikulega á grundvelli umsókna sem borist hafa undanfarandi viku.

☐ Ef umsóknir um viðbótar aflaheimildir eru umfram þær aflaheimildir sem til ráðstöfunar eru skal Fiskistofa skipta því sem til ráðstöfunar er jafnt á milli umsækjenda, enda hafi umsækjandi ekki sótt um minna magn en því nemur. Verð á viðbótar aflaheimildum í makríl skal nema sömu fjárhæð og veiðigjald fyrir makríl og skal það greitt Fiskistofu [...] <sup>3)</sup>. [...] <sup>4)</sup>.

☐ [Á vefsíðu Fiskistofu skal birta upplýsingar um úthlutanir Fiskistofu og upplýst um magn makrils sem til ráðstöfunar er á hverjum tíma.]<sup>5)</sup>

☐ [Skipum í A-flokki er heimilt að sækja um þær viðbótar aflaheimildir í makríl sem Fiskistofa hefur ekki úthlutað til skipa í B-flokki fyrir lok ágúst ár hvert. Umsóknir skipa í A-flokki skulu berast til Fiskistofu á tímabilinu 1. til 10. september ár hvert og skal Fiskistofa úthluta því sem eftir er jafnt á milli umsækjenda eftir 15. september ár hvert.]<sup>6)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 944/2022, 4. gr. <sup>2)</sup>Rg. 944/2022, 4. gr. <sup>3)</sup>Rg. 944/2022, 5. gr. <sup>4)</sup>Rg. 944/2022, 5. gr. <sup>5)</sup>Rg. 944/2022, 6. gr. <sup>6)</sup>Rg. 944/2022, 7. gr.

6. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 10. gr. b. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 606/2019 um ráðstöfun 4.000 lesta af viðbótarafloheimildum í makríl.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 20. júlí 2020.*



## Reglugerð nr. 930/2020, um veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski.

### 1. gr.

#### *Gildissvið.*

☐ Ákvæði reglugerðar þessarar taka til veiða á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski (hér nefndur bláuggatúnfiskur) á samningssvæði Atlantshafs túnfiskveiðiráðsins (ICCAT), þar með talið hafsvæði utan lögsögu ríkja og innan lögsögu þar sem íslensk skip hafa rétt til veiða samkvæmt samningum eða sérstökum veiðileyfum.

☐ Á árinu 2020<sup>1)</sup> er íslenskum skipum heimilt að veiða alls 180 tonn af bláuggatúnfiski miðað við afla upp úr sjó.

<sup>1)</sup>*Ekki hafa verið gefnar út aflaheimildir á fiskveiðárinu 2022/2023.*

### 2. gr.

#### *Leyfi til veiða.*

☐ Allar beinar veiðar á bláuggatúnfiski eru óheimilar nema að fengnu leyfi Fiskistofu. Heimilt er að setja nánari skilyrði um veiðarnar í leyfi þessi til samræmis við reglur Atlantshafs túnfiskveiðiráðsins.

### 3. gr.

#### *Bláuggatúnfiskur sem meðafla og tilkynningsaskylda.*

☐ Íslensk fiskiskip sem ekki hafa leyfi til beinna veiða á bláuggatúnfiski skulu sleppa öllum lífvænlegum túnfiski sem kemur í veiðarfæri. Að öðrum kosti skal aflanum landað. Sama gildir um þau skip sem leyfi hafa til beinna veiða, eftir að heildarafla bláuggatúnfisks á árinu er náð. Skipum sem fá afla af bláuggatúnfiski er skylt að tilkynna hann til Fiskistofu áður en honum er landað.

### 4. gr.

#### *Ólögætur sjávarafla.*

☐ Afli umfram leyfilegan afla bláuggatúnfisks á árinu skal seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir. Afli sætir álagningu gjalds samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögæts sjávarafla.

### 5. gr.

#### *Merkingar.*

☐ Öllum bláuggatúnfiski sem veiddur er af íslenskum skipum sem og öllum bláuggatúnfiski sem fluttur er inn til Íslands eða seldur er á íslenskum markaði skal fylgja sérstakt rafrænt rekjanleikavottorð (e. bluefin tuna catch document, e-BCD) sem Fiskistofa gefur út.

☐ Öllum bláuggatúnfiski sem endurútflyttur er frá Íslandi skal fylgja sérstakt rafrænt endurútflytningsvottorð (e. bluefin tuna re-export certificate, e-BFTRC) sem Fiskistofa gefur út.

☐ Óheimilt er að flytja inn, landa, selja eða flytja út túnfisk sem ekki fylgir rafrænt rekjanleikavottorð.

### 6. gr.

#### *Viðurlög.*

☐ Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

7. gr.

*Lagaheimild.*

① Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

② Reglugerð þessi er sett til samræmis við skuldbindingar Íslands vegna aðildar að ICCAT og ber að túlka með hliðsjón af þeim skuldbindingum sem fylgja aðildinni.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 11. september 2020.*

## Reglugerð

### nr. 807/2011, um meðafli skipa sem stunda veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski.

#### 1. gr.

☐ Skip sem stunda veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski er skylt að sleppa lifandi afla eftirfarandi tegunda: sjávarskjaldbökkum, sleggjuháfum (enska: hammerhead sharks, latína: *sphyrnidae*), hvítuggaháfum (enska: oceanic whitetip sharks, latína: *carcharhinus longimanus*) og glyrnuskottháfum (enska: bigeye thresher sharks, latína: *alopia supercilliosus*).

☐ Sé þess engin kostur að sleppa aflanum lifandi er skylt að koma með hann að landi. Halda skal aflanum aðskildum frá öðrum afla og skal skila honum til Hafrannsóknastofnunar þegar við löndun. Bannað er að selja eða fényta á annan hátt afla þessara tegunda.

#### 2. gr.

☐ Skrá skal í afladagbók allan afla fyrrgreindra tegunda, hvort sem honum er sleppt lifandi eða skilað til Hafrannsóknastofnunar.

#### 3. gr.

☐ Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

#### 4. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 26. ágúst 2011.*



# Reglugerð

## nr. 267/2022, um hrognkelsaveiðar árið 2022.<sup>1)2)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 267/2022 sbr. rg. 682/2022. <sup>2)</sup>Reglugerðin var gefin út vegna ársins 2022. Ný reglugerð vegna ársins 2023 hefur ekki verið gefin út.

### I. KAFLI

#### Leyfi til veiða.

##### 1. gr.

##### *Almennt.*

☐ Allar veiðar á grásleppu í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu. Bátum með leyfi til veiða á grásleppu er heimilt að veiða með hrognkelsanetum. Bátum sem hafa leyfi til veiða með krókaafلامarki er óheimilt að stunda veiðar með rauðmaganetum, nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

##### 2. gr.

##### *Grásleppuveiðileyfi.*

☐ Fiskistofu er heimilt að veita þeim bátum leyfi til grásleppuveiða, sem rétt áttu til slíkra leyfa á vertíðinni 1997, sbr. reglugerð nr. 58/1996, eða leiða rétt sinn frá þeim bátum, enda hafi þeir leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Umsækjandi um leyfi skal í umsókn greina hvenær hann muni hefja grásleppuveiðar með lagningu neta ásamt því að tilgreina fjölda hrognkelsaneta og teinalengd nets. Hver bátur getur einungis haft eitt grásleppuveiðileyfi á hverri grásleppuvertíð.

##### 3. gr.

##### *Veiðisvæði og veiðitímabil.*

☐ Grásleppuveiðileyfi hvers báts skal gefið út til 25 samfelldra daga og skal bundið við ákveðið veiðisvæði og veiðitímabil eins og hér greinir:

- A. Faxaflói, frá línu réttvísandi vestur frá Garðskagavita 64°04,90 N 022°41,40 V að línu réttvísandi vestur frá Dritvíkurtanga (-flögum) 64°45,00 N 023°55,30 V. Innan veiðitímabilsins frá og með 20. mars til og með 30. júní.
- B. Breiðafjörður, svæði 1 frá línu réttvísandi vestur frá Dritvíkurtanga (-flögum) 64°45,00 N 023°55,30 V að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum 65°30,20 N 024°32,10 V. Innan veiðitímabilsins frá og með 20. mars til og með 30. júní. Breiðafjörður, svæði 2 innan línu sem dregin er úr Krossnesvita vestan Grundarfjarðar 64°58,30 N 023°21,40 V í Lambanes vestan Vatnsfjarðar 65°29,30 N 023°12,60 V. Innan veiðitímabilsins frá og með 20. maí til og með 12. ágúst.
- C. Vestfirðir, frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum 65°30,20 N 024°32,10 V að línu réttvísandi norður frá Horni 66°27,40 N 022°24,30 V. Innan veiðitímabilsins frá og með 20. mars til og með 30. júní.
- D. Húnaflói, frá línu réttvísandi norður frá Horni 66°27,40 N 022°24,30 V að línu réttvísandi norður frá Skagatá 66°07,20 N 020°05,90 V. Innan veiðitímabilsins frá og með 20. mars til og með 30. júní.
- E. Norðurland, frá línu réttvísandi norður frá Skagatá 66°07,20 N 020°05,90 V að línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi 66°22,70 N 014°31,90 V. Innan veiðitímabilsins frá og með 20. mars til og með 30. júní.

- F. Austurland, frá línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi 66°22,70 N 014°31,90 V að línu réttvísandi austur frá Hvítungum 64°23,90 N 014°28,00 V. Innan veiðitímabilsins frá og með 20. mars til og með 30. júní.
- G. Suðurland, frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum 64°23,90 N 014°28,00 V að línu réttvísandi vestur frá Garðskagavita 64°04,90 N 022°41,40 V. Innan veiðitímabilsins frá og með 20. mars til og með 30. júní.
- Óheimilt er að stunda veiðar með rauðmaganetum frá 16. júní til 31. desember.

4. gr.

*Niðurfelling veiðileyfa.*

☐ Fiskistofa fylgist með lönduðum grásleppuafla og skal fella úr gildi öll leyfi til veiða á svæðum A og C til G, ef fyrirséð er að veiðar gætu orðið skaðlegar með tilliti til sjálfbærrar nýtingar grásleppustofnsins. Fiskistofa skal miða við að afli á framangreindum svæðum fari ekki yfir 78% af ráðlögðum hámarksafla tímabilsins.

Fiskistofa skal fella úr gildi öll leyfi á svæði B, ef fyrirséð er að veiðar gætu orðið skaðlegar með tilliti til sjálfbærrar nýtingar grásleppustofnsins. Fiskistofa skal miða við að afli á B svæði fari ekki yfir 22% af ráðlögðum hámarksafla tímabilsins fyrir 30. júní.

5. gr.

*Breyting á bátum.*

☐ Sé báti, sem réttur til grásleppuveiða skv. 2. gr., er bundinn við, breytt þannig að hann stækki um meira en 2,5 brúttótonn er óheimilt að gefa út grásleppuveiðileyfi til hans, nema til bátsins hafi verið fluttur réttur til grásleppuveiða af öðrum báti sem er a.m.k. jafnstór í brúttótonnum talið og sú stækkun sem er umfram 2,5 brúttótonn og af breytingunni leiðir.

Fiskistofu er óheimilt að gefa út grásleppuveiðileyfi til báts sem hefur verið stækkaður þannig að hann mælist stærri en 15 brúttótonn.

6. gr.

*Flutningur á rétti til að öðlast grásleppuveiðileyfi.*

☐ Fiskistofu er heimilt að flytja rétt til grásleppuveiða milli báta að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- A. Bátur, sem réttur er fluttur frá, hafi nýtt réttinn í a.m.k. eina vertíð.
- B. Bátur sem réttur er fluttur til hafi leyfi til veiða í atvinnuskyni.
- C. Bátur, sem réttur er fluttur til sé að hámarki 2,5 brúttótonnum stærri en sá bátur sem réttur er fluttur frá. Óheimilt er að flytja rétt til grásleppuveiða til báts sem er stærri en 15 brúttótonn.

Með beiðni um flutning fylgi skrifleg staðfesting eigenda báts, sem réttur er fluttur frá.

Við sölu báts, sem hefur rétt til grásleppuveiða, fylgir rétturinn bátinum nema um annað sé samið í kaupsamningi eða afsali. Hafi seljandi báts tekið fram í kaupsamningi eða afsali, að rétturinn fylgi ekki með við sölu, hefur seljandinn heimild til að flytja hann á annan bát, að uppfylltum öðrum skilyrðum þessarar reglugerðar.

Tilkynna skal til Fiskistofu, innan 30 daga, ef réttur til grásleppuveiða fylgir ekki báti við sölu hans. Nýti seljandi ekki heimild 1. mgr. til að flytja réttinn á annan bát, næstu tvær vertíðir frá sölu bátsins, fellur rétturinn niður. Sama gildir ef almennt leyfi til fiskveiða í atvinnuskyni er fellt úr gildi. Ákvæði þessarar greinar taka einnig til þess þegar bátur er tekinn af skipaskrá Samgöngustofu, eftir því sem við á.

7. gr.

*Aðrar veiðar og meðafla.*

☐ Óheimilt er að stunda aðrar veiðar en hrognkelsaveiðar í sömu veiðiferð. Áður en veiðiferð hefst skal útgerð sjá til þess að báturinn hafi þær aflaheimildir sem dugi fyrir ætluðum meðafla í veiðiferðinni.

Telji Fiskistofa að meðafla grásleppuveiðibáts sé að aflasamsetningu frábrugðinn meðafla annarra grásleppuveiðibáta á svipuðum veiðisvæðum skal Fiskistofa setja veiðieftirlitsmann um borð í bátinn til að fylgjast sérstaklega með veiðum hans í einn dag. Skal útgerð grásleppuveiðibátsins tilkynnt um ákvörðun Fiskistofu. Telji Fiskistofa að ástæða sé til að fylgjast áfram með veiðum grásleppuveiðibátsins vegna meðafla, skal útgerð bátsins bera kostnað af veru veiðieftirlitsmanns Fiskistofu um borð frá og með öðrum degi, sbr. 13. gr. laga nr. 57/1996, um umgengi um nytjastofna sjávar.

II. KAFLI

**Tilhögun veiða.**

8. gr.

*Veiðitími.*

☐ Óheimilt er að leggja grásleppunet fyrir kl. 08.00 fyrsta dag gildandi leyfis. Skyld er að draga öll grásleppunet úr sjó fyrir lok leyfistímabils, sbr. 3. gr. eða skv. 4. gr. komi til þess að leyfi verði felld úr gildi er hámarksafla er náð.

Óheimilt að hefja veiðar með yfirtöku hrognkelsaneta í sjó. Merking veiðarfæra skal að fullu frágengin í landi áður en veiðar með hrognkelsanetum hefjast.

9. gr.

*Vitjun neta.*

☐ Grásleppunet skulu dregin eigi síðar en þremur sólarhringum eftir að þau eru lögð í sjó. Frá þessu má aðeins víkja ef veður hamlar sjósókn með þeim hætti að ekki reynist unnt að vitja neta enda hafi skipstjóri sent Fiskistofu tilkynningu þar að lútandi á netfangið [grasleppa@fiskistofa.is](mailto:grasleppa@fiskistofa.is). Týni skip hrognkelsanetum í sjó, ber skipstjóra að slæða þau upp. Takist það ekki skal hann tilkynna það Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu og skýra frá staðsetningu netanna eins nákvæmlega og unnt er.

10. gr.

*Netalagnir.*

☐ Að hámarki er hverjum bát heimilt að hafa samanlagða teinalengd neta til hrognkelsaveiða allt að 7.500 metra á vertíð. Netalengd miðast við teinalengd (efri tein/flottein nets). Hverjum bát er einungis heimilt að nota net sömu teinalengdar á hverri grásleppuvertíð.

Frá 1. apríl til 14. júlí má eigi án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 metra frá stórstraumsfjöruborði, sbr. lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

11. gr.

*Svæði lokuð fyrir veiðum með hrognkelsanetum vegna hættu á meðafla sjávarspendýra.*

- I. Innan svæðis á Faxaflóa, sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
  1. 64°50,00'N - 22°25,75'V
  2. 64°32,40'N - 21°51,40'V
  3. 64°26,00'N - 22°00,00'V
  4. 64°25,00'N - 22°20,00'V
  5. 64°36,00'N - 22°34,00'V
  6. 64°50,00'N - 22°32,00'V

- II. Innan svæðis á Breiðafirði, sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
  - 1. 65°04,80'N - 22°43,40'V Stykkishólmur
  - 2. 65°17,45'N - 22°21,90'V Skarðsstöð
  - 3. 65°25,45'N - 22°12,45'V Reykhólar
- III. Innan svæðis út af Rauðasandi, sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
  - 1. 65°32,80'N - 24°29,40'V
  - 2. 65°28,30'N - 23°56,00'V
  - 3. 65°26,50'N - 23°57,60'V
  - 4. 65°27,50'N - 24°07,00'V
  - 5. 65°29,00'N - 24°16,00'V
  - 6. 65°28,00'N - 24°27,00'V
  - 7. 65°29,00'N - 24°35,00'V
- IV. Innan svæðis út af Kollsvík, sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
  - 1. 65°39,20'N - 24°29,34'V
  - 2. 65°38,95'N - 24°18,40'V
  - 3. 65°34,20'N - 24°22,00'V
  - 4. 65°34,55'N - 24°27,14'V
- V. Innan svæðis út af Tálknafirði, sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
  - 1. 65°48,75'N - 24°10,60'V
  - 2. 65°48,27'N - 24°04,67'V
  - 3. 65°45,34'N - 24°06,36'V
  - 4. 65°45,75'N - 24°12,50'V
- VI. Innan svæðis út af Ströndum (Selsker-Óðinsboði), sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
  - 1. 66°28,00'N - 22°28,00'V
  - 2. 66°23,00'N - 21°42,00'V
  - 3. 66°10,50'N - 21°28,00'V
  - 4. 65°58,30'N - 21°40,00'V
- VII. Innan svæðis út af Ströndum (Reykjarfjörður-Veiðileysufjörður), sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
  - 1. 65°58,00'N - 21°37,70'V
  - 2. 65°59,25'N - 21°23,00'V
  - 3. 65°56,20'N - 21°19,50'V
  - 4. 65°56,00'N - 21°36,80'V
- VIII. Innan svæðis út af Ströndum (út af Kaldbakshorni), sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
  - 1. 65°53,20'N - 21°16,00'V
  - 2. 65°51,40'N - 21°14,50'V
  - 3. 65°50,20'N - 21°15,00'V
  - 4. 65°49,80'N - 21°18,00'V
- IX. Innan svæðis út af Ströndum (út af Bjarnarfirði), sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
  - 1. 65°46,70'N - 21°24,00'V
  - 2. 65°45,50'N - 21°14,00'V
  - 3. 65°44,70'N - 21°14,00'V
  - 4. 65°44,60'N - 21°21,00'V
- X. Innan svæðis innst í Húnaflóa, sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
  - 1. 65°45,50'N - 20°50,00'V
  - 2. 65°41,00'N - 20°42,00'V
  - 3. 65°21,00'N - 20°51,00'V



4. 65°14,00'N - 21°10,00'V
  5. 65°29,00'N - 21°17,00'V
- XI. Innan svæðis út af Skagatá sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
1. 66°06,40'N - 20°23,00'V
  2. 66°08,20'N - 20°10,20'V
  3. 66°06,85'N - 20°10,00'V
  4. 66°05,00'N - 20°23,25'V
- XII. Innan svæðis á Skagafirði (út af Ketubjörgum), sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
1. 66°02,20'N - 19°57,85'V
  2. 66°02,20'N - 19°54,00'V
  3. 66°01,10'N - 19°54,00'V
  4. 66°01,20'N - 19°57,85'V
- XIII. Innan svæðis á Skagafirði (við Drangey), sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
1. 66°02,20'N - 19°43,40'V
  2. 66°02,20'N - 19°39,00'V
  3. 65°55,90'N - 19°34,60'V
  4. 65°55,90'N - 19°42,00'V
- XIV. Innan svæðis á Skagafirði (á Málmeyjarsundi), sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
1. 66°04,00'N - 19°36,80'V
  2. 66°04,00'N - 19°22,40'V
  3. 66°02,00'N - 19°26,00'V
  4. 66°02,00'N - 19°35,50'V

12. gr.

*Netamöskvi.*

☐ Grásleppnet skulu vera með möskva á bilinu 10,5 þumlunga (267 mm) til 11,5 þumlunga (292 mm).

Rauðmaganet skulu vera með möskva á bilinu 7 þumlunga (178 mm) til 8 þumlunga (203 mm) og net 20 möskva eða gryn timer.

13. gr. Merking lagna.

Netabaujur skulu vera á báðum endum netatrossu og allar merktar með flaggi, sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Á flaggið skal mála umdæmisnúmer eða skipaskrárnúmer þess skips, sem notar netin. Auk þessa skulu allir belgir merktir með umdæmisnúmeri eða skipaskrárnúmeri þess skips, sem notar þá. Merkingar á baujuflöggum og belgjum skulu vera greinilegar og skulu stafir stórir og skýrir. Allar niðurstöður skulu, með varanlegri merkingu, vera greinilega merktar umdæmisnúmeri eða skipaskrárnúmeri þess skips sem þær notar.

Skylt er að númera netatrossur báta frá einum til þess fjölda trossa sem hver bátur á í sjó. Númer netatrossu skal skráð skýrum tölustöfum á baujuflagg á báðum endum trossu.

### III. KAFLI

#### **Eftirlit, viðurlög o.fl.**

14. gr.

*Veidieftirlit og stjórnsýsluviðurlög.*

☐ Fiskistofa hefur eftirlit með veiðum á grásleppu og rauðmaga og er heimilt að veita áminningar eða svipta skip leyfi til veiða á grásleppu og/eða rauðmaga vegna brots á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa, sbr. 21. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt niður leyfi til veiða á grásleppu.

Verði um óeðlilega veiði á botnfisktegundum að ræða þannig að magn þeirra í þorskígildum talið sé ítrekað svipað eða meira en magn grásleppu- og/eða rauðmagaafans í þorskígildum talið er Fiskistofu heimilt að svipta viðkomandi skip leyfi til grásleppu- og/eða rauðmagaveiða.

15. gr.

*Refsingar og viðurlög.*

☐ Brot gegn reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

16. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 7., 8., 9. og 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 4. og 5. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og 3. og 13. gr. laga nr. 57/1997, um umgengni um nytjastofna sjávar. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Við gildistöku þessarar reglugerðar fellur úr gildi reglugerð nr. 288/2021 um hrognkelsaveiðar 2021.

#### **[Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. er bátum sem hófu veiðar 20. maí 2022 heimilt að stunda veiðar á grásleppu til og með 14. júní 2022.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 682/2022, 1. gr.

*Matvælaráðuneytinu, 23. febrúar 2022.*

## Reglugerð nr. 460/2022, um strandveiðar fiskveiðiárið 2021/2022.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Reglugerðin var gefin út vegna fiskveiðiársins 2021/2022. Ný reglugerð vegna fiskveiðiársins 2022/2023 hefur ekki verið gefin út.

### 1. gr.

#### *Gildissvið.*

☐ Reglugerð þessi gildir um strandveiðar, þar sem fenginn afli telst ekki til aflamarks eða krókaafلامarks, samkvæmt 6. gr. a í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

### 2. gr.

#### *Strandveiðar.*

☐ Í maí, júní, júlí og ágúst 2022 er, að fengnu leyfi Fiskistofu, heimilt að veiða á handfæri, það aflamagn sem tiltekið er til strandveiða í töflu í 3. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 920/2021 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2021/2022, sem ekki reiknast til aflamarks eða krókaafلامarks þeirra fiskiskipa sem stunda handfæraveiðar samkvæmt reglugerð þessari. Ráðherra er heimilt að auka heildarveiði í samræmi við 5. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006, til að unnt sé að nýta 12 daga til strandveiða í hverjum mánuði á hverju landsvæði.

### 3. gr.

#### *Leyfi til veiða.*

☐ Fiskistofa skal auglýsa eftir umsóknum um leyfi til strandveiða.

Fiskistofu er eingöngu heimilt að veita fiskiskipi leyfi til strandveiða að fullnægðum ákvæðum 5. gr. laga nr. 116/2006.

Skal leyfið veitt á því svæði þar sem heimilisfesti útgerðar viðkomandi fiskiskips er skráð, samkvæmt þjóðskrá eða fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra, og skal öllum afla skips með leyfi til strandveiða landað í löndunarhöfn þess landsvæðis.

Einungis er heimilt að veita hverri útgerð, eiganda, einstaklingi eða lögaðila, leyfi til strandveiða fyrir eitt fiskiskip. Enginn eigenda lögaðila sem á bát með strandveiðileyfi getur átt aðild að nema einu strandveiðileyfi. Fiskistofa skal fella niður strandveiðileyfi fiskiskips, þá þegar, ef fyrir liggja gögn sem sýna fram á að skilyrði 1. og 2. ml. eru ekki uppfyllt.

Eigandi fiskiskips skal vera lögskráður á skipið. Þegar fiskiskip er í eigu lögaðila er fullnægjandi að einn eigenda lögaðilans sé lögskráður á skipið. Í umsókn lögaðila um leyfi til strandveiða skulu koma fram upplýsingar um eignarhald á lögaðilanum. Fiskistofu er heimilt að krefjast gagna um eignarhald á lögaðila, s.s. aðgangs að ársreikningum og upplýsingum úr hlutafélagaskrá til að staðreyna skilyrði 4. mgr.

Óheimilt er að veita fiskiskipi leyfi til strandveiða hafi aflamark í þorskígildum talið, umfram það aflamark sem flutt hefur verið til þess á fiskveiðiarinu, verið flutt af því. Eftir útgáfu leyfis til strandveiða er skipum óheimilt að flytja frá sér aflamark þess árs umfram það sem flutt hefur verið til skips.

Frá útgáfudegi strandveiðileyfis er fiskiskipi óheimilt til loka fiskveiðiárs að stunda veiðar í atvinnuskyni samkvæmt öðrum leyfum nema strandveiðileyfi hafi verið fellt úr gildi samkvæmt 8. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 7. mgr. er fiskiskipi sem hefur fengið strandveiðileyfi heimilt að óska eftir að leyfið verði fellt úr gildi, skal sú ósk berast Fiskistofu í síðasta lagi 20. dag mánaðarins á undan, og er fiskiskipi þá heimilt að stunda fiskveiðar í atvinnuskyni samkvæmt öðrum leyfum. Þó tekur slík niðurfelling strandveiðileyfis ekki gildi fyrir en mánuðinn eftir að ósk um niðurfellingu á sér stað.

Hafi strandveiðileyfi fiskiskips verið fellt úr gildi, getur það fiskiskip ekki fengið strandveiðileyfi að nýju á umræddu strandveiðitímabili.

4. gr.

*Svæðaskipting.*

☐ Heimildir til strandveiða samkvæmt þessari reglugerð skiptast á fjögur löndunarsvæði, sem eru:

- A. Eyja- og Miklaholtshreppur - Súðavíkurhreppur,
- B. Strandabyggð - Grýtubakkahreppur,
- C. Þingeyjarsveit - Djúpavogshreppur,
- D. Sveitarfélagið Hornafjörður - Borgarbyggð.

Heimilt er hverju skipi með strandveiðileyfi að stunda strandveiðar í 12 veiðidaga innan hvers mánaðar mánuðina maí, júní, júlí og ágúst, með takmörkunum samkvæmt 5. gr. Skipi á strandveiðum er einungis heimilt að landa afla innan síns löndunarsvæðis.

Fiskistofa skal, með auglýsingu í Stjórnartíðindum, stöðva strandveiðar þegar sýnt er að leyfilegum heildarafla samkvæmt 2. gr. verði náð samkvæmt reglugerð þessari. Skulu fiskiskip sem leyfi hafa til strandveiða þá hætta veiðum.

5. gr.

*Veiðar.*

☐ Strandveiðileyfi samkvæmt reglugerð þessari eru bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Óheimilt er að stunda veiðar föstudaga, laugardaga og sunnudaga. Þá eru strandveiðar bannaðar; uppstigningardag, annan í hvítasunnu og á frídegi verslunarmanna.
2. Hver veiðiferð skal eigi standa lengur en 14 klukkustundir. Miðað er við þann tíma er fiskiskip lætur úr höfn til veiða til þess er það kemur til hafnar aftur til löndunar. Aðeins er heimilt að fara í eina veiðiferð á hverjum degi. Nái fiskiskip ekki af óviðráðanlegum ástæðum, s.s. vegna vélarbilunar, til hafnar innan 14 klukkustunda frá upphafi veiðiferðar getur Fiskistofa þó, að fengnum skýringum útgerðar, fallist á að skilyrði þessa tölulíðar séu uppfyllt. Skipstjóri skal tilkynna brottför úr höfn til vaktstöðvar siglinga. Í tilkynningu skal ávallt koma fram úr hvaða höfn haldið er til strandveiða. Fiskiskip skal hafa um borð sjálfvirkan fjareftirlitsbúnað og skal hin sjálfvirka skráning lögð til grundvallar við útreikning sóknar. Óheimilt er að fara í veiðiferð nema fjareftirlitsbúnaður um borð sé virkur. Bili búnaður í veiðiferð, skal strax tilkynna það til Landhelgisgæslu og halda tafarlaust til hafnar til löndunar.
3. Aldrei er heimilt að hafa fleiri en fjórar handfærarúllur um borð. Engin önnur veiðarfæri en handfærarúllur skulu vera um borð.
4. Á hverju fiskiskipi er aðeins heimilt að draga 650 kg, í þorskígildum talið, af kvótabundnum tegundum, að ufsa undanskildum, í hverri veiðiferð. Heimilt er hverju strandveiðiskipi að landa ufsa án þess að sá afli telji til hámarksafla skv. 5. tölul. 5. mgr. 6. gr. a. Um ufsaafla sem ekki reiknast til heimilaðs afla í hverri veiðiferð strandveiðiskips gilda eftirtalin skilyrði:
  - a. Að aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega og skráður.
  - b. Að aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni til sjóðs, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögsmæts sjávarafla, með síðari breytingum, sbr. þó 2. málsl. 2. mgr. þessa tölulíðar. Sé heimild skv. 1. mgr. nýtt skulu forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er seldur standa skil á andvirði hins selda afla að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Þá skal útgerð skipsins fá 80% af andvirði selds afla sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um.

5. Skyld er að landa öllum afla í lok hverrar veiðiferðar og skal hann veginn og skráður endanlega hér á landi.

Fiskistofu er heimilt að krefjast gagna um eignarhald á lögaðila, aðgangs að ársreikningum og upplýsingum úr hlutafélagaskrá til að staðreyna skilyrði 3. mgr. 3. gr.

6. gr.

*Viðurlög.*

☐ Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða.

7. gr.

*Gildistaka.*

☐ Reglugerð þessi er sett með heimild í 6. gr. a laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 420/2021, um strandveiðar fiskveiðiárið 2020/2021.

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

☐ Þrátt fyrir ákvæði 7. og 8. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar skal Fiskistofa fella úr gildi leyfi til strandveiða, frá sama tíma og strandveiðar eru stöðvaðar með auglýsingu í Stjórnartíðindum sbr. 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar.

*Matvælaráðuneytinu, 23. apríl 2022.*



## Reglugerð

### nr. 364/2019, um veiðar úr úthafskarfastofninum árið 2019.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Reglugerðin var gefin út vegna ársins 2019. Ný reglugerð vegna hefur ekki verið gefin út.

#### 1. gr.

☐ Reglugerð þessi tekur til flotvörpuveiða íslenskra skipa vestan 22. gráðu vestlægrar lengdar úr úthafskarfastofnum á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC), utan þeirra svæða sem falla undir fiskveiðilögsögu samningsaðila og innan fiskveiðilandhelgi Grænlands, í samræmi við samning þjóðanna þess efnis. Ennfremur tekur reglugerð þessi til úthafskarfa veiða fiskiskipa, sem leyfi hafa til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er þau stunda veiðar á úthafskarfa með flotvörpu utan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°17'N - 30°23'V (við miðlínu milli Íslands og Grænlands).
2. 64°45'N - 28°30'V
3. 62°50'N - 25°45'V
4. 61°55'N - 26°45'V
5. 61°00'N - 26°30'V
6. 60°48'N - 26°51'V (við lögsögumörk á Reykjaneshrygg).

☐ Þá tekur reglugerðin til veiða á úthafskarfa sem veiddur er á svæðum 1f, 2g, 2h, 2j og 3k á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar, NAFO. Á árinu 2019 eru veiðar á úthafskarfa óheimilar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar.

#### 2. gr.

☐ Íslenskum fiskiskipum er óheimilt að stunda flotvörpuveiðar á úthafskarfa skv. 1. gr. án sérstaks leyfis Fiskistofu.

☐ Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar á úthafskarfa í flotvörpu, sem hafa aflamark í úthafskarfa, sbr. 3. og 4. gr.

#### 3. gr.

☐ Fyrir tímabilið 10. maí 2019 til 31. desember 2019 er leyfilegur heildarafli sem hér segir:

A	B	C
<b>Lestir</b>	<b>Lestir</b>	<b>Lestir</b>
1.861	99	1.762

Skýringar á töflu:

A. Leyfilegur heildarafli.

B. Skerðing skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%).

C. Fiskistofa úthlutar til skipa á grundvelli aflahlutdeildar.

☐ Veiðar á úthafskarfa eru heimilar frá og með 10. maí og eru einungis leyfðar innan svæðis sem markast af eftirfarandi punktum:

1. 64°45'N - 28°30'V
2. 62°50'N - 25°45'V
3. 61°55'N - 26°45'V
4. 61°00'N - 26°30'V
5. 59°00'N - 30°00'V

6. 59°00'N - 34°00'V
7. 61°30'N - 34°00'V
8. 62°50'N - 36°00'V
9. 64°45'N - 28°30'V

③ Á grundvelli aflahlutdeildar í úthafskarfa skal Fiskistofa úthluta hverju skipi aflamarki, eins og skilgreint er í 1. mgr. þessarar greinar.

4. gr.

① Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark milli íslenskra fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum, sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða.

② Ákvæði 11. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, gilda ekki um aflamark sem úthlutað er í úthafskarfa samkvæmt þessari reglugerð. Þó er heimilt að flytja allt að 5% af aflamarki úthafskarfa frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta. Þá er heimilt að veiða 5% umfram aflamark í úthafskarfa, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðiárs á eftir.

5. gr.

① Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar á samningssvæði NEAFC sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu, stefnu og hraða viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrr en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega.

② Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga, sbr. 1. mgr., bilar, skal gert við hann við komu í næstu höfn. Þar til búnaðinum verður komið í lag, skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða skipsins á 4 klukkustunda fresti til Eftirlitsstöðvarinnar.

6. gr.

① Um tilkynningar við úthafskarfaveiðar skv. þessari reglugerð, bæði innan íslensku lögsögunnar og á alþjóðlegu hafsvæði, gilda ákvæði reglugerðar nr. 432/2017, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

7. gr.

① Stundi skip úthafskarfaveiðar og almennar togveiðar í lögsögu Íslands í sömu veiðiferð skal halda úthafskarfa aðgreindum frá öðrum afla um borð í veiðiskipi og skal hann veginn og skráður sérstaklega við löndun.

② Er afli reiknast til aflamarks skal miðað við 94% nýtingu sé úthafskarfa landað slægðum með haus, 59% nýtingu sé úthafskarfa landað hausskornum, 30% nýtingu sé honum landað flökuðum með roði og beinum, 27% nýtingu sé honum landað flökuðum, roðlausum með beinum.

③ Þegar úthafskarfi er reiknaður til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 0,83.

8. gr.

① Skipstjóri skal, svo fljótt sem verða má eftir að veiðum lýkur og eigi síðar en 4 klukkustundum eftir að komið er til hafnar, senda Fiskistofu skýrslu um áætlaðan úthafskarfaafla í viðkomandi veiðiferð á því formi sem Fiskistofa ákveður. Í skýrslunni skal koma fram úthafskarfaafli skipsins miðað við afla upp úr sjó sundurliðaður eftir afla innan fiskveiðilandhelgi Íslands, afla á alþjóðlegu hafsvæði og afla innan fiskveiðilandhelgi Grænlands.

② Sýni skulu tekin úr afla, a.m.k. tvö í hverri veiðiferð, og skal skrá sýnatökuna í afladagbók skipsins. Í hverju sýni skulu að lágmarki vera 50 til 100 fiskar sem valdir eru af handahófi. Ef togað er á mismunandi dýpi í veiðiferðinni er æskilegt að fá sýni frá mismunandi dýpi. Sýnin skulu fryst



um borð, rækilega merkt (staður, dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnun í Reykjavík eða útibúum stofnunarinnar að lokinni veiðiferð.

9. gr.

☐ Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

10. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin tekur þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 1106/2017, um veiðar úr úthafskarfastofnum 2018.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 17. apríl 2019.*



## Reglugerð nr. 923/2010, um veiðar á skötusel í net.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 923/2010 sbr. rg. 474/2020 og rg. 1153/2021.

### 1. gr.

☐ Reglugerð þessi gildir um veiðar á skötusel í net og eru þær heimilar með þeim takmörkunum sem ákveðnar eru í lögum og reglugerðum hverju sinni.

☐ Á Breiðafirði eru allar skötuselsveiðar bannaðar í net innan línu, sem dregin er frá Selskeri (austan Sigluness á Barðaströnd) um Selsker sunnan fjarðarins í Eyrarfjall.

### 2. gr.

☐ Lágmarksmöskvastærð skötuselsneta sem heimilt er að nota er 12 þumlungar (305 mm). Óheimilt er að nota flottein með meira uppdrif en 13 g/m (grömm á metra) á skötuselsnet. Þrátt fyrir ákvæði fyrsta málslíðar er heimilt til og með 31. ágúst 2011 að nota net með 11,5 þumlunga (292 mm) möskva.

☐ Þegar möskvastærð er mæld skulu þrír möskvar lagðir saman og teygðir horna á milli eftir lengd netsins. Netið skal mælt vott. Um framkvæmd möskvamælinga vísast að öðru leyti til reglugerðar nr. 24/1998, um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga.

### 3. gr.

[...] <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 474/2020, 5. gr.

### 4. gr.

☐ Hverju skipi er heimilt að hafa 100 net í sjó fyrir hvern skipverja í áhöfn en þó aldrei fleiri en 600 net. Takmörkun þessi á netafjölda miðast við 100 faðma ófellda slöngu. Heimilt er stunda veiðar með þorskfisknetum á sama tíma og veiðar eru stundaðar með skötuselsnetum. Í slíkum tilvikum skal skötuselsnetum fækkað um 3 net fyrir hvert eitt þorskfisknet sem lagt er í sjó.

☐ Skötuselsnet skulu dregin eigi síðar en 4 sólarhringum eftir að þau eru lögð í sjó. Frávik frá þessu ákvæði er einungis heimilt ef veður hamlar sjósókn með þeim hætti að ekki reynist unnt að vitja neta og skal skipstjóri tilkynna Fiskistofu liggi skötuselsnet viðkomandi skips lengur en 4 sólarhringa án þess að hafa verið dregin.

☐ Týni skip skötuselsnetum í sjó, ber skipstjóra að slæða þau upp. Takist það ekki skal hann tilkynna það Landhelgisgæslunni og skýra frá staðsetningu netanna, eins nákvæmlega og unnt er.

### 5. gr.

☐ Óheimilt er að stunda veiðar með skötuselsnetum á tímabilinu frá og með 20. janúar til og með 20. maí.

☐ Til 14. júlí má eigi án leyfis varþeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 metra frá stórstraumsfjöruborði.

### 6. gr.

☐ Auk eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa eftirlitsmenn Fiskistofu eftirlit með, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt og er leyfishöfum skylt að gera þessum aðilum kleift að gera allar þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar í því skyni.

7. gr.

☐ Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

☐ [...] <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 1153/2021, 22. gr.

8. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi, að 2. gr. undanskilinni sem tekur gildi frá og með 21. maí 2011, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 282, 31. mars 2010, um veiðar á skötusel í net.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 1. desember 2010.*

## Reglugerð nr. 462/2017, um veiðar á gulllaxi.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 462/2017 sbr. rg. 1153/2021.

### 1. gr.

☐ Reglugerð þessi tekur til gulllaxveiða íslenskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Aðeins skipum sem hafa aflamark í gulllaxi er heimilt að stunda gulllaxveiðar.

### 2. gr.

☐ Gulllaxveiðar eru aðeins heimilar á svæði undan Vestur- og Suðurlandi vestan 19°30,00' V og sunnan 66°50,00' N á dýpra vatni en 220 föðmum. Á svæði milli 19°30,00' V og 12°00,00' V eru veiðar jafnframt heimilar sunnan línu sem dregin er um eftirgreinda punkta:

- |                              |                               |
|------------------------------|-------------------------------|
| 1. 63°19,00' N – 19°30,00' V | 10. 63°28,00' N – 15°41,00' V |
| 2. 63°20,00' N – 19°20,00' V | 11. 63°29,00' N – 15°30,00' V |
| 3. 63°15,00' N – 19°00,00' V | 12. 63°34,00' N – 15°00,00' V |
| 4. 63°11,00' N – 18°10,00' V | 13. 63°35,00' N – 14°42,00' V |
| 5. 63°11,00' N – 17°53,00' V | 14. 63°45,00' N – 14°12,00' V |
| 6. 63°16,00' N – 17°10,00' V | 15. 63°49,00' N – 14°00,00' V |
| 7. 63°20,00' N – 16°35,00' V | 16. 63°58,00' N – 13°33,00' V |
| 8. 63°22,00' N – 16°29,00' V | 17. 64°01,00' N – 13°10,00' V |
| 9. 63°24,00' N – 16°00,00' V | 18. 64°30,00' N – 12°00,00' V |

☐ Ofangreind heimild veitir skipinu aðeins rétt til að stunda veiðar á þeim svæðum sem því er heimilt að stunda veiðar með botn- og flotvörpu, samkvæmt 5. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með þeim takmörkunum sem slíkum veiðum eru settar í sérstökum reglugerðum og skyndilökunum.

### 3. gr.

☐ Gulllaxsýni skulu tekin úr afla, a.m.k. eitt í hverri veiðiferð. Í hverju sýni skulu vera 100-200 stk. af gulllaxi, sem valin eru af handahófi. Gæta skal þess að sýni sé tekið í öllum tilkynninga-skyldureitum þar sem skipið stundar veiðar. Sýnin skulu fryst um borð, rækilega merkt (staður, dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna í Reykjavík, þegar að lokinni veiðiferð.

### 4. gr.

☐ Lágmarksstærð möskva í þeirri vörpu sem notuð er til gulllaxveiða skal vera 80 mm miðað við mælingu með hnútum (heilmöskvi), en 40 mm í poka.

### 5. gr.

☐ [...] <sup>1)</sup> Brot varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ásamt síðari breytingum.

<sup>1)</sup>Rg. 1153/2021, 17.gr.

### 6. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ásamt síðari breytingum. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 717/2000, um veiðar á gulllaxi, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 16. maí 2017.*



## Reglugerð nr. 470/2012, um veiðar á lúðu.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 470/2012 sbr. rg. 1028/2013 og rg. 1153/2021.

### 1. gr.

☐ Allar beinar veiðar á lúðu (hvítlúðu) í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar, þ.m.t. veiðar með sérútbúnum krókum (haukalóðum).

☐ Leyfi til lúðuveiða skulu gefin út, fyrir hvert fiskveiðiár, þegar talið er, samkvæmt ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar, að lúðustofninn þoli veiðar.

### 2. gr.

☐ Komi lúða um borð í veiðiskip sem meðafli skal umsvifalaust sleppa lífvænlegri lúðu.

☐ Við línuveiðar skal sleppa allri lúðu með því að skera á taum línunnar. Við handfæra- og sjóstangaveiðar skal losa lúðuna varfærnislega af krókum eða skera á lykkju slóðans áður en lúða kemur um borð.

### 3. gr.

☐ Til að koma í veg fyrir að stórlúða fari í móttöku skips, er skylt við botnvörpuveiðar þar sem móttaka er lægra en aðalþilfar skipsins, að hafa rist þar sem fiski er hleypt í móttöku. Fiskistofu er heimilt að veita undanþágu frá notkun ristar, t.d. vegna smæðar báts. Þá er skipum sem stunda humarveiðar heimil undanþága frá notkun ristar. Rimlabil ristarinnar skal að hámarki vera 40 sm.

☐ Gildir þetta á svæði sem afmarkast af línu sem dregin er austur úr Dalatanga, réttsælis og allt að línu sem dregin er réttvísandi norðvestur úr Horni.

### 4. gr.

☐ [Lúðuaflí skal seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir. Lúðuaflí sætir álagningu gjalds samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmeðs sjávaraflla. Það skal nema andvirði gjaldskylds aflla.

☐ Forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er seldur standa skil á andvirði hins selda aflla að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið, eins og þessi kostnaður er markaður í reglugerð um kostnað vegna sölu aflla á uppboðsmarkaði. Þá skal útgerð skipsins fá 20% af andvirði selds aflla sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um. Lúðuaflí skal seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 1028/2013.

### 5. gr.

☐ Skipstjóra er skylt að halda afladagbók, sbr. reglugerð nr. 557/2007, um afladagbækur, með síðari breytingum. Skrá skal í afladagbók upplýsingar s.s. um veiðarfæri, veiðistað og veiðidag, um þá lúðu sem sleppt er í hverju kasti/lögn/togi.

### 6. gr.

☐ [...] <sup>1)</sup> Brot varða viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðar breytingum.

<sup>1)</sup>Rg. 1153/2021, 21. gr.

7. gr.

① Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 6. gr., 2. mgr. 7. gr. og 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og 14. gr. laga nr. 37/1992 um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, og öðlast þegar gildi. Reglugerðina skal taka til endurskoðunar þegar skilyrði eru til útgáfu leyfa til lúðuveiða, sbr. 2. mgr. 1. gr.

② Við gildistöku þessarar reglugerðar falla úr gildi reglugerð nr. 477/2011 um bann við notkun haukalóða við lúðuveiðar og reglugerð nr. 1164/2011 um bann við veiðum á lúðu, með síðari breytingu.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 30. maí 2012.*



# Reglugerð nr. 188/2020, um veiðar á humri.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 188/2020 sbr. rg. 277/2022.

1. gr.

*Gildissvið*

- ☐ Reglugerð þessi gildir um veiðar á humri í fiskveiðilandhelgi Íslands.
- ☐ Allar veiðar á humri í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema þeim skipum sem eru með aflamark í humri.
- ☐ Veiðar með humarvörpu í fiskveiðilandhelgi Íslands eru aðeins heimilar fiskiskipum sem eru 50 metrar að skráningarlengd eða styttri.

2. gr.

*Veiðitímabil og veiðisvæði.*

- ☐ Veiðar með humarvörpu eru heimilar á tímabilinu frá og með 16. mars til og með 30. nóvember á eftirgreindum svæðum:

*Svæði 1: Lónsdýpi:*

1. 64°13,00'N - 014°22,00'V
2. 63°56,90'N - 014°00,50'V
3. 63°54,20'N - 014°08,00'V
4. 63°52,00'N - 014°12,00'V
5. 64°08,00'N - 014°50,00'V
6. 64°12,00'N - 014°46,00'V
7. 64°15,00'N - 014°37,00'V.

*Svæði 2: Hornafjarðardýpi:*

1. 63°59,00'N - 014°55,00'V
2. 63°40,00'N - 014°36,00'V
3. 63°38,00'N - 014°52,00'V
4. 64°02,00'N - 015°27,00'V
5. 64°04,00'N - 015°19,00'V.

*Svæði 3: Breiðamerkurdýpi:*

1. 64°02,00'N - 016°04,00'V
2. 63°50,00'N - 015°40,00'V
3. 63°33,00'N - 015°27,00'V
4. 63°29,00'N - 015°42,00'V
5. 63°54,00'N - 016°21,00'V
6. 63°56,00'N - 016°17,00'V.

*Svæði 4: Meðallandsbugur:*

1. 63°46,00'N - 016°45,00'V
2. 63°21,00'N - 016°42,00'V
3. 63°17,00'N - 016°56,00'V
4. 63°16,00'N - 017°09,00'V
5. 63°29,00'N - 017°53,00'V
6. 63°40,00'N - 017°40,00'V

7. 63°42,00'N - 017°32,00'V
8. 63°44,00'N - 017°17,00'V.

*Svæði 5: Eyjasvæði:*

1. 63°28,00'N - 019°50,00'V
2. 63°23,00'N - 019°38,00'V
3. 63°19,00'N - 019°43,00'V
4. 63°09,00'N - 020°21,00'V
5. 63°08,00'N - 021°00,00'V
6. 63°14,00'N - 021°37,00'V
7. 63°12,00'N - 021°54,00'V
8. 63°34,00'N - 021°58,00'V
9. 63°33,00'N - 021°41,00'V
10. 63°26,00'N - 020°47,00'V
11. 63°21,00'N - 020°49,00'V
12. 63°17,00'N - 020°36,00'V
13. 63°20,00'N - 020°17,00'V
14. 63°24,00'N - 020°13,00'V
15. 63°28,00'N - 020°00,00'V.

*Svæði 6: Grindavíkursvæði:*

1. 63°47,00'N - 021° 42,00'V
2. 63°42,00'N - 021° 30,00'V
3. 63°36,00'N - 021° 58,00'V
4. 63°05,00'N - 022° 15,00'V
5. 63°12,00'N - 022° 52,00'V
6. 63°25,00'N - 023° 05,00'V
7. 63°04,00'N - 024° 16,00'V
8. 63°14,00'N - 024° 15,00'V
9. 63°34,00'N - 023° 35,00'V
10. 63°34,00'N - 023° 26,00'V

11. 63°40,00'N - 023° 16,00'V
12. 63°47,00'N - 022° 47,00'V
13. 63°45,00'N - 022° 36,00'V
14. 63°45,00'N - 022° 14,00'V.

*Svæði 7: Eldeyjarsvæði:*

1. 64°04,00'N - 022°58,00'V
2. 63°56,00'N - 022°59,00'V
3. 63°50,00'N - 022°49,00'V
4. 63°45,00'N - 023°01,00'V
5. 63°43,00'N - 023°15,00'V
6. 63°37,00'N - 023°31,00'V
7. 63°27,00'N - 023°55,00'V

8. 63°29,00'N - 024°00,00'V
9. 64°09,00'N - 023°35,00'V.

*Svæði 8: Jökuldýpi:*

1. 64°37,00'N - 023°11,00'V
2. 64°25,00'N - 022°54,00'V
3. 64°18,00'N - 023°19,00'V
4. 64°22,00'N - 023°32,00'V
5. 64°14,00'N - 023°59,00'V
6. 64°20,00'N - 024°15,00'V
7. 64°33,00'N - 023°58,00'V
8. 64°39,00'N - 023°36,00'V.

3. gr.

*Undirmál.*

☐ Slitinn humar 6-10 g að þyngd og óslitinn 20-33 g að þyngd, telst ekki með til aflamarks, enda fari hlutfall þess stærðarflokks ekki yfir 10% af humarafla skipsins í veiðiferð.

☑ Löggiltur vigtarmaður staðfesti á vigtarnótu magn og hlutfall slitins og óslitins humars í ofangreindum stærðarflokki í afla hverrar veiðiferðar. Liggi slík staðfesting ekki fyrir skal humarinn að fullu skráður til aflamarks.

4. gr.

*Veiðarfæri.*

☐ Lágmarksmöskvastærð í netþaki humarvörpu skal vera 135 mm en 80 mm í öðrum hlutum vörpunnar. Humarvarpa skal búin legggluggum skv. A- eða B-lið eða slöku yfirbyrði skv. C-lið hér að neðan.

☑ Um mælingar á möskvum vísast til reglugerðar nr. 24/1998, um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga. Þegar möskvastærðir eru tilgreindar er átt við innanmál möskva nema annað sé tekið fram.

- A Varpa með leggglugga: Skyld er að hafa tvö ferhyrnd netstykki á legg úr a.m.k. 185 mm möskvastærð á efra byrði vörpubelgs. Fremra netstykkið skal vera a.m.k. 4 metrar að lengd og skal fremsti hluti þess vera innan við 0,4 metrar frá netþaki. Aftara netstykkið skal vera a.m.k. 2 metrar að lengd og skal það staðsett að hámarki 2 metrum aftan við fremra netstykkið. Afturhorn netstykjanna skal festa ekki fjær hliðarleisum en sem nemur 20 opnum möskvum. Hverjir 200 mm leggstykkisins skulu festir á móti a.m.k. 7 upptökum af 80 mm byrðinu. Ef möskvar í yfirbyrði eru stærri en lágmarksmöskvastærð segir til um skal fellingin vera sambærileg og þegar 80 mm eru notaðir.
- B Varpa með leggglugga og tveimur belgjum: Sé notuð tveggja belgja humarvarpa skal tveimur ferhyrnu netstykjunum hnýttum á legg komið fyrir í hvorum belg vörpunnar sömu stærðar og segir í A-lið og þau fest eins og þar er kveðið á um. Þó skal aftara innra horn fremri netstykjanna festa ekki fjær miðleisi en nemur 40 möskvum.
- C Varpa með slöku yfirbyrði: Slakt yfirbyrði með 135 mm lágmarksmöskvastærð skal ná frá netþaki og aftur að þeim stað sem breidd undirbyrðis samsvarar 150 möskvum milli leisa af 80 mm möskvastærð. Þó skal slaka yfirbyrðið ekki vera styttra en 12 metrar að lengd. Breidd yfirbyrðisins skal vera að hámarki 66% af samsvarandi breidd undirbyrðis. Lengd yfirbyrðisins skal vera a.m.k. 33% meiri en samsvarandi lengd undirbyrðis. Netslaka í yfirbyrði skal dreift jafnt við samsetningu yfir- og undirbyrðis.

☐ Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir, herpir eða lokar á nokkurn hátt möskvum eða umbúnaði af nokkru tagi til þess að koma í veg fyrir rennsli afla aftur í poka. Þó er heimilt að festa allt að 9 metra langt hlífðarnet undir pokann með a.m.k. sömu möskvastærð og er í undirbyrði pokans og skal hún fest að framan og á hliðum en opið að aftan. Einnig er heimilt að þrengja poka á leisum í 2 öftustu metrum pokans.

5. gr.

*Viðurlög.*

☐ Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 56/1997, um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

6. gr.

*Gildistaka.*

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 214//2010, um humarveiðar með síðari breytingum.

#### **Ákvæði til bráðbirgða.**

☐ [Allar veiðar á humri í fiskveiðilandhelgi Íslands eru bannaðar frá og með 16. mars 2022 til og með 15. mars 2024.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 277/2022, 1. gr.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 20. febrúar 2020.*



# Reglugerð

## nr. 964/2019, um veiðar á rækju.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 964/2019 sbr. rg. 1153/2021.

### I. KAFLI

#### Gildissvið

☐ Reglugerð þessi tekur til rækjuveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands. Allar rækjuveiðar við Ísland eru óheimilar nema þeim skipum sem hafa aflamark á viðkomandi veiðisvæði.

### II. KAFLI

#### Veiðarfæri.

##### 2. gr.

☐ Lágmarksmöskvastærð rækjuvörpu skal vera 45 mm í vængjum aftur að fremsta netþaki (miðneti) en 36 mm í öðrum hlutum rækjuvörpunnar.

☐ Við veiðar á rækju skal nota þvernetspoka með fjórum byrðum felldan á línur og skal þvernetspokinn vera í a.m.k. 4 öftustu metrum vörpunnar við rækjuveiðar á grunnslóð en í a.m.k. 8 öftustu metrum vörpunnar við úthafs rækjuveiðar.

☐ Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt við veiðar á úthafs rækju að nota net á legg í a.m.k. 8 öftustu metrum vörpunnar í stað þvernetspoka.

☐ Við notkun leggþoka eða þvernetspoka er heimilt að hafa þrjá síðumöskva fyrir framan kolllínumöskvana.

##### 3. gr.

☐ Við veiðar með rækjuvörpu er óheimilt að nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir, herpir eða lokar á nokkurn hátt möskvum vörpunnar eða nota umbúnað af nokkru tagi til þess að koma í veg fyrir rennsli afla aftur í poka eða nota net eða annað til þéttingar poka að aftan. Þó er heimilt:

- A. Að nota hlífðarpoka utan um pokann sjálfan. Lágmarksmöskvastærð slíks hlífðarpoka skal vera 100 mm.
- B. Að binda fyrir rækjupoka allt að 40 sm fyrir ofan pokaendann og stinga lausa netinu inn í pokann til að þétta pokahnútinn.
- C. Rækjupokinn skal ekki vera meira en 50 sm lengri en hlífðarpokinn. Heimilt er að binda fyrir hlífðarpokann að aftan.
- D. Að festa undir 8 öftustu metra vörpunnar húðir eða mottur úr gerviefnum í því skyni að auka núningsþol pokans.

##### 4. gr.

☐ Skylt er að nota seiðaskilju við rækjuveiðar. Við veiðar á úthafs rækju og við rækjuveiðar á grunnslóð á veiðisvæðum H (Eldeyjarsvæði) og I (við Snæfellsnes) skal seiðaskilja þannig gerð að bil milli rimla skal mest vera 22 mm, en við rækjuveiðar á grunnslóð á veiðisvæðum A (Breiðafjörður, norðurhluti) til og með G (Öxarfjörður) skal seiðaskilja þannig gerð að bil milli rimla skal mest vera 19 mm.

☐ Skiljunnir skal komið fyrir í belg vörpunnar með u.þ.b. 45-50 gráðu halla þannig að neðri kantur skiljunnar nái lengra fram. Skiljan skal fylla út í belginn og skulu allir jaðrar hennar festir við netið í belgnum. Á efra byrði vörpunnar fyrir framan skiljuna skal vera gat þar sem fiskur skilst út.

☐ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að stunda veiðar á rækju án seiðaskilju í Ísafjarðardjúpi innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 66°03,00'N – 22°56,00'V (Kambsnes)
2. 66°07,00'N – 22°39,00'V (Snæfjallaströnd)

### III. KAFLI

#### **Úthafsrækjuveiðar.**

##### 5. gr.

☐ Skipum sem hafa aflamark í úthafsrækju er heimilt að stunda veiðar á rækju utan viðmiðunarlínu, sbr. lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með eftirfarandi takmörkunum:

- A. Fyrir Suðurlandi eru allar rækjuveiðar óheimilar á svæði milli 14°30'V og 23°00'V allt árið.
- B. Við Eldey eru úthafsrækjuveiðar óheimilar á svæði sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvísandi 245° frá Reykjanesaukavita. Að vestan markast svæðið af 23°40'V og að norðan af 64°05'N.
- C. Við Snæfellsnes eru úthafsrækjuveiðar óheimilar á svæði sem afmarkast milli eftirfarandi hnita:

1. 64°04,90'N – 22°43,60'V
2. 64°43,70'N – 23°48,20'V
3. 64°45,00'N – 23°55,30'V
4. 64°51,30'N – 24°02,50'V
5. 64°53,10'N – 24°02,50'V
6. 65°15,00'N – 24°02,50'V
7. 65°15,00'N – 25°40,00'V
8. 64°05,00'N – 25°40,00'V
9. 64°04,90'N – 22°43,60'V

##### 6. gr.

☐ Heimilt er að nota yfirpoka við úthafsrækjuveiðar á þeim svæðum þar sem viðkomandi skipum eru heimilar veiðar með fiskibotnvörpu samkvæmt 5. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þó er óheimilt að nota yfirpoka á svæðum þar sem veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar samkvæmt reglugerðum og skyndilokunum. Yfirpokanum skal komið fyrir á efra byrði poka vörpunnar yfir opinu þar sem fiskur skilst út.

☐ Að minnsta kosti 8 öftustu metrar yfirpokans skulu vera með lágmarksmöskvastærð 135 mm að innanmáli.

### IV. KAFLI

#### **Rækjuveiðar á Dohrnbanka.**

##### 7. gr.

☐ Úthafsrækju sem veidd er á Dohrnbanka vestan 26°V og norðan 65°30'N skal skrá sérstaklega. Skip sem stunda veiðar á Dohrnbanka skulu búin fjarskiptabúnaði, sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til Landhelgisgæslunnar um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti, frá því skipið lætur úr höfn og þar til það kemur til hafnar að nýju til löndunar afla.

V. KAFLI

**Rækjuveiðar á grunnslóð.**

8. gr.

☐ Veiðitímabil rækju á grunnslóð er fiskveiðiárið nema annað sé ákveðið samhliða úthlutun aflamarks á viðkomandi veiðisvæði.

9. gr.

☐ Einungis skipum minni en 230 brúttótonn að stærð er heimilt að stunda rækjuveiðar á grunnslóð innan viðmiðunarlínu.

10. gr.

☐ Veiðisvæði rækju á grunnslóð eru þessi:

A. Breiðafjörður, norðurhluti:

1. Að sunnan markast svæðið af 65°15,00'N
2. A vestan markast svæðið af 24°00,00'V

B. Arnarfjörður. Svæðið markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°47,68'N – 24°06,60'V (Kópanesviti)
2. 65°54,59'N – 23°50,76'V (Svalvogaviti)

C. Ísafjarðardjúp. Svæðið markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 66°12,00'N – 23°28,00'V (Deild)
2. 66°21,00'N – 23°11,00'V (Ritur)

D. Húnaflói. Svæðið markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 66°07,50'N – 21°30,00'V (Selsker)
2. 66°05,00'N – 20°25,20'V (Rifsnes)

E. Skagafjörður. Svæðið markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 66°07,16'N – 20°05,93'V (Skagatárviti)
2. 66°11,22'N – 18°57,06'V (Sauðanesviti)

F. Skjálfandafloi. Svæðið markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 66°10,03'N – 17°50,30'V (Flatey)
2. 66°17,22'N – 17°08,67'V
3. 66°12,40'N – 17°08,67'V (Tjörnesviti)

G. Öxarfjörður. Svæðið markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 66°12,40'N – 17°08,67'V (Tjörnesviti)
2. 66°17,22'N – 17°08,67'V
3. 66°30,50'N – 16°32,17'V (Rauðanúpsviti)

H. Eldeyjarsvæði:

1. Að sunnan markast svæðið af línu sem dregin er réttvísandi 245° frá 63°48,03'N – 22°41,86'V Reykjanesaukavita
2. Að vestan markast svæðið af 23°40,00'V
3. Að norðan af 64°05,00'N

I. Við Snæfellsnes:

a) Í Kolluál og Jökuldjúpi, á svæði sem afmarkast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 64°04,90'N – 22°43,60'V
2. 64°43,70'N – 23°48,20'V
3. 64°45,00'N – 23°55,30'V
4. 64°51,30'N – 24°02,50'V
5. 64°53,10'N – 24°02,50'V
6. 65°15,00'N – 24°02,50'V
7. 65°15,00'N – 25°40,00'V

8. 64°05,00'N – 25°40,00'V
  9. 64°04,90'N – 22°43,60'V
- b) Á Breiðafirði á tímabilinu frá og með 8. maí til og með 31. júlí ár hvert er skipum sem eru 105 brl að stærð eða minni og hafa aflamark til veiða á rækju á veiðisvæðinu við Snæfellsnes heimilt að stunda rækjuveiðar á svæði sem afmarkast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:
1. 64°58,28'N – 23°21,42'V
  2. 65°10,00'N – 23°21,42'V
  3. 65°10,00'N – 24°02,50'V
  4. 64°53,10'N – 24°02,50'V

## VI. KAFLI

### Viðurlög og gildistaka.

#### 11. gr.

☐ [Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 1153/2021, 8. gr.

#### 12. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða og laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar til þess að öðlast þegar gildi. Við gildistöku þessarar reglugerðar falla úr gildi reglugerð nr. 396/2005, um úthafs rækjuveiðisvæði og notkun seiðaskilju, reglugerð nr. 258/2012, um rækjuveiðar innfjarða, reglugerð nr. 542/2014, um veiðar á rækjustofninum á miðunum við Snæfellsnes og reglugerð nr. 739/2000, um gerð og búnað smárækjuskilju.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. október 2019.*



## Reglugerð nr. 1160/2021, um veiðar á kröbbum.

### 1. gr.

#### *Almennt.*

① Allar veiðar á kröbbum í gildrum í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu. Undir þessa reglugerð falla allar krabbategundir, svo sem trjónukrabbí, grjótkrabbí og gaddakrabbí.

### 2. gr.

#### *Krabbaveiðileyfi.*

① Leyfi til veiða á kröbbum skulu gefin út fyrir hvert fiskveiðiár. Ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi til krabbaveiða sé talin ástæða til að takmarka veiðarnar eða endurskipuleggja stjórnun þeirra.

② Aðeins þeir bátar, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni eiga kost á leyfi til krabbaveiða í gildrum.

③ Heimilt er að binda útgáfu leyfa til veiða ákveðnum skilyrðum, m.a. skýrsluskilum um veiðarnar, hámarksstærð báta, stærð og gerð veiðarfæris, veiðitímabil o.s.frv.

④ Í umsókn skal meðal annars koma fram hvar veiðar eru fyrirhugaðar og gerð gildra.

⑤ Krókaaflamarksbátum sem fá leyfi til veiða á kröbbum samkvæmt reglugerð þessari er heimilt að veiða krabba með gildrum, sbr. 7. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

⑥ Leyfi til veiða á kröbbum er óheimilt að framselja.

### 3. gr.

#### *Veiðarfæri, vitjun og merking lagna.*

① Óheimilt er að nota önnur veiðarfæri við krabbaveiðar en þar til gerðar gildrum sem uppfylla skilyrði sem fram koma í reglugerð þessari. Hámarksfjöldi gildra fyrir hvert skip eru 2000 gildrum í sjó.

② Merkja skal gildrum og trossur með númeri og skal leggja gildrum og trossur í númeraröð..

③ Gildra skal vitja eigi síðar en 10 sólarhringum eftir að þær eru lagðar í sjó. Frá þessu má aðeins víkja ef veður hamlar sjósókn með þeim hætti að ekki reynist unnt að vitja gildra og skal skipstjóri tilkynna Fiskistofu liggja gildrum viðkomandi skips lengur en 20 sólarhringa án þess að hafa verið vitjað. Framangreint á einnig við um óbeitar gildrum.

④ Gildrubaujur skulu vera á báðum endum gildrulínu og allar merktar með flaggi sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Gildrum, niðurstöður, gildrubaujur, gildrubelgir og baujuflögg skulu, með varanlegri merkingu, vera greinilega merktar umdæmisnúmeri eða skipaskrárnúmeri þess skips sem notar þær. Stafír á baujuflöggum og belgjum skulu vera stórir og skýrir.

⑤ Leggi skip gildrum sínar á svæði þar sem togveiðar eru heimilar, er skylt að auðkenna vestari enda gildrulagnar með hvítu blikkljósi og radarspegli.

⑥ Frá og með 1. september 2023 skulu allar gildrum vera þannig útbúnar að þær opnast innan árs hafi þær glatast í sjó.

4. gr.

*Veðiðibann.*

① Ekki er heimilt að koma með að landi karlkyns trjónukrabba sem eru undir 60 mm skjaldarbreidd, karlkyns grjótkrabba undir 100 mm skjaldarbreidd eða karlkyns gaddakrabba undir 90 mm skjaldarbreidd.

② Ekki er heimilt að koma með að landi lifandi kvenkynskrabba af öllum tegundum (sjá skýringarmyndir í fylgiskjali).

③ Allar veiðar á kröbbum í gildrum og/eða gildrulagnir eru bannaðar á skilgreindum humarsvæðum, sbr. reglugerð um veiðar á humri.

5. gr.

*Refsingar og viðurlög.*

① Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til krabbaveiða vegna brota á ákvæðum leyfisbréfa og ákvæðum laga og reglugerða, sem lúta að stjórn veiða og nýtingu nytjastofna. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi leyfi til veiða þessara tegunda.

② Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

6. gr.

*Gildistaka og lagastoð*

① Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 6. gr., 2. mgr. 7. gr., 9. gr., 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

② Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 671/2018 um veiðar á kröbbum.


*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 30. september 2021.*

Fylgiskjal.

**Bogkrabbi | European green crab | *Carcinus maenas***



Karldýr | Male



Kvendýr | Female

© Óskar Sindri Gíslason 2011

**Grjótkrabbi | Atlantic rock crab | *Cancer irroratus***



Karldýr | Male



Kvendýr | Female

© Óskar Sindri Gíslason 2011



## Reglugerð nr. 711/2018, um veiðar á kúfskel.

### 1. gr.

⊠ Allar veiðar á kúfskel til manneldis í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu. Leyfi til kúfskelveiða skulu gefin út fyrir hvert fiskveiðiár. Krókaafllmarksbátum sem fá leyfi til kúfskelveiða til manneldis samkvæmt þessari grein er heimilt að veiða með plóg.

⊡ Með umsókn skal fylgja samningur um vinnslu á kúfskel í landi eða jafngild yfirlýsing þegar um eigin vinnslu er að ræða. Í báðum tilfellum þarf staðfesting frá MAST að fylgja um að viðkomandi vinnsla hafi gilt vinnsluleyfi frá MAST.

⊢ Ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi til kúfskelveiða sé talin ástæða til að takmarka veiðarnar eða endurskipuleggja stjórnun þeirra.

### 2. gr.

⊠ Krókaafllmarksbátum er heimilt að veiða kúfskel til notkunar í beitu til eigin nota með plóg og fer um þær veiðar eftir reglugerð þessari eftir því sem við á.

### 3. gr.

⊠ Allar veiðar á kúfskel eru bannaðar innan einnar sjómílu fjarlægðar frá punkti 66°26'N, 15°52'V.

⊡ Veiðar á kúfskel til manneldis eru einungis heimilar á svæðum sem hafa verið heilnæmiskönnuð af Matvælastofnun (MAST).

### 4. gr.

⊠ Við vigtun og skráningu á kúfskel gilda ákvæði reglugerðar um vigtun og skráningu sjávaraflla og reglugerðar um afladagbækur.

### 5. gr.

⊠ Fiskistofa skal veita áminningar og svipta skip leyfi til kúfskelsveiða, eða eftir atvikum leyfi til veiða í atvinnuskyni, vegna brota á ákvæðum leyfisbréfa eða reglugerð þessari eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 57/1996, um umgengi um nytjastofna sjávar.

### 6. gr.

⊠ Brot á ákvæðum leyfisbréfa eða reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 56/1997, um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

### 7. gr.

⊠ Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 1011/2013, um veiðar á kúfskel.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 13. júlí 2018.*



## Reglugerð nr. 890/2020, um veiðisvæði hörpudisks.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 890/2020 sbr. rg. 989/2020.

### 1. gr.

☐ Reglugerð þessi tekur til hörpudisksveiða íslenskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Veiðisvæði hörpudisks eru sjö. Aðeins skipum sem hafa aflamark í hörpudiski, á viðkomandi svæði, er heimilt að stunda hörpudisksveiðar á því svæði.

☐ Veiðisvæði hörpudisks eru þessi:

1. Hvalfjörður.

2. Breiðafjörður (veiðisvæði í Breiðafirði eru sýnd á korti í fylgiskjali):

a. Breiðasund innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°03,60'N – 22°43,50'V

2. 65°07,10'N – 22°43,50'V

3. 65°07,10'N – 22°31,50'V

4. 65°03,60'N – 22°31,50'V

b. Hvammsfjörður innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°04,00'N – 22°21,00'V

2. 65°07,00'N – 22°21,00'V

3. 65°07,00'N – 22°12,00'V

4. 65°04,00'N – 22°12,00'V<sup>1)</sup>

3. Patreksfjarðarflooi.

4. Arnarfjörður.

5. Ísafjarðardjúp.

6. Húnaflói.

7. Skagafjörður.

<sup>1)</sup>Rg. 989/2020.

### 2. gr.

*Stjórn veiðanna.*

☐ Fiskistofa annast eftirlit með veiðunum og skal tryggja að afli á hverju veiðisvæði eða hluta veiðisvæða sé ekki skaðlega mikill og veiðarnar í samræmi við varúðarsjónarmið. Veiðar teljast skaðlegar ef afli fer fram yfir ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar fyrir hvert veiðisvæði eða hluta veiðisvæðis.

### 3. gr.

*Viðurlög.*

☐ Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

### 4. gr.


*Gildistaka.*

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ásamt síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglugerðarinnar fellur úr gildi reglugerð nr. 461/2017, um veiðisvæði hörpudisks.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. september 2020.*

**Fylgiskjal.**

**Breiðafjörður veiðisvæði.**





## Reglugerð nr. 633/2019, um veiðar á beitukóngi í gildrum.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 633/2019 sbr. rg. 1153/2021.

1. gr.

*Almennt.*

☐ Allar veiðar á beitukóngi í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu. Krókabátum sem fá leyfi til veiða á beitukóngi er heimilt að veiða með beitukóngsgildrum.

☐ Leyfi til beitukóngsveiða skulu gefin út fyrir hvert fiskveiðiár. Ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi til beitukóngsveiða sé talin ástæða til að takmarka veiðarnar eða endurskipuleggja stjórnun þeirra.

☐ Veiðar á beitukóngi til manneldis eru einungis heimilar á svæðum sem hafa verið heilnæmiskönnuð af Matvælastofnun (MAST).

☐ Með umsókn skal fylgja samningur um vinnslu á beitukóngi í landi eða jafngild yfirlýsing þegar um eigin vinnslu er að ræða. Í báðum tilfellum þarf staðfesting frá MAST að fylgja um að viðkomandi vinnsla hafi gilt vinnsluleyfi frá MAST.

2. gr.

*Veiðisvæði.*

☐ Á Breiðafirði skiptist veiðisvæði beitukóns með eftirfarandi hætti:

1. Suðursvæði, sem afmarkast af línu fyrir sunnan 65°15'N og vestan við 22°30'V.

2. Norðursvæði, sem afmarkast af línu fyrir norðan 65°15'N.

☐ Ekki er heimilt í einni og sömu veiðiferð að veiða á báðum svæðum.

3. gr.

*Lágmarksstærð beitukóns.*

☐ Ekki er heimilt að koma með að landi beitukóng undir 50 mm skel hæð.

4. gr.

*Merking veiðarfæra.*

☐ Gildrubaujur skulu vera á báðum endum gildrulínu og allar merktar með flaggi sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Gildrur, niðurstöður, gildrubaujur og -belgir og baujuflögg skulu, með varanlegri merkingu, vera greinilega merktar umdæmisnúmeri eða skipaskrárnúmeri þess skips sem notar þær. Stafir á baujuflöggum og belgjum skulu vera stórir og skýrir.

☐ Hverja gildrulögn skal merkja þannig að á miðju baujustangar á vestari enda hennar skal komið fyrir netahring (floti), sem hæglega má losa og færa milli bauja. Leggi skip net sín á svæði þar sem togveiðar eru heimilar, er skylt að auðkenna vestari enda gildrulagnar með hvítu blikkljósi.

☐ Æskilegt er að radarspegill sé á bauju.

5. gr.

*Vitjun veiðarfæra.*

☐ Gildra skal vitjað með eðlilegum og reglubundnum hætti. Týni skip beitukóngsgildrum í sjó, ber skipstjóra að slæða þær upp. Takist það ekki skal hann tilkynna það Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu og skýra frá staðsetningu gildranna eins nákvæmlega og unnt er.

6. gr.

*Önnur veiðarfæri um borð.*

☐ Óheimilt er að hafa önnur veiðarfæri um borð en plóga og gildir meðan á beitukónsveiðum stendur. Þetta gildir einnig þegar gildir eru lagðar eða þeirra er vitjað.

7. gr.

*Vigtun og skráning.*

☐ Við vigtun og skráningu á beitukóni gilda ákvæði reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafla, með síðari breytingum. Skipstjóri skal gefa upp veiðisvæði, sbr. 2. gr., við vigtun afla á hafnarvog.

8. gr.

*Svipting veiðileyfis.*

☐ Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til beitukónsveiða vegna brota á ákvæðum leyfisbréfa og ákvæðum laga og reglugerða, sem lúta að stjórn veiða og nýtingu nytjastofna. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi leyfi til beitukónsveiða.

9. gr.

*Viðurlög.*

☐ Brot varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. [...] <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 1153/2021, 15. gr.

10. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Reglugerðin tekur þegar gildi og fellur þá úr gildi reglugerð nr. 1012/2013 um veiðar á beitukóni í gildirur.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 3. júlí 2019.*

## Reglugerð nr. 765/2020, um veiðar á ígulkerum.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 765/2020 sbr. rg. 985/2022.

1. gr.

☐ [Allar veiðar á ígulkerum í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar, nema skipum sem hafa aflamark í ígulkerum, sbr. ákvæði laga um stjórn fiskveiða.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 985/2022, 1. gr.

2. gr.

[Svæðaskipting veiða á ígulkerum.]<sup>1)</sup>

☐ [Skipum sem hafa aflamark í ígulkerum er heimilt að veiða ígulker á þeim tilteknu svæðum sem aflamarkið er bundið við.]<sup>2)</sup>

### Svæði A

65°30,00 N – 24°30,00 V  
65°35,00 N – 23°30,00 V  
65°40,00 N – 21°45,00 V  
65°13,00 N – 21°35,00 V  
65°13,00 N – 22°40,00 V  
64°53,12 N – 22°40,00 V  
64°53,12 N – 24°02,45 V

### Svæði B

65°13,00 N – 22°40,00 V  
65°13,00 N – 22°31,00 V  
65°08,00 N – 22°31,00 V  
65°04,00 N – 22°25,00 V  
65°00,00 N – 22°40,00 V

### Svæði C

Hvammfjörður innan línu  
sem dregin er milli  
eftirfarandi hnita:  
65°08,00 N – 22°31,00 V  
65°04,00 N – 22°25,00 V

<sup>1)</sup>Rg. 985/2022, 2. gr. a-liður. <sup>2)</sup>Rg. 985/2022, 2. gr. b-liður.

[...] <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 985/2022, 3. gr.

[...] <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 985/2022, 3. gr.

[3. gr.] <sup>1)</sup>

### Tilraunaveiðileyfi.

☐ [Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er ráðherra heimilt að veita tímabundin leyfi til tilraunaveiða á ígulkerum utan veiðisvæða sem skilgreind eru í 2. gr. í samræmi við 13. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.]<sup>2)</sup> Í umsókn um tilraunaveiðar skal umsækjandi tilgreina meðal annars heiti skips, veiðitímabil og á hvaða svæði hann hyggst veiða. Leyfi til tilraunaveiða eru veitt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna. Sama skip getur einungis haft eitt virkt tilraunaveiðileyfi til að veiða ígulker og skal gildistími þess ekki vera lengri en þrjú mánuðir. Sé sótt um nýtt tilraunaveiðileyfi fellur hið fyrra úr gildi við útgáfu þess nýja.

☐ Heimilt er að binda leyfi til tilraunaveiða tilteknum skilyrðum, svo sem um hámarksafla, eftirlit Hafrannsóknastofnunar eða Fiskistofu með veiðunum, gerð plógs, greiningu afla og skýrsluskil til Hafrannsóknastofnunar.

☐ Ráðherra er heimilt að afturkalla tímabundið leyfi til tilraunaveiða sé ekki farið að skilyrðum leyfisins.

<sup>1)</sup>Rg. 985/2022, 3. gr. <sup>2)</sup>Rg. 985/2022, 4. gr.

[4. gr.]<sup>1)</sup>  
[Veidarfæri.]<sup>2)</sup>

☐ Aðeins er heimilt að veiða ígulker með einum plógi á hverjum báti samtímis og skal breidd plógs ekki vera meiri en 2,5 m og hámarksþyngd 700 kg. Aðeins er heimilt að veiða með einum plógi á hverjum báti samtímis.

☐ Möskvastærð í poka má ekki vera minni en 80 mm (innanmál).

☐ Ekki er heimilt að landa ígulkerum sem eru undir 45 mm í þvermál. Veiðist ígulker undir þeim stærðarmörkum skal sleppa þeim aftur.

☐ Ekki er heimilt að veiða á fleiri en einu veiðisvæði í hverri veiðiferð.

<sup>1)</sup>Rg. 985/2022, 3. gr. <sup>2)</sup>Rg. 985/2022, 5. gr.

[5. gr.]<sup>1)</sup>  
Vigtun.

☐ Við vigtun og skráningu á ígulkerum gilda ákvæði reglugerðar nr. 745/2016, um vigtun og skráningu sjávarafila. [Skipstjóri skal gefa upp veiðisvæði, sbr. 2. gr. við vigtun afla á hafnarvog.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 985/2022, 3. gr. <sup>2)</sup>Rg. 985/2022, 6. gr.

[6. gr.]<sup>1)</sup>  
[Stjórnsýsluviðurlög.

☐ Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni vegna brota á ákvæðum laga og reglugerða, sem lúta að stjórn veiða og nýtingu nytjastofna, sbr. lög nr. 116/2006, um stjórn fisk-veiða, lög nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 985/2022, 3. gr. <sup>2)</sup>Rg. 985/2022, 7. gr.

[7. gr.]<sup>1)</sup>  
Viðurlög.

☐ Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, IV. kafla laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

<sup>1)</sup>Rg. 985/2022, 3. gr.

[8. gr.]<sup>1)</sup>  
Gildistaka.

☐ Reglugerð þessi er gefin út með stoð í lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglugerðarinnar fellur úr gildi reglugerð nr. 742/2019 um veiðar á ígulkerum.

<sup>1)</sup>Rg. 985/2022, 3. gr.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. júlí 2020.*

# Reglugerð

## nr. 741/2019, um veiðar á sæbjúgum.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 741/2019 sbr. rg. 986/2022.

1. gr.

*Almennt um veiðar á sæbjúgum.*

☐ [Allar veiðar á sæbjúgum í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar, nema skipum sem hafa aflamark í sæbjúgum, sbr. ákvæði laga um stjórn fiskveiða.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 986/2022, 1. gr.

2. gr.

*[Svæðaskipting veiða á sæbjúgum.]<sup>1)</sup>*

☐ [Skipum sem hafa aflamark í sæbjúgum er heimilt að veiða sæbjúgu á þeim tilteknu svæðum sem aflamarkið er bundið við (fylgiskjöl 1 og 2):]<sup>2)</sup>

### A. Vestfirðir, Norður-Aðalvíkursvæði:

1. 66°00,00 N – 23°00,00 V
2. 66°30,00 N – 24°00,00 V
3. 66°30,00 N – 23°00,00 V
4. 66°00,00 N – 23°00,00 V

### B. Vestfirðir, miðsvæði:

1. 66°00,00 N – 23°00,00 V
2. 66°00,00 N – 25°00,00 V
3. 66°30,00 N – 25°00,00 V
4. 66°30,00 N – 24°00,00 V
5. 66°00,00 N – 23°00,00 V

Lokun innan Önundarfjarðar:

1. 66°04,35 N – 23°33,96 V
2. 66°02,53 N – 23°35,47 V

### C. Vestfirðir, suðursvæði:

1. 65°30,00 N – 23°00,00 V
2. 65°30,00 N – 25°00,00 V
3. 66°00,00 N – 25°00,00 V
4. 66°00,00 N – 23°00,00 V
5. 65°30,00 N – 23°00,00 V

Lokun innan Dýrafjarðar:

1. 65°55,00 N – 23°35,86 V
2. 65°53,76 N – 23°38,18 V

Lokun innan Arnarfjarðar:

1. 65°46,17 N – 23°37,81 V
2. 65°42,76 N – 23°40,62 V

Lokun innan Tálkna- og Patreksfjarðar:

1. 65°40,72 N – 24°01,73 V
2. 65°38,85 N – 24°04,81 V
3. 65°36,46 N – 24°09,60 V

### D. Utanverður Breiðafjörður:

1. 64°50,00 N – 23°12,00 V
2. 64°50,00 N – 25°00,00 V
3. 65°30,00 N – 25°00,00 V
4. 65°30,00 N – 23°38,45 V
5. 65°26,85 N – 23°38,75 V
6. 65°00,00 N – 23°12,00 V
7. 64°50,00 N – 23°12,00 V

### E. Faxaflói:

1. 64°02,00 N – 22°18,00 V
2. 64°02,00 N – 23°00,00 V
3. 64°21,00 N – 23°00,00 V
4. 64°21,00 N – 22°18,00 V
5. 64°02,00 N – 22°18,00 V

### F. Austurland, norðursvæði:

1. 65°00,00 N – 13°00,00 V
2. 65°00,00 N – 15°00,00 V
3. 65°30,00 N – 15°00,00 V
4. 65°30,00 N – 13°00,00 V
5. 65°00,00 N – 13°00,00 V

Lokun innan fjarða á Austurlandi, norðursvæði:

1. 65°21,82 N – 13°42,57 V
2. 65°16,25 N – 13°34,47 V
3. 65°10,00 N – 13°30,80 V
4. 65°04,70 N – 13°29,60 V
5. 64°48,10 N – 13°50,30 V
6. 64°44,61 N – 13°56,74 V
7. 64°39,44 N – 14°15,21 V

**G. Austurland, miðsvæði:**

1. 64°40,00 N – 13°00,00 V
2. 64°40,00 N – 15°00,00 V
3. 65°00,00 N – 15°00,00 V
4. 65°00,00 N – 13°00,00 V
5. 64°40,00 N – 13°00,00 V

**H. Austurland, suðursvæði:**

1. 64°20,00 N – 13°00,00 V
2. 64°20,00 N – 15°00,00 V
3. 64°40,00 N – 15°00,00 V
4. 64°40,00 N – 13°00,00 V
5. 64°20,00 N – 13°00,00 V

☐ Ekki er heimilt að veiða með fleiri en tveimur plógum samstundis á veiðisvæðum sem skilgreind eru í þessu ákvæði.

<sup>1)</sup>Rg. 986/2022, 2. gr. a-liður. <sup>2)</sup>Rg. 986/2022, 2. gr. b-liður.

[...] <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 986/2022, 3. gr.

[3. gr.] <sup>1)</sup>

*Tilraunaveiðileyfi.*

☐ [Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er ráðherra heimilt að veita tímabundin leyfi til tilraunaveiða á sæbjúgum utan veiðisvæða sem skilgreind eru í 2. gr. í samræmi við 13. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands]<sup>2)</sup>. Í umsókn um tilraunaveiðar skal umsækjandi tilgreina meðal annars heiti skips, veiðitímabil og á hvaða tilkynningarskylda reit hann hyggst veiða (fylgiskjal 3). Leyfi til tilraunaveiða eru veitt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna. Sama skip getur einungis haft eitt virkt tilraunaveiðileyfi til að veiða sæbjúgu og skal gildistími þess ekki vera lengri en þrjú mánuðir. Sé sótt um nýtt tilraunaveiðileyfi fellur hið fyrra úr gildi við útgáfu þess nýja.

☐ Heimilt er að binda leyfi til tilraunaveiða tilteknum skilyrðum, svo sem um hámarksafla, eftirliti Hafrannsóknastofnunar eða Fiskistofu með veiðunum, gerð plógs, greiningu afla og skýrsluskil til Hafrannsóknastofnunar.

☐ Ráðherra er heimilt að afturkalla tímabundið leyfi til tilraunaveiða sé ekki farið að skilyrðum leyfisins.

<sup>1)</sup>Rg. 986/2022, 3. gr. <sup>2)</sup>Rg. 986/2022, 4. gr.

[4. gr.] <sup>1)</sup>

*Lokanir svæða á hrygningartíma.*

☐ Á hrygningartíma sæbjúgna eru veiðar óheimilar, sem hér segir:

1. Frá 1. maí til og með 30. júní á svæði milli lína réttvísandi vestur frá Reykjanesvita (63°48,00' N og 22°41,90' V) og norður frá Skagatá (66°07,20' N og 20°05,90' V).
2. Frá 1. júní til og með 31. júlí á svæði milli lína réttvísandi norður frá Skagatá (66°07,20' N og 20°05,90' V) og réttvísandi austur frá Glettinganesi (65°30,50' N og 13°36,30' V).
3. Frá 1. júní til og með 31. júlí á svæði milli lína réttvísandi austur frá Glettinganesi (65°30,50' N og 13°36,30' V) og réttvísandi vestur frá Reykjanesvita (63°48,00' N og 22°41,90' V).

<sup>1)</sup>Rg. 986/2022, 3. gr.

[5. gr.] <sup>1)</sup>

[Veiðarfæri.] <sup>2)</sup>

☐ Við veiðar á sæbjúgum skal plógstærð ekki fara yfir 2,5 m og lágmarksmöskvastærð netpoka skal vera 80 mm. Við mælingar á möskvum gilda ákvæði gildandi reglugerðar um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga.

☐ Ekki er heimilt að veiða á fleiri en einu veiðisvæði í hverri veiðiferð.

<sup>1)</sup>Rg. 986/2022, 3. gr. <sup>2)</sup>Rg. 986/2022, 5. gr.

[6. gr.]<sup>1)</sup>

*Vigtun.*

☐ Við vigtun og skráningu á sæbjúgum gilda ákvæði reglugerðar nr. 745/2016, um vigtun og skráningu sjávarafila. Skipstjóri skal gefa upp veiðisvæði, sbr. 2. og 3. gr., við vigtun afla á hafnarvog.

<sup>1)</sup>Rg. 986/2022, 3. gr. <sup>2)</sup>Rg. 986/2022, 6. gr.

[7. gr.]<sup>1)</sup>

*[Stjórnsýsluviðurlög.*

☐ Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni vegna brota á ákvæðum laga og reglugerða, sem lúta að stjórn veiða og nýtingu nytjastofna, sbr. lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lög nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. ]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 986/2022, 3. gr. <sup>2)</sup>Rg. 986/2022, 7. gr.

[8. gr.]<sup>1)</sup>

*Viðurlög.*

☐ Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, IV. kafla laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

<sup>1)</sup>Rg. 986/2022, 3. gr.

[9. gr.]<sup>1)</sup>

*Gildistaka.*

☐ Reglugerð þessi er gefin út með stoð í lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglugerðarinnar fellur úr gildi reglugerð nr. 795/2013 um veiðar á sæbjúgum.


<sup>1)</sup>Rg. 986/2022, 3. gr.

[...]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 986/2022, 8. gr.


*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 26. ágúst 2019.*

**Fylgiskjal 1.**






**Fylgiskjal 2.**



**Fylgiskjal 3.**

**Tilkynningarskyldir reitir.**



## Reglugerð nr. 163/1973, um hvalveiðar.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 163/1973 sbr. rg. 304/1983, rg. 239/1984, rg. 862/2006, rg. 822/2007, rg. 456/2008, rg. 58/2009, rg. 359/2009, rg. 1116/2013, rg. 263/2014, og rg. 186/2019.

[...]¹)

1. gr.

Gildissvið.

① Rétt til þess að stunda hvalveiðar í íslenski fiskveiðilandhelgi og til að landa hvalafla, þótt utan landhelgi sé veitt, svo og til að verka slíkan afla, hafa þeir einir, er fengið hafa til þess leyfi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Áður en leyfi er veitt, skal ráðherra leita umsagnar Hafrannsóknarstofnunarinnar.

② [Leyfi til veiða á hrefnu árin 2019, 2020, 2021, 2022 og 2023 skal veita þeim íslensku skipum, sem eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila, sem hafa stundað hrefnuveiðar í atvinnuskyni á árunum 2006–2008 eða félaga sem þeir hafa stofnað um slíka útgerð. Einnig skal veita leyfi þeim íslensku skipum sem eru í eigu eða leigu einstaklinga sem að mati ráðherra uppfylla neðangreind skilyrði til að fá leyfi til hrefnuveiða. Eingöngu þeim skipum sem sérútbúin eru til veiða á stórhvólum er heimilt að taka þátt í veiðum á langreyði árin 2019, 2020, 2021, 2022 og 2023.]<sup>2)</sup>

③ Við mat á því hvort skip fullnægi skilyrðum til þess að fá leyfi til hrefnuveiða skal Fiskistofa ganga úr skugga um að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

1. Að minnsta kosti einn úr áhöfn hafi reynslu af hrefnuveiðum. Við mat á því hvort aðili hafi reynslu af hrefnuveiðum er sú krafa gerð að aðili hafi a.m.k. verið samfelld í þrjú mánuði skytta á hrefnuveiðibát. Heimilt er Fiskistofu að meta jafngilda annarskonar reynslu eða þekkingu svo að hún fullnægi áskilnaði skv. þessari grein.
2. Skyttur sem annast veiðar og aflifun dýra skulu hafa sótt viðurkennt námskeið í meðferð skutulbyssa og sprengiskutla og í aflifunaraðferðum við hvalveiðar. Auk þessa skal skytta hafa fullnægjandi skotvopnaleyfi.

④ Við veiðarnar skal nota búnað sem tryggir að hrefnur aflífist samstundis eða aflifun taki sem skemmstan tíma og valdi þeim sem minnstum þjáningum. Til að tryggja ofangreint skal Fiskistofa ganga úr skugga um að skip sem ætlað er til hrefnuveiða sé búið eftirfarandi veiðibúnaði:

1. Riffli a.m.k. 11,6 (.458 cal.) að stærð sem skal nota ef þörf er á seinna skoti. Riffillinn skal ásamt skotfærum, vera staðsettur í nánd við skutulbyssu. Aflífist hrefna ekki samstundis við skutulskot skal svo fljótt sem auðið er aflífa hana með riffilskoti í höfuðið. Einungis skal nota alklæddar kúlur með rúnuðum oddi (e. round nosed full metal jacket).
2. Vélknúinni vindu til að draga hrefnuna að skipinu og um borð í það. Vindan skal þola a.m.k. 5.000 kg álag og hafa a.m.k. 2.500 kg togkraft. Skotlínu skal tengja inn á vinduna og er óheimilt að sleppa línuenda lausum frá skipi eftir að hrefna hefur verið skutluð.
3. Línu sem þolir a.m.k. 5.000 kg álag.
4. Fjöðrunarbúnaði sem þolir a.m.k. 5.000 kg álag og hefur fjöðrun upp á a.m.k. 1,5 m eða línu sem hefur a.m.k. 20% teygjanleika.

⑤ Óheimilt er að nota skutul án skutulsprengju (kaldskutul). Einungis skal nota skutulsprengjur af gerðinni hvalgranat-99. Óheimilt er að hleypa af skoti án þess að skutulsprengja sé fest á skutulinn og lína fest í skutul í annan endann og í skipið í hinn endann.<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 862/2006, 6. gr. <sup>2)</sup>Rg. 186/2019. <sup>3)</sup>Rg. 359/2009.

2. gr.

☐ Bannað er að veiða:

- a) Hvalkálfa, hvali á spena og kvenhvali, sem kálfar eða hvalir á spena fylgja.
- b) [Grænlands-sléttbak, Íslands-sléttbak, hnúfubak, steypireyð og búrhval.]<sup>1)</sup>
- c) [Langreyðar innan við 55 fet eða 16,8 metra að lengd og sandreyðar innan við 40 fet eða 12,2 metra að lengd.]<sup>2)</sup>

☐ Þó má veiða langreyðar yfir 50 fet (15,2 m) og sandreyðar yfir 35 fet (10,7 m) fyrir íslenskar landstöðvar, enda sé hvalkjötið þá notað til manneldis eða skepnufóðurs á Íslandi.

<sup>1)</sup>Rg. 304/1983, 1. gr. <sup>2)</sup>Rg. 304/1983, 2. gr.

3. gr.

☐ Hvalir skulu mældir á láréttum fleti svo nákvæmlega sem hægt er, með stálmælibandi, sem þannig er úr garði gert að á núll-endanum sé oddhvasst skaft, sem stinga má föstu niður beint á mótis við annan enda hvalsins. Mælibandið skal þanið í beinni línu samsíða hvalnum og lesið af því beint á mótis við hinn endann.

☐ Endar hvals við mælingu skulu taldir vera fremsti oddur efri kjálka og sporðrauf. Lengd hvals skal miða við heilt fet, þ. e. hvalur, sem mælist milli 76 1/2 fet og 77 1/2 fet skal talinn 77 fet. Ef mæling stendur á hálfu feti, skal lengd miðuð við næsta heila fet á eftir, t. d. 76 1/2 fet skal tákna 77 fet.

4. gr.

☐ [Afhenda skal Hafrannsóknastofnuninni tvö vefjasýni úr hverjum veiddum hval til greiningar á erfðæfni.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 862/2006, 2. gr.

5. gr.

☐ Íslenskum landstöðvum skal aðeins heimilt að taka á móti og verka hvalafla íslenskra skipa, er veiðileyfi hafa skv. 1. gr. og þeim skipum er aðeins heimilt að landa afla sínum til íslenskra landstöðva.

6. gr.

☐ Allir veiddir hvalir skulu merktir veiðiskipi og tölusettir í þeirri röð, sem þeir hafa veiðzt í.

7. gr.

☐ Landstöðvar skulu halda dagbók yfir veiðarnar. Skulu innfærslur allar vera greinilegar og má eigi strika út eða gera ólæsilegt það, sem innfært hefur verið. Dagbók skal hafa tölusettar blaðsíður, vera gegnumdregin og löggilt af sjávarútvegsráðuneytinu.

8. gr.

☐ Í dagbók skal greina eftirfarandi:

- a) Tölu og tegund veiddra hvala og misstra og þeirra, sem unnið er úr.
- b) Veiðistað.
- c) Kynferði og stærð veiddra hvala (sjá 3. gr.).
- d) Ef um kvenhval er að ræða skal tekið fram hvort hún sé mjólkurfull eða með á spena. Einnig skal tilgreind lengd fósturs, sé það fyrir hendi.
- e) Heildarmagn lýsis, mjöls og annarra afurða.
- f) Upplýsingar varðandi hvalgöngur eða aðrar upplýsingar, sem gætu orðið til glöggvunar á hegðun og ástandi hvalstofna hér við land.

9. gr.

☐ Afhenda skal sjávarútvegsráðuneytinu dagbókina við lok hvers veiðitímabils.

10. gr.

☐ [Eftirlit með veiðum er í höndum Fiskistofu. Eftirlitsmenn Fiskistofu fylgjast með að veiðarnar séu í samræmi við lög nr. 26/1949 um hvalveiðar og reglugerðir settar samkvæmt þeim og að veiðarnar séu í samræmi við þær reglur sem fram koma í fylgiskjali við alþjóðasamning um stjórnun hvalveiða frá 1946 (e. Schedule attached to the International Convention for the Regulation of Whaling).

☐ Fiskistofa hefur einnig eftirlit með því að skilyrði sem fram koma í veiðileyfi varðandi veiðibúnað og veiðar séu uppfyllt.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 862/2006, 3. gr.

11. gr.

☐ [Hver landstöð skal greiða kr. 30 000,00 árgjald í ríkissjóð og auk þess kr. 7 000,00 á ári fyrir hvert hvalveiðiskip.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 239/1984.

12. gr.

☐ Hvalskyttur og skipshafnir veiðiskipa skulu ráðnar þannig, að laun þeirra séu að verulegu leyti miðuð við tegund, stærð og afurðir veiddra hvala, en ekki aðeins við tölu veiddra hvala. Engin aflaverðlaun eða aðrar aukabóknanir má greiða skyttum eða áhöfnum veiðiskipa vegna veiði hvala með mjólk eða kálf á spena. Afhenda skal sjávarútvegsráðuneytinu yfirlit yfir allar launagreiðslur og grundvöll þeirra, þegar þess er óskað.

13. gr.

☐ [Skipstjórar hvalveiðiskipa ásamt útgerðarmönnum skulu bera ábyrgð á því að ekki sé brotið gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og skulu ábyrgir fyrir því að öll skilyrði veiðileyfa verði haldin.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 862/2006, 4. gr.

[...  
...]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 862/2006, 6. gr.

14. gr.

☐ [...] <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 862/2006, 5. gr.

15. gr.

☐ Sjávarútvegsráðuneytið getur sett leyfishöfum skilyrði með ákvæðum í leyfisbréfum m. a., um:

- a) Ákveðin veiðisvæði,
- b) lengd veiðiferða,
- c) útbúnað veiðiskips,
- d) meðferð og verkun afla,
- e) skyldu til skýrslugerðar,
- f) innköllun eða skiptingu leyfa.

16. gr.

☐ Eintak af lögum nr. 26/1949, um hvalveiðar og reglugerð þessari skulu höfð til sýnis á áberandi stað þar sem hvalveiðar og vinnsla er stunduð.

17. gr.

☐ Brot gegn reglugerð þessari varða sektum og öðrum viðurlögum skv. lögum nr. 26/1949 um hvalveiðar. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

18. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 26/1949, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 113 16, ágúst 1949 um hvalveiðar.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 30. maí 1973.*

### **Fylgiskjal.**

#### VIÐAUKI

#### **[við reglugerð nr. 163 30. maí 1973 um hvalveiðar, með síðari breytingum.**

1. gr.

☐ Leyfilegur heildarafli á langreyði og hrefnu á árunum 2019, 2020, 2021, 2022 og 2023 skal nema þeim fjölda dýra sem kveðið er á um í veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar.

☐ Heimilt er að flytja allt að 20% af veiðiheimildum hvers árs yfir á næsta ár á eftir.

2. gr.

☐ Viðauki þessi er settur samkvæmt 4. gr. laga nr. 26 3. maí 1949, um hvalveiðar, til að öðlast þegar gildi.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 186/2019.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. febrúar 2019.*

## Reglugerð nr. 90/2018, um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 90/2018 sbr. rg. 1153/2021.

### 1. gr.

#### *Gildissvið og leyfisbinding.*

☐ Um alla öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögunnar fer samkvæmt reglugerð þessari. Enginn má stunda öflun á sjávargróðri í atvinnuskyni frá skipi þ.m.t. sláttupramma (pramma) nema hafa fengið til þess almennt leyfi sem Fiskistofa veitir á skip.

☐ Um aðgang að netlögum sjávarjarða til sláttar á þangi fer samkvæmt samkomulagi við ábúanda eða landeiganda hverju sinni. Skylt er að veita Fiskistofu aðgang að slíku samkomulagi eða samningi, verði eftir því leitað, í þágu aflaskráningar.

### 2. gr.

#### *Þangsláttur.*

☐ Gæta skal þess að festa plantna skaðist ekki við þangslátt og skulu skip, þ.m.t. sláttuprammar (prammar), sem stunda slátt á klóþangi vera þeirrar gerðar að komið sé í veg fyrir að festa rifni frá botni. Hlutfall plantna sem festan fylgir skal ekki vera hærra en áætlað 8%. Stilkur plöntunnar, sem eftir stendur skal að jafnaði ekki vera lægri en 25 sm mælt frá festunni.

☐ Óheimilt er að stunda slátt á svæði þegar færri en fern áramót eru liðin síðan svæðið var slegið síðast. Fiskistofa getur veitt undanþágu frá þessu.

### 3. gr.

#### *Paratekja.*

☐ Ráðherra skal, eftir því sem ástæða er til, hafa viðvarandi könnun á því hvort ástæða sé til að skipta nýtingarsvæðum sjávargróðurs utan netlaga sjávarjarða í afmörkuð svæði eða reinar til að takmarka og vakta nýtinguna, sbr. 15. gr. b. í lögum um stjórn fiskveiða.

### 4. gr.

#### *Eftirlit, skráningar o.fl.*

☐ Um færslu afladagbókar fer samkvæmt reglugerð um afladagbækur. Við vigtun og skráningu á sjávargróðri gilda ákvæði reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafla.

☐ Auk eftirlits Landhelgisgæslu með slætti og nýtingu hafa veiðieftirlitsmenn Fiskistofu eftirlit með að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt og er leyfishöfum skylt að gera þessum aðilum kleift að framkvæma athuganir á búnaði og aðstöðu.

### 5. gr.

#### *Viðurlög o.fl.*

☐ Brot á reglugerð þessari varða sviptingu veiðileyfis skv. 15. og 19. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar.

☐ Ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi skv. 1. gr. sé talin ástæða til að takmarka öflun sjávargróðurs eða endurskipuleggja stjórnun hennar.

☐ [...] <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 1153/2021, 16. gr.

6. gr.

*Gildistaka.*

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 og lögum um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. janúar 2018.*



## Reglugerð

### nr. 110/2018, um botnfiskveiðar færeyskra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi.

#### 1. gr.

☐ Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samnings milli Íslands og Færeyja frá 20. mars 1976 með síðari breytingum, um heimildir færeyskra skipa til línu- og handfæraveiða við Ísland.

#### 2. gr.

☐ Veiðar færeyskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands skulu háðar leyfum Fiskistofu og er færeyskum skipum óheimilt að hefja veiðar innan fiskveiðilandhelginnar nema að fengnu leyfi Fiskistofu.

☐ Færeysk stjórnvöld skulu sækja um leyfi til Fiskistofu. Í umsókn skal tilgreina nafn skips, skrásetningarnúmer, stærð, kallmerki og veiðarfæri. Leyfisbréf og reglur um veiðar skulu geymdar um borð í viðkomandi fiskiskipi.

☐ Leyfi til línu- og handfæraveiða í íslenskri fiskveiðilandhelgi, samkvæmt þessari reglugerð skulu miðast við árlegar veiðiheimildir færeyskra skipa og falla úr gildi þegar sameiginlegur affli skipanna hefur náð þeim leyfilega heildarafla sem færeyskum stjórnvöldum er árlega tilkynnt um. Aflatölur miðast við afla upp úr sjó.

#### 3. gr.

☐ Allar beinar veiðar á grálúðu og lúðu (hvítlúðu) eru óheimilar.

☐ Við línuveiðar skal sleppa allri lúðu með því að skera á taum línunnar. Við handfæraveiðar skal varfærnislega losa lúðuna af krókum eða skera á lykkju slóðans áður en lúða kemur um borð.

☐ Færeyskum skipum sem leyfi hafa fengið til handfæraveiða eru heimilar veiðar utan fjögurra sjómílna frá grunnlínu og utan 6 sjómílna frá Grímsey. Þó skulu handfæraveiðar heimilar að grunnlínu samkvæmt reglugerð um fiskveiðilandhelgi Íslands, á tveim svæðum sem afmarkast þannig:

Að vestan af línu réttvísandi norður frá grunnlínupunkti nr. 1 (Horni 66°27,4' N – 22°24,3' V) og að austan af línu réttvísandi norður frá grunnlínupunkti nr. 6 (Rauðanúpi 66°30,7' N – 16°32,4' V).<sup>1)</sup>

Að norðan af línu réttvísandi norðaustur frá grunnlínupunkti nr. 9 (Langanesi 66°22,7' N – 14°31,9' V) og að sunnan af línu réttvísandi austur frá grunnlínupunkti nr. 10 (Glettinganesi 65°30,5' N – 13°36,3' V).<sup>1)</sup>

☐ Á tímabilinu 1. janúar - 15. maí skulu handfæraveiðar þó bannaðar innan 12 sjómílna á svæði sem afmarkast að austan af línu réttvísandi suður frá grunnlínupunkti nr. 29 (Surtsey 63°17,6' N – 20°36,3' V) og að vestan af línu réttvísandi í vestur frá grunnlínupunkti nr. 32 (Skálasnaga 64°51,3' N – 24°02,5' V).

<sup>1)</sup>Svo birt í Stjórnartíðindum en ætti ekki að vera sérstök mgr. þar sem um er að ræða upptalningu á eftir tvípunkti.

#### 4. gr.

☐ Færeyskum skipum sem leyfi hafa fengið til línuveiða eru heimilar veiðar utan 12 sjómílna frá grunnlínu, sbr. reglugerð um fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 5. gr.

☐ Færeysk skip sem leyfi hafa fengið til veiða skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu samkvæmt

ákvæðum reglugerðar nr. 1170/2013 um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn aflagabókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands.

6. gr.

☐ Um siglingu skips, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, gilda ákvæði reglugerðar um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu nr. 1133/2013, þar sem fram kemur staðsetning athugunarstaðanna. Tímastafir tilkynninga koma fram í reglugerð um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn aflagabókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands nr. 1170/2013.

7. gr.

☐ Færeysk skip sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt reglugerð þessari skulu hlíta ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nema annað sé sérstaklega ákveðið í reglugerð þessari og sömu reglum og íslensk skip við sams konar veiðar, m.a. um veiðibann, friðunarsvæði og aðra lokun svæða.

8. gr.

☐ Heimilt er að frysta hausaðan og slægðan afla um borð. Frekari vinnsla á afla um borð er óheimil. Aflatölur skal miða við fisk upp úr sjó.

☐ Við útreikning á „afla um borð“ í „afla upp úr sjó“ skal margfalda með eftirtöldum umreiknistuðlum.

Tegund	Úr hausuðum og slægðum í fisk upp úr sjó		Úr slægðum í fisk upp úr sjó
	með klumbubeini	án klumbubeins	
Keila	1,39	1,47	1,11
Langa	1,47	1,62	1,25
Blálanga	1,47	1,62	1,25
Steinbítur	1,59	1,66	1,11
Grálúða	1,46	1,46	1,09
Lúða	1,36	1,36	1,09
Karfí	1,64	1,82	1,06
Þorskur	1,59	1,83	1,19
Ýsa	1,53	1,78	1,19
Ufsi	1,43	1,68	1,19
Hlýri	1,59	1,66	1,11

☐ Skipum við handfæra- eða línuveiðar er óheimilt að hafa um borð veiðarfæri sem nota má til annarra fiskveiða.

9. gr.

☐ Skipstjórum færeyskra skipa sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ber að auðvelda eins og unnt er eftirlit Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu með veiðum, veiðarfærum og afla um borð í skipunum.

☐ Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit samkvæmt reglugerð þessari geti ekki farið fram á sjó, skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrir mælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

10. gr.

☐ Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í færeysk fiskiskip sem leyfi hafa til veiða innan íslenskrar lögsögu. Skal útgerð skipsins sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu

meðan þeir eru um borð og ennfremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu. Afla skal haldið aðgreindum eftir tegundum um borð í viðkomandi fiskiskipi.

② Fiskiskipum sem leyfi hafa fengið til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er skylt að halda afla-dagbækur um veiðarnar sem uppfylla ákvæði um afladagbækur samkvæmt kafla III og viðauka IV í reglum Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Staðfestar upplýsingar um landaðan afla einstakra skipa hvers mánaðar, sundurliðaðar eftir fisktegundum og löndunardögum, skal senda Fiskistofu eigi síðar en 14 dögum eftir hver mánaðamót.

11. gr.

① Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um veiðarnar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum samnings ríkjanna, sbr. 1. gr.

② Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar er í höndum Landhelgisgæslu Íslands, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu.

12. gr.

① Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

13. gr.

① Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands og öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 31. janúar 2018.*



## Reglugerð

### nr. 1606/2022, um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 2023.

#### 1. gr.

☐ Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samninga sem íslensk stjórnvöld hafa gert við færeysk stjórnvöld um heimildir færeyskra skipa til veiða á kolmunna í fiskveiðilandhelgi Íslands á árinu 2023.

☐ Allar kolmunnaveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

#### 2. gr.

☐ Óheimilt er að stunda kolmunnaveiðar með flotvörpu vestan 20°30' V og innan línu fyrir Suður- og Austurlandi sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- |                               |                               |
|-------------------------------|-------------------------------|
| 1. 63°05,90' N - 20°30,00' V  | 11. 63°33,60' N - 14°41,70' V |
| 2. 63°11,40' N - 19°07,30' V  | 12. 63°43,40' N - 13°53,00' V |
| 3. 63°07,50' N - 18°38,00' V  | 13. 64°00,00' N - 13°07,00' V |
| 4. 63°09,00' N - 18°27,00' V  | 14. 64°21,70' N - 12°17,30' V |
| 5. 63°07,00' N - 18°02,00' V  | 15. 64°32,30' N - 11°41,00' V |
| 6. 63°12,50' N - 17°00,00' V  | 16. 65°00,00' N - 11°28,00' V |
| 7. 63°20,00' N - 16°03,00' V  | 17. 65°27,00' N - 11°24,00' V |
| 8. 63°22,50' N - 15°51,00' V  | 18. 66°06,00' N - 11°33,00' V |
| 9. 63°26,00' N - 15°29,00' V  | 19. 66°42,00' N - 12°50,00' V |
| 10. 63°30,70' N - 15°00,00' V |                               |

og þaðan í réttvísandi 305° að mörkum fiskveiðilögsögunnar.

☐ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru kolmunnaveiðar heimilar innan íslenskrar lögsögu vestan 27°30' V.

#### 3. gr.

☐ Fiskiskipum sem leyfi hafa fengið til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands skv. 1. gr., er skylt að halda afladagbækur sem uppfylla ákvæði í kafla III og viðauka IV í reglum Norðaustur-Atlantshafs-fiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Senda skal Fiskistofu staðfestar löndunartölur sundurliðaðar eftir tegundum þegar að löndun lokinni.

☐ Skipum sem stunda kolmunnaveiðar er óheimilt að vera með þannig útbúnað að mögulegt sé að dæla úr tönkum skips undir yfirborði sjávar.

☐ Veiðarfæri sem ætluð eru til annarra veiða en kolmunnaveiða, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu.

#### 4. gr.

☐ Aðeins er þeim færeyskum fiskiskipum heimilt að stunda kolmunnaveiðar í flotvörpu innan íslenskrar lögsögu, sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu, stefnu og hraða viðkomandi skipa á klukkustundar fresti.

#### 5. gr.

☐ Um siglingu skipa, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, gilda ákvæði reglugerðar nr. 1133/2013 um eftirlitsstaði

erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu, þar sem fram kemur staðsetning athugunarstaðanna. Heimilt er Landhelgisgæslu Íslands að ákveða að skipin skuli sigla inn og út úr efnahagslögsögunni á tilteknum athugunarstöðum og að þeim beri að tilkynna komu sína á þá með ákveðnum fyrirvara í samræmi við reglugerð nr. 1133/2013. Tímastir tilkynninga koma fram í reglugerð nr. 1170/2013, um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands.

6. gr.

☐ Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar er í höndum Landhelgisgæslu Íslands, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu.

☐ Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í veiðiskip sem leyfi hafa til veiða innan íslenskrar lögsögu. Skal útgerð skips sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð í veiðiskipi og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

☐ Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit samkvæmt reglugerð þessari geti ekki farið fram á sjó, skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrir mælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

7. gr.

☐ Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um hlutaðeigandi veiðar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum milliríkjasamninga.

8. gr.

☐ Skip sem veiðileyfi hafa skv. reglugerð þessari skulu að öðru leyti fylgja ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

9. gr.

☐ Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

10. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 324/2022 um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 2022.

*Matvælaráðuneytinu, 20. desember 2022.*

## Reglugerð

### nr. 1201/2022, um loðnuveiðar grænlenkra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands fiskveiðiárið 2022/2023.

#### 1. gr.

☐ Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða grænlenkra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, á tímabilinu frá og með 15. október 2022 til og með 30. apríl 2023. Óheimilt er að stunda veiðar með öðrum veiðarfærum en nót. Grænlenkum skipum er þó heimilt að stunda loðnuveiðar með flotvörpu innan svæðis sem afmarkast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 67°11'N - 014°30'V
2. 68°00'N - 014°30'V
3. 68°00'N - 008°30'V
4. 65°15'N - 008°30'V
5. 65°15'N - 011°20'V
6. 66°05'N - 011°30'V
7. 66°15'N - 012°00'V
8. 66°12'N - 012°22'V
9. 66°40'N - 012°40'V
10. 66°47'N - 013°00'V
11. 66°52'N - 013°08'V
12. 67°11'N - 014°30'V

☐ Veiðarfæri, sem eru annarrar gerðar en leyfi miðast við, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu.

#### 2. gr.

☐ Aðeins þeim skipum sem fengið hafa sérstakt leyfi frá Fiskistofu er heimilt að stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

☐ Skip, sem óska eftir leyfi til loðnuveiða skulu sækja um það til Fiskistofu. Í umsókninni komi fram upplýsingar um nafn skips, skráningarnúmer, kallmerki, stærð í BT, burðargetu og upplýsingar um fjarskiptatæki og netfang.

☐ Skipum sem leyfi hafa fengið til loðnuveiða er óheimilt að vera með þannig útbúnað að mögulegt sé að dæla úr tönkum skips undir yfirborði sjávar.

#### 3. gr.

☐ Grænlenkum skipum er heimilt að veiða samtals 25.000 tonn af loðnu í fiskveiðilandhelgi Íslands.

☐ Verði heildarafli skv. 1. mgr. aukinn, er grænlenkum skipum þó einungis heimilt að veiða 35.000 tonn eftir 15. febrúar sunnan við 64°30'N. Þremur tilgreindum grænlenkum skipum er heimilt að vinna, að hámarki 6.500 tonn samtals af afla um borð meðan skipið er í fiskveiðilandhelgi Íslands. Óheimilt er að hefja vinnslu um borð fyrr en tilkynning berst frá grænlenkum yfirvöldum til Fiskistofu og eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslunnar um viðkomandi skip.

☐ Grænlenk skip sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt reglugerð þessari skulu hlíta ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þau skulu einnig hlíta sömu reglum og eiga við um íslensk skip við sams konar veiðar, m.a. um veiðibann, friðunarsvæði og aðra lokun svæða.

4. gr.

☐ Grænenskum skipum er heimilt að landa afla sínum í íslenskum höfnum og gilda um vigtun afla sömu reglur og gilda fyrir íslensk skip. Óheimilt er að umskipa afla í fiskveiðilandhelgi Íslands.

5. gr.

☐ Verði aðgangur grænenskra skipa að fiskveiðilandhelgi Íslands takmarkaður, vegna nauðsynlegs skipulags á veiðum, er óheimilt að hefja veiðar í fiskveiðilandhelginni nema fyrir liggi staðfesting frá Landhelgisgæslu Íslands um að fjöldi skipa sé innan tilskilinna marka.

☐ Ef fjöldi skipa er takmarkaður skv. 1. mgr. skulu ekki vera fleiri loðnuveiðiskip í fiskveiðilandhelgi Íslands hverju sinni en þau sem hafa hlotið staðfestingu frá Landhelgisgæslunni, sbr. þó 12. gr.

6. gr.

☐ Um siglingu skips, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, gilda ákvæði reglugerðar um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu nr. 1133/2013, þar sem fram kemur staðsetning athugunarstaðanna.

7. gr.

☐ Skip sem leyfi hafa fengið til loðnuveiða, sbr. 2. gr., skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða með sjálfvirkum hætti á klukkustundar fresti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin.

8. gr.

☐ Tilkynna skal Eftirlitsstöðinni siglingu skipsins inn í íslenska lögsögu og komutíma í athugunarstað með minnst 2 klukkustunda fyrirvara og mest 6 klukkustunda fyrirvara.

Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning“ (COE report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafla um borð, í tonnum.

Athugunarstaður sem siglt verður um, sbr. 6. gr. og fyrirhugaður komutími á staðinn.

☐ Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Eftirlitsstöðinni á sama hátt og greint er í 1. mgr.

9. gr.

☐ Skip sem stundar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 00.00 til 08.00 að íslenskum tíma, senda Eftirlitsstöðinni tilkynningu þar sem eftirfarandi kemur fram í þessari röð:

Orðið „aflatilkynning“ (CAT report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafla um borð, í tonnum.

☐ Afli síðasta sólarhrings, miðað við kl. 24.00, eða afli frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða.



10. gr.

☐ Þegar skip lýkur veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands skal það tilkynnt Eftirlitsstöðinni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „lokartilkyning“ (COX report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, í tonnum.

Aflí síðan síðasta aflatilkyning var send.

11. gr.

☐ Áður en skip heldur út úr fiskveiðilandhelgi Íslands skal senda Eftirlitsstöðinni tilkynningu um það og komutíma í athugunarstað með minnst 2 klukkustunda fyrirvara og mest 6 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „athugunartilkyning“ (CON report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, í tonnum.

Athugunarstaður sem siglt verður um, sbr. 6. gr. og fyrirhugaður komutími á staðinn.

☐ Landi skip afla sínum í íslenskrí höfn skal tilkynna það Eftirlitsstöðinni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr. en í stað athugunarstaðar í síðasta lið verði greint frá löndunarhöfn.

12. gr.

☐ Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er skipum sem ekki hafa staðfestingu Landhelgisgæslunnar, sbr. 3. og 4. mgr. 5. gr. heimil óslitin sigling um fiskveiðilandhelgina, enda tilkynni þau til Landhelgisgæslunnar um komu sína í fiskveiðilandhelgina, eða brottför úr íslenskrí höfn, með minnst 2 klukkustunda fyrirvara og mest 6 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „In“.

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, í tonnum.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar sigling út úr lögsögunni er áætluð.

☐ Á 12 klukkustunda fresti skal síðan senda tilkynningu um staðsetningu skipsins til Landhelgisgæslunnar. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „Staðsetningartilkyning“ (POS report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími, stefna, hraði og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

☐ Þegar skip siglir út úr íslenskrí fiskveiðilandhelgi skal það tilkynnt til Landhelgisgæslunnar. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „Out“.

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar skip siglir út úr lögsögunni.

13. gr.

① Skipstjórum grænleskra loðnuskipa ber að auðvelda eins og unnt er eftirlit Landhelgisgæslu og Fiskistofu með veiðum, veiðarfærum og afla um borð í veiðiskipum. Telji eftirlitsaðilar að fullnægjandi eftirlit geti ekki farið fram á sjó er hlutaðeigandi skipstjórum skylt að hlíta fyrir mælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem athugun getur farið fram.

② Fiskistofu er heimilt að setja eftirlitsmenn um borð í grænlesk loðnuveiðiskip. Skal útgerð skipsins sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð við eftirlit og enn fremur greiða allan kostað af veru þeirra um borð í skipinu.

③ Fiskiskipum sem leyfi hafa fengið skv. 2. gr. til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er skylt að halda afladagbækur um veiðarnar. Í afladagbók, sem skal vera innbundin með númeruðum síðum og í tvíriti, skal skipstjóri skrá eftirfarandi upplýsingar: nafn skips, veiðisvæði, veiðitíma og afla í hverju togi eða kasti. Staðfestar aflatölur hvers mánaðar og afrit af afladagbókunum skal senda Fiskistofu eigi síðar en 14 dögum eftir hver mánaðamót eða eftir að veiðum skips lýkur.

④ Starfsmenn Landhelgisgæslunnar og veiðieftirlits Fiskistofu skulu hafa aðgang að eftirtöldum gögnum sé þess óskað:

Afladagbók.

Skipsdagbók.

Mælibréfi.

Teikningum af skipi, þ.m.t. dælubúnaði.

Veiðileyfi frá Fiskistofu eða afriti af því.

Upplýsingum úr siglingatölvum og staðsetningartækjum skips.

Öðrum gögnum sem skipt geta máli við rannsókn meintra fiskveiðibrota.

⑤ Um borð í hverju skipi skulu vera teikningar af lestum þess þar sem fram kemur heildarrúmmál hvernar lestar. Þá skulu teikningar eða gögn sýna hvert rúmmál lestanna er miðað við 10 sentimetra millibil frá ákvæðnum og merktum viðmiðunarstað.

14. gr.

① Skipum ber að fylgja banni ráðuneytisins við veiðum vegna verndunarsjónarmiða og skyndilokunum Fiskistofu, sbr. 8.-11. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

15. gr.

① Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum 6. gr. og 8.-11. gr. hafi aðilar gert samkomulag þar um.

16. gr.

① Tilkynningar skv. 7.-11. gr. skal senda á íslensku eða ensku, og skulu tímasetningar vera miðaðar við íslenskan tíma, UTC.

② Skip sem hafa veiðileyfi skv. reglugerð þessari skulu að öðru leyti fylgja ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

17. gr.

① Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

② Jafnframt getur Fiskistofa svipt skip leyfi til loðnuveiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skips eða aðrir sem í þágu útgerðar starfa gegn reglugerð þessari.

18. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 16. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, 2. gr., 6. gr., 8. gr. og 30. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, 5. gr., 6. gr., 8. gr. og 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og 9. gr. laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

*Matvælaráðuneytinu, 31. október 2022.*



## Reglugerð

### nr. 1605/2022, um línuveiðar norskra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi árið 2023.

#### 1. gr.

Ⓜ Reglugerð þessi tekur til framkvæmdar samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands frá 15. maí 1999 um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókun við hann frá sama degi milli Íslands og Noregs.

#### 2. gr.

Ⓜ Veiðar norskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands skulu háðar leyfum Fiskistofu. Ekki skulu fleiri en þrjú norsk skip hafa leyfi til línuveiða samtímis.

Ⓜ Norsk stjórnvöld skulu sækja um leyfi fyrir skip til línuveiða til Fiskistofu. Í umsókn skal tilgreina nafn skips, skrásetningarnúmer, stærð, tegund fjarskiptabúnaðar og kallmerki.

#### 3. gr.

Ⓜ Norskum skipum sem hafa leyfi til línuveiða í íslenskri fiskveiðilandhelgi, samkvæmt þessari reglugerð, er heimilt að veiða samtals 500 tonn af keilu, löngu og blálöngu miðað við afla upp úr sjó. Auk þess er þeim heimilt að veiða alls 125 tonn af öðrum tegundum, þó ekki meira en 50 tonn af grálúðu og 50 tonn af karfa miðað við afla upp úr sjó. Allar beinar veiðar á lúðu (hvítlúðu) í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar. Við línuveiðar skal sleppa allri lúðu (hvítlúðu) með því að skera á taum línunnar.

Ⓜ Í hverri veiðiferð skal afli í öðrum tegundum en keilu, löngu og blálöngu ekki vera meiri, en sem nemur 25% af samtals afla skipsins í keilu, löngu og blálöngu. Grálúðu- og karfaafli skal ekki vera meiri en sem nemur 10% í hvorri tegund.

Ⓜ Fari afli í einhverri einstakri tegund, annarri en keilu, löngu eða blálöngu, yfir 50% af heildarafla þegar lína er dregin, er óheimilt að leggja línuna aftur nær þeim stað en 5 sjómílar.

Ⓜ Afla skal haldið aðgreindum eftir tegundum um borð í skipinu.

Ⓜ Leyfi norskra skipa til línuveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands falla úr gildi þegar sameiginlegur afli skipanna hefur náð þeim leyfilega heildarafla sem ákveðinn er í þessari grein.

#### 4. gr.

Ⓜ Norskum skipum sem leyfi hafa fengið til línuveiða er einungis heimilt að stunda veiðar sunnan 64°00'N og utan 12 sjómílna frá grunnlínu, sbr. ákvæði laga nr. 41/1979, um landhelgi, aðlægt belt, efnahagslögsögu og landgrunn.

Ⓜ Óheimilt er, í sömu veiðiferð, að stunda jafnframt veiðar utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

#### 5. gr.

Ⓜ Norsk skip sem leyfi hafa fengið til línuveiða skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 1170/2013 um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands.

#### 6. gr.

Ⓜ Um siglingu skips, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, gilda ákvæði reglugerðar um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu nr. 1133/2013, þar sem fram kemur staðsetning athugunarstaðanna. Tímastir tilkynninga koma fram í reglugerð um rafrænar skeytasendingar,

upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands nr. 1170/2013.

7. gr.

① Norsk skip sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt reglugerð þessari skulu hlíta ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nema annað sé sérstaklega ákveðið í reglugerð þessari og sömu reglum og eiga við um íslensk skip við sams konar veiðar, m.a. um veiðibann, friðunarsvæði og aðra lokun svæða.

② Veiðarfæri, sem ætluð eru til annarra veiða en leyfi miðast við, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu.

8. gr.

① Skipstjórum norskra skipa sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ber að auðvelda eins og unnt er eftirlit Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu með veiðum, veiðarfærum og afla um borð í skipunum. Telji eftirlitsaðilar að fullnægjandi athugun geti ekki farið fram á sjó er hlutaðeigandi skipstjórum skylt að hlíta fyrir mælum um að halda til nálægrrar hafnar þar sem athugun geti farið fram.

② Leyfisbréf og reglur um veiðar skulu geymdar um borð í skipinu.

9. gr.

① Heimilt er að frysta hausaðan og slægðan afla um borð. Frekari vinnsla á afla um borð er óheimil. Aflatölur skal miða við fisk upp úr sjó.

② Við útreikning á „afla um borð“ í „afla upp úr sjó“ skal margfalda með eftirtöldum umreikni-stuðlum:

Tegund	Úr hausuðum og slægðum í fisk upp úr sjó		Úr slægðum í fisk upp úr sjó
	með klumbubeini	án klumbubeins	
Keila	1,39	1,47	1,11
Langa	1,47	1,62	1,25
Blálanga	1,47	1,62	1,25
Steinbítur	1,59	1,66	1,11
Grálúða	1,46	1,46	1,09
Lúða	1,36	1,36	1,09
Karfi	1,64	1,82	1,06
Þorskur	1,59	1,83	1,19
Ýsa	1,53	1,78	1,19
Ufsi	1,43	1,68	1,19
Hlýri	1,59	1,66	1,11

10. gr.

① Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um veiðarnar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum í samningi ríkjanna, sbr. 1. gr.

11. gr.

① Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands og ákvæðum laga nr. 41/1979, um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn.

12. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands og ákvæðum laga nr. 41/1979, um landhelgi, aðlægt belti, efna-hagslögsgögu og landgrunn. Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2023. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 1700/2021, um línuveiðar norskra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi árið 2022.

*Matvælaráðuneytinu, 20. desember 2022.*





## Reglugerð

### nr. 1203/2022, um loðnuveiðar norskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands fiskveiðiárið 2022/2023.

#### 1. gr.

☐ Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða norskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, á tímabilinu frá og með 15. október 2022 til og með 22. febrúar 2023. Óheimilt er að stunda veiðar með öðrum veiðarfærum en nót. Veiðarfæri, sem eru annarrar gerðar en leyfi miðast við, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu. Sé flottroll geymt á flottrollstromlu skal poki trollsins fjarlægður og geymdur sérstaklega í veiðarfærageymslu.

#### 2. gr.

☐ Aðeins þeim skipum sem fengið hafa sérstakt leyfi frá Fiskistofu er heimilt að stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Um borð í veiðiskipi skal vera leyfi til loðnuveiða eða afrit af því.

☐ Skip, sem óska eftir leyfi til loðnuveiða skulu sækja um það til Fiskistofu. Í umsókninni komi fram upplýsingar um nafn skips, skráningarnúmer, kallmerki, stærð í BT, burðargetu og upplýsingar um fjarskiptatæki og netfang.

☐ Skipum sem leyfi hafa fengið til loðnuveiða er óheimilt að vera með þannig útbúnað að mögulegt sé að dæla úr tönkum skips undir yfirborði sjávar.

#### 3. gr.

☐ Norskum skipum er heimilt að veiða samtals 35.515 tonn í fiskveiðilandhelgi Íslands og er þeim aðeins heimilt að stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands norðan við 64°30'N.

☐ Norsk skip sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt reglugerð þessari skulu hlíta ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þau skulu einnig hlíta sömu reglum og eiga við um íslensk skip við sams konar veiðar, m.a. um veiðibann, friðunarsvæði og aðra lokun svæða.

#### 4. gr.

☐ Norskum skipum er heimilt að landa afla sínum í íslenskum höfnum og gilda um vigtun afla sömu reglur og gilda fyrir íslensk skip. Óheimilt er að umskipa afla í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 5. gr.

☐ Fjöldi norskra skipa, sem samtímis fá leyfi til að veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands takmarkast við 30 skip.

☐ Óheimilt er að hefja veiðar í fiskveiðilandhelginni nema fyrir liggja staðfesting frá Landhelgisgæslu Íslands um að fjöldi skipa sé innan tilskilinna marka.

☐ Ekki skulu fleiri loðnuveiðiskip vera í fiskveiðilandhelgi Íslands hverju sinni, en hlotið hafa staðfestingu frá Landhelgisgæslunni, sbr. þó 7. gr.

#### 6. gr.

☐ Um siglingu skips, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, gilda ákvæði reglugerðar um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu nr. 1133/2013, þar sem fram kemur staðsetning athugunarstaðanna. Heimilt er Landhelgisgæslu Íslands að ákveða að skipin skuli sigla inn og út úr efnahagslögsögunni á tilteknum athugunarstöðum og að þeim beri að tilkynna komu sína á þá með

ákveðnum fyrirvara í samræmi við reglugerð nr. 1133/2013, um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenski fiskveiðilögsögu. Tímastir tilkynninga koma fram í reglugerð um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn aflagabókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands nr. 1170/2013.

7. gr.

Ⓛ Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er skipum sem ekki hafa staðfestingu Landhelgisgæslunnar, sbr. 2. og 3. mgr. 5. gr. heimil óslitin sigling um fiskveiðilandhelgina.

8. gr.

Ⓛ Skipstjórum norskra loðnuskipa ber að auðvelda eins og unnt er eftirlit Landhelgisgæslu og Fiskistofu með veiðum, veiðarfærum og afla um borð í veiðiskipum. Telji eftirlitsaðilar að fullnægjandi eftirlit geti ekki farið fram á sjó er hlutaðeigandi skipstjórum skylt að hlíta fyrir mælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem athugun getur farið fram.

Ⓜ Fiskistofu er heimilt að setja eftirlitsmenn um borð í norsk loðnuveiðiskip. Skal útgerð skipsins sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð við eftirlit og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

Ⓝ Starfsmenn Landhelgisgæslunnar og veiðieftirlits Fiskistofu skulu hafa aðgang að eftirtöldum gögnum sé þess óskað:

Aflagabók.

Skipsdagbók.

Mælibréfi.

Teikningum af skipi, þ.m.t. dælubúnaði.

Veiðileyfi frá Fiskistofu eða afriti af því.

Upplýsingum úr siglingatölvum og staðsetningartækjum skips.

Öðrum gögnum sem skipt geta máli við rannsókn meintra fiskveiðibrota.

Ⓞ Um borð í hverju skipi skulu vera teikningar af lestum þess þar sem fram kemur heildarrúmmál hvernar lestar. Þá skulu teikningar eða gögn sýna hvert rúmmál lestanna er miðað við 10 sentimetra millibil frá ákvæðnum og merktum viðmiðunarstað.

9. gr.

Ⓛ Skipum ber að fylgja banni ráðuneytisins við veiðum vegna verndunarsjónarmiða og skyndilokunum Fiskistofu, sbr. 8.-11. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

10. gr.

Ⓛ Skip sem hafa veiðileyfi skv. reglugerð þessari skulu að öðru leyti fylgja ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

11. gr.

Ⓛ Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Ⓜ Jafnframt getur Fiskistofa svipt skip leyfi til loðnuveiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skips eða aðrir sem í þágu útgerðar starfa gegn reglugerð þessari.

12. gr.

① Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 16. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, 2. gr., 6. gr., 8. gr. og 30. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, 5. gr., 6. gr., 8. gr. og 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og 9. gr. laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

② Reglugerðin öðlast þegar gildi, nema ákvæði 3. mgr. 2. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2023. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 1164/2021 um loðnuveiðar norskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu 2021/2022.

*Matvælaráðuneytinu, 31. október 2022.*



## Reglugerð

### nr. 917/2022, um eftirlit með velferð dýra við veiðar á hvölum.

#### 1. gr.

##### *Markmið.*

☐ Markmið reglugerðar þessarar er að stuðla að velferð dýra með því að viðhafa reglubundið eftirlit með velferð dýra við veiðar á hvölum þannig að veiðar valdi dýrunum sem minnstum sársauka og aflifun þeirra taki sem skemmstan tíma.

#### 2. gr.

##### *Reglubundið eftirlit með veiðum hvala.*

☐ Matvælastofnun skal hafa reglubundið eftirlit með því að farið sé að lögum um velferð dýra við veiðar á hvölum, m.a. með eftirlitsferðum við veiðar, myndbandsupptökum veiðiaðferða og skráningu þeirra aðgerða við veiðar sem varða velferð dýra. Öllum gögnum sem eftirlitsmenn afla við störf sín skal koma til eftirlitsdýralæknis í lok hvernar athugunar.

☐ Matvælastofnun er heimilt að fela Fiskistofu, skv. samningi, öflun gagna vegna eftirlits samkvæmt 1. mgr.

#### 3. gr.

##### *Gjaldtaka.*

☐ Matvælastofnun tekur gjald samkvæmt gjaldskrá sem svarar þeim kostnaði sem fellur til við eftirlit skv. 2. gr.

#### 4. gr.

##### *Lagastoð og gildistaka.*

☐ Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 13. gr., 33. gr. og 46. gr., sbr. 1., 4. og 27. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra, öðlast þegar gildi.

*Matvælaráðuneytinu, 10. ágúst 2022.*



## Reglugerð

### nr. 1020/2021, um velferð sjávarspendýra við fiskveiðar og fiskeldi í sjó.

1. gr.

*Tilgangur og gildissvið.*

☐ Tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja velferð sjávarspendýra sem gætu orðið fyrir skaða við fiskveiðar og fiskeldi í sjó.

2. gr.

*Bann við að skaða sjávarspendýr af ásetningi.*

☐ Óheimilt er við fiskveiðar eða við fiskeldi í sjó að skaða sjávarspendýr af ásetningi, þ. á m. að fanga, særa eða veiða sjávarspendýr. Um meðferð sjávarspendýra við fiskveiðar eða við fiskeldi í sjó fer að öðru leyti eftir lögum um velferð dýra.

3. gr.

*Viðurlög.*

☐ Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 55/2013, um velferð dýra.

4. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 46. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 24. ágúst 2021.*





## Reglugerð nr. 745/2016, um vigtun og skráningu sjávarafla.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 745/2016 sbr. rg. 1011/2017, rg. 91/2018, rg. 617/2018, rg. 436/2019, rg. 325/2020, rg. 861/2020, rg. 990/2020, rg. 358/2021, rg. 399/2021, rg. 709/2021 og 1153/2021.

### 1. gr.

⊠ Reglugerð þessi gildir um vigtun og skráningu alls afla sem landað er hér á landi án tillits til þess hvar hann er veiddur.

⊠ Öllum afla, sem íslensk skip veiða úr stofnum sem að hluta eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands, skal landað innanlands og hann veginn í íslenskri höfn.

### 2. gr.

⊠ Skipstjóri fiskiskips ber ábyrgð á að afli skipsins sé veginn samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Skipstjóra er skylt að halda afla um borð í skipi sínu aðgreindum eftir tegundum. Verði því ekki viðkomið vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Meðafli við veiðar á uppsjávarfiski skal ákvarðaður af vigtunarleyfishafa sem er móttakandi afla.

⊠ Afli skal skráður til aflamarks á veiðiskip. Óheimilt er að flytja afla milli skipa, nema kveðið sé á um annað í reglugerð.

### 3. gr.

⊠ Ökumaður flutningstækis sem flytur afla skal fá afrit af vigtarnótu og afhenda viðtakanda afla. Ökumanni er óheimilt að flytja afla fyrr en hann hefur fengið vigtarnótu afhenta.

### 4. gr.

⊠ Um almennt og sérstakt hæfi löggiltra vigtarmanna skal fara að 2. mgr. 27. gr. laga nr. 91/2006 um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, sbr. reglur nr. 650/2007, um almennt og sérstakt hæfi löggiltra vigtarmanna.

### 5. gr.

⊠ Afli skal veginn í því ástandi sem hann er í við löndun. Þó er heimilt að vigta þorsk, ýsu og ufsa eftir slægingu í landi enda sé farið að ákvæðum IV. kafla reglugerðar þessarar.

⊠ Fiskistofu er heimilt að framkvæma sérstaka athugun á íshlutfalli afla vegna eftirlits og getur stofnunin ákveðið að sú mæling verði lögð til grundvallar við aflaskráningu.

### 6. gr.

⊠ Fiskistofu er heimilt að veita einkaaðilum leyfi til vigtunar sjávarafla í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Skilyrði leyfisveitingar er að eftirlitsmenn Fiskistofu hafi óhindrað aðgengi að aðstöðu þar sem vigtun afla fer fram og skal stofnuninni afhentur lykklakóði sem tryggir aðgengi.

⊠ Aðilum sem fengið hafa leyfi til vigtunar sjávarafla er skylt að vigta afla sem móttakinn er, í samræmi við útgefið leyfi.

## I. KAFLI

### Vigtun á hafnarvog.

#### 7. gr.

⊠ Allur afli skal veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun aflans og skal vigtun afla vera lokið innan tveggja klukkustunda frá því að löndun lauk. Skal við vigtunina nota löggilta vog í eigu viðkomandi hafnar. Vigtun skal framkvæmd af starfsmanni hafnar sem hlotið hefur til þess löggildingingu.

☐ Sé hafnarvog ekki í viðkomandi verstöð eða ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur Fiskistofa leyft vigtun með öðrum hætti, séu skilyrði sem sett eru í III. kafla eða VI. kafla uppfyllt.

#### 8. gr.

☐ Allur afli skal veginn í ílátum með ís. Hver tegund skal veginn sérstaklega. Löggiltur vigtarmaður á hafnarvog skal skrá á vigtarnótu tegund, fjölda og áætlaða þyngd íláta og draga frá vegnum afla. Vigtarmanni er einnig heimilt að draga allt að 3% frá vegnum afla vegna áætlaðs íss í afla eftir að hafa gengið úr skugga um að aflinn sé ísaður.

☐ Vigtarmanni er heimilt að draga 0,6% frá óunnum ofurkældum (íslausum) afla sem veginn er á hafnarvog vegna vökvafrádrags (e. drips).<sup>1)</sup>

☐ [Vigtarmanni er heimilt að draga frá 12% þegar kælt er með flöguís eða 7% þegar kælt er með íspykni af óunnum afla sem veginn er á hafnarvog frágenginn til útflutnings, beint í flutningsfar. Skipstjóri skal tryggja að upplýsingar um kælimiðil berist til löndunarhafnar áður en afli er vigtaður og skráður. Komi í ljós við eftirlit Fiskistofu verulegt frávik frá íshlutfalli í afla skips skal vigta afla skipsins skv. 1. mgr. eða 1. mgr. 11. gr. í næstu 8 vikur. Ef ítrekuð veruleg frávik eru frá tilkynntu íshlutfalli í afla skips skal vigta afla skipsins skv. 1. mgr. og 1. mgr. 11. gr. næstu 16 vikur.]<sup>2)</sup>

☐ Frádráttur vegna íss skal tilgreindur á vigtarnótu.

<sup>1)</sup>Rg. 325/2020, 1. gr. <sup>2)</sup>Rg. 990/2020, 1. gr.

#### 9. gr.

☐ Ökumaður flutningstækis skal láta vigta hverja tegund sérstaklega. Skal hann kynna sér aflasamsetningu farms sem hann flytur, og gefa vigtarmanni réttar upplýsingar þar um og gæta þess að upplýsingar á vigtarnótu gefi rétta mynd af farminum. Jafnframt skal ökumaður gefa vigtarmanni upplýsingar um viðtakanda afla.

#### 10. gr.

☐ Löggiltur vigtarmaður sem jafnframt er starfsmaður hafnar og vigtar aflann, gefur út og undirritar vigtarnótu þar sem eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram:

1. Nafn skips og skrásetningarnúmer ásamt umdæmisnúmeri.
2. Löndunarhöfn og löndunardagur.
3. Nafn seljanda, kaupanda og viðtakanda afla eða eftir atvikum fiskmarkaðar.
4. Vegið aflamagn, sundurliðað eftir tegundum.
5. Undirmálsaflí.
6. Fjöldi íláta, gerð og þungi (t.d. kör, kassar, tunnur).
7. veiðarfæri.
8. Sé um að ræða bretti eða palla sem ílátin eru flutt á skal gera grein fyrir fjölda þeirra.
9. Skrásetningarnúmer flutningstækis og eiginþyngd samkvæmt skráningu í ökutækjaskrá.
10. Tilgreina skal hvort afli fari til endurvigtunar.
11. Tilgreina skal hvort óslægður afli, sbr. 5. gr., verði veginn eftir slægingu eða umreiknist í slægðan afla samkvæmt slægingarstuðli sem útgefinn er af ráðuneytinu.

☐ Upplýsingar samkvæmt vigtarnótu skal hafnarvigtarmaður ávallt skrá í aflaskráningarkerfi Fiskistofu án ástæðulauss dráttar.

## II. KAFLI

### Endurvigtun.

#### 11. gr.

① Heimilt er Fiskistofu að veita leyfi til að ísaður afli sem vigtaður hefur verið á hafnarvog sé endurvigtaður. Leyfi til endurvigtunar er veitt til heilvigtunar og úrtaksvigtunar afla svo sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

② Leyfi til endurvigtunar skal bundið við nafn og kennitölu umsækjanda og veitir vigtunarleyfishafa rétt til endurvigtunar sjávaraflla í því húsnæði sem tilgreint er í leyfisbréfi og með þeim skilyrðum sem þar er kveðið á um. Leyfið gildir til allt að þriggja ára.

③ Taki nýr rekstraraðili við rekstri fyrirtækis sem hefur endurvigtunarleyfi skal sá aðili þegar í stað sækja um leyfi til endurvigtunar afla. Á meðan umsókn er til meðferðar hjá stjórnvöldum gildir fyrra leyfi.

#### 12. gr.

① Aðili sem óskar eftir leyfi til að vigta afla skal senda skriflega umsókn til Fiskistofu og skal Fiskistofa taka ákvörðun um leyfisveitingu eftir að hafa leitað álits viðkomandi hafnaryfirvalda.

② Í umsókninni skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. Nafn og kennitala umsækjanda.
2. Starfsemi umsækjanda.
3. Staðsetning vinnsluhúss sem vigtun fer fram í.
4. Nöfn þeirra löggiltu vigtarmanna sem munu vigta aflann og upplýsingar um hvenær þeir hlutu löggildingu. Þá komi fram hjá hverjum hinn löggilti vigtarmaður starfi.
5. Rekstrarform fyrirtækisins og nöfn aðaleigenda.
6. Vinnsluleyfisnúmer.
7. Gerð leyfis sem óskað er eftir þar sem tilgreind er framkvæmd vigtunar á hverri fisktegund og eftir atvikum aðferð við úrtaksvigtun.

③ Með umsókn skal fylgja nákvæm greinargerð um hvernig staðið verði að vigtun og skráningu afla, hvers konar vogir verði notaðar og hvenær þær voru löggiltar. Þar skal gerð grein fyrir því hvernig niðurstöður vigtunar verða notaðar í viðskiptum með sjávaraflla og hvernig rekjanleiki þessara upplýsinga verður tryggður.

④ Fiskistofa skal meta hvort búnaður umsækjanda sé með þeim hætti að unnt verði að fara í hvívetna að reglum sem gilda um vigtun sjávaraflla. Uppfylli umsækjandi kröfur sem gerðar eru til vigtunarleyfishafa skal Fiskistofa gefa út leyfi til endurvigtunar afla. Fiskistofa skal tilkynna viðkomandi hafnaryfirvöldum um veitingu leyfa til endurvigtunar afla.

#### 13. gr.

① Búnaður til heilvigtunar skal vera með þeim hætti að til staðar sé sjálfvirk vog sem vigtar allan afla með samfelldum hætti.

#### 14. gr.

① Búnaður til úrtaksvigtunar skal vera með þeim hætti að vigtarmanni sé kleift að annast vigtun þess afla sem unninn er daglega hjá viðkomandi vigtunarleyfishafa. Fiskistofa skal meta hvort búnaður og aðrar aðstæður hjá umsækjanda séu fullnægjandi og skal í því sambandi m.a. líta til ísskiljubúnaðar, fjölda starfsmanna sem annast vigtun og hvort nægilegt rými sé til vigtunar.

#### 15. gr.

① Við heilvigtun skal allur afli veginn. Heimilt er að heilvigta fisk eftir hausun og skal vigta búka og hausa sérstaklega.

② Við úrtaksvigtun skal, í kjölfar brúttóvigtunar alls afla á hafnarvog, úrtak valið af handahófi þannig að það gefi sem réttasta mynd af aflanum og vigtun framkvæmd á þann veg að:

Afli í tilteknum fjölda íláta er vigtaður í samræmi við 3. gr. auglýsingar nr. 213/2010 um reglur um lágmarksúrtak og framkvæmd vigtunar við úrtaksvigtun, eða þegar hvert kar hefur verið brúttóvigtað skal afli í tilteknum fjölda íláta vigtaður í samræmi við 4. gr. auglýsingar nr. 213/2010 um reglur um lágmarksúrtak og framkvæmd vigtunar við úrtaksvigtun.

③ [Vigtunarleyfishafi skal ávallt beita sömu aðferð við vigtun úrtaks. Það á þó ekki við um fiskmarkaði.]<sup>1)</sup>

④ Vigtun afla skal framkvæmd af vigtarmanni sem hlotið hefur löggildingu til vigtunar og notuð skal löggilt vog.

⑤ Löggiltur vigtarmaður sem jafnframt er starfsmaður löndunarhafnar getur enn fremur annast endurvigtun afla, enda sé löggilt vog notuð. Löggiltur vigtarmaður sjálfstæðs vigtunarleyfishafa, sbr. VI. kafla, getur einnig annast endurvigtun afla hafi viðkomandi vigtunarleyfishafi annast vigtun aflans við löndun enda fari vigtun fram í húsnæði hans á löggilttri vog eða hjá aðila sem hefur leyfi til endurvigtunar.

<sup>1)</sup>Rg. 709/2021

#### 16. gr.

① Þegar afli er endurvigtaður skal það gert svo fljótt sem verða má og án ástæðulauss dráttar og þegar afla er landað óslægðum. Vigtarnóta skal send löndunarhöfn strax að vigtun lokinni. Vigtarnóta skal ávallt send til löndunarhafnar innan tveggja virkra daga frá löndun aflans þegar afli er úrtaksvigtaður og innan fimm virkra daga þegar afli er heilvigtaður. Vigtarnóta skal þó ávallt send til löndunarhafnar innan tveggja daga þegar afli er veginn eftir slægingu í landi.

② Afla sem veginn hefur verið hjá endurvigtunarleyfishafa og fluttur er til kaupanda skal fylgja vigtarnóta þar sem fram koma þau atriði sem tilgreind eru í 17. gr. Vigtarnóta skal þó ávallt send til löndunarhafnar innan tveggja daga þegar afla er landað óslægðum.

#### 17. gr.

① Löggiltur vigtarmaður sem annast endurvigtun afla skal fylla út og undirrita vigtarnótu þar sem, auk þess sem segir í 10. gr., skal tilgreina eftirfarandi upplýsingar fyrir hverja tegund:

1. Þegar um er að ræða heilvigtun:
  - a. Heildarþunga fisks.
  - b. Reiknað hlutfall íss í afla. (Brúttóafli, þ.e. afli og ís samkvæmt vigtun á hafnarvog, mínus nettóafli, þ.e. afli án íss við endurvigtun, margfaldað með 100, deilt með brúttóafli.)
  - c. Niðurstöðu vigtunar á óslægðum afla eftir því sem við á, sbr. 25. gr.
2. Þegar um er að ræða úrtaksvigtun A:
  - a. Fjöldi og gerð íláta sem valin eru í úrtak.
  - b. Fyrir hvert ílát sem valið er í úrtak skal tilgreina:
    - i. þunga fisks í hverju íláti,
    - ii. þunga íss í hverju íláti,
    - iii. þunga íláts.
3. Þegar um er að ræða úrtaksvigtun B:
  - a. Niðurstaða brúttóvigtunar hvers kars.
  - b. Fjöldi og gerð íláta sem valin eru í úrtak.
  - c. Fyrir hvert ílát sem valið er í úrtak skal tilgreina:
    - i. þunga fisks í hverju íláti,
    - ii. þunga íss í hverju íláti,
    - iii. þunga íláts.

- d. Reiknað hlutfall íss í afla. (Brúttóafli, þ.e. afli og ís samkvæmt vigtun á hafnarvog, mínus nettóafli, þ.e. afli án íss við endurvigtun, margfaldað með 100, deilt með brúttóafli.)

18. gr.

☐ Endurvigtunarleyfishafa, sem hefur heimild til heilvigtunar, er heimilt að fara með afla sem ætlaður er til útflutnings samkvæmt reglum um úrtaksvigtun og skal sá hluti aflans brúttóvigttaður á hafnarvog.

III. KAFLI  
**Heimavigtun.**

19. gr.

☐ Fiskistofu er heimilt að veita undanþágu frá vigtun á hafnarvog að uppfylltum skilyrðum kafla þessa enda verði til þess notuð sjálfvirk vog sem vigtar afla með samfelldum hætti. Auk þessa skal vigta hvern fisk sérstaklega þegar um er að ræða bolfisk. Heimilt er að vigta fisk eftir hausun og skal þá vigta hvern bók sérstaklega auk þess sem vigta ber hause. Þá skal vigtunarbúnaður skrá og geyma upplýsingar um vigtadan afla síðastliðna tólf mánuði. [Að gættum ákvæðum þessarar málsgreinar er heimilt að veita leyfi til heimavigtunar á sjávargróðri með notkun ósjálfvirkrar vogar.]<sup>1)</sup>

☐ Leyfi til heimavigtunar skal bundið við nafn og kennitölu umsækjanda og veitir leyfið rétt til vigtunar sjávarafla í því húsnæði sem tilgreint er í leyfisbréfi og með þeim skilyrðum sem þar er kveðið er á um. Í leyfisbréfi skal koma fram hvort leyfið er til heimavigtunar á uppsjávarfiski eða botnfiski. Leyfið gildir til alls tveggja ára.

☐ Taki nýr rekstraraðili við rekstri fyrirtækis sem hefur heimavigtunarleyfi skal sá aðili þegar í stað sækja um nýtt leyfi til heimavigtunar afla. Á meðan umsókn er til meðferðar hjá stjórnvöldum gildir fyrra leyfi.

☐ Leyfi til heimavigtunar veitir leyfishafa eingöngu heimild til vigtunar á afla sem fyrirhugað er að vinna á vigtunarstað eða seldur er á uppboði hjá fiskmarkaði. Fiskistofa skal tilkynna viðkomandi hafnaryfirvöldum um veitingu leyfa til heimavigtunar afla.

<sup>1)</sup>Rg. 399/2021, 1. gr.

20. gr.

☐ Heimavigtunarleyfi skal aðeins veitt að fenginni jákvæðri umsögn hafnaryfirvalda á viðkomandi löndunarstað. Heimavigtunarleyfi nær aðeins til vigtunar á afla sem landað er á tilteknum löndunarstað, sem tilgreindur er í leyfisbréfi sem Fiskistofa gefur út. Fiskistofa getur bundið heimavigtunarleyfi skilyrðum, s.s. varðandi tegundir og aðferð við vigtun. Heimavigtunarleyfi skal því aðeins veitt að veruleg vandkvæði séu á því að vega aflann á hafnarvog, eftirlit hafnar sé nægilegt og innra eftirlit fyrirtækisins traust auk þess sem vigtunarbúnaður sé löggiltur og vigtun framkvæmd af löggiltum vigtarmanni. Þá skal Fiskistofa meta hvort búnaður umsækjanda sé með þeim hætti að unnt verði að fara í hvívetna að reglum um vigtun sjávarafla. Aðili sem hefur heimavigtunarleyfi hefur jafnframt leyfi til endurvigtunar, sbr. II. kafla.

☐ Í umsókn um heimavigtunarleyfi skal tilgreina þau atriði sem fram koma í 1.-7. tl. 12. gr. ásamt rökstuðningi fyrir umsókn um heimavigtunarleyfi.

☐ Með umsókn skal fylgja nákvæm greinargerð um hvernig staðið verði að vigtun og skráningu afla, hvers konar vogir verði notaðar og hvenær þær voru löggiltar. Þar skal gerð grein fyrir hvernig niðurstöður vigtunar eru notaðar í viðskiptum með sjávarafla og hvernig rekjanleiki upplýsinga er tryggður.

☐ Leyfi til heimavigtunar er veitt til heilvigtunar og úrtaksvigtunar afla og skal fara fram í samræmi við ákvæði II. kafla reglugerðar þessarar.

21. gr.

① Heimavigtunarleyfi má veita vegna löndunar á uppsjávarfiski sem landað er með dælingu afla úr veiðiskipi beint til fiskvinnslu eða í hráefnisgeymslu.

② Fiskistofa getur í samráði við viðkomandi löndunarhöfn bundið heimavigtunarleyfi því skilyrði að leyfishafi tryggi að tilkynningar um löndun og áætlaðan afla berist til löndunarhafnar áður en löndun hefst.

22. gr.

① Leyfi til heimavigtunar á botnfiski er bundið þeim skilyrðum að leyfishafi tilkynni fyrirfram til hafnar um fyrirhugaða löndun og áætlaðan afla. Þessa er þó ekki þörf hafi skipstjóri þegar sent upplýsingar til löndunarhafnar um áætlað aflamagn flokkað eftir tegundum.

② Heimavigtunarleyfishafa er heimilt að fara með afla sem ætlaður er til útflutnings samkvæmt reglum um úrtaksvigtun og skal sá hluti aflans brúttóvigtaður á hafnarvog.

23. gr.

① Við heimavigtun afla skal við löndun botnfisks brúttóvigta allan afla og senda vigtarnótu, sbr. 10. gr. til löndunarhafnar án tafar. Þó er heimilt að senda einungis endanlega niðurstöðu vigtunar þegar vigtun farms er lokið innan 24 klukkustunda frá löndun og vigtarnóta er send til löndunarhafnar þegar í stað.

② Heimavigtun afla skal framkvæmd af vigtarmanni sem hlotið hefur löggildingu til vigtunar og notuð skal löggilt vog.

③ Vigtarnóta skal send til viðkomandi löndunarhafnar undirrituð af þeim löggilta vigtarmanni sem sá um vigtunina þegar að vigtun lokinni. Vigtarnóta skal ávallt send til löndunarhafnar innan tveggja virkra daga frá löndun aflans þegar afli er úrtaksvigtaður og innan fimm virkra daga þegar afli er heilvigtaður. Vigtarnóta skal þó ávallt send innan tveggja daga þegar afla er landað óslægðum.

④ Á heimavigtunarnótu skal tilgreina sömu atriði og fram koma í 17. gr.

⑤ Afla sem veginn hefur verið hjá heimavigtunarleyfishafa og fluttur er til kaupanda skal fylgja vigtarnóta þar sem fram koma þau atriði sem tilgreind eru í 17. gr.

24. gr.

① Senda skal Fiskistofu upplýsingar um magn afurða ásamt upplýsingum um nýtingarhlutfall viðkomandi afurða. Upplýsingarnar skal senda á því formi sem Fiskistofa ákveður eigi síðar en 15. hvers mánaðar, vegna afla sem unninn var undanfarinn mánuð.

IV. KAFLI

**Vigtun eftir slægingu í landi.**

25. gr.

① Fiskistofu er heimilt að veita vigtunarleyfishafa leyfi til að vigta þorsk, ýsu eða ufsa eftir slægingu í landi enda verði til þess notuð sjálfvirk vog sem vigtar allan afla með samfelldum hætti fyrir og eftir slægingu. Auk þess skal vigta hvern fisk sérstaklega. Vigtunarbúnaður skal skrá og geyma upplýsingar um vigtaðan afla síðastliðna tólf mánuði.

② Löggiltur vigtarmaður sem annast vigtun aflans skal skrá á vigtarnótu, auk upplýsinga sem fram koma í 17. gr., upplýsingar um niðurstöðu vigtunar á óslægðum afla.

③ Vigtunarleyfishafa sem leyfi hefur til slægingar og vigtunar afla ber ávallt að slægja afla fyrir vigtun hans til skráningar. Það á þó ekki við um fiskmarkaði.

## V. KAFLI

### Vigtun á fiskmarkaði.

26. gr.

① Fiskistofu er heimilt að veita fiskmörkuðum leyfi til endurvigtunar afla, sbr. 11. gr. eða til heimavigtunar afla, sbr. 19. gr. og til vigtunar eftir slægingu í landi, sbr. 1. mgr. 25. gr.

② Um umsókn um vigtunarleyfi til fiskmarkaða og veitingu leyfa vísast til ákvæða 12. gr., sbr. 20. gr. og 1. mgr. 25. gr. eftir atvikum.

27. gr.

① Um vigtun afla á fiskmarkaði fer skv. ákvæðum II. og III. kafla reglugerðar þessarar um endurvigtun og heimavigtun eftir því sem við á. Vigtarnóta skal ávallt send til löndunarhafnar þegar að vigtun lokinni þó eigi síðar en innan tveggja virkra daga frá löndun aflans.

② Fiskmarkaði sem heimild hefur til vigtunar afla eftir slægingu í landi ber að vigta afla í samræmi við upplýsingar á vigtarnótu, sbr. 10. gr., eða tilkynningu skipstjóra þegar um er að ræða heimavigtunarleyfishafa.

③ Afla sem veginn hefur verið á fiskmarkaði og fluttur er til kaupanda skal fylgja vigtarnóta þar sem fram koma þau atriði sem tilgreind eru í 17. gr.

## VI. KAFLI

### Vigtun sjálfstæðs aðila.

28. gr.

① Fiskistofa getur veitt sjálfstæðum aðilum heimild til að annast vigtun á afla við löndun enda sé hún undir eftirliti og á ábyrgð viðkomandi hafnaryfirvalda.

② Leyfið skal bundið við nafn og kennitölu umsækjanda og veitir það vigtunarleyfishafa rétt í samræmi við ákvæði leyfisbréfs til vigtunar sjávarafla við löndun í tiltekinni höfn. Í umsókn skal tilgreina þau atriði sem koma fram í 1.-6. tl. 12. gr. og með umsókn skal fylgja yfirlýsing hafnaryfirvalda um heimild umsækjanda til vigtunar sjávarafla undir eftirliti og á ábyrgð hafnarinnar. Leyfið gildir til þriggja ára.

③ Skilyrði fyrir leyfisveitingu er að innra eftirlit vigtunaraðila sé traust, vigtunarbúnaður löggiltur og vigtun framkvæmd af löggiltum vigtarmanni.

29. gr.

① Heimild til vigtunar afla í umboði hafnar skal aðeins veitt þeim sem ekki eiga beina eignaraðild að útgerðarfyrirtæki eða fiskvinnslu, né annast eða hafa milligöngu um sölu á afla og ekki hafa slíkra hagsmuna að gæta að draga megi óhlutdrægni þeirra í efa með réttu. Löggiltur vigtarmaður sem annast vigtun fyrir slíkan aðila skal uppfylla skilyrði um hæfi, sbr. 4. gr.

30. gr.

① Vigtun afla sem framkvæmd er af sjálfstæðum aðila á grundvelli sérstaks vigtunarleyfis skal fara fram í samræmi við ákvæði I. kafla. Löggiltur vigtarmaður sem annast vigtun afla skal fylla út og undirrita vigtarnótu, sbr. 10. gr. og senda til viðkomandi hafnar án ástæðulauss dráttar.

## VII. KAFLI

### Vigtun einstakra tegunda.

*Vigtun á grásleppu.*

31. gr.

① [Grásleppa skal vegin á hafnarvog samkvæmt ákvæðum 7. gr.

② Við vigtun grásleppuhrognna skal brúttóvigta aflann og skrá fjölda tunna eða kara.

③ Við umreikning landaðra grásleppuhroga í heila grásleppu til skráningar í aflaskráningarkerfi Fiskistofu skal að frádreginni þyngd íláta miða við margföldunarstuðulinn 3,4.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 358/2021.

## VII. KAFLI

### Vigtun einstakra tegunda.

#### *Vigtun á humri.*

32. gr.

- ① Humar skal veginn á hafnarvog skv. ákvæðum 7. gr.
- ② Um vigtun á humri sem er vigtaður samkvæmt endurvigtunarleyfi gilda eftirfarandi ákvæði:
  1. Humri, sem kemur slitinn í land, skal hellt í sérbúna ísskilju, ísinn skal fleyttur ofan af og vatn látið síga af humarhólum áður en afli er veginn.
  2. Humar sem slitinn er í landi skal veginn að lokinni afisun áður en honum er pakkað.
  3. Heimilt er að vigta heilan humar í umbúðum þegar að lokinni pökkun. Einungis skal draga þyngd umbúða frá heildarþyngd.
- ③ Á vigtarnótu skulu koma fram þau atriði sem tilgreind eru í 17. gr. Um skil á vigtarnótu gilda ákvæði 16. gr.

#### *Vigtun á hörpudiski.*

33. gr.

① Hörpudiskur skal veginn á hafnarvog skv. ákvæðum 7. gr. Um vigtun hörpudisks gilda að öðru leyti eftirfarandi reglur:

1. Fari endanleg vigtun fram á hafnarvog er vigtarmanni heimilt að draga allt að 4% frá vegnum afla vegna áætlaðra aðskotahluta í aflanum. Þessi frádráttur skal koma fram á vigtarnótu og er því aðeins leyfður að vigtarmaður á hafnarvog staðfesti með áritun á vigtarnótu að aðskotahlutir hafi verið í aflanum við löndun.
2. Sé aflinn endurvigtaður hjá endurvigtunarleyfishafa, skal það gert svo fljótt sem við verður komið og með eftirfarandi hætti:
  - a. Löggiltur vigtarmaður sem annast vigtunina skal velja af handahófi og vigta úrtak sem nemur a.m.k. 0,5% af farmi. Við endurvigtunina skal úrtakið brúttóvigtað síðan skulu hrúðurkarlar, dauðar skeljar og aðrir aðskotahlutir hreinsaðir frá og úrtakið síðan vegið að nýju og þannig fundinn nettóþungi.
  - b. Löggiltur vigtarmaður sem annast endurvigtun afla skal fylla út og undirrita vigtarnótu þar sem tilgreina skal eftirfarandi atriði:
    - Nafn skips, skrásetningarnúmer ásamt umdæmisnúmeri.
    - Veidarfæri.
    - Löndunarhöfn og löndunardag.
    - Viðtakanda afla.
    - Fjöldi íláta.
    - Brúttóafla á hafnarvog (afli og aðskotahlutir).
    - Brúttóþunga úrtaks.
    - Þunga hrúðurkarla.
    - Þunga annarra aðskotahluta.
    - Nettóþunga úrtaks.
    - Reiknað hlutfall hrúðurkarla og aðskotahluta í afla.

Nettóafli (brúttóafli samkvæmt hafnarvog að frádregnum hrúðurkørlum og öðrum aðskotahlutum í afla).



*Vigtun á ísaðri rækju.*

34. gr.

① Ísuð rækja skal vegin á hafnarvog skv. ákvæðum 7. gr.

② Um ísaða rækju sem vigtuð er samkvæmt endurvigtunarleyfi gildir eftirfarandi: Löggiltur vigtarmaður sem annast vigtunina skal velja úrtak í samræmi við reglur sem ráðuneytið setur um lágmarksúrtak við vigtun og láta það í sérþúna ísskilju. Hitastig vatns í ísskilju skal ekki vera yfir 15°C. Ísinn skal fleyttur ofan af og vatn látið síga af rækjunni í allt að tvær klukkustundir áður en rækjan er vegin.

*Rækjufrystiskip.*

35. gr.

① Vega skal heildarafla af rækju sem er lausfryst í pokum eða fryst í blokkir á hafnarvog skv. 7. gr.

② Aðila sem hefur endurvigtunarleyfi er heimilt að endurvigta frysta rækju og skal þá löggiltur vigtarmaður standa að vigtun í samræmi við reglur Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins frá 1. janúar 1990, um aðferð til ákvörðunar á nettóþyngd sjófrystrar rækju.

36. gr.

① Forsoðin rækja sem fryst er í öskjur skal ávallt vegin skv. ákvæðum 7. gr. Vigtarmaður á hafnarvog skal draga þyngd umbúða frá vegnu aflamagni.

② Hrárækja sem fryst er í öskjur skal ávallt vegin skv. ákvæðum 7. gr. Vigtarmaður á hafnarvog skal draga þyngd umbúða frá vegnu aflamagni. Frá þannig vegnu aflamagni frystrar hrárækju skal síðan draga 10% vegna vatns í afla.

③ Á vigtarnótu skal tilgreina þau atriði sem fram koma í 43. gr. eftir því sem við á.

37. gr.

① Rækju sem veidd er vestan 26°00'V og norðan 65°30'N (á Dohrbanka) skal haldið aðgreindri frá annarri rækju eða auðkennd og skal hún vegin sérstaklega. Sérstaklega skal getið um þann afla í tilkynningu til Fiskistofu skv. 40. gr.

*Vigtun á uppsjávarfiski.*

38. gr.

① Vigtun uppsjávarfisks sem fer í hráefnisgeymslu fiskmjölsverksmiðju skal fara fram í samræmi við ákvæði 1. mgr. 19. gr. Vigtarnóta skal ávallt send til löndunarhafnar þegar að vigtun lokinni þó eigi síðar en innan tveggja virkra daga frá löndun aflans.

② Vigtun uppsjávarfisks sem fer í vinnslu (frystingu eða söltun) skal fara fram í samræmi við ákvæði 1. mgr. 19. gr. Fiskistofu er heimilt að veita leyfi til vigtunar á pökkuðum afurðum. Vigtun á pökkuðum afurðum skal fara fram á löggilttri vog með eftirfarandi hætti fyrir hverja afurð:

1. Raunþyngd eininga skal fundin með vigtun á úrtaki. Löggiltur vigtarmaður sem annast vigtunina skal velja af handahófi a.m.k. 5 einingar á klst. þegar vinnsla fer fram. Á hverjum sólarhring skal vigta a.m.k. 30 einingar en þó er ekki gerð krafa um vigtun á fleiri en 70 einingum af hverri vinnslulínu.
2. Meðaltal vigtaðrar raunþyngdar eininga, að frádregnum umbúðaþunga, skal fundið og margfaldað með fjölda framleiddra eininga og skal niðurstaðan skráð á vigtarnótu.
3. [Allan afskurð, hausa, slóg og fráflokk skal vigta og niðurstaðan skráð á vigtarnótu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 436/2019, 1. gr.

39. gr.

☐ [Löggiltur vigtarmaður sem annast vigtun á uppsjávarfiski til vinnslu, sbr. 2. mgr. 38. gr., skal ganga frá og gefa út vigtarnótu þar sem eftirtalin atriði koma fram:]<sup>1)</sup>

1. Nafn skips og skrásetningarnúmer ásamt umdæmisnúmeri.
2. Löndunarhöfn og löndunardagur.
3. Viðtakandi afla.
4. Fyrir hverja afurð komi eftirtaldar upplýsingar fram:
  - a. Fjöldi framleiddra eininga.
  - b. Fjöldi eininga í úrtaki.
  - c. Heildarþungi úrtaks.
  - d. Nettóþungi úrtaks (heildarþungi að fráðregnum þunga bretta, umbúða og íss).
  - e. Nettóþungi einingar (nettóþungi úrtaks deilt með fjölda eininga í úrtaki).
  - f. Nettóþungi afurðar (nettóþungi einingar margfaldaður með heildarfjölda eininga).
5. [Nettóþungi afskurðar, hausa, slógs og fráflökks.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 861/2020 <sup>2)</sup>Rg. 436/2019, 2. gr.

[[39. gr. A]<sup>1)</sup>

*Vigtun á sjávargróðri.*

☐ Við vigtun á þörungum (þangi og þara) í atvinnuskyni skal aflfi veginn (blautvigt) á hafnarvog, nema gefið sé heimavigtunarleyfi. Hagnýta skal aðra hvora eftirgreindra aðferða:

- A) *Pokavigtun.* Vigtun á pokum við löndun. Færa skal skráningu á einstök skip þ.m.t. sláttupramma.
- B) *Safnvigtun.* Vigtun í lausu máli frá skipi við löndun. Í þessum tilvikum skal áætla aflamagn hvers skips þ.m.t. pramma við vigtunina.

☐ Að auki skal skrá uppruna þangsins eftir heitum fasteigna (eða landnúmeri).

☐ Óheimilt er að framkvæma endurvigtun á þörungum. Heimilt er að færa afla milli skipa við söfnun á sjó.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 91/2018. <sup>2)</sup>Rg. 617/2018.

## VIII. KAFLI

### **Skip er vinna afla um borð.**

40. gr.

☐ Skipstjórar skipa er vinna afla um borð frekar en að blóðga, slægja og ísa, skulu strax þegar veiðum er hætt tilkynna Fiskistofu í símskeyti, eða með öðrum hætti sem Fiskistofa viðurkennir, um áætlað magn hvernar afurðar eins nákvæmlega og unnt er ásamt fyrirhuguðum löndunardegi og löndunarstað. Er þeim skylt að landa afurðum sínum á Íslandi.

☐ Þá skulu skipstjórar í lok hvernar veiðiferðar og áður en löndun hefst tilkynna viðkomandi löndunarhöfn skriflega og á því formi sem Fiskistofa ákveður, um áætlaðan fjölda eininga (t.d. kassa og/eða pakkninga) sem landað er af hverri afurð og þunga umbúða hvernar einingar.

☐ Í tilkynningunni skal einnig geta þess hvort einstakar afurðir, aðrar en flök, eru íshúðaðar sérstaklega.

☐ Vigtarmaður skal því aðeins draga frá niðurstöðu vigtunar afurða vegna þyngdar umbúða og sérstakrar íshúðunar, sbr. 3. mgr. 41. gr., hafi tilkynning skipstjóra borist löndunarhöfn. Tilkynningar þessar skulu varðveittar hjá löndunarhöfn í samræmi við ákvæði 53. gr. Vigtun afurða skv. þessum kafla skal ætíð framkvæmd af starfsmönnum hafnar, sbr. þó 28. gr.

☐ Afurðir skulu vightaðar þegar við löndun og skal vigtarnótu skilað til löndunarhafnar þegar að vigtun lokinni.

Ⓔ Einungis er heimilt að landa hluta af tiltekinni afurð vinnsluskips ef allri framleiðslu tiltekinna daga er landað ásamt tilheyrandi nýtingarsýnum.

#### 41. gr.

Ⓐ Löggiltur vigtarmaður skal af handahófi velja það úrtak sem vigta skal þannig að það gefi sem réttasta mynd af afurðinni. Úrtakið skal miðað við áætlun skipstjóra hvað varðar fjölda eininga af viðkomandi afurð og skal vera í samræmi við auglýsingu nr. 213/2010 um reglur um lágmarksúrtak og framkvæmd vigtunar við úrtaksvigtun. Með vigtun úrtaks skal finna meðalþyngd hverrar einingar í viðkomandi afurð.

Ⓑ Við útreikning á afla skal leggja til grundvallar meðalþunga eininga sem teknar voru í úrtak af hverri afurð, þunga umbúða, reglur um ís í umbúðum, sbr. 3. mgr., og nýtingarstuðla.

Ⓒ Þegar tekið er tillit til íss í afurðum skal margfalda nettóþunga flaka með 0,98. Heilfrysta grálúðu skal margfalda með 0,97, heilfrystan karfa með 0,96 og lausfryst íshúðuð flök skal margfalda með 0,95. Um frádrátt vegna íss í öðrum afurðum sem sérstaklega eru íshúðaðar fer samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins.

#### 42. gr.

Ⓐ Saltaðar afurðir skulu vegnar skv. ákvæðum 7. gr.

Ⓑ Endurvigtun á saltfiski skal framkvæmd þannig að afurðir sem legið hafa minnst fjóra daga í þekli og teljast full þækilsaltaðar (vatnsinnihald minna en 60%) skulu teknar úr þeklinum og allt laust salt skal slegið af fiskinum. Vigtun afurða fer fram í samræmi við ákvæði II. kafla. Auglýsing nr. 213/2010 um reglur um lágmarksúrtak og framkvæmd vigtunar við úrtaksvigtun á ekki við um saltaðar afurðir.

Ⓒ Við útreikning á afla skal leggja til grundvallar meðalþunga eininga sem teknar voru í úrtak af hverri afurð, þunga umbúða og nýtingarstuðla.

#### 43. gr.

Ⓐ Löggiltur vigtarmaður sem annast vigtun á afurðum skipa skv. þessum kafla skal ganga frá og gefa út vigtarnótu þar sem eftirtalin atriði koma fram:

1. Nafn skips og skrásetningarnúmer ásamt umdæmisnúmeri.
2. Löndunarhöfn og löndunardagur.
3. Viðtakandi afurða.
4. Fyrir hverja afurð komi eftirtaldar upplýsingar fram:
  - a. Fjöldi eininga skv. talningu við löndun.
  - b. Fjöldi eininga í úrtaki.
  - c. Heildarþungi úrtaks.
  - d. Nettóþungi úrtaks (heildarþungi að frádrögnum þunga bretta, umbúða og íss).
  - e. Nettóþungi einingar (nettóþungi úrtaks deilt með fjölda eininga í úrtaki).
  - f. Nettóþungi afurðar (nettóþungi einingar margfaldaður með heildarfjölda eininga).

### X. KAFLI Eldisfiskur.

#### 44. gr.

Ⓐ Þyngd fisks sem fangaður er til áframeldis skal ákvörðuð við flutning farms í eldiskví og skal beita annarri af eftirfarandi aðferðum:

1. Heildarmagn fiska skal vegið með viðurkenndri krókavog.

2. Heildarfjöldi fiska skal talinn og 5% þeirra skulu valin af handahófi en þó að lágmarki 30 fiskar og að hámarki 200 fiskar og skal það sem þannig er valið vegið með löggiltri vog, meðalþyngd fisks fundin og uppreiknuð á heildarfjölda fiska.

② Farmur telst það magn fiska sem flutt er í einni ferð í eldiskví. Vigtun og talning fiska skal framkvæmd af vigtarmanni sem hlotið hefur löggildingu til vigtunar.

③ Fiskistofa getur heimilað notkun lífmassamælis til ákvörðunar aflamagns. Rekstraraðila ber að tilkynna Fiskistofu um aðferð við ákvörðun aflamagns.

④ Sé fiski safnað í sérstaka kví til geymslu (söfnunarkví) skal skipstjóri á veiðiskipi sem losar fisk í söfnunarkví gefa út undirritaða staðfestingu þar sem fram kemur áætlað magn afla og skal staðfestingin send á hafnarvog í lok hvers veiðidags til aflaskráningar. Ekki má geyma fisk lengur en einn mánuð í söfnunarkví.

#### 45. gr.

① Skipstjóri fiskiskips og rekstraraðili eldisstöðvar bera ábyrgð á því að afli sé veginn í samræmi við reglugerð þessa.

② Aðili sem ákvarðar þyngd fisks skal fylla út og undirrita vigtarnótu þar sem eftirfarandi atriði skulu koma fram:

1. Rekstrarleyfisnúmer og auðkenni kvíar.
2. Nafn skips og skrásetningarnúmer ásamt umdæmisnúmeri.
3. Dagsetning flutnings fisks.
4. Nafn og kennitala seljanda og kaupanda fisks.
5. Veiðarfæri.
6. Heildarfjöldi fiska og meðalþyngd fiska í úrtaki, sundurliðað eftir tegundum.
7. Aflamagn, sundurliðað eftir tegundum.

③ Vigtarnóta skal send til viðkomandi hafnar strax að vigtun lokinni.

#### 46. gr.

① Við slátrun skal eldisfiskur veginn í samræmi við ákvæði I., II. eða III. kafla reglugerðar þessarar eftir því sem við á.

② Þó getur Fiskistofa, samkvæmt skriflegri beiðni aðila og að fenginni umsögn hafnaryfirvalda á viðkomandi löndunarstað, heimilað vigtun eldisfisks, sem landað hefur verið lifandi til slátrunar, með öðrum hætti. Slíkt leyfi skal þó því aðeins veitt að innra eftirlit fyrirtækisins sé traust auk þess sem vigtunarbúnaður sé löggiltur og vigtun framkvæmd af löggiltum vigtarmanni. Áður en leyfi er veitt skal Fiskistofa meta hvort búnaður umsækjanda sé með þeim hætti að honum sé unnt að fara í hvívetna að skilyrðum leyfisins. Leyfi sem veitt er samkvæmt þessari heimild skal bundið við nafn og kennitölu umsækjanda og veitir leyfið rétt til vigtunar á eldisfiski til slátrunar í því húsnæði sem tilgreint er í leyfisbréfi og með þeim skilyrðum sem þar er kveðið á um. Leyfið gildir til allt að tveggja ára. Vigtun sem fyrirhuguð er á grundvelli þessa leyfis skal tilkynna Fiskistofu með að lágmarki þriggja virkra daga fyrirvara og skal í tilkynningu koma fram hve miklu er áætlað að slátra ásamt fisktegund.

### XI. KAFLI

#### Hafnaryfirvöld.

#### 47. gr.

① Hafnaryfirvöld skulu tryggja að upplýsingar um vigtun landaðs afla, sbr. 10. gr., séu færðar í aflaskráningarkerfi Fiskistofu. Skráning afla samkvæmt vigtarnótu vigtunaleyfishafa skal fara fram svo skjótt sem verða má og aldrei síðar en einum virkum degi eftir að vigtarnóta liggur fyrir hjá viðkomandi höfn.

② Berist upplýsingar um endurvigtun frá endurvigtunarleyfishafa ekki til löndunarhafnar innan frests sem veittur er til vigtunar skv. 1. mgr. 16. gr. eða berist vigtarnóta frá öðrum aðila en þeim sem tilgreindur var sem viðtakandi aflans við vigtun á hafnarvog, gildir vigtun á hafnarvog, skv. 7. gr. nema Fiskistofa heimili annað.

③ Berist upplýsingar um nettóvigtun ekki frá heimavigtunarleyfishafa innan frests sem veittur er til að skila vigtarnótu, sbr. 3. mgr. 23. gr., skal brúttóvigtun gilda, sbr. 1. mgr. 23. gr., nema Fiskistofa heimili annað.

48. gr.

① Hafnaryfirvöld á hverjum löndunarstað skulu hafa umsjón með vigtun afla og söfnun upplýsinga um landaðan afla. Hafnaryfirvöld skulu hafa umsjón með að þeim reglum sem settar hafa verið um vigtun á hverjum löndunarstað sé framfylgt.

② Starfsmenn hafnarvoga skulu sannreyna að uppgefin tegund vigtaðs afla sé rétt, m.a. með beinni skoðun úrtaks úr lönduðum afla eftir því sem við á. Sama á við varðandi afla sem gefinn er upp sem undirmálsafla.

③ Verði hafnaryfirvöld vör við að brotið sé gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skulu þau tilkynna það Fiskistofu.

49. gr.

① Hafnaryfirvöld skulu meta hvort upplýsingar sem fram koma á vigtarnótum séu trúverðugar. Telji hafnaryfirvöld upplýsingar sem koma fram á vigtarnótu ótrúverðugar skulu þau tilkynna það Fiskistofu.

## XII. KAFLI Ýmis ákvæði.

50. gr.

① Sé fyrirhugað að flytja út óunninn afla til sölu erlendis sem þegar hefur verið endanlega vigtaður og skráður í aflaskráningarkerfi Fiskistofu, skal útflytjandi (umráðamaður viðkomandi afla) tryggja að áður en afli er settur um borð í flutningsfarið sé tilkynnt til Fiskistofu um þau veiðiskip sem veitt hafa umræddan afla og um útlutt aflamagn sundurliðað eftir tegundum eins nákvæmlega og unnt er. Við útflutning afla er heimilt að fylla ílát með öðrum tegundum sé magn einstakra tegunda það lítið að ekki fylli ílát. Í slíkum tilfellum skal hver tegund vera aðskilin og ílátið merkt sérstaklega með upplýsingum um þær tegundir sem í því eru. Aldrei er þó heimilt að flytja út þorsk með öðrum tegundum í sama íláti.

51. gr.

① Teljist undirmálsafla að hluta utan aflamarks skal honum haldið aðgreindum frá öðrum afla og hann veginn sérstaklega. Löggiltur vigtarmaður skal staðfesta á vigtarnótu hversu mikill undirmálsafla er í hverri veiðiferð.

② Allur undirmálsafla seldur óunninn erlendis reiknast að fullu til aflamarks.

52. gr.

① Teljist afli utan aflamarks samkvæmt 8. og 9. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, skal honum haldið aðgreindum frá öðrum afla og hann veginn sérstaklega. Löggiltur vigtarmaður skal staðfesta á vigtarnótu hversu mikill afli þessi er í hverri veiðiferð. Skyld er að landa slíkum afla innanlands á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla og skal hann boðinn þar upp. Löggiltur vigtarmaður á uppboðsmarkaði skal fylla út og undirrita vigtarnótu þar sem fram koma upplýsingar sem við eiga og tilgreindar eru í 10. gr. reglugerðar þessarar. Að sölu lokinni skulu forráðamenn uppboðsmarkaðar standa skil á þeim hluta andvirðis, sem rennur til sjóðs, sbr.

3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, í samræmi við ákvæði laga um stjórn fiskveiða þar um.

② Fari sá hluti afla sem reiknast ekki til aflamarks skips samkvæmt ákvæðum 9. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, yfir 0,5% af uppsjávarafla, eða 5% af öðrum sjávarafla eða ef ekki hefur verið farið að ákvæðum 10. gr. greinar við sölu aflans, skal Fiskistofa endurreikna aflamarksstöðu skipsins þannig að sá hluti aflans skráist til aflamarks viðkomandi skips að fullu.

53. gr.

① Fiskistofa getur ákveðið í hvaða formi vigtarnótur skuli vera. Óheimilt er að nota vigtarnótur sem eru í öðru formi en Fiskistofa ákveður. Þá getur Fiskistofa gert kröfu um að allar vigtanir í vigtunarbúnaði endurvigtunarleyfishafa sem vigtar í sífellu, séu skráðar og aðgengilegar eftirlitsmönnum.

② Reglur um meðferð og varðveislu bókhaldsgagna gilda um vigtarnótur.

54. gr.

① Eftirlitsmönnum Fiskistofu og starfsmönnum hafnaryfirvalda er heimill aðgangur að fiskiskipum, flutningsförum, fiskverkunum, fiskmörkuðum og birgðageymslum sem nauðsynlegur er til að vigta afla eða hafa eftirlit með vigtun hans.

### XIII. KAFLI

#### Viðurlög.

55. gr.

① Sigli fiskiskip með afla af miðum til sölu á markaði erlendis, skal útgerð og skipstjóri fiskiskipsins tryggja að Fiskistofu séu sendar upplýsingar um aflann eigi síðar en 24 klst. áður en lagt er af stað.

② Fiskistofu er heimilt að veita fiskiskipum leyfi til að afla sem veiddur er úr íslenskum deilistofnum sé landað erlendis, sama gildir ef sérstaklega stendur á, t.d. vegna alvarlegrar vélarbilunar hjá skipi sem vinnur afla um borð. Innheimta skal kostnað vegna ferðar eftirlitsmanns til að fylgjast með löndun úr skipinu erlendis, samkvæmt framlögðum reikningum, auk daggjalds vegna veru eftirlitsmanns um borð í skipi fyrir hvern starfsdags eftirlitsmanns samkvæmt auglýsingu nr. 1177/2015, um gjaldskrá Fiskistofu.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Gjaldskrá Fiskistofu nr. 1404/2022.

56. gr.

① Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum, samkvæmt VI. kafla laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og IV. kafla laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. [...] <sup>1)</sup>

② [Þá er Fiskistofu heimilt að afturkalla vigtunarleyfi vinnslustöðva, fiskmarkaða eða annarra aðila sem fengið hafa vigtunarleyfi, sé ekki af þeirra hálfu farið að ákvæðum reglugerðar þessarar.] <sup>2)</sup> Einnig getur Fiskistofa afturkallað viðurkenningu sína á erlendum uppboðsmarkaði, eða svipt aðila leyfi til að annast vigtun afla og skýrslugjöf vegna afla sem fluttur er á markað erlendis brjóti hann gegn ákvæðum leyfisbréfs eða reglugerðar þessarar.

③ Ráðuneytinu er heimilt, að fengnum tillögum Fiskistofu, að svipta uppboðsmarkað fyrir sjávarafla rekstrarleyfi samkvæmt lögum um það efni ef markaður eða þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn ákvæðum III. kafla laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar eða reglugerð þessari

<sup>1)</sup>Rg. 1153/2021, 19. gr. <sup>2)</sup>Rg. 399/2021, 2. gr.

57. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 224/2006, um vigtun og skráningu sjávarafla með síðari breytingum.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 31. ágúst 2016.*





## Reglugerð

### nr. 659/2014, um vigtun og skráningu meðafla við veiðar á uppsjávarfiski.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 659/2014 sbr. rg. 862/2020.

#### 1. gr.

⊠ Reglugerð þessi tekur til íslenskra skipa sem stunda veiðar á kolmunna, loðnu, makríl, norsk-íslenskri síld og íslenskri sumargotssíld og landa afla sínum á Íslandi. Jafnframt tekur reglugerð þessi til erlendra skipa sem stunda veiðar innan íslenskrar lögsögu og landa afla sínum á Íslandi.

#### 2. gr.

⊠ Vigtunarleyfishafi sem tekur á móti uppsjávarfiski sbr. 1. gr. til bræðslu, skal taka sýni úr afla svo sem mælt er fyrir um í þessari grein. Niðurstaða sýnatöku skal lögð til grundvallar við ákvörðun magns og skráningu einstakra tegunda meðafla.

⊡ Fyrir löndun skal skipstjóri tilkynna til vigtunarleyfishafa um áætlað aflamagn.

⊢ Úr hverjum farmi sem er meira en 100 lestir skulu tekin 5 sýni. Hvert sýni skal vega um það bil 100 kg. Skulu sýni valin þannig að dregnar skulu út slembitölur fyrir hverja heila lest á talnabilinu frá einum til áætlaðs heildarafla. Þegar löndunartegund sýnir útdregna slembitölu skulu sýni tekin.

⊣ Sýnin skulu sett í kar og merkt með númeri og þau vegin til að ákvarða heildarþunga hvers sýnis. Starfsmenn vigtunarleyfishafa skulu tegundaflokka meðafla, telja fiska af kvótabundnum meðafla tegundum og vigta magn hverrar tegundar í hverju sýni (kari). Magn meðafla í hverri tegund skal síðan uppreiknað með tilliti til heildarafla hverrar löndunar og skal sá meðafli skráður til afla viðkomandi fiskiskips í aflaskráningarkerfi Fiskistofu.

⊤ Við framkvæmd sýnatöku skulu aðferðir og búnaður samræmd milli vinlustöðva í samráði við Fiskistofu.

⊥ Allar niðurstöður mælinga skulu skráðar á sérstök eyðublöð sem skulu varðveitt í a.m.k. tvö ár.

#### 3. gr.

⊠ Uppsjávarafla sem landað er til vinnslu skal vigta samkvæmt ákvæðum reglugerðar um vigtun sjávarafla og skal hver tegund vegin sérstaklega. Fari afli til bræðslu, þrátt fyrir að honum hafi verið landað til vinnslu, skal með hann fara samkvæmt ákvæðum 2. gr.

⊡ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er vigtunarleyfishafa sem tekur á móti uppsjávarfiski til vinnslu heimilt að taka sýni úr afla. Sýni skal tekið úr fyrstu 10 tonnum farms sem landað er, þá skal sýni tekið úr hverjum 30 tonnum sem landað er í kjölfarið. Hvert sýni skal vega um það bil 30 kg og skal það valið af handahófi áður en afli er stærðarflokkaður. Hvert sýni skal vegið til að ákvarða heildarþunga hvers sýnis. Starfsmenn vigtunarleyfishafa skulu tegundaflokka meðafla, telja fiska af kvótabundnum meðaflategundum og vigta magn hverrar tegundar í hverju sýni. Magn meðafla í hverri tegund uppsjávarfisks skal síðan uppreiknað með tilliti til heildarafla hverrar löndunar og skal sá meðafli skráður til afla viðkomandi fiskiskips í aflaskráningarkerfi Fiskistofu. [Við vigtun á pökkuðum afurðum skulu enn fremur koma fram á vigtarnótu upplýsingar um afdrif hverrar tegundar til vinnslu eða bræðslu.]<sup>1)</sup> Aðrar tegundir sem flokkast frá við stærðarflokkun afla skulu teknar frá og flokkaðar og vigtaðar sérstaklega.

<sup>1)</sup>Rg. 862/2020.

4. gr.

☐ Skipstjóri skal taka sýni úr síldarafla sem veiddur er austan 17°00' V. Sýni skulu tekin úr hverju kasti eða togi og skal sýnatakan fara fram fyrir stærðarflokkun afla og framkvæmd þannig að tekið skal eitt 50 sílda sýni úr hverju kasti eða togi. Hvert sýni skal aðgreint til tegunda í samræmi við kynþroskastig. Skipstjóri skal ávallt tilkynna hlutfall síldartegunda ásamt áætluðu aflamagni til vigtunarleyfishafa, Fiskistofu<sup>1)</sup> og viðkomandi löndunarhafnar, fyrir löndun.

☐ Magn hverrar síldartegundar skal síðan uppreiknað með tilliti til heildarafla hverrar löndunar og skal hver síldartegund skráð til afla viðkomandi fiskiskips í aflaskráningarkerfi Fiskistofu. Allar niðurstöður mælinga skulu skráðar á sérstök eyðublöð sem skulu varðveitt í a.m.k. tvö ár.

<sup>1)</sup>Tilkynning sendist til [uthafsv@fiskistofa.is](mailto:uthafsv@fiskistofa.is)

5. gr.

☐ Vinnsluskipum sem frysta loðnu, síld, makríl og kolmunna um borð er heimilt að blanda saman í lestum fráflokkaðri tegund sem ekki er hæf til vinnslu og afskurði sem fellur til við vinnsluna. Sé það gert skal skipstjóri, áður en löndun hefst, tilkynna vigtunarleyfishafa um í hvaða lestum fráflokkuð tegund og afskurður er. Öllum afskurði og fráflokkaðri tegund skal landað og sýni tekin til að sannreyna magn heillar tegundar í samræmi við ákvæði 2. gr. Ef magn afskurðar og hausa í afla vinnsluskipa uppsjávarafla er ekki í samræmi við uppgefna vinnslunýtingu í viðkomandi veiðiferð, er Fiskistofu heimilt að skrá það sem umfram er sem heilan fisk. Slík skráning skal, hvað magn og tegundir varðar, vera í samræmi við hlutfall tegunda í uppsjávarafla í viðkomandi veiðiferð.

6. gr.

☐ Um vigtun uppsjávarafla og meðafla og skráningu hans gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 224/2006, um vigtun og skráningu sjávarafla,<sup>1)</sup> með síðari breytingum.

<sup>1)</sup>Gildandi rg. 745/2016, sbr. 1011/2017, 91/2018, 617/2018, 436/2019, felldi eldri reglugerð úr gildi og 325/2020.

7. gr.

☐ Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum. Þá er Fiskistofu heimilt að áminna vigtunarleyfishafa eða afturkalla leyfi hans til vigtunar ef vigtunarleyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum þessarar reglugerðar í samræmi við ákvæði laga nr. 57/1996, með síðari breytingum.

8. gr.

☐ Reglugerð þessi er gefin út samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast gildi 14. júlí 2014. Frá sama tíma eru felld úr gildi reglugerð nr. 246/2008, um vigtun og skráningu meðafla við veiðar á uppsjávarfiski, með síðari breytingum.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 7. júlí 2014.*

## Reglugerð nr. 468/2013, um nýtingu afla og aukaafurða.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 468/2013 sbr. rg. 237/2019, rg. 1256/2020, rg. 289/2021, rg. 331/2021, rg. 1201/2021, rg. 1464/2021 og rg. 341/2022.

### 1. gr.

☐ Skylt er að hirða og landa öllum afla sem í veiðarfæri kemur í íslenski lögsögu, með þeim undantekningum sem í reglugerð þessari greinir.

☐ [Sé afla sleppt í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar eða annarra reglna skal skrá í rafræna afladagbók eða snjalltækjaforrit tegund og áætlað magn í kílóum sem sleppt var.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 1256/2020

### 2. gr.

☐ Heimilt er að varpa fyrir borð þeim fisktegundum sem ekki eru háðar takmörkun á leyfilegum heildarafla, enda verði þær ekki taldar hafa verðgildi.

☐ Heimilt að varpa fyrir borð innyflum, hausum og öðru slíku sem fellur til við verkun og vinnslu afla um borð í veiðiskipum, en ávallt skal nýta þetta hráefni eftir því sem kostur er. Að auki gilda eftirtalin skilyrði:

- A. Fyrir öll skip gildir: Skylt er að hirða og koma með að landi öll þorsk- og ufsahrogn. [Skylt er einnig að hirða og koma með að landi hausa og allan afskurð sem fellur til við vinnslu á makríl og íslenski sumargotssíld og norsk-íslenski síld.]<sup>1)</sup>
- B. Fyrir önnur skip en þau er vinna afla um borð gildir: Skylt er að koma með að landi alla þorsklifur auk ufsa-, löngu-, keilu- og skötuselslifur.
- C. Fyrir skip sem vinna afla um borð gildir: [Skylt er að hirða og koma með að landi alla grálúðuhausa og grálúðusporða.]<sup>2)</sup> Skipum sem vinna afla um borð og eru með nýtanlegt lestarrúmmál (effective space) 600-800 m<sup>3</sup> er skylt að hirða og koma með að landi að lágmarki 30% af þorskhausum sem til falla við veiðar á hverju fiskveiðiári. Skipum sem eru með nýtanlegt lestarrúmmál meira en 800 m<sup>3</sup> er skylt að hirða og koma með að landi að lágmarki 40% af þorskhausum sem til falla við veiðar á hverju fiskveiðiári. Heimilt er þessum skipum í stað hausa, að koma með samsvarandi magn af gellum, kinnum og/eða fésnum að landi eða af öðrum afurðum sem unnar eru úr hausum um borð. Jafnframt er svo skylt að hirða og koma með að landi allan afskurð sem fellur til við snyrtingu á þorsk-, ýsu-, karfa- og ufsaflökum um borð í skipum sem vinna afla um borð. Lestarrúmmál skipa samkvæmt þessum lið skal staðfest af Siglingastofnun Íslands.

<sup>1)</sup>Rg. 1464/2021, 1. gr. <sup>2)</sup>Rg. 1464/2021, 2. gr.

### 3. gr.

☐ [Við hrognkelsaveiðar er skylt að koma með öll hrognkelsi að landi, þó er heimilt að sleppa lífvænlegum rauðmaga.]<sup>1)</sup> Skipum sem stunda netaveiðar, aðrar en grásleppuveiðar samkvæmt sérstöku leyfi Fiskistofnu, er skylt að sleppa allri grásleppu sem er lifandi í netum þegar þau eru dregin.

☐ [Heimilt er að sleppa lífvænlegum hlýra.]<sup>2)</sup>

☐ [Heimilt er að sleppa lífvænlegri tindaskötu.]<sup>3)</sup>

☐ Um skyldu til að sleppa lúðu fer samkvæmt reglugerð<sup>4)</sup> um veiðar á lúðu.

<sup>1)</sup>Rg. 237/2019. <sup>2)</sup>Rg. 1256/2020. <sup>3)</sup>Rg. 1201/2021. <sup>4)</sup>Rg. 470/2012, sbr. 522/2013, 1028/2013.

4. gr.

☐ Komi afla í veiðarfæri fiskiskips sem er selbitinn eða skemmdur á annan hátt og sem ekki er unnt að komast hjá við tiltekna veiðar, skal ekki reikna þann afla til aflamarks skipsins. Þessum afla skal haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins, hann veginn og skráður sérstaklega. Afla þennan er eingöngu heimilt að nýta til bræðslu.

5. gr.

☐ Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er heimilt að varpa fyrir borð afla í rannsóknarleiðöngurum Hafrannsóknastofnunar, sem ekki er mögulegt að nýta vegna þrengsla um borð eða vegna skipulags og framkvæmdar leiðangurs.

6. gr.

☐ Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 57/1996, um umgengi um nytjastofna sjávar með síðari breytingum.

7. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. gr. laga nr. 57/1996, um umgengi um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. september 2013 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 810/2011, um nýtingu afla og aukaafurða, með áorðnum breytingum.

**Ákvæði til bráðabirgða:**

☐ [Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 1. mgr. 3. gr. er heimilt að varpa hvelju af grásleppu fyrir borð á grásleppuvertíð 2021.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 331/2021, 1. og 2. gr. Gildistími þessa ákvæðis skv. 2. gr. var til 12. ágúst 2021.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. maí 2013.*

## [Reglugerð nr. 298/2020, um skráningu og skil aflaupplýsinga.]<sup>1)2)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 394/2022, 8. gr. <sup>2)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 298/2020 sbr. rg. 603/2021 og rg. 394/2022.

### 1. gr.

☐ [Reglugerð þessi gildir um skráningu og skil aflaupplýsinga íslenskra skipa jafnt innan sem utan íslensku fiskveiðilögsögunnar.

☐ Öll skip er stunda veiðar í atvinnuskyni eða þörungaslátt skulu skila upplýsingum sem kveðið er á um í reglugerð þessari til vefþjónustu Fiskistofu með búnaði sem uppfyllir kröfur um vefþjónustu og hefur hlotið samþykki Fiskistofu. Fiskistofa veitir tæknilegar upplýsingar um hvernig skal tengjast vefþjónustu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 394/2022, 1. gr.

### 2. gr.

☐ Upplýsingar sem skráðar eru skv. 3. gr. skulu nýttast í vísindalegum tilgangi fyrir Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, sem eftirlitsgögn fyrir Fiskistofu og Landhelgisgæslu og til annarra verkefna sem varða stjórnun fiskveiða. Hafrannsóknastofnun er heimilt að veita öðrum rannsóknaraðilum aðgang að gögnunum sem ekki eru rekjanleg til einstakra skipa til vísindarannsókna er varða stjórn fiskveiða. Að öðru leyti skulu upplýsingarnar vera trúnaðarmál milli allar ofangreindra aðila.

### 3. gr.

☐ Skipstjórar skulu skrá eins nákvæmlega og unnt er eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafn skips og skipaskránumer.
2. Veiðarfæri, gerð og stærð.
3. [Staðarákvörðun (breidd, lengd og dýpi).]<sup>1)</sup>
4. Afli eftir magni og tegundum.
5. Veiðidagur.
6. Löndunarhöfn og löndunardagur.
7. Sjófugl eftir fjölda og tegundum.
8. Sjávarspendýr eftir fjölda og tegundum.
9. Upplýsingar um afla, sem veiddur er en sleppt í samræmi við fyrirmæli laga eða annarra stjórnvaldsfyrirmæla.
10. Upplýsingar um tíma veiðarfæra í sjó, hvenær þau eru lögð og hvenær þau eru tekin upp.

☐ Upplýsingar um afla sem fæst við veiðar, t.d. í hverju togi, kasti eða lögn, skal skrá svo fljótt sem verða má eftir að frágangi hans lýkur.

☐ [...] <sup>2)</sup>

☐ Ef fleiri en eitt skip stunda veiðar með sama veiðarfæri í sömu veiðiferð, skal skráð hvaða skip stunda veiðarnar. Aflann skal einungis skrá hjá því skipi sem tekur aflann um borð.

☐ [Ef afla er dælt úr veiðarfæri skips yfir í lestar annars skips þá skal afli skráður hjá báðum skipum. Skipið sem veiðir aflann skal skrá í reitinn fyrir aflamagn upplýsingar um magn og tegundir þess afla sem það dælir í eigin lestar en í reit fyrir athugasemdir skal skrá upplýsingar um tegundir og magn þess afla sem dælt er yfir í móttökuskipið. Einnig á að skrá þar nafn og alþjóðlegt kallmerki (IRCS) móttökuskipis. Skipið sem tekur á móti aflanum skal skrá upplýsingar um magn og tegundir

þess afla sem það fær frá veiðiskipinu í reitinn fyrir aflamagn. Í reit fyrir athugasemdir skal skrá nafn og alþjóðlegt kallmerki (IRCS) veiðiskips.]<sup>1)</sup>

⑥ Við slátt á þörungum skal skrá hjá hverju skipi um sig, þ.m.t. pramma, upplýsingar um magn þörunga (blautvigt) sem tekið er innan netlaga hverrar fasteignar (sjávarjarðar). Hlutaðeigandi landeigandi á rétt á aðgangi að upplýsingum úr aflaskráningu um þörungaslátt fyrir sinni landareign.

<sup>1)</sup>Rg. 394/2022, 2. gr. <sup>2)</sup>Rg. 394/2022, 3. gr. <sup>3)</sup>Rg. 609/2021.

#### 4. gr.

① [Skipstjóri skal senda upplýsingar samkvæmt 3. gr. til vefþjónustu Fiskistofu áður en skipi er lagt að bryggju í löndunarhöfn að lokinni veiðiferð.

② Einnig er heimilt að skrá og skila aflaupplýsingum á formi sem finna má á vefsíðu Fiskistofu enda komi fram fullnægjandi aflaupplýsingar samkvæmt 3. gr. og skulu upplýsingar liggja fyrir og þeim skilað með rafrænni undirritun sbr. tímamark í 1. mgr., þ.e. áður en veiðiferð lýkur.

③ Fiskistofa getur, að teknu tilliti til aðstæðna, ákveðið að taka við aflaskráningum undirrituðum á pappír.

④ Heimilt er að taka þjónustugjald vegna kostnaðar sem fellur til hjá Fiskistofu vegna úrvinnslu aflaskráninga samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 394/2022, 4. gr.

#### 5. gr.

① [Ef upp kemur bilun í hugbúnaði eða vefþjónustu Fiskistofu í veiðiferð skal skipstjóri tilkynna Fiskistofu um bilunina svo fljótt sem auðið er. Jafnframt skal skipstjóri skrá eins nákvæmlega og unnt er áætlaðan afla á blað og undirrita áður en skipi er lagt að bryggju að lokinni veiðiferð.

② Senda skal Fiskistofu aflaupplýsingar innan 2 klukkustunda frá komu skips til löndunarhafnar, á formi sem finna má á vefsíðu Fiskistofu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 394/2022, 5. gr.

#### 6. gr.

① [Skylt er að veita eftirlitsmönnum Fiskistofu og starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands aðgang að aflaupplýsingum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 394/2022, 6. gr.

#### 7. gr.

① Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

#### 8. gr.

① Reglugerð þessi er sett, skv. lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 746/2016, um afladagbækur.

### **Ákvæði til bráðabirgða.**

[...] <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 394/2022, 7. gr.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 31. mars 2020.*

## Reglugerð

### nr. 994/2013, um skýrsluskil vegna viðskipta með sjávarafla.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

☐ Reglugerð þessi tekur til aðila sem stunda viðskipti með afla og forsvarsmanna útgerða vegna viðskipta með afla eða afurðir vinnsluskipa.

#### 2. gr.

##### *Skýrsluskil.*

☐ Aðilar samkvæmt 1. gr. skulu gera skýrslur og standa skil á þeim skýrslum til Fiskistofu, allt samkvæmt nánari fyrirmælum reglugerðar þessarar. Skýrslum skal skila á eyðublaði sem Fiskistofa gefur út eða með öðrum hætti sem Fiskistofa samþykkir.

#### 3. gr.

##### *Skilgreiningar.*

☐ Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka svo sem hér segir:

1. *Kaupandi afla*: Aðili sem kaupir afla hvort sem er til vinnslu eða endursölu, þ.m.t. kaup aðila á afla af eigin skipum.
2. *Afli*: Allur sjávarafli sem skylt er að koma með að landi skv. 2. mgr. 2. gr. . laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og reglugerð um nýtingu afla og aukaafurða.
3. *Afurð*: Sjávarafli sem meira hefur verið gert að en blóðga, slægja eða hausa.
4. *Vinnsluskip*: Skip þar sem frekari vinnsla fer fram en blóðgun, slæging eða hausun.
5. *Vinnsluaðili*: Aðili sem annast hvers konar vinnslu afla, aðra en blóðgun, slægingu eða hausun.
6. *Fiskmarkaður*: Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla.

#### 4. gr.

##### *Vigtarskýrsla.*

☐ Kaupandi afla skal mánaðarlega skila til Fiskistofu vigtarskýrslu yfir mótttekinn afla. Sérstök skýrsla skal gerð vegna hvers söluaðila.

☐ Í vigtarskýrslu skal færa eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafn og kennitölu seljanda.
2. Nafn og kennitölu kaupanda.
3. Afhendingardag.
4. Fisktegund.
5. Ástand afla, (slægt, hausað, ísað, heilfryst, hæft/óhæft).
6. Magn tegundar.
7. Kílóverð tegundar.
8. Ætli kaupandi afla öðrum aðila að annast vinnslu aflans skal tilgreina vinnsluaðila.
9. Ef afli/afurð er keypt/-ur beint af fiskiskipi skal jafnframt skrá:
10. Nafn skips.
11. Skipaskrárnúmer.
12. veiðarfæri.
13. Veiðisvæði.
14. Löndunarhöfn.
15. Löndunardag.

③ Ef afli er keyptur fyrir milligöngu fiskmarkaðar á uppboði þarf ekki að gera grein fyrir verði þess afla í vigtarskýrslu.

5. gr.

*Ráðstöfunarskýrsla.*

① Kaupandi afla skal mánaðarlega skila einni skýrslu sem tilgreinir ráðstöfun keypts afla samkvæmt samanlögðum vigtarskýrslum hans.

② Í ráðstöfunarskýrslu skal færa eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafn kaupanda.
2. Nafn starfsstöðvar.
3. Ástand afla, (slægt, hausað, ísað, heilfryst).
4. Fisktegund.
5. Magn tegundar.
6. Vinnsluaðferð.
7. Birgðir í upphafi tímabils.
8. Fiskkaup á tímabilinu.
9. Fjárhæð sölu óunnins afla:
10. Til vinnslustöðvar.
11. Til útflutnings í gám.
12. Til útflutnings með flugfrakt.
13. Fjárhæð sölu til neyslu innanlands (magn).
14. Birgðastöðu í lok tímabils.

③ Ef kaupandi framselur afla skal hann skila skýrslu þar sem greint er frá nafni og kennitölu kaupanda afla, afhendingardegi, fisktegund, magni og ástandi afla við sölu.

6. gr.

① Kaupandi afla skal eigi síðar en 20. hvers mánaðar senda Fiskistofu skýrslur skv. 4. og 5. gr. vegna undanfarandi mánaðar.

7. gr.

*Vinnsluskip.*

① Útgerð vinnsluskipa skal eigi síðar en 30 dögum eftir að vinnsluskip lýkur veiðiferð og kemur til hafnar senda Fiskistofu skýrslu um magn og verð afla og einstakra afurða sem voru afrakstur veiðiferðar.

② Hafí afli/afurðir ekki verið seldur/-ar eða ekki liggur fyrir samningur við kaupanda um verð afla/afurða skal verð þeirra áætlað í samræmi við kjarasamning við áhöfn vinnsluskipans. Endanlegar upplýsingar um verð skal senda Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir sölu.

8. gr.

*Fiskmarkaður.*

① Fiskmarkaður skal mánaðarlega og eigi síðar en 15. hvers mánaðar senda Fiskistofu skýrslu með upplýsingum um seldan afla á uppboði í síðastliðnum mánuði. Þar skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar um einstök viðskipti:

1. Nafn fiskmarkaðar og kennitala.
2. Nafn seljanda.
3. Nafn skips og skipaskrárnúmer.
4. VSK-númer seljanda.
5. Nafn löndunarhafnar.
6. Löndunardagur.
7. Söludagur.



8. Fisktegund.
9. Ástand afla, (slægt, hausað, ísað, heilfryst, hæft/óhæft).
10. Nafn útgerðaraðila.
11. Gerð veiðarfærs.
12. Heiti veiðisvæðis.
13. Nafn kaupanda.
14. Magn tegundar.
15. Kílóverð tegundar.

9. gr.

*Veiðivottorð til að staðreyna löglegan uppruna afla og afurða.*

☐ Þegar ætlunin er að flytja afla eða afurðir af íslensku veiðiskipi inn á markað Evrópu-sambandsins skal Fiskistofa staðfesta veiðivottorð, sbr. viðaukann „Veiðivottorð Fiskistofu“ sem birtur er með þessari. Í veiðivottorði skulu koma fram auk upplýsinga um aflann eða afurðina, nafn skips, skipaskrárnúmer, veiðisvæði, löndunardagur, útgerðaraðili, löndunarhöfn og ákvörðunarstaður aflans eða afurðarinnar.

☐ Útflytjandi er ábyrgur fyrir útgáfu vottorðsins og skal senda Fiskistofu allar nauðsynlegar upplýsingar til staðfestingar á því.

☐ Fiskistofa sér um útgáfu og staðfestingu veiðivottorða samkvæmt þessari grein.

10. gr.

*Skýrslur útflytjanda óunnins afla.*

☐ Útflytjandi óunnins afla skal mánaðarlega senda til Fiskistofu skýrslu á því formi sem Fiskistofa ákveður, um sölu á aflanum, þar sem tilgreint er magn hverrar fisktegundar, söluverð eftir tegundum, ásamt skipaskrárnúmeri veiðiskips og löndunardeg. Ennfremur skal hann senda Fiskistofu afrit af viðkomandi sölunótum.

11. gr.

*Viðurlög.*

☐ Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum, skv. VI. kafla laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og IV. kafla laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

☐ Fiskistofu er heimilt að undangenginni skriflegri aðvörun að stöðva útgáfu og staðfestingu veiðivottorða skv. 9. gr. til útflytjenda sem vanrækt hafa skýrsluskil skv. 10. gr.

12. gr.

*Gildistaka.*

☐ Reglugerð þessi er sett með heimild í 16. gr. og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og 30. gr. laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 910/2001, um skýrsluskil vegna viðskipta með afla, með síðari breytingum.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. nóvember 2013.*

VIÐAUKI

**VEIÐIVOTTORÐ**



**Lýðveldið Ísland**

**Fiskistofa**

Dalshrauni 1, 220 Hafnarfjörður, Ísland

Sími: +354 569 7900 Fax: +354 569 7990

[www.fiskistofa.is](http://www.fiskistofa.is)

Tilvísunarnúmer      Númer veiðivottorðs

Útflutningsland: Ísland  
Lögbært yfirvald: Fiskistofa  
Skoðunaraðili: Fiskistofa

**I. Upplýsingar um viðkomandi sjávarafurðir**

**II. Uppruni viðkomandi sjávarafurða**

Skráningarnúmer og nafn/nöfn fiskiskips/-skipa sem sá afli fékkst á sem lögbært yfirvald heimilar útflutning á, löndunardagur/-dagar aflans sem flytja á út, veiðarfæri, veiðislóð, útgerð fiskiskips og löndunarhöfn:

**III. Uppruni viðkomandi sjávarafurða**

Nafn og pósthfang sendanda:

Nafn og pósthfang viðtakanda:

**IV. Upplýsingar um flutninginn**

Flutningstæki (fyllið út viðeigandi reiti)

Útflutningsland: Ísland

Gámur númer:

Nafn skips og fánaland:

Flug númer:

Farmbréfsnúmer:

**V. Yfirlýsing**

Undirritaður fulltrúi lögbærs yfirvalds staðfestir hér með að:

**Sjávarafurðir þær sem lýst er hér að ofan eru framleiddar úr afla fyrrnefndra íslenskra fiskiskipa, eða -skipa, sem stunda löglegar veiðar skv. íslenskum reglum um fiskveiðistjórnun.**

Gjört í Hafnarfirði, 29. des. 2009

**Yfirlýsing innflytjanda, innflutningseftirlit og vottorð vegna endurútflytninga (einungis til ESB-notkunar)**

Yfirlýsing innflytjanda				
Nafn og pósthfang innflytjanda	Undirskrift	Dagsetning	Innsigli	Afurðartákn í tollskrá
Skjöl skv. 1. og 2. mgr. 14. gr. reglug. (ESB) nr. 1005/2008	Tilvísanir			
Innflutningseftirlit	Staður	Innflutningur samþykktur(*)	Innflutningur stöðvaður(*)	Beðið um staðfestingu
Tollskjöl (ef úttekið)	Nr.		Dagsetning	Staður

ESB-VOTTORÐ VEGNA ENDURÚTFLYTNINGS				
Nr. vottorðs	Dagsetning		Aðildarríki	
1. Lýsing á endurútflyttri vöru		Þyngd (kg)		
Tegund	Afurðartákn		Frávik frá heildarmagni skv. veiðivottorði	
2. Nafn endurútflytjanda	Póstfang		Undirskrift	Dags.
3. Yfirvöld				
Nafn/staða	Undirskrift		Dagsetning	Innsigli/Stimpill
4. Endurútflytningseftirlit				
Staður	Endurútflytningur	Beðið um staðfestingu(*)	Nr. og dagsetn. yfirlýsingar um endurútflytning	
(*) Merkið við það sem við á.				

## CATCH CERTIFICATE



**Republic of Iceland**  
**Directorate of Fisheries**  
Dalshraun 1, 220 Hafnarfjörður, Iceland  
Tel. +354 569 7900 Fax. +354 569 7990  
[www.fiskistofa.is](http://www.fiskistofa.is)

Reference No.    Catch Certificate No.

**Country of dispatch:** Iceland  
**Competent authority:** Directorate of Fisheries  
**Inspection body:** Directorate of Fisheries

### I. Details identifying the fishery products

### II. Provenance of the fishery products

Registration number(s) and name(s) of the vessel(s) that caught the fishery product(s) authorized for exports by the competent authority, landing date(s) of the catch to be exported, fishing area, operator of the vessel and port of landing:

### III. Destination of the fishery products

Name and address of consignor:

Name and address of consignee:

### IV. Transportation details

Means of transport (please fill out the appropriate section)

Country of exportation: Iceland

Container no:

Vessel name and flag:

Flight no:

Air waybill no.

### V. Attestation

The undersigned competent authority hereby certifies that:

**The fishery product described above have been obtained from catches of the above Icelandic fishing vessel(s) legally operating in accordance with the Icelandic fisheries management control system (MCS).**

Done at Hafnarfjörður, 29 des. 2009

(Electronic identification of exporter)

The Directorate of Fisheries

**Importer declaration, import control and re-export certificate (For EC use only)**

<b>Importer declaration</b>				
<b>Name and address of importer</b>	<b>Signature</b>	<b>Date</b>	<b>Seal</b>	<b>Product CN code</b>
<b>Documents under Articles 14(1), (2) of Regulation (EC) No 1005/2008</b>	<b>References</b>			
<b>Import control authority</b>	<b>Place</b>	<b>Importation authorised(*)</b>	<b>Importation suspended(*)</b>	<b>Verification requested date(*)</b>
<b>Customs declaration (if issued)</b>	<b>Number</b>		<b>Date</b>	<b>Place</b>

<b>EUROPEAN COMMUNITY RE-EXPORT CERTIFICATE</b>				
<b>Certificate number</b>	<b>Date</b>	<b>Member state</b>		
<b>1. Description of re-exported product</b>		<b>Weight (kg)</b>		
<b>Species</b>	<b>Product code</b>	<b>Balance from total quantity declared in the catch certificate</b>		
<b>2. Name of re-exporter</b>	<b>Address</b>	<b>Signature</b>	<b>Date</b>	
<b>3. Authority</b>				
<b>Name/title</b>	<b>Signature</b>	<b>Date</b>	<b>Seal/stamp</b>	
<b>4. Re-export control</b>				
<b>Place</b>	<b>Re-export authorised(*)</b>	<b>Verification requested(*)</b>	<b>Re-export declaration number and date</b>	
<b>(*) Tick as appropriate</b>				



## Reglugerð

### nr. 295/2018, um skráningu afla á opinberum sjóstangaveiðimótum.

#### 1. gr.

##### *Tilgangur og gildissvið.*

1 Reglugerð þessi er sett til framkvæmdar 2. mgr. 6. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 þar sem kveðið er á um heimild ráðherra til að ákveða árlega að á tilteknum fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta teljist afli ekki til aflamarks eða krókaaflamarks.

2 Til opinberra sjóstangaveiðimóta teljast þau mót sem eru opin öllum sem sækjast eftir þátttöku í þeim, eftir atvikum með aðild að því félagi sem heldur mótinu, sé það mögulegt miðað við aðstæður.

#### 2. gr.

##### *Umsóknir.*

1 Fiskistofa skal auglýsa eigi síðar en 15. nóvember ár hvert, eftir umsóknum um vilyrði vegna aflaskráningar skv. 2. mgr. 6. gr. laga um stjórn fiskveiða, vegna opinberra sjóstangaveiðimóta sem áætlað er að verði haldin á yfirstandandi fiskveiðiári. Umsóknarfrestur er til 1. desember ár hvert, ef annað er ekki ákveðið.

2 Í umsókn skal tilgreina fjölda þeirra móta sem sóst er eftir að halda, hvenær þau verði haldin, hvar þau fari fram og hvert sé áætlað aflamagn á mótunum. Umsækjandi skal vera félag sem ekki er rekið í ábataskyni. Með umsókn skulu fylgja samþykktir félagsins auk upplýsinga um reglur um félagsaðild.

#### 3. gr.

##### *Veiting vilyrða.*

1 Fiskistofa skal eigi síðar en 15. janúar ár hvert taka ákvörðun um hvort veita skuli vilyrði vegna aflaskráningar á opinberu sjóstangaveiðimóti.

2 Telji Fiskistofa að fjöldi umsókna, eða áætlað umfang opinberra sjóstangaveiðimóta samkvæmt þeim, muni geta leitt af sér meiri afla en nemur 200 lestum, er Fiskistofu heimilt að takmarka veitingu vilyrða skv. 1. mgr. 1. gr. við tiltekinn fjölda móta. Fiskistofu er heimilt að boða umsækjendur á fund til að leita sjónarmiða þeirra til mögulegrar takmörkunar á fjölda áformaðra móta eða breytinga á fyrirkomulagi þeirra. Þá er heimilt að láta hlutkesti ráða úthlutun.

3 Umsóknum þeirra aðila sem hafa ekki sinnt skyldu skv. 2. mgr. 4. gr. á fullnægjandi hátt, vegna fyrri móta á þeirra vegum, skal hafnað.

#### 4. gr.

##### *Ráðstöfun afla og aflaverðmætis.*

1 Allur afli sem veiðist á sjóstangaveiðimóti sem nýtur vilyrðis skv. 1. gr. skal veginn og skráður í samræmi við reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafila. Skal aflinn seldur á opinberum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir.

2 Innan 30 daga frá næstu mánaðamótum eftir að mót var haldið, skal það félag sem stóð fyrir því móti sem naut vilyrðis skv. 1. gr. skila til Fiskistofu vigtarnótum yfir afla og afreikningum frá opinberum uppboðsmarkaði sem aflinn var seldur á sem og gera skil á 10% af söluandvirði aflans umfram 500.000 kr.

5. gr.

*Viðurlög, gildistaka o.fl.*

① Um viðurlög gegn brotum á þessari reglugerð fer eftir lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 og lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, eftir því sem við á.

② Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og 9. mgr. 6. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

③ Við gildistöku reglugerðarinnar fellur úr gildi reglugerð nr. 916/2016 um skráningu afla á opinberum sjóstangaveiðimótum.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

① Umsóknir sem hafa borist um úthlutun vilyrðis fyrir að afli á opinberum sjóstangaveiðimótum teljist ekki til aflamarks eða krókaflamarks á árinu 2018, en hefur verið hafnað með vísun til eldri reglugerðar, skal taka til meðferðar að nýju af Fiskistofu samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar. Skal ákvörðun Fiskistofu um veitingu vilyrða tekin eigi síðar en 15. apríl nk.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 20. mars 2018.*



## Reglugerð

### nr. 54/2003, um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 54/2003 sbr. rg. 809/2022.

#### 1. gr.

☐ Mælingar á vinnslunýtingu skulu framkvæmdar um borð í öllum skipum, sem vinna afla um borð. Með vinnslu um borð er átt við alla frekari vinnslu en blóðgun, slægingu og flokkun á fiski. Mælingar þessar taki til allra fisktegunda sem heildaraflí er takmarkaður á sbr. lög nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og lög nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, nema kveðið sé á um annað í reglugerð um viðkomandi veiðar.

#### 2. gr.

☐ Á hverjum sólarhring skal gera nýtingarmælingu a.m.k. tvisvar sinnum meðan vinnsla er í gangi og skal vigta fisk eða fiskhluta eftir hvern þátt í vinnsluferlinu.

☐ Fari 5 til 15 lestir af ákveðinni fisktegund til framleiðslu á sömu afurð, skal gera a.m.k. 3 nýtingarmælingar á þeirri afurð. Fari meira en 15 lestir af ákveðinni fisktegund til framleiðslu á sömu afurð, skal gera a.m.k. 6 nýtingarmælingar á þeirri afurð.

☐ Um framkvæmd nýtingarmælinga vísast til leiðbeiningabæklings Fiskistofu.

#### 3. gr.

☐ Öll nýtingarsýni sem tekin eru skv. 2. gr. skal merkja sérstaklega með skýrum hætti. Nýtingarsýni skal geyma aðskilin frá öðrum afla þannig að þau séu aðgengileg veiðieftirlitsmönnum áður en löndun hefst. Þeim skal einnig landa sérstaklega og geyma ef Fiskistofa óskar þess.

☐ Ef afurðir úr nýtingarsýni nægja ekki í eina pakkningu, skal aðgreina þann hluta sem tilheyrir nýtingarsýninu með sérstöku auðkennanlegu millileggi. Viðkomandi pakkningu skal merkja með sama hætti og kveðið er á um í 1. mgr. og einnig skal merkja hana sérstaklega þannig að ljóst sé að ekki sé einungis nýtingarsýni í henni.

☐ Umbúðir sem nýtingarsýni eru í og eyðublöð sem mælingar á nýtingarsýnum eru skráðar á, skulu merktar með hlaupandi númerum þannig að umbúðir með nýtingarsýni og viðkomandi skráningareyðublað séu merkt með sama númeri.

#### 4. gr.

☐ Við útreikning á afla skipa sem vinna afla um borð, skal byggja á nýtingarstuðlum sem reiknaðir eru á grundvelli mælinga skv. 2. gr. Þyngd afla er reiknuð út með því að deila í þyngd afurðar með nýtingarstuðli. Við ákvörðun hvort aflí skuli uppreiknast slægður eða óslægður skal miða við 2. og 3. gr. auglýsingar sjávarútvegsráðuneytisins um upphafstuðla við mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð.

☐ Við útreikning á afla skipa sem ekki hafa unnið sér ákveðna nýtingarstuðla skal leggja til grundvallar grunnstuðla sem ákveðnir eru af sjávarútvegsráðuneytinu.

☐ Áður en vinnsla hefst á afurð sem grunnstuðlar hafa ekki verið ákveðnir fyrir, skal viðkomandi útgerð tilkynna það Fiskistofu. Óheimilt er að hefja þá vinnslu áður en ráðuneytið hefur ákveðið grunnstuðul, nema að fengnu leyfi Fiskistofu sem getur bundið leyfisveitingu þeim skilyrðum sem þurfa þykir.

5. gr.

☐ Er afurðum er landað skal ávallt landa þeim nýtingarsýnum er tekin eru úr þeim afurðum. Niðurstöður nýtingarmælinga úr þeim afurðum sem landað er í hvert sinn skulu lagðar til grundvallar við útreikning á lönduðum afla skips, sbr. þó 6. gr., nema til breytinga á stuðlum komi skv. 7.-9. gr.

6. gr.

☐ Ef minna en 5 lestir af ákveðinni fisktegund í veiðiferð eru nýttar til framleiðslu á ákveðinni afurð hafa nýtingarmælingar þeirrar veiðiferðar ekki áhrif á útreikning á nýtingarstuðli þeirrar afurðar. Þó er heimilt að leggja nýtingarmælingar til grundvallar við útreikning á lönduðum afla hafi a.m.k. verið gerðar 3 nýtingarmælingar í viðkomandi afurð.

7. gr.

☐ [Fiskistofa hefur eftirlit með framkvæmd mælinga skv. reglugerð þessari.

☐ Skipstjóri skips sem vinnur afla um borð skal a.m.k. 12 klukkustundum áður skip leggst að bryggju tilkynna Fiskistofu um löndunarhöfn, löndunardag, fyrirhugaðan löndunartíma og um áætlað magn hvernar afurðar. Tilkynna þarf til Fiskistofu um allar breytingar á framangreindum upplýsingum. Áður en skip leggst að bryggju skal skipstjóri tilkynna viðkomandi löndunarhöfn á því formi sem Fiskistofa ákveður, um áætlaðan fjölda eininga t.d. kassa og/eða pakkninga sem landað er af hverri afurð og þunga umbúða hvernar einingar. Í tilkynningunni skal einnig geta þess hvort einstakar afurðir, aðrar en millilögð flök, eru íshúðaðar sérstaklega. Þessar upplýsingar skal skipstjóri einnig senda Fiskistofu ásamt upplýsingum um nýtingarmælingar í viðkomandi veiðiferð áður en skip leggst að bryggju. Tilgreina skal þá daga sem vinnsla skv. 1. gr. er ekki í gangi. Ef einungis hluta aflans verður landað skal það koma fram í tilkynningum, sbr. þessa mgr. Enn fremur komi fram hvaða afurðum verði landað, hvenær þær voru framleiddar og viðeigandi nýtingarmælingar. Einungis er heimilt að landa hluta af tiltekinni afurð skips sem vinnur afla um borð, ef allri framleiðslu viðkomandi vinnsludaga er landað, ásamt tilheyrandi nýtingarsýnum.

☐ Fiskistofa getur ákveðið með hvaða hætti tilkynningar og upplýsingar skuli sendar og er óheimilt að senda tilkynningar og upplýsingar með öðrum hætti en Fiskistofa hefur ákveðið. Berist tilkynningar og upplýsingar, sbr. þessa grein, ekki innan tilskilins frests, eða með röngum upplýsingum um löndunarhöfn, löndunardag eða löndunartíma þannig að ekki reynist unnt að viðhafa eftirlit skulu afurðir skips reiknast til afla samkvæmt grunnstuðlum sem ákveðnir eru af ráðuneytinu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 809/2022, 1. gr.

8. gr.

☐ Sé nýtingarmælingum ekki sinnt um borð í skipi, skulu afurðir skips reiknast til afla samkvæmt grunnstuðlum sem ákveðnir eru af sjávarútvegsráðuneytinu. Sama gildir séu mælingar ekki í samræmi við 2. og 3. gr., eða þær framkvæmdar eða frá þeim gengið, þannig að Fiskistofa geti ekki viðurkennt gildi þeirra.

9. gr.

☐ Komi í ljós, svo sem við samanburð eftirlitsmanna á nýtingarsýnum og sýnum úr afurðum eða við samanburð á nýtingarskýrslum og sýnum úr afurðum að mælingar á nýtingu við vinnslu einhvern afurðar hafi verið framkvæmdar þannig að þær gefi ekki rétta mynd af raunverulegri nýtingu um borð í skipi skulu afurðir skips reiknast til afla samkvæmt grunnstuðlum sem ákveðnir eru af sjávarútvegsráðuneytinu. Fiskistofa getur þó ákveðið að nýtingarstuðlar skuli lægri en grunnstuðlar telji hún að samanburðurinn á nýtingarsýnum og sýnum úr afurðum sýni að raunveruleg nýting sé lakari en grunnstuðlar gefa til kynna.

☐ Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til vinnslu á afla um borð komi ítrekað til lækkunar á nýtingarstuðlum samkvæmt 1. mgr.

10. gr.

☐ Fiskistofa getur ákveðið í hvaða formi eyðublöð og skýrslur sem nota skal skv. þessari reglugerð skuli vera, og er óheimilt að nota önnur form en Fiskistofa samþykkir.

☐ Reglur um meðferð og varðveislu bókhaldsgagna gilda um þau eyðublöð og skýrslur sem færa skal skv. reglugerð þessari.

11. gr.

☐ [Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 7. gr. laga nr. 54/1992, um vinnslu afla um borð í skipum, ákvæðum VI. kafla laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, og ákvæðum IV. kafla laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.]<sup>1)</sup>

Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til vinnslu á afla um borð, fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar.

<sup>1)</sup>Rg. 809/2022, 2. gr.

12. gr.

☐ [Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. og 3. gr. laga nr. 54/1992, um vinnslu afla um borð í skipum, 30. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og 16. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, til að öðlast gildi 15. febrúar 2003 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.]<sup>1)</sup> Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 511, 18. ágúst 1998, um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð, með síðari breytingum.

<sup>1)</sup>Rg. 809/2022, 3. gr.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. janúar 2003.*



## Reglugerð

### nr. 55/2003, um leyfi til vinnslu afla um borð í skipum.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 55/2003 sbr. rg. 1035/2015 og rg. 1153/2021.

#### 1. gr.

☐ Óheimil er frekari vinnsla á afla um borð í skipum en blóðgun, slæging og flokkun án sérstaks leyfis Fiskistofu.

#### 2. gr.

☐ [Leyfishafa er óheimilt að vinna afla frekar um borð en að fletja, flaka, roðfletta og snyrta.

☐ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt með samþykki Fiskistofu að frekari vinnsla fari fram um borð í skipi enda sé aflaskráning áreiðanleg og útfærð í samráði við Fiskistofu. Þá skal veiðieftirlitsmaður Fiskistofu vera um borð í skipinu er vinnslan fer fram í samræmi við 7. gr.

☐ Fiskistofa getur jafnframt veitt skipum sem vinna afla um borð leyfi til bitavinnslu, þ.e. að hluta í sundur flak með sjálfvirkum vélbúnaði. Slíkt leyfi skal bundið þeim skilyrðum að öllum hlutum flaksins, sem falla til eftir að bitavinnsla hefst, s.s. flakahlutar, afskurður og roð, verði haldið aðgreindum frá öðrum afurðum vinnsluskipsins og skal því öllu landað. Við löndun skal vigta og skrá alla flakahlutana, afskurð og roð sérstaklega.

☐ Niðurstaða aflaskráningar samkvæmt 2. og 3. mgr. gildir varðandi nýtingu aflamarks.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 1035/2015.

#### 3. gr.

☐ Áður en Fiskistofa veitir leyfi til vinnslu um borð í skipi, sbr. 1. gr., skal Fiskistofa staðfesta að eftirgreindum skilyrðum sé fullnægt:

1. Að móttaka og aðgerðarrými séu einangruð frá vélarrúmi.
2. Að aðstaða sé til að þvo fisk eftir slægingu.
3. Að mögulegt sé að kæla afla sem bíður vinnslu með ís eða með öðrum viðurkenndum aðferðum þannig að unnt sé að halda hitastigi hans undir 4°C.
4. Að fjöldi og fyrirkomulag geymslukara sé með þeim hætti að auðvelt sé að tegundaflokka og halda mismunandi tegundum aðskildum fyrir vinnslu. Einnig að stærð og fyrirkomulag á hverju kari sé með þeim hætti að afli sem bíður vinnslu verði ekki fyrir þrýstiskemmdum eða öðru hnjaski.
5. Að fiskvinnsluvélar gefi möguleika til hámarksnýtingar hráefnis í aðalafurðir og aukaafurðir miðað við þá tækni sem fyrir hendi er þegar leyfi er veitt.
6. Að hægt sé að stjórna hitastigi í lest skipa. Skal síritandi hitamælir skrá hitastig þar sem afurðir eru geymdar.
7. Að útgerð hafi tilnefnt vinnslustjóra, sbr. 6. gr.

#### 4. gr.

☐ Áður en leyfi til vinnslu afla um borð í skipi er veitt skal útgerð skips leggja fyrir Fiskistofu nákvæma greinargerð um hvernig staðið verði að vinnslu, innra eftirliti og nýtingu afla um borð þannig að ákvæðum 3. gr. sé fullnægt. Skulu þar m.a. koma fram upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Vinnsluaðferðir, vinnslunýtingu, nýtingu aukaafurða og fyrirkomulag vinnslu um borð.
2. Fjöldi og stærð íláta undir afla sem bíður vinnslu.
3. Frystigetun fyrir aðalafurðir og aukaafurðir.
4. Stærð lestarrýmis ásamt upplýsingum um búnað og geymslurými vegna nýtingar á fiskúrgangi.
5. Mannaflaþörf og lengd veiðiferða.

5. gr.

☐ Það er skilyrði fyrir veitingu leyfis til vinnslu afla um borð í skipi að fjöldi í áhöfn sé nægilegur til að vinna afla á fullnægjandi hátt að teknu tilliti til áskilins hvíldartíma. Við mat á þessu atriði skal tekið tillit til veiðigetu skipsins, gerðar þess og fyrirkomulags vinnslunnar um borð.

☐ Það er enn fremur skilyrði fyrir veitingu leyfis til vinnslu afla um borð í skipi að fyrir hendi sé sérstök hvíla fyrir hvern mann í áhöfn skips og eftirlitsmann.

6. gr.

☐ Á hverri vakt sem afli er unninn skal vera maður með sérþekkingu á vinnslu um borð í skipum, vinnslustjóri, sem umsjón hefur með allri vinnslu og innra eftirliti. Hann skal og sjá um að öll skráning um vinnslu og mælingar á nýtingu séu samkvæmt gildandi reglum.

7. gr.

☐ Eftirlitsmaður skal vera um borð í skipi sem leyfi hefur til vinnslu afla, fyrst eftir að leyfi er veitt, svo lengi sem Fiskistofa metur nauðsynlegt með hliðsjón af framkvæmd vinnslunnar. Sama gildir verði það mikil breyting í áhöfn, útgerðarháttum eða búnaði að ástæða sé til að ætla að það hafi veruleg áhrif á vinnslu um borð í skipinu og þegar afli er unninn um borð skv. 2. mgr. 2. gr. Eftir þann tíma skal eftirlitsmaður vera um borð eftir því sem ástæða er talin til hverju sinni af Fiskistofu.

☐ Skal útgerð sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru við eftirlitsstörf um borð. Þá skal útgerð skips greiða Fiskistofu upphæð, sbr. lög nr. 33/2000 um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum, vegna eftirlits fyrir hvern dag eða hluta dags sem eftirlitsmaður er um borð.

8. gr.

☐ Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar eða leyfisbréfa gefinna út samkvæmt henni varða viðurlögum samkvæmt 7. gr. laga nr. 54/1992, um vinnslu afla um borð í skipum, með síðari breytingum. [...] <sup>1)</sup>

☐ Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til vinnslu á afla um borð fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar.

<sup>1)</sup>Rg. 1153/2021, 27. gr.

9. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 54, 16. maí 1992, um vinnslu afla um borð í skipum, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 15. febrúar 2003 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 510, 24. ágúst 1998, um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, með síðari breytingum.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. janúar 2003.*

## Auglýsing

### nr. 213/2010, um reglur um lágmarksúrtak og framkvæmd vigtunar við úrtaksvigtun.

#### 1. gr.

☐ Ef vigtun afla fer fram með úrtaksvigtun samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 224, 14. mars 2006, um vigtun og skráningu sjávarafla,<sup>1)</sup> með síðari breytingum, skal úrtak tekið í samræmi við auglýsingu þessa.

<sup>1)</sup>Rg. 745/2016 (um vigtun og skráningu sjávarafla), sbr. 1011/2017, 91/2018, 617/2018, 436/2019, 325/2020, 861/2020,990/2020, 358/2021, 436/2019 og 709/2021.

#### 2. gr.

☐ Úrtak skal tekið af handahófi úr aflanum þannig að það gefi sem réttasta mynd af aflanum.

#### 3. gr.

☐ Um lágmarksfjölda íláta sem tekin eru í úrtak úr afla hvernar tegundar af ísuðum botnfiski eða ísaðri rækju fer skv. þessari grein þegar vigtun er framkvæmd samkvæmt 14. gr. reglugerðar nr. 224, 14. mars 2006, um vigtun og skráningu sjávarafla,<sup>1)</sup> með síðari breytingum.

☐ Ílát sem tekin eru í úrtak skulu brúttóvigtuð, þá skal fiskur og ís aðskilin og fiskurinn vigtaður úr hverju íláti fyrir sig. Nettóþungi fisks úr ílátum sem tekin eru í úrtak skal lagður saman og deilt í með fjölda íláta í úrtaki og þannig fundinn meðalnettóþungi afla hvers íláts í úrtaki. Heildarnettóþungi hvernar tegundar skal fundinn með margfeldi meðalnettóþunga afla í íláti til úrtaksvigtunar og fjölda fullra íláta að viðbættum nettóþunga afla hvernar tegundar úr þeim ílátum sem ekki eru full.

#### Lágmarksfjöldi íláta sem tekin eru í úrtak.

Heildarfjöldi íláta með afla	Ísaður botnfiskur			Ísuð rækja	
	Stór kör	Lítill kör	Kassar	Kör	Kassar
1	1	1	1	1	1
2	2	2	2	2	2
3	3	3	3	2	2
4	4	4	4	2	3
5	4	5	5	2	3
6	5	5	6	2	3
7	6	6	6	2	3
8	6	6	7	3	3
9	6	7	8	3	4
10	7	7	9	3	4
11	7	8	9	3	4
12	8	8	10	3	4
13	8	9	10	3	4
14	8	9	11	3	4
15	9	9	11	3	4
16	9	10	12	3	4
17	9	10	13	3	4
18	9	10	13	3	4
19	10	11	13	3	4
20	10	11	14	3	4
21	10	11	14	3	4
22	10	11	15	3	4
23	10	12	15	3	4

*Stjórn fiskveiða 2022/2023 – Lög og reglugerðir*

24	11	12	16	3	4
25	11	12	16	3	4
26	11	12	16	3	5
27	11	13	17	3	5
28	11	13	17	3	5
29	11	13	18	3	5
30	12	13	18	3	5
31	12	13	18	3	5
32	12	13	19	3	5
33	12	14	19	3	5
34	12	14	19	3	5
35	12	14	19	3	5
36	12	14	20	3	5
37	12	14	20	3	5
38	13	14	20	3	5
39	13	14	21	3	5
40	13	15	21	3	5
41	13	15	21	3	5
42	13	15	21	3	5
43	13	15	22	3	5
44	13	15	22	3	5
45	13	15	22	3	5
46	13	15	22	3	5
47	13	15	22	3	5
48	13	16	23	3	5
49	13	16	23	3	5
50	13	16	23	3	5
51	14	16	23	3	5
52	14	16	23	3	5
53	14	16	24	3	5
54	14	16	24	3	5
55	14	16	24	3	5
56	14	16	24	3	5
57	14	16	24	3	5
58	14	16	25	3	5
59	14	16	25	3	5
60	14	17	25	3	5
61	14	17	25	3	5
62	14	17	25	3	5
63	14	17	25	3	5
64	14	17	26	3	5
65	14	17	26	3	5
66	14	17	26	3	5
67	14	17	26	3	5
68	14	17	26	3	5
69	14	17	26	3	5
70	15	17	26	3	5
71	15	17	27	3	5
72	15	17	27	3	5
73	15	17	27	3	5
74	15	17	27	3	5
75	15	17	27	3	5
76	15	17	27	3	5
77	15	18	27	3	5
78	15	18	27	3	5
79	15	18	28	3	5



80	15	18	28	3	5
81	15	18	28	3	5
82	15	18	28	3	5
83	15	18	28	3	5
84	15	18	28	3	5
85	15	18	28	3	5
86	15	18	28	3	5
87	15	18	28	3	5
88	15	18	29	3	5
89	15	18	29	3	5
90	15	18	29	3	5
91	15	18	29	3	5
92	15	18	29	3	5
93	15	18	29	3	5
94	15	18	29	3	5
95	15	18	29	3	5
96	15	18	29	3	5
97	15	18	29	3	5
98	15	18	29	3	5
99	15	18	30	3	5
100 og yfir	15	18	30	3	5

<sup>1)</sup>Með rg. 745/2016, sbr. 1011/2017, 91/2018, 617/2018 og 436/2019, var úr gildi felld rg. 224/2006.

#### 4. gr.

① Um lágmarksfjölda íláta sem tekin eru í úrtak úr afla hvernar tegundar af ísuðum botnfiski fer skv. þessari grein þegar vigtun er framkvæmd á þann veg að hvert kar er brúttóvigtað við endurvigtun afla á fiskmarkaði

② Aðskilja skal fisk og ís úr þeim ílátum sem valin eru í úrtak og vigta ísinn eða fiskinn. Hlutfall íss í úrtaki skal reiknað með eftirfarandi aðferð: Brúttóafli í ílátum, þ.e. afli og ís að frádregnum þunga íláta, mínus nettóþungi fisks, þ.e. afli mínus ís, margfaldað með 100, deilt með brúttóþunga fisks í ílátum. Nettóþungi afla skal fundinn með því að draga reiknað hlutfall íss frá brúttóþunga (afli og ís) hvers fulls íláts að viðbættum nettóþunga afla úr þeim ílátum sem ekki eru full.

#### Lágmarksfjöldi íláta sem tekin eru í úrtak.

Heildarfjöldi íláta með afla	Ísaður botnfiskur		
	Stór kör	Lítill kör	Kassar
1	1	1	1
2	2	2	2
3	2	2	2
4	3	3	3
5	3	3	3
6	3	3	3
7	3	3	3
8	4	4	4
9	4	4	4
10	4	4	4
11	4	4	4
12	4	4	4
13	4	4	4
14	4	4	4
15	4	4	4
16	4	4	4
17	4	4	4
18 og yfir	5	5	5

5. gr.

☐ Ef afli er geymdur í ískrapa skal vigta allan aflann. Með geymslu í ískrapa er átt við fisk sem geymdur er í blöndu af ís (t.d. skelís) og vökva (vatni eða sjó) í vökvaheldu íláti.

6. gr.

☐ Um lágmarksúrtak við vigtun á hverri tegund afurðar sem unnin er um borð í fiskiskipum fer skv. þessari grein. Úrtak skal tekið fyrir hverja tegund afurðar þannig að það gefi sem réttasta mynd af framleiðslunni. Ef afurð er í fleiri en einni tegund umbúða, skal vigta sérstaklega afurðina í hverri tegund umbúða.

☐ Um vigtun á rækju, annarrar en þeirrar skilgreind er í 33. gr. reglugerðar nr. 224, 14. mars 2006, um vigtun og skráningu sjávarafla,<sup>1)</sup> fer samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

<sup>1)</sup>Með rg. 745/2016, sbr. 1011/2017, 91/2018, 617/2018 og 436/2019, var úr gildi felld rg. 224/2006.

Heildarmagn afurðar	Lágmarksúrtak
Eitt tonn eða minna	Öll framleiðslan eða eitt bretti, eftir því sem við á.
1 til 25 tonn	1 tonn eða 1 bretti, eftir því sem við á.
25 til 50 tonn	2 tonn eða 2 bretti, eftir því sem við á.
50 til 100 tonn	3 tonn eða 3 bretti, eftir því sem við á.
100 tonn og yfir	4 tonn eða 4 bretti, eftir því sem við á.

7. gr.

☐ Auglýsing þessi er sett skv. reglugerð nr. 224, 14. mars 2006, um vigtun og skráningu sjávarafla,<sup>1)</sup> með síðari breytingum og öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma er felld úr gildi auglýsing. nr. 6, 12. janúar 2010, um reglur um lágmarksúrtak og framkvæmd vigtunar við úrtaksvigtun.

<sup>1)</sup>Með rg. 745/2016, sbr. 1011/2017, 91/2018, 617/2018 og 436/2019, var úr gildi felld rg. 224/2006.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 11. mars 2010.*

## Auglýsing

### nr. 947/2016, um grunnstuðla við mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga auglýsingar nr. 947/2016 sbr. augl. 1463/2021 og augl. 257/2022.

#### 1. gr.

☐ Til grundvallar við útreikning á afla skipa sem ekki hafa unnið sér ákveðna nýtingarstuðla, skal leggja eftirfarandi grunnstuðla, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 54/2003, um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð.

#### 2. gr.

☐ Afurðir sem miðast við slægðan fisk með haus.

<b>Þorskur</b>	<b>Nýtingarstuðull</b>
-hausaður með klumbu	75,0%
-hausaður án klumbu	65,0%
-flattur	70,0%
-saltaður flattur	49,5%
-flök, með roði og beinum	44,5%
-flök, roðflett, með beinum	41,5%
-flök, með roði, beinlaus	40,0%
-flök, roðflett og beinlaus	37,0%
-söltuð flök	32,5%
<b>Ýsa</b>	<b>Nýtingarstuðull</b>
-hausuð með klumbu	78,0%
-hausuð án klumbu	67,0%
-flök, með roði og beinum	43,0%
-flök, roðflett, með beinum	41,0%
-flök, með roði, beinlaus	41,0%
-flök, roðflett og beinlaus	39,0%
<b>Ufsi</b>	<b>Nýtingarstuðull</b>
-hausaður með klumbu	83,0%
-hausaður án klumbu	71,0%
-flattur	76,0%
-saltaður, flattur	53,5%
-flök, með roði og beinum	53,0%
-flök, með roði og beinlaus	51,0%
-flök, roðflett, með beinum	45,0%
-flök, roðflett og beinlaus	43,0%
-söltuð flök	39,4%
<b>Lýsa</b>	<b>Nýtingarstuðull</b>
-hausuð	74,0%
-flök, með roði og beinum	46,5%
-flök, roðflett, með beinum	41,0%
<b>Langa/blálanga</b>	<b>Nýtingarstuðull</b>
-hausuð með klumbu	85,0%
-hausuð án klumbu	77,0%
-flött	76,0%
-söltuð, flött	53,5%
-flök, með roði og beinum	54,0%
-flök, roðflett, með beinum	45,0%
-söltuð flök	39,5%

Keila	Nýtingarstuðull
-hausuð með klumbu	80,0%
-hausuð án klumbu	75,5%
-flött	74,0%
-söltuð, flött	52,5%
-flök með roði og beinum	51,0%
-söltuð flök	38,5%
Steinbítur/hlýri	Nýtingarstuðull
-hausaður með klumbu	70,0%
-hausaður án klumbu	67,0%
-flök með roði og beinum	40,0%
-flök, roðflett, með beinum	35,0%
-flök, roðflett og beinlaus	30,0%
Tindaskata	Nýtingarstuðull
-börðuð með roði	43,0%
-börðuð, roðlaus	34,0%
Skötuselur	Nýtingarstuðull
-halar með roði	35,0%
-halar, roðlausir án sporðs	27,0%
-flök, roðflett og beinlaus	20,0%
Skata/náskata	Nýtingarstuðull
-börðuð	43,5%
Háfur	Nýtingarstuðull
-hausskorinn	52,0%
-haus- og sporðskorinn	49,5%
Svartháfur	Nýtingarstuðull
-hausskorinn	55,0%
-haus- og sporðskorinn	52,5%
Gljáháfur	Nýtingarstuðull
-hausskorinn	55,0%
-haus- og sporðskorinn	52,5%
Hákarl	Nýtingarstuðull
-hausskorinn	70,0%
-beitur	50,0%
Lúða	Nýtingarstuðull
-hausskorin	80,0%
-flök	54,0%
Grálúða	Nýtingarstuðull
-sporðskorin	[...] <sup>1)</sup>
-hausskorin	[...] <sup>1)</sup>
-haus- og sporðskorin	[...] <sup>1)</sup>
-flök	[...] <sup>1)</sup>
Sandkoli	Nýtingarstuðull
-hausskorinn	75,0%
-haus- og sporðskorinn	72,5%
Skarkoli	Nýtingarstuðull
-hausskorinn	72,0%
-haus- og sporðskorinn	69,5%
Þykkvalúra	Nýtingarstuðull
-hausskorin	82,0%
-haus- og sporðskorin	79,5%
Langlúra	Nýtingarstuðull
-hausskorin	78,0%
-haus- og sporðskorin	75,5%

Skrápflúra	Nýtingarstuðull
-hausskorin	73,0%
-haus- og sporðskorin	70,5%
Öfugkjafta	Nýtingarstuðull
-hausskorin	73,0%
-haus- og sporðskorin	70,5%
Blágóma	Nýtingarstuðull
-hausskorin	75,0%

<sup>1)</sup>Rg. 1463/2021.

3. gr.

Afurðir sem miðast við óslægðan afla.

Gullkarfi	Nýtingarstuðull
-slægður með haus	94,0%
-hausaður með klumbu	61,0%
-hausaður án klumbu	55,0%
-flök, með roði og beinum	30,5%
-flök, með roði og beinlaus	28,5%
-flök, roðflett, með beinum	27,5%
-flök, roðflett og beinlaus	26,0%
Djúpkarfi	Nýtingarstuðull
-slægður með haus	94,0%
-hausaður með klumbu	60,0%
-hausaður án klumbu	54,0%
-flök, með roði og beinum	30,0%
-flök, með roði og beinlaus	28,0%
-flök, roðflett, með beinum	27,0%
-flök, roðflett og beinlaus	26,0%
Slétthali	Nýtingarstuðull
-hausaður	50,0%
-haus- og sporðskorinn	47,5%
-flök, með roði og beinum	22,0%
-flök, roðlaus með beinum	17,0%
Snarphali	Nýtingarstuðull
-hausaður	47,0%
-haus- og sporðskorinn	44,5%
-flök, með roði og beinum	21,0%
-flök, roðlaus með beinum	16,0%
Gulllax	Nýtingarstuðull
-hausskorinn	67,0%
-flök, með roði og beinum	33,0%
-marningur	27,0%
Búri	Nýtingarstuðull
-hausskorinn	50,5%
-flök, með roði og beinum	36,0%
-flök, roðflett, með beinum	31,0%
Geirmyt	Nýtingarstuðull
-haus- og sporðskorin	43,0%
-flök, roðflett og beinlaus	14,0%
Rauðmagi	Nýtingarstuðull
-kamb-, haus- og kviðskorinn	33,5%
Grásleppa	Nýtingarstuðull
-kamb-, haus- og kviðskorin	29,5%
Broddabakur	Nýtingarstuðull
-hausskorinn	72,5%
-haus- og sporðskorinn	70,0%

Stinglax	Nýtingarstuðull
-hauskorinn	71,0%
-haus- og sporðskorinn	69,0%
Síld	Nýtingarstuðull
-samflök með roði og beinum	45,0%
-flök, með roði og beinum	43,0%
-flök, roðflett með beinum	38,0%
Kolmunni	Nýtingarstuðull
-hauskorinn	54,0%
Makrill	Nýtingarstuðull
-hauskorinn	66,0%
Gjölnir	Nýtingarstuðull
-hauskorinn	74,5%

<sup>1)</sup>Rg. 257/2022.

4. gr.

☐ Við útreikning saltaðra afurða til aflamarks, hjá skipum sem hafa unnið sér ákveðna nýtingarstuðla, sbr. reglugerð nr. 54/2003, um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð, skal deila þunga afurða flatts fisks með 0,7 og flakaðs fisks með 0,72.

☐ Sé kolmunnaafli bræddur um borð í skipi skulu allar mjölafurðir vigtaðar á hafnarvog við löndun. Við útreikning mjölafurða til aflamarks í kolmunna skal miða við 17,5% nýtingarstuðul. Ákvæði þetta miðast við bræðslu á heilum kolmunna.

5. gr.

☐ Auglýsing þessi er sett skv. reglugerð nr. 54/2003, um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 240/2006, um grunnstuðla við mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. október 2016.*

# Reglugerð

## nr. 474/2020, um merkingu veiðarfæra og töpuð veiðarfæri.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 474/2020 sbr. rg. 1153/2021.

### I. KAFLI

#### Merking veiðarfæra.

##### 1. gr.

##### *Skylda til merkinga.*

☐ Kyrrestæð veiðarfæri, togveiðarfæri og hringnót í fiskveiðilandhelgi Íslands skulu merkt á greinilegan hátt með skipaskrárnúmeri fiskiskips svo sem segir í reglugerð þessari. Heimilt er í stað þessa að merkja veiðarfæri með IMO-númeri skips, sé því til að dreifa.

☐ Þegar veiðarfæri eru um borð í veiðiskipi, skulu veiðarfærin vera merkt í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

##### 2. gr.

##### *Kyrrestæð veiðarfæri.*

☐ Allar niðurstöður skulu, með varanlegri merkingu, vera greinilega merktar. Baujur skulu vera á báðum endum allra lagna og merktar með flaggi sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Flögg skulu vera greinileg. Auk þessa skulu allir belgir merktir. Flögg eða belgir skulu vera með endurskinu. Merkingar á baujuflöggum og belgjum skulu vera greinilegar og skulu stafir stórir og skýrir.

☐ Þegar veiðarfæri er lagt á botndýpi sem er meira en 400 metrar skal á báðum endabaujum vera staðsetningamerki (AIS). Um MMSI merki fer samkvæmt reglugerð um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga á sviði fjarskipta.

☐ Þegar veiðarfæri er samsett úr fleiri einingum skal við netaveiðar merkja hvern blýtein og flottein og við gildruveiði hverja gildru.

☐ Hverja netatrossu skal merkja þannig að á miðju baujustangar á vestari enda hennar skal komið fyrir netahring (floti), sem hæglega má losa og færa milli bauja. Leggi skip net sín á svæði þar sem togveiðar eru heimilar, er skylt að auðkenna vestari enda netatrossa með hvítu blikkljósi.

☐ Við veiðar á skötusel og grásleppu er skylt að númera netatrossur sem hver bátur á í sjó frá einum til þess fjölda trossa sem hann á í sjó. Númer netatrossu skal skráð skýrum tölustöfum á baujuflagg eða belg á báðum endum trossu.

##### 3. gr.

##### *Togveiðarfæri og hringnót.*

☐ Togveiðarfæri, það er botnvörpu, flotvörpu og dragnót, skal merkja innan við þrjú metra frá pokaenda (kolllínu).

☐ Hringnætur skal merkja þannig að sett sé merki á korkalínu (báða enda og fyrir miðju) og þrjú merki á blýtein á sama hátt.

## II. KAFLI

### **Töpuð veiðarfæri.**

#### 4. gr.

##### *Töpuð veiðarfæri.*

☐ Tapist veiðarfæri skal þegar hefja leit að þeim og skal leitast við að slæða þau upp. Þetta gildir einnig þegar hluti veiðarfæra tapast.

☐ Takist ekki að slæða upp veiðarfæri skal tilkynna það Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu og skýra frá staðsetningu veiðarfæra eins nákvæmlega og unnt er. Upplýsa skal um eftirfarandi:

- a. Skipaskrárnúmer skips,
- b. tegund veiðarfæris,
- c. fjölda eða magn tapaðra veiðarfæra,
- d. tíma þegar veiðarfæri tapast,
- e. staðsetningu.

☐ Skrá skal þessar upplýsingar jafnframt í afladagbók skips. Það gildir einnig þegar um er að ræða hluta veiðarfæris.

☐ Sá sem finnur merkt en töpuð veiðarfæri getur tilkynnt um fundinn til hlutaðeigandi útgerðar eða Fiskistofu.

#### 5. gr.

##### *Gildistaka o.fl.*

☐ Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum um veiðar í atvinnuskyni.

☐ [Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.]<sup>1)</sup>

☐ [Reglugerðin öðlast gildi 1. október 2020.]<sup>2)</sup>

- ☐ Við gildistöku þessarar reglugerðar falla úr gildi eftirfarandi ákvæði annarra reglugerða:
- 4.-5. gr. reglugerðar nr. 115/2006, um þorskfisknet,
  3. gr. reglugerðar nr. 923/2010, um veiðar á skötusel í net.

<sup>1)</sup>Rg. 1153/2021, 7. gr. <sup>2)</sup>Rg. 945/2020.



## Reglugerð

### nr. 188/2014, um gerð og útbúnað meðaflaskilju við veiðar á uppsjávarfiski.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 188/2014 sbr. rg. 1153/2021.

#### 1. gr.

☐ Meðaflaskilja er útbúnaður úr grind eða grindum, sem komið er fyrir í flotvörpu við veiðar á uppsjávarfiski í þeim tilgangi að flokka meðafla frá þannig að hann skiljist lifandi á togdýpi úr vörpunni. Meðaflaskilju skal komið fyrir framan við poka vörpunnar og skal ekki hafa áhrif á uppsetningu og eiginleika vörpunnar að öðru leyti.

#### 2. gr.

☐ Rimabil skal ekki vera meira en 55 mm að innanmáli á milli rima (meðaltal tíu mælinga). Grind(ur) skulu festar við yfirbyrði, hliðarbyrði og undirbyrði þannig að hvergi sé opið aftur í poka milli grinda og nets. Séu grindur skiljunnar fleiri en ein, skal hvergi vera meira bil milli einstakra grinda en 55 mm. Sleppigat skal vera þar sem aftasti hluti skilju kemur við netbyrði. Sleppigat skal ekki vera minna en 1/3 af breidd netbyrðis en aldrei minna en 50 sm. Heimilt er að nota nethlíf yfir sleppigati. Skal nethlíf vera að lágmarki 1/5 hluta breiðari en byrðin sem sleppigatið er á. Skal hlifin fest við leisin og ekki ná lengra aftur fyrir sleppigatið en þrjá metra.

#### 3. gr.

☐ Ef skyndilokanir eða reglugerðaákvæði vegna flotvörpuveiða á uppsjávarfiski á ákveðnum svæðum eru bundnar því skilyrði, að varpan skuli vera útbúin með meðaflaskilju, er eingöngu heimilt að nota þær skiljur sem falla undir lýsinguna í 2. gr.

#### 4. gr.

☐ Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sbr. 16.-17. gr. sömu laga. [...]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 1153/2021, 20. gr.

#### 5. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 505/2006, um gerð og búnað meðaflaskilju við veiðar á uppsjávarfiski.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 19. febrúar 2014.*



## Reglugerð nr. 940/2016, um mælingar á fiskilestum.

### 1. gr.

☐ Íslensk skip sem stunda veiðar á samningssvæði NAFO utan lögsögu ríkja á samningssvæði NEAFC og í lögsögu Jan Mayen og Noregs skulu frá gildistöku reglugerðar þessarar fullnægja reglum þeim sem í henni eru settar um mælingar fiskilesta og skráningu þeirra upplýsinga. Sé síðar í reglugerð áskilið að við tiltekna veiðar eða leyfi liggi fyrir mæling á fiskilestum og skráningu þeirra upplýsinga, skal farið að ákvæðum reglugerðar þessarar.

### 2. gr.

☐ Fiskilestir skipa skulu mældar sérstaklega og um borð í hverju skipi skulu vera teikningar af og lýsingar á lestum þess, þar sem fram kemur heildarrúmmál hverrar lestar.

### 3. gr.

☐ Um borð í fiskiskipum þar sem afla er dælt beint í lestar, t.d. í kælitanka, skulu vera skjöl sem sýna hvert rúmmál lestanna er með 10 sentimetra millibili frá ákveðnum og merktum viðmiðunarstað.

### 4. gr.

☐ Upplýsingar sem fram koma á skjölum og teikningum skv. 2. og 3. gr. skulu vera á íslensku og ensku og staðfestar af Samgöngustofu. Staðfesting Samgöngustofu skal ekki vera eldri en fimm ára en þó ekki eldri en tveggja ára stundi skip veiðar á samningssvæði NAFO. Séu breytingar gerðar á lestum skips skal endurnýja skjöl og teikningar, sbr. 2. og 3. gr.

### 5. gr.

☐ Starfsmenn Fiskistofu, Landhelgisgæslu, Samgöngustofu og eftirlitsaðilar sem vinna að eftirliti með alþjóðlegum samningum, sem Ísland er aðili að, hafa rétt til að kanna skjöl og teikningar um mælingar á fiskilestum.

### 6. gr.

☐ Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

### 7. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 150/1998, um mælingar á fiskilestum.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 27. október 2016.*



## Reglugerð nr. 115/2006, um þorskfisknet.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 115/2006 sbr. rg. 809/2012, rg. 225/2016, rg. 474/2020, og rg. 1153/2021.

### 1. gr.

☐ [Á Breiðafirði eru allar þorsfisknetaveiðar bannaðar innan línu, sem dregin er frá Selskeri (austan Sigluness á Barðaströnd) 65°26,85' N - 23°38,45' V um Selsker sunnan fjarðarins í Eyrarfjall 65°00,00' N - 23°12,00' V.]<sup>1)</sup>

☐ Á Breiðafirði eru allar þorsfisknetaveiðar bannaðar innan línu, sem dregin er frá Selskeri (austan Sigluness á Barðaströnd) um Selsker sunnan fjarðarins í Eyrarfjall.

<sup>1)</sup>Rg. 225/2016, 1. gr.

### 2. gr.

☐ Lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að leggja, skal vera 5½ þumlungur (139,7 mm).

☐ [...] <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 809/2012, 1. gr.

### 3. gr.

☐ Þegar möskvastærð er mæld skulu þrjú möskvar lagðir saman og teygðir horna á milli eftir lengd netsins. Netið skal mælt vott.

☐ Um framkvæmd möskvamælinga vísast að öðru leyti til reglugerðar nr. 24/1998, um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga.

### 4. gr.

[...] <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 474/2020, 5. gr.

### 5. gr.

[...] <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 474/2020, 5. gr.

### 6. gr.

☐ Skipum, sem hafa 12 menn eða fleiri í áhöfn, er óheimilt að hafa fleiri en 268 net í sjó.

☐ Séu í áhöfn 11 menn skulu ekki fleiri en 248 net í sjó.

☐ Séu í áhöfn 10 menn skulu ekki fleiri en 228 net í sjó.

☐ Séu í áhöfn 9 menn skulu ekki fleiri en 208 net í sjó.

☐ Séu í áhöfn 8 menn skulu ekki fleiri en 188 net í sjó.

☐ Séu í áhöfn 7 menn skulu ekki fleiri en 168 net í sjó.

☐ Séu í áhöfn 6 menn skulu ekki fleiri en 148 net í sjó.

☐ Séu í áhöfn 5 menn skulu ekki fleiri en 128 net í sjó.

☐ Séu í áhöfn 4 menn skulu ekki fleiri en 108 net í sjó.

☐ Séu í áhöfn 3 menn skulu ekki fleiri en 88 net í sjó.

☐ Séu í áhöfn 2 menn skulu ekki fleiri en 68 net í sjó.

☐ Séu í áhöfn 2 menn skulu ekki fleiri en 68 net í sjó.

☐ Sé sjálfvirkur netaafdráttarbúnaður (dráttarkarl) notaður við veiðarnar er heimilt að hafa 12 netum fleira í sjó en tilgreint er hér að ofan.

☐ Miðað er við að 60 faðma löng slanga sé í hverju neti.

7. gr.

☐ Þorskfisknet skulu lögð í eina stefnu á sama veiðisvæði, eftir því sem við verður komið.

[7. gr. a.

☐ Óheimilt er að stunda veiðar með þorskfisknetum og grásleppunetum á sama tíma.

☐ Séu stundaðar veiðar á skötusel samtímis veiðum með þorskfisknetum vísast til reglugerðar um veiðar á skötusel í net.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 809/2012, 3. gr.

8. gr.

☐ [Týni skip þorskfisknetum í sjó, ber skipstjóra að slæða þau upp. Takist það ekki skal hann tilkynna það Landhelgisgæslunni og skýra frá staðsetningu netanna, eins nákvæmlega og unnt er.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 225/2016, 3. gr.

9. gr.

☐ Auk eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa eftirlitsmenn Fiskistofu eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt og skal skipstjóri veiðiskips gera eftirlitsmönnum kleift að gera þær athuganir á veiðarfærum skipsins, er þeir telja nauðsynlegar.

10. gr.

☐ Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

☐ [...] <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 1153/2021, 24. gr.

11. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 14. febrúar 2006 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 365, 15. maí 2002 um þorskfisknet.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. febrúar 2006.*

## Reglugerð nr. 963/2019, um veiðar með dragnót við Ísland.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 963/2019 sbr. rg. 1307/2019, rg. 176/2020, rg. 909/2020 og rg. 1153/2021.

### I. KAFLI Útgáfa leyfa.

#### 1. gr.

☐ Fiskiskipum, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands, er heimilt að stunda veiðar með dragnót á þeim svæðum þar sem þeim er heimilt að stunda veiðar með botn- og flotvörpu, samkvæmt 5. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 2. gr.

☐ Veiðar með dragnót nær landi en um ræðir í 5. gr. laga nr. 79/1997 eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu.

☐ Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum í ágúst ár hvert og skal umsóknafrestur vera tvær vikur. Aðeins er heimilt að veita leyfi til veiða með dragnót skipum styttri en 42 metrar, enda séu þau með aflvísi lægri en 2.500, sbr. 3.-5. mgr. 5. gr. laga nr. 79/1997. Leyfi til veiða með dragnót skulu bundin við fiskveiðiár.

### II. KAFLI Veiðarfæri.

#### 3. gr.

☐ Lágmarksstærð möskva í dragnót skal vera 135 mm. Við mælingar á möskvum dragnótar gilda ákvæði gildandi reglugerðar um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga.

☐ Legggluggi er netstykki sem skorið er á legg. Sé legggluggi áskilinn við dragnótaveiðar á tilteknu svæði skal honum komið fyrir á efra byrði pokans (belgsins) þannig:

- a. Lengd gluggans skal minnst vera fjórir metrar.
- b. Aftari jaðar gluggans skal vera mest fimm metra frá pokaenda.
- c. Þegar glugginn er festur við upptöku pokans (belgsins) skal taka tvær upptökur á móti einum legg. Lengdarhliðar gluggans skulu festast slétt við neðra byrði í leisi pokans (belgsins).
- d. Möskvastærð í glugganetinu skal ekki vera minni en möskvastærð riðilsins í pokanum.

#### 4. gr.

☐ Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir eða herðir á nokkurn hátt möskva en þó skal eigi teljast ólögmaett að festa net eða annað efni undir poka dragnótar í því skyni að forða eða draga úr sliti. Slitvarar þessir skulu aðeins festir að framan og á hliðunum við pokann.

☐ Við veiðar í dragnót er óheimilt að nota hlera eða annað sem komið gæti í stað hlera til útþenslu vængjanna.

### III. KAFLI

#### **Svæði lokuð fyrir veiðum með dragnót.**

##### 5. gr.

##### *Faxaflói.*

☐ [Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 64°04,90'N - 22°41,40'V Garðskagaviti
2. 64°44,50'N - 23°38,50'V Hellnanes]<sup>1)</sup>

☐ Þó er skipum sem eru styttri en 24 metrar heimilt að stunda veiðar með dragnót á Faxaflóa á tímabilinu frá og með 1. september til og með 20. desember utan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 64°01,80'N - 22°33,40'V Hólmsbergsviti
2. 64°10,50'N - 22°05,40'V Bauja nr. 6
3. 64°22,00'N - 22°23,00'V
4. 64°26,00'N - 22°18,60'V Þormóðssker.

☐ Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið í Hafursfirði innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 64°39,60'N - 22°27,20'V
2. 64°40,00'N - 22°50,00'V
3. 64°48,00'N - 22°50,00'V.

<sup>1)</sup>Rg. 176/2020, 1. gr.

##### 6. gr.

##### *Vestfirðir.*

☐ Skipum sem eru lengri en 20 metrar er óheimilt er að stunda veiðar með dragnót, á tímabilinu frá og með 1. júní til og með 31. október, innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°38,41'N - 24°19,39'V Blakknes
2. 65°47,68'N - 24°06,60'V Kópanesviti
3. 66°00,50'N - 23°48,70'V Fjallskagaviti

og innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 66°04,18'N - 23°46,70'V Barði
2. 66°07,08'N - 23°39,41'V Sauðanesviti.

##### 7. gr.

##### *Patreksfjörður og Tálknafjörður.*

☐ Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin milli eftirfarandi hnita:

1. 65°40,72'N - 24°01,73'V Hvalvíkurnes
2. 65°38,85'N - 24°04,81'V Tálkni
3. 65°36,58'N - 24°09,60'V Ólafsviti.

☐ Þó er skipum styttri en 20 metrar á tímabilinu frá og með 1. september til og með 31. mars og skipum lengri en 20 metrar á tímabilinu frá og með 1. nóvember til og með 31. mars, heimilt að stunda veiðar með dragnót inn að línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°34,74'N - 23°57,61'V
2. 65°33,57'N - 23°58,10'V

##### 8. gr.

##### *Arnarfjörður.*

☐ Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°46,17'N - 23°37,81'V
2. 65°42,76'N - 23°40,62'V



② Þó er skipum styttri en 20 metrar á tímabilinu frá og með 1. september til og með 31. mars og skipum lengri en 20 metrar á tímabilinu frá og með 1. nóvember til og með 31. mars heimilt að stunda veiðar með dragnót inn að línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1.  $65^{\circ}46,17'N - 023^{\circ}37,81'V$
2.  $65^{\circ}42,76'N - 023^{\circ}40,62'V$ .

9. gr.

*Dýraffjörður.*

① Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1.  $65^{\circ}55,00'N - 23^{\circ}35,87'V$
2.  $65^{\circ}53,76'N - 23^{\circ}38,19'V$ .

② Þó er skipum styttri en 20 metrar á tímabilinu frá og með 1. september til og með 31. mars og skipum lengri en 20 metrar á tímabilinu frá og með 1. nóvember til og með 31. mars heimilt að stunda veiðar með dragnót inn að línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1.  $65^{\circ}53,77'N - 23^{\circ}30,98'V$
2.  $65^{\circ}52,94'N - 23^{\circ}30,98'V$ .

10. gr.

*Öundarfjörður.*

① Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1.  $66^{\circ}04,35'N - 23^{\circ}33,96'V$
2.  $66^{\circ}02,53'N - 23^{\circ}35,48'V$ .

② Þó er skipum styttri en 20 metrar á tímabilinu frá og með 1. september til og með 31. mars og skipum lengri en 20 metrar á tímabilinu frá og með 1. nóvember til og með 31. mars heimilt að stunda veiðar með dragnót inn að línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1.  $66^{\circ}03,44'N - 23^{\circ}31,61'V$
2.  $66^{\circ}01,90'N - 23^{\circ}32,80'V$ .

11. gr.

*Ísafjarðardjúp.*

① Veiðar með dragnót eru óheimilar á eftirfarandi svæðum.

A. Í Ísafjarðardjúpi allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1.  $66^{\circ}05,43'N - 22^{\circ}39,55'V$  Æðey
2.  $66^{\circ}03,36'N - 22^{\circ}40,59'V$  Ögurhólmi.

② Þó eru skipum sem eru styttri en 20 metrar heimilar veiðar með dragnót á tímabilinu frá og með 1. september til og með 31. mars inn að línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1.  $65^{\circ}58,37'N - 22^{\circ}30,38'V$
2.  $65^{\circ}59,03'N - 22^{\circ}23,88'V$ .

B. Á Hesteyrarfirði allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1.  $66^{\circ}18,82'N - 22^{\circ}53,63'V$
2.  $66^{\circ}18,62'N - 22^{\circ}50,13'V$ .

③ Þó eru skipum sem eru styttri en 20 metrar heimilar veiðar með dragnót á tímabilinu frá og með 1. september til og með 31. mars inn að línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1.  $66^{\circ}20,69'N - 22^{\circ}50,54'V$
2.  $66^{\circ}20,52'N - 22^{\circ}49,55'V$ .

C. Á Veiðileysufirði allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1.  $66^{\circ}19,06'N - 22^{\circ}45,64'V$
2.  $66^{\circ}17,95'N - 22^{\circ}42,61'V$ .

D. Á Jökulfjörðum allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 66°17,16'N - 22°37,00'V Kvíar
2. 66°14,69'N - 22°36,99'V Höfðabót.

12 gr.

*Ólafsfjörður.*

☐ Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 66°07,26'N - 18°36,58'V Brikursker
2. 66°05,62'N - 18°33,56'V Æðasker.

13. gr.

*Eyjafjörður.*

☐ [Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er réttvísandi vestur/austur um Hríseyjarvíta milli eftirfarandi hnita:

1. 66°01,09'N - 18°30,55'V
2. 66°01,09'N - 18°16,75'V<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 176/2020, 2. gr.

14. gr.

*Skjálfaflói.*

☐ Á tímabilinu frá og með 15. mars til og með 31. ágúst eru veiðar með dragnót óheimilar innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 66°06,39'N - 17°49,32'V Brik
2. 66°09,77'N - 17°16,54'V Stóristakkur.

15. gr.

*Austfirðir.*

☐ [Bátum sem eru lengri er 24 metrar eru óheimilar veiðar með dragnót allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:]<sup>1)</sup>

1. 65°21,82'N - 13°42,57'V Landsendi (í norðanverðum Loðmundarfirði)
2. 65°16,25'N - 13°34,47'V Dalatangi
3. 65°10,00'N - 13°30,80'V Norðfjarðarhorn
4. 65°04,70'N - 13°29,60'V Gerpisflös
5. 64°48,10'N - 13°50,30'V Kambanesvíti
6. 64°44,31'N - 13°56,74'V Hlaða
7. 64°39,44'N - 14°15,21'V Knararsundsflæs (austan Djúpavogs).

<sup>1)</sup>Rg. 909/2020.

16. gr.

*Þistilfjörður.*

☐ Veiðar með dragnót eru óheimilar á eftirfarandi svæðum.

A. Á tímabilinu frá og með 15. apríl til og með 14. júní innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 66°15,50'N - 15°20,10'V Grenjanes
2. 66°16,09'N - 15°41,40'V Rauðaness.

B. Á tímabilinu frá og með 15. júní til og með 30. júní innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 66°23,80'N - 15°42,30'V Melrakkanes
2. 66°23,28'N - 14°50,33'V Svínalækjartangi.

C. Á tímabilinu frá og með 1. júlí til og með 15. ágúst innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 66°15,50'N - 15°20,10'V Grenjanes
2. 66°11,50'N - 15°28,00'V Laxártangi.

17. gr.

*Bakkaflói.*

☐ Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 66°02,43'N - 14°54,12'V Skarfatangi
2. 66°03,50'N - 14°43,90'V Digranes.

☐ Á tímabilinu frá og með 15. febrúar til og með 30. júní innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 66°09,55'N - 15°01,04'V Fossárós
2. 66°05,78'N - 15°03,33'V Saurbæjartangi
3. 66°02,43'N - 14°54,12'V Skarfatangi.

18. gr.

*Vopna fjörður.*

☐ Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°47,37'N - 14°45,90'V Tangasporður
2. 65°45,17'N - 14°41,06'V Drangnes.

☐ Á tímabilinu frá og með 1. janúar til og með 30. júní innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°50,96'N - 14°42,97'V Fuglanes
2. 65°47,45'N - 14°19,73'V Svartsnes.

19. gr.

*Borgarfjörður eystri.*

☐ Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°34,10'N - 13°49,22'V Landsendi
2. 65°33,20'N - 13°43,87'V Hafnartangi.

20. gr.

*Loðmundarfjörður - Seyðisfjörður.*

☐ Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°21,67'N - 13°43,33'V
2. 65°19,95'N - 13°43,33'V Borgarnes
3. 65°17,53'N - 13°42,00'V Skálanes.

21. gr.

*Mjóifjörður.*

☐ Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°12,54'N - 13°43,63'V Hof
2. 65°11,40'N - 13°43,23'V Kross.

22. gr.

*Eskifjörður.*

☐ Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°03,60'N - 13°59,60'V Mjóeyri
2. 65°02,85'N - 13°59,74'V Skeleyri.

23. gr.

*Reyðarfjörður.*

☐ Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°01,64'N - 14°10,00'V Ljósá
2. 65°00,84'N - 14°10,45'V Handarhald sunnan fjarðarins.

☐ Á tímabilinu frá og með 1. febrúar til og með 15. maí innan línu sem dregin er réttvísandi norður frá 64°56,17'N - 13°41,12'V Vattarnesviti.

24. gr.

*Fáskrúðsfjörður.*

☐ Veiðar með dragnót eru óheimilar á tímabilinu frá og með 1. janúar til og með 30. júní innan línu, sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 64°53,75'N - 13°50,51'V Víkursker
2. 64°54,44'N - 13°47,26'V Kumlasker.

25. gr.

*Stöðvarfjörður.*

☐ Veiðar með dragnót eru óheimilar á tímabilinu frá og með 1. apríl til og með 15. júní innan línu, sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 64°49,60'N - 13°49,60'V Landatangi
2. 64°48,55'N - 13°50,18'V Kambanes.

26. gr.

*Berufjörður.*

☐ Veiðar með dragnót eru óheimilar á tímabilinu frá og með 1. febrúar til og með 31. maí innan línu, sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 64°40,09'N - 14°15,72'V Svartasker
2. 64°41,30'N - 14°13,70'V Karlsstaðatangi.

27. gr.

*Suðurland.*

☐ Allar veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan þriggja mílna frá fjörumarki meginlandsins á svæði fyrir Suðurlandi, sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi suður frá 64°14,1'N - 14°58,4'V Stokksnesviti og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi suður frá 63°48,0'N - 22°41,9'V Reykjanesviti.

☐ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru veiðar með dragnót heimilaðar á eftirfarandi svæðum og tímum:

- A. Frá og með 15. september til og með 31. maí á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi suður frá 63°49,3'N - 21°39,1'V Selvogsviti og 63°48,0'N - 22°41,9'V Reykjanesviti.
- B. Frá og með 1. júní til og með 31. júlí á svæði milli 20°06'V og 19°48'V, sbr. þó reglugerð nr. 732, 13. desember 1997, um bann við veiðum milli lands og Vestmannaeyja.
- C. Frá og með 1. mars til og með 30. júní á svæði milli 18°18,60'V og 17°00'V.
- D. Frá og með 1. apríl til og með 31. maí að línu í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins á svæði milli 16°34'V og 15°45'V.
- E. Frá og með 1. september til og með 31. mars á svæði milli 21°23'V og að austan af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:
  1. 63°27,20'N - 20°14,50'V
  2. 63°32,80'N - 20°13,30'V.

F. Frá og með 1. september til og með 31. maí á svæði sem afmarkast af línu sem er dregin milli eftirfarandi hnita:

1. 63°47,60'N - 21°23,00'V
2. 63°49,60'N - 21°23,00'V
3. 63°49,60'N - 21°25,00'V
4. 63°50,30'N - 21°26,10'V
5. 63°50,50'N - 21°27,20'V
6. 63°49,00'N - 21°33,60'V
7. 63°47,51'N - 21°33,00'V
8. 63°47,00'N - 21°34,60'V
9. 63°46,60'N - 21°35,10'V.

G. Frá og með 1. september til og með 28. febrúar á svæði milli 16°40'V og 19°30'V.

28. gr.

*Vestmannaeyjar.*

☐ Allar veiðar með dragnót eru óheimilar umhverfis Vestmannaeyjar allt árið innan línu sem dregin er í þriggja sjómílna fjarlægð frá fjöllumarkum eftirfarandi eyja og skerja: Elliðaeyjar, Bjarnareyjar, Heimaeyjar, Suðureyjar, Helliseyjar, Súlnaskers, Geirfuglaskers, Geldungs, Álseyyjar, Grasleysu, Þrídranga og Einidrans. Að norðan markast svæðið af línu sem dregin er í þriggja sjómílna fjarlægð frá fjöllumarkum meginlandsins, sbr. reglugerð nr. 732/1997 um bann við veiðum milli lands og Vestmannaeyja.

☐ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru veiðar með dragnót heimilaðar á eftirfarandi svæði og tíma:

- A. Frá og með 21. febrúar til og með 15. maí á svæði vestan línu, sem dregin er í réttvísandi norður frá Heimaey, þannig að austurkant Ystakletts og Faxaskersvita beri saman og norðan og vestan línu, sem dregin er frá Heimaey um Grasleysu í Þrídranga, þaðan í Einidrang og síðan í réttvísandi suður.
- B. Frá og með 16. maí til og með 31. júlí á svæði, sem markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:
1. 63°22'N - 20°24'V
  2. 63°22'N - 20°30'V
  3. 63°26'N - 20°28'V
  4. 63°26'N - 20°22'V

IV. KAFLI

*Viðurlög og gildistaka.*

29. gr.

☐ Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. [...]¹)

¹)Rg. 1153/2021, 9. gr.

30. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 1061/2013, um dragnótaveiðar, reglugerð nr. 1066/2013, um dragnótaveiðar í Faxaflóa, reglugerð nr. 1062/2013 um bann við dragnótaveiðum í fjörðum Vestfjarða og út af ströndum, reglugerð nr. 1063/2013, um dragnótaveiðar fyrir Norðausturlandi og Austfjörðum, reglugerð nr. 780/2015, um bann við dragnótaveiðum fyrir Norðurland.

**[Ákvæði til bráðabirgða.**

☐ Leyfi til dragnótaveiða sem gefin voru út fiskveiðiárið 2019/2020 á grundvelli reglugerða nr. 1061/2013, um dragnótaveiðar og 1066/2013, um dragnótaveiðar í Faxaflóa, skulu gilda til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu 2019/2020, sbr. ákvæði reglugerðar þessarar.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 1307/2019.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. október 2019.*

## Reglugerð

### nr. 620/2012, um takmarkanir á veiðum íslenskra skipa úr deilistofnum í lögsögu annarra ríkja.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 620/2012 sbr. rg. 487/2013.

1. gr.

☐ Veiðar íslenskra skipa [úr deilistofnum]<sup>1)</sup> í lögsögum annarra ríkja eru óheimilar án sérstaks leyfis Fiskistofu. Skilyrði fyrir leyfisveitingu Fiskistofu er að fyrir hendi séu samningar um nýtingu á viðkomandi stofni með tilheyrandi aðgangi að lögsögu þess ríkis sem um ræðir.

<sup>1)</sup>Rg. 478/2013.

2. gr.

☐ Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum.

3. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

☐ Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er íslenskum skipum sem hafa þegar hafið veiðiferð fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, heimilt að ljúka henni.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 13. júlí 2012.*





## Reglugerð

### nr. 431/2013, um stjórn veiða á djúpsjávartegundum á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

#### 1. gr.

☐ Reglugerð þessi tekur til veiða íslenskra skipa á djúpsjávartegundum á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) utan lögsögu ríkja.

#### 2. gr.

☐ Íslenskum fiskiskipum er óheimilt að stunda veiðar skv. 1. gr. án sérstaks leyfis Fiskistofu.

☑ Fiskiskip skulu með sérstakri tilkynningu til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, með 24 tíma fyrirvara tilkynna þegar veiðar skv. veiðileyfi eru hafnar og tilkynna innan 12 tíma hvenær þeim lýkur. Eftirlitsstöðin telur saman sóknardaga íslenskra skipa. Samanlagður fjöldi sóknardaga íslenskra skipa á hverju almanaksári er 29 og skal Fiskistofa afturkalla öll útgefin leyfi skv. 1. mgr. þegar þeim fjölda sóknardaga er náð.

#### 3. gr.

☐ Við veiðar skv. 1. gr. skulu fiskiskip búa í fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til Eftirlitsstöðvarinnar, um staðsetningu skipsins á klukkustundar fresti.

☑ Óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrr en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að eftirlitsbúnaðurinn starfi eðlilega.

☑ Ef eftirlitsbúnaðurinn bilar, skal gert við hann við komu í næstu höfn. Þar til búnaðinum verður komið í lag, skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu skipsins á 6 klukkustunda fresti til Eftirlitsstöðvarinnar.

#### 4. gr.

☐ Íslenskum skipum, sem ekki hafa fengið leyfi til veiða skv. 1. mgr. 2. gr., er óheimilt, á samningssvæði NEAFC utan lögsögu ríkja, að veiða eftirtaldar djúpsjávartegundir:

1. Gjólnir	<i>Alepocephalus bairdii</i>	Baird's smooth head
2. Gjólnisætt	<i>Alepocephalus rostratus</i>	Risso's smooth head
3. Fjólumóri	<i>Antimora rostrata</i>	Blue antimora (Blue hake)
4. Stinglax	<i>Aphanopus carbo</i>	Black scabbard fish
5. Mattaháfur (Gíslaháfur o.fl.)	<i>Apristuris</i> spp.	Iceland catshark
6. Gulllax/Stóri gulllax	<i>Argentina silus</i>	Greater silver smelt
7. Serkur (Rauðserkur/Fagurserkur)	<i>Beryx</i> spp.	Alfonsinos
8. Keila	<i>Brosme brosme</i>	Tusk
9. Kornháfur	<i>Centrophorus granulosus</i>	Gulper shark
10. Rauðháfur	<i>Centrophorus squamosus</i>	Leafscale gulper shark
11. Svartháfur	<i>Centroscyllium fabricii</i>	Black dogfish
12. Gljáháfur	<i>Centroscymnus coelolepis</i>	Portuguese dogfish
13. Þorsteinsháfur	<i>Centroscymnus crepidater</i>	Longnose velvet dogfish
14. Tröllakrabbi	<i>Chacon (Geyron) affinis</i>	Deep-water red crab
15. Geirmyt	<i>Chimaera monstrosa</i>	Rabbit fish (Rattail)
16. Kragaháfur	<i>Chlamydoselachus anguineus</i>	Frilled shark
17. Hafáll	<i>Conger conger</i>	Conger eel
18. Slétti langhali	<i>Coryphaenoides rupestris</i>	Roundnose grenadier
19. Skarðháfur	<i>Dalatias licha</i>	Kitefin shark
20. Flatnefur	<i>Deania calcea</i>	Birdbeak dogfish
21. Glyrnir	<i>Epigonus telescopus</i>	Black (Deep-water) cardinal fish
22. Dökkháfur	<i>Etmopterus princeps</i>	Greater lantern shark

23. Loðháfur	<i>Etmopterus spinax</i>	Velvet belly
24. Hringaháfur	<i>Galeus melastomus</i>	Blackmouth dogfish
25. Jensensháfur	<i>Galeus murinus</i>	Mouse catshark
26. Svartgóma	<i>Helicolenus dactylopterus</i>	Bluemouth (Blue mouth redfish)
27. Brandháfur	<i>Hexanchus griseus</i>	Bluntnose six-gilled shark
28. Búrfiskur	<i>Hoplostethus atlanticus</i>	Orange roughy
29. Búrfiskbróðir	<i>Hoplostethus mediterraneus</i>	Silver roughy (Pink)
30. Dígurnefur	<i>Hydrolagus mirabilis</i>	Large-eyed rabbit fish (Ratfish)
31. Marbendill/Atlants-marbendill	<i>Lepidopus caudatus</i>	Silver scabbard fish (Cutless fish)
32. Dílamjóri	<i>Lycodesesmarkii</i>	Eelpout
33. Snarphali	<i>Marcrourus berglax</i>	Roughhead grenadier (Rough rattail)
34. Blálanga	<i>Molva dypterygia</i>	Blueling
35. Langa	<i>Molva molva</i>	Ling
36. Móra	<i>Mora moro</i>	Common mora
37. Kýrháfur	<i>Oxynotus paradoxus</i>	Sailfin roughshark (Sharpback shark)
38. Kólguflökkur	<i>Pagellus bogaraveo</i>	Red (blackspot) seabream
39. Litla brosma	<i>Phycis spp.</i>	Forkbeards
40. Blákarpi	<i>Polyprion americanus</i>	Wreckfish
41. Skjötta skata	<i>Raja hyperborean</i>	Arctic skate
42. Pólskata	<i>Rajafyllae</i>	Round skate
43. Þrændaskata	<i>Rajandarosiensis</i>	Norwegian skate
44. Grálúða	<i>Rheinhardtius hippoglossoides</i>	Greenland halibut
45. Trjónufiskur	<i>Rhinochimaera atlantica</i>	Straightnose rabbitfish
46. Ekki til íslenskt heiti, en náskyld tegund er Færeyjaháfur	<i>Scymnodon ringens</i>	Knifetooth dogfish
47. Litli karfi	<i>Sebastes viviparus</i>	Small redfish (Norway haddock)
48. Hákarl	<i>Somniosus microcephalus</i>	Greenland shark
49. Miðjarðarhafskarfi	<i>Trachyscorpia cristulata</i>	Spiny (Deep-sea) Scorpionfish

☐ Öllum íslenskum skipum er óheimilt, á samningssvæði NEAFC utan lögsögu ríkja, að veiða eftirtaldar djúpsjávartegundir:

1. Mattaháfur (Gíslaháfur o.fl.)	<i>Apristuris spp.</i>	Iceland catshark
2. Kornháfur	<i>Centrophorus granulosus</i>	Gulper shark
3. Rauðháfur	<i>Centrophorus squamosus</i>	Leafscale gulper shark
4. Svartháfur	<i>Centroscyllium fabricii</i>	Black dogfish
5. Gljáháfur	<i>Centroscymnus coelolepis</i>	Portuguese dogfish
6. Þorsteinsháfur	<i>Centroscymnus crepidater</i>	Longnose velvet dogfish
7. Kragaháfur	<i>Chlamydoselachus anguineus</i>	Frilled shark
8. Skarðaháfur	<i>Dalatias licha</i>	Kitefin shark
9. Flatnefur	<i>Deania calcea</i>	Birdbeak dogfish
10. Dökkháfur	<i>Etmopterus princeps</i>	Greater lantern shark
11. Loðháfur	<i>Etmopterus spinax</i>	Velvet belly
12. Hringaháfur	<i>Galeus melastomus</i>	Blackmouth dogfish
13. Jensensháfur	<i>Galeus murinus</i>	Mouse catshark
14. Brandháfur	<i>Hexanchus griseus</i>	Bluntnose six-gilled shark
15. Kýrháfur	<i>Oxynotus paradoxus</i>	Sailfin roughshark (Sharpback shark)
16. Ekki til íslenskt heiti, en náskyld tegund er Færeyjaháfur	<i>Scymnodon ringens</i>	Knifetooth dogfish
17. Hákarl	<i>Somniosus microcephalus</i>	Greenland shark
18. Búrfiskur	<i>Hoplostethus atlanticus</i>	Orange roughy
19. Beinhákarl	<i>Cetorhinus maximus</i>	Basking shark
20. Hámeri	<i>Lamna nasus</i>	Porbeagle
21. Háfur	<i>Squalus acanthias</i>	Spurdog

5. gr.

☐ Frá 15. febrúar til 15. apríl eru allar veiðar óheimilar á Franshól, sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:

1. 60°58'76 N - 27°27'32 V
2. 60°56'02 N - 27°31'16 V
3. 60°59'76 N - 27°43'48 V
4. 61°03'00 N - 27°39'41 V

6. gr.

☐ Netaveiðar eru óheimilar á meira dýpi en 200 metrar.

7. gr.

☐ Fiskiskipum sem hafa leyfi skv. 1. mgr. 2. gr. og jafnframt leyfi til að stunda rækjuveiðar í Barentshafi (ICES svæði Ia), sbr. III. kafla reglugerðar um stjórn veiða á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) utan lögsögu ríkja, er heimilt að nota yfirpoka á seiðaskilju við rækjuveiðarnar.

8. gr.

☐ Um tilkynningar gilda ákvæði reglugerðar nr. 1221/2008, með síðari breytingum, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

9. gr.

☐ Stundi skip veiðar skv. þessari reglugerð og almennar togveiðar í lögsögu Íslands í sömu veiðiferð skal halda afla sem þannig fæst aðgreindum frá öðrum afla um borð í veiðiskipi og skal hann veginn og skráður sérstaklega við löndun. Um vigtun afla fer eftir ákvæðum gildandi reglna um vigtun sjávaraflla.

10. gr.

☐ Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lög-sögu Íslands, með síðari breytingum, lögum nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fisk-veiða, með síðari breytingum og lögum nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytja-stofna sjávar, með síðari breytingum.

11. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, lögum nr. 116/2006 og lögum nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum, um stjórn fiskveiða, og öðlast þegar gildi.

☐ Reglugerð þessi er sett til samræmis við skuldbindingar Íslands vegna aðildar að Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndinni (NEAFC).

☐ Við gildistöku þessarar reglugerðar fellur úr gildi reglugerð nr. 471/2012 um (6.) breytingu á reglugerð nr. 1221/2008, um veiðieftirlit á samningssvæði NEAFC.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 3. maí 2013.*



## Reglugerð

### nr. 433/2013, um stjórn veiða á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) utan lögsögu ríkja.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

☐ Reglugerð þessi tekur til karfaveiða íslenskra skipa í Síldarsmugunni (ICES svæði I+II) austan 22°V og rækjuveiða í Barentshafi (ICES svæði Ia), utan lögsögu ríkja.

###### 2. gr.

☐ Íslenskum fiskiskipum er óheimilt að stunda veiðar skv. 1. gr. án sérstakra leyfa frá Fiskistofu.

###### 3. gr.

☐ Við veiðar skv. 1. gr. skulu fiskiskip búið fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu skipsins á klukkustundar fresti.

☐ Óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrr en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að eftirlitsbúnaðurinn starfi eðlilega.

☐ Ef eftirlitsbúnaðurinn bilar, skal gert við hann við komu í næstu höfn. Þar til búnaðinum verður komið í lag, skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu skipsins á 6 klukkustunda fresti til Eftirlitsstöðvarinnar.

###### 4. gr.

☐ Um tilkynningar gilda ákvæði reglugerðar nr. 1221/2008, með síðari breytingum, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

###### 5. gr.

☐ Stundi skip veiðar samkvæmt þessari reglugerð og almennar togveiðar í lögsögu Íslands í sömu veiðiferð skal halda afla sem þannig fæst aðgreindum frá öðrum afla um borð í veiðiskipi og skal hann veginn og skráður sérstaklega við löndun. Um vigtun afla fer eftir ákvæðum gildandi reglugerðar um vigtun sjávarafla.

#### II. KAFLI

##### Karfaveiðar í Síldarsmugunni (ICES svæði I+II).

###### 6. gr.

☐ Veiðar á karfa (*S.Mentella*) í Síldarsmugunni (ICES svæði I+II), austan 22°V eru heimilar frá og með 1. júlí til og með 31. desember 2013. Sameiginlegar aflaheimildir aðildarríkja NEAFC fyrir árið 2013 eru 19.500 lestir. Þennan afla skal skrá sem „RED“ í tilkynningarkerfinu.

☐ Fiskistofa tilkynnir leyfishöfum þegar 80% magnsins er náð en frá og með þeirri tilkynningu er fiskiskipum skylt að senda daglegt aflaskeyti. Þegar sameiginlegar afla-heimildir aðildarríkja NEAFC fyrir árið 2013 eru uppnar skal Fiskistofa afturkalla öll útgefin veiðileyfi.

☐ Við uppreikning á hausuðum og slægðum karfa í afla upp úr sjó skal miða við stuðulinn 1,70.

7. gr.

☐ Karfasýni skulu tekin úr afla, a.m.k. eitt úr hverri veiðiferð og skal hvert sýni innihalda 50-100 fiska sem valdir eru af handahófi. Skrá skal sýnatöku í afladagbók. Sýnin skulu fryst um borð, vera vandlega merkt stað, dagsetningu og dýpi og send Hafrannsóknastofnun að lokinni veiðiferð.

8. gr.

☐ Lágmarksmöskvastærð er 100 mm.

### III. KAFLI

#### Rækjuveiðar í Barentshafi (ICES svæði Ia).

9. gr.

☐ Lágmarksmöskvastærð er 35 mm.

10. gr.

☐ Skylt er við rækjuveiðar á Barentshafi (ICES svæði Ia), utan lögsögu ríkja, að nota seiðaskilju við veiðarnar.

☑ Seiðaskilja skal þannig gerð að bil milli rimla skal mest vera 22 mm. Skiljunni skal komið fyrir í belg vörpunnar með u.þ.b. 45-50 gráðu halla þannig að neðri kantur skiljunnar nái lengra fram. Skiljan skal fylla út í belginn og skulu allir jaðrar hennar festir við netið í belgnum. Á efra byrði vörpunnar fyrir framan skiljuna skal vera gat þar sem fiskur skilst út. Þá aðeins er heimilt að nota yfirpoka á seiðaskilju við rækjuveiðar í Barentshafi (ICES svæði Ia), að hlutaðeigandi skip hafi leyfi skv. reglugerð um stjórn veiða á djúp-sjávar-tegundum á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

### IV. KAFLI

#### Ýmis ákvæði.

11. gr.

☐ Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum, lögum nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og lögum nr. 57, 3. júní 1996, um umgengi um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

12. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og lögum nr. 57, 3. júní 1996, um umgengi um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 3. maí 2013.*

## Reglugerð

### nr. 960/2019, um takmarkanir við veiðum með fiskibotnvörpu.

#### 1. gr.

☐ Reglugerð þessi gildir um takmarkanir við veiðum með fiskibotnvörpu í fiskveiðlandhelgi Íslands.

#### 2. gr.

##### *Á „Mehlsack“.*

☐ Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar á svæði er markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 63°26,77'N - 25°23,25'V | 4. 63°19,00'N - 25°32,00'V  |
| 2. 63°06,50'N - 24°44,30'V | 5. 63°21,95'N - 25°39,65'V. |
| 3. 63°03,36'N - 24°55,51'V |                             |

☐ Þrátt fyrir ofangreint bann er þó heimilt á tímabilinu frá og með 1. febrúar til og með 15. apríl að stunda veiðar innan svæðisins.

#### 3. gr.

##### *Í Jökuldýpi.*

☐ Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar á svæði er markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 64°10,00'N - 25°37,00'V | 4. 63°50,00'N - 26°09,00'V  |
| 2. 63°53,00'N - 25°07,00'V | 5. 63°53,00'N - 26°13,00'V  |
| 3. 63°50,00'N - 25°40,00'V | 6. 64°00,50'N - 26°07,66'V. |

☐ Þrátt fyrir ofangreint bann er þó heimilt á tímabilinu frá og með 1. október til og með 1. apríl að stunda veiðar innan svæðisins frá kl. 20.00 að kvöldi til kl. 8.00 að morgni.

#### 4. gr.

##### *Suðvestur af Malarrífi.*

☐ Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar á svæði er markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 64°29,70'N - 24°33,00'V | 3. 64°30,00'N - 24°25,60'V  |
| 2. 64°30,80'N - 24°26,40'V | 4. 64°28,60'N - 24°32,00'V. |

#### 5. gr.

##### *Í Vikurál.*

☐ Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar á svæði er markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 66°04,00'N - 26°29,00'V | 4. 65°44,00'N - 26°35,00'V  |
| 2. 66°00,00'N - 26°26,00'V | 5. 65°49,00'N - 26°57,00'V  |
| 3. 65°57,00'N - 26°33,00'V | 6. 66°00,00'N - 26°50,00'V. |

☐ Þrátt fyrir ofangreint bann er þó heimilt frá kl. 20.00 að kvöldi til kl. 08.00 að morgni að stunda veiðar innan svæðisins.

6. gr.

*Norður af Horni.*

☐ Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar frá og með 1. mars til og með 17. ágúst á svæði er markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 66°36,40'N - 23°22,00'V | 4. 67°02,00'N - 22°00,00'V  |
| 2. 66°42,50'N - 23°42,50'V | 5. 67°02,94'N - 21°45,00'V  |
| 3. 66°57,50'N - 22°00,00'V | 6. 66°29,20'N - 21°45,00'V. |

☐ Að sunnan afmarkast svæðið af línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

7. gr.

*Á Sporðagrunni.*

☐ Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar á svæði er markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 66°34,42'N - 20°20,50'V | 4. 66°51,60'N - 19°21,89'V  |
| 2. 66°38,44'N - 20°16,67'V | 5. 66°38,32'N - 19°24,68'V. |
| 3. 66°47,37'N - 19°52,94'V |                             |

8. gr.

*Norðan Haganesvíkur.*

☐ Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar á svæði er markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 66°22,10'N - 19°32,30'V | 3. 66°29,48'N - 18°58,76'V  |
| 2. 66°26,99'N - 19°32,94'V | 4. 66°23,98'N - 18°53,78'V. |

☐ Að sunnan afmarkast svæðið af línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

9. gr.

*Á Sléttugrunni.*

☐ Veiðar með fiskibotnvörpur eru óheimilar á svæði er markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 67°07,00'N - 17°24,00'V | 3. 66°51,00'N - 17°04,00'V  |
| 2. 67°07,00'N - 17°20,00'V | 4. 66°51,00'N - 17°20,00'V. |

10. gr.

*Á Digranesflaki.*

☐ Veiðar með fiskibotnvörpur eru óheimilar á svæði er markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 66°12,00'N - 13°48,00'V | 4. 66°03,00'N - 12°36,80'V  |
| 2. 66°23,00'N - 12°51,00'V | 5. 66°00,00'N - 12°51,80'V  |
| 3. 66°14,00'N - 12°40,00'V | 6. 65°59,00'N - 13°34,00'V. |



[10. gr. a.

*Út af Glettinganesi.*

☐ Frá og með 1. júlí til 31. desember ár hvert eru allar veiðar með fiskibotnvörpu bannaðar á svæði út af Glettinganesi sem markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |  |
|----------------------------|--|
| 1. 65°45,18'N - 13°47,06'V | 5. 65°30,66'N - 13°07,82'V                 |
| 2. 65°45,18'N - 13°28,27'V | 6. 65°30,66'N - 13°22,05'V                 |
| 3. 65°40,32'N - 13°17,92'V | 7. 65°32,75'N - 13°22,62'V                 |
| 4. 65°34,84'N - 13°08,97'V | 8. 65°36,75'N - 13°29,14'V.] <sup>1)</sup> |

<sup>1)</sup>Rg. 294/2022.

11. gr.

*Við Hrollaugseyjar.*

☐ Veiðar með fiskibotnvörpur eru óheimilar á svæði er markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 64°11,00'N - 15°42,50'V | 4. 63°54,00'N - 15°59,00'V  |
| 2. 63°57,70'N - 15°28,70'V | 5. 64°02,00'N - 16°11,20'V. |
| 3. 63°54,20'N - 15°46,50'V |                             |

12. gr.

*Fyrir Suðurlandi.*

☐ Veiðar með fiskibotnvörpur eru óheimilar innan þriggja mílna frá fjörumarki meginlandsins á svæði er markast að austan af línu sem dregin er réttvísandi suður frá 64°14,1'N - 14°58,4'V Stokksnesvita og að vestan af línu sem dregin er réttvísandi suður frá 63°48,0'N - 22°41,9'V Reykjanesvita.

13. gr.

*Umhverfis Vestmannaeyjar.*

☐ Veiðar með fiskibotnvörpur eru óheimilar innan línu sem dregin er í þriggja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki eftirgreindra eyja og skerja: Elliðaeyjar, Bjarnareyjar, Heimaeyjar, Suðureyjar, Helliseyjar, Súlaskers, Geirfuglaskers, Geldungs, Álseyjar, Grasleysu, Þrídranga og Einidrangs. Að norðan markast svæðið af línu sem dregin er í þriggja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, sbr. reglugerð nr. 732/1997 um bann við veiðum milli lands og Vestmannaeyja.

☐ Þrátt fyrir ofangreint bann er þó heimilt á tímabilinu frá og með 21. febrúar til og með 15. maí að stunda veiðar innan svæðisins með fótrepisvörpu, á svæði vestan línu, sem dregin er í réttvísandi norður frá Heimaey, þannig að austurkant Ystakletts og Faxaskersvita beri saman og norðan og vestan línu, sem dregin er frá Heimaey um Grasleysu í Þrídranga, þaðan í Einidrang og síðan í réttvísandi suður.

☐ Fótrepisvarpa er varpa sem búin er fótreipi gerðu úr vír eða keðju sem skífur, körtur úr gúmmí eða gerviefni er þrætt upp á, enda sé heildarþvermálið ekki meira en 20 cm.

14. gr.

*Norðvestur af Heimaey.*

☐ Veiðar með fiskibotnvörpur eru óheimilar á svæði er markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 63°38,00'N - 20°34,00'V | 4. 63°27,00'N - 20°20,00'V  |
| 2. 63°30,70'N - 20°18,50'V | 5. 63°32,00'N - 20°34,00'V. |
| 3. 63°30,19'N - 20°16,24'V |                             |

15. gr.

*Á Álseyjarbleyðu.*

☐ Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar á svæði er markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 63°22,00'N - 20°24,00'V | 3. 63°26,00'N - 20°28,00'V  |
| 2. 63°22,00'N - 20°30,00'V | 4. 63°26,00'N - 20°22,00'V. |

16. gr.

*Á Eyrarbyggabug.*

☐ Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar á svæði er markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 63°39,00'N - 20°34,00'V | 3. 63°35,00'N - 21°00,00'V  |
| 2. 63°32,00'N - 20°34,00'V | 4. 63°46,00'N - 21°00,00'V. |

17. gr.

*Á Tánni.*

☐ Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar frá og með 1. júní til og með 31. október á svæði er markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 63°10,00'N - 22°00,00'V | 6. 63°06,00'N - 22°41,00'V  |
| 2. 63°09,20'N - 21°55,50'V | 7. 63°09,20'N - 22°46,00'V  |
| 3. 63°05,40'N - 22°09,00'V | 8. 63°11,00'N - 22°42,00'V  |
| 4. 63°02,80'N - 22°23,50'V | 9. 63°05,00'N - 22°24,00'V. |
| 5. 63°03,00'N - 22°31,00'V |                             |

18. gr.

*Viðurlög.*

☐ Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. [...]¹)

<sup>1)</sup>Rg. 1153/2021, 12. gr.

19. gr.

*Gildistaka.*

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi: reglugerð nr. 162/2002, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu Suðvestur af Malarrífi, reglugerð nr. 875/2005, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu í Víkurál, reglugerð nr. 861/2006, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu norðvestur af Heimaey, reglugerð nr. 100/2008, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu í Eyrarbyggabug, reglugerð nr. 520/2010, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Álseyjarbleyðu og reglugerð nr. 1065/2013, um friðun veiðisvæða fyrir Suðurlandi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. október 2019.*

## Reglugerð

### nr. 961/2019, um takmarkanir við veiðum með línu á djúpslóð.

#### 1. gr.

☐ Reglugerð þessi gildir um takmarkanir við veiðum með línu á djúpslóð í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 2. gr.

##### *Norður af Horni.*

☐ Veiðar með línu eru óhemilar á tímabilinu frá og með 1. mars til og með 17. ágúst á svæði er markast af línu, sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 66°36,40'N - 23°22,00'V | 4. 67°02,00'N - 22°00,00'V  |
| 2. 66°42,50'N - 23°42,50'V | 5. 67°02,94'N - 21°45,00'V  |
| 3. 66°57,50'N - 22°00,00'V | 6. 66°29,20'N - 21°45,00'V. |

☐ Að sunnan afmarkast svæðið af línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 3. gr.

##### *Á Sporðagrunni.*

☐ Veiðar með línu eru óheimilar allt árið á svæði er markast af línu, sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 66°34,42'N - 20°20,50'V | 4. 66°51,60'N - 19°21,89'V  |
| 2. 66°38,44'N - 20°16,67'V | 5. 66°38,32'N - 19°24,68'V. |
| 3. 66°47,37'N - 19°52,94'V |                             |

#### 4. gr.

##### *Norðan Haganesvíkur.*

☐ Veiðar með línu eru óheimilar allt árið á svæði er markast af línu, sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 66°22,10'N - 19°32,30'V | 3. 66°29,48'N - 18°58,76'V  |
| 2. 66°26,99'N - 19°32,94'V | 4. 66°23,98'N - 18°53,78'V. |

☐ Að sunnan afmarkast svæðið af línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 5. gr.

##### *Á Sléttugrunni.*

☐ Veiðar með línu eru óheimilar allt árið á svæði er markast af línu, sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 67°07,00'N - 17°24,00'V | 3. 66°51,00'N - 17°04,00'V  |
| 2. 67°07,00'N - 17°20,00'V | 4. 66°51,00'N - 17°20,00'V. |

6. gr.

*Á Digranesflaki.*

☐ Veiðar með línu eru óheimilar allt árið á svæði er markast af línu, sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 66°12,00'N - 13°48,00'V | 4. 66°03,00'N - 12°36,80'V  |
| 2. 66°23,00'N - 12°51,00'V | 5. 66°00,00'N - 12°51,80'V  |
| 3. 66°14,00'N - 12°40,00'V | 6. 65°59,00'N - 13°34,00'V. |

7. gr.

*Í Lónsdýpi og á Stokksnesgrunni.*

☐ Veiðar með línu eru óheimilar á tímabilinu frá og með 1. ágúst til og með 31. desember á svæði er markast af línu, sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 64°14,60'N - 14°10,50'V | 6. 63°39,00'N - 14°58,70'V  |
| 2. 63°59,00'N - 13°47,00'V | 7. 63°50,00'N - 14°52,00'V  |
| 3. 63°47,30'N - 14°05,90'V | 8. 63°54,30'N - 14°24,40'V  |
| 4. 63°39,10'N - 14°32,10'V | 9. 64°04,50'N - 14°42,00'V. |
| 5. 63°35,60'N - 14°49,00'V |                             |

8. gr.

*Á Mýragrunni.*

☐ Veiðar með línu eru óheimilar allt árið á svæði er markast af línu, sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 63°59,00'N - 15°24,00'V | 3. 63°50,00'N - 15°47,00'V  |
| 2. 63°50,00'N - 15°24,00'V | 4. 63°59,00'N - 15°57,00'V. |

9. gr.

*Á Mýragrunni.*

☐ Veiðar með línu eru óheimilar á tímabilinu frá og með 1. ágúst til og með 31. desember á svæði er markast af línu, sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 63°50,00'N - 15°24,00'V | 4. 63°44,00'N - 15°46,00'V  |
| 2. 63°30,00'N - 15°26,00'V | 5. 63°50,00'N - 15°47,00'V. |
| 3. 63°29,00'N - 15°35,00'V |                             |

10. gr.

*Suður af Ingólfshöfða.*

☐ Veiðar með línu eru óheimilar allt árið á svæði er markast af línu, sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 63°46,00'N - 16°33,00'V | 4. 63°37,00'N - 16°55,00'V  |
| 2. 63°37,00'N - 16°17,00'V | 5. 63°45,00'N - 16°47,00'V. |
| 3. 63°36,00'N - 16°37,00'V |                             |

11. gr.

*Á Örfagrunni.*

☐ Veiðar með línu eru óheimilar á tímabilinu frá og með 1. ágúst til og með 31. desember á svæði er markast af línu, sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 63°26,00'N - 16°41,00'V | 3. 63°25,00'N - 16°00,00'V  |
| 2. 63°29,00'N - 16°00,00'V | 4. 63°22,00'N - 16°35,00'V. |

12. gr.

*Á Síðugrunni.*

☐ Veiðar með línu eru óheimilar allt árið á svæði er markast af línu, sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 63°35,00'N - 17°19,00'V | 3. 63°28,00'N - 17°38,00'V  |
| 2. 63°28,00'N - 17°19,00'V | 4. 63°35,00'N - 17°38,00'V. |

13. gr.

*Á Kötlugrunni.*

☐ Veiðar með línu eru óheimilar allt árið á svæði er markast af línu, sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 63°20,00'N - 18°49,00'V | 3. 63°12,00'N - 18°05,00'V  |
| 2. 63°24,00'N - 18°05,00'V | 4. 63°15,00'N - 18°41,00'V. |

14. gr.

☐ Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. [...]¹)

<sup>1)</sup>Rg. 1153/2021, 11. gr.

15. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi; reglugerð nr. 68/2003, um bann við veiðum með línu og fiskibotnvörpu á Sléttugunni, reglugerð nr. 230/2003, um bann við línuveiðum á Kötlugrunni, reglugerð nr. 311/2003, um bann við línuveiðum við Suður- og Suðausturland og reglugerð nr. 887/2009, um bann við línuveiðum fyrir Suðausturlandi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. október 2019.*



## Reglugerð nr. 959/2019, um friðunarsvæði við Ísland.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 959/2019 sbr. rg. 1153/2021.

### 1. gr.

☐ Reglugerð þessi gildir um friðunarsvæði í íslenskri fiskveiðilandhelgi sem sett eru til að stuðla að hagkvæmri nýtingu nytjastofna og verndun viðkvæmra hafsvæða.

### 2. gr.

*Suðvestur af Reykjanesi.*

☐ Allar veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar á svæði er markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                            |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 63°11,70'N - 24°25,85'V | 5. 63°01,40'N - 24°38,00'V |
| 2. 63°09,00'N - 24°24,00'V | 6. 63°01,00'N - 24°37,80'V |
| 3. 63°06,00'N - 24°25,70'V | 7. 62°58,70'N - 24°44,70'V |
| 4. 63°03,00'N - 24°32,00'V | 8. 63°03,36'N - 24°55,51'V |

### 3. gr.

*Fyrir Vesturlandi.*

☐ Allar veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar á svæði er markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                             |                             |
|-----------------------------|-----------------------------|
| 1. 65°36,00'N - 26°35,00'V  | 11. 63°26,77'N - 25°23,25'V |
| 2. 65°29,00'N - 26°46,00'V  | 12. 63°21,95'N - 25°39,65'V |
| 3. 64°38,00'N - 26°46,00'V  | 13. 63°24,00'N - 25°45,00'V |
| 4. 64°38,00'N - 26°40,00'V  | 14. 63°35,00'N - 26°06,00'V |
| 5. 64°00,50'N - 26°07,66'V  | 15. 63°45,00'N - 26°17,00'V |
| 6. 63°53,00'N - 26°13,00'V  | 16. 63°53,00'N - 26°32,00'V |
| 7. 63°50,00'N - 26°09,00'V  | 17. 64°25,00'N - 26°58,00'V |
| 8. 63°50,00'N - 25°40,00'V  | 18. 64°55,00'N - 27°14,00'V |
| 9. 63°53,00'N - 25°07,00'V  | 19. 65°26,00'N - 27°16,00'V |
| 10. 63°38,00'N - 25°45,00'V | 20. 65°36,00'N - 26°55,00'V |

### 4. gr.

*Norðaustur af Horni.*

☐ Allar veiðar með línu og fiskibotnvörpu eru óheimilar á svæði er markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                            |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 66°45,30'N - 21°45,00'V | 5. 66°50,00'N - 20°56,17'V |
| 2. 67°02,95'N - 21°45,00'V | 6. 66°50,00'N - 21°08,48'V |
| 3. 67°06,50'N - 20°48,50'V | 7. 66°39,87'N - 21°19,02'V |
| 4. 67°04,00'N - 20°42,00'V |                            |

5. gr.

*Fyrir Norðausturlandi.*

☐ [Allar veiðar með línu og fiskibotnvörpu eru óheimilar á svæði er markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra hnita:

- |                            |  |
|----------------------------|--|
| 1. 66°51,80'N – 15°52,75'V | 6. 66°32,30'N – 14°14,45'V                 |
| 2. 66°41,20'N – 14°14,20'V | 7. 66°33,10'N – 14°17,70'V                 |
| 3. 66°40,00'N – 14°07,45'V | 8. 66°36,70'N – 14°48,80'V                 |
| 4. 66°36,85'N – 13°56,60'V | 9. 66°41,10'N – 15°29,00'V                 |
| 5. 66°31,10'N – 14°11,00'V | 10. 66°43,80'N – 15°56,10'V] <sup>1)</sup> |

<sup>1)</sup>Rg. 1102/2020.

6. gr.

*Á Langanesgrunni.*

☐ Veiðar með línu og fiskibotnvörpu eru óheimilar allt árið á svæði er markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 66°36,39'N - 13°57,27'V | 6. 66°38,28'N - 13°10,60'V  |
| 2. 66°40,53'N - 13°47,16'V | 7. 66°48,28'N - 13°28,79'V  |
| 3. 66°37,72'N - 13°37,58'V | 8. 66°48,29'N - 13°47,64'V  |
| 4. 66°31,81'N - 13°42,41'V | 9. 66°55,07'N - 14°01,34'V  |
| 5. 66°29,29'N - 13°39,41'V | 10. 66°40,00'N - 14°15,00'V |

7. gr.

*Viðurlög.*

☐ Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. [...]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 1153/2021, 13. gr.

8. gr.

*Gildistaka.*

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 310/2007, um friðunarsvæði við Ísland.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. október 2019.*



## Reglugerð

### nr. 958/2019, um friðun þorsks, skarkola, blálöngu og steinbíts á hrygningartíma.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 958/2019 sbr. rg. 1153/2021.

1. gr.

Gildissvið.

☐ Reglugerð þessi gildir um friðun þorsks, skarkola, blálöngu og steinbíts í fiskveiðilandhelgi Íslands á hrygningartíma.

I. KAFLI.

#### Svæðalokanir vegna hrygningar þorsks.

2. gr.

*Austursvæði (Stokksnes að 19° V).*

☐ Frá og með 8. apríl til og með 16. apríl eru allar veiðar óheimilar á svæði fyrir Suðurlandi, frá Stokknesi að 19°V. Svæðið markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                                      |                              |
|--------------------------------------|------------------------------|
| 1. 64°14,39'N - 14°57,84'V Stokksnes | 8. 63°40,70'N - 17°30,70'V   |
| 2. 64°14,39'N - 14°48,68'V           | 9. 63°28,90'N - 17°50,50'V   |
| 3. 64°10,40'N - 14°57,30'V           | 10. 63°24,00'N - 18°06,60'V  |
| 4. 64°09,80'N - 15°27,00'V           | 11. 63°19,70'N - 18°42,60'V  |
| 5. 64°04,00'N - 15°54,00'V           | 12. 63°19,47'N - 19°00,00'V  |
| 6. 63°57,50'N - 16°10,00'V           | 13. 63°25,00'N - 19°00,00'V. |
| 7. 63°44,40'N - 16°34,30'V           |                              |

☐ Ennfremur eru á tímabilinu frá og með 8. apríl til og með 16. apríl allar veiðar óheimilar á neðangreindum svæðum:

Við Hrollaugseyjar á svæði er markast af línu, sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 64°05,00'N - 16°06,00'V | 3. 64°03,00'N - 15°39,00'V  |
| 2. 64°01,80'N - 15°59,00'V | 4. 64°13,50'N - 15°29,00'V. |

Við Ingólfshöfða á svæði er markast af línu, sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 63°47,00'N - 16°54,00'V | 4. 63°48,00'N - 16°11,00'V  |
| 2. 63°38,00'N - 16°35,00'V | 5. 63°56,00'N - 16°11,00'V  |
| 3. 63°40,00'N - 16°25,00'V | 6. 64°00,00'N - 16°17,00'V. |

Á Meðallandsbug á svæði er markast af línu, sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 63°30,00'N - 18°02,00'V | 3. 63°47,00'N - 17°15,00'V. |
| 2. 63°30,00'N - 17°30,00'V |                             |

☐ Frá og með 17. apríl til kl. 10.00, 28. apríl markast ytri mörk svæðisins að austan af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

- |                                      |                             |
|--------------------------------------|-----------------------------|
| 1. 64°14,39'N - 14°57,84'V Stokksnes | 6. 63°36,80'N - 16°27,70'V  |
| 2. 64°14,39'N - 14°30,37'V           | 7. 63°34,23'N - 17°00,00'V  |
| 3. 64°08,50'N - 14°34,00'V           | 8. 63°17,00'N - 17°00,00'V  |
| 4. 64°03,85'N - 14°44,25'V           | 9. 63°14,10'N - 17°24,93'V  |
| 5. 63°51,56'N - 15°44,20'V           | 10. 63°13,26'N - 17°35,95'V |

- |                             |                              |
|-----------------------------|------------------------------|
| 11. 63°10,40'N - 17°54,00'V | 14. 63°12,60'N - 18°30,00'V  |
| 12. 63°11,47'N - 18°10,23'V | 15. 63°10,00'N - 19°00,00'V  |
| 13. 63°12,26'N - 18°17,92'V | 16. 63°25,00'N - 19°00,00'V. |

3. gr.

*Vestursvæði (19°V að Skor).*

☐ Frá og með 1. apríl til og með 11. apríl eru allar veiðar óheimilar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi á svæði sem að austan markast af 19°00'V og að vestan af línu sem dregin er réttvísandi 250° frá 65°24,90'N - 23°57,14'V Skorarviti.

☑ Að utan markast svæðið af eftirfarandi hnitum:

- |                             |   |
|-----------------------------|---|
| 1. 63°25,00'N - 19°00,00'V  | 12. 63°49,00'N - 22°53,32'V             |
| 2. 63°19,47'N - 19°00,00'V  | 13. 63°58,30'N - 22°54,57'V             |
| 3. 63°19,50'N - 19°07,50'V  | 14. 64°04,90'N - 22°52,60'V             |
| 4. 63°28,30'N - 20°10,90'V  | 15. 64°31,37'N - 22°31,47'V             |
| 5. 63°33,00'N - 20°27,00'V  | 16. 64°39,69'N - 23°48,17'V             |
| 6. 63°33,00'N - 20°50,00'V  | 17. 64°45,00'N - 24°04,63'V             |
| 7. 63°47,80'N - 21°16,00'V  | 18. 64°53,11'N - 24°12,03'V             |
| 8. 63°46,60'N - 21°23,50'V  | 19. 64°57,11'N - 24°02,66'V             |
| 9. 63°45,30'N - 21°39,10'V  | 20. 64°59,16'N - 23°47,69'V             |
| 10. 63°45,80'N - 22°04,20'V | 21. 65°23,53'N - 24°06,12'V             |
| 11. 63°44,00'N - 22°41,90'V | 22. 65°24,90'N - 23°57,14'V Skorarviti. |

☐ Frá og með 12. apríl til kl. 10.00, 21. apríl markast ytri mörk svæðisins af línu, sem dregin er vestur um milli eftirfarandi hnita:

- |                             |  |
|-----------------------------|--|
| 1. 63°25,00'N - 19°00,00'V  | 12. 63°15,00'N - 23°00,50'V            |
| 2. 63°10,00'N - 19°00,00'V  | 13. 63°10,70'N - 23°24,00'V            |
| 3. 63°05,01'N - 19°52,07'V  | 14. 63°11,00'N - 24°05,50'V            |
| 4. 63°10,20'N - 20°12,80'V  | 15. 63°35,06'N - 23°13,06'V            |
| 5. 63°07,20'N - 20°15,70'V  | 16. 63°36,72'N - 23°22,84'V            |
| 6. 63°08,00'N - 20°32,80'V  | 17. 63°39,65'N - 23°28,55'V            |
| 7. 63°05,00'N - 20°49,50'V  | 18. 64°43,72'N - 24°12,83'V            |
| 8. 63°11,20'N - 21°27,80'V  | 19. 64°43,72'N - 24°25,57'V            |
| 9. 63°10,00'N - 21°51,70'V  | 20. 65°16,44'N - 24°51,28'V            |
| 10. 63°05,00'N - 22°15,00'V | 21. 65°24,90'N - 23°57,14'V Skorarviti |
| 11. 63°05,00'N - 22°27,50'V |  |

4. gr.

*Önnur friðunarsvæði vegna hrygningar þorsks.*

☐ Frá og með 15. apríl til kl. 10.00 30. apríl eru allar veiðar óheimilar á eftirgreindum svæðum.

- A. Á Ísafjarðardjúpi innan línu sem dregin er frá 66°09,79'N - 23°34,27'V Galtarviti í 66°25,83'N - 23°08,07'V Straumnesviti.
- B. Fyrir Norður- og Austurlandi. Að vestan markast svæðið af línu sem dregin er frá 66°24,64'N - 22°22,75'V Hornbjargsviti í 66°27,64'N - 22°22,75'V þaðan í 3ja sjómílna frá fjörumarki meginlandsins að línu sem er frá 64°14,39'N - 14°50,97'V í 64°14,39'N - 14°57,84'V Stokksnes.
- B. Við Grímsey innan 3ja sjómílna frá fjörumarki Grímseyjar.
- C. Á Húnafirði innan línu sem dregin er frá 65°41,23'N - 20°40,41'V Nestá að 66°01,30'N - 20°25,98'V Kálfshamarsviti.

## II. KAFLI.

### Svæðalokanir vegna hrygningar skarkola.

5. gr.

☐ Auk svæðalokana í 1. – 3. gr. eru á tímabilinu frá og með 1. apríl til og með 30. apríl allar veiðar með botnvörpu, dragnót og netum óheimilar á eftirgreindum svæðum:

A. Á Selvogsbanka á svæði er markast af línu sem, dregin er á milli eftirfarandi hnita:

1.  $63^{\circ}40,00'N - 21^{\circ}00,00'V$
2.  $63^{\circ}31,00'N - 20^{\circ}10,00'V$
3.  $63^{\circ}22,00'N - 20^{\circ}30,00'V$
4.  $63^{\circ}20,00'N - 20^{\circ}50,00'V$ .

B. Á Hafnarleir á svæði er markast af línu sem, dregin er á milli eftirfarandi hnita:

1.  $64^{\circ}05,00'N - 23^{\circ}15,00'V$
2.  $64^{\circ}05,00'N - 22^{\circ}54,00'V$
3.  $63^{\circ}50,00'N - 22^{\circ}53,00'V$
4.  $63^{\circ}50,00'N - 22^{\circ}57,00'V$
5.  $64^{\circ}00,00'N - 23^{\circ}20,00'V$ .

C. Á Breiðafirði á svæði er markast af línu sem, dregin er á milli eftirfarandi hnita:

1.  $65^{\circ}16,00'N - 23^{\circ}27,00'V$
2.  $65^{\circ}10,00'N - 23^{\circ}27,00'V$
3.  $65^{\circ}00,00'N - 24^{\circ}20,00'V$
4.  $65^{\circ}05,00'N - 24^{\circ}37,00'V$ .

6. gr.

☐ Þrátt fyrir ákvæði 1. – 4. gr. eru veiðar á sæbjúga, grásleppu, innfjarðarækju, hörpudiski, ígulkerum, beitukóngi og kúfiski heimilar þeim sem hafa aflamark eða tilskilin leyfi til þeirra veiða innan svæðisins.

## III. KAFLI.

### Svæðalokanir vegna hrygningar blálöngu.

7. gr.

☐ Frá og með 15. febrúar til og með 30. apríl eru allar veiðar óheimilar á eftirgreindum svæðum:

A. Suður af Vestmannaeyjum á svæði er markast af línu sem, dregin er á milli eftirfarandi hnita:

1.  $62^{\circ}58,90'N - 20^{\circ}22,00'V$
2.  $63^{\circ}00,00'N - 20^{\circ}27,00'V$
3.  $62^{\circ}50,00'N - 20^{\circ}27,00'V$
4.  $62^{\circ}50,00'N - 20^{\circ}00,00'V$
5.  $63^{\circ}00,00'N - 20^{\circ}00,00'V$ .

B. Á Franshól á svæði er markast af línu sem, dregin er á milli eftirfarandi hnita:

1.  $61^{\circ}03,00'N - 27^{\circ}39,00'V$
2.  $61^{\circ}03,00'N - 27^{\circ}28,00'V$
3.  $60^{\circ}59,00'N - 27^{\circ}28,00'V$ .

Suðurmörk svæðisins afmarkast af 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi Íslands.

IV. KAFLI.

**Svæðalokun vegna hrygningar steinbíts.**

8. gr.

☐ Frá og með 15. september til og með 30. apríl eru allar veiðar óheimilar á Látragrunni á svæði er markast af línu, sem dregin er á milli eftirfarandi hnita:

1. 65°03,00'N - 26°35,00'V
2. 65°17,00'N - 26°35,00'V
3. 65°17,00'N - 25°50,00'V
4. 65°11,00'N - 25°42,00'V
5. 65°03,00'N - 25°50,00'V.

V. KAFLI.

**Ýmis ákvæði.**

9. gr.

*Viðurlög.*

☐ Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. [...] <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 1153/2021, 14. gr.

10. gr.

*Gildistaka.*

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 30/2005, um friðun hrygningarþorsks og skarkola á vetrarvertíð, reglugerð nr. 252/2004, um friðun blálöngu á hrygningartíma, og reglugerð nr. 754/2010, um friðun steinbíts á hrygningartíma á Látragrunni.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. október 2019.*

## Reglugerð

### nr. 1459/2022, um tímabundið bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Berufjarðarálfshorni.

#### 1. gr.

☐ Frá og með 23. desember 2022 til og með 31. desember 2023 eru allar veiðar með fiski-botnvörpu bannaðar á svæði á Berufjarðarálfshorni, sem markast af línu sem dregin er milli eftir-farandi hnita:

1. 64°02,00'N - 013°13,00'V
2. 64°07,00'N - 013°17,00'V
3. 64°08,50'N - 013°08,00'V
4. 64°05,00'N - 013°07,00'V

#### 2. gr.

☐ Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 3. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 9. gr., 10. gr. og 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 31. desember 2023.

*Matvælaráðuneytinu, 20. desember 2022.*



## Reglugerð

### nr. 732/1997, um bann við veiðum milli lands og Vestmannaeyja.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 732/1997 sbr. rg. 1219/2021.

#### 1. gr.

☐ Frá og með 1. janúar 1998 eru veiðar með öllum veiðarfærum bannaðar á svæði þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggja milli lands og Vestmannaeyja. Að austan markast svæðið af línu sem dregin er þannig að Bjarnarey að vestan beri í Elliðaey að austan. Að vestan takmarkast svæðið af línu sem dregin er þannig að austurkant Ystakletts og Faxaskersvita beri saman.

#### 2. gr.

☐ [Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 1219/2021.

#### 3. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. janúar 1998 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. desember 1997.*





## Reglugerð

### nr. 733/2018, um ótímabundið bann við veiðum á sæbjúgum í Breiðafirði.

1. gr.

☐ Frá og með 27. júlí 2018 eru allar veiðar á sæbjúgum bannaðar ótímabundið í Breiðafirði innan línu, sem dregin er frá Selskeri (austan Sigluness á Barðaströnd)  $65^{\circ}26,85' \text{ N} - 23^{\circ}38,45' \text{ V}$  um Selsker sunnan fjarðarins í Eyrarfjall  $65^{\circ}00,00' \text{ N} - 23^{\circ}12,00' \text{ V}$ .

2. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 25. júlí 2018.*



## Reglugerð

nr. 186/2020, um tímabundið bann við veiðum með fiskibotnvörpu á veiðisvæðum humars.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 186/2020 sbr. rg. 278/2022.

### I. KAFLI

#### Gildissvið, skilgreiningar o.fl.

1. gr.

Gildissvið.

☐ [Allar veiðar með fiskibotnvörpu eru bannaðar, á eftirfarandi veiðisvæðum humars, frá og með 16. mars 2022 til og með 15. mars 2024:]<sup>1)</sup>

A. Lónsdýpi, sem markast af eftirfarandi hnitum:

1. 64°10,00'N - 014°42,00'V
2. 63°56,00'N - 014°12,00'V
3. 63°56,00'N - 014°05,00'V
4. 64°10,00'N - 014°30,00'V

B. Hornafjarðardýpi, sem markast af eftirfarandi hnitum:

1. 64°00,00'N - 015°18,00'V
2. 63°43,00'N - 014°52,00'V
3. 63°46,00'N - 014°47,00'V
4. 64°00,00'N - 015°10,00'V

C. Breiðamerkurdýpi, sem markast af eftirfarandi hnitum:

1. 63°52,50'N - 016°16,00'V
2. 63°35,00'N - 015°46,00'V
3. 63°37,00'N - 015°41,00'V
4. 63°57,50'N - 016°02,00'V

<sup>1)</sup>Rg. 278/2022.

2. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 268/2019, um tímabundið bann við veiðum með fiskibotnvörpu á veiðisvæðum humars.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 20. febrúar 2020.*



## Reglugerð

### nr. 942/2016, um verndun kóralsvæða út af Suður- og Suðausturlandi.

#### 1. gr.

☐ Allar veiðar nema veiðar á uppsjávarfiski með flotvörpu og hringnót eru bannaðar á eftirgreindum svæðum:

A. *Út af Reynisdjúpi* á svæði er markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- |                              |                              |
|------------------------------|------------------------------|
| 1. 63°13,90' N - 18°44,00' V | 5. 63°13,70' N - 18°49,70' V |
| 2. 63°13,90' N - 18°46,60' V | 6. 63°13,40' N - 18°44,30' V |
| 3. 63°15,10' N - 18°50,00' V | 7. 63°13,90' N - 18°44,00' V |
| 4. 63°14,30' N - 18°53,00' V |                              |

B. *Í Skaftárdjúpi* á svæði er markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- |                              |                              |
|------------------------------|------------------------------|
| 1. 63°11,40' N - 17°57,00' V | 5. 63°12,60' N - 17°50,00' V |
| 2. 63°11,10' N - 17°57,00' V | 6. 63°11,40' N - 17°54,50' V |
| 3. 63°11,10' N - 17°53,40' V | 7. 63°11,40' N - 17°57,00' V |
| 4. 63°12,60' N - 17°46,70' V |                              |

C. *Í Skaftárdjúpi* á svæði er markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- |                              |                              |
|------------------------------|------------------------------|
| 1. 63°11,00' N - 18°00,00' V | 5. 63°13,40' N - 17°38,00' V |
| 2. 63°10,45' N - 18°00,00' V | 6. 63°10,80' N - 17°54,00' V |
| 3. 63°10,30' N - 17°52,00' V | 7. 63°11,00' N - 18°00,00' V |
| 4. 63°12,80' N - 17°38,00' V |                              |

D. *Í Skeiðarárdýpi* á svæði er markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- |                              |                               |
|------------------------------|-------------------------------|
| 1. 63°16,25' N - 17°09,52' V | 6. 63°18,26' N - 16°47,33' V  |
| 2. 63°15,11' N - 17°09,05' V | 7. 63°20,16' N - 16°48,00' V  |
| 3. 63°17,33' N - 16°58,07' V | 8. 63°20,09' N - 16°55,30' V  |
| 4. 63°17,31' N - 16°55,19' V | 9. 63°18,01' N - 17°01,55' V  |
| 5. 63°17,48' N - 16°50,38' V | 10. 63°16,25' N - 17°09,52' V |

E. *Við Hornaffjarðardjúp* á svæði er markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- |                              |                              |
|------------------------------|------------------------------|
| 1. 63°36,27' N - 14°48,52' V | 4. 63°37,22' N - 14°47,50' V |
| 2. 63°36,70' N - 14°42,50' V | 5. 63°36,66' N - 14°48,52' V |
| 3. 63°37,54' N - 14°41,75' V | 6. 63°36,27' N - 14°48,52' V |

F. *Við Hornaffjarðardjúp* á svæði er markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- |                              |                              |
|------------------------------|------------------------------|
| 1. 63°37,00' N - 14°33,00' V | 5. 63°35,70' N - 14°45,00' V |
| 2. 63°35,00' N - 14°39,00' V | 6. 63°37,00' N - 14°39,30' V |
| 3. 63°35,00' N - 14°50,00' V | 7. 63°38,00' N - 14°36,00' V |
| 4. 63°35,70' N - 14°50,00' V | 8. 63°37,00' N - 14°33,00' V |

G. *Í Lónsdýpi* á svæði er markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- |                              |                              |
|------------------------------|------------------------------|
| 1. 63°56,53' N - 14°00,29' V | 4. 63°49,45' N - 14°04,44' V |
| 2. 63°55,56' N - 13°58,45' V | 5. 63°54,20' N - 14°07,41' V |
| 3. 63°52,46' N - 13°54,48' V | 6. 63°56,53' N - 14°00,29' V |

H. *Út af Lónsdýpi* á svæði er markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- |                              |                               |
|------------------------------|-------------------------------|
| 1. 63°46,54' N - 14°04,54' V | 8. 63°52,56' N - 13°45,01' V  |
| 2. 63°47,05' N - 13°59,05' V | 9. 63°54,15' N - 13°42,59' V  |
| 3. 63°48,24' N - 13°51,26' V | 10. 63°54,10' N - 13°40,24' V |
| 4. 63°49,40' N - 13°49,15' V | 11. 63°49,33' N - 13°43,33' V |
| 5. 63°50,48' N - 13°48,07' V | 12. 63°47,03' N - 13°48,06' V |
| 6. 63°51,55' N - 13°46,34' V | 13. 63°45,21' N - 14°03,30' V |
| 7. 63°52,27' N - 13°45,32' V | 14. 63°46,54' N - 14°04,54' V |

I. *Út af Papagrunni* á svæði er markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- |                              |                              |
|------------------------------|------------------------------|
| 1. 63°57,70' N - 13°33,50' V | 4. 63°56,50' N - 13°30,20' V |
| 2. 63°59,43' N - 13°27,12' V | 5. 63°57,70' N - 13°33,50' V |
| 3. 63°58,00' N - 13°25,40' V |                              |

J. *Í Rósagarði* á svæði er markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- |                              |                              |
|------------------------------|------------------------------|
| 1. 63°28,35' N - 13°16,40' V | 5. 63°25,80' N - 13°20,50' V |
| 2. 63°28,35' N - 12°58,60' V | 6. 63°25,80' N - 13°18,90' V |
| 3. 63°32,50' N - 12°54,60' V | 7. 63°28,35' N - 13°16,40' V |
| 4. 63°32,50' N - 13°20,50' V |                              |

2. gr.

☐ Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglugerð nr. 1140/2005, um verndun kóralsvæða við suðurströndina og reglugerð nr. 1095/2011, um verndun kóralsvæða út af Suður- og Suðausturlandi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 27. október 2016.*

## Reglugerð nr. 11/2015, um verndun kóralsvæða á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

### 1. gr.

☐ Reglugerð þessi tekur til íslenskra skipa sem veiðar stunda á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC), utan lögsögu ríkja.

### 2. gr.

☐ Allar veiðar nema veiðar á uppsjávarfiski með flotvörpu og hringnót eru bannaðar á eftirgreindum svæðum:

A. Á *Northern MAR Area* sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                        |                        |
|------------------------|------------------------|
| 1. 59°45' N - 33°30' V | 4. 59°15' N - 34°30' V |
| 2. 57°30' N - 27°30' V | 5. 59°45' N - 33°30' V |
| 3. 56°45' N - 28°30' V |                        |

B. Á *Middle MAR Area* sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                                  |                         |
|----------------------------------|-------------------------|
| 1. 53°30' N - 38°00' V           | 8. 51°30' N - 28°00' V  |
| 2. 53°30' N - 36°49' V           | 9. 49°00' N - 26°30' V  |
| 3. 55°04,5327' N - 36°46' V      | 10. 49°00' N - 30°30' V |
| 4. 54°58,9914' N - 34°41,3634' V | 11. 51°30' N - 32°00' V |
| 5. 54°41,1841' N - 34°00' V      | 12. 51°30' N - 38°00' V |
| 6. 53°30' N - 34°00' V           | 13. 53°30' N - 38°00' V |
| 7. 53°30' N - 30°00' V           |                         |

C. Á *Southern MAR Area* sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                        |                        |
|------------------------|------------------------|
| 1. 44°30' N - 30°30' V | 4. 43°15' N - 31°00' V |
| 2. 44°30' N - 27°00' V | 5. 44°30' N - 30°30' V |
| 3. 43°15' N - 27°15' V |                        |

D. Á *Altair Seamount* sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                        |                        |
|------------------------|------------------------|
| 1. 45°00' N - 34°35' V | 4. 44°25' N - 34°35' V |
| 2. 45°00' N - 33°45' V | 5. 45°00' N - 34°35' V |
| 3. 44°25' N - 33°45' V |                        |

E. Á *Antialtair Seamount* sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                        |                        |
|------------------------|------------------------|
| 1. 43°45' N - 22°50' V | 4. 43°25' N - 22°50' V |
| 2. 43°45' N - 22°05' V | 5. 43°45' N - 22°50' V |
| 3. 43°25' N - 22°05' V |                        |

F. Á *Hatton Bank 1* sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                        |                        |
|------------------------|------------------------|
| 1. 59°26' N - 14°30' V | 5. 58°30' N - 17°52' V |
| 2. 59°12' N - 15°08' V | 6. 58°03' N - 17°52' V |
| 3. 58°34' N - 16°47' V | 7. 58°03' N - 17°30' V |
| 4. 58°29' N - 17°25' V | 8. 57°55' N - 17°30' V |

- |                               |                               |
|-------------------------------|-------------------------------|
| 9. 57°45' N - 19°15' V        | 18. 59°08,75' N - 18°01,47' V |
| 10. 58°11,15' N - 18°57,51' V | 19. 59°15,16' N - 18°01,56' V |
| 11. 58°11,57' N - 19°11,97' V | 20. 59°24,17' N - 17°31,22' V |
| 12. 58°27,75' N - 19°11,65' V | 21. 59°21,77' N - 17°15,36' V |
| 13. 58°39,09' N - 19°14,28' V | 22. 59°26,91' N - 17°01,66' V |
| 14. 58°38,11' N - 19°01,29' V | 23. 59°42,69' N - 16°45,96' V |
| 15. 58°53,14' N - 18°43,54' V | 24. 59°20,97' N - 15°44,75' V |
| 16. 59°00,29' N - 18°01,31' V | 25. 59°21' N - 15°40' V       |
| 17. 59°08,01' N - 17°49,31' V | 26. 59°26' N - 14°30' V       |

G. Á *Rockall Bank* sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

Svæði 1:

1. 57°00' N - 14°53' V
2. 57°37' N - 14°42' V
3. 57°55' N - 14°24' V
4. 58°15' N - 13°50' V
5. 57°57' N - 13°09' V
6. 57°50' N - 13°14' V
7. 57°57' N - 13°45' V
8. 57°49' N - 14°06' V
9. 57°29' N - 14°19' V
10. 57°22' N - 14°19' V
11. 57°00' N - 14°34' V
12. 56°56' N - 14°36' V
13. 56°56' N - 14°51' V
14. 57°00' N - 14°53' V

Svæði 2:

1. 56°24' N - 15°37' V

2. 56°21' N - 14°58' V
3. 56°04' N - 15°10' V
4. 55°51' N - 15°37' V
5. 56°10' N - 15°52' V
6. 56°24' N - 15°37' V

Svæði 3:

1. 55°56,9' N - 16°11,3' V
2. 55°58,2' N - 16°11,3' V
3. 55°58,3' N - 16°02,8' V
4. 55°56,9' N - 16°02,8' V
5. 55°56,9' N - 16°11,3' V

Svæði 4:

1. 55°49,9' N - 15°56' V
2. 55°48,5' N - 15°56' V
3. 55°48,3' N - 15°50,6' V
4. 55°49,6' N - 15°50,6' V
5. 55°49,9' N - 15°56' V

H. Á *Logachev Mounds* sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                        |                        |
|------------------------|------------------------|
| 1. 55°17' N - 16°10' V | 4. 55°33' N - 16°16' V |
| 2. 55°34' N - 15°07' V | 5. 55°17' N - 16°10' V |
| 3. 55°50' N - 15°15' V |                        |

I. Á *West Rockall Mounds* sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                        |                        |
|------------------------|------------------------|
| 1. 57°20' N - 16°30' V | 4. 56°40' N - 17°50' V |
| 2. 57°05' N - 15°58' V | 5. 57°20' N - 16°30' V |
| 3. 56°21' N - 17°17' V |                        |

J. Á *Edora Bank* sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                        |                         |
|------------------------|-------------------------|
| 1. 56°26' N - 22°26' V | 7. 55°43' N - 23°14' V  |
| 2. 56°28' N - 22°04' V | 8. 55°50' N - 23°16' V  |
| 3. 56°16' N - 21°42' V | 9. 56°05' N - 23°06' V  |
| 4. 56°05' N - 21°40' V | 10. 56°18' N - 22°43' V |
| 5. 55°55' N - 21°47' V | 11. 56°26' N - 22°26' V |
| 6. 55°45' N - 22°00' V |                         |



K. Á *Southwest Rockall Bank* sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

Svæði 1:

1. 55°58,16' N - 16°13,18' V
2. 55°58,24' N - 16°02,56' V
3. 55°54,86' N - 16°05,55' V
4. 55°58,16' N - 16°13,18' V

Svæði 2:

1. 55°55,86' N - 15°40,84' V
2. 55°51,00' N - 15°37,00' V
3. 55°47,86' N - 15°53,81' V
4. 55°49,29' N - 15°56,39' V
5. 55°55,86' N - 15°40,84' V

L. Á *Hatton Rockall Basin* sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

Svæði 1:

1. 58°00,15' N - 15°27,23' V
2. 58°00,15' N - 15°38,26' V
3. 57°54,19' N - 15°38,26' V
4. 57°54,19' N - 15°27,23' V
5. 58°00,15' N - 15°27,23' V

Svæði 2:

1. 58°11,04' N - 16°31,14' V
2. 58°13,00' N - 16°25,23' V
3. 58°10,99' N - 16°21,74' V
4. 58°08,09' N - 16°27,07' V
5. 58°11,04' N - 16°31,14' V

M. Á *Hatton Bank 2* sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

Svæði 1:

1. 57°51,76' N - 18°05,87' V
2. 57°55,00' N - 17°30,00' V
3. 58°03,00' N - 17°30,00' V
4. 57°53,10' N - 16°56,33' V
5. 57°35,11' N - 18°02,01' V
6. 57°51,76' N - 18°05,87' V

4. 57°31,13' N - 18°21,28' V
5. 57°14,09' N - 19°28,43' V
6. 57°02,21' N - 19°27,53' V
7. 56°53,12' N - 19°28,97' V
8. 56°50,22' N - 19°33,62' V
9. 56°46,68' N - 19°53,72' V
10. 57°00,04' N - 20°04,22' V
11. 57°10,31' N - 19°55,24' V
12. 57°32,67' N - 19°52,64' V
13. 57°46,68' N - 19°37,86' V
14. 57°59,96' N - 19°05,05' V

Svæði 2:

1. 57°59,96' N - 19°05,05' V
2. 57°45,00' N - 19°15,00' V
3. 57°50,07' N - 18°23,82' V

3. gr.

☐ Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa sem gefin voru út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum og VI. kafla laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

4. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum og lögum nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 681/2013, um verndun kóralsvæða á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 9. janúar 2015.*



## Reglugerð

### nr. 175/2015, um notkun botnveiðarfæra á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

#### 1. gr.

☐ Reglugerð þessi tekur til íslenskra skipa sem veiðar stunda á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC), utan lögsögu ríkja.

#### 2. gr.

☐ Til botnveiðarfæra teljast öll þau veiðarfæri sem liggja á eða eru dregin eftir hafsbotni.

#### 3. gr.

☐ Veiðar með botnveiðarfærum eru einungis heimilar á eftirgreindum svæðum:

A. Á *Hatton Bank* sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

##### Svæði 1

- |                              |                               |
|------------------------------|-------------------------------|
| 1. 60°03,34' N - 14°12,29' V | 8. 58°58,59' N - 15°55,21' V  |
| 2. 59°40,25' N - 14°01,65' V | 9. 59°03,72' N - 16°18,20' V  |
| 3. 59°31,57' N - 14°15,37' V | 10. 59°17,95' N - 16°31,24' V |
| 4. 59°19,18' N - 14°38,36' V | 11. 59°36,96' N - 16°31,24' V |
| 5. 59°14,97' N - 14°52,43' V | 12. 59°36,96' N - 15°26,74' V |
| 6. 59°07,07' N - 14°57,23' V | 13. 59°48,03' N - 14°49,68' V |
| 7. 59°03,72' N - 15°44,58' V | 14. 60°04,02' N - 14°20,52' V |
|                              | 15. 60°03,34' N - 14°12,29' V |

B. Á *Hatton Bank* sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

##### Svæði 2

- |                               |                               |
|-------------------------------|-------------------------------|
| 1. 59°41,99' N - 16°42,56' V  | 18. 56°29,95' N - 19°32,39' V |
| 2. 59°14,97' N - 16°48,39' V  | 19. 56°36,76' N - 20°01,21' V |
| 3. 59°09,18' N - 17°28,19' V  | 20. 56°22,75' N - 20°26,26' V |
| 4. 58°59,48' N - 17°20,30' V  | 21. 56°22,75' N - 20°38,61' V |
| 5. 59°05,30' N - 16°57,31' V  | 22. 56°29,95' N - 20°50,96' V |
| 6. 58°57,71' N - 16°42,56' V  | 23. 56°37,14' N - 20°50,96' V |
| 7. 58°27,60' N - 17°27,51' V  | 24. 56°50,13' N - 20°25,57' V |
| 8. 58°11,38' N - 17°30,94' V  | 25. 57°14,21' N - 20°33,81' V |
| 9. 58°05,41' N - 17°13,78' V  | 26. 57°34,91' N - 20°33,81' V |
| 10. 57°58,32' N - 17°14,47' V | 27. 57°51,40' N - 20°10,82' V |
| 11. 57°54,86' N - 17°06,23' V | 28. 57°55,41' N - 19°52,98' V |
| 12. 57°49,75' N - 17°05,55' V | 29. 58°28,85' N - 19°14,55' V |
| 13. 57°33,07' N - 17°47,06' V | 30. 58°40,84' N - 19°16,95' V |
| 14. 57°29,57' N - 18°12,45' V | 31. 58°58,59' N - 18°59,80' V |
| 15. 57°17,73' N - 18°29,61' V | 32. 59°12,87' N - 18°17,26' V |
| 16. 57°12,91' N - 18°49,16' V | 33. 59°16,20' N - 17°55,30' V |
| 17. 57°03,97' N - 19°21,07' V | 34. 59°30,01' N - 17°39,86' V |
|                               | 35. 59°41,99' N - 16°42,56' V |

C. Á *Hatton Bank* sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

Svæði 3

- |                              |                               |
|------------------------------|-------------------------------|
| 1. 54°56,44' N - 17°12,07' V | 9. 54°38,24' N - 19°23,47' V  |
| 2. 54°34,86' N - 18°01,82' V | 10. 54°58,80' N - 19°15,24' V |
| 3. 54°34,86' N - 18°23,77' V | 11. 55°04,11' N - 18°44,36' V |
| 4. 54°28,69' N - 19°03,23' V | 12. 55°25,82' N - 18°40,93' V |
| 5. 54°24,90' N - 19°18,67' V | 13. 55°24,46' N - 18°24,80' V |
| 6. 53°58,60' N - 19°57,10' V | 14. 55°08,63' N - 17°46,38' V |
| 7. 54°11,08' N - 20°07,73' V | 15. 54°57,03' N - 18°01,82' V |
| 8. 54°20,10' N - 20°06,02' V | 16. 54°58,80' N - 17°07,95' V |
|                              | 17. 54°56,44' N - 17°12,07' V |

D. Á *Hatton Bank* sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

Svæði 4

- |                               |                               |
|-------------------------------|-------------------------------|
| 1. 58°29,21' N - 14°45,22' V  | 16. 56°29,95' N - 17°28,54' V |
| 2. 58°03,96' N - 14°46,59' V  | 17. 56°45,05' N - 17°23,73' V |
| 3. 57°29,57' N - 14°41,11' V  | 18. 56°53,69' N - 17°07,95' V |
| 4. 56°56,31' N - 14°32,87' V  | 19. 56°55,00' N - 16°46,68' V |
| 5. 56°34,87' N - 14°18,12' V  | 20. 57°11,42' N - 16°42,56' V |
| 6. 55°34,18' N - 15°27,42' V  | 21. 57°09,19' N - 15°47,32' V |
| 7. 55°30,88' N - 15°47,32' V  | 22. 57°16,25' N - 15°23,65' V |
| 8. 55°23,48' N - 15°56,93' V  | 23. 57°37,13' N - 15°18,32' V |
| 9. 55°12,69' N - 16°45,14' V  | 24. 57°50,49' N - 15°18,63' V |
| 10. 55°17,30' N - 16°53,83' V | 25. 57°57,22' N - 15°29,15' V |
| 11. 55°25,98' N - 16°52,00' V | 26. 58°04,01' N - 15°26,26' V |
| 12. 55°31,34' N - 16°41,17' V | 27. 58°12,79' N - 15°29,15' V |
| 13. 55°30,49' N - 17°35,05' V | 28. 58°23,29' N - 15°14,35' V |
| 14. 55°41,15' N - 17°50,49' V | 29. 58°21,77' N - 15°08,10' V |
| 15. 56°17,61' N - 17°47,41' V | 30. 58°30,11' N - 14°54,14' V |
|                               | 31. 58°29,21' N - 14°45,22' V |

E. Á *Hatton Bank* sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

Svæði 5

- |                              |                              |
|------------------------------|------------------------------|
| 1. 55°51,19' N - 19°57,78' V | 4. 55°29,13' N - 20°43,41' V |
| 2. 55°26,21' N - 19°44,74' V | 5. 55°47,14' N - 20°27,29' V |
| 3. 55°20,17' N - 20°14,25' V | 6. 55°51,19' N - 19°57,78' V |

F. Á *Josephine Seamont JOS I* sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                              |                              |
|------------------------------|------------------------------|
| 1. 37°03,73' N - 14°10,22' V | 5. 36°42,17' N - 14°32,31' V |
| 2. 36°42,90' N - 14°06,26' V | 6. 36°52,77' N - 14°33,36' V |
| 3. 36°33,12' N - 14°11,13' V | 7. 37°03,36' N - 14°14,49' V |
| 4. 36°33,73' N - 14°16,01' V | 8. 37°03,73' N - 14°10,22' V |

G. Á *Mid-Atlantic MAR I* sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                              |                              |
|------------------------------|------------------------------|
| 1. 57°10,30' N - 33°20,51' V | 6. 56°31,73' N - 34°14,66' V |
| 2. 57°05,85' N - 33°07,45' V | 7. 56°44,69' N - 34°08,68' V |
| 3. 56°43,76' N - 33°29,31' V | 8. 57°09,10' N - 33°30,42' V |
| 4. 56°29,66' N - 33°34,18' V | 9. 57°10,30' N - 33°20,51' V |
| 5. 56°22,39' N - 34°00,99' V |                              |

H. Á *Mid-Atlantic MAR 2* sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                              |                              |
|------------------------------|------------------------------|
| 1. 44°44,97' N - 25°13,12' V | 4. 44°34,13' N - 25°25,57' V |
| 2. 44°29,24' N - 24°58,10' V | 5. 44°47,86' N - 25°19,99' V |
| 3. 44°22,50' N - 25°17,20' V | 6. 44°44,97' N - 25°13,12' V |

I. Á *Mid-Atlantic MAR 3* sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                              |                              |
|------------------------------|------------------------------|
| 1. 45°41,04' N - 27°15,42' V | 6. 45°29,48' N - 27°52,54' V |
| 2. 45°28,58' N - 27°08,56' V | 7. 45°40,14' N - 27°40,10' V |
| 3. 45°25,72' N - 27°25,08' V | 8. 45°40,14' N - 27°15,42' V |
| 4. 45°12,14' N - 27°37,31' V | 9. 45°41,04' N - 27°15,42' V |
| 5. 45°11,23' N - 27°45,68' V |                              |

J. Á *Mid-Atlantic MAR 4* sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                              |                              |
|------------------------------|------------------------------|
| 1. 46°23,06' N - 27°37,31' V | 4. 46°23,95' N - 27°55,12' V |
| 2. 46°03,17' N - 27°38,81' V | 5. 46°23,95' N - 27°40,10' V |
| 3. 46°03,17' N - 27°55,12' V | 6. 46°23,06' N - 27°37,31' V |

K. Á *Mid-Atlantic MAR 5* sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                              |                              |
|------------------------------|------------------------------|
| 1. 47°33,34' N - 27°26,37' V | 5. 47°43,46' N - 27°48,25' V |
| 2. 47°17,51' N - 27°18,21' V | 6. 47°33,34' N - 27°29,16' V |
| 3. 47°17,51' N - 27°48,25' V | 7. 47°33,34' N - 27°26,37' V |
| 4. 47°27,83' N - 27°56,62' V |                              |

L. Á *Barents Sea BAR 1* sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                               |                               |
|-------------------------------|-------------------------------|
| 1. 74°08,14' N - 41°03,62' A  | 15. 74°34,56' N - 36°01,24' A |
| 2. 73°44,63' N - 41°21,60' A  | 16. 74°54,39' N - 36°56,65' A |
| 3. 73°25,64' N - 41°01,90' A  | 17. 75°02,44' N - 37°16,34' A |
| 4. 73°06,86' N - 40°42,45' A  | 18. 75°20,74' N - 38°05,32' A |
| 5. 72°38,44' N - 40°35,80' A  | 19. 75°48,06' N - 38°57,10' A |
| 6. 72°11,29' N - 40°32,60' A  | 20. 76°15,08' N - 39°35,71' A |
| 7. 72°15,27' N - 39°46,79' A  | 21. 76°53,98' N - 42°53,59' A |
| 8. 72°40,86' N - 38°49,42' A  | 22. 76°43,67' N - 44°45,47' A |
| 9. 73°04,49' N - 37°37,52' A  | 23. 76°14,03' N - 43°53,70' A |
| 10. 73°22,38' N - 36°38,67' A | 24. 76°01,20' N - 42°04,01' A |
| 11. 73°38,20' N - 35°21,84' A | 25. 75°34,29' N - 42°06,20' A |
| 12. 73°54,17' N - 34°06,74' A | 26. 75°05,96' N - 39°35,71' A |
| 13. 73°58,67' N - 33°42,11' A | 27. 74°08,14' N - 41°03,62' A |
| 14. 74°17,45' N - 35°03,86' A |                               |

M. Á *Reykjanes Ridge* sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                              |                              |
|------------------------------|------------------------------|
| 1. 60°59,07' N - 27°00,00' V | 5. 61°01,77' N - 27°46,53' V |
| 2. 60°52,86' N - 27°26,59' V | 6. 61°09,41' N - 28°03,36' V |
| 3. 60°53,36' N - 27°41,38' V | 7. 61°11,41' N - 28°01,33' V |
| 4. 60°57,55' N - 27°50,59' V | 8. 60°59,07' N - 27°00,00' V |

4. gr.

☐ Skipstjórar skulu kynna sér friðunarsvæði innan ofangreindra svæða sbr. reglugerð nr. 11/2015 um verndun kóralsvæða á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

5. gr.

☐ Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa sem gefin eru út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum og VI. kafla laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

6. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum og lögum nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 20. febrúar 2015.*

## **Reglugerð nr. 766/2004, um bann við rækjuveiðum norður af Rífsbanka.<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 766/2004 sbr. rg. 1153/2021.

1. gr.

☐ Frá og með 27. september 2004 eru allar rækjuveiðar óheimilar norður af Rífsbanka, á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta.

1. 67° 20'00 N - 15° 00'00 V
2. 67° 15'00 N - 15° 00'00 V
3. 66° 58'00 N - 13° 45'00 V
4. 67° 10'00 N - 13° 45'00 V

2. gr.

☐ [Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 1153/2021, 26. gr.

3. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. september 2004.*





## Reglugerð

### nr. 696/2005, um bann við kolmunnaveiðum við Þórsbanka án meðaflaskilju.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 696/2005 sbr. rg. 1153/2021.

#### 1. gr.

☐ [Veiðar með kolmunnavörpu við Þórsbanka eru aðeins heimilar að varpan sé búin meðaflaskilju í samræmi við ákvæði reglugerðar um gerð og útbúnað meðaflaskilju við veiðar á uppsjávarfiski. Svæðið markast af línun sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                            |  |
|----------------------------|--|
| 1. 65°00'00 N - 10°20'00 V | 7. 63°45'50 N - 12°56'70 V                 |
| 2. 64°37'00 N - 10°20'00 V | 8. 63°53'44 N - 13°25'00 V                 |
| 3. 64°37'00 N - 09°50'00 V | 9. 64°00'00 N - 13°07'00 V                 |
| 4. 64°04'00 N - 09°50'00 V | 10. 64°21'70 N - 12°17'30 V                |
| 5. 63°17'00 N - 11°20'00 V | 11. 64°32'30 N - 11°41'00 V                |
| 6. 63°07'00 N - 12°29'00 V | 12. 65°00'00 N - 11°28'00 V] <sup>1)</sup> |

<sup>1)</sup>Rg. 499/2017.

#### 2. gr.

☐ [Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 1153/2021, 25. gr.

#### [5. gr.]<sup>1)</sup>

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma eru felldar úr gildi reglugerð nr. 519, 27. maí 2005 um bann við kolmunnaveiðum vestan Þórsbanka með síðari breyt-ingum, reglugerð nr. 606, 24. júní 2005, um bann við kolmunnaveiðum úti fyrir Austfjörðum og reglugerð nr. 657, 1. júlí 2005, um bann við kolmunnaveiðum austan Þórsbanka.

<sup>1)</sup>Greinarnúmer svo birt í Stjórnartíðindum.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. júlí 2005.*



## Reglugerð

### nr. 456/2017, um bann við veiðum á háfi, hámeri og beinhákarli.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 456/2017 sbr. rg. 1153/2021.

#### 1. gr.

☐ Háfur, hámeri og beinhákarl eru friðaðar tegundir í fiskveiðilandhelgi Íslands. Allar beinar veiðar á háfi, hámeri eða beinhákarli í fiskveiðilandhelgi Íslands eru þar með óheimilar.

#### 2. gr.

☐ Komi háfur, hámeri eða beinhákarl um borð í veiðiskip sem meðafli skal umsvifalaust sleppa lífvænlegum háfi, hámeri eða beinhákarli.

#### 3. gr.

☐ Afli þessara tegunda skal seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir. Afli sætir álagningu gjalds samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum. Það skal nema andvirði gjaldskylds afla.

#### 4. gr.

☐ Skipstjóra er skylt að halda afladagbók, sbr. reglugerð nr. 746/2016, um afladagbækur. Skrá skal í afladagbók upplýsingar s.s. um veiðarfæri, veiðistað og veiðidag, um þann háf, hámeri eða beinhákarl, sem sleppt er í hverju kasti/lögn/togi.

#### 5. gr.

☐ [...] <sup>1)</sup> Brot varða viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

<sup>1)</sup>Rg. 1153/2021, 18. gr.

#### 6. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 44/1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og 9. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og 14. gr. laga nr. 37/1992 um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 30. maí 2017.*



## Reglugerð

### nr. 1035/2017, um bann við hvalveiðum á tilteknum svæðum.

#### 1. gr.

☐ Frá gildistöku reglugerðar þessarar eru allar hvalveiðar bannaðar á eftirgreindum svæðum:

A. **Á Faxaflóa** innan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°04,90' N - 22°41,4' V (Garðskagavita).
2. 64°46,60' N - 22°36,3' V (Skógarnes).

B. **Á Eyjafirði og Skjálfandaflóa** innan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 66°11,6' N - 18°49,3' V (Siglunesviti).
2. 66°17,8' N - 17°06,8' V (Lágey).
3. 66°12,4' N - 17°08,7' V (Tjörnesviti).

#### 2. gr.

☐ Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 10. gr. laga nr. 26/1949, um hvalveiðar, með síðari breytingum.

#### 3. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 26/1949, um hvalveiðar, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott reglugerð nr. 997/2017, um bann við hvalveiðum á tilteknum svæðum.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 29. nóvember 2017.*



## Reglugerð nr. 1100/2019, um bann við selveiðum.

### 1. gr.

#### *Bann við veiðum.*

- ① Reglugerð þessi gildir um bann við veiðum á öllum selategundum.
- ② Allar selveiðar eru óheimilar á íslensku forráðasvæði (í sjó, ám og vötnum) nema að fengnu sérstöku leyfi frá Fiskistofu til selveiða til eigin nytja. Öll sala og markaðsfærsla á íslenskum sel og selaafurðum er bönnuð.

### 2. gr.

#### *Leyfi til veiða vegna eigin nytja.*

- ① Fiskistofa getur veitt leyfi til takmarkaðra veiða á sel til eigin nytja innan netlaga þar sem veiðar hafa verið eða verða stundaðar sem búsilag. Leyfi skulu bundin því skilyrði að allur aflí sé skráður og að Fiskistofu verði sendar árlega skýrslur um sókn og afla.
- ② Leyfi til selveiða til eigin nytja skulu gefin út fyrir hvert almanaksár.

### 3. gr.

#### *Umsóknir.*

- ① Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um leyfi til selveiða til eigin nytja næsta almanaksár eigi síðar en 1. september ár hvert og skal umsóknarfrestur vera til og með 1. október.
- ② Í umsóknum skal koma fram við hvaða land áformað er að veiða, hvaða veiðiaðferð verði notuð og fjöldi sela sem sótt er um leyfi til að veiða.
- ③ Með umsóknum skulu fylgja upplýsingar um veiði umsækjanda síðustu 5 árin ásamt eignarheimild eða samningi við eiganda viðkomandi lands.

### 4. gr.

#### *Málsmeðferð og útgáfa leyfa.*

- ① Fiskistofa annast útgáfu leyfa til veiða á sel til eigin nytja.
- ② Fiskistofa metur umfang umsókna þegar allar umsóknir hafa borist og skal leita umsagnar Hafrannsóknastofnunar. Fiskistofa getur takmarkað útgáfu leyfa, magn sem má veiða eða takmarkað veiðar með öðrum hætti ef ástæða er til.
- ③ Heimilt er að binda útgáfu leyfa til veiða ákveðnum skilyrðum, m.a. um skýrsluskil, stærð sela, gerð veiðarfæra, magn sem heimilt er að veiða, veiðitímabil o.s.frv.
- ④ Í leyfi skal koma fram fyrir hvaða veiðisvæði og tímabil það gildir. Þá skal koma fram hvaða veiðiaðferð megi beita við veiðarnar og hversu mörg dýr megi veiða.

### 5. gr.

#### *Framkvæmd og tilhögun veiða til eigin nytja.*

- ① Við veiðarnar skal leyfishafi fara eftir lögum og stjórnvaldsreglum sem gilda um veiðarnar og einnig ákvæðum sem sett eru um veiðarnar í leyfi.

### 6. gr.

#### *Framsal.*

- ① Framsal leyfa til selveiða samkvæmt þessari reglugerð er óheimilt.

7. gr.

*Skýrsluskil.*

☐ Skil á skýrslum um veiði skulu fara fram á því formi sem Fiskistofa gefur út og með þeim hætti sem stofnunin ákveður og birtir upplýsingar um á vefsíðu sinni.

8. gr.

*Afturköllun leyfa til eigin nytja.*

☐ Fiskistofa getur afturkallað leyfi sem veitt hefur verið ef Hafrannsóknastofnun telur að nauðsynlegt sé að takmarka veiðar eða ef leyfishafi uppfyllir ekki skilyrði leyfisins. Endurnýjun leyfa skal vera háð því að skilað hafi verið skýrslu um veiði og veiðisókn síðasta árs það ár sem veiði var stunduð.

9. gr.

*Eftirlit.*

☐ Fiskistofa hefur eftirlit með að veiðar samkvæmt þessari reglugerð séu í samræmi við lög og reglur og getur gripið til aðgerða ef hún telur ástæðu til t.d. vegna brota á reglugerðinni eða ef skilyrði leyfisins eru ekki lengur uppfyllt.

10. gr.

*Gildistaka.*

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði og öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

☐ Fiskistofa skal auglýsa eftir umsóknum um leyfi til selveiða til eigin nytja vegna ársins 2020 samkvæmt 3. gr. eigi síðar 15. desember 2019 og skal umsóknarfrestur vera til og með 15. janúar 2020. Fiskistofa skal afgreiða umsóknir eigi síðar en 1. mars 2020 og skulu útgefin leyfi taka gildi frá og með 1. mars 2020 og gilda til og með 31. desember 2020.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 11. desember 2019.*



## Auglýsing

### nr. 955/2020, um framkvæmd skyndilokana Fiskistofu.

#### 1. gr.

☐ Fiskistofu er heimilt að grípa til skyndilokana í allt að 14 sólarhringa vegna skaðlegra veiða, sbr. 10.-11. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

☑ Skaðlegar teljast veiðar þegar smáfiskur í afla fer yfir þau viðmiðunarmörk sem ráðherra hefur ákveðið, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar. Sama gildir um veiðar á smáhumri, smárækju eða öðrum tegundum nytjastofna, enda hafi verið sett ákveðin viðmiðunarmörk varðandi nýtingu viðkomandi stofns. Þá teljast það enn fremur skaðlegar veiðar ef þær eru ekki í samræmi við þær ákvarðanir sem teknar hafa verið um hagkvæma nýtingu viðkomandi nytjastofna.

#### 2. gr.

☐ Fiskistofa skal tilkynna skyndilokun til Landhelgisgæslu Íslands sem tilkynnir hana á viðeigandi svæðum. Skulu eftirfarandi atriði koma fram í tilkynningunni:

1. Hvenær bannið tekur gildi og hve lengi það gildir.
2. Til hvaða veiðarfæra bannið tekur.
3. Mörk veiðisvæðisins.

☑ Landhelgisgæsla Íslands skal tilkynna án tafar á kallbylgjum sínum um skyndilokunina og síðan eins fljótt og við verður komið tilkynna á vinnubylgjum a.m.k. tvisvar sinnum nánar um skyndilokunina. Skulu í tilkynningu á vinnubylgju koma fram öll þau atriði er koma fram í tilkynningu til Landhelgisgæslunnar, sbr. 1. mgr.

#### 3. gr.

☐ Skyndilokun öðlast gildi þegar hún hefur verið tilkynnt af Landhelgisgæslu Íslands á vinnubylgju, sbr. 2. og 3. mgr. 2. gr.

#### 4. gr.

☐ Fiskistofa skal senda tilkynningu um skyndilokun veiðisvæðis til Ríkisútvarpsins, þar sem fram koma upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Hvenær bannið tekur gildi og hve lengi það gildir.
2. Til hvaða veiðarfæra bannið tekur.
3. Veiðisvæðið.

☑ Tilkynningu um skyndilokun skal lesa í auglýsingatíma fyrir eða eftir fyrsta fréttatíma eftir að Ríkisútvarpinu berst tilkynning um skyndilokun veiðisvæðis og skal þar getið þeirra atriða sem tilgreind eru í 1. mgr.

#### 5. gr.

☐ Eftir að skyndilokun hefur tekið gildi skal Landhelgisgæsla Íslands kalla út tilkynningu um hana annan hvern dag meðan skyndilokun er í gildi. Jafnframt skal Landhelgisgæsla Íslands senda tilkynningu með NAVTEX á næsta útsendingartíma eftir útgáfu tilkynningar.

#### 6. gr.

☐ Upplýsingar um nánari mörk bannsvæða veitir Fiskistofa og Landhelgisgæsla Íslands.

☑ Veiðieftirlitsmenn Fiskistofu skulu kappkosta eftir föngum að koma upplýsingum um skyndilokanir á framfæri til veiðiskipa, sem vitað er að halda sig nærri þeim svæðum sem banna á veiðar á, eða ætla má að séu á leið þangað til veiða.

7. gr.

☐ Ákveða skal skyndilokun þannig að hún taki ekki gildi fyrr en veiðiskipum hefur gefist færi á að taka inn veiðarfæri sín. Skal við ákvörðun um gildistöku taka tillit til þess með hvaða veiðarfærum veiðar eru stundaðar á því svæði, sem banna á veiðar á.

8. gr.

☐ Auglýsing þessi er sett með heimild í lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Auglýsingin öðlast þegar gildi. Við gildistöku auglýsingarinnar fellur úr gildi auglýsing nr. 166/2008, um framkvæmd skyndilokana Hafrannsóknastofnunarinnar.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 25. september 2020.*

## Reglugerð

### nr. 543/2002, um möskvastærðir- og útbúnað varpna til veiða á botnfiski, rækju og humri.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 543/2002 sbr. rg. 39/2003, rg. 84/2003, rg. 412/2008, og rg. 432/2018.

#### 1. gr.

☐ Reglugerð þessi tekur aðeins til varpna sem notaðar eru til togveiða á botnfiski, rækju og humri.

☐ Með poka skv. reglugerð þessari er átt við aftasta hluta vörpunnar. Pokinn skal allur jafnbreiður og skorinn á legg eða síðum. Heimilt er þó að þrengja poka (sekk) á leisum í tveimur öftustu metrum pokans. Óheimilt er að nota umbúnað af nokkru tagi til að koma í veg fyrir rennsli afla aftur í poka.

#### 2. gr.

☐ Lágmarksmöskvastærð í botnvörpu og flotvörpu skal vera 135 mm.

☐ Botnvarpa og flotvarpa merkir samkvæmt reglugerð þessari vörpur sem notaðar eru til veiða á helstu botnfisktegundum hér við land.

#### 3. gr.

☐ Lágmarksmöskvastærð í netþaki humarvörpu skal vera 135 mm en 80 mm í öðrum hlutum vörpunnar.

☐ Skyld er að hafa tvö ferhyrnd netstykki á legg úr a.m.k. 200 mm riðli á efra byrði belgs humarvörpunnar. Fremra netstykkið skal vera a.m.k. 4 metrar að lengd og skal því komið fyrir fremst á efra byrði vörpunnar fyrir aftan netþak. Afturhorn netstykkisins skal festa ekki fjær hliðarleisum en nemur 20 möskvum. Aftara netstykkið skal vera a.m.k. 2 metrar að lengd og skal það staðsett u.þ.b. 2 metrum aftan við aftari rönd fremra netstykkisins. Afturhorn netstykkisins skal festa ekki fjær hliðarleisum en nemur 20 möskvum. Netstykki þessi skulu fest þannig að hver leggur stykkisins sé festur á móti 5 upptökum efra byrðisins.

#### 4. gr.

☐ [Lágmarksmöskvastærð rækjuvörpu skal vera 45 mm í vængjum aftur að fremsta netþaki (miðneti) en 36 mm í öðrum hlutum rækjuvörpunnar.

☐ Við veiðar á rækju á eftirgreindum svæðum skal nota eitt af eftirtöldum veiðarfærum: net á legg í a.m.k. fjórum öftustu metrum vörpunnar, smárækjuskilju útbúinni samkvæmt reglum þar um eða þvernetspoka með fjórum byrðum felldan á línur.

A. Innan viðmiðunarlínu á svæði frá Bjargtöngum norður og austur um Rauðanúp.

B. Fyrir Suðvesturlandi sunnan 65°15'N og vestan 23°V.

☐ Við veiðar á úthafs rækju fyrir Norðurlandi norðan 65°30'N, milli 12°V og 18°V, og sunnan 66°45'N, milli 18°V og 20°V, skal við rækjuveiðar nota net á legg í a.m.k. átta öftustu metrum vörpunnar eða smárækjuskilju samkvæmt reglum þar um. Lágmarksmöskvastærð leggpokans á þessu svæði skal vera a.m.k. 40 mm. Einnig er heimilt að nota í stað leggpoka eða smárækjuskilju þvernetspoka með fjórum byrðum felldan á línur.

☐ Við notkun leggpoka eða þverpoka er heimilt að nota þrjá síðumöskva fyrir framan kolllínumöskvana. Skal hver leggur leggpokans festur við eina upptöku vörpunnar.]

<sup>1)</sup>Rg. 432/2018.

5. gr.

☐ Við veiðar er óheimilt að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir, herpir eða lokar á nokkurn hátt möskvum þeim sem getið er um í 2. gr. reglugerðar þessarar. Þó er heimilt að:

**A. Slitnet.** Festa undir allt að 25 öftustu metra botnvörpu net með sömu möskvastærð og er í pokanum í því skyni að draga úr sliti. Slitvara þessa má festa við pokann að framan og til hliðar og einnig er heimilt að festa slitvarana við styrktarnet efra byrðis að aftan sbr. C-lið þessarar greinar. Óheimilt er að nota meira en eitt byrði af slitneti.

**B. Slitmottur.** Festa undir slitvara þá er getið er í A-lið nautshúðir, mottur úr gerviefnum eða aðra sambærilega slitvara í því skyni að auka enn núningsþol pokans. Slitmottur þessar má aðeins festa að framan og á hliðunum.

**C. Styrktarnet.** Festa styrktarnet úr sama efni og varpan er gerð úr við allt að 18 öftustu metra efra byrðis botnvörpu og efra og neðra byrðis flotvörpu. Möskvastærð styrktarnetsins skal vera rúmlega tvöfalt stærri en möskvastærð vörpunnar þar sem það er fest við. Heimilt er að festa styrktarnet þetta við pokann að framan, á hliðum og að aftan sbr. A-lið þessarar greinar. Ganga skal þannig frá styrktarneti þessu að hver möskvi þess falli saman við fjóra möskva pokans. Óheimilt er að nota meira en eitt byrði af slíku styrktarneti.

Óheimilt er að nota styrktarnet nema möskvastærð í 8 öftustu metrum vörpunnar sé a.m.k. 155 mm, á svæði umhverfis Ísland og norður af Íslandi innan línu, sem dregin er þannig: 320° réttvísandi frá stað 66°17,0 N og 24°00,0 V og 12 sjómílu utan viðmiðunarlínu, samkvæmt lögum nr. 79/1997 að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum og þaðan suðureftir um eftirgreinda punkta:

1. 64°43,7 N - 24°26,0 V
2. 64°43,7 N - 24°12,0 V

og þaðan 5 sjómílu utan við Geirfugladrang í punkt 5 sjómílu réttvísandi suður frá Geirfugladrangi og þaðan í punkt 4 sjómílu suður frá Surtsey, síðan í punkt 4 sjómílu suður frá Lunddrangi og þaðan utan 4ra sjómílna frá viðmiðunarlínu austur um að 18°00,0 V og þaðan í réttvísandi 180° í stað 63°17,0 N, 18°00,0 V og síðan um eftirgreinda punkta:

1. 63°41,0 N - 15°30,0 V
2. 64°19,0 N - 12°26,0 V
3. 64°25,0 N - 12°11,0 V
4. 64°40,0 N - 11°26,0 V

og þaðan er línan dregin í réttvísandi norður út að mörkum fiskveiðilandhelginnar í punkt 69°29,5 N - 11°26,0 V og síðan í réttvísandi austur.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessa liðar er heimilt í fiskveiðilandhelgi Íslands við karfaveiðar með flotvörpu á dýpra vatni en 200 föðmum, sunnan 66°10' N við Vesturland og sunnan 64°45' N við Austurland, að festa styrktarnet á bæði byrði vörpunnar á 40 öftustu metra hennar. Skal riðill í 20 öftustu metrum styrktarnetsins ekki vera minni en riðillinn í vörpunni en í næstu 20 metrum styrktarnetsins þar fyrir framan skal riðillinn a.m.k. tvöfalt stærri en riðill vörpunnar. Styrktarnetið festist að ofan, neðan og á hliðunum.

**D. Styrktargjarðir.** Nota styrktargjarðir utan um pokann á allt að 25 öftustu metra botnvörpu og flotvörpu. Bil á milli gjarða skal vera minnst 1,8 m en heimilt er að festa öftustu gjörðina nær kollínunni. Lengd gjarða skal vera minnst 45% af strengdri lengd netsins á þeim stað sem gjörðin er.

**E. Steinamottur.** Festa innan á neðra byrði botnvörpu húð eða mottu til að auka núningsþol pokans vegna grjóts, sem berst í pokann. Stærð þessara hlífa má mest vera 4 m<sup>2</sup> alls í hverri botnvörpu.

6. gr.

☐ [Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal lágmarksmöskvastærð í vörpu við veiðar á úthafskarfa vera 100 mm og sé notuð klæðning í hluta vörpunnar skal lágmarksmöskvastærð klæðningarinnar vera hin sama.]<sup>1)</sup> Tekur þetta til veiða á úthafskarfa með flotvörpu á svæði utan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°20'N-29°45'V
2. 63°00'N-26°00'V
3. 62°00'N-27°00'V
4. 60°22'N-24°20'V.]<sup>2)</sup>

☐ Sama gildir við botnvörpuveiðar á blálöngu á Franshóli á svæði sem markast af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 61°03,0 N - 27°25,0 V
2. 60°57,0 N - 27°25,0 V
3. 60°57,0 N - 27°40,0 V
4. 61°03,0 N - 27°40,0 V

<sup>1)</sup>Rg. 494/2008, <sup>2)</sup>Rg. 412/2008.

7. gr.

☐ Við veiðar með botn- og flotvörpum er óheimilt að nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir, herpir eða lokar á nokkurn hátt möskvum þeim, sem um er getið í 3.- 4. gr., eða nota umbúnað af nokkru tagi til þess að koma í veg fyrir rennsli afla aftur í poka eða nota net eða annað til þéttingar poka að aftan. Þó er heimilt:

A. Við veiðar með rækjuvörpum samkvæmt 4. gr. að nota hlífðarpoka utan um pokann sjálfan. Lágmarksmöskvastærð slíks hlífðarpoka skal vera 100 mm.

B. Við rækjuveiðar er heimilt að binda fyrir rækjupoka allt að 40 cm fyrir ofan pokaendann og stinga lausa netinu inn í pokann til að þétta pokahnútinn.

Rækjupokinn skal ekki vera meira en 50 cm lengri en hlífðarpokinn. Heimilt er að binda fyrir hlífðarpokann að aftan.

C. Við veiðar með humarvörpum samkvæmt 3. gr. að festa undir pokann net allt að 9 m að lengd með 135 mm lágmarksmöskvastærð til þess að koma í veg fyrir slit.

D. Við veiðar með botnvörpum samkvæmt 3.-4. gr. að festa undir 8 öftustu metra vörpunnar nautshúðir eða mottur úr gerviefnum í því skyni að auka núningsþol pokans.

8. gr.

☐ Eigi ná ákvæði þessarar reglugerðar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna. Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að veita tímabundin leyfi til þess að nota vörpu með annarri möskvastærð eða öðrum útbúnaði en heimilt er samkvæmt reglugerð þessari. Leyfi þessi skulu bundin við veiðar á ákveðnum fisktegundum og ákveðin veiðisvæði.

☐ Séu togveiðar á tilteknu svæði háðar því skilyrði að fótrepisvarpa sé notuð, skal sú varpa ekki búin bobbingum heldur fótrepri gerðu úr vír eða keðju, sem skífur, körtur úr gúmmíi eða gerfiefni er þrætt upp á, enda sé heildarþvermál fótrepisins ekki meira en 20 cm.

☐ Um mælingar á möskvum vísast til reglugerðar nr. 24/1998, um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga.

9. gr.

☐ Bannað er að henda í sjóinn veiðarfærum, netastykkjum svo og öðrum hlutum úr veiðarfærum. Týni skip veiðarfærum í sjó ber skipstjóra að reyna að slæða þau upp. Takist það ekki skal hann tilkynna það til Landhelgisgæslunnar og skýra frá staðsetningu veiðarfærisins, eins nákvæmlega og unnt er og hvenær það týndist.

10. gr.

☐ Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Um ólögmætan afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

11. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. maí 1996, um veiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast gildi 26. júlí 2002 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er frá sama tíma felld úr gildi reglugerð nr. 77, 6. febrúar 1998, um botn- og flotvörpur, með síðari breytingum.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. júlí 2002.*

## Reglugerð

### nr. 24/1998, um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 24/1998 sbr. rg. 992/2014.

#### 1. gr.

☐ Reglugerð þessi tekur til mælinga starfsmanna Landhelgisgæslu Íslands og veiðieftirlitsmanna Fiskistofu á möskvum veiðarfæra íslenskra og erlendra skipa, sem leyfi íslenskra stjórnvalda hafa til veiða innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Ennfremur tekur reglugerðin til mælinga á veiðarfærum íslenskra skipa, sem veiðar stunda utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi, hafi íslensk stjórnvöld kveðið á um það.

#### 2. gr.

☐ Við mælingu möskva í veiðarfæri skal nota möskvamæla, sem þannig eru gerðir:

- A. Hlutar möskvamælis eru: Mælistika, aflmælir fyrir 0-6 kg átak og lóð með tveggja og fimm kg massa.
- B. Mælistikan skal vera 2 mm þykk úr traustu efni og þannig gerð, að hún aflagist ekki. Stikan skal mjókka fram á við í hlutfallinu 1 á móti 8 hvorum megin. Breidd stikunnar skal merkt á 1 mm bili. Á efri enda stikunnar skal vera gat nægilega stórt til að notast sem handfang og á neðri enda skal vera gat til að hengja í lóð. Á efri enda skal ennfremur vera gat til að festa aflmæli við stikuna.

#### 3. gr.

☐ [Við mælingu möskva skal mælistiku þannig beitt:

- A. Netið skal strekkt svo að möskvar teygist eftir lengdarlínu þess.
- B. Mjórrí enda á stiku skal stungið í möskvann hornrétt á netið.
- C. Stikunni skal stungið inn í möskvann, annaðhvort með handafli eða með því að nota lóð eða aflmæli, þar til mælirinn stöðvast á skásettu hliðunum vegna viðnáms frá möskvanum.
- D. Leggmöskvi skal teygður milli upptökunúta þegar stikunni er stungið í hann.
- E. Möskvar T90 nets skulu mældir á milli upptökunúta, skáhallt (á legg) eftir lengdar-ási netsins.
- F. Þegar mældir eru möskvar í þorskfisknetum og hrognkelsanetum skulu þrír möskvar lagðir saman og teygðir horna á milli eftir lengd netsins.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 992/2014.

#### 4. gr.

☐ Við val á möskvum til mælingar skal eftirfarandi gætt:

- A. Þeir möskvar sem mæla á skulu mynda röð af 20 samliggjandi möskvum, sem velja skal eftir lengdarási netsins. Við mælingu á netum samkvæmt E-lið 3. gr. teljast þrír samanlagðir möskvar sem einn. Eigi skal mæla möskva sé hann viðgerður, slitinn eða eitthvað fest í hann. Reynist vandkvæði á því að mæla 20 samliggjandi möskva er heimilt að mæla tvær raðir 10 samliggjandi möskva.
- B. Möskva skal ekki mæla nær leisum, burðarlínum, kolllínu eða teinum en fjórum möskvum.
- C. Eingöngu skal mæla net þegar þau eru blaut og ófrosin.

#### 5. gr.

☐ Stærð hvers möskva skal vera breidd mælistikunnar þar sem hún stöðvast þegar henni er beitt sbr. 3. gr.

6. gr.

☐ Möskvastærð netsins, sem mælt er skal vera meðaltal mælinga einstakra möskva, gefið upp með 0,1 mm nákvæmni.

7. gr.

☐ Mæld skal ein röð af 20 möskvum, sem valdir eru skv. 4. gr. og skal stinga mælinum inn í möskvann með handafli án þess að nota lóð eða aflmæli. Síðan skal möskvastærðin reiknuð út samkvæmt 5.-6. gr.

☐ Sýni útreikningur á möskvastærðinni að möskvar séu undir leyfilegri lágmarksmöskvastærð, skal velja tvær raðir af 20 möskvum til viðbótar skv. 4. gr. og þær mældar. Þá skal reikna möskvastærð aftur skv. 5.-6. gr. og taka með í útreikninginn þá 60 möskva sem þegar hafa verið mældir og skal þessi útreikningur skera úr um möskvastærð netsins.

☐ Mótmæli skipstjóri niðurstöðu mælingar, sem fengin er skv. 2. mgr., skal netið mælt að nýju. Við þá endurmælingu skal nota lóð eða aflmæli festan við stikuna og ræður eftirlitsmaður hvort notað er. Lóðið skal festa við gatið á mjórri enda stikunnar með króki. Aflmælinn skal festa við efri enda stikunnar.

☐ Mæla skal þannig eina röð með 20 möskvum á ofangreindan hátt og skal meðaltalið gilda sem endanleg meðalmöskvastærð viðkomandi nets.

☐ Við mælingu á vörpum, sem hafa möskvastærðina 45 mm eða minna skv. 3. og 13. gr. skal nota 19,61 newtona afl (sem svarar til 2ja kg þyngdar), en á aðrar vörpur skal nota 49.03 newtona afl (sem svarar til 5 kg þyngdar).

8. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. maí 1996, um veiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast gildi 1. mars 1998 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. janúar 1998.*



## Reglugerð nr. 770/2008, um fjareftirlit.

### 1. gr.

☐ Reglugerð þessi tekur til allra íslenskra fiskiskipa sem hafa leyfi Fiskistofu til að stunda fiskveiðar í atvinnuskyni innan og utan lögsögu Íslands.

### 2. gr.

☐ Öll skip sem stunda fiskveiðar sbr. 1. gr. skulu búin fjarskiptabúnaði, sem sendir með sjálfvirkum hætti á að minnsta kosti klukkustundar fresti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða viðkomandi skips. Óheimilt er að hefja veiðiferð fyrir en eftirlitsstöðin staðfestir að ofangreindur búnaður sé um borð og starfi eðlilega. Skulu sendingar samkvæmt ofangreindu hefjast þegar viðkomandi skip lætur úr höfn og skal þeim ekki ljúka fyrir en skipið kemur til hafnar að nýju til löndunar afla. Skipstjóri skal tilkynna eftirlitsstöðinni handvirkt þegar haldið er úr og þegar komið er til hafnar.

### 3. gr.

☐ Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga samkv. 2. gr. bilar meðan á veiðiferð stendur, skal tilkynna eftirlitsstöðinni það án tafar. Jafnframt skal gert við búnaðinn svo fljótt sem mögulegt er, þó ekki síðar en að 30 dögum liðnum. Óheimilt er að láta úr höfn ef eftirlitsbúnaðurinn er bilaður nema með sérstöku leyfi eftirlitsstöðvarinnar. Þar til búnaðurinn er kominn í lag skal með öðrum hætti senda eftirlitsstöðinni upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða skipsins á 6 klukkustunda fresti.

### 4. gr.

☐ Brot á reglugerð þessari skulu varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og lögum nr. 151, 27. desember 1996, um veiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum.

### 5. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. mgr. 18. gr. laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og lögum nr. 151, 27. desember 1996, um veiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og komi til framkvæmda 1. september 2008 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 17. júlí 2008.*



## Reglugerð

### nr. 1170/2013, um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 1170/2013 sbr. rg. 1032/2017.

1. gr.

☐ Reglugerð þessi nær til erlendra fiskiskipa sem hafa leyfi íslenskra stjórnvalda til fiskveiða innan íslenskrar efnahagslögsögu skv. viðauka 1.

2. gr.

☐ Erlend fiskiskip sem hafa leyfi íslenskra stjórnvalda til fiskveiða innan íslenskrar efnahagslögsögu skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til eftirlitsstöðvar fánaríkis skipsins. Eftirlitsstöð fánaríkisins fylgist með skýrslugjöf eigin skipa sem eru á veiðum í íslenskri efnahagslögsögu og framsendir upplýsingar til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Fiskistofu og Landhelgisgæslu Íslands, hér eftir nefnd eftirlitsstöð Íslands, samkvæmt ákvæðum í fjareftirlitssamningi milli Íslands og viðkomandi fánaríkis.

☐ Tilkynningar skulu vera á stöðluðu formi samkvæmt viðauka 2.

3. gr.

☐ Skipstjórar erlendra fiskiskipa sem reglugerð þessi nær til skulu tryggja að fjarskiptabúnaður skipsins (VMS-kerfið (Vessel Monitoring System)) virki með eðlilegum hætti áður en haldið er til veiða í íslenskri efnahagslögsögu. Að öðrum kosti er skipstjóra óheimilt að hefja veiðar innan íslenskrar efnahagslögsögu.

4. gr.

#### *Tilkynning um komu á svæði (COE<sup>1</sup>).*

☐ Erlend fiskiskip sem hafa tilskilin leyfi og hyggjast veiða í íslenskri efnahagslögsögu skulu tilkynna eftirlitsstöð Íslands um siglingu skipsins inn í íslenska lögsögu með minnst 2ja klukkustunda og mest 12 klukkustunda fyrirvara áður en komið er inn í íslenska efnahagslögsögu.

☐ Í tilkynningu um komu á svæði (COE) skulu koma fram þær upplýsingar sem tilgreinir í viðaukum 2.1 og 2.2, í þeirri röð sem þar er tilgreind og skal tilkynning innihalda nákvæmar upplýsingar um þann afla sem er um borð í skipinu þegar skipið fer yfir í íslenska efnahagslögsögu.

☐ Heimilt er að afturkalla tilkynningu um komu á svæði (COE) áður en siglt er inn fyrir mörk íslenskrar efnahagslögsögu. Heimilt er að leiðrétta upplýsingar um afla um borð áður en siglt er inn fyrir mörk íslenskrar efnahagslögsögu.

5. gr.

#### *Tilkynning um afla og athafnir (DCA<sup>2</sup>).*

☐ Tilkynning um afla og athafnir (DCA) tiltekur nákvæmar upplýsingar um afla og athafnir erlendra fiskiskipa í íslenskri efnahagslögsögu.

☐ Erlend fiskiskip sem hafa leyfi íslenskra stjórnvalda til fiskveiða innan íslenskrar efnahagslögsögu skulu daglega eða oftar, eftir að tilkynning um upphaf veiða eða tilkynning um brottför úr höfn berst, senda afla- og athafnatilkynningu (DCA). Tilkynningin skal send í síðasta

<sup>1</sup> Catch on Entry report.

<sup>2</sup> Detailed catch and activity report.

lagi klukkan 23.59 UTC (Coordinated Universal Time). Tilkynningin skal innihalda upplýsingar um afla sem veiddur er á tímabilinu frá kl. 00.00 – 23.59 UTC. Hefjist ný fiskveiðiathöfn innan sama sólarhrings og fiskveiðiathöfn lauk sem þegar hefur verið send afla- og athafnatilkynning vegna, skal senda aðra afla- og athafnatilkynningu vegna þeirrar fiskveiðiathafnar fyrir klukkan 23.59 UTC. Tilkynningu um afla og athafnir skal senda einu sinni á sólarhring þótt engar fiskveiðiathafnir hafi átt sér stað frá síðustu tilkynningu um afla og athafnir (DCA).

③ Auk þess sem að framan greinir skal ávallt senda tilkynningu um afla og athafnir (DCA) áður en:

1. Tilkynning um lok veiða er send (COX<sup>3</sup>).
2. Tilkynning um komu í athugunarstað er send (CON<sup>4</sup>).
3. Landhelgisgæslan framkvæmir skoðun um borð. Hafi fiskiskipi borist boð frá Landhelgisgæslunni um skoðun skal þessi tilkynning send áður en skoðun fer fram.
4. Tilkynning um komu til hafnar er send (POR<sup>5</sup>).

④ Upplýsingar samkvæmt blokk B í tilkynningunni skulu gefnar fyrir hverja fiskveiðiathöfn og skulu skráðar jafnóðum og hverri fiskveiðiathöfn lýkur. Hægt er að skrá upplýsingar um fleiri en eina fiskveiðiathöfn á sama tíma. Fiskveiðiathöfn hefst þegar veiðarfæri hefur verið lagt í sjó og lýkur þegar veiðarfæri hefur að öllu leyti verið tekið um borð í veiðiskip á ný. Skipum sem stunda línu- og netaveiðar er heimilt að skrá upplýsingar samkvæmt blokk B í skeytið daglega (24 klst.).

⑤ Tilkynning um afla og athafnir (DCA) skal innihalda upplýsingar sem kveðið er á um í viðaukum 2.1 og 2.3, í þeirri röð sem þar greinir.

⑥ Heimilt er að leiðrétta tilkynningu um afla og athafnir (DCA) til kl. 12.00 UTC daginn eftir að tilkynningin var send. Ekki er heimilt að leiðrétta tilkynningu um afla og athafnir (DCA) eftir að tilkynning um lok veiða (COX) eða tilkynning um komu til hafnar (POR) hefur verið send.

#### 6. gr.

##### *Tilkynning um komu til hafnar (POR).*

① [Tilkynning um komu til hafnar þýðir að skipið hefur hætt veiðum og heldur til hafnar strandríkis. Erlend fiskiskip sem hafa leyfi íslenskra stjórnvalda til fiskveiða innan íslenskrar efnahagslögsögu skulu tilkynna um komu til hafnar með minnst einnar klukkustundar fyrirvara. Þessa tilkynningu skal senda hvort sem landa á afla eða ekki.]<sup>1)</sup>

② Tilkynning um komu til hafnar (POR) skal innihalda upplýsingar sem kveðið er á um í viðaukum 2.1 og 2.4, í þeirri röð sem þar greinir.

③ Ef fiskiskip heldur úr höfn í þeim tilgangi að yfirgefa íslenska efnahagslögsögu án fyrirætlunar um fiskveiðar, er frekari tilkynninga ekki krafist.

④ Tilkynningu um komu til hafnar má ekki leiðrétta. Tilkynningu um komu til hafnar má afturkalla áður en komið er til hafnar.

<sup>1)</sup>Rg. 1032/2017, 1. gr.

#### 7. gr.

##### *Tilkynning um brottför úr höfn (DEP<sup>6</sup>).*

① Við brottför úr íslenskri höfn með þá fyrirætlun að stunda veiðar í íslenskri efnahagslögsögu skulu erlend fiskiskip sem hafa leyfi íslenskra stjórnvalda til fiskveiða innan íslenskrar efnahags-

<sup>3</sup> Catch on Exit report.

<sup>4</sup> Control point/area report.

<sup>5</sup> Port report.

<sup>6</sup> Departure report.

lögsögu tilkynna brottför úr höfn áður eða í síðasta lagi 2 klst. eftir brottför úr höfn og áður en veiðar hefjast.

② Tilkynning um brottför úr höfn (DEP) skal innihalda upplýsingar sem kveðið er á um í viðaukum 2.1 og 2.5, í þeirri röð sem þar greinir.

③ Tilkynningu um brottför úr höfn má ekki leiðrétta. Tilkynningu um brottför úr höfn má afturkalla áður en fiskveiðathöfn hefst.

#### 8. gr.

##### *Tilkynning um lok veiða (COX).*

① Tilkynning um lok veiða (COX) þýðir að skip hefur hætt veiðum og hyggst yfirgefa íslenska efnahagslögsögu. Erlend fiskiskip sem hafa leyfi íslenskra stjórnvalda til fiskveiða innan íslenskrar efnahagslögsögu skulu tilkynna um lok veiða áður en siglt er út úr íslenskri efnahagslögsögu. Tilkynningu um lok veiða (COX) skal senda að hámarki 8 klst. og að lágmarki 2 klst. áður en siglt er út úr íslenskri efnahagslögsögu. Tilkynningu um lok veiða (COX) skal ávallt senda áður en tilkynning um siglingu í gegnum athugunarstað (CON) er send.

② Tilkynning um lok veiða (COX) skal innihalda upplýsingar sem kveðið er á um í viðaukum 2.1 og 2.6, í þeirri röð sem þar greinir.

③ Heimilt er að afturkalla tilkynningu um lok veiða (COX) áður en siglt er út fyrir mörk íslenskrar efnahagslögsögu. Óheimilt er að leiðrétta tilkynningu um lok veiða (COX).

#### 9. gr.

##### *Tilkynning um siglingu í gegnum athugunarstað (CON).*

① Skip skulu, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í efnahagslögsögu Íslands hefjast og á leið af veiðisvæði út úr efnahagslögsögu Íslands, sigla um einn af ákvörðuðum athugunarstöðum.

② Um athugunarstaði, sbr. 1. mgr., vísast til reglugerðar nr. 1133/2013, um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu, þar sem fram kemur staðsetning (hnit) athugunarstaðanna og tímafrestir tilkynninga.

③ Tilkynning um siglingu í gegnum athugunarstað (CON) skal innihalda upplýsingar sem kveðið er á um í viðaukum 2.1 og 2.7, í þeirri röð sem þar greinir.

④ Tilkynning um siglingu í gegnum athugunarstað (CON) skal send með minnst 2 klst. og mest 6 klst. fyrirvara áður en komið er að athugunarstað. Landhelgisgæsla Íslands getur krafð skip um að bíða allt að 6 klst. í athugunarstað ef framkvæma á skoðun.

⑤ Heimilt er að afturkalla tilkynningu um siglingu í gegnum athugunarstað (CON) áður en komið er í athugunarstað. Óheimilt er að leiðrétta tilkynningu um siglingu í gegnum athugunarstað (CON).

#### 10. gr.

##### *Umskipun á afla (TRA<sup>7</sup>).*

① Óheimilt er að umskipa afla, hvort sem er ferskum, frosnum eða frekar unnum í íslenskri efnahagslögsögu. Þó er heimilt að umskipa afla á skilgreindum svæðum innan tilgreindra hafna í samræmi við reglur NEAFC.

#### 11. gr.

##### *Staðfesting á móttöku tilkynninga.*

① Móttaka rafrænna tilkynninga sem sendar eru skv. ákvæðum þessarar reglugerðar til eftirlitsstöðvar Íslands verða sjálfvirkir staðfestar með staðfestingarskeyti (RET<sup>8</sup>). Ef tilkynning hefur borist

<sup>7</sup> Transhipment report.

<sup>8</sup> Return.

eftirlitsstöð Íslands án vandkvæða mun staðfestingarskeytið sem sent er til fiskskipsins hafa stöðuna „samþykkt“ (ACK<sup>9</sup>). Ef sending tilkynningarinnar er ekki staðfest með staðfestingarskeyti eða staðfestingarskeytið er með stöðuna „ekki samþykkt“ (NAK<sup>10</sup>) ber fiskiskipi að senda tilkynninguna aftur í gegnum eftirlitsstöð fánaríkis. Rafrænar tilkynningar sendar skv. þessari reglugerð teljast ekki mótteknar fyrr en fiskiskipi hefur borist staðfestingarskeyti frá eftirlitsstöð Íslands með stöðuna „samþykkt“ (ACK).

② Staðfestingarskeyti skal innihalda þær upplýsingar sem kveðið er á um í viðauka 3, í þeirri röð sem þar greinir.

12. gr.

*Leiðréttingar og afturkallanir á tilkynningum.*

① Aðeins er hægt að leiðrétta eða afturkalla tilkynningar sem hafa verið samþykktar og hafa stöðuna ACK.

② Gerð er krafa um nákvæmni skráninga og skulu tilkynningar skipstjóra ávallt vera í samræmi við afladagbók skipsins.

13. gr.

*Bilun í búnaði til sjálfvirkra sendinga.*

① Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga skv. 2. gr. bilar meðan á veiðiferð stendur þannig að ekki reynist unnt að uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar skal eftirlitsstöð Íslands gerð grein fyrir vandanum og þeim ráðstöfunum sem gripið verður til vegna hans. Eftirlitsstöð fánaríkis fiskiskips skal sjá um að senda tilkynningar skipsins til eftirlitsstöðvar Íslands með öðrum tiltækum leiðum.

14. gr.

① Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

15. gr.

① Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 19. desember 2013.*

---

<sup>9</sup> Acknowledgment.

<sup>10</sup> Not Acknowledged.

VIÐAUKI [1]<sup>1)</sup>

☐ [Reglugerð þessi nær til eftirfarandi erlendra fiskiskipa:

1. Norskra fiskiskipa samkvæmt samningi milli Íslands og Noregs frá 10. júní 2013 um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil (Agreed Record of Conclusions of Fisheries consultations between Norway and Iceland on Electronic Exchange of catch and activity data).
2. Færeyskra fiskiskipa samkvæmt samningi milli Íslands og Færeyja frá 1. júní 2016 um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil (Agreed record of Conclusions of Fisheries Consultations between Iceland and the Faroe Islands on electronic Exchange of catch and activity data).]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>Tilvisun í reglugerð er í viðauka I en ætti að vera tilvisun í viðauka 1. <sup>2)</sup>Rg. 1032/2017, 2. gr.

VIÐAUKI 2

**Yfirlit yfir tilkynningaskyldar athafnir.**

Tilkynningaskyldar athafnir	Kóði	Skýringar
Koma á svæði	<b>COE</b>	Sendist áður en komið er í íslenska efnahagslögsögu með þá fyrirætlun að hefja veiðar
Afli og athafnir	<b>DCA</b>	Tilkynning um afla og athafnir (DCA) tiltekur nákvæmar upplýsingar um afla og athafnir erlendra fiskiskipa í íslenskri efnahagslögsögu
Koma til hafnar	<b>POR</b>	Tilkynning um komu til hafnar þýðir að skipið hefur hætt veiðum og heldur til íslenskrar hafnar
Brottför úr höfn	<b>DEP</b>	Sendist við brottför úr íslenskri höfn með þá fyrirætlun að hefja veiðar í íslenskri efnahagslögsögu
Lok veiða	<b>COX</b>	Tilkynning um lok veiða (COX) þýðir að skip hefur hætt veiðum og hyggst yfirgefa íslenska efnahagslögsögu
Sigling í gegnum athugunarstað	<b>CON</b>	Skip skulu, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í efnahags- lögsögu Íslands hefjast og á leið af veiðisvæði út úr efnahags- lögsögu Íslands, sigla um einn af ákvörðuðum athugunarstöðum
Staðfesting á móttöku tilkynningar	<b>RET</b>	Rafrænar tilkynningar sendar skv. þessari reglugerð teljast ekki móttæknar fyrir en fiskiskipi hefur borist staðfestingarskeyti með stöðunni „samþykkt“ (ACK frá eftirlitsstöð Íslands)



## VIÐAUKI 2.1

### Upplýsingar sem senda skal og uppsetning þeirra í skeytum milli eftirlitsstöðva.

*Upplýsingar sem setja skal í tilkynningu.*

Upplýsingar sem senda skal	Kóði	Krafa/ Valfrjálst	Skýringar
<b>Upplýsingar sem eftirlitsstöð fánaríkis sendir með tilkynningunni</b>			
Sendandi	FR	K	Alpha-3 ISO landstákn viðkomandi sendanda
Númer tilkynningar	RN	K	Einkvæmt númer tilkynningar
Dagsetning útsendingar	RD	K	Dagsetning útsendingar frá eftirlitsstöð fánaríkis, ár, mánuður, dagur (YYYYMMDD)
Tímasetning sendingar	RT	K	Nákvæm tímasetning (UTC) útsendingar frá eftirlitsstöð fánaríkis, klukkustund, mánuður (HHMM)
Númer síðustu tilkynningar, sem send var	RX	K <sup>11</sup>	Ef um leiðréttingu eða ógildingu á tilkynningu er að ræða skal nota númer (RN)-tilkynningar sem verið er að breyta
Sérmerking eftirlitsstöðvar fánaríkis	FM	K <sup>12</sup>	Sérmerking eftirlitsstöðvar fánaríkis eins og henni er lýst í viðauka 6
<b>Upplýsingar sem skipstjóri sendir til eftirlitsstöðva</b>			
Móttakandi tilkynningar	AD	K	Tákn eftirlitsstöðvar sem á að fá tilkynningu, ISL
Kallmerki skips	RC	K	Alþjóðlegt kallmerki fyrir viðkomandi skip
Dagsetning sendingar	DA	K	Dagsetning (UTC) sendingar frá skipinu (YYYYMMDD)
Tímasetning sendingar (klst.)	TI	K	Nákvæm tímasetning (UTC) sendingar frá skipinu (HHMM)
Nafn skipstjóra	MA	K	Nafn skipstjóra
Raðnúmer tilkynningar	SQ	K <sup>13</sup>	Raðnúmer tilkynningar frá skipi á hverju almanaksári
Tegund tilkynningar	TM	K	Tegund tilkynningar með 3 stafa kóða

<sup>11</sup> [Aðeins krafist ef um leiðréttingu eða ógildingu á fyrra skeyti er að ræða. Takmarkanir á leiðréttingum og ógildingum koma fram í 10. gr. í samkomulagi Íslands og Færeyja og 12. gr. í samkomulagi Íslands og Noregs.]<sup>1)</sup>

<sup>12</sup> Aðeins krafist ef skýrslan hefur verið send í pósti eða búin til af eftirlitsstöð fánaríkis.

<sup>13</sup> Aðeins krafist ef tilkynningin er send af skipstjóra skipsins.

<sup>1)</sup>Rg. 1032/2017, 2. gr.

## VIÐAUKI 2.1

**Tilkynning um komu á svæði (COE).***Uppsetning á tilkynningum sem sendar eru milli eftirlitsstöðva.*

Upplýsingar sem senda skal	Kóði	Krafa/ Valfrjálst	Skýringar
<b>Upplýsingar skv. viðauka 2.1 sem senda skal með tilkynningunni</b>			
<b>Upplýsingar sem skipstjóri sendir til eftirlitsstöðva</b>			
Tegund tilkynningar	TM	K	Skilgreining á tilkynningu: „COE“
Eftirfarandi atriði eru sértæk fyrir þessa tegund af tilkynningum og eru fyllt út af skipstjóra og send til eftirlitsstöðva			
Breiddargráða	XT	K	Staðsetning skips við sendingu tilkynningar í breiddargráðum samkvæmt hnitakerfi (WGS84)
Lengdargráða	XG	K	Staðsetning skips við sendingu tilkynningar í lengdargráðum samkvæmt hnitakerfi (WGS84)
Aflamagn um borð eftir tegundum, lífþyngd (óslægt)	OB	K	Magn allra fisktegunda um borð flokkað niður í tegundir og þyngd Nota skal tegundakóða FAO (SN) Lífþyngd (afli upp úr sjó) í kílógrömmum (WT)
Áætluð breiddargráða þegar veiði hefst	LT	K	Staðsetning skips við sendingu tilkynningar í breiddargráðum samkvæmt hnitakerfi (WGS84)
Áætluð lengdargráða þegar veiði hefst	LG	K	Staðsetning skips við sendingu tilkynningar í lengdargráðum samkvæmt hnitakerfi (WGS84)
Áætluð dagsetning við upphaf veiði	PD	K	Áætluð dagsetning (UTC) þegar skipstjóri hyggst hefja veiði (YYYYMMDD)
Áætluð tímasetning við upphaf veiði (klst.)	PT	K	Áætluð tímasetning (UTC) þegar skipstjóri hyggst hefja veiði (HHMM)
Fisktegund sem veiða skal	DS	O	Tegund sem veiða skal samkvæmt tegundakóða FAO (tegund sem veiði beinist að)
Fyrirhugað veiðisvæði	RA	V	Svæði þar sem skipstjóri áætlar að hefja veiði samkvæmt flokkunarkerfi ICES

## VIÐAUKI 2.3

### Tilkynning um afla og athafnir (DCA).

Með möguleikum á því að skýra frá einstaka veiðiathöfnum.

Uppsetning á tilkynningum sem sendar eru milli eftirlitsstöðva.

Upplýsingar sem senda skal:	Kóði	Krafa/ Valfrjálst	Skýringar
<b>Upplýsingar skv. viðauka 2.1 sem senda skal með tilkynningunni</b>			
<b>Upplýsingar sem skipstjóri sendir til eftirlitsstöðva</b>			
<b>Tegund tilkynningar</b>	<b>TM</b>	<b>K</b>	<b>Skilgreining á tilkynningu: „DCA“</b>
Eftirfarandi atriði eru sértæk fyrir þessa tegund af tilkynningum og eru fyllt út af skipstjóra og send til eftirlitsstöðva			
<b>Blokk A</b>			<b>Þessi hluti inniheldur aðeins upplýsingar fyrir starfsemi eins dags</b>
Lýsing á athöfnum	AC	K	Athafnir fiskiskips í samræmi við kóða í viðauka 4. REL skal nota þegar fiski er dælt úr veiðarfæri annars skips. SET skal notað af skipum sem veiða í lagnet eða línu þegar þau eru að setja út veiðarfærin. Ekki þarf að fylla út B-hluta ef athöfnin er ANC, DRI, STE eða SET
Skip í samstarfi	PA	K <sup>14</sup>	Kallmerki skips sem stundar (tvíbura)veiðar með tilkynnanda

<b>Blokk B</b>	<b>Kóði</b>	<b>Krafa/ Valfrjálst</b>	<b>Þennan hluta skal fylla út fyrir hverja veiðiathöfn</b>
Dagsetning athafnar	BD	K	Dagsetning þegar veiðiathöfn hefst (YYYYMMDD) í UTC
Tímasetning athafnar (klst.)	BT	K	Nákvæm tímasetning þegar veiði hefst (HHMM) í UTC
Breiddargráða við upphaf veiði	LT	K	Staðsetning skips við sendingu tilkynningar í breiddargráðum samkvæmt hnitakerfi (WGS84)
Lengdargráða við upphaf veiði	LG	K	Staðsetning skips við sendingu tilkynningar í lengdargráðum samkvæmt hnitakerfi (WGS84)
Upphafssvæði	ZO	K	Svæði skilgreint með breiddar- og lengdargráðum (LT/LG) (ISO-3 landskóði fyrir Ísland og Noreg í samræmi við viðauka 7)
Skilgreining á veiðarfæri	GS	K <sup>15</sup>	1 = veitt með einni flot- eða botnvörpu 2 = veitt með tveimur flot- eða botnvörpum 3 = veitt með þremur eða fleiri flot- eða botnvörpum
Veiðarfæri	GE	K	FAO veiðarfærakóði
Veiðarfæri vandamál	GP	K <sup>16</sup>	1 = engin veiði 2 = sprungið veiðarfæri 3 = rífið veiðarfæri 4 = rifinn poki 5 = týnd veiðarfæri 6 = önnur vandamál

<sup>14</sup> Aðeins krafist ef veitt er með öðru skipi.

<sup>15</sup> Aðeins krafist ef veitt er með vörpu.

<sup>16</sup> Aðeins krafist ef um er að ræða veiðarfæravandamál.

<b>Blokk B</b>	<b>Kóði</b>	<b>Krafa/ Valfrjálst</b>	<b>Pennan hluta skal fylla út fyrir hverja veiðiathöfn</b>
Breiddargráða við lok veiði	XT	K	Staðsetning skips við sendingu tilkynningar í breiddargráðum samkvæmt hnitakerfi (WGS84)
Lengdargráða við lok veiði	XG	K	Staðsetning skips við sendingu tilkynningar í lengdargráðum samkvæmt hnitakerfi(WGS84)
Lengd veiðiathafnar	DU	K	Lengd veiðiathafnar í mínútum
Dælt frá veiðarfæri skips	TF	K <sup>17</sup>	Kallmerki þess fiskiskips, sem dælt er frá
Umfang veiða	FO	K <sup>18</sup>	Heildarfjöldi öngla Heildarlengd lagneta
Undirflokkur	SS	K <sup>19</sup>	[Kóði fiskstofns samkvæmt skilgreiningu í viðauka (Appendix) 3.0 (til dæmis NOR01 eða ISL01)] <sup>1)</sup>
Aflamagn í veiðathöfn eftir tegundum, lífþyngd (óslægt)	CA	K <sup>20</sup>	Magn allra fisktegunda í veiðiathöfn flokkað niður í tegundir og þyngd. Nota skal FAO tegundakóða (SN) Lífþyngd (afli upp úr sjó) í kílógrömmum (WT)

<sup>1)</sup>Rg. 1032/2017, 4. gr.

<sup>17</sup> Aðeins krafist ef dælt er úr veiðarfæri annars fiskiskips.

<sup>18</sup> Aðeins krafist fyrir línuveiðar eða lagnet.

<sup>19</sup> Aðeins krafist ef skilgreind veiðistarfsemi AC er FIS og veiðin (CA) inniheldur stofna sem skráðir eru í viðauka 3.

<sup>20</sup> Aðeins krafist ef eitthvað hefur veiðst (skráð veiði).

## VIÐAUKI 2.4

### Tilkynning um hafnkomu (POR).

Uppsetning á tilkynningum sem sendar eru milli eftirlitsstöðva.

Upplýsingar sem senda skal	Kóði	Krafa/ Valfrjálst	Skýringar
<b>Upplýsingar skv. viðauka 2.1 sem senda skal með tilkynningunni</b>			
<b>Upplýsingar sem skipstjóri sendir til eftirlitsstöðva</b>			
Tegund tilkynningar	TM	K	Skilgreining á tilkynningu: „POR“
Eftirfarandi atriði eru sértæk fyrir þessa tegund af tilkynningum og eru fyllt út af skipstjóra og send til eftirlitsstöðva			
Aflamagn um borð eftir tegundum, lífþyngd (óslægt)	OB	K	Magn allra fisktegunda um borð flokkað niður í tegundir og þyngd. Nota skal tegundakóða FAO (SN) Lífþyngd (afli upp úr sjó) í kílógrömmum (WT)
Áætlað lestað magn að eða frá borði eftir tegundum, lífþyngd (óslægt)	KG	K	Áætlað magn sem landað verður, flokkað niður í tegundir og þyngd. Nota skal tegundakóða FAO (SN) Lífþyngd (afli upp úr sjó) í kílógrömmum (WT)
Höfn	PO	K	Tákn hafnar (ISO alpha-2 landskóði + 3ja stafa hafnarkóði) sem byggir á UN/LOCODE (Kóði Sameinuðu þjóðanna fyrir verslunar- og flutningahafnir)
Hafnarsvæði	LS	K <sup>21</sup>	Nafn kaupanda eða önnur lýsing sem lýsir nákvæmlega hvar löndun fer fram innan hafnarsvæðis. Skrifleg lýsing sem ekki skal vera lengri en 100 innslættir
Áætluð komudagsetning	PD	K	Áætluð komudagsetning til hafnar í UTC (YYYYMMDD)
Áætlaður komutími (klst.)	PT	K	Áætluð tímasetning til hafnar í UTC (HHMM)

<sup>21</sup> Aðeins krafist ef um löndun er að ræða.

## VIÐAUKI 2.5

**Tilkynning um brottför úr höfn (DEP).***Uppsetning á tilkynningum sem sendar eru milli eftirlitsstöðva.*

Upplýsingar sem senda skal	Kóði	Krafa/ Valfrjálst	Skýringar
<b>Upplýsingar skv. viðauka 2.1 sem senda skal með tilkynningunni</b>			
<b>Upplýsingar sem skipstjóri sendir til eftirlitsstöðva</b>			
Tegund tilkynningar	TM	K	Skilgreining á tilkynningu: „DEP“
Eftirfarandi atriði eru sértæk fyrir þessa tegund af tilkynningum og eru fyllt út af skipstjóra og send til eftirlitsstöðva			
Höfn	PO	K	Tákn hafnar, (ISO alpha-2 landskóði + 3ja stafa hafnarkóði) sem byggir á UN/LOCODE (Kóði Sameinuðu þjóðanna fyrir verslunar- og flutningahafnir)
Brottfarardagur (dags.)	ZD	K	UTC brottfarardagsetning úr höfn (YYYYMMDD)
Brottfarartími (klst.)	ZT	K	UTC brottfarartími úr höfn (HHMM)
Aflamagn um borð eftir tegundum, lífþyngd (óslægt)	OB	K	Magn allra fisktegunda um borð flokkað niður í tegundir og þyngd. Nota skal tegundakóða FAO (SN) Lífþyngd (afli upp úr sjó) í kílógrömmum (WT)
Lýsing á athöfnum	AC	K	Athafnir fiskiskips í samræmi við kóða í viðauka 4

VIÐAUKI 2.6

**Tilkynning um lok veiða (COX).**

*Uppsetning á tilkynningum sem sendar eru milli eftirlitsstöðva.*

Upplýsingar sem senda skal	Kóði	Krafa/ Valfrjálst	Skýringar
<b>Upplýsingar skv. viðauka 2.1 sem senda skal með tilkynningunni</b>			
<b>Upplýsingar sem skipstjóri sendir til eftirlitsstöðva</b>			
Tegund tilkynningar	TM	K	Skilgreining á tilkynningu: „COX“
Eftirfarandi atriði eru sértæk fyrir þessa tegund af tilkynningum og eru fyllt út af skipstjóra og send til eftirlitsstöðva			
Aflamagn um borð eftir tegundum, lífþyngd (óslægt)	OB	K	Magn allra fisktegunda um borð flokkað eftir tegundum og þyngd. Nota skal tegundakóða FAO (SN) Lífþyngd (aflí upp úr sjó) í kílógrömmum (WT)
Höfn	PO	K	Tákn hafnar (ISO alpha-2 landskóði + 3ja stafa hafnarkóði) sem byggir á UN/LOCODE (Kóði Sameinuðu þjóðanna fyrir verslunar- og flutningahafnir)

VIÐAUKI 2.7

**Tilkynning um siglingu í gegnum athugunarstað (CON).**

*Uppsetning á tilkynningum sem sendar eru milli eftirlitsstöðva*

Upplýsingar sem senda skal	Kóði	Krafa/ Valfrjálst	Skýringar
<b>Upplýsingar skv. viðauka 2.1 sem senda skal með tilkynningunni</b>			
<b>Upplýsingar sem skipstjóri sendir til eftirlitsstöðva</b>			
<b>Tegund tilkynningar</b>	<b>TM</b>	<b>K</b>	<b>Skilgreining á tilkynningu: „CON“</b>
Eftirfarandi atriði eru sértæk fyrir þessa tegund af tilkynningum og eru fyllt út af skipstjóra og send til eftirlitsstöðva			
Nafn á athugunarstað	CP	K	Sjá reglugerð um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslensku fiskveiðilögsögu
Breiddargráða	LT	K <sup>22</sup>	Staðsetning skips við sendingu tilkynningar í breiddargráðum samkvæmt hnitakerfi (WGS84)
Lengdargráða	LG	K <sup>23</sup>	Staðsetning skips við sendingu tilkynningar í lengdargráðum samkvæmt hnitakerfi (WGS84)
Áætluð dagsetning	PD	K	Áætluð dagsetning sem skipstjóri gerir ráð fyrir að nálgast athugunarstað í UTC (YYYYMMDD)
Áætluð tímasetning (klst.)	PT	K	Áætluð tímasetning (klst.), sem skipstjóri gerir ráð fyrir að nálgast athugunarstað í UTC (HHMM)

<sup>22</sup> Aðeins krafist ef liður CP er athugunarsvæði.

<sup>23</sup> Aðeins krafist ef liður CP er athugunarsvæði.



### VIÐAUKI 3

#### Staðfesting á móttöku tilkynningar (RET).

Uppsetning á staðfestingarskeyti milli eftirlitsstöðva.

Upplýsingar sem senda skal	Kóði	Krafa/ Valfrjálst	Skýringar
Heimilisfang viðtakanda	AD	K	Alpha-3 ISO landstákn viðkomandi móttakanda
Sent frá	FR	K	Alpha-3 ISO landstákn viðkomandi sendanda
Kallmerki	RC	K	Alþjóðlegt kallmerki viðkomandi fiskiskips sem afritað er úr móttekinni tilkynningu
Raðnúmer tilkynningar	SQ	K <sup>24</sup>	Raðnúmer tilkynningar frá viðkomandi skipi á viðeigandi ári, sem afritað er úr móttekinni tilkynningu
Tegund tilkynningar	TM	K	Tilkynning skilgreind sem „RET“ þ.e. staðfestingarskeyti
Staða gagnvart svári	RS	K	Kóði sem sýnir hvort skeyti hefur verið móttekið eða ekki (ACK eðar NAK)
Kóði fyrir villur í skeyti	RE	V	Númer sem sýnir hvaða villa kom fram (sjá viðauka 2.1)
Númer skeytis sem áður hefur borist	RX	K <sup>25</sup>	Númer fyrra skeytis afritað úr skeyti sem er að berast
Númer skeytis	RN	K	Skeytisnúmer afritað úr skeyti sem er að berast
Dagsetning	DA	K	Dagsetning þegar RET skeyti er sent í UTC (YYYYMMDD)
Tímasetning (klst.)	TI	K	Tímasetning (klst.) þegar RET skeyti er sent í UTC (HHMM)
Athugasemdir	MS	V	Valfrjáls texti með upplýsingum

<sup>24</sup> Aðeins krafist ef SQ kemur fram í tilkynningu frá fiskiskipi.

<sup>25</sup> Aðeins krafist ef RX kemur fram í tilkynningu frá fiskiskipi.

VIÐAUKI 4

**Meginathafnir fiskiskips.**

<b>Kóði</b>	<b>Lýsing á athöfn</b>
ANC	Liggur við akkeri
DRI	Rekur með straumum
FIS	Við veiðar
GUD	Aðstoðarskip
HAU	Dregur inn veiðarfæri
PRO	Er að vinna úr afla
REL	Dæling á afla úr veiðarfæri annars skips
SCR	Unnið við rannsóknir
SET	Verið að leggja veiðarfæri
STE	Á siglingu
TRX	Umskipun í gangi
OTH	Önnur starfsemi
SEF	Leitar að fiski án notkunar veiðarfæra
INW	Heldur sjó vegna veðurs

VIÐAUKI 5

**Listi yfir stofnkóða sem færður er í SS reit í DCA skýrslu.**

<b>Stofnkóði</b>	<b>Tákn fyrir tegundina</b>	<b>Enskt heiti</b>	<b>Vísindalegt heiti</b>
NOR01	061101	Norwegian spring spawning (Atlantoscandican) herring	Clupea harengus
NOR02	061104	North Sea herring	Clupea harengus

VIÐAUKI 6

**Merkingar eftirlitsstöðva.**

<b>Kóði (ISO-3 landskóði fyrir eftirlitsstöð + einn stafur)</b>		<b>Lýsing á athöfn</b>
ISO-3 landskóði fyrir eftirlitsstöð	D	Tilkynningar sendar með einhverri töf en án breytinga frá eftirlitsstöð. Dæmi: ISLD
ISO-3 landskóði fyrir eftirlitsstöð	C	Tilkynningar leiðréttar eða felldar niður af eftirlitsstöð. Dæmi: NORC
ISO-3 landskóði fyrir eftirlitsstöð	M	Tilkynningar skráðar handvirkt af eftirlitsstöð. Dæmi: NORM

## Reglugerð

### nr. 1133/2013, um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

☐ Reglugerð þessi gildir um öll erlend skip sem stunda veiðar innan íslenskrar fiskveiðilögsögu með leyfi íslenskra stjórnvalda.

#### 2. gr.

##### *Eftirlitsstaðir.*

☐ Erlend skip á leið til veiðisvæðis, skulu áður en veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilögsögu Íslands, sigla um einn af neðangreindum eftirlitsstöðum:

A. 69°15'N - 013°00'V  
B. 68°30'N - 011°00'V  
C. 67°30'N - 010°00'V  
D. 66°15'N - 009°00'V  
E. 65°00'N - 010°00'V

F. 64°00'N - 012°00'V  
G. 63°30'N - 016°00'V  
H. 63°00'N - 020°00'V  
I. 63°30'N - 025°00'V  
J. 65°00'N - 027°00'V

☐ Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að ákveða hvaða eftirlitsstað veiðiskip skal sigla um. Heimilt er með samþykki Landhelgisgæslunnar að halda til annarra eftirlitsstaða. Einnig er Landhelgisgæslunni heimilt að ákveða aðra eftirlitsstaði en þá sem tilgreindir eru í 1. mgr., t.d. vegna staðsetningar veiðisvæðis. Óheimilt er að yfirgefa eftirlitsstað nema með samþykki Landhelgisgæslu Íslands.

#### 3. gr.

##### *Sjálfvirkur fjarskiptabúnaður - fjareftirlit.*

☐ Öll erlend skip sem stunda veiðar innan íslenskrar fiskveiðilögsögu, skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar um staðsetningu skips, stefnu og hraða með sjálfvirkum hætti á klukkustundar fresti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu.

#### 4. gr.

##### *Undanþáguheimildir.*

☐ Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum 2. gr. hafi aðilar gert samkomulag þar um.

#### 5. gr.

##### *Viðurlög.*

☐ Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilögsögu Íslands, með síðari breytingum.

#### 6. gr.

##### *Gildistaka.*

☐ Reglugerð þessi er sett skv. 9. gr. laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 18. desember 2013.*



## Reglugerð nr. 431/2017, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO.

### 1. gr.

#### *Gildissvið.*

Ⓛ Reglugerð þessi gildir um veiðar íslenskra skipa á svæði sem nefnt er sem „samningssvæðið“ í samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar í Norðvestur-Atlantshafi, sbr. auglýsingu nr. 17 í C-deild Stjórnartíðinda 29. desember 1978 (NAFO-svæðinu). Vísað er til viðauka III við þann samning um skiptingu þess svæðis í vísindaleg og tölfræðileg undirsvæði (tilgreind með tölustöfum), deilissvæði (hlutar undirsvæðis tilgreindir með tölustaf og stórum bókstaf) og undirdeilissvæði (hlutar deilissvæðis tilgreindir með litlum bókstaf).

### 2. gr.

#### *Leyfi til veiða.*

Ⓛ Fiskiskipum er óheimilt að stunda veiðar á samningssvæði NAFO, sbr. 1. gr., án sérstaks leyfis Fiskistofu.

Ⓜ Leyfi Fiskistofu gilda fyrir einstaka stofna og eru til eins árs í senn. Um aflamark við veiðar fer samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, eftir því sem við á. Leyfin skulu bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að fullnægja skuldbindingum Íslands um veiðimagn, veiðisvæði, gerð og búnað veiðarfæra, veiðitíma, eftirlit, sýnatöku, tilkynningar o.fl. Þá skal áskilið að fylgt sé ákvæðum þessarar reglugerðar.

### 3. gr.

#### *Fjarskiptabúnaður.*

Ⓛ Fiskiskip sem stunda veiðar á samningssvæðinu skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða viðkomandi skips á klukkustundar fresti, með sjálfvirkum hætti, til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd eftirlitsstöðin, sem miðlar gögnum til hlutaðeigandi stofnana.

Ⓜ Óheimilt er að halda til veiða fyrr en starfsmenn eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að fjarskiptabúnaður starfi eðlilega. Skulu sendingar samkvæmt framangreindu hefjast þegar viðkomandi skip lætur úr höfn og skal þeim ekki ljúka fyrr en skipið kemur til hafnar að nýju til löndunar aflu.

Ⓝ Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga bilar skal gert við hann við komu í næstu höfn. Þar til búnaðinum verður komið í lag, skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða skipsins á a.m.k. 4 klukkustunda fresti til eftirlitsstöðvarinnar og tilkynna áður en skip fer af einu deilissvæði á annað.

### 4. gr.

#### *Afladagbók o.fl.*

Ⓛ Halda skal rafræna afladagbók vegna veiða á NAFO-samningssvæðinu, sem uppfyllir skilyrði sem greinir í reglum NAFO um stjórn og eftirlit (e. Conservation and Enforcement Measures). Halda skal sérstaka vinnslu- og lestarskrá fyrir skipið auk þess að upplýsingar skulu vera um borð um lestarsými, eftir því sem nánar greinir í reglum NAFO.

Ⓜ Allar tilkynningar sem skylt er að senda samkvæmt reglugerð þessari skal senda á tölvutæku formi úr rafrænni afladagbók skipsins til eftirlitsstöðvarinnar. Tilkynningar skulu sendar með þeim hætti sem lýst er í reglum NAFO um stjórn og eftirlit.

5. gr.

*Tilkynningar.*

① Fiskiskip, sem stunda veiðar á samningssvæðinu, skulu senda eftirgreindar tilkynningar til eftirlitsstöðvarinnar:

② Komutilkynning - COE: Tilkynna skal með a.m.k. 6 klukkustunda fyrirvara að skip fari inn á samningssvæðið og skal tilkynning vera í samræmi við reglur NAFO um stjórn og eftirlit.

③ Aflatilkynning - CAT: Tilkynna skal daglega til eftirlitsstöðvarinnar um m.a. heildarfla síðasta sólarhrings miðað við afla upp úr sjó, sundurgreindan eftir tegundum, eftir því sem nánar greinir í reglum NAFO um stjórn og eftirlit.

④ Lokatilkynning - COX: Tilkynna skal með a.m.k. 6 klukkustunda fyrirvara þegar skip yfirgefur samningssvæðið og skal tilkynning vera í samræmi við reglur NAFO um stjórn og eftirlit.

⑤ Um afturköllun tilkynninga fer eftir því sem segir í reglum NAFO um stjórn og eftirlit.

⑥ Þá skal tilkynna til Fiskistofu, á tölvupóstfangið [uthafsv@fiskistofa.is](mailto:uthafsv@fiskistofa.is), þegar fiskiskip hefur veiðar á samningssvæðinu og þegar þeim lýkur.

6. gr.

*Eftirlit um borð í skipi.*

① Fiskiskipum sem veiða á samningssvæðinu eða hafa stundað veiðar á því, er skylt að veita aðstoð sína til þess að eftirlitsmenn samningsríkja NAFO, sem sýnt geta fram á með skilríkjum að þeir séu til þess bærir, geti komist um borð eftir að skip eða þyrta sem þeir eru um borð í hefur gefið viðeigandi merki á alþjóðlegu merkjamáli um að þeir æski þess að koma um borð.

② Um borð í hverju skipi skal vera stigi og önnur áhöld sem gera eftirlitsmönnum kleift að komast um borð með skjótum og öruggum hætti. Um búnað og notkun stiga og annarra áhalda fer samkvæmt reglum NAFO um stjórn og eftirlit.

③ Skipstjórur er skylt að veita eftirlitsmönnum endurgjaldslaust alla þá starfsaðstöðu og aðstoð sem þeim er nauðsynleg í starfi sínu, m.a. greiðan aðgang að fjarskiptatækjum, staðsetningartækjum og kortum.

④ Eftirlitsmönnum skal leyft að skoða og mæla veiðarfæri skipsins, afla þess o.fl. til að ganga úr skugga um að farið sé að reglum NAFO. Þá skal eftirlitsmönnum gert kleift að skoða skjöl skipsins, skrifa í þau athugasemdir sínar um meint brot og gera skýrslu um skoðunina eftir því sem nánar er mælt fyrir um í reglum NAFO um stjórn og eftirlit.

7. gr.

*Eftirlitskostnaður o.fl.*

① Hverju skipi er óheimilt að stunda veiðar á samningssvæðinu, nema eftirlitsmaður á vegum Fiskistofu sé um borð. Þó er Fiskistofu heimilt að veita undanþágu frá skilyrði 1. ml. enda séu eftirlitsmenn um borð í a.m.k. 25% íslenskra skipa sem stunda veiðar á samningssvæðinu. Skipstjóra er óheimilt að halda skipinu til veiða á samningssvæðinu án þess að hafa eftirlitsmann um borð nema fyrir liggi skrifleg heimild Fiskistofu þar að lútandi.

② Kostnaður af veru eftirlitsmanns er samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu. Útgerð skips með eftirlitsmann á vegum Fiskistofu um borð skal sjá honum fyrir fæði og aðstöðu án endurgjalds.

③ Fyrir hverja veiðiferð skal útgerð skips tilkynna Fiskistofu ósk sína um að veiðieftirlitsmaður verði um borð í skipinu a.m.k. 7 dögum fyrir brottför þess frá Íslandi en a.m.k. 10 dögum fyrir brottför sé um að ræða brottför frá höfn utan Íslands.

8. gr.

*Ráðstafanir til verndar viðkvæmum vistkerfum o.fl.*

① Skipstjóri sem stundar veiðar með botnlægum veiðarfærum skal meta magn tegunda sem mögulega falla undir viðkvæm vistkerfi (kóralar, sæfjaðrir, svampar o.fl.) í togi og færa í afladagbók



(og senda einnig upplýsingar á netfangið uthafsv@fiskistofa.is). Ef magn þessara tegunda yfirstígur viðmiðanir NAFO um stjórn og eftirlit, á svæði þar sem veiðar hafa áður verið stundaðar með botnlægum veiðarfærum fer samkvæmt reglum NAFO um tilkynningar, sýnatöku, takmarkanir við frekari veiði og breytta veiðitilhögun.

② Um botnveiðar á svæðum þar sem botnveiðar hafa ekki verið stundaðar áður og lokuð svæði til verndar viðkvæmum vistkerfum, fer samkvæmt reglum NAFO um stjórn og eftirlit.

③ Skipstjóri skal ekki beina sókn í tegundir sem meðaflareglur gilda um. Um takmarkanir á meðafla við veiðar og meðferð hans um borð í skipi fer samkvæmt reglum NAFO um stjórn og eftirlit.

9. gr.

*Afla- og afurðaskráning.*

① Við vinnslu skal allur afli veiddur á NAFO svæðinu auðkenndur með tegund, afurðaflokki, veiðisvæði og veiðidagsetningu. Um nánari tilhögun og framkvæmd merkinga á umbúðum um afla sem veiddur er á NAFO svæðinu vísast til reglna NAFO.

10. gr.

*Hafnkoma erlendis.*

① Fiskiskipum sem hafa heimild Fiskistofu til löndunar erlendis og ætla að landa afla eða afurðum í erlendri höfn, er skylt að tilkynna þar til bæru yfirvaldi hafnaríðis, innan frests sem ákveðinn er af hafnaríðinu um komu sína til hafnar. Tilkynningar skulu sendar á eyðublöðum NAFO fyrir hafnaríðiseftirlit, sem eru aðgengilegar á vefsíðu NAFO: [www.nafo.int](http://www.nafo.int).

11. gr.

*Viðurlög.*

① Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og IV. kafla laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar. Við mat á brotum skal litið til reglna NAFO um stjórn og eftirlit, eftir því sem við á.

12. gr.

*Heimild o.fl.*

① Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi. Samtímis fellur úr gildi reglugerð nr. 40/2014 um veiðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO, 2014.

② Reglugerð þessi er sett til að fullnægja skuldbindingum Íslands samkvæmt ráðstöfunum í reglum NAFO um stjórn og eftirlit (NAFO Conservation and Enforcement Measures) ([www.nafo.int](http://www.nafo.int)). Íslenskum skipum er skylt að hafa aðgang að nýjasta eintaki reglnanna við veiðar hverju sinni, sem nálgast má rafrænt á vef nefndarinnar.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 10. maí 2017.*



## Reglugerð

### nr. 432/2017, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

⊠ Reglugerð þessi tekur til íslenskra skipa sem stunda veiðar á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC), utan lögsögu ríkja. Þá tekur reglugerðin til veiða innan lögsögu ríkja, lúti veiðar á viðkomandi tegundum stjórn NEAFC um leyfilegan hámarksafla. Loks gildir reglugerðin um tilkynningarskyldu íslenskra skipa til hafnarriksja, hafi þau stundað veiðar innan eða utan lögsögu eða tekið við afla sem veiddur er á samningssvæði NEAFC og landað afslanum í erlendri höfn.

#### 2. gr.

##### *Leyfi til veiða.*

⊠ Fiskiskipum er óheimilt að stunda veiðar á samningssvæði NEAFC, sbr. 1. gr., án sérstaks leyfis Fiskistofu.

⊡ Leyfi Fiskistofu gilda fyrir einstaka stofna og eru til eins árs í senn. Um aflamark við veiðar fer samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, eftir því sem við á. Leyfin skulu bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að fullnægja skuldbindingum Íslands um veiðimagn, veiðisvæði, gerð og búnað veiðarfæra, veiðitíma, eftirlit, sýnatöku, tilkynningar o.fl. Þá skal áskilið að fylgt sé ákvæðum þessarar reglugerðar.

#### 3. gr.

##### *Fjarskiptabúnaður.*

⊠ Fiskiskip sem stunda veiðar á samningssvæðinu skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða viðkomandi skips á klukkustundar fresti, með sjálfvirkum hætti, til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu, hér eftir nefnd eftirlitsstöðin, sem miðlar gögnum til hlutadeigandi stofnana.

⊡ Óheimilt er að halda til veiða fyrir en starfsmenn eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest að fjarskiptabúnaður starfi eðlilega. Skulu sendingar samkvæmt framangreindu hefjast þegar viðkomandi skip lætur úr höfn og skal þeim ekki ljúka fyrir en skipið kemur til hafnar að nýju til löndunar afla.

⊢ Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga bilar skal gert við hann svo fljótt sem mögulegt er, þó eigi síðar en að 30 dögum liðnum. Þar til búnaðurinn verður kominn í lag skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu skipsins á a.m.k. 4 klukkustunda fresti til eftirlitsstöðvarinnar.

⊣ Eftirlitsstöðin skal með sjálfvirkum hætti fylgjast með því hvort skip stundi veiðar innan lokaðra svæða. Jafnframt skal eftirlitsstöðin með sama hætti fylgjast með hvort skip stundi botnvörpuveiðar utan svæða þar sem botnvörpuveiðar hafa ekki verið stundaðar áður.

#### 4. gr.

##### *Afladagbók o.fl.*

⊠ Halda skal rafræna afladagbók vegna veiða á NEAFC-samningssvæðinu, sem uppfyllir skilyrði sem greinir í reglum NEAFC um stjórn og eftirlit (e. Scheme of Control and Enforcement). Að auki skulu skip sem vinna afla um borð, halda sérstaka vinnslu- og lestarskrá eftir því sem nánar greinir í reglum NEAFC.

② Allar tilkynningar sem skylt er að senda samkvæmt reglugerð þessari skal senda á tölvutæku formi úr rafrænni afladagbók skipsins til eftirlitsstöðvarinnar. Tilkynningar skulu sendar með þeim hætti sem lýst er í reglum NEAFC um stjórn og eftirlit.

5. gr.

*Tilkynningar.*

① Öll skip sem stunda veiðar á samningssvæðinu skulu senda eftirgreindar tilkynningar til eftirlitsstöðvarinnar:

② Komutilkynning – COE: Tilkynna skal með ekki meira en 12 klukkustunda fyrirvara og að lágmarki 2 klukkustunda fyrirvara, að skip fari inn á samningssvæðið til veiða og skal tilkynning vera í samræmi við reglur NEAFC um stjórn og eftirlit.

③ Aflatilkynning – CAT: Tilkynna skal daglega um m.a. heildarafla síðasta sólarhrings miðað við afla upp úr sjó, sundurgreindan eftir tegundum. Tilkynning skal berast í síðasta lagi klukkan 12 UTC næsta dag eftir að veiðar hófust og vera í samræmi við reglur NEAFC um stjórn og eftirlit.

④ Lokatilkynning – COX: Tilkynna skal með ekki meira en 8 klukkustunda fyrirvara og að minnsta kosti 2 klukkustunda fyrirvara, að skip yfirgefi samningssvæðið. Tilkynning skal vera í samræmi við reglur NEAFC um stjórn og eftirlit.

⑤ Um afturköllun tilkynninga fer eftir því sem mælt er fyrir um reglum NEAFC um stjórn og eftirlit.

⑥ Þá skal tilkynna til Fiskistofu, á tölvupóstfangið [uthafsv@fiskistofa.is](mailto:uthafsv@fiskistofa.is), þegar fiskiskip hefur veiðar á samningssvæðinu og þegar þeim lýkur.

6. gr.

*Eftirlit um borð í skipi.*

① Fiskiskipum sem veiða á samningssvæðinu eða hafa stundað veiðar á því, er skylt að veita aðstoð sína til þess að eftirlitsmenn samningsríkja NEAFC, sem sýnt geta fram á með skilríkjum að þeir séu til þess bærir, geti komist um borð eftir að skip eða þyrlla sem þeir eru um borð í hefur gefið viðeigandi merki á alþjóðlegu merkjamáli um að þeir æski þess að koma um borð.

② Um borð í hverju skipi skal vera stigi og önnur áhöld sem gera eftirlitsmönnum kleift að komast um borð með skjótum og öruggum hætti. Um búnað og notkun stiga og annarra áhalda fer samkvæmt reglum NEAFC um stjórn og eftirlit.

③ Skipstjórum er skylt að veita eftirlitsmönnum endurgjaldslaust aðbúnað, starfsaðstöðu og aðstoð sem þeim er nauðsynleg í starfi sínu, m.a. greiðan aðgang að fjarskiptatækjum, staðsetningartækjum og kortum.

④ Eftirlitsmönnum skal leyft að skoða og mæla veiðarfæri skipsins, afla þess o.fl. til að ganga úr skugga um að farið sé eftir reglum NEAFC. Þá skal eftirlitsmönnum gert kleift að skoða skjöl skipsins, skrifa í þau athugasemdir sínar, m.a. um meint brot og gera skýrslu um skoðunina eftir því sem nánar er mælt fyrir um í reglum NEAFC um stjórn og eftirlit.

7. gr.

*Eftirlitskostnaður.*

① Kostnaður af veru eftirlitsmanns er samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu. Útgerð skips með eftirlitsmann á vegum Fiskistofu um borð skal sjá honum fyrir fæði og aðstöðu án endurgjalds.

8. gr.

*Ráðstafanir til verndar viðkvæmum vistkerfum.*

① Skipstjóri sem stundar veiðar með botnlægum veiðarfærum skal, til verndunar viðkvæmra vistkerfa, meta magn tegunda sem falla undir viðkvæm vistkerfi (kóralar, sæfjaðrir, svampar o.fl.) í togi, neta- eða línulögn og færa í afladagbók til samræmis við reglur NEAFC (og senda einnig

upplýsingar á netfangið [uthafsv@fiskistofa.is](mailto:uthafsv@fiskistofa.is)). Ef magn þessara tegunda yfirstígur viðmiðanir í reglum NEAFC um stjórn og eftirlit, á svæði þar sem veiðar hafa áður verið stundaðar með botnlægum veiðarfærum, gilda reglur NEAFC um tilkynningar, sýnatöku, takmarkanir við frekari veiði og breytta veiðitilhögun.

② Um veiðar með botnveiðarfærum á svæðum þar sem slíkar veiðar hafa ekki verið stundaðar og lokuð svæði til verndar viðkvæmum vistkerfum, fer samkvæmt reglum NEAFC um stjórn og eftirlit.

#### 9. gr.

##### *Vigtun og aflaskráning.*

① Um vigtun afla gilda ákvæði reglugerðar um vigtun og skráningu sjávaraflla. Óheimilt er að flytja óvigtaðan afla um borð í flutningaskip eða önnur veiðiskip, en Fiskistofa getur gefið undanþágu frá þessu við kolmunnaveiðar, ef ástæða er til. Skipum sem stunda veiðar á uppsjávartegundum, er þó heimilt að miðla afla úr veiðarfærum milli veiðiskipa í því skyni að koma í veg fyrir að fiski sé sleppt dauðum úr veiðarfærum. Í þeim tilvikum skulu báðir aðilar (gefandi og þiggjandi) skrá slíkt í rafræna afladagbók skipsins, samanber reglur NEAFC um stjórn og eftirlit.

② Við vinnslu skal allur afli auðkenndur samkvæmt reglum NEAFC um stjórn og eftirlit.

#### 10. gr.

##### *Löndun erlendis.*

① Afla skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Heimilt er þó með leyfi Fiskistofu að landa afla í höfnum samningsaðila Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) enda sé tryggt að eftirlit með vigtun og skráning aflans sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Sækja skal um leyfi til löndunar afla í höfnum samningsaðila NEAFC til Fiskistofu og skal skipstjóri í umsókn tilgreina nákvæmlega hvar hann hyggst landa aflanum og áætlað magn, eftir tegundum. Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri veiðiskips senda Fiskistofu endanlegar tölur um landaðan afla og aflaverðmæti, staðfestar af móttakanda aflans eða staðfest afrit af vigtarnótu, liggi það fyrir. Landi skip afla í höfnum samningsaðila NEAFC skal tilkynna þar til bæru yfirvaldi í viðkomandi ríki um komu skips til hafnar innan tiltekins frests sem ákveðinn er af hafnarrikinu í samræmi við reglur NEAFC um hafnarriki eftirlit og framkvæmd þess. Tilkynningar skal senda með rafrænum hætti á heima-síðu NEAFC (<https://psc.neafc.org>). Til að geta sent slíkar tilkynningar þarf að vera skráður notandi (og er hvatt til tímanlegrar skráningar).

#### 11. gr.

##### *Viðurlög.*

① Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og IV. kafla laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar. Við mat á brotum skal litið til reglna NEAFC um stjórn og eftirlit, eftir því sem við á.

#### 12. gr.

##### *Heimild o.fl.*

① Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Samtímis fellur úr gildi reglugerð nr. 285/2014 um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

② Íslensk skip, sem stunda veiðar á samningssvæði NEAFC, skulu fara eftir reglum NEAFC um stjórn og eftirlit (e. NEAFC Scheme of Control and Enforcement) og öðrum ákvörðunum nefndarinnar. Íslenskum skipum er skylt að hafa aðgang að nýjasta eintaki reglnanna við veiðar hverju sinni, sem nálgast má rafrænt á vef nefndarinnar.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 10. maí 2017.*



## **Reglugerð**

### **nr. 601/1997, um löndun á bræðslufiski erlendis.**

#### 1. gr.

- ☐ Reglugerð þessi tekur til löndunar á bræðslufiski í fiskimjölsverksmiðjur erlendis.
- ☑ Einungis er heimilt að landa afla í fiskimjölsverksmiðjur erlendis, þar sem vigtunaraðferðir og eftirlit er viðurkennt af Fiskistofu.

#### 2. gr.

- ☐ Skipstjóri skal strax og haldið er til erlendar hafnar, tilkynna Fiskistofu um áætlaðan afla um borð í skipinu, löndunarstað og áætlaðan komutíma. Jafnframt skal Landhelgisgæslunni á sama tíma tilkynnt um áætlaðan afla um borð. Verði breyting á löndunarstað, eða áætluðum komutíma, skal það tilkynnt Fiskistofu þegar í stað.
- ☑ Fiskistofu er heimilt að senda eftirlitsmann til þess að fylgjast með löndun á bræðslufiski hjá erlendum fiskimjölsverksmiðjum telji hún ástæðu til þess.

#### 3. gr.

- ☐ Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri senda Fiskistofu staðfest afrit af vigtarnótu. Telji Fiskistofa upplýsingar um aflamagn ekki fullnægjandi eða ótrúverðugar, svo sem ef landaður afli er umtalsvert minni en áætlun, sbr. 2. gr., vigtarnótur eru óglöggar eða aðrar upplýsingar misvisandi, skal við það miðað við útreikning afla skipsins að það hafi landað fullfermi, miðað við staðreynda burðargetu þess á þeirri vertíð.

#### 4. gr.

- ☐ Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

#### 5. gr.

- ☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. október 1997.*





# Reglugerð

## nr. 646/2007, um uppboðsmarkaði sjávaraflla.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Breytingasaga reglugerðar nr. 646/2007 sbr. rg. 774/2007, rg. 398/2021, og rg. 1153/2021.

### I. KAFLI

#### Gildissvið, skilgreiningar o.fl.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

☐ Reglugerð þessi gildir um starfsemi uppboðsmarkaða sjávaraflla og hefur það að markmiði að tryggja gagnsæi viðskipta og að skýrar reglur gildi um verðmyndun, þjónustu og greiðslur í viðskiptum með sjávaraflla á uppboðsmarkaði.

##### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

☐ Í reglugerð þessari er merking hugtaka sem hér segir:

*Fiskmarkaður:* Uppboðs- eða heildsölumarkaður sem annast umboðssölu fyrir sjávaraflla.

*Leyfishafi:* Sá sem fengið hefur leyfi ráðherra samkvæmt lögum nr. 79/2005, um uppboðsmarkaði sjávaraflla, til að starfrækja uppboðsmarkað fyrir sjávaraflla og ber ábyrgð á starfsemi uppboðsmarkaðarins.

*Reiknistofa uppboðsmarkaða:* Aðili sem leyfishafi hefur falið að sjá um framkvæmd uppboða og þá starfsemi sem tilgreind er í 6. gr. laga nr. 79/2005.

*Fiskafurðir:* Matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að hluta úr sjávaraflla. Sjávarafli: Öll sjávardýr önnur en spendýr, þar með talin skrápdýr, liðdýr og lindýr. Uppboð: Sala, þar sem hæstbjóðandi hlýtur hlut þann er boðinn er til sölu.

*Uppboðsmarkaður:* Markaður þar sem sjávarafli, eldistegundir, bæði úr ferskvatns- og sjávareldi, vatnafiskur og afurðir úr framantöldu eru seldar á frjálsum uppboði.

*Uppboðsstaður:* Staður þar sem aðilar geta kynnt sér afla eða upplýsingar um afla, sem seldur verður á uppboði.

*Uppboðsstjóri:* Sá aðili sem leyfishafi hefur falið að annast framkvæmd uppboðs og hlotið hefur löggildingu ráðherra til starfa.

##### 3. gr.

##### *Yfirstjórn.*

☐ Sjávarútvegsráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem reglugerð þessi tekur til.

### II. KAFLI

#### Leyfi til reksturs uppboðsmarkaða.

##### 4. gr.

##### *Útgáfa rekstrarleyfa.*

☐ [Sjávarútvegsráðherra veitir leyfi til reksturs uppboðsmarkaða fyrir sjávaraflla sem skulu vera ótímabundin. Rekstrarleyfi skal gefið út á nafn og kennitölu þess einstaklings eða lögaðila sem um ræðir og er óheimilt að framselja það til þriðja aðila. Skilyrði fyrir útgáfu rekstrarleyfis fyrir hverja starfsstöð er starfsleyfi starfsstöðvar samkvæmt lögum um matvæli, nr. 93/1995.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 398/2021, 1. gr.

5. gr.

*Skilyrði fyrir rekstrarleyfi.*

☐ Leyfi til reksturs uppboðsmarkaða er einungis heimilt að veita aðilum sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a) Hafa íslenskan ríkisborgararétt og eiga lögheimili hér á landi. Erlendur ríkisborgari sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfellt í a.m.k. eitt ár skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang. Enn fremur gildir ákvæði þetta ekki um einstaklinga sem hafa ríkisfang og búsettir eru í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða til Færeyinga búsettra í Færeyjum eða á Íslandi.
- b) Eru fjárráða.
- c) Hafa forræði á búi sínu.

☐ Þá má veita hlutafélögum eða öðrum lögaðilum sem eiga heimili hér á landi leyfi til reksturs uppboðsmarkaða, enda uppfylli stjórnarmenn og framkvæmdastjórar lögaðila skilyrði b- og c-liðar 1. mgr. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendir aðili á hlut í skal auk þess fullnægt skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

6. gr.

*Ábyrgð leyfishafa.*

☐ Leyfishafi ber ábyrgð á starfsemi uppboðsmarkaðarins og er honum skylt að hlíta ákvæðum laga, reglugerða og annarra fyrirmæla er um meðferð sjávarafla gilda á hverjum tíma.

7. gr.

*Svipting rekstrarleyfis.*

☐ Ef leyfishafi uppfyllir ekki skilyrði sett í reglugerð þessari eða lögum nr. 79/2005, um uppboðsmarkaði sjávarafla, getur ráðherra svipt hann leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar.

III. KAFLI

**Starfsemi uppboðsmarkaða.**

8. gr.

*Frágangur og merking afla.*

☐ Fyrir afhendingu skal seljandi tegundaflokka afla, svo sem lög kveða á um og einnig flokka á milli lifandi og dauðblóðgaðs fisks.

☐ Öllum afla skulu við löndun fylgja upplýsingar um veiðisvæði, aldur, fiskstærð, veiðarfæri og meðferð og önnur þau atriði sem kunna að hafa áhrif á verð og gæði.

☐ Ef afli er meira en sólarhrings gamall skal dagmerkja umbúðir. Séu dagmerkingar vanræktar skal þess sérstaklega getið í uppboðslýsingu og er fiskmarkaði þá heimilt að miða aldur aflans við fyrsta veiðidag viðkomandi veiðiferðar.

☐ Seljandi er ábyrgur fyrir því að meðferð og frágangur afla sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma.

9. gr.

*Húsnæði, búnaður og meðferð afla.*

☐ [Um húsnæði og búnað uppboðsmarkaðar og meðferð afla gilda lög um matvæli, nr. 93/1995, eftir því sem við á. Eingöngu er heimilt að reka starfsstöð uppboðsmarkaðar sjávarafla í húsnæði sem hefur til þess starfsleyfi samkvæmt lögum um matvæli.]

<sup>1)</sup>Rg. 398/2021, 1. gr.

10. gr.

*Vigtun afla.*

☐ Allur afli skal vigtaður samkvæmt þeim lögum og reglugerðum, sem um það gilda, sbr. nú lög nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum og reglugerð nr. 224/2006, um vigtun og skráningu sjávarafla, með síðari breytingum.

11. gr.

*Lágmarksverð.*

☐ Um sjávarafla sem seldur er á uppboðsmarkaði gilda ekki ákvæði um lágmarksverð samkvæmt lögum nr. 43/1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

12. gr.

*Gæðakröfur.*

☐ Standist fiskur ekki almennar gæðakröfur samkvæmt reglugerð nr. 233/1999, um hollustuhætti við meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafla og fiskafurða, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum, skal hann ekki boðinn upp á uppboðsmarkaði samkvæmt lögum þessum. Kaupandi afla á uppboðsmarkaði getur ekki borið fyrir sig galla á honum, nema hann sé ekki í samræmi við gefnar upplýsingar við söluna, seljandi hafi haft svik í frammi eða almennt sé talið óheildarlegt að skjóta sér undan ábyrgð.

IV. KAFLI

**Framkvæmd uppboðsmarkaða o.fl.**

13. gr.

*Uppboðsstjóri.*

☐ Leyfishafi skal hafa í þjónustu sinni a.m.k. einn starfsmann sem sér um framkvæmd uppboðs, uppboðsstjóra. Sjávarútvegsráðherra veitir uppboðsstjóra löggildingu til starfans. Uppboðsstjórar mega hvorki gera boð á uppboði sjálfir né láta aðra gera það fyrir sína hönd.

14. gr.

*Uppboðsskilmálar.*

☐ Uppboðsstjóri skal auglýsa uppboðsskilmála á fullnægjandi hátt og skulu þeir einnig aðgengilegir áður en uppboð hefst. Jafnframt skulu uppboðsskilmálar birtir á heimasíðu þess markaðar, sem uppboðið heldur, eða hjá reiknistofu. Skulu þátttakendur í uppboði kynna sér uppboðsskilmála áður en uppboð hefst.

☐ Í uppboðsskilmálum skal gera grein fyrir gjöldum er leggjast ofan á söluverð og greiðsluskilmálum, ef ekki er um staðgreiðslu að ræða, ásamt öðrum skilmálum sem uppboðsstjóra er skylt að geta svo og því hvenær ábyrgð á hinu selda flyst úr hendi seljanda til kaupanda.

15. gr.

*Uppboð.*

☐ Uppboð skulu vera opin almenningi og skal afli vera til sýnis og skoðunar í hæfilegan tíma fyrir uppboðið. Ef ekki er mögulegt að hafa afla til sýnis skal það sérstaklega tekið fram í uppboðslýsingu og skulu upplýsingar um þann afla vera aðgengilegar almenningi á sama hátt í hæfilegan tíma fyrir uppboðið.

16. gr.

*Réttaráhrif uppboðs.*

☐ Sala sjávaraflla á uppboðsmarkaði telst bindandi, að því gefnu að allar upplýsingar sem gefnar voru, séu réttar. Athugasemdum varðandi kaup skal koma á framfæri við uppboðsmarkað svo fljótt sem verða má. Þegar að loknu uppboði á viðkomandi einingu, telst kaupandi eigandi aflans.

17. gr.

*Söluverð.*

☐ [Kaupandi skal greiða söluverð strax þegar afli hefur verið sleginn honum eða setja viðhlítandi ábyrgð fyrir greiðslu sem uppboðsstjóri metur gilda.]<sup>1)</sup> Verði dráttur á greiðslu söluverðs aflans skal kaupandi greiða af því dráttarvexti og kostnað.

<sup>1)</sup>Rg. 774/2007, 1. gr.

18. gr.

*Kostnaður.*

☐ [Seljandi ber allan kostnað sem fellur á aflann fram að sölu þ.m.t. löndunar- og flutningskostnað en kaupandi ber áfallinn kostnað eftir sölu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 774/2007, 2. gr.

19. gr.

*Skil afla til kaupanda.*

☐ Afli skal afhentur kaupanda í því ástandi sem hann er við uppboð. Óski kaupandi eftir frekari meðhöndlun á því sem keypt var, svo sem flokkun, slægingu, umísun, gámun eða geymslu, skal hann tafarlaust tilkynna það viðkomandi fiskmarkaði. Allur slíkur kostnaður skal greiddur af kaupanda.

20. gr.

*Þóknun fyrir sölu.*

☐ Þóknun fyrir sölu og þjónustu skal vera samkvæmt gjaldskrá hvers uppboðsmarkaðar sem birta skal með sama hætti og uppboðsskilmála, sbr. 14. gr. og þannig að hún sé öllum aðgengileg á uppboðsstað, eða á heimasíðu uppboðsmarkaðar eða reiknistofu.

21. gr.

*Upplýsingaskylda.*

☐ [Leyfishöfum er skylt að láta liggja frammi yfirlit yfir selt aflamagn hvers dags og verð þess.]<sup>1)</sup> Skulu þeir daglega senda Fiskistofu afrit af slíku yfirliti. Þá skulu leyfishafar senda opinberum aðilum, sem þess óska skýrslu um seljendur, afla, aflamagn, kaupendur og verð.

<sup>1)</sup>Rg. 774/2007, 3. gr.

V. KAFLI

**Uppgjör og reikningsskil.**

22. gr.

*Uppgjör.*

☐ Leyfishafar uppboðsmarkaða skulu standa skil á uppboðsandvirði hins selda afla til seljanda, að frádregnum beinum kostnaði við uppboðið og lögboðnum gjöldum, m.a. sjá um skil á greiðslum samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Leyfishafar skulu krefjast greiðslutrygginga af kaupanda sé ekki um staðgreiðslu að ræða.

23. gr.

*Reikningsskilakerfi.*

☐ Reiknistofa uppboðsmarkaða annast rekstur reikningsskilakerfis vegna uppboðsmarkaða og er leyfishafa heimilt að fela henni þann hluta starfsemi sinnar sem mælt er fyrir um í 22. gr.

☐ Við framkvæmd reikningsskila samkvæmt 1. mgr. skal reiknistofan senda kaupanda reikning fyrir andvirði þess fisks, sem hann hefur keypt á fiskmörkuðunum. Á fiskkaupareikningi skulu koma fram eftirtaldir kostnaðarliðir: fiskkaup, markaðskostnaður og annar kostnaður vegna þjónustu sem kaupandi kann að óska eftir, auk gjalda sem lög kveða á um.

☐ Reiknistofa uppboðsmarkaða skal, eftir því sem við á, fara að þeim lögum sem gilda um starfsemi uppboðsmarkaða, enda starfar hún í þeirra umboði. Reiknistofa uppboðsmarkaða skal tryggja svo sem frekast er unnt, jafnræði allra þátttakenda í uppboðum uppboðsmarkaða.

VI. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

24. gr.

*Ábyrgð seljanda.*

☐ Seljanda er skylt að gefa alltaf réttar upplýsingar um öll þau atriði sem geta haft áhrif á verðmyndun aflans.

25. gr.

*Viðurlög.*

☐ Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79/2005, um uppboðsmarkaði sjávarafla. [...] <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Rg. 1153/2021, 23. gr.

26. gr.

*Endurútgáfa eldri leyfa.*

☐ Leyfi til reksturs uppboðsmarkaða, sem gefin voru út fyrir 1. júlí 2007, skulu falla úr gildi frá og með 1. september 2007. Óski leyfishafi eftir því að ráðuneytið endurnýi leyfið skal hann gera það fyrir 1. september 2007, og heldur þá eldra leyfi gildi sínu þar til það hefur verið endurútféð.

27. gr.

*Gildistaka.*

☐ Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 79, 24. maí 2005, um uppboðsmarkaði sjávarafla, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. september 2007.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. júlí 2007.*



## Reglugerð

### nr. 941/2016, um kostnað vegna sölu afla á uppboðsmarkaði.

#### 1. gr.

☐ Reglugerð þessi gildir um sjávarafla sem seldur er á uppboðsmarkaði samkvæmt 9. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

#### 2. gr.

☐ Skipstjóra fiskiskips er heimilt að ákveða að hluti af afla skipsins reiknist ekki til aflamarks þess. Sá hluti sem reiknast ekki til aflamarks skipsins skal þó aldrei nema meira en 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla sem hlutaðeigandi skip veiðir á hverju fiskveiðiári. Heimild þessi er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Að aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega og skráður.
2. Að aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum.

#### 3. gr.

☐ Forráðamenn uppboðsmarkaðarins, sbr. 2. gr., skulu standa skil á andvirði hins selda afla að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboð aflans. Til kostnaðar við uppboð aflans telst:

1. Flutningur afla frá löndunarbyggju á næsta uppboðsmarkað.
2. Annar kostnaður: Eftir atvikum ísun aflans á markaði, flokkun og slæging hans.
3. Þóknun markaðar vegna sölu aflans.

☐ Eftirstöðvar andvirðis aflans skiptast með þeim hætti að útgerð skipsins skal fá 20% sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um og 80% greiðast til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins.

☐ Greiðslur til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins skal leggja inn á bankareikning sjóðsins eigi síðar en á föstudegi vegna afla sem seldur var í vikunni á undan.

#### 4. gr.

☐ Brot á reglugerð þessari varða viðurköllum samkvæmt lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða.

#### 5. gr.

☐ Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 692/2008, um kostnað vegna sölu afla á uppboðsmarkaði samkvæmt 9. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 27. október 2016.*





## Reglugerð

### nr. 147/1998, um greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

#### 1. gr.

☐ Þegar framleiðandi veðsetur framleiðslu sína við töku afurðaláns hjá viðskiptabanka eða öðrum lánveitanda skal hann greiða 8%, sbr. 3. gr., af samanlögðu hráefnisverði hvers skips skv. sölureikningi, sem lagði hráefni til vinnslunnar, inn á sérstaka bankareikninga. Þegar greiðslan er innt af hendi skal tiltaka skipaskrárnúmer viðkomandi skips, nafn skipsins, einkennisstafi, nafn eiganda skips, dagsetningu afhendingar afla, dagsetningu greiðslu og upphæð greiðslu. Veðsetji framleiðandi eða annar fiskkaupandi ekki fiskafurðir sínar skal hann eigi að síður inna þessa greiðslu af hendi innan fjórtán daga frá því fiskurinn var afhentur. Sambærileg skylda hvílir á þeim sem taka fiskafurðir í umboðssölu.

☐ Viðskiptabanki útvegsmanns skal við gjaldeyrisskil leggja 8% af brúttósöluverðmæti ísfisks samkvæmt sölureikningi, sem seldur er í erlendra höfn inn á samskonar bankareikning og skulu samskonar upplýsingar gefnar upp. Komi ekki til gjaldeyrisskila skal seljandi fisksins inna greiðsluna af hendi innan 14 daga frá því fiskurinn var afhentur.

☐ Sama greiðsluskylda og að framan greinir hvílir á útvegsmönnum veiðiskipa sem vinna og frysta afla um borð og miðast þá 8% greiðslan við skilaverðmæti framleiðslunnar og fellur í gjalddaga við gjaldeyrisskil eða í síðasta lagi innan 14 daga frá því fiskurinn var afhentur.

☐ Ákvæði þessarar greinar ná ekki til opinna báta og þilfarsbáta sem samkvæmt skipaskrá Siglingastofnunar Íslands eru undir 10 lestum, sbr. 2. gr.

#### 2. gr.

☐ Framleiðendur sjávarafurða og aðrir fiskkaupendur svo og þeir sem taka sjávarafurðir í umboðssölu skulu greiða 8,4% af samanlögðu hráefnisverði þess afla, samkvæmt sölureikningi, sem þeir taka við af opnum bátum og þilfarsbátum undir 10 lestum, inn á sérstakan greiðslumiðlunarreikning smábáta hjá Lífeyrissjóði sjómanna eftir sömu reglum og greinir í 1. gr., eftir því sem við getur átt.

#### 3. gr.

☐ Sá banki sem tekið hefur á móti greiðslu skv. 1. gr. skal þegar í stað miðla fénu á þennan hátt:

1. 6% af hráefnisverði greiðist inn á váttryggingarreikning skipsins hjá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.
2. 2% af hráefnisverði greiðist inn á sérstakan greiðslumiðlunarreikning fiskiskipa hjá Lífeyrissjóði sjómanna.

#### 4. gr.

☐ Fé því, sem safnast á greiðslumiðlunarreikning smábáta skv. 2. gr. skal skipta mánaðarlega og færa til tekna á bankareikninga í þessum hlutföllum:

1. Til lífeyrissjóða sjómanna.....37,5%
2. Til Landssambands smábátaeigenda til greiðslu iðgjalda af slysa- og örorkutryggingu skipverja, samskonar þeim sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna, þar á meðal vegna grásleppuveiða, svo og af váttryggingu báts, og eiga þessi ákvæði við allar veiðar smábáta, einnig við grásleppuveiðar, samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur .....56,5%
3. Til Landssambands smábátaeigenda, þar með talið vegna grásleppuveiða ..... 6,0%

5. gr.

☐ Fé því, sem safnast á greiðslumiðlunarreikning fiskiskipa skv. 2. tölul. 3. gr., skal skipta mánaðarlega og færa til tekna á bankareikninga í þessum hlutföllum:

1. Til lífeyrissjóða sjómanna.....92,0%
2. Til Sjómannasambands Íslands og sjómanna innan Alþýðusambands Austfjarða og Alþýðusambands Vestfjarða ..... 2,4%
3. Til Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Vélstjórafélags Íslands..... 1,6%
4. Til Landssambands íslenskra útvegsmanna ..... 4,0%

☐ Við skiptingu fjár milli þeirra samtaka sem um er rætt í 2. tölul. 1. mgr. annars vegar og 3. tölul. 1. mgr. hins vegar skal taka mið af fjölda félagsmanna er við fiskveiðar vinna. Skulu aðilar koma sér saman um skiptingu fjár milli hlutaðeigandi samtaka og tilkynna Lífeyrissjóði sjómanna um samkomulagið.

☐ Komi upp ágreiningur um skiptingu fjár skv. 2. mgr. geta þau samtök sem um er rætt í 2. og 3. tölul. 1. mgr. óskað skriflega eftir því við sjávarútvegsráðherra að skipaður verði gerðardómur til að leysa úr ágreiningnum. Gerðardómur vegna ágreinings um skiptingu fjár skv. 2. tölul. 1. mgr. skal skipaður fimm mönnum; tveim tilnefndum af Sjómannasambandi Íslands, einum tilnefndum af Alþýðusambandi Austfjarða, einum tilnefndum af Alþýðusambandi Vestfjarða og einum tilnefndum af dómstjóra héraðsdóms Reykjavíkur og er sá jafnframt formaður gerðardómsins. Gerðardómur um skiptingu fjár skv. 3. tölul. 1. mgr. skal skipaður þrem mönnum; einum tilnefndum af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, einum tilnefndum af Vélstjórafélagi Íslands og einum tilnefndum af dómstjóra héraðsdóms Reykjavíkur og er sá jafnframt formaður gerðardóms. Gerðardómi um skiptingu fjár skv. 3. tölul. 1. mgr. er heimilt að taka mið af fleiri atriðum en um er rætt í 2. mgr.

☐ Gerðarmenn skulu vera nægjanlega líkamlega og andlega hraustir til að fara með gerðarmál. Þeir skulu vera lögráða og hafa forræði fjár síns. Þeir skulu hafa óflekkað mannorð. Gerðarmenn skulu fullnægja sérstökum hæfisskilyrðum héraðsdómara til meðferðar einstaks máls. Formaður gerðardóms sker úr ágreiningi um hæfisskilyrði gerðarmanna.

☐ Gerðarmenn skulu allir taka þátt í störfum dómsins. Formaður getur þó einn tekið við skjölum og sinnt öðrum minni háttar framkvæmdaatriðum.

☐ Kröfur aðila fyrir gerðardómi skulu vera skýrar. Gerðarmenn skulu ávallt gefa aðilum kost á að gera kröfur, færa fram sönnunargögn, kynna sér gögn málsins og tjá sig um sakarefnið. Gæta skal jafnræðisreglu. Gerðardómurinn ákveður sjálfur málsmeðferð. Hraða skal gerðarmáli svo sem kostur er. Málflutningur fyrir gerðardómnum skal jafnan vera munnlegur og ætíð ef aðili krefst þess. Að því leyti, sem ekki er öðruvísi kveðið á um í reglugerð þessari, skal við málsmeðferð fyrir gerðardómnum gætt meginreglna laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði með síðari breytingum.

☐ Gerðardómur skal vera skriflegur, skýr, rökstuddur í meginatriðum og undirritaður af þeim gerðarmönnum sem að dómi standa. Sátt fyrir gerðardómi skal vera skrifleg og undirrituð af aðilum og gerðarmönnum.

☐ Afl atkvæða í gerðardómi ræður úrslitum máls. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir aðila máls.

☐ Kostnaður af starfi gerðardóms skal greiddur af aðilum máls.

6. gr.

☐ Lífeyrissjóður sjómanna skal hafa yfirumsjón með því að fé, sem inn kemur skv. 1. tölul. 4. gr. og 1. tölul. 5. gr. sé skipt og greitt inn á reikning hvers skips til hlutaðeigandi lífeyrissjóða í hlutfalli við iðgjaldsskyldan aflahlut skipverja.

② Landssamband íslenskra útvegsmanna skal hafa yfirumsjón með því að fé sem innheimtist skv. 1. tölul. 3. gr. sé skipt og greitt inn á reikning skips hjá hlutaðeigandi tryggingafyrirtæki í samræmi við iðgjaldsskyldu. Ef greiðsla skv. 1. tölul. 3. gr. reynist hærri en iðgjöld vegna váttrygginga skips skal endurgreiða eiganda skipsins mismuninn þegar eftir greiðslu iðgjalda. Landssamband smábátæigenda skal hafa yfirumsjón með því að fé, sem inn kemur skv. 2. tölul. 4. gr., sé skipt og greitt inn á reikning hvers báts hjá hlutaðeigandi tryggingafyrirtæki. Ef greiðsla skv. 2. tölul. 4. gr. reynist hærri en iðgjöld vegna slysa- og örorkutrygginga skipverja og váttryggingar báts, skal endurgreiða eiganda bátsins mismuninn þegar eftir að iðgjöldin hafa verið innt af hendi.

7. gr.

① Þeim viðskiptabönkum og öðrum, sem halda eftir fé útvegsmanna samkvæmt lögum þessum, er skylt að senda þeim viðurkenningu fyrir móttöku fjáris án tafar. Lífeyrissjóði sjómanna er skylt að senda þeim samtökum og sjóðum, sem tilgreind eru í 4. og 5. gr. mánaðarlega yfirlit yfir allar innborganir á greiðslumiðlunarreikninga og skiptingu þeirra. Enn fremur skal Lífeyrissjóður sjómanna á sex mánaða fresti senda eigendum skipa yfirlit yfir allar greiðslur sem inntar hafa verið af hendi vegna viðkomandi skips samkvæmt reglugerð þessari og yfirlit yfir allar innborganir á greiðslumiðlunarreikninga og skiptingu þeirra.

② Ríkisendurskoðun skal í lok hvers árs endurskoða bókhald Lífeyrissjóðs sjómanna og samtaka þeirra og sjóða sem tilgreindir eru í 3. og 4. gr., sem við kemur greiðslum samkvæmt reglugerð þessari.

③ Lögtaksréttur fylgir kröfu vegna hlutdeildar af hráefnisverði, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar. Sé greiðsla ekki innt af hendi innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af vangreiddri fjárhæð.

8. gr.

① Reglugerð þessi, sem er sett með stoð í lögum nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. mars 1998.*



## Auglýsing nr. 1334/2022, um veiðigjald 2023.

1. gr.

☐ Veiðigjald á landaðan afla frá og með 1. janúar til 31. desember 2023 nemur í krónum á hvert kílógramm óslægðs afla þeim fjárhæðum sem hér segir:

Tegund	kr./kg
Djúpkarfi	5,45
Gulllax / stóri gulllax	2,18
Grálúða / svarta spraka	31,82
Hlýri	11,32
Humar / leturhumar	80,33
Karfi/gullkarfi	9,41
Keila	3,02
Kolmunni	2,49
Langa	9,02
Langlúra	18,60
Loðna	5,54
Makrill	3,48
Rækja/djúprækja	10,49
Síld	3,34
Skarkoli	32,74
Skötuselur	31,30
Sólkoli/þykkvalúra	36,15
Steinbítur	14,95
Ufsi	7,61
Ýsa	19,82
Þorskur	19,17

☐ Veiðigjald fyrir hvern hval er sem hér segir: i) langreyður 65.035 kr., ii) hrefna 10.406 kr. Veiðigjald á sjávargróður er sem hér segir: 650 kr. á hvert landað tonn klóþangs, hrossaþara og stórþara (blautvigt).

☐ Auglýsing þessi, sem sett er að fenginni tillögu embættis ríkisskattstjóra skv. 4. gr. laga um veiðigjald nr. 145/2018, sbr. einnig 8. gr. sömu laga, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Matvælaráðuneytinu, 1. desember 2022.*



# Gjaldskrá

## Fiskistofu nr. 1404/2022.

### I. KAFLI

#### Almennt.

##### 1. gr.

#### *Gildissvið.*

① Fyrir þjónustu og eftirlit, sem Fiskistofu er falið að sinna samkvæmt lögum nr. 36/1992 um Fiskistofu, lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, lögum nr. 54/1992 um vinnslu afla um borð í skipum, lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, lögum nr. 85/2000 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, upplýsingalögum nr. 140/2012, og reglugerðum, sem byggja á framangreindum lögum, innheimtir stofnunin gjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

② Gjald fyrir eftirlit og þjónustu skal ekki vera hærra en raunkostnaður af veitingu þjónustu og eftirlits.

③ Gjaldskrá þessi gildir einnig um aðra gjaldskylda starfsemi Fiskistofu samkvæmt lögum.

##### 2. gr.

#### *Gjald fyrir vinnu sérfræðings og veiðieftirlitsmanns.*

① Fiskistofa innheimtir gjald samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir verkefni og þjónustu, sem stofnuninni eru falin í lögum og heimilt er að taka gjald fyrir, sem nemur 22.200 krónum fyrir vinnu sérfræðings og 24.200 krónum fyrir vinnu veiðieftirlitsmanns á hverja klukkustund.

##### 3. gr.

#### *Innheimta.*

① Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu greidd samkvæmt reikningi. Gjaldþagi er við útgáfu reiknings en eindagi 15 dögum síðar. Sé gjald ekki greitt á eindaga reiknast dráttarvextir frá gjaldþaga.

② Innheimta má gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar.

③ Gjöld fyrir veiðileyfi og strandveiðigjald samkvæmt 4. gr. skulu greidd áður en leyfi er gefið út.

### II. KAFLI

#### Leyfisveitingar, vottorð o.fl.

##### 4. gr.

#### *Veiðileyfi.*

① Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni samkvæmt 4. gr. laga um stjórn fiskveiða skal greiða gjald í samræmi við 1. mgr. 6. gr. laga nr. 36/1992 um Fiskistofu. Sama gjald skal greiða fyrir önnur veiðileyfi, sem veitt eru á grundvelli laga um stjórn fiskveiða, laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga, sem kveða á um stjórn fiskveiða.

② Vegna útgáfu leyfis til strandveiða er innheimt strandveiðigjald í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laga um Fiskistofu, auk gjalds fyrir veiðileyfi samkvæmt 1. mgr.

③ Gjöld samkvæmt 1. og 2. mgr. skulu greidd áður en leyfi er gefið út.

5. gr.

*Vigtunarleyfi.*

① Vegna umsóknar um vigtunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga um umgengni um nytjastofna skal greiða 223.700 krónur fyrir úttekt á vigtunaraðstöðu og útgáfu leyfis samkvæmt 1. másl. 2. mgr. 6. gr. laganna (heimavigtunarleyfi) og 199.500 krónur fyrir úttekt á vigtunaraðstöðu og útgáfu leyfis samkvæmt 3. másl. 2. mgr. 6. gr. (endurvigtunarleyfi).

② Við breytingu á leyfi eða endurnýjun skal fara fram úttekt á vigtunaraðstöðu. Fyrir slíka úttekt skal greiða 151.200 krónur.

6. gr.

*Leyfi til framkvæmda við ár og vötn.*

① Fyrir leyfi til framkvæmda í eða við veiðivatn samkvæmt 1. másl. 1. mgr. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði skal greiða 22.200 krónur.

7. gr.

*Veiði- og vinnsluvottorð.*

① Fyrir veiðivottorð til að staðreyna löglegan uppruna afla og afurða í samræmi við 9. gr. reglugerðar nr. 994/2013 um skýrsluskil vegna viðskipta með sjávarafli skal greiða 180 krónur.

② Fyrir vinnsluvottorð í samræmi við gr. 14(2) og IV. viðauka reglugerðar EB nr. 1005/2008, sbr. samkomulag við Evrópusambandið 24. nóvember 2009 um útgáfu vottorða í samræmi við reglugerð EB nr. 1005/2008 um stofnun kerfis til þess að fyrirbyggja, hindra og uppræta ólöglegar, óskráðar og eftirlitslausar veiðar, skal greiða 7.400 krónur.

8. gr.

*CITES-vottorð og -leyfi.*

① Fyrir vottorð og leyfi samkvæmt lögum um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna, sem eru í útrýmingarhættu, og reglna settra á grundvelli þeirra laga, skal greiða 22.200 krónur.

### III. KAFLI

#### **Eftirlit.**

9. gr.

*Vera eftirlitsmanns um borð í skipi.*

① Fiskistofa innheimtir gjald vegna veru veiðieftirlitsmanns um borð í skipi meðan þeir stunda eftirlitsstörf um borð í skipum, sem stunda veiðar á grundvelli laga um stjórn fiskveiða, laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

② Gjald er innheimt fyrir hvern dag eða hluta úr degi, sem veiðieftirlitsmaður er að störfum um borð í skipi, sem hefur leyfi til að vinna afla um borð, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga um Fiskistofu. Sama gjald er innheimt þegar ástæða þykir til að fylgjast sérstaklega með veiðum, sbr. 13. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar, og þegar ákveðið hefur verið, að veiðieftirlitsmaður skuli vera um borð í skipi á grundvelli 16. gr. sömu laga.

③ Gjald fyrir hvern dag eða hluta úr degi, sem eftirlitsmaður er að störfum, sbr. 1. og 2. mgr, skal vera 102.500 krónur.

10. gr.

*Eftirlit með löndun erlendis.*

① Vegna ferðar eftirlitsmanns til að fylgjast með löndun úr skipi erlendis skal greiða 86.200 krónur vegna starfa eftirlitsmanns fyrir hvern dag eða hluta úr degi, sem eftirlitsmaður er að störfum. Ferð skal greidd í samræmi við útlagðan kostnað Fiskistofu.



11. gr.

*Úttekt á búnaði til vinnslu afla um borð í skipi.*

☐ Vegna umsóknar um leyfi til vinnslu afla um borð í skipi samkvæmt 5. gr. laga um vinnslu afla um borð í skipum skal greiða 145.000 krónur vegna úttektar Fiskistofu á búnaði til vinnslunnar um borð.

IV. KAFLI

**Úthlutun aflaheimilda, flutningur o.fl.**

12. gr.

*Úthlutun aflamarks á grundvelli laga um stjórn fiskveiða.*

☐ Vegna úthlutunar aflamarks, sem fæst í skiptum á tilboðsmarkaði, samkvæmt 6. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða skal greiða 14.000 krónur. Vegna úthlutunar aflamarks á grundvelli 10. gr. laganna skal greiða 4.600 krónur vegna úthlutunar aflamarks á grundvelli 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. og 36.600 krónur vegna úthlutunar aflamarks á grundvelli 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. til stuðnings byggðarlögum.

13. gr.

*Flutningur á aflamarki og aflahlutdeild.*

☐ Fyrir móttöku og úrvinnslu tilkynningar um flutning á aflamarki og krókaafamarki sem berst með eyðublaði útgefnu af Fiskistofu samkvæmt 15. gr. laga um stjórn fiskveiða skal greiða 5.500 krónur.

☐ Fyrir móttöku og úrvinnslu tilkynningar um flutning á aflamarki og krókaafamarki sem framkvæmd er með rafrænu millifærslukerfi Fiskistofu samkvæmt 15. gr. laga um stjórn fiskveiða skal greiða 410 krónur.

☐ Vegna þjónustusamnings um rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks milli fiskiskipa skal greiða 44.400 krónur fyrir hvert fiskveiðiár.

Fyrir móttöku og úrvinnslu tilkynningar um flutning á aflahlutdeild ásamt staðfestingu Fiskistofu fyrir flutningnum samkvæmt 12. gr. laga um stjórn fiskveiða skal greiða 25.900 krónur.

V. KAFLI

**Upplýsingavinnsla o.fl.**

14. gr.

*Aðgangur að gagnasöfnum og sérvinnsla upplýsinga.*

☐ Fyrir aðgang að gagnasöfnum Fiskistofu með gagnaveitu skal greiða árgjald, sem nemur 88.800 krónum. Óheimilt er að miðla upplýsingum, sem fengnar eru með slíkum aðgangi til þriðja aðila án samþykktar Fiskistofu, hvort sem miðlun upplýsinganna er gegn gjaldi eður ei.

☐ Fyrir sérstakan aðgang að gagnasöfnum og sérvinnslu upplýsinga greiðist tímagjald samkvæmt tímavinnu sérfræðings í samræmi við 2. gr.

15. gr.

*Ljósrit og afrit af skjölum.*

☐ Fyrir ljósrit eða afrit af skjölum samkvæmt beiðni á grundvelli upplýsingalaga nr. 140/2012 og stjórnsýslulaga nr. 37/1993 gilda gjaldskrár, sem forsætisráðherra setur.

VI. KAFLI

**Annað.**

16. gr.

*Endurskoðun gjaldskrár.*

☐ Gjaldskrá þessa skal endurskoða fyrir árslok 2023.

17. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

☐ Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 5. gr. laga nr. 36/1992 um Fiskistofu og öðlast gildi 1. janúar 2023. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá Fiskistofu nr. 44/2022.

*Matvælaráðuneytinu, 7. desember 2022.*



